Hæstaréttardómar 1974

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 952.
Minniháttar galli á bls. 121.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1974

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábyrgð framleiðanda 977
Aðför 668
Aðiljasamlag 571
Aðstöðugjald 648
Áfengislög 1, 30, 275, 287, 452, 544, 567, 969, 1125, 1130
Afnotamissir bifreiðar 962
Áfrýjun 1136
Ákæra 481
Aldurshámark 660
Almenn hegningarlög:
1. mgr. 106. gr., brot gegn 1110
157. gr., brot gegn 870
217. gr., sýkna 555
4. mgr. 220. gr., brot gegn 1110
231. gr., brot gegn 843
249. gr., brot gegn 870
263. gr., brot gegn 544
Ávana- og fíknilyf 219, 1018
Barn 356, 678
Barnsfaðernismál 1154
Bifreiðar:
a) Refsimál 1, 30, 275, 287, 452, 544, 567, 969, 1125, 1130
b) Einkamál 146, 594, 814, 962, 1004, 1141, 1179
Blóðrannsókn:
a) Bifreiðarstjórn 1, 30, 275, 287, 452, 544, 567, 969, 1130
b) Barnsfaðernismál 1154
Brottflutningur húss 96, 639
Búskipti 1015
Byggingarsamþykkt 96
Dánarbú 186
Dómarar 410
Eftirlaun 660
Eignardómsmál 13
Eindagi 563
Endurkrafa 814
Erfðamál 306

Bls.
Farmflutningar 1067
Farmgjald 1148
Fasteignakaup 581
Félagsréttindi 163
Firma 890
Fiskveiðabrot 918, 926, 934
Fjárnám 152, 973, 1079
Frádráttur, skattar 823
Framleiðandi, ábyrgð 977
Frávísun 13, 76, 141, 186, 252, 322, 329, 410, 457, 469, 538, 541, 571, 807, 810, 833, 849, 860, 890, 955, 961, 1057, 1119, 1136
Frestur 538
Fyllingareiður 1154
Fyrning 1000
Fölsun 973
Gagnsök 571
Gallar 109, 530, 581
Gjaldþrotaskipti 1176
Gerðardómur 707, 1079
Gæsluvarðhald 162, 528, 812, 942, 959, 1145
Hafning máls 1054
Handtaka 413
Heimvísun 554, 1054
Hjón 648, 1015
Hlutafjárloforð 668
Hús, brottflutningur, gallar 96, 109, 639
Iðnnámssamningur 1079
Iðnnemar, kaup 1079
Innsetningargerð 352, 435, 678, 1141
Ítrekun 969
Kaupgjaldsmál 901, 1079
Kjarasamningar 901
Kröfusamlag 571
Kyrrsetning 186
Kærufrestur 329
Kærumál:
a) Aðiljasamlag 571
b) Barn 678
c) Búskipti 1015
d) Dómarar 410
e) Eignardómsmál 13
f) Frávísun 13, 76, 141, 322, 329, 410, 457, 538, 541, 571, 807, 810, 833, 849, 860, 955, 961, 1057, 1119
g) Frestur 538
h) Gagnsök 571
i) Gæsluvarðhald 162, 528, 812, 942, 959, 1145

Bls.
j) Hafning máls 1054
k) Heimvísun 554, 1054
l) Hjón, búskipti 1015
m) Innsetningargerð 678
n) Kröfusamlag 571
o) Kærufrestur 329
p) Lögmannsþóknun 457, 955
r) Málsskot 322
s) Ómerking 13, 554
t) Sératkvæði 141, 457
u) Vanhæfi dómara 410
v) Öryggisgæsla 322
Lausafjárkaup 530
Líkamsmeiðingar 555, 843
Lóðarleiga 639
Læknaráð 543
Lög nr. 77/1970, brot gegn 219, 1018
Lögmannsþóknun 457, 955
Lögtak 135, 154, 299, 944
Málskostnaður 299, 1166
Málsskot 322
Manndráp 681
Ómaksbætur 451, 553
Ómerking 13, 306, 469, 554
Opinberir starfsmenn 660, 1170
Opinbert starf, brot í 481
Ráðningarsamningur ríkisstarfsmanns 1170
Ríkisstarfsmenn 1170
Saksóknarlaun 1125, 1130
Sameignarfélag 648
Samningar 252, 626
Sératkvæði .. 109, 135, 141, 413, 457, 481, 594, 668, 707, 823, 977, 1079,
Sjúkrasamlagsgjald iðnnema 1079
Skaðabótamál 4, 42, 96, 109, 146, 356, 413, 439, 530, 581, 594, 905, 962, 977, 1004, 1067, 1095, 1179
Skattar, skattamál 135, 154, 620, 648, 823, 944, 1000
Skipsstrand 481
Skólagjald iðnnema 1079
Skráningarmerki bifreiðar 1141
Skuldabréf 563
Skuldamál 186, 252, 609
Stjórnsýsla 42
Tekjuskattur 135
Tékkamisferli 317
Tryggingargjald iðnnema 1079
Umferðarlög 1, 30, 275, 287, 452, 544, 567, 969, 1125, 1130

Bls.
Uppboð 299, 588, 668
Uppboðsbeiðni 588
Uppsagnarfrestur ríkisstarfsmanns 1170
Útburðarmál 446, 1061, 1185
Útivistardómar 451, 553, 660, 821, 822, 957, 958, 1135
Vanhæfi dómara 410
Verðlagsákvæði 1148
Veiðiréttur 368
Vextir 823
Vinnulaun 522
Vinnuslys 4, 905, 1095
Víxilmál 973
Yfirlandskiptagerð 280
Þjófnaður 69
Öryggisgæsla 322

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LV. árgangur **1974**

Miðvikudaginn 9. janúar 1974.

Nr. 153/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Birni Björnssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Halldór Þ. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Sauðárkróki.

Með dómi sakadóms Sauðárkróks hinn 30. maí 1968 var ákærði dæmdur sekur um brot á 215. gr. almennra hegningarlaga, 2. málsgrein, sbr. 3. málsgrein 25. gr., 1. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 37. gr., 1. og 2. málsgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðalaga nr. 26/1958 og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Var refsing ákveðin 5.000 króna sekt, og sviptur var hann ökuleyfi um þriggja ára skeið frá 9. september 1966 að telja. Hefur sá refsidómur ítrekunaráhrif á brot þau, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða er réttilega færð til refsiákvæða í héraðsdómi. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Samkvæmt 3. málsgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 ber að svipta ákærða ökuleyfi hans ævilangt frá 27. september 1972 að telja, en þann dag var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, sbr. 81. gr. laga nr. 40/1968.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 12.000.00. Annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákæruvaldsins verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu frekari áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

Rannsókn máls þessa er eigi jafnrækileg og skyldi.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Björnsson, sæti 10 daga varðhaldi.

Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27. september 1972 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 5. febrúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. nóvember s.l., er höfðað af ákæruvaldinu með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 3. nóvember 1972, gegn Birni Björnssyni bifreiðarstjóra, Skógargötu 6 B, Sauðárkróki, fyrir að aka laugardaginn 9. september 1972 undir áhrifum áfengis bifreiðinni K 749 heiman að frá sér suður Aðalgötu og upp Kirkjuklauf að húsi nr. 17 við Skógargötu, aka þar aftur á bak utan í bifreiðarnar K 331 og K 856 og síðan rakleitt heim til sín án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45 gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Illugastöðum í Skefilsstaðahreppi 29. janúar

1908 og hefur, svo að vitað sé, sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1953 7/11 á Sauðárkróki: Sátt, 100 króna sekt fyrir brot á 82. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu.

1968 30/5 á Sauðárkróki: Dómur: 5.000 króna sekt fyrir brot á 215 gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 ár frá 9. september 1966.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 9. september 1972 var ákærði í réttum og byrjaði að eigin sögn að neyta áfengis og hélt því áfram fram eftir degi. Síðdegis kom hann heim og tók þá bifreið sína, K 749, og ók heiman að frá sér, suður Aðalgötu og upp Kirkjuklauf að húsinu nr. 17 við Skógargötu. Þar sem sá, er hann ætlaði að hitta þar, var ekki heima, sneri hann við og fór heim aftur.

Þegar ákærði var að snúa bifreiðinni, þurfti hann að aka aftur á bak og ók við það lítillega utan í tvær kyrrstæðar bifreiðar, K 331 og K 856. Ákærði segir, að sér hafi fundist snertingin það lítil, að hann hafi ekki séð ástæðu til að athuga það nánar.

Lögreglunni var tilkynnt um óhappið klukkan 1730 af eiganda annarrar bifreiðarinnar og jafnframt að ákærði mundi valdur að tjóninu. Lögreglumenn fóru heim til ákærða og sáu, að bifreið hans var skrámuð og dældur á vinstri hlið og afturljós brotið, enda viðurkenndi ákærði þegar að hafa orðið valdur að óhappinu.

Var ákærði færður á sjúkrahúsið, þar sem úr honum var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar klukkan 1815.

Við alkóhólákvörðun hjá Rannsóknarstofu í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.99‰.

Með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, og með niðurstöðu alkóhólrannsóknar þykir fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá hegðun, sem honum er í ákæru gefin að sök og þar þykir réttilega færð til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi í 18 mánuði frá 27. september 1972 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Björnsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 27. september 1972 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1974.

Nr. 170/1972: **Jón Vigfússon**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins
og
Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. desember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. desember s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða sér óskipt kr. 658.550.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar óskipts úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál væri eigi gjafsóknarmál, að því er varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Héraðsdómur var skipaður sérfróðum meðdómendum, sbr. 1. málsgr. 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Atvik að slysi því, er áfrýjandi varð fyrir hinn 5. júlí 1968, eru um margt óljós, svo sem lýst er í héraðsdómi. Fallast ber á það mat héraðsdóms, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar skips, bilunar á tækjabúnaði þess né yfirsjónar eða vanrækslu starfsmanna, sem stefndi Skipaútgerð ríkisins ber ábyrgð á, sbr. 8. gr. laga nr. 66/1963. Ber því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar réð áfrýjanda til starfs þess, er hann vann við, þegar hann slasaðist, og galt honum kaup. Áfrýjandi hefur eigi sýnt fram á nein þau atvik, er skotið geti stoðum undir fébótaábyrgð á hendur þessum stefnda vegna tjóns þess, er um er fjallað í málinu. Verður því einnig að sýkna þennan stefnda af kröfum áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi hlaut gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðherra 5. maí 1972. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar s.l., hefur Jón Vigfússon verkamaður, Oddeyrargötu 6, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, birtri 14. apríl 1970 og 17. ágúst sama ár, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiganda Skipaútgerðar ríkisins, og Jónasi H. Traustasyni forstjóra f. h. Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda í stefnu málsins eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum bætur að upphæð kr. 668.-161.00 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1968 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða mati dómsins. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi dómkröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 658.550.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og krafist var í stefnu.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins er *aðallega* krafist sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara* verulegrar lækkunar stefnukröfu. Í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefnda Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar er *aðallega* krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins , en *til vara,* að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Sættir hafa verið reyndar með aðiljum málsins, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

II.

Málsatvik eru þau, að hinn 5. júlí 1968 varð stefnandi fyrir slysi um borð í m/s Bliki, leiguskipi Skipaútgerðar ríkisins, þar sem það lá við Torfunesbryggju í Akureyrarhöfn. Vann stefnandi í lest skipsins ásamt fleiri mönnum, og var unnið að því að hífa lausar stroffur upp úr lestinni. Stefnandi féll á lestargólfið með þeim afleiðingum, að hann beinbrotnaði.

Í frumskýrslu lögreglunnar á Akureyri, sem dagsett er sama dag og slysið varð, segir, að klukkan 2245 hafi umrætt slys verið tilkynnt á varðstofu lögreglunnar og hafi þá tveir lögreglumenn farið á vettvang. Í skýrslunni, sem annar lögreglumannanna undirritar, segir síðan orðrétt: „Þarna hafði slasast maður að nafni Jón Vigfússon, til heimilis Oddeyrargötu 2, Ak., er hann var við vinnu í lest skipsins. Að sögn vinnufélaga hans hafði slysið borið við með þeim hætti, að verið var að hífa lausar stroffur upp úr lestinni, og mun Jón hafa staðið í lykkju á einni þeirra, hafist á loft með henni og kastast á lestargólfið. Við aðstoðuðum við að flytja

Jón í land og ókum honum síðan upp á sjúkrahús til rannsóknar, en hann kvartaði um sársauka, einkum í hægri mjöðm.“

Hinn 20. september 1968 var stefnandi yfirheyrður í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri af yfirlögreglumanni á Akureyri. Stefnandi, sem er fæddur árið 1903, sagðist hafa verið í vinnu hjá Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar við að afferma strandferðaskipið Blik. Um klukkan 2235 hafi hann verið á efra dekki afturlestar ásamt Aðalsteini Kristinssyni og Óla Gunnarssyni og hafi þeir verið sinn hvorum megin við skipssíðurnar. Hann hafi vikið sér snöggvast frá, en er hann hafi komið aftur til þeirra, hafi kaðalstroffa legið á milli þeirra. Hann hafi ætlað að fara að laga hana til eða breiða niður, en hafi þá orðið þess var, að Aðalsteinn ætlaði að draga stroffuna til sín. Hafi hann þá sleppt höndum af henni, en um leið hafi Aðalsteinn dregið hana að sér og í sama svip hafi hann, þ. e. stefnandi, fallið aftur á bak og ekki getað hreyft sig eftir það. Sagði hann, að orsök þess, að hann féll, hafi verið sú, að hann muni í ógáti hafa stigið fæti á stroffuna, um leið og Aðalsteinn dró hana að sér. Sagði hann, að engar aðrar orsakir hafi legið til slyssins en að framan greini.

Lögregluskýrsluna staðfesti stefnandi fyrir dómi hinn 19. maí 1971. Þar sagði hann, að er hlé hafi orðið á uppskipun, meðan beðið var eftir stroffum, hafi hann skroppið í næstu lest að aðgæta, hvernig gengi þar. Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt að taka upp orðréttan framburð stefnanda um aðdranganda slyssins: „Aðspurður segist mættur álíta, að Aðalsteinn hljóti að hafa séð sig, er hann tók í stroffuna. Mættur segir, að Aðalsteinn hafi viljað fá stroffuna, en kveðst ekki minnast þess, að orðaskipti hafi farið milli hans og Aðalsteins. Mættur segir, að þeir hafi eiginlega ekkert togast á um stroffuna, áður en hann sleppti. Segir mættur, að sér hafi fundist sanngjarnt, að Aðalsteinn fengi stroffuna, þar sem búið var að leggja í fleiri stroffur þeim megin, sem mættur var. Var það ástæðan fyrir því, að hann sleppti strax. Mættur segir, að á að giska fjórir metrar hafi verið milli hans og Aðalsteins.“ Síðar í framburðinum segir orðrétt: „Mættur segist hafa orðið fyrri til að taka upp stroffuna og Aðalsteinn síðan tekið hana af sér. Mættur segir, að engin þrengsli hafi verið í nánd við stroffuna. Mættur kveðst hafa gengið framhjá Aðalsteini, rétt áður en hann tók upp stroffuna, og þá snúið í hann baki.“

Við samprófun stefnanda og nefnds Aðalsteins síðar tók stefnandi fram, að það væri rangt í lögregluskýrslu, að hann hafi dottið

aftur á bak, hann hafi dottið á hægri hlið. Stefnandi kvaðst minnast þess, að bleytupollar hafi verið á lestargólfinu. Þar hafi einnig verið áburðarkögglar og nokkuð hált. Sagði hann, að bleytan hafi stafað af því, að áburðarkögglar hafi verið farnir að bráðna, en áburður hafi verið í sekkjum þeim, sem verið var að skipa upp. Stefnandi kvaðst hafa unnið samfellt í sex til sjö ár við uppskipunarvinnu, áður en slysið varð, og hafi hann alltaf unnið um borð í skipum, en aldrei í landi, við uppskipun. Stefnandi kvaðst hafa verið ráðinn til vinnu af Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar, verið þar nokkurn veginn fastur starfsmaður og fengið greidd laun frá skipaafgreiðslunni á sama hátt og menn í landi. Hann kvaðst ekki hafa skýrt skipaafgreiðslunni frá því, að hann væri 75% öryrki, er hann hafi ráðið sig þarna til starfa, enda hafi hann ekki talið ástæðu til þess, þar sem hann hefði næstu 15 ár á undan starfað við alla algenga vinnu. Loks sagði stefnandi, að verkstjórn væri yfirleitt úr landi, en þó væri hún að nokkru leyti framkvæmd af skipverjum.

Hinn 20. september 1968 var einnig tekin lögregluskýrsla af áðurnefndum Aðalsteini Kristinssyni verkamanni. Sagðist hann muna vel eftir atvikum að umræddu slysi. Hann sagði, að auk hans og stefnanda hefðu verið við vinnu í afturlest skipsins í umrætt sinn Óli Gunnarsson, Lorenz Halldórsson og Gunnar Kristjánsson. Klukkan rúmlega hálf ellefu um kvöldið hafi þeir stefnandi og Óli Gunnarsson verið búnir að leggja sekki í stroffu bakborðsmegin í lestinni. Hann hafi sjálfan vantað stroffu til að leggja í og hafi hann þá tekið í og dregið til sín stroffu, er legið hafi á miðju dekkinu, eða þó frekar bakborðsmegin. Hafi hann snúið baki að stefnanda, en litið til baka, er hann hafi heyrt hlátur vinnufélaga sinna. Hafi hann þá séð Jón liggja flatan á þilfarinu og hafi hann virst ekki geta komist á fætur aftur. Honum hafi strax verið sagt, að stefnandi hefði stigið á stroffuna og fallið af þeim sökum. Er hann dró að sér stroffuna, hafi hann hins vegar ekki fundið neina mótstöðu, fyrr en hann varð þess var, að stefnandi hafði fallið, því að stefnandi hafi legið ofan á stroffunni. Ekki sagðist hann hafa haft neinn grun um það, að stefnandi hafi ætlað að torvelda sér að draga stroffuna, og ekki sagðist hann heldur vita, hvort stefnandi hafi stigið á hana viljandi eða óviljandi. Þessa skýrslu staðfesti vitnið Aðalsteinn fyrir dómi hinn 19. mars 1971. Fyrir dóminum sagðist vitnið ekki hafa orðið vart við, að stríkkað hafi á stroffunni á milli þeirra, þegar það hafi tekið í hana, fyrr en eftir að stefnandi hafði dottið ofan á hana. Stroffan hafi legið meira

bakborðsmegin og hafi endi hennar legið að sér. Það hafi tekið upp enda stroffunnar og dregið hana áleiðis að stjórnborðssíðunni og hafi það verið komið á bak við þil við stigann upp úr lestinni, þegar slysið hafi orðið, en stigi þessi sé miðskips. Vitnið kvaðst hafa snúið baki í stefnanda og sagðist mundu hafa séð hann, ef hann hefði snúið sér við. Ekki kvaðst vitnið hafa séð stefnanda hafa hendur á stroffunni, áður en vitnið tók hana. Vitnið sagðist telja, að stefnandi hafi dottið um stroffuna, en mjög hált hafi verið í lestinni.

Hinn 10. október 1968 var tekin lögregluskýrsla af Óla Gunnarssyni verkamanni. Hann sagðist muna vel eftir atvikum umræddan slysdag. Er slysið varð, hafi Aðalsteinn verið úti undir skipssíðunni, stefnandi á miðju þilfari, en hann sjálfur við síðuna hinum megin. Hafi hann staðið við pokastæðuna og þá séð, að Jón féll og stóð ekki upp aftur. Ekki sagðist hann hafa veitt því athygli, er Jón féll, af hvaða orsökum það hafi viljað til, en á eftir hafi sér ekki dulist, að stefnandi muni hafa stigið á stroffu, um leið og Aðalsteinn hafi dregið hana til sín. Hann sagðist álíta, að er Aðalsteinn kippti í stroffuna, hafi hann snúið andliti frá stefnanda.

Þessa skýrslu staðfesti vitnið Óli fyrir dómi 19. maí 1971. Vitnið sagðist ekki hafa séð stefnanda hafa hönd á stroffunni og ekki hafa fylgst með honum og Aðalsteini, fyrr en um leið og stefnandi hafi fallið. Þá hafi vitnið litið við og hafi Aðalsteinn þá snúið frá stefnanda og verið að ganga með stroffuna yfir að stjórnborðssíðunni. Vitnið sagði, að hált hefði verið á dekkinu.

Í áðurnefndu þinghaldi kom fyrir dóm vitnið Ingolf Lorenz Halldórsson verkamaður. Vitnið sagðist hafa verið statt úti í annarri síðu skipsins, stjórnborðsmegin, að því er vitnið minnti, er umrætt slys varð. Það hafi ekki séð aðdraganda slyssins, en séð Jón, þar sem hann hafi legið eftir slysið. Ekki kvaðst vitnið minnast þess, að glettingar hafi verið með mönnum, er slysið varð, en þó sagðist vitnið hafa verið meðal þeirra, er farið hefðu að hlæja, er það hafi séð stefnanda liggja á sléttu lestargólfinu. Ekki sagðist vitnið muna, hvort gólf lestarinnar hafi verið blautt. Vitnið sagði, að staðsetning stroffunnar hafi verið eðlileg á þilfarinu. Nóg pláss hafi verið á lestargólfinu og engin þrengsli í nánd við stroffuna. Vitnið sagði, að stefnandi hafi rekið upp hljóð, er hann datt.

Vitnið Gunnar Kristjánsson kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Vitnið sagðist hafa verið statt stjórnborðsmegin í afturlest á milliþilfari skipsins, er slysið varð. Smáhlé hafi orðið á vinnu

við uppskipunina, þar sem beðið hafi verið eftir stroffum. Vitnið sagðist ekki hafa séð aðdraganda slyssins, en strax orðið vart við það, þegar það hafi orðið. Sagðist vitnið álíta, að stefnandi hafi dottið um stroffu, sem hafi verið rétt hjá honum, þegar vitnið hafi komið að. Vitnið sagði, að hált hafi verið í lestinni vegna bleytu, og sagðist vitnið minna, að úrkoma hafi verið.

Vitnið Jón Jónsson verkstjóri kom fyrir dóm áðurnefndan þingdag. Vitnið kvaðst hafa verið statt uppi á afgreiðslu eða á leið fram á bryggju, er slysið varð. Vitnið sagði, að ekki hafi verið kvartað um hálku í lestinni við sig. Hins vegar gæti myndast hálka af áburðarkornum, þegar á þeim sé gengið. Vitnið sagði, að ekki væri venja að hreinsa gólf lestanna, fyrr en að losun lokinni, þegar um áburð væri að ræða.

Í læknisvottorði, dags. 15. ágúst 1969, hefur læknirinn Haukur Þórðarson það eftir stefnanda málsins, að hann hafi verið að vinna í lest við uppskipun á Akureyri þann 6. júlí 1968, runnið í hálku og hlotið brot, sem síðar er nánar skýrt.

Í örorkumati, dags. 14. október 1969, segir svo um slysið: „Hann stóð í stroffulykkju, sem dregin var til, dróst með henni og skall á lestargólfið."

Samkvæmt gögnum málsins hlaut stefnandi brot á hægra lærleggshálsi við umrætt fall.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að verkamaðurinn Aðalsteinn Kristinsson hafi kippt undan stefnanda, þar sem hann stóð á lestargólfinu, tóstroffu með þeim afleiðingum, að hann hafi fallið aftur fyrir sig og beinbrotnað. Aðalsteinn hafi unnið verk sitt nánast blindandi, ekki fylgst með leið stroffunnar, þar sem hann hafi snúið í hana baki og einnig stefnanda, sem hafi haft tök á stroffunni, en látið hana lausa, þegar hann hafi orðið þess var, að Aðalsteinn hafi ætlað að draga hana til sín. Vísar stefnandi um þetta til framburða nefnds Aðalsteins, Óla og Jóns í lögregluskýrslu. Stefnandi telur, að stefndi Skipaútgerð ríkisins, útgerðaraðili m/s Bliks, beri fébótaábyrgð gagnvart honum samkvæmt almennum reglum íslensks réttar um ábyrgð atvinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna, sem orsakist af ógætni, hirðuleysi og stórkostlegu gáleysi, og sé regla þessi útfærð í 8. gr. laga nr. 66/1963. Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar beri fébótaábyrgð á slysinu samkvæmt sömu reglum. Verkamennirnir hafi verið í þjónustu beggja hinna stefndu.

Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar hafi annast ráðningu þeirra, greitt þeim kaup og þiggi fyrir störf sín ákveðinn hundraðshluta af farmgjöldum og komi þannig fram sem sjálfstæður atvinnuveitandi gagnvart þeim. Í samræmi við þetta beri stefndu „solidariska" fébótaábyrgð í máli þessu, því að hér sé nánast um samstarf tveggja aðilja að ræða, svo náið, að sækja verið rétt á hendur báðum.

Kröfur sínar, eins og þeim var breytt við munnlegan málflutning, sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Vegna tímabundinnar örorku	kr. 110.059.00
2.	Vegna varanlegrar örorku	— 447.447.00
3.	Bætur vegna miska, óþæginda, lýta og sársauka	— 175.000.00
		Kr. 732.506.00

Frá ofangreindri fjárhæð dregur stefnandi kr. 60.620.00, sem stefnandi hafi fengið greiddar í dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið 3. ágúst 1968—4. júlí 1969, svo og kr. 13.336.00, sem stefnandi hafi fengið greiddar frá Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar eftir slysið. Stefnukrafan sé því kr. 732.506.00 ÷ 60.620.00 ÷ 13.336.00 = 658.550.00.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins byggir aðalkröfu sína um sýknu á því, að slysið hafi orðið vegna hreinnar óhappatilviljunar, „sem engum verði kennt um sérstaklega, nema þá helst stefnanda sjálfum", og vísar hann til frásagnar stefnanda í lögregluskýrslu, sbr. orðin „í ógáti". Einnig hafi stefnandi skýrt lækni svo frá, að hann hafi runnið í hálku, sbr. dskj. nr. 4. Algerlega sé ósannað, að verkamanninum Aðalsteini Kristinssyni verði á nokkurn hátt um slysið kennt. Í annan stað byggist sýknukrafan á því, að raunverulega sé Skipaútgerðin ekki réttur aðili málsins, heldur hinn stefndi. Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar hafi valið og ráðið menn til starfa, hún ákveði, hverjir fari um borð, annist alla verkstjórn og sjái um greiðslu kaups þeirra og taki þóknun fyrir umsvif sín. Ekki skipti máli í þessu sambandi, þótt skipaafgreiðslan fái kaupgreiðslur þessar endurgreiddar. Stefnandi eigi því að öllu leyti aðgang að nefndri skipaafgreiðslu, ef um einhverja bótaskyldu yrði talið að ræða. Ef ekki yrði fallist á þessi sjónarmið og talið yrði, að um bótaskyldu væri að ræða, bæri nefnd skipaafgreiðsla allt að einu þá ábyrgð samkvæmt lagareglunni um culpa in eligendo. Það hafi

verið ógætilegt og í rauninni ábyrgðarhluti að ráða stefnanda til þessa starfs, og þá sérstaklega til að vinna í lest, þar sem hann hafi verið 75% öryrki fyrir. Ætla megi, að fullfriskum manni hefði ekki orðið svo mikið um þetta „hnjask". Bótaskyldu sé því einnig mótmælt af þessari ástæðu. Varakrafan um verulega lækkun stefnukröfu byggist á því, að kröfugerð stefnanda sé óhæfilega há tölulega og bótaútreikningur tryggingafræðings sé byggður á röngum grundvelli. Einnig komi sakarskipting til álita.

Stefndi Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar byggir aðalkröfu sína um sýknu annars vegar á aðildarskorti og hins vegar á því, að ekki sé um neina sök að ræða á slysinu af hálfu skipaafgreiðslunnar. Það sé viðurkennd regla í samskiptum útgerðarfélaga og skipaafgreiðslna um landið, að verkamenn, sem vinni um borð í skipum, séu í þjónustu viðkomandi útgerðar. Að vísu ráði skipaafgreiðslan þessa menn til starfa eins og aðra verkamenn, en í umboði útgerðarinnar og fyrir hennar reikning. Vinna um borð í skipunum fari fram undir stjórn yfirmanna skipsins. Stefnandi málsins hafi verið í þjónustu Skipaútgerðar ríkisins og hafi honum sjálfum mátt vera það fullljóst. Kröfum sé því ranglega beint að skipaafgreiðslunni í máli þessu. Þá er höfð sú málsástæða uppi í greinargerð, að stefnandi hafi sjálfur átt meginsök á því, að hann slasaðist, og komi það best fram í frásögn stefnanda sjálfs í lögregluskýrslu. Ekkert sé komið fram í málinu um sök skipaafgreiðslunnar á slysinu og beri því að sýkna hana í málinu. Varakrafa er á því byggð, að kröfugerð stefnanda sé allt of há, enda reikningsgrundvöllur rangur, svo og á sakarskiptingu vegna eigin sakar stefnanda.

IV.

Umrætt slys varð hinn 5. júlí 1968. Stefnandi er fyrst yfirheyrður af lögreglu 20. september 1968 og vitni 26. september 1968 og 10. október 1968. Yfirheyrslur fyrir dómi fóru fram 19. maí 1971.

Í nefndum skýrslum kemur fram, að engir sjónarvottar voru að því, hvernig slysið bar að, og er því stefnandi einn þar til frásagnar. Hann hefur sagt við lögregluyfirheyrslu um orsök slyssins, „að hann muni í ógáti hafa stigið fæti á stroffuna, um leið og Aðalsteinn dró hana að sér," og „að engar aðrar orsakir hafi legið til slyssins". Þessa skýrslu hefur hann staðfest fyrir dómi. Ekkert er fram komið í málinu, eins og það liggur hér fyrir dómi, um, að slysið verði rakið til vanbúnaðar skips eða handvammar starfsmanna. Stefnandi hefur því eigi sannað, að slysið hafi orðið með

þeim atvikum, að stefndu beri á því fébótaábyrgð. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Einari Thoroddsen yfirhafnsögumanni og Guðna Jónssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgerðar ríkisins og Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Jóns Vigfússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. janúar 1974.

Nr. 159/1973: **Eigendur og ábúendur jarða, er lönd eiga að Mývatni,**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigendum og ábúendum lögbýla í Mývatnssveit, sem eigi eru talin eigi lönd að Mývatni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Kærumál. Eignardómsmál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, ásamt samdómendunum Magnúsi Má Lárussyni háskólarektor og Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. október 1973, sem Hæstarétti barst 26. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði frávísunardómur um aðalkröfu þeirra í héraði verði úr gildi felldur og að varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er mál þetta höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 13. september 1971, birtri í Lögbirtingablaði 22. s. m. Í stefnu þessari er stefnandi talinn „Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn“ og því lýst, að hann þurfi að höfða „eignardómsmál“, og hefur málið síðan verið rakið sem slíkt.

Með bréfi til héraðsdóms 22. ágúst 1973, sem lagt var fram á dómþingi sama dag, lýsti lögmaður sóknaraðilja því, að hann breytti „málsaðild aðalréttarkrefjenda þannig, að Veiðifélag Mývatns“ félli „burt sem milliliður“ og að hann krefðist þess, „að eigendum og ábúendum jarða við Mývatn verði tildæmdur rétturinn“. Var þessi breyting samþykkt af hendi varnaraðilja.

Á dómþingi 5. október 1973 var lögð fram skrá um sóknaraðilja málsins og jarðir þær, er þeir töldu skipta hér máli. Samkvæmt skrá þessari eru ábúendur jarðanna Skútustaða I og III taldir meðal sóknaraðilja, en eigandi þessara jarða er ríkissjóður. Hefur varnaraðili fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krafist frávísunar á aðalkröfum sóknaraðilja sakir skorts á samaðild, en í héraðsstefnu eru þær dómkröfur gerðar, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild“. Undir rekstri málsins í héraði gerðu sóknaraðiljar þá varakröfu, að dæmt yrði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll utan netlaga yrðu dæmd „óskipt í sameign“ þeirra.

Við þingfestingu máls þessa í héraði 29. nóvember 1971

var sótt þing af hendi varnaraðilja. Mótmæltu þeir kröfum sóknaraðilja og höfðu uppi kröfur þær, sem í héraðsdómi greinir. Þeim kröfum vísaði héraðsdómur frá dómi, og hefur sú úrlausn ekki verið kærð til Hæstaréttar.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðiljar hafi óskað leyfis héraðsdómara til höfðunar máls þessa með þeim hætti, sem boðið er í 220., sbr. 217. gr. laga nr. 85/1936, og lagt fyrir hann nauðsynleg gögn til stuðnings beiðni sinni um útgáfu eignardómsstefnu. Var héraðsdómara ekki heimilt að gefa út eignardómsstefnuna, fyrr en hann hafði kynnt sér beiðni sóknaraðilja og þau gögn, sem henni áttu að fylgja, og þannig gengið úr skugga um, að fullnægt væri lagaskilyrðum til höfðunar eignardómsmáls, bæði að því er varðaði form og efni, sbr. 220. gr., sbr. 217. og 218. gr. fyrrgreindra laga.

Samkvæmt því, er segir í stefnu málsins, er krafa sóknaraðilja sú, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni . . .". Er sú krafa m. a. rökstudd með því í stefnunni, að, „þar sem kyrrstæð eða streymandi vötn ráði landamerkjum samkvæmt landamerkjabréfum, sé það viðtekin regla á Íslandi að fornu og nýju, að bakkaeigendur eigi hvor á móti öðrum að miðju vatnsfalli". Eigi að síður er sú dómkrafa gerð, eins og að framan greinir, að botn Mývatns og botnsverðmæti verði dæmd í óskiptri sameign sóknaraðilja, og skírskotað til þess, að skipting þeirrar sameignar gæti farið fram síðar.

Eins og nú hefur verið rakið, verður að telja, að brostið hafi lögmælt skilyrði til þess, að sóknaraðiljar höfðuðu mál þetta og rækju sem eignardómsmál samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936, og hafi héraðsdómara borið að synja um útgáfu stefnu. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð alla og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Stefnandi máls þessa fékk gjafsókn í héraði með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. september 1971. Í bréfi 28. september 1973 lýsti dómsmálaráðuneytið því, að gjafsókn þessi næði

til „ eigenda og ábúenda jarða við Mývatn“ og skipti breyting sú, sem orðið hefði að þessu leyti, ekki máli. Gjafsóknarkostnaður sóknaraðilja greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, sem ákveðst kr. 500.000.00.

Varnaraðili hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins fékk gjafvörn í máli þessu í héraði með bréfi dómsmálaráðu neytisins 12. janúar 1972 og varnaraðiljar, eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga land að Mývatni, fengu einnig gjafvörn í héraði með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. maí 1972. Gjafvarnarkostnaður þessara aðilja greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, sem ákveðst kr. 250.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðilja, eigenda og ábúenda jarða, sem lönd eiga að Mývatni, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.00.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja hreppsnefndar Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem eigi eru talin eiga lönd að Mývatni, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Guðmundar Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 250.000.00.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu 15. október 1973.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Þingeyjarsýslu með opinberri eignardómsstefnu, útgefinni 13. september 1971, en málið var þingfest hinn 29. nóvember 1971. Dómur gekk í héraði hinn 15. mars s.l., en honum var með kæru skotið til Hæstaréttar hinn

22. mars s.l. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. maí s.l., var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, þar sem efnisdómur í héraði var lagður á varakröfu jafnframt því sem aðalkröfu var vísað frá dómi, en héraðsdómur hafi átt að taka til úrlausnar frávísunaratriði, áður en til efnisdóms kæmi.

Samkvæmt ákvörðun greinds dóms Hæstaréttar var málið tekið upp að nýju til flutnings um frávísunaratriði málsins, og fór munnlegur málflutningur um þann hluta málsins fram hinn 5. þ. m. Var málið tekið til dóms eða úrskurðar að loknum þeim málflutningi.

Eftir að málið var endurupptekið samkvæmt ákvæðum greinds dóms Hæstaréttar, breytti stefnandi formi málsaðildar sinnar þannig, að Veiðifélag Mývatns fellur niður sem umboðsaðili fyrir raunverulega stefnendur málsins, eigendur og ábúendur jarða við Mývatn, og verða þeir því sjálfir beinir málsaðiljar sem stefnendur málsins. Þessa breytingu á formi aðildar hafa gagnaðiljar samþykkt, og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið með bréfi, dags. 28. september 1973, breytt gjafsóknarleyfi samsvarandi. Þá hefur lögmaður stefnenda við munnlegan flutning málsins um frávísunaratriði lagt fram símskeyti frá sýslumanni Þingeyjarsýslu frá 4. október 1973 um jarðir og þinglýsta eigendur jarða, sem lönd eiga að Mývatni, svo og skrá um alla umbjóðendur hans í málinu, þ. e. stefnendur málsins. Samkvæmt því eru stefnendur málsins þessir (viðkomandi jarðir fyrir framan nöfn stefnenda):

Álftagerði I	Gestur Jónasson
Álftagerði II	Dagbjartur Sigurðsson
Álftagerði III	Geir Kristjánsson
Álftagerði IV	Jón Jónsson
Bjarg	Illugi Jónsson
Björk	Kristján Þórarinsson
Garður I	Árni Halldórsson, Halldór Árnason
Garður II	Þorgrímur St. Björgvinsson, Björgvin Árnason, Sigurður Jónsson, Árni Jónsson, Sveinn Jónsson, Jódís Jónsdóttir, Jórunn Jónsdóttir, Anna Jónsdóttir
Geirastaðir	Jón Stefánsson, Stefán Sigurðsson
Geiteyjarströnd I	Pétur Jónsson, dánarbú
Geiteyjarströnd II	Ágúst Sigurgeirsson
Geiteyjarströnd III	Helgi Þorsteinsson, Þorsteinn Aðalsteins-

	son, Ingunn E. Þorsteinsdóttir, Gunnar Þorsteinsson, Jón Þorsteinsson, Þorsteinn Þorsteinsson
Grímsstaðir I	Helgi V. Helgason, Laufey H. Helgadóttir
Grímsstaðir II	Sigurður Kristinsson, Kristjana Sigfinnsdóttir
Grímsstaðir III	Haukur Aðalgeirsson, Jóhannes Sigfinnson
Grímsstaðir IV	Steingrímur Jóhannesson
Haganes	Ívar Stefánsson
Kálfaströnd	Einar Ísfeldsson
Kálfaströnd I	Auður Ísfeldsdóttir, Elín H. Einarsdóttir
Nónbjarg	Finnbogi Stefánsson
Reynihlíð	Ármann Pétursson
Reykjahlíð I	Óskar Illugason, Jón Illugason
Reykjahlíð II	Jón B. Sigurðsson, Svava Sigurðardóttir, Laufey Sigurðardóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Þuríður Sigurðardóttir
Reykjahlíð III	Jón P. Þorsteinsson, María Þorsteinsdóttir
Reykjahlíð IV	Baldur Sigurðsson
Syðri-Neslönd	Jón Sigtryggsson, Sigurveig Sigtryggsdóttir, Guðrún Sigtryggsdóttir
Skútustaðir I	Eigandi ríkissjóður, ábúandi Örn Friðriksson, síra
Skútustaðir II	Yngvi Kristjánsson, Jón Kristjánsson, Óli Kristjánsson
Skútustaðir III	Jón Þorláksson (erfðaábúð, eigandi ríkissjóður)
Vagnbrekka	Freysteinn Jónsson
Víðihlíð	Sverrir Tryggvason
Vindbelgur	Jón Aðalsteinsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Sigurgeir Aðalsteinsson, Þorsteinn Aðalsteinsson
Vogar I	Hallgrímur Þórhallsson, Einar Þórhallsson, Halldóra Þórhallsdóttir
Vogar II	Sigurgeir Jónasson, Guðfinna Stefánsdóttir
Vogar III	Stefán Sigfússon, Hinrik Sigfússon, Jón Árni Sigfússon, Bára Sigfúsdóttir, Valgerður Sigfúsdóttir, Guðfinna K. Sigfúsdóttir
Vogar IV	Þorlákur Jónsson
Ytri-Neslönd	Stefán Axelsson, Björg Stefánsdóttir, Þórarinn Stefánsson, Halldóra Stefánsdóttir.

Í stefnu gera stefnendur þær dómkröfur, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild og að málskostnaður greiðist úr hendi þeirra aðilja, er halda vilja uppi mótmælum gegn kröfum þessum í málinu.

Við þingfestingu málsins hinn 29. nóvember 1971 risu upp til andsvara dómkröfum stefnenda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, eða eins og segir í greinargerð „— hefur fjármálaráðuneytið ásamt iðnaðarráðuneytinu ákveðið að láta mæta í málinu og gæta þar hagsmuna ríkisvaldsins —", eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, og hreppsnefnd Skútustaðahrepps vegna hreppsins. Allir þeir aðiljar, sem risu til andsvara dómkröfum stefnenda, mótmæltu eignarréttarkröfum stefnenda á þeim grundvelli, að þeir sjálfir ættu hver um sig, að því er tekur til vatnsbotns utan netlaga, — að öllu leyti eða nokkru — verðmæti þau, sem stefnendur kröfðust eignarréttar að.

Af hálfu ríkissjóðs er þess krafist jafnframt því sem kröfum stefnenda er mótmælt, að því er varðar botn og botnsverðmæti utan netlaga, að ríkissjóði verði tildæmdur botn Mývatns utan netlaga með öllum verðmætum í, á og undir botninum, eða að þessi dómsákvörðun komi a. m. k. skýrt og ótvírætt fram í forsendum dómsins. Til vara krefst ríkissjóður þess, að landbelti Skútustaðajarðar og vatnsbotn innan tilgreindra merkja samkvæmt landamerkjalýsingu verði ekki talin til „sameignar", ef dómurinn féllist á, að um sameign sé að ræða.

Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gera eftirfarandi sameiginlegar kröfur:

Að hrundið verði kröfum ríkisins og stefnenda um eignarrétt að botni og botnsverðmæti Mývatns utan netlaga einstakra jarða.

Að hreppsnefnd Skútustaðahrepps fyrir hönd hreppsins verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum verðmætum í, á eða undir vatnsbotninum.

Verði framangreind krafa um rétt Skútustaðahrepps yfir hinum umdeildu verðmætum ekki tekin til greina, er af hálfu eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gerð krafa um, *að* Mývatn utan netlaga einstakra jarða verði dæmt byggðaralmenningur og vatnsbotninn svo og hvers konar gæði á, í eða undir eða yfir vatnsbotninum skuli utan net-

laga einstakra jarða teljast eign allra lögbýla í sveitinni og þar með þeirra.

Þá hafa allir málsaðiljar krafist málflutningslauna og annars kostnaðar sér til handa, varnaraðiljar úr hendi stefnenda. Við munnlegan flutning málsins hinn 26. febrúar 1973 breytti lögmaður Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldar eiga lönd að Mývatni, málskostnaðarkröfum sínum á þá leið, að hann gerði málskostnaðarkröfu úr hendi gagnaðilja, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Áður höfðu stefnendur vegna veitingar gjafsóknar eftir útgáfu stefnu breytt kröfugerð, að því er málskostnað varðar, á þá lund, „að ég geri málskostnaðarkröfu úr hendi hugsanlegs gagnaðila, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál".

Undir rekstri málsins gerðu stefnendur varakröfu, og voru dómkröfur þeirra við dómtöku málsins 26. febrúar 1973 svohljóðandi:
Aðallega: Að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild.
Til vara: Að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfu til, að dæmdur verði eign íslenska ríkisins, samanber dómsskjal nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign stefnenda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að öðrum réttarkrefjendum í máli þessu sé in solidum gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt reikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá krefst lögmaður stefnenda þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt reikningi úr hendi ríkissjóðs sem skipuðum lögmanni gjafsóknarhafa.

Stefnendur, Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem eru ekki talin eiga lönd að Mývatni, hafa allir fengið gjafsókn í héraði.

Stefnendur skýra ástæður sínar til málshöfðunar með því, að Alþingi og ríkisstjórn hafi með setningu laga nr. 22/1964 um kísiliðju við Mývatn og framkvæmd þeirra laga slegið eign sinni á botn Mývatns, en þeir telja jarðaeigendur við Mývatn rétta eigendur alls vatnsbotnsins ásamt öllum réttindum í vatninu.

Stefnendur rökstyðja eignarréttarkröfur sínar að öllum botni Mývatns með því, að jörðum þeim, sem eiga bakka vatnsins, hafi alltaf fylgt réttur til Mývatns alls, vatns, veiði, botns og allra verðmæta á, undir og yfir botni vatnsins og hafi réttindi þessi öll

verið í óskiptri sameign allra jarðanna, en þó kemur fram í greinargerð stefnenda, að mjó strandræma hafi þó fylgt hverri jörð. Hafi því löggjafinn ekki haft stjórnskipulega heimild til að setja þau ákvæði vatnalaga eða önnur lagaákvæði, sem takmarki rétt þennan eða veiti hann ríkinu, landsmönnum öllum eða einhverjum takmörkuðum hluta landsmanna að nokkru eða öllu leyti. Þá mótmæla þeir því, að almenningur í stöðuvatni sé sameign landsmanna allra eða tilheyri ríkinu, heldur sýni ákvæði Jónsbókar, að almenningur í stöðuvatni sé sameign þeirra, sem land eigi að vatni.

Þá gera stefnendur grein fyrir því, að þeir hafi í samráði við lögmann ríkisins leitað til jarðaeigenda við veiðivötn um nokkrar upplýsingar um netlög, almenninga o. fl. og að við þeim fyrirspurnum hafi komið svör varðandi ýmis vötn, stór og smá, og hafi svör borist m. a. um Svínavatn, Arnarvatn hið mikla, Löginn (Lagarfljót), Miklavatn, Áshildarvatn, vötn á Auðkúluheiði og á Jökuldalsheiði, en sameiginlegt hafi verið með þessum svörum, að um engan almenning sé að ræða í vötnum; landeigendur eigi vatn og botn hver fyrir sínu landi, þar til merki mætast. Þá leggja þeir fram bréf Þóris Steinþórssonar skólastjóra, áður bónda að Mývatni, en hann var síðar nefndarmaður í yfirmatsnefnd í sambandi við arðskiptingu jarða í veiðifélögum. Þórir telur strandeigendur eina eiga vatnsbotn. Þá leggja stefnendur fram öll fáanleg landamerkjabréf jarða í Mývatnssveit og telja það ekki fara á milli mála, að Mývatn „liggi undir" jarðeignirnar við Mývatn, sbr. orðalag í námulögum.

Stefnendur benda á nokkur atriði í landamerkjabréfum jarða við Mývatn. Kemur þar fram m. a., að Garður sé talinn eiga land út í Mývatn samkvæmt beinni línu norður vatnið og Skútustaðir séu taldir eiga hluta af vatninu samkvæmt tilteknum markalínum, en þær hafa verið færðar inn á landabréf á dskj. nr. 147 A. Þá kveða þeir með mörgum jarðanna vera upptaldar ýmsar nafngreindar eyjar í vatninu, er séu eign hverrar jarðar um sig. Þá segja þeir enn fremur, að það hafi aldrei valdið neinum ásteitingi eða erfiðleikum hjá strandeigendum, hvernig eignarrétti þeirra að Mývatni hagaði, þrátt fyrir mismunandi orðatiltæki í landamerkjabréfum. Þannig sýni samtökin, er hófust með stofnun veiðifélagsins 1905 og ætíð hafi varað síðan, að þau hafi litið á vatnið sem óskipta sameign, en þó að líkindum talið, að sérnytjar fylgdu ræmu næst strönd.

Þá hafa stefnendur gert nokkurn samanburð á löggjöf og dóm-

um á Íslandi og sama efnivið á öðrum Norðurlöndum varðandi svipuð málefni. Þeir hafa og sérstaklega bent á þann mun, er var á stöðu ríkisvalds í Noregi, er Ísland var numið, og á Íslandi, þ. e. að ríkisvald hafi ekki verið fyrir hendi hér. Þá hafa þeir rakið aðdraganda að setningu vatnalaga og ritgerðir og umræður þar að lútandi.

Ríkisvaldið færir fram þær meginmálsástæður, a) að samkvæmt réttri gagnályktun frá 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923 geti engri jörð eða landareign fylgt land lengra út í vatn (vatnsbotn) en sem netlögum nemur, enda sé þá b) engum öðrum til að dreifa um eign og aðild almennings (vatnsbotnsins) utan netlaga heldur en ríkisvaldinu (ríkissjóði).

Ríkisvaldið heldur því fram, að 4. gr. vatnalaga sé stjórnskipulega gild lagaregla og gagnályktun fullkomlega örugg. Landeigendur hafi aldrei átt lengra út í sjó eða vötn en sem netlögum nemur og að ekki sé vitað um neinar „fornar heiðir" í aðrar áttir og alls ekki við Mývatn. Er þar sérstaklega bent á landamerkjaskrá fyrir Bjarnastaði, þar sem beint sé talað um „fjörurétt og landhelgi", undirskrifað af oddvita og öðrum fyrirmönnum byggðarlagsins. Rétt þykir hér að taka fram af dómsins hálfu, að merki Bjarnastaða í eða við vatn eiga við Sandvatn. Þá er því haldið fram, að hvorki Skútustaðahreppur né vatnsbakkabændur við Mývatn hafi nokkru sinni gert nokkurn fyrirvara, borið fram mótmæli eða breytingartillögur út af takmörkunum þeim, sem 4. gr. vatnalaga feli í sér (staðfesti), en þeim hafi þó gefist til þess sérstakt tilefni, eftir því sem skýrt hafi verið frá, að sérstök nefnd Mývetninga hafi á sínum tíma verið sett í málið. Sú nefnd hafi látið við það sitja, að strandeigendur yrðu viðurkenndir einkaréttthafar veiðiréttinda, en um landbeltismörk og eignarrétt jarða út í vatnið hafi þeir engar breytingatillögur eða athugasemdir haft fram að færa. Þá er rakinn aðdragandi setningar vatnalaga, sérstaklega að því er 4. gr. varðar, svo og eldri réttarreglur, tilskipun 20. júní 1849, 3. gr., Jónsbók, Landsleigubálkur, 56 kap.

Síðari málsástæðuna, þ. e. að enginn aðili geti átt eignarrétt að almenningi Mývatns nema ríkið, rökstyður ríkisvaldið með tilvitnunum í fræðimenn, konungsúrskurði, tilskipanir og hæstaréttardóma um Landmannaafrétt og Nýjabæjarafrétt svo og erlenda dóma.

Vitnað er í svokallað Hofsstaðabréf frá 1477 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1712, sem hvort tveggja sýni, að í Mývatni hafi verið almenningur, einnig utanhéraðsmanna (ótil-

tekið). Hafi Mývatn því aldrei verið byggðaralmenningur, hvað þá einkaalmenningur. Þá er bent á orðin „landhelgi", „landbelti" og „dráttarmál" einstakra jarða, sem víða komi fram í skjölum málsins og sýni, að óbeint sé viðurkennt, að vatnið þar fyrir utan sé almenningur og að ekki sé um neina sameign að öllu vatninu að ræða.

Ríkisvaldið heldur því fram, að sönnunarbyrðin sé hjá stefnendum fyrir því, að þeir hafi gerst eigendur vatns og botns í Mývatni og hvenær og hvernig sú eignartaka hafi farið fram. Er því haldið fram, að þó frásagnir Landnámabókar séu að vísu ekki alls kostar ljósar, bendi þær þó allgreinilega til þess, að Mývetningar hafi ekki numið vatnið í öndverðu. Við Mývatn og í Mývatnssveit sé ekki getið um nein landnám. Af ummælum Landnámabókar megi ráða, að Mývatnslönd hafi ekki verið numin í heild eða samfellt, heldur hafi menn sest að við vatnið hver fyrir sig. Um samfellt eða sameiginlegt landnám við vatnið, þar sem vatnið hefði t. d. orðið „innan í", hafi þannig ekki verið að ræða. Vitnað er til dóms um Landmannaafrétt frá 1955, m. a. til þess að rökstyðja þá staðhæfingu ríkisvaldsins, að óheimilt sé að álykta út frá veiðirétti í vatni til eignarréttar að vatnsbotni, en samkvæmt dómi þessum hafi bændum og byggðarlögum verið frádæmdur eignarréttur þrátt fyrir bæði beitarrétt og veiðirétt á tilteknum landsvæðum.

Skútustaðahreppur og eigendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, rökstyðja kröfur sínar með því, að fjórðungurinn hafi átt allan rétt til Mývatns utan netlaga og að sveitarfélagið hafi eignast þann rétt, er fjórðungur (síðar amt) lagðist niður sem stjórnarfarsleg eining, en varakröfuna rökstyðja þeir með því, að réttur þessi hafi fallið til allra lögbýla í sveitinni. Rekur lögmaður þessara málsaðilja stöðu fjórðunga í þjóðskipulagi Íslendinga, hlutverk amtanna, ákvæði tilskipunar um byggingu eyðibýla frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipun), frumvörp til nýbýlalaga 1893 — 1897 og hlutverk fjórðunga og amta. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að telja sveitarfélögin rétta arftaka fjórðunganna að eignaraðild að almenningum. Gerð er m. a. grein fyrir þeirri þróun, að eftir að vald í hreppsmálum hafi áður færst frá hreppsbúum til ríkisvalds, færist valdið með tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 aftur frá ríkisvaldinu í hendur sveitarstjórna. Þá er bent á það, sem alkunnugt sé, að Mývatn sé inni í miðri byggð, umlukt heimalöndum byggðra jarða á alla vegu, og muni svo hafa verið frá öndverðu. Tíðast

muni almenningur hafa legið að öræfum eða sjó. Þessi almenningur sé eðlilega eign byggðarinnar eða stofnana hennar. Þess vegna hafi ekki þýðingu að vísa til dóma um eignarrétt að hálendi eða almenningi. Spurningin sé því ekki, hvort ríkið sé eigandi að almenningi Mývatns, heldur hin, hvaða stofnun byggðarinnar sé eigandi hans eða fari með umráðarétt yfir honum.

Varðandi það atriði, að í máli þessi hefur mjög verið vísað til erlendra réttarreglna og dóma, bendir lögmaður Skútustaðahrepps og jarðaeigenda í Mývatnssveit, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, á, að hæpið sé að byggja á slíkum reglum, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóti réttarreglur um almenning að mótast af aðstæðum í hverju landi og þeirri þjóðfélagsþróun, sem þar hafi átt sér stað. Hann kveður enga beina reglu vera í lögum, sem mæli fyrir um eignarrétt að almenningum. Verði það því að leysast eftir eðli málsins og grundvallarreglum laga.

Í þessu máli hefur verið lagður fram mikill fjöldi skjala. Skal þeirra helstu getið:

Endurrit úr fundargerðabók Veiðifélags Mývatn frá stofnun 1905 til ársins 1950. Af lögum eða samþykktum félagsins er ljóst, að tilgangur þess er að stuðla að því að auka og vernda silunginn í vatninu, en ekki sameiginlegur veiðiskapur eða sameiginleg nytjun Mývatns. Ljóst er og, að félagið er ekki veiðifélag í skilningi laga um lax- og silungsveiði.

Álitsgerðir þeirra Einars Arnórssonar, síðar hæstaréttardómara, dr. juris, og Eggerts Claessens yfirréttarlögmanns um veiðirétt í Mývatni.

Álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, þáverandi lagaprófessors, frá árinu 1961. Í álitsgerð sinni kemst lagaprófessorinn að þeirri niðurstöðu, að kísilgúr á botni Mývatns innan netlaga tilheyri tvímælalaust þeirri jörð, er netlög fylgja. Hins vegar sé vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga almenningur landsmanna allra — sé ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga sé því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn geti ráðstafað að vild sinni.

Bréfaskipti forráðamanna Veiðifélagsins við forsvarsmenn Kísiliðjunnar og iðnaðarráðuneytið.

Orðsending lögmanns stefnenda til landeigenda við veiðivötn, þar sem óskað er eftir upplýsingum um, hvernig hagi til um veiði og veiðirétt annars staðar á landinu, svör landeigenda og annarra, er til þekkja, ásamt nokkrum fylgiskjölum.

Skrá um stærð stöðuvatna á Íslandi.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Geirastaði, Ytri- og Syðri-nes-

lönd, Grímsstaði, Reykjahlíð, Voga, Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Garð, Skútustaði, Álftagerði, Haganes, Hofsstaði, Arnarvatn, Gautlönd, Baldursheim, Grænavatn, Litlaströnd, Hörgsdal, Bjarnastaði og Helluvað í Skútustaðahreppi auk Hrappstaðasels í Bárðdælahreppi.

Sóknarlýsing Mývatnssveitar (Bókmenntafél.) ca. 1848.

Ljósrit frá Árnasafni v/„almenninga" og „fjórðungsmenn".

Samningar um gerðadóm og um verksmiðjulóð v/Kísiliðju.

Ritgerð dr. Halldórs Halldórssonar prófessors um sögnina „að eiga".

Ýmis vætti um veiðivenjur í öðrum vötnum.

Endurrit úr gjörðabók Skútustaðahrepps.

Ritgerð Jónasar Helgasonar á Grænavatni um silungsveiði við Mývatn.

Nokkur vottorð um venjur og skoðanir um veiðiskap við Mývatn svo og um veiðirétt í Svartárvatni í Bárðardal.

Endurrit af handritum Stefáns Stefánssonar, Ytri-Neslöndum við Mývatn.

Vottorð um veiði utanvatnsmanna í Mývatni.

Beiðni lögmanns ríkissjóðs um öflun lögfræðilegra upplýsinga í Danmörku.

Svar Felix Vangs, hæstaréttarlögmanns í Danmörku, við fyrirspurn lögmanns ríkissjóðs um reglur í Danmörku um eignarrétt að vatns- eða sjávarbotnum svo og námarétt.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns skrifuð og samantekin eftir almúgans tilsögn og undirrjetting að Skútustöðum við Mývatn þann 30. og 31. Augusti Anno 1712 (Þingeyjarþing eður Þingeyjarsýsla. *Mývatn* heitir hreppurinn.).

Nokkrar lögfestur fyrir Skútustöðum, Vogum og Grænavatni.

Jarðakaupabréf frá 1477 um Hofsstaði og fleiri jarðir.

Landskipti milli Skútustaða og Álftagerðis frá 1849.

Nokkur kaupbréf, ítakabréf og vitnisburðir varðandi jarðir í Mývatnssveit.

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1973, gaf dómurinn málsaðiljum kost á að leggja fram „skriflega kröfugerð um frávísunaratriði málsins," sbr. hæstaréttardóm frá 7. maí 1973. Lögmaður ríkissjóðs og lögmaður stefnenda hafa af þessu tilefni lagt fram skriflegar kröfur, og lögmaður Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, hefur látið færa til bókar kröfur umbjóðenda sinna í þessu efni.

Kröfur aðilja í frávísunarþætti málsins eru þessar:

Ríkissjóður gerir þær kröfur, að aðalkröfu stefnenda verði vísað frá dómi. Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gera einnig þá kröfu, að aðalkröfu stefnenda verði vísað frá dómi. Stefnendur gera þær kröfur, *að* frávísunarkröfu varnaraðilja (réttarkrefjenda) verði hrundið svo og *að* vísað verði frá dómi eignardómskröfum varnaraðilja um botn Mývatns. Loks krefjast varnaraðiljar þess, að frávísunarkröfu stefnenda verði hrundið.

Frávísunarkrafa ríkissjóðs er studd þeim rökum, að þar sem ríkisvaldið hafi sem eigandi prestsetursjarðarinnar Skútustaða hafnað samaðild að aðalkröfu stefnenda, beri með hliðsjón af 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 að vísa kröfu þessari frá dómi vegna samaðildarskorts.

Frávísunarkrafa Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, er á því byggð, að stefnendur (vatnsbakkabændur) hafi fullnægjandi og þinglesin heimildarbréf fyrir jörðunum, sem að Mývatni liggja. Heimildarbréf þessi hljóti að taka til þess vatnsbeltis, sem hverri jörð fylgi samkvæmt 4. gr. vatnalaga. Verði því eigi séð, að þá skorti „skilríki fyrir rétti sínum" til netlaganna, sbr. 220. gr. einkamálalaga, og eigi því krafan um eignarrétt eða sameignarrétt að netlögunum ekkert erindi inn í eignardómsmál.

Stefnendur rökstyðja kröfu sína um frávísun eignardómskröfu varnaraðilja þannig, að þar sem þessar kröfur hafi eigi verið birtar almenningi með opinberri stefnu, geti þeir eigi öðlast eignardóm.

Framkomnum frávísunarkröfum hefur öllum verið mótmælt sem of seint fram komnum af gagnaðiljum.

Allir málsaðiljar voru sammála um að gera ekki sérstakar málskostnaðarkröfur varðandi frávísunarþátt málsins, nema að svo færi, að öllu málinu yrði vísað frá dómi, þá geri þeir málskostnaðarkröfur í samræmi við fyrri bókanir og framlögð gögn.

Stefnendur málsins eru tilgreindir eigendur og ábúendur allra jarða, sem lönd eiga að Mývatni. Ekki hafa í málinu verið lögð fram óyggjandi skilríki fyrir því, hverjir nú séu eigendur eða ábúendur *allra* lendna, sem liggja að Mývatni. Er því ekki fullkomið öryggi fyrir því, að allir eigendur og ábúendur séu meðal stefnenda málsins. Hins vegar hafa gagnaðiljar stefnenda engum mótmælum hreyft vegna þess, að ekki séu lögð fram tæmandi opinber sönnunargögn fyrir því, hverjir séu eigendur og ábúend-

ur allra jarða við Mývatn. Þau ein mótmæli hafa komið fram í þessu sambandi, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið vegna prestssetursbluta Skútustaða hafi óheimilað ábúanda umboð til að skuldbinda jarðarpartinn að því leyti sem snertir kröfugerð varðandi netlög fyrir jörðinni, svo sem síðar verður að vikið. Jarðamörk við vatnið hafa verið færð inn á landabréf á dskj. nr. 147, og sést ekki annað samkvæmt því og landamerkjaskrám, sem lagðar hafa verið fram, en að öll strandlengja vatnsins falli undir jarðir þær, sem stefnt er út af, þótt einstakar lóðir kunni að hafa verið úr þeim látnar.

Undir rekstri málsins hafa stefnendur breytt kröfugerð sinni á þá lund, að þeir geri varakröfu (án breytingar á aðalkröfu) um, að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfu til, að dæmt verði eign íslenzka ríkisins, sbr. dskj. nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign stefnenda. Varakrafan sýnist ná til alls vatnsbotnsins utan netlaga samkvæmt vatnalögum.

Dómurinn lítur svo á, að óheimilt sé að breyta stefnukröfum í eignardómsmáli, nema breyting krafna sé birt á sama hátt og með sama fresti og upphafleg stefna, ef breyting felur í sér kröfuauka eða efnisbreytingu. Sé breyting hins vegar einungis fólgin í minnkun kröfu, þ. e. að einskis sé krafist eftir breytinguna, sem upphaflega kröfugerð fól ekki í sér, þá sé opinber birting ónauðsynleg. Jafnframt telur dómurinn varakröfu stefnenda vera þess eðlis, að efni hennar rúmist innan ramma aðalkröfunnar, og sé því sú breyting, sem stefnendur hafa gert á kröfugerð í máli þessu, heimil og eigi ekki að leiða til frávísunar.

Svo sem greint hefur verið frá, gera stefnendur þær dómkröfur aðallega, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild".

Í kröfu stefnenda er eigi tilgreind hlutfallstala hverrar landareignar í sameignarrétti þeim, sem krafist er viðurkenningar á. Hér er því um að ræða sameiginlega heildarkröfu vegna allra jarðaeigenda og ábúenda um óskiptan sameignarrétt að botni og botnsverðmætum alls vatnsins. Að mati dómsins fær slík kröfugerð því aðeins staðist, að stefnendur allir séu samþykkir og eigi aðild að henni.

Í bókun umboðsmanns ríkissjóðs, dags. 5. ágúst 1972, dskj. nr. 168, er því lýst yfir, að prestssetursbluti Skútustaða, sem er ríkis-

eign, „geti ekki verið samaðili að slíkri kröfugerð, að því er til netlaganna tekur", og er hér átt við netlög eins og þau eru skilgreind í 4. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923. Í bókun þessari felst annars vegar, að ríkissjóður gerir ekki kröfu til eignar botnssvæða í netlögum annarra jarða við Mývatn en Skútustaða, og hins vegar, að hafnað er sameignartilkalli annarra jarða í netlög þeirrar jarðar.

Þessi afstaða er ítrekuð og staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögmanns ríkissjóðs, dags. 4. október 1972, dskj. nr. 169.

Þykja hér tekin af öll tvímæli um það, að ríkissjóður sem meðeigandi Skútustaða sé ekki aðili að sameignarkröfunni, að því er netlögin varðar, en með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum hinn 29. júní 1972, var aðiljum gefinn kostur á að tjá sig greinilega um það, hvort allir eigendur og ábúendur óskuðu fyrirvaralaust eftir því að taka þátt í eignardómsmáli þessu á grundvelli ofangreindrar kröfugerðar stefnenda.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 telur dómurinn ekkert mundi hafa verið því til fyrirstöðu, að aðrir eigendur og ábúendur jarða við Mývatn en ríkissjóður gætu leitað dómsúrlausnar um sinn hluta hugsanlegs sameignarréttar að botni Mývatns.

Krafa stefnenda tekur hins vegar til heildarsameignar að vatnsbotninum, þ. á m. til hlutdeildar ríkissjóðs vegna Skútustaða í slíkum hugsanlegum sameignarrétti, en ríkissjóður hefur samkvæmt framansögðu ekki veitt stefnendum heimild til slíkrar kröfugerðar.

Ber því, eins og kröfugerð stefnenda er háttað, að vísa aðalkröfu þeirra frá dómi ex officio.

Undir rekstri málsins gerðu varnaraðiljar, réttarkrefjendurnir ríkissjóður Íslands og Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, kröfur um, að aðiljum þessum, hverjum um sig, yrði tildæmdur botn Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum verðmætum í, á eða undir botninum.

Þar sem varnaraðiljar hafa eigi fullnægt ákvæðum XIX. kafla laga nr. 85/1936 um útgáfu og birtingu opinberra stefna, þykja þeir ekki geta öðlast sjálfstæðan eignardóm. Að mati dómsins skiptir hér ekki máli, þótt eignardómskröfur varnaraðilja séu efnislega þær sömu og stefnenda, þar sem sóknaraðildin ein sér getur verið sjálfstæð ákvörðunarástæða þriðja aðilja um það, hvort hann tek-

ur til varna í eignardómsmáli. Af þessum sökum og með hliðsjón af 113. gr. laga nr. 85/1936, sbr. það, sem að framan segir um breytingar á upphaflegum stefnukröfum í eignardómsmálum, þykir bera að vísa sjálfstæðum eignardómskröfum ríkissjóðs, Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, frá dómi ex officio.

Málskostnaður ákvarðast ekki í þessum þætti málsins, þar sem efnisatriði varakröfu stefnenda hvíla, á meðan málskotsfrestur líður eða þar til þessi þáttur málsins fær úrlausn æðra dóms, enda í samræmi við vilja allra málsaðilja.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnenda um, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem jarðir eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild, er vísað frá dómi.

Kröfum réttarkrefjenda, ríkissjóðs Íslands, Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, um, að þeim verði hverjum um sig tildæmdur botn Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum, er einnig vísað frá dómi.

Ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Þriðjudaginn 22. janúar 1974.

Nr. 154/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hjörleifi Jónssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í 3.—5. tölulið ákæruskjals er ákærði sóttur til saka fyrir akstur bifreiðarinnar R 5387. Í ljós er leitt, að hér er átt við bifreiðina G 5387. Ekki varða þessi mistök í ákæruskjali frávísun máls, enda komi fram vörn af hálfu ákærða um þetta ákæruatriði, sbr. 118. gr., 3. málsgr., laga nr. 82/1961 og nú 118. gr., 3. málsgr., laga nr. 73/1973.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sannur að sök um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis í fimm nánar greind skipti á árinu 1970, sbr. 1.—5. tölulið ákæruskjals. Færa ber háttsemi ákærða til refsiákvæða, svo sem hér segir:

1. Samkvæmt málflutningi saksóknara ríkisins fyrir Hæstarétti ber að túlka 1., 2., 4. og 5. tölulið ákæruskjals svo, að fyrir háttsemi ákærða, sem þar er greind, sé hann sóttur til saka samkvæmt 3. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, að því er varðar umferðarlög. Ber að staðfesta þá úrlausn hédaðsdómara, að atferli ákærða samkvæmt þessum töluliðum ákæruskjals varði við 2., sbr. 3. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Enn fremur ber að refsa vegna ákæruefna samkvæmt 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákæruefni í 4. tölulið ákæruskjals varði ákærða refsingu samkvæmt 1. málsgr. 19. gr., sbr. 1. málsgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

2. Í 3. tölulið ákæruskjals er ákærði sóttur til saka fyrir

akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis hinn 9. júlí 1971. Svo sem greinir í héraðsdómi, fundust í blóðsýni ákærða „reducerandi efni samsvarandi 1.33‰ af alkóhóli". Vínandamagn í blóði ákærða hefur samkvæmt því náð því marki, sem greinir í 4. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þótt tekið sé tillit til annarra „reducerandi" efna í blóðinu og hugsanlegrar mælingarskekkju, sbr. dóma Hæstaréttar í XXXVII. bindi, bls. 2 og 134, og XXXVIII. bindi, bls. 1140. Varðar atferli ákærða samkvæmt þessum ákærulið við 2., sbr. 4. málsgrein 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði sé sýkn af ákæru fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi hans frá birtingu héraðsdóms, hinn 6. mars 1973, að telja.

Staðfesta ber enn fremur úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Það athugast, að héraðsdómur sá, er ákærði sætti og vísað er til í hinum áfrýjaða dómi, gekk 31. janúar 1957, en eigi 1. febrúar 1967.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hjörleifur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. mars 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 6. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni saka-

dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 110/1973: Ákæruvaldið gegn Hjörleifi Jónssyni, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 23. mars 1972, gegn Hjörleifi Jónssyni, Lindargötu 11, fæddum 7. október 1910 í Reykjavík, „fyrir að hafa fimm sinnum á árinu 1971 ekið bifreiðum undir áhrifum áfengis, svo sem hér greinir nánar:

1. Þriðjudaginn 11. maí bifreiðinni R 213 frá Lindarbraut á Seltjarnarnesi um götur Reykjavíkur og Kópavogs, þar sem akstri lauk á Þinghólsbraut.

2. Miðvikudaginn 16. júní bifreiðinni R 5406 frá Reykjavík upp í Borgarfjörð. Enn fremur fyrir að neyta áfengis við aksturinn. Bifreiðin lenti út af vegi við Laxá í Leirársveit.

3. Föstudaginn 9. júlí bifreiðinni R 5387 frá Selvogsheiði, þar sem ákærði neytti áfengis í bifreiðinni, þar til bifreiðin lenti út af vegi við Ásgarð í Grímsnesi. Enn fremur fyrir að aka bifreiðinni stórlega vanbúinni til aksturs greint sinn.

4. Þriðjudaginn 20. júlí sömu bifreið frá Grafarvogi í Reykjavík að Snorrabraut, þar sem lögreglumaður handtók ákærða. Enn fremur fyrir að aka bifreiðinni stórlega vanbúinni til aksturs greint sinn og hafa ekki mætt með hana til endurskoðunar á tilsettum tíma.

5. Fimmtudaginn 5. ágúst sömu bifreið frá Reykjavík upp í Hvalfjörð, þar sem lögreglumenn komu að ákærða sofandi undir stýri bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 19. gr., 1. og 2. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

1) Þriðjudaginn 11. maí 1971, klukkan 1100, var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt, að ölvaður maður væri við akstur bifreiðarinnar R 213. Lögregluþjónar fundu bifreiðina við verslunina Matval við Þinghólsbraut, og var ákærði einn í henni. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar bar hann ölvunarmerki. Ákærða var tekið blóð klukkan 1235 og hann síðan settur í fangageymslu. Skýrsla var svo tekin af honum klukkan 1540.

Í blóði ákærða fundust reducerandi efni, er svara til 1.08‰ af alkóhóli. Rannsókn þessa gerði rannsóknastofa prófessors Jóns

Steffensens svo og aðrar alkóhólsrannsóknir, sem til er vitnað í dómi þessum.

Ákærði kveðst hafa neytt áfengis kvöldið áður en þetta gerðist, en neitar því, að hann hafi bragðað áfengi um morguninn, og hann hafi ekki verið með áfengisáhrifum.

Vitnið Smári Sigurðsson lögregluþjónn, sem skýrslu gaf um atburð þennan, kom fyrir dóm 30. janúar s.l. Hann skýrði frá atvikum í samræmi við skýrslu sína. Kvað hann bifreiðina hafa verið kyrra, er að var komið. Hann segir, að eftir því sem hann muni best, hafi ákærði haft ótvíræð ölvunarmerki.

Vitnið Valdimar Jónsson lögregluvarðstjóri, sem fór á vettvang með Smára Sigurðssyni, kom einnig fyrir dóm 30. janúar. Hann kvað ákærða ekki hafa kannast við, að hann hefði neytt áfengis, en sagði, að sér hefði virst ákærði bersýnilega ölvaður. Hann kvað ákærða hafa verið óstöðugan á fótum, en að öðru leyti kvaðst hann ekki treysta sér til þess nú að tilgreina í einstökum atriðum ölvunarmerki ákærða.

Í vörn sinni hefur verjandi ákærða skýrt svo frá, að ákærði hafi fyrir mörgum árum lent í umferðarslysi og slasast svo á fæti, að hann bíði þess aldrei bætur. Sé hnjáliður ákærða svo, að hann sé jafnan nokkuð reikull í spori, sérstaklega eftir að hann hafi verið með hnéð í krepptri stellingu.

2) Síðdegis miðvikudaginn 16. júní 1971 ók ákærði bifreiðinni G 5406 frá Reykjavík upp í Leirársveit, sneri þar við á Fiskilækjarmelum og hélt síðan til baka, uns akstri lauk rétt ofan við brúna á Laxá í Leirársveit, þar sem bifreiðin fór að nokkru leyti út af veginum. Lögregluþjónar frá Akranesi komu og sóttu ákærða. Samkvæmt skýrslu Svans Geirdals lögregluþjóns var ákærði skammt frá bifreiðinni og var mjög ölvaður. Var hann fluttur til Akraness, en varð eigi yfirheyrður þá þegar sakir ástands síns. Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða klukkan 2330. Hann var síðan hafður í haldi, en næsta morgun tók Svanur Geirdal af honum varðstjóraskýrslu. Þar er haft eftir ákærða, að hann hafi lagt af stað úr Reykjavík um klukkan 1900 kvöldið áður og hann hafi neytt áfengis, um hálfrar flösku af hvannarótarbrennivíni, í bifreiðinni svo og að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að hann hætti að aka. Hins vegar hefur ákærði skorast undan að svara því, hvort hann hafi fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Undir skýrslu þessa hefur ákærði skrifað.

Í skýrslu þessari lýsir Svanur Geirdal ástandi ákærða þannig: Áfengisþefur: Talsverður. — Andlit (litarháttur): Þrútið. — Fatn-

aður: Velktur. — Framkoma: Þrætugjarn. — Augu: Rauð. — Jafnvægi: Óstöðugt. — Framburður: Ruglingslegur.

Skýrslu sína hefur Svanur Geirdal staðfest, er hann kom fyrir dóm sem vitni 2. f. m. Hann segir, að sig minni, að ákærði hafi kannast við, að hann hafi neytt áfengis þegar í Breiðholti í Reykjavík, en þaðan hafi hann verið að koma.

Ákærði kom fyrir dóm, er dómsrannsókn fór fram 23. febrúar 1972. Hann skýrði svo frá, að hann hefði neytt víns, er hann hafi áð nálægt Botnsá í Hvalfirði, og eftir það hafi hann ekið, uns bifreiðin fór út af við Laxá. Hann kvaðst þá ekki muna, hvort hann hefði fundið áhrif áfengis við aksturinn.

Þegar mál þetta var síðan tekið fyrir 25. janúar s.l. kvaðst ákærði aftur á móti ekki kannast við, að hann hefði neytt áfengis, fyrr en eftir að akstri lauk. Hann kvaðst hafa verið að mæta bifreið og við það hefðu hjól bifreiðar sinnar farið of utarlega á vegbrúnina. Ákærði kvaðst síðan hafa farið að neyta áfengis, eftir að hann sá, að hann gat ekki haldið áfram ferð sinni.

Þegar lögregluþjónarnir komu á staðinn, voru þar fyrir tveir piltar, sem töldu sig hafa verið vitni að akstri ákærða. Hafa þeir báðir komið fyrir dóm sem vitni við meðferð máls þessa.

Vitnið Sveinn Vilberg Garðarsson verkamaður, Vitateig 5, Akranesi, 18 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið frá Akranesi í bíl með Pétri Jóhannssyni iðnnema, Jaðarsbraut 27, Akranesi. Er þeir hafi komið á vegamót Vesturlandsvegar, hafi þeir séð eitthvað af bílum við Laxárbrúna og sýnst eitthvað vera þar á seyði. Þeir hafi því ekið þangað. Þar hafi bifreið verið ofan við brúna og vegið salt á vegbrúninni. Ökumaðurinn hafi verið kominn út úr henni og sestur á árbakkann. Fleiri bifreiðar hafi verið þarna, en þær hafi síðan farið af staðnum. Ákærði hafi haldið sig á árbakkanum og setið þar lengst af, en þó eitthvað fært sig úr stað og hafi þeir Pétur séð, að hann slagaði. Föt hans hafi verið blaut, eins og hann hefði farið út í ána. Þar sem hann hafi verið augsýnilega drukkinn, hafi þeir félagar ákveðið að gera lögreglu viðvart. Flutningabifreið hafi nú komið að sunnan og hafi Pétur farið suður yfir brúna móti henni og átt tal við bifreiðarstjórann þar og fengið hann til að kalla í lögreglu gegnum talstöð. Flutningabifreiðin hafi síðan haldið áfram.

Sveinn Vilberg kveðst ekkert hafa talað við ákærða, meðan beðið var lögreglu. Ákærði hafi ekki neytt neins áfengis á þessum tíma, svo séð yrði. Sveinn Vilberg telur, að það hefði ekki farið fram hjá þeim Pétri, ef hann hefði gert það.

Vitnið Pétur Jóhannsson, 18 ára að aldri, segir, að er hann hafi verið að koma að mótum Vesturlandsvegar og vegarins út á Akranes, hafi hann séð bifreið koma ofan að Laxárbrúnni og virst hún vera að fara út af veginum, en hún hafi svo stöðvast skammt norðan við brúna. Pétur segir, að þegar þeir Sveinn Vilberg komu að bifreiðinni, hafi ökumaður verið kominn út úr henni og verið að fara niður að ánni. Pétur kveðst hafa átt tal við ökumann flutningabifreiðar, en Sveinn Vilberg hafi farið með honum að bifreiðinni. Pétur segir, að þeir félagar hafi aldrei séð ákærða neyta áfengis, meðan þeir biðu þarna, en það hefði ekki farið fram hjá þeim, ef hann hefði gert það. Pétur segir, að ákærði hafi alltaf verið niður við ána og þeir Sveinn ekkert talað við hann.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndust reducerandi efni samsvarandi 1.19‰ af alkóhóli.

3) Lögreglunni á Selfossi var tilkynnt föstudaginn 9. júlí 1971, klukkan 2345, að ölvaður maður svæfi í bifreiðinni G 5387 við Ásgarð í Grímsnesi. Lögregluþjónn og bifreiðaeftirlitsmaður, sem fóru á staðinn, fundu bifreiðina og fóru með hana til Selfoss svo og ákærða, sem svaf í aftursæti bifreiðarinnar ölvaður, er að var komið. Ákærða var tekið blóð, er síðar var rannsakað og sýndi reducerandi efni, er svara til 1.33‰ af alkóhóli.

Ákærði var samkvæmt skýrslu lögreglu eigi viðræðuhæfur og var því settur í geymslu á Litla-Hrauni. Næsta morgun, klukkan 1130, var tekin skýrsla af honum hjá lögreglunni. Hann skýrði svo frá, að laust fyrir hádegi daginn áður hefði hann ekið frá Reykjavík og í bifreiðinni með honum hefði verið Elín Guðmundsdóttir, Fornhaga 20. Þegar komið hafi verið austur á Selvogsheiði, hafi þau áð og þar hafi þau drukkið úr tveimur flöskum af áfengi, sem ákærði kveðst hafa haft meðferðis. Síðan kvaðst ákærði hafa lagst til svefns og er hann vaknaði, hefði Elín verið horfin. Kvaðst ákærði hafa svipast um eftir henni um hríð, en síðan ekið af stað. Ákærði kvaðst búast við, að hann hefði neytt áfengis við aksturinn, þótt hann myndi það ekki fyrir víst. Ákærði kvaðst síðast muna eftir sér, er hann hefði verið á leið um Ölfus fram hjá Hveragerði. Kvaðst ákærði viðurkenna, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn frá Selvogsheiði.

Skýrslu þessa hefur ákærði undirritað.

Framburður ákærða um þetta atriði við meðferð málsins hefur verið ruglingslegur. Hann kvaðst hafa haft með sér 2 flöskur af áfengi og gera ráð fyrir, að þau Elín hefðu neytt af því. Er ákærði var spurður um, hvort hann hefði fundið áfengisáhrif á leiðinni

frá Selvogsheiði og austur, svaraði ákærði: „Ekki varð ég var við það.“ Síðar hefur ákærði sagt það, að áfengisneysla þeirra Elínar hafi að vísu engan veginn verið svo mikil sem segir í skýrslu þeirri, sem hann gaf fyrir lögreglunni á Selfossi, en þó hljóti að hafa verið um ölvunarakstur að ræða.

Ekki tókst að fá Elínu Guðmundsdóttur fyrir dóm til þess að mæta í máli þessu.

Jón Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði G 5387. Skýrsla hans er rituð á þar til gert eyðublað, þar sem tilgreind eru skoðunaratriði, og er ýmist ekkert merkt við þau eða krossað annað hvort í dálk með yfirskriftinni „lélegt“ eða „óhæft“. Í skýrslunni eru afturljós og númersljós talin „óhæf“, en við eftirtalin atriði er merkt „lélegt“: Ljósastillingavottorð, — stöðuhemill (ritað við: slakur) — yfirbygging (aths.: „skröltir“), — framrúður (aths.: „laus í“), — höggvari (stuðari) (aths.: „laus). Þá segir í skýrslunni: „Þarfnast viðgerðar strax og færist til endurskoðunar í síðasta lagi 15/7 1971“.

Jón Sigurðsson segir, að með athugasemdinni við ljósastillingavottorðið sé átt við, að ljósastilling hafi virst athugaverð og hafi þurft að stilla ljósin á ný. Ágallar þeir, sem voru á bifreiðinni, hafi ekki verið svo alvarlegir, að því er varðaði öryggi í umferð, en rétt þótt að leggja fyrir ákærða að bæta úr þeim.

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að ákæruliðum 3—5 verði vísað frá dómi. Um kröfu þessa segir svo í varnarskjali verjandans:

„Framangreind frávísunarkrafa er byggð á því, að í ákæruskjali, tölulið nr. 3, er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni R-5387 undir áhrifum áfengis og stórlega vanbúinni til aksturs. Í skjölum málsins og í sakadómi er ýmist talað um bifreiðina R-5387 eða G-5387. Ég legg hér með fram ljósrit úr bifreiðaskrá Reykjavíkur varðandi bifreiðina R-5387, og kemur þar fram, að ákærði hefir ekki átt umrædda bifreið, og hefir hann heldur ekki ekið henni þrátt fyrir bókun um það í sakadómi hinn 25. janúar 1973. Sama gildir um tölulið 4 og 5, þar sem ákærða er gefið að sök að hafa ekið sömu bifreið. Tel ég því skv. 115. gr. laga nr. 82 frá 1961 og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 30/1965 í XXXVI, bls. 620, að vísa beri frá sakadómi þessum ákæruliðum.“

4) Þriðjudaginn 20. júlí 1971, klukkan 1805, handtók Þórarinn Gíslason lögregluþjónn ákærða, þar sem hann sat í bifreiðinni G 5387 á Snorrabraut móts við hús nr. 22, enda taldi Þórarinn sig finna vínlykt af honum. Samkvæmt skýrslum Þórarins og varð-

stjóra bar ákærði áberandi ölvunarmerki. Ákærða var tekið blóð klukkan 1840, og við rannsókn reyndust í því reducerandi efni, er samsvara 1.26‰ af alkóhóli.

Ákærði kveðst hafa neytt áfengis í Grafarvogi þennan dag og ekið þaðan að áðurnefndum stað. Hann kveðst þrátt fyrir áfengisneyslu sína ekki hafa fundið áfengisáhrif við aksturinn.

Bifreiðaeftirlitsmaður var fenginn til að skoða bifreiðina, og reyndust annmarkar þeir hinir sömu og við skoðun 9. júlí, sbr. næsta kafla hér að ofan. Skoðunina framkvæmdi Engilbert Guðmundsson bifreiðaeftirlitsmaður, og tók hann númer af bifreiðinni að henni lokinni. Engilbert hefur komið fyrir dóm við meðferð máls þessa. Af vottorðinu kveðst hann geta fullyrt, að skoðunin hafi farið fram, en ekkert kveðst hann lengur muna eftir henni.

Vitnið Þórarinn Gíslason kveðst upphaflega hafa vikið sér að ákærða til þess að benda honum á að greiða í stöðumæli og þá hafi hann séð, að ákærði hafi verið mjög torkennilegur í framkomu. Hann hafi verið undarlegur í tali og ekki virst skilja, hvað sagt var við hann.

Arnþór Ingólfsson tók áðurnefnda varðstjóraskýrslu af ákærða í lögreglustöðinni. Hann segir, að sér hafi virst ákærði mjög undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið þvöglumæltur og reikull í spori, en annars kveðst Arnþór ekki eiga gott með að tilgreina nú eftir svo langan tíma einstök atriði, er varða ástand ákærða. Ákærði hefur ekki undirritað varðstjóraskýrsluna, svo sem gert er ráð fyrir á eyðublaðinu, og segir Arnþór, að hann fari því aðeins fram á undirskrift sakbornings, að ætla megi, að hann geri sér grein fyrir, undir hvað hann er að skrifa.

5) Föstudaginn 5. ágúst 1971 síðdegis komu lögregluþjónar úr Reykjavík að bifreiðinni G 5387, er stóð á brún þjóðvegarins vestan við Ferstiklu. Undir stýri bifreiðarinnar sat ákærði og var í annarlegu ástandi. Kveikjuláslykill bifreiðarinnar var í vasa hans. Útblástursgreinar bifreiðarinnar voru heitar. Lögregluþjónarnir kölluðu upp Akraneslögregluna, og komu lögregluþjónar þaðan til móts og tóku við ákærða. Samkvæmt skýrslu, sem Helgi Daníelsson varðstjóri tók af ákærða, kvaðst hann hafa verið að drekka áfengi, hálfa flösku af brennivíni, en hann vildi ekki svara, hvar hann hefði verið við drykkjuna né hvenær. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis að loknum akstri. Ákærða var tekið blóð klukkan 1645, og við rannsókn fundust í því reducerandi efni, er svara til 1.21‰ af alkóhóli.

Ákærði kom fyrir dóm við dómsrannsókn 23. febrúar 1972.

Hann kvaðst þá hafa ekið G 5387 upp í Hvalfjörð og numið þar staðar og snætt og neytt víns. Síðan hefði hann sofnað, en verið síðar vakinn af lögreglumönnum. Hann taldi sig ekki hafa ekið bifreiðinni, eftir að hann hóf áfengisneyslu.

Við meðferð máls þessa skýrði ákærði svo frá, er hann kom fyrir dóm 25. janúar s.l., að hann hefði stöðvað bifreiðina við veginn „í fyrsta gili vestan við Botnsá" og snætt þar og tekið snaps með. Síðan hefði hann lagt sig. Þegar ákærða var bent á það, að það hefði ekki verið á þessum stað, heldur vestan við Ferstiklu, sem lögregluþjónar hefðu komið að honum í bifreiðinni, svaraði ákærði því til, að hann sé vanur að stansa í áðurnefndu gili og því hefði hann gert ráð fyrir, að hann hefði gert það í þetta skipti.

Vitnið Pétur Þorsteinn Maack, stud. theol., Selvogsgrunni 33, sem gegndi störfum lögregluþjóns umrætt sumar og var annar þeirra, sem kom að ákærða í bifreið sinni, segir, að bifreiðin hafi staðið á hægri vegarbrún skammt fyrir utan Ferstiklu og snúið til vesturs. Ákærði hafi eins og sofið fram á stýrið og verið í annarlegu ástandi, líkustu ölvun, nema hvað áfengislykt hafi ekki verið af honum.

Hinn lögregluþjónninn, Ríkharð Björnsson, skýrir frá á sama hátt og Pétur Þorsteinn. Hann kveðst ekki hafa talið, að ákærði væri ölvaður, og ekki hafi verið vínlykt af honum, en hann hafi verið í mjög annarlegu ástandi. Hann hafi verið í djúpum svefni, er að var komið, og erfitt að vekja hann. Hann hafi kvartað um veikindi. Ríkharð segir, að bifreiðin hafi staðið skammt vestan við, þar sem vegurinn yfir í Svínadal liggur af Vesturlandsveginum.

Vitnið Helgi Daníelsson rannsóknarlögregluþjónn, sem áður var í lögreglunni á Akranesi, kom til móts við lögregluþjónana úr Reykjavík og tók við ákærða. Staðfesti hann það, sem í varðstjóraskýrslunni er haft eftir ákærða, svo og lýsingu þá, sem þar er skráð á ölvunarmerkjum á ákærða, en hún er á þessa leið: Áfengisþefur af andardrætti: Sterkur. — Fatnaður: Snyrtilegur. — Framkoma: Kærulaus. Þrætugjarn. — Augu: Blóðhlaupin. — Jafnvægi: Mjög óstöugt. — Málfar: Þvöglulegt. — Framburður: Ruglingslegur.

Þegar Helgi bar vitni, kvað hann þó áfengislykt eigi hafa verið mikla af ákærða, og eins minnti hann, að fatnaður hans hefði verið velktur eða eitthvað athugavert við hann.

Niðurstöður.

Krafa verjanda ákærða um, að vísað verði frá dómi ákæruliðum 3—5, vegna þess að í ákærulið 3 hefur misritast bifreiðarnúmer,

sem er að sjálfsögðu aukaatriði verknaðarlýsingarinnar, er fjarstæðukennd og verður ekki tekin til greina. Verður efnisdómur lagður á öll atriði ákæru.

1. Ákærði ók bifreiðinni R 213 frá Seltjarnarnesi suður í Kópavog 11. maí 1971. Með framburðum vitna og alkóhólákvörðun í blóðsýni þykir fullsannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn, og varðar það ákærða refsingu samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

2. Ákærði var ölvaður, er lögregluþjónar handtóku hann við Laxá í Leirársveit 16. júní 1971, og reyndist alkóhól í blóðsýni, sem tekið var þetta kvöld, 1.19‰. Ákærði hafði að vísu beðið þarna nokkra stund, frá því akstri lauk, og telur sig hafa neytt áfengis á þeim tíma. Hvort tveggja er, að sá framburður ákærða er eftir öllum atvikum mjög ósennilegur, og samkvæmt framburði Péturs Jóhannssonar og Sveins Vilbergs Garðarssonar neytti hann ekki áfengis, meðan beðið var komu lögreglunnar. Loks hefur ákærði fyrir dómi við rannsókn málsins kannast við, að hann hafi neytt áfengis við Botnsá og ekið bifreiðinni eftir það. Verður því talið sannað, að ákærði hafi ekið bifreið og verið undir áhrifum áfengis í þetta skipti, og varðar það við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

3. (a). Sannað þykir með framburði ákærða sjálfs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar G 5387 (ekki R 5387, eins og misritast hefur í ákæru) af Selvogsheiði austur í Grímsnes 9. júlí 1971 og unnið þannig, þegar litið er til alkóhólsmagns í blóði ákærða (1.33 ‰), til refsingar samkvæmt 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

(b). Ástand bifreiðar ákærða var slíkt, að bifreiðaeftirlitsmaður taldi eðlilegt að leggja fyrir ákærða að láta bæta það, en ósannað þykir, að gallar þessir hafi verið verulegir, nema gallar á ljósabúnaði, en þá er aftur þess að gæta, að ekki er fram komið, að ákærði hafi ekið bifreið á ljósatíma. Samkvæmt þessu verður ákærði ekki dæmdur í refsingu fyrir vanbúnað á bifreiðinni.

4 (a). Sannað er með framburði ákærða og vitna og alkóhólákvörðun í blóði (alkóhólmagn 1.26‰), að ákærði ók G 5387 úr Grafarvogi niður á Snorrabraut hinn 20. júlí 1971 og var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hann hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Er þá höfð í huga hugsanleg mælingarskekkja við alkóhólákvörðunina.

(b). Ákærði hafði ekki bætt úr göllum þeim, sem reynst höfðu vera á bifreið hans 11. júlí, sbr. 3 hér að framan, og þykir hann þannig hafa bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 19., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

5. Ákærði fannst sofandi í bifreið sinni vestan við Ferstiklu. Ástand hans reyndist vera ölvunarástand, sbr. alkóhólákvörðun í blóðsýni. Hann kveðst hafa neytt áfengis í bifreiðinni skammt vestan við Botnsá. Verður því að telja, að hann hafi ekið bifreiðinni þaðan og á þann stað, þar sem hann fannst í bifreið sinni. Ákærði hefur þannig, þegar litið er til alkóhólmagns í blóði (1.21 ‰) og hugsanlegrar mælingarskekkju við alkóhólákvörðunina, unnið til refsingar samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Ölvunarakstur ákærða er í ákærunni talinn varða við 24. gr. áfengislaga auk 25. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga varðar ölvun við bifreiðarstjórn eigi lægri refsingu en varðhaldi, ef brot er ítrekað eða ef alkóhólmagn í blóði ökumanns nær 1.20‰. Ölvunarakstur varðar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga sviptingu ökuleyfis eigi skemur en einn mánuð, en þó eitt ár hið minnsta, ef alkóhólmagn í blóði ökumanns nær 1.20‰.

Samkvæmt 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga 82/1969 varðar ölvun við stjórn ýmissa tækja, þar á meðal bifreiðar, hins vegar 1.000 — 5.000 kr. sekt við fyrsta brot, en öðru sinni 2.000 — 10.000 kr. sekt. Ökuleyfissvipting verður samkvæmt þessum ákvæðum áfengislaga eigi dæmd skemmri tíma en 3 mánuði.

Ákvæði umferðarlaga og áfengislaga um ölvun við bifreiðarstjórn eru þannig alls ekki í samræmi og verður ekki beitt samtímis, heldur verður að taka afstöðu til þess, hvorum ákvæðunum skuli beita og hvor skuli víkja.

Þegar ákvæði umferðarlaga 26/1958 um þessi efni voru sett, voru jafnframt felld úr gildi fyrri ákvæði bifreiðalaga. Ákvæði 24. gr. áfengislaga 58/1954 um bifreiðarstjóra láðist aftur á móti að afnema berum orðum, en ekki er efamál, að hin nýju ákvæði umferðarlaga viku þeim til hliðar. Skiptir hér ekki máli, þótt dómstólar hafi iðulega vitnað til 24. gr. áfengislaga, er dæmd voru viðurlög fyrir ölvun við akstur. Viðurlögin hafa ævinlega verið miðuð við þau mörk, sem í umferðarlögum greinir, en eigi fylgt ákvæðum áfengislaganna.

Umferðarlögin voru gefin út á ný 1968 (lög 40/1968), en engin breyting var þá gerð á þeim ákvæðum, sem hér er um að ræða.

Nú gerðist það 1969, að gerð var breyting á áfengislögunum og lögin síðan gefin út á ný sem lög 82/1969. Flutu ákvæði 24. gr. og 45. gr. laganna þá með óbreytt.

Er þá spurningin sú, hvort telja beri, að með endurútgáfu áfengislaganna 1969 hafi refsiákvæði umferðarlaganna um ölvun við akstur verið felld úr gildi eða þeim breytt, þannig að nú megi beita sektum fyrir þau brot, jafnvel þótt alkóhólmagn í blóði sé meira en 1.20‰ eða brot sé ítrekað, en að ökuleyfissvipting verði aftur á móti eigi dæmd skemmri tíma en 3 mánuði.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að eftir sem áður beri að beita hinum sérhæfðu ákvæðum umferðarlaga um bifreiðarstjóra framar hinum almennari ákvæðum áfengislaga um stjórnendur ýmissa tækja. Verða 24. gr. og 45. gr. áfengislaga taldar marklausar, að því er varðar bifreiðarstjóra. Ákærði verður þannig ekki dæmdur samkvæmt þeim í máli þessu.

Ákærði var 1. febrúar 1967 dæmdur í 2.500 króna sekt og sviptur ökuleyfi 1 ár fyrir brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum. Síðan hefur hann ekki sætt refsingum, nema einni 100 kr. sekt fyrir umferðarbrot (1964).

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin varðhald 30 daga.

Ákærði hefur unnið til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga. Í málinu er komið fram, að lögreglan á Akranesi lagði hald á ökuskírteini ákærða 5. ágúst 1971. Skírteinið var sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði ásamt öðrum gögnum um brot ákærða, sem þá var til heimilis á Seltjarnarnesi. Ákærði var aldrei formlega sviptur ökuleyfi sínu til bráðabirgða, svo sem gert er ráð fyrir í umferðarlögum, en honum var heldur ekki afhent skírteinið. Eftir að meðferð máls þessa hófst, hafði dómari málsins upp á skírteini ákærða, og tók hann við því 2. f. m.

Verjandi ákærða krefst þess, að sá tími, sem ákærði var án ökuskírteinis, komi til frádráttar hugsanlegum ökuleyfissviptingartíma, ef ákærði verður sakfelldur.

Ef um sviptingu ökuleyfis um ákveðinn tíma væri að ræða, kæmi til álita að fallast á þessa kröfu. Hins vegar verður að telja, þegar litið er á hin mörgu brot ákærða, að hann hafi fyrirgert rétti til ökuleyfis fyrir fullt og allt. Verður hann sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og niðurlagi 178. gr. laga 82/1961 verður ákveðið, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Loks verður ákærði dæmdur til þess að greiða allan kostnað

sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dómara þeim, sem kveður upp dóm þennan, var falin meðferð máls þessa 8. desember s.l.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörleifur Jónsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Þriðjudaginn 22. janúar 1974.

Nr. 61/1972: **Landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Skúli J. Pálmason hrl.)
gegn
Skúla Pálssyni
og gagnsök
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál. Stjórnsýsla. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. maí 1972. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 238.500.00 auk 8% ársvaxta af kr. 119.250.00 frá 1. október 1965 til 30. september 1966 og af kr. 238.500 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi.

Með bréfi 10. apríl 1951 til landbúnaðarráðuneytisins fór gagnáfrýjandi þess á leit, að honum yrði leyft að flytja til landsins nokkurt magn af regnbogasilungshrognum. Kvaðst gagnáfrýjandi ætla að „rækta fisktegund þessa í sérstaklega tilbúnum tjörnum, þangað til fiskurinn hefir náð ákveðinni stærð fyrir sölu á erlendum markaði". Þá lýsir gagnáfrýjandi því í bréfi þessu, að hann muni hlíta fyrirmælum og reglum, sem sett kunni að vera um atvinnurekstur þennan. Ráðuneytið veitti hið umbeðna leyfi hinn 14. og 16. apríl 1951 með ýmsum skilyrðum, svo sem greinir í héraðsdómi. Kveðst gagnáfrýjandi hafa flutt til landsins regnbogasilungshrogn vorið 1951 í skjóli leyfa þessara, og voru hrognin klakin út í fiskeldisstöð hans. Ræktaði hann silunginn og kom upp stofni regnbogasilungs í eldisstöð sinni.

Með bréfi 15. júlí 1954, sem tekið er upp í héraðsdóm, tilkynnti landbúnaðarráðuneytið gagnáfrýjanda, að honum bæri að gæta ýmissa nánar tiltekinna varúðarráðstafana við ræktun og meðferð regnbogasilungs. Er þar m. a. tekið fram, að regnbogasilung og regnbogasilungshrogn megi ekki flytja úr fiskeldisstöðinni nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins. Af hálfu gagnáfrýjanda eru eigi bornar brigður á lögmæti þeirra skilmála og varúðarráðstafana, sem felast í bréfi þessu, og eigi heldur lögmæti skilyrða, sem ráðuneytið setti fyrir leyfi sínu um innflutning hrogna árið 1951.

Á árunum 1955 og 1956 fór fram rannsókn á heilbrigði regnbogasilungsstofns þess, sem var í eldisstöð gagnáfrýjanda. Komu eigi í ljós neinir hættulegir sjúkdómar. Sérstaklega er þess getið, að leit hafi verið gerð að kýlaveikissmitberum. Taldi veiðimálastjóri, að líkur væru innan við 1% á því,

að kýlaveiki væri í stöðinni, og kvað yfirdýralækni vera þeirrar skoðunar, að svo mikið öryggi væri fengið með rannsókninni, „að óþarft sé að hafast frekar að“.

Í tilefni af framangreindri rannsókn var eldisstöð gagnáfrýjanda einangruð, og var með bréfi landbúnaðarráðuneytis til gagnáfrýjanda hinn 13. ágúst 1955 sett „bann við flutningi á lifandi fiskum og hrognum“ frá stöð hans, uns athugun hefði farið fram, nema leyfi ráðuneytis kæmi til. Þessu banni var létt af með bréfi sama ráðuneytis til gagnáfrýjanda hinn 23. júlí 1956, en jafnframt ítrekaði ráðuneytið fyrirmæli sín um, að eigi mætti flytja regnbogasilung úr eldisstöðinni, nema með leyfi ráðuneytisins hverju sinni.

Gagnáfrýjandi seldi nafngreindum manni í Hafnarfirði nokkurt magn af regnbogasilungshrognum á árinu 1958, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Verður við það að miða samkvæmt málflutningi, að leyfi landbúnaðarráðuneytisins hafi komið þar til. Þá seldi gagnáfrýjandi öðrum manni „nokkra lifandi regnbogasilunga“, er hafa skyldi í gosbrunni í garði hans, og leyfði landbúnaðarráðuneytið það 13. ágúst 1960, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra.

Með bréfi 21. júlí 1964 fór gagnáfrýjandi þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það leyfði honum að flytja úr fiskeldisstöð hans nánar tilgreint magn af regnbogasilungsseiðum svo og tiltekna tölu „af uppöldum regnbogasilungi að stærð 8 til 12 cm.“ Í bréfinu kveður gagnáfrýjandi Búðarós h/f hafa óskað eftir þessu magni frá sér. Ráðuneytið ritaði veiðimálastjóra bréf þegar næsta dag og óskaði umsagnar hans um erindi gagnáfrýjanda. Umsögn veiðimálastjóra er rituð hinn 31. ágúst s. á. Var niðurstaða hans sú, að óvarlegt væri að heimila að flytja lifandi regnbogasilung frá fiskeldisstöð gagnáfrýjanda til annarra staða á landinu „vegna mögulegrar smitunarhættu“. Í bréfi veiðimálastjóra er þess getið, að hann hafi rætt málið við yfirdýralækni, „og er hann mér sammála um, að fyllsta varfærni sé nauðsynleg í þessu máli“, svo sem segir í bréfinu. Landbúnaðarráðuneytið veitti gagnáfrýjanda færi á að tjá sig um bréf veiðimálastjóra, og gerði hann það með bréfi 5. september 1964. Að svo búnu

skýrði ráðuneytið gagnáfrýjanda frá því með bréfi 11. september s. á., að það teldi sér ekki fært „að svo stöddu“ að verða við óskum gagnáfrýjanda, þeim er að framan greinir. Synjun þessa ítrekaði ráðuneytið með bréfi til gagnáfrýjanda hinn 26. október s. á., og er þar stungið upp á aðferð til þess að ganga „tryggilega frá þessum málum“ og ala upp silungsstofn, sem með öruggri vissu væri ósýktur.

Gagnáfrýjandi reisir fébótakröfu sína, sem greind er að efni til í héraðsdómi, gagngert á reglum um fébótaábyrgð ríkissjóðs vegna ólögmætrar úrlausnar stjórnvalds. Eru lagarök gagnáfrýjanda þau, að synjun landbúnaðarráðuneytisins hinn 11. september og til fullnaðar 26. október 1964 á umsókn hans um flutning regnbogasilungshrogna og eldissilungs úr fiskræktarstöð hans sé reist á ómálefnislegum grunni, enda hafi hann í hvívetna fullnægt þeim skilmálum, er ráðuneytið setti honum, og rannsóknir, sem framkvæmdar voru árin 1955 og 1956 á silungsstofni hans, sýni, að stofn hans hafi verið ósýktur. Byggi ráðuneytið afstöðu sína til umsóknar gagnáfrýjanda á órökstuddum gruni um sjúkdóm í silungsstofni hans. Þá er því andmælt af hendi gagnáfrýjanda, að hann hafi vanrækt að gæta fyrirmæla ráðuneytisins við innflutning hrogna á árinu 1951.

Aðaláfrýjandi reisir sýknukröfu sína á því, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi fullnægt skilyrðum, er landbúnaðarráðuneytið setti honum varðandi innflutning á hrognum og meðferð þeirra árið 1951, einkum að því er varðar sótthreinsun hrognanna. Rannsóknir hafi eigi hnekkt þeirri óvissu, sem ríki um það, hvort smitnæmur sjúkdómur kunni að leynast í stofninum. Mat ráðuneytisins á umsókn gagnáfrýjanda styðjist við umsagnir sérfróðra manna og gagnáfrýjandi hafi átt kost á að tjá sig um þau gögn, sem fyrir ráðuneytinu lágu, áður en það réð málinu til lykta. Þá er vísað til þess af hálfu aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi í upprunalegri umsókn sinni hinn 10. apríl 1951 sótt um heimild til að fá að flytja inn regnbogasilungshrogn í því skyni að rækta þá fisktegund og selja á erlendum markaði. Hafi ráðuneytið eigi staðið gegn slíkri sölu.

Svo sem að framan er greint, er það eigi vefengt í máli þessu, að landbúnaðarráðuneytið hafi haft heimild til að setja reglur, er áskilji leyfi þess til flutnings á lifandi regnbogasilungi og regnbogasilungsseiðum úr eldisstöð gagnáfrýjanda, sbr. lög nr. 53/1957, XI. kafla, eftir að þau lög gengu í gildi.

Ráðuneytið greiddi án ástæðulausrar tafar úr umsókn gagnáfrýjanda frá 21. júlí 1964. Leitaði ráðuneytið umsagnar veiðimálastjóra og veitti gagnáfrýjanda færi á að kynnast henni og koma að athugasemdum sínum. Ráðuneytið leitaði að vísu ekki umsagnar yfirdýralæknis og veiðimálanefndar, sbr. meginreglu 95. gr. laga nr. 53/1957, er þá giltu, en í bréfi veiðimálastjóra er, svo sem fyrr greinir, getið um álit yfirdýralæknis. Gagnáfrýjandi fékk í upphafi leyfi til að flytja hingað til lands regnbogasilungshrogn í þeim tilgangi að rækta fiskinn til sölu erlendis, en silungstegund þessi var þá ekki til hér á landi. Í leyfi þessu fólst ekkert vilyrði til gagnáfrýjanda um, að hann mætti vænta þess að fá heimild til að selja innanlands lifandi fisk eða hrogn. Síðari aðgerðir eða afstaða ráðuneytisins gáfu eigi heldur gagnáfrýjanda réttmætt traust til að telja, að svo yrði. Vegna reynslu fyrri ára og með tilliti til fræðilegra viðhorfa var eðlilegt, að ráðuneytið teldi, að gjalda bæri varhug við flutning og dreifingu erlendra dýrategunda innanlands, ekki síst vegna smitunarhættu, en hér er um stjórnarathöfn að ræða, sem hlítir mati ráðuneytisins. Er eigi sannað, að ákvörðun ráðuneytisins sé reist á ómálefnislegum grundvelli né að slíkir annmarkar séu á undirbúningi á úrlausn ráðuneytisins, að baki ríkissjóði bótaskyldu. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Fyrir Hæstarétti hefur af hálfu aðaláfrýjanda verið lagt fram bréf Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra frá 29. febrúar 1972. Bréf þetta felur í sér skriflegan málflutning, og þar er veist að héraðsdómurum á óviðeigandi hátt svo og nafngreind-

um embættismanni í sambandi við vottorðsgjöf. Ber að átelja þetta.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Skúla Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. nóvember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. f. m., hefur Skúli Pálsson fiskiræktarbóndi, Laxalóni, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 2. júní 1967, á hendur landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 238.500.00 auk 8% ársvaxta af kr. 119.250.00 frá 1. október 1965 til 30. september 1966 og af kr. 238.500.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara er krafist stórfelldrar lækkunar á dómkröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Samkvæmt gögnum málsins eru málavextir þessir:

Með bréfi, dags. hinn 10. apríl 1951, fór stefnandi þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að það veitti honum leyfi til að flytja til landsins regnbogasilungshrogn. Er bréf stefnanda svohljóðandi:

„Hér með leyfi ég mér að fara þess á leit við háttvirt ráðuneyti, að það veiti mér leyfi til þess að flytja til landsins 20-25 lítra af silungahrognum (augnhrogn) af tegund, sem heitir regnbogasilungur.

Til frekari skýringar vil ég leyfa mér að upplýsa eftirfarandi: Það er ákveðið að rækta fisktegund þessa í sérstaklega tilbúnum tjörnum, þangað til fiskurinn hefir náð ákveðinni stærð fyrir sölu á erlendum markaði.

Fiskræktun með líku fyrirkomulagi og hér er fyrirhuguð er þegar orðin stór atvinnugrein í mörgum löndum, t. d. Danmörku, og er útflutningur þaðan árlega fyrir um 20 millj. króna.

Að sjálfsögðu mun ég fara eftir fyrirmælum Atvinnud. Háskól-

ans eða veiðimálastjóra, sem ef til vill óska að setja reglur, sem varða þennan atvinnurekstur."

Ráðuneytið leitaði álits Fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, og er svarbréf Hermanns Einarssonar, forstöðumanns deildarinnar, svohljóðandi:

„Óskað hefur verið eftir því, að Fiskideildin láti álit sitt í ljós varðandi innflutning á hrognum af regnbogaurriða, og skal í því sambandi eftirfarandi tekið fram:

Ekki er til þess vitað, að sýkingarhætta sé í sambandi við slíkan flutning. Eru hrogn þessarar tegundar flutt milli landa í Evrópu, en ekki er kunnugt um, hvort sérstakar varúðarráðstafanir eru gerðar, þegar um slíkan flutning er að ræða. Fallist ráðuneytið á það að veita leyfi til þessa innflutnings, þykir ástæða til að taka eftirfarandi varúðarráðstafanir, þangað til Veiðimálanefnd hefur sett ákveðnar reglur um innflutning lifandi hrogna af vatnafiskum:

1. Hrognin verði böðuð í upplausn, sem er blanda af kalíumpermanganati, acriflavín, eddiksýru, koparsúlfati og saltvatni.
2. Hrognin verði ekki sett í vötn eða læki eða ár, heldur haldið í fiskitjörnum, eftir að klak hefur farið fram í klakhúsi."

Hinn 16. apríl 1951 veitti svo atvinnumálaráðuneytið stefnanda leyfi til að flytja til landsins 20-25 lítra af hrognum (augnhrognum) af regnbogaurriða. Er bréf ráðuneytisins til stefnanda um þetta efni svohljóðandi:

„Með skírskotun til viðtals vill ráðuneytið hér með fyrir sitt leyti leyfa yður að flytja til landsins 20-25 lítra af silungahrognum (augnhrognum) af regnbogaurriða. Hrognin verði geymd á einangruðum stað, þar til ráðuneytið ákveður annað. Hrognunum verði látin fylgja erlendis frá vottorð um, að þau hafi verið sótthreinsuð, áður en þau voru afhent til flutnings hingað til lands, og útvegað verði vottorð frá magister C. Otterström, forstöðumanni Dansk Biologisk Ferskvandsavdeling, um, að flutningi hrognanna til landsins fylgi engin smitunarhætta. Um einangrun og geymslu hrognanna, eftir að til landsins kemur, verður farið samkvæmt fyrirmælum Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans."

Það kemur fram í bréfi dr. Hermanns Einarssonar, forstöðumanns Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans, til landbúnaðarráðuneytisins, dags. hinn 14. apríl, að hann hafi að ósk landbúnaðarráðuneytisins sent magister C. Otterström, forstöðumanni Dansk Biologisk Ferskvandsavdeling, símskeyti hinn 11. s. m., þar sem skýrt var frá því, að augnhrogn úr regnbogaurriða væru vænt-

anleg til landsins frá Smidt Niessen Jöker í Egved og að yfirvöld óskuðu eftir tryggingu fyrir því, að ekki stafaði smithætta af hrognunum. Jafnframt var óskað eftir því, að magister C. Otterström léti í té upplýsingar um það, hvort smithætta væri fyrir hendi og hvort önnur lönd leyfðu innflutning á augnhrognum. Í bréfi sínu skýrir dr. Hermann frá efni svarskeytis magisters C. Otterströms um, að hann telji innflutning urriðaaugneggja forsvaranlegan og að önnur lönd leyfi frjálsan innflutning augneggja.

Stefnandi fékk nú til landsins sendingu af augnhrognum, en sú sending mun hafa orðið fyrir skakkaföllum, eins og síðar verður rakið. Fékk stefnandi þá nýja sendingu augnhrogna og hóf ræktun regnbogasilungs í eldisstöð sinni að Laxalóni. Hinn 15. júlí 1954 ritaði landbúnaðarráðuneytið stefnanda svofellt bréf:

„Á grundvelli þess leyfis, sem yður hefir verið veitt af ráðuneytinu til að rækta regnbogasilung, og í samræmi við það eftirlit, sem sú ræktun er háð, vill landbúnaðarráðuneytið tjá yður, að eftirfarandi atriði eru meðal þeirra varúðarráðstafana, er ráðuneytið hefir ákveðið, að yður beri að viðhafa við ræktun og meðferð regnbogasilungs:

1. Eigi má flytja regnbogasilung eða regnbogasilungshrogn út úr Fiskiræktarstöðinni að Laxalóni nema með sérstöku leyfi.
2. Halda skal regnbogasilungi og regnbogasilungshrognum einangruðum í Fiskiræktarstöðinni og laxi og íslenzkum silungi fyrir sig.
3. Eigi má nota vatn, sem runnið hefur um tjörn, eldiskassa eða klakstokk, sem regnbogasilungur eða regnbogasilungshrogn eru eða hafa verið í, til að renna um hrogn eða í gegnum eldistjarnir eða eldiskassa, sem lax eða silungur er í, sem selja á til að sleppa í ár og vötn.
4. Eigi má nota klakstokka, eldiskassa eða tjarnir, sem regnbogasilungshrogn eða regnbogasilungur hefur verið í, til afnota við klak eða eldi lax og íslenzkra silungstegunda, sem ætlaðar eru til sölu til að sleppa í ár og vötn.
5. Eigi má nota sömu ílát til flutnings regnbogasilungshrogna og regnbogasilungs og lax eða silungs og hrogna þeirra, sem sleppa á í ár og vötn, nema að rækileg sótthreinsun fari fram á ílátunum eftir hvern flutning regnbogasilungshrogna og regnbogasilungs undir eftirliti.
6. Gæta skal varúðar um notkun áhalda við hirðingu regnbogasilungshrogna og regnbogasilungs annars vegar og um hirðingu hrogna af laxi og silungi svo og seiða af stærri fiski, sem

sleppa á í ár og vötn, hins vegar, þannig að smitun geti ekki borist með þeim á milli. Þetta tilkynnist yður hér með."

Hinn 5. október ritaði Þór Guðjónsson veiðimálastjóri stefnanda svohljóðandi bréf:

„Í símtali, sem ég átti við yður 6. ágúst s.l., ræddi ég um, að æskilegt væri að rannsaka regnbogasilung að Laxalóni í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort með honum hafi borist hættulegir sjúkdómar hingað til lands, og þá sérstaklega kýlaveiki (furunculosis). Ef slík rannsókn leiðir í ljós, að kýlaveiki leynist ekki í fiskinum eða aðrir hættulegir sjúkdómar, talaði ég um að mæla með við atvinnumálaráðuneytið, að núverandi bann við flutningi á regnbogasilungi frá klak- og eldisstöð yðar verði upphafið.

Í sambandi við ofanritað mál væri æskilegt að fá upplýsingar um, hvenær þér fluttuð regnbogasilungshrogn inn frá Danmörku, hve mikið magn hverju sinni og hvaða efni notað var til sótthreinsunar á hrognunum og í hvaða styrkleika og hvernig sótthreinsunin fór fram. Einnig hvað gert var við þær umbúðir, sem hrognin voru flutt í til landsins."

Hinn 13. ágúst 1955 ritaði atvinnumálaráðuneytið stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með bréfum, dags. 16. og 17. apríl 1951, var yður leyft að flytja til landsins hrogn af regnbogasilungi með þeim skilyrðum meðal annars, að hrognin væru áður sótthreinsuð samkvæmt fyrirmælum Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans og þeim haldið einangruðum í eldisstöð yðar að Grafarholti. Nú telja sérfróðir menn nauðsynlegt til öryggis að athuga heilbrigðisástand regnbogasilungsins í eldisstöð yðar, og hefur ráðuneytið falið veiðimálastjóra í samráði við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum að athuga heilbrigðisástand silungsins. Í sambandi við þessa athugun er talið nauðsynlegt að einangra stöðina, meðan athugun fer fram, og er því hér með í framhaldi af því skilyrði, sem sett var um einangrun við innflutning, sett bann við flutningi á lifandi fiski eða hrognum frá eldisstöðinni við Grafarholt, þar til umrædd athugun hefur farið fram, nema leyfi ráðuneytisins komi til."

Í svarbréfi stefnanda til ráðuneytisins, dags. hinn 17. ágúst 1955, kemur fram, að hann hafi ekkert við það að athuga, að framangreind rannsókn verði framkvæmd, enda muni hann hlíta þeim skilyrðum, sem fram koma í bréfi ráðuneytisins. Hins vegar kvað stefnandi ágreining ríkjandi milli sín og veiðimálastjóra og kvaðst mundu fara þess á leit, að dr. Þórður Þorbjarnarson gætti hags-

muna sinna í sambandi við fyrirhugaða athugun og rannsókn. Óskaði stefnandi jafnframt eftir því, að um leið og sýnishorn af silungahrognum yrðu tekin, væru jafnframt tekin sýnishorn, sem hann hefði ákveðið að senda mag. scient C. V. Otterström, forráðamanni Dansk Ferskvandsfiskeri, Biologisk Anstalt. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins til stefnanda, dags. hinn 18. ágúst, kemur fram, að ráðuneytið hafi ekkert við það að athuga, að jafnframt því sem tekin væru sýnishorn til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum væru einnig tekin sýnishorn, sem stefnandi sæi sjálfur um rannsókn á. Einnig samþykkti ráðuneytið, að stefnandi hefði trúnaðarmann við töku sýnishornanna og að það yrði annað hvort dr. Þórður Þorbjarnarson eða Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur. Með bréfi, dags. hinn 29. desember 1955, fór stefnandi þess á leit við atvinnumálaráðuneytið, að það hlutaðist til, að honum yrði látin í té greinargerð um árangur rannsóknar þeirrar, sem getið er í síðastgreindum bréfum. Kvaðst stefnandi hafa farið fram á þetta við rannsóknarstöðina, en kvað sér hafa verið tjáð, að veiðimálastjóri hefði lagt bann við því. Hinn 4. janúar 1956 sendi Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur landbúnaðarráðuneytinu svohljóðandi greinargerð um afskipti sín af rannsókn þeirri, sem fram hafði farið á regnbogasilungi í fiskeldisstöð stefnanda. Segir þar svo:

„Eftirfarandi er stutt yfirlit yfir tilhögun á töku sýnishorna af regnbogasilungi að Laxalóni, eign Skúla Pálssonar, s. st., til rannsóknar á furunculosis.

Samkvæmt beiðni hr. veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og hr. Skúla Pálssonar skipaði ráðuneytið með bréfi undirritaðan í fjarveru dr. Þórðar Þorbjarnarsonar til þess að gæta hagsmuna Skúla Pálssonar við töku sýnishorna á regnbogasilungi. Rannsaka skyldi, hvort furunculosis fyndist í silunginum, þar eð eggin höfðu ekki verið sótthreinsuð, eins og venja er, þegar eldisstöðin hóf starfsemi sína. Bakteriufræðilegar rannsóknir voru gerðar á tilraunastöðinni í meina- og húsdýrasjúkdómum að Keldum undir stjórn hr. dýralæknis Páls Pálssonar.

Að beiðni Skúla Pálssonar voru aðeins hængar teknir til rannsóknar. Um frekari skýringar á töku silungssýnishornanna sjá yfirlýsingu, sem undirritaður gaf ráðuneytinu 4. nóvember síðastliðinn.

Í öll þau skipti, sem fisksýnishorn voru tekin, hafði klakmaður Skúla Pálssonar fiskana og valdi hængina úr. Fiskarnir voru síðan rotaðir af einum vinnumanni og klakmanni Skúla Pálssonar og

látnir í fötu, sem undirritaður sótthreinsaði með sterkri klórkalkupplausn (500 p.p.m. og skolaði síðan með vatni), þvottaskálar, sem einnig höfðu verið sótthreinsaðar, voru síðan látnar yfir fötturnar og þeim svo ekið að Keldum, þar sem undirritaður afhenti Páli Pálssyni, dýralækni, silungana. Undirritaður var viðstaddur í öll þau skipti, sem sýnishorn af regnbogasilungi voru tekin.

Fyrir milligöngu undirritaðs náðist samkomulag milli Skúla Pálssonar og veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, um tilhögun á sýnishornatökunni, sem fór fram á tímabilinu 19. ágúst til 15. september. Varð það að samkomulagi að taka aðeins hænga, eins og áður er vikið að, og sömuleiðis að takmarka fjölda fisksýnishornanna við 100, ef engrar veiki (furunculosis) yrði vart. Fyndist furunculosis í silunginum, skyldi fjöldi sýnishornanna verða um 300. Þá var sá fyrirvari gerður, að endanlegur fjöldi sýnishornanna, í hvoru tilfellinu sem væri, skyldi ákvarðast af tölufræðilegri (statistiskri) rannsókn, sem nauðsynlegt er að nota til þess að finna „líkindi" (probability) í vissum hópi einstaklinga (population).

Um tilhögun á bakteríufræðilegum rannsóknum á silunginum að Keldum var algert samkomulag milli undirritaðs, veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og Páls Pálssonar dýralæknis. Skúli Pálsson mæltist til þess, að undirritaður væri viðstaddur í fyrsta skipti, sem rannsókn á fiskinum færi fram, og dæmdi um það sem fagmaður (gerlafræðingur), hvort aðferðir þær, sem nota skyldi við rannsóknirnar, væru á nokkurn hátt athugaverðar.

Undirritaður fór því upp að Keldum laugardaginn 20. ágúst og var viðstaddur, er rannsókn á fiskinum var gerð. Fiskurinn var mældur og veginn og síðan opnaður og krufinn. Var fylgt þeim varúðarráðstöfunum, sem við þarf að hafa í slíkum rannsóknum. Miltið, nýrun, hjartað og lifrin voru skorin burtu, sviðin með járni og hlutar teknir til ræktunar í þar til gerðum ætum („subströtum"). Herbergið, sem þetta fór fram í, var útbúið með ultrafjólubláum geislalömpum. Telur undirritaður, að þessi rannsókn hafi verið gerð eftir fyllstu kröfum, sem gerðar eru til slíkra rannsókna, og var samþykkur öllum gerðum Páls Pálssonar dýralæknis. Því taldi undirritaður alveg ástæðulaust að vera viðstaddur fleiri rannsóknir að Keldum.

Silungasýnishornin voru tekin að Laxalóni á eftirtöldum dögum: föstudaginn 19. ágúst (6 fiskar), fimmtudaginn 1. sept. (21 fiskar), miðvikudaginn 7. sept. (23 fiskar), þriðjudaginn 13. sept. (25 fiskar) og fimmtudaginn 15. sept. (25 fiskar).

Mánudaginn 19. september fór undirritaður ásamt veiðimálastjóra, Þór Guðjónssyni, og aðstoðarmanni hans og veiddu silung með rafmagnsáhöldum úr Grafarholtslæk í landi Grafarholts. Var töku sýnishornanna hagað þannig, að ekki var farið nema upp að brúnni á Vesturlandsvegi, og því ekki farið í landareign Skúla Pálssonar að Laxalóni. Tuttugu og fimm fiskar af ýmsum tegundum voru veiddir og farið með þá að Keldum, þar sem þeir voru rannsakaðir fyrir furunculosis."

Með bréfi, dags. hinn 13. júní 1956, hafði landbúnaðarráðuneytið óskað umsagnar veiðimálastjóra um bréf stefnanda varðandi slátrun á silungi úr Þingvallavatni og Úlfljótsvatni, sem verið hafði í eldisstöðinni að Laxalóni þá að undanförnu. Í umsögn veiðimálastjóra, dags. 20. júní 1956, kemur fram, að stefnandi telji nauðsynlegt að drepa alibleikju sökum þrengsla í stöðinni. Kveðst veiðimálastjóri telja vafasamt, að ástæða sé til þess, þar sem rannsókn á heilsufarsástandi regnbogasilungs í eldisstöðinni að Laxalóni muni ljúka innan hálfs mánaðar, ef stefnandi fáist til að afhenda fisk til rannsóknar í næstu viku þar á eftir, eins og óskað hafi verið eftir í bréfi til stefnanda þann sama dag. Lýkur umsögn veiðimálastjóra með því, að ef kýlaveikissmitberar finnist ekki í regnbogasilungi, muni stefnandi geta ráðstafað umræddri alibleikju eftir geðþótta, fljótlega eftir að rannsókninni sé lokið. Rannsókn þessi fór síðan fram. Um niðurstöðu hennar segir svo í bréfi Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis til Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra, dags. hinn 6. júlí 1956.

„Í samræmi við bréf yðar, hr. veiðimálastjóri, frá 20. júní síðastliðnum og samtal okkar 29. f. m. höfum við nú á ný rannsakað 40 regnbogasilunga frá eldisstöðinni að Laxalóni. Leit var gerð sérstaklega að *Bact. salmonicida* og æti valið og útsæði gerð með tilliti til þess.

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru þær, að ekki fannst *Bact. salmonicida* í neinum silung, og er það í samræmi við niðurstöður rannsókna á silung frá sama stað, er gerðar voru hér síðastliðið sumar."

Hinn 9. júlí 1956 ritaði Þór Guðjónsson veiðimálastjóri landbúnaðarráðuneytinu svohljóðandi bréf:

„Í bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 24. maí s.l., er undirrituðum falið að halda áfram rannsókn á heilbrigðisástandi regnbogasilungs í eldisstöð Skúla Pálssonar að Laxalóni við Reykjavík í samráði við Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum.

Þann 29. júní s.l. móttók undirritaður 40 regnbogasilunga að

Laxalóni og afhenti þá Páli A. Pálssyni, yfirdýralækni að Keldum, til rannsóknar. Í bréfi, sem hér fylgir, dags. 6. þ. m., skýrir Páll A. Pálsson frá því, að kýlaveikissmitberar (Bacterium salmonicida) hafi ekki fundist í nefndum regnbogasilungi. Er þar með umræddri rannsókn á heilbrigðisástandi regnbogasilungs í eldisstöðinni að Laxalóni lokið, og hafa kýlaveikissmitberar ekki fundist í regnbogasilungi þar. Líkur fyrir, að sjúkdómurinn sé í eldisstöðinni, eru innan við 1%, og telur Páll A. Pálsson það mikið öryggi fengið með rannsókninni, að óþarft sé að hafast frekar að. Skal því lagt til, að banni því, sem verið hefur á um burtflutning lifandi vatnafiska úr eldisstöðinni, samanber bréf hins háa ráðuneytis, dags. 13. ágúst, verði aflétt. Hins vegar þykir eðlilegt, að fyrirmæli ráðuneytisins til Skúla Pálssonar um meðferð á íslenskum fisktegundum í eldisstöð hans, samanber bréf, dags. 15. júlí 1954, verði látin gilda áfram svo og fyrirmæli ráðuneytisins um, að eigi megi flytja á brott regnbogasilung frá eldisstöðinni að Laxalóni nema með leyfi þess."

Með bréfi atvinnumálaráðuneytisins til stefnanda, dags. hinn 23. júlí 1956, var honum tjáð, að með vísan til síðastgreindra bréfa Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis og Þórs Guðjónssonar veiðimálastjóra vildi ráðuneytið hér með aflétta banni því, sem verið hafði á brottflutningi íslenskra vatnafiska úr eldisstöðinni að Laxalóni, sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 13. ágúst 1955. Hins vegar ítrekaði ráðuneytið fyrri fyrirmæli sín til stefnanda með bréfi, dags. hinn 15. júlí 1954, að eigi mætti flytja á brott regnbogasilung frá eldisstöðinni að Laxalóni nema með leyfi ráðuneytisins hverju sinni, svo og önnur fyrirmæli í sama bréfi. Með bréfi, dags. hinn 21. júlí 1964, fór stefnandi þess á leit við atvinnumálaráðuneytið, að honum yrðu heimilað að flytja á brott úr eldisstöð sinni að Laxalóni 10 þúsund til 15 þúsund regnbogasilungsseiði og allt að 15 þúsund uppalda regnbogasilunga að stærð 8-12 cm, sem Búðaós h/f hefði óskað að kaupa. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins til stefnanda, dags. hinn 3. september, kemur fram, að ráðuneytið hafi sent veiðimálastjóra erindi stefnanda til umsagnar og að sú umsögn fylgi bréfi ráðuneytisins. Í umsögn þessari segir svo:

„Landbúnaðarráðuneytið gaf Skúla Pálssyni 1951 leyfi til þess að flytja inn regnbogasilungshrogn frá Danmörku, enda fylgdi hrognunum sótthreinsunarvottorð frá Danmörku, en slík vottorð hafa ekki verið lögð fram. Enn fremur skyldu hrognin verða sótthreinsuð eftir komuna hingað undir eftirliti Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans. Samkvæmt yfirlýsingum Jóns Jónssonar, for-

stjóra Fiskideildar, og dr. Hermanns Einarssonar fiskifræðings var ekki leitað til Fiskideildar um böðun á regnbogasilungshrognum. Voru þannig brotin fyrirmæli hins háa ráðuneytis í bréfi, dags. 17. apríl 1951, um sótthreinsun umræddra hrogna undir eftirliti fulltrúa ráðuneytisins.

Hinn 6. september 1954 upplýsti Skúli Pálsson í viðtali, að hann hefði sjálfur sótthreinsað regnbogasilungshrognin, sem hann hafði fengið frá Danmörku, með blöndu af kaliumpermanganati. Þessi sótthreinsun var ófullnægjandi, þar sem blanda af nefndu efni kemur ekki að gagni við að eyða sýklinum *Bacterium salmonicida*, sem veldur kýlaveiki („furunculosis"), en tilgangurinn með böðun umræddra regnbogasilungshrogna var einmitt stefnt að því að koma í veg fyrir, að nefndur sýkill bærist til landsins. Kýlaveiki er einn skæðasti sjúkdómur í laxi og silungi erlendis og veldur fjárhagslegu tjóni, þar sem hann finnst í fiskeldisstöðvum. Í náttúrunni er minna vitað um skaðsemi kýlaveikinnar í laxi og silungi, en þó er frægur hinn skæði kýlaveikifaraldur í laxi í enskum ám fyrir 30 árum, sem olli miklu fjárhagslegu tjóni. Hinu háa ráðuneyti var skrifað allítarlega um þetta mál í bréfi, dags. 19. nóvember 1954, og skal að öðru leyti vísað til þess.

Þegar uppvíst var, að Skúli Pálsson hafði ekki farið eftir fyrirmælum ráðuneytisins um sótthreinsun margnefndra regnbogasilungshrogna, lagði veiðimálastjóri og Veiðimálanefnd til við landbúnaðarráðuneytið, að framkvæmd yrði leit að kýlaveikissmitberum í regnbogasilungi í eldisstöðinni að Laxalóni og að stöðin yrði einangruð, meðan á leitinni stæði. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 13. ágúst 1955, var ákveðið, að nefnd leit að kýlaveikissmitberum skyldi fara fram og eldisstöðin jafnframt einangruð. 1955 og 1956 voru 140 regnbogasilungar rannsakaðir af Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum að Keldum af Páli A. Pálssyni, núverandi yfirdýralækni. Í nefndum regnbogasilungum fundust ekki kýlaveikissmitberar, og var talið út frá fjölda sýnishorna, sem rannsökuð voru, að líkur fyrir kýlaveiki í regnbogasilungi að Laxalóni væri innan við 1%. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 23. júlí 1956, var svo einangrun eldisstöðvarinnar að Laxalóni aflétt, en ítrekuð fyrirmæli ráðuneytisins í bréfi, dags. 15. júlí 1954, um varúðarráðstafanir, sem viðhafa skyldi við ræktun og meðferð regnbogasilungs, og enn fremur eru endurtekinn fyrri fyrirmæli um, að eigi megi flytja brott regnbogasilung frá eldisstöðinni nema með leyfi ráðuneytisins.

Sumarið 1959 var ég á ferð í Bandaríkjunum og kom í heim-

sókn á rannsóknarstofu í eldisstöðinni í Rome í New York ríki, sem er fræg fyrir rannsóknir á vandamálum fiskeldis. Ræddi ég þar við fisksjúkdómafræðinginn Richard Stevens, sem unnið hafði við rannsóknir á kýlaveiki, en kýlaveikin var þá skæðasti sjúkdómur í alifiski í New York ríki eins og reyndar víðar. Rakti ég ganginn í innflutningi á regnbogasilungi til Íslands og áðurnefnda leit að kýlaveikissmitberum, sem fram fór hér 1955 og 1956, og óskaði eftir áliti hans á, hvort niðurstöðurnar af nefndri rannsókn gæfu tilefni til að aflétta einangrun á regnbogasilungi í eldisstöðinni að Laxalóni. Taldi Stevens það ekki vera, því að þrátt fyrir niðurstöður af nefndri rannsókn gæti kýlaveikissmitberar leynst í regnbogasilungsstofninum.

Út frá því, sem að ofan segir, þykir óvarlegt að flytja lifandi regnbogasilung frá Laxalóni til annarra staða á landinu vegna mögulegrar smitunarhættu. Eins og áður segir, má fyrirbyggja, að kýlaveikissmitberar flytjist með hrognum á augnstiginu, eftir að þau eru rétt sótthreinsuð á leið á ákvörðunarstað. Ætti því að mega leyfa flutning á regnbogasilungshrognum frá Laxalóni á nýja staði hér á landi að undangenginni sótthreinsun, ef menn vilja koma sér upp stofni af regnbogasilungi, en alls ekki á seiðum eða fullorðnum fiski, þar sem ókleift er að sótthreinsa slíkan fisk. Ég hefi rætt ofannefnd atriði við Pál A. Pálsson, yfirdýralækni, í dag, og er hann mér sammála um, að fyllsta varfærni sé nauðsynleg í þessu máli. Þá vil ég og ítreka nauðsyn þess, að varúðarráðstafanir við ræktun og meðferð regnbogasilungs, sem fram koma í bréfi hins háa ráðuneytis til Skúla Pálssonar frá 15. júlí 1954, verði viðhafðar framvegis, eins og ætlast hefur verið til fram að þessu."

Hinn 5. september ritaði stefnandi landbúnaðarráðuneytinu bréf, þar sem hann vísaði til síðasta bréfs síns, svarbréfs ráðuneytisins og umsagnar veiðimálastjóra. Í bréfinu segir síðan svo:

„Í bréfi hins háa ráðuneytis er ekki tekin sjálfstæð afstaða til erindis míns frá 21. júlí s.l., og leyfi ég mér því hér með að ítreka leyfisbeiðni mína, sem þar í felst, og æskja afdráttarlauss svars hins háa ráðuneytis á því, hvort leyfisbeiðni mín er samþykkt eða henni synjað.

Að (sic) niðurlagi umsagnar veiðimálastjóra virðist mega ráða, að hann leggist á móti því, að leyfi verði veitt, á þeirri forsendu, að nægilegar sóttvarnarráðstafanir hafi ekki verið gerðar í upphafi, er hrognin voru flutt frá Danmörku, eins og kemur fram í upphafi umsagnar veiðimálastjórans.

Ef afstaða hins háa ráðuneytis við erindi mínu er neikvæð og hún reist á framangreindum rökum, óskast það tilgreint í svarbréfi."

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. hinn 11. september, er vísað til erinda stefnanda frá 21. júlí og 5. september, og segir síðan svo:

„Út af þessu hefur ráðuneytið óskað umsagnar veiðimálastjóra um erindi yðar, og með bréfi, dags. 3. þ. m., var yður sent ljósrit af þeirri umsögn. Með skírskotun til þess telur ráðuneytið ekki fært að svo stöddu að verða við ofangreindum óskum yðar, en ráðuneytið hefir í dag ritað veiðimálastjóra og óskað frekari upplýsinga í málinu. Fylgir afrit af bréfi ráðuneytisins hér með."

Atriði þau, sem ráðuneytið óskaði umsagnar veiðimálastjóra um samkvæmt síðastgreindu bréfi eru þessi:

„.....

1. Er kleift með einhverjum ráðum að kanna til hlítar, hvort regnbogasilungsseiði og regnbogasilungur í Laxeldisstöðinni að Laxalóni sé sýktur eða heilbrigður?
2. Er hægt að sótthreinsa og útiloka þar með sjúkdóma eða sýkingu í stöðinni?
3. Hversu langur tími þarf að líða til þess að sjá megi fyrir víst, að fiskurinn í stöðinni sé heilbrigður og ósýktur?

....."

Veiðimálastjóri svaraði spurningum þessum í bréfi sínu til ráðuneytisins, dags. hinn 21. október 1964, þannig:

„1. Tölufræðilega er ekki mögulegt að kanna svo ítarlega regnbogasilung í eldisstöðinni að Laxalóni, að fullkomlega sé öruggt, að ekki leynist kýlaveikissmitberar (*Bacterium salmonicida*) í fiski þar
2. Ókleift er að sótthreinsa regnbogasilung fyrir kýlaveikissmitberum. Hins vegar má sótthreinsa stöðina sjálfa og regnbogasilungshrogn, svo að gagni komi.
3. Ekki er vitað, hve langur tími þarf að líða, þar til telja megi víst, að fiskur í stöðinni hafi ekki kýlaveikissmitbera. Vitað er um, að smit getur leynst í smitbera um langt árabil.

Það skal tekið fram, að ég hefi rætt efni spurninga í bréfi hins háa ráðuneytis, sem hér er svarað, við Pál A. Pálsson, yfirdýralækni, og er hann sömu skoðunar og ég um efni svara minna við ofannefndum spurningum."

Hinn 26. október 1964 ritaði landbúnaðarráðuneytið stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til bréfs yðar, herra framkvæmdastjóri, dags.

21. júlí s.l. og 5. f. m., þar sem þér óskið heimildar ráðuneytisins til að flytja brott úr eldisstöðinni að Laxalóni 10 til 15 þúsund regnbogasilungsseiði og allt að 15 þúsund af uppöldum regnbogasilungi að stærð 8 til 12 cm, vill ráðuneytið taka fram til viðbótar því, er fram kemur í bréfi þess, dags. 11. f. m., að það hefur aflað sér upplýsinga um mál þetta með bréflegum fyrirspurnum og viðtölum. Að fengnum þeim upplýsingum telur ráðuneytið sér ekki fært að verða við framangreindum óskum yðar.

Ljósrit af bréfi veiðimálastjóra, dags. 21. þ. m., þar sem hann svarar fyrirspurnum ráðuneytisins varðandi einangrun á regnbogasilungi í eldisstöðinni að Laxalóni fylgir hér með.

Með vísan til þessa bréfs veiðimálastjóra vill ráðuneytið vekja sérstaka athygli á, að tök eru á að taka hrogn úr þeim kynþroska fiski, sem nú er í stöðinni að Laxalóni, sótthreinsa þau og geyma, meðan alinn er til slátrunar sá fiskur, sem er í stöðinni. Síðan eru tök á að sótthreinsa stöðina alla og hefja þar síðan silungsrækt með þeim hrognum, sem fyrst voru nefnd. Með þessum hætti mundi tryggilega frá þessum málið gengið."

Hinn 2. desember 1964 ritaði lögmaður stefnanda landbúnaðarráðuneytinu bréf, þar sem gangur málsins var rakinn og þess farið á leit, að ráðuneytið tæki málið til athugunar og ákvörðunar á ný. Voru tilmæli þessi ítrekuð 5. mars og 21. apríl 1965. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins hinn 18. júní 1965 var þessari málaleitan hafnað. Kemur fram í bréfi þessu, að ráðuneytinu sé ókunnugt um, hvort fullnægt hafi verið skilyrðum þeim, sem í upphafi voru sett fyrir innflutningi augnhrognanna og sé þar að finna frumorsök þess, að ráðuneytið telji þörf allrar varfærni gagnvart þessum fiski.

Undir lok reksturs máls þessa kom fram yfirlýsing Einars Hannessonar, dags. 30. janúar 1955, og bréf Hermanns Einarssonar og Jóns Jónssonar til veiðimálastjóra, bæði dagsett 2. febrúar 1955. Yfirlýsing Einars Hannessonar er svohljóðandi:

„Ég undirritaður vil hér með að gefnu tilefni skýra frá þeim afskiptum, sem ég hafði á sínum tíma af regnbogasilungshrognum, sem Skúli Pálsson fékk frá Danmörku til landsins með skipinu „Dux" vorið 1951. Samkvæmt beiðni skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins var ég viðstaddur, þegar Skúli Pálsson flutti hrognin frá vörugeymslu Eimskipafélagsins við Haga í húsakynni Pípuverksmiðjunnar við Rauðarárstíg. Þegar þangað kom, var sendingin athuguð nánar. Kom þá í ljós, að mestur hluti hrognanna var dauður, og var þeim hrognum fargað strax og skolað niður í

klóak hússins. Eftir lifðu um 50 þúsund, sem Skúli hugðist flytja upp að Laxalóni. Skúli Pálsson var þarna með einhverja sótthreinsunarblöndu, sem mér var ekki kunnugt um, hver efni voru í. Þetta eru einu afskipti mín fram á þennan dag, sem ég hefi haft af regnbogasilungshrognasendingum til Skúla Pálssonar, Laxalóni."

Hér fyrir dómi hefur vitnið Einar Hannesson, sem nú er starfsmaður Veiðimálastofnunarinnar, skýrt svo frá, að hann hafi á árinu 1951 verið starfsmaður embættis veiðimálastjóra. Kveðst Einar hafa verið beðinn um það af skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins að fylgjast með flutningi regnbogasilungshrognanna frá Haga og inn í Pípuverksmiðju ásamt lögregluþjóni, sem verið hafi Lárus Salómonsson. Kveðst vitnið ekki hafa verið beðið um að hafa önnur afskipti af þeirri hrognasendingu og kveðst ekki hafa verið beðið um að sjá um böðun hrognanna. Einar kveður talið hafa verið, að hluti hrognasendingarinnar hafi drepist vegna þess, að hrognin hafi frosið, en ekki kveðst Einar hafa framkvæmt sjálfstæða athugun á því, hvort hluti hrognasendingarinnar væri lifandi eða hversu mörg þau hrogn væru. En hann kveður sér hafa skilist, að það væri mat þeirra manna, sem viðstaddir höfðu verið, að þessi hluti hrognasendingarinnar, þ. e. 50 þúsund hrogn, væri lifandi. Ekki kveðst Einar vita, hvort stefnandi hafi flutt þau 50 þúsund hrogn, sem talið var, að væru lifandi, burt frá Pípuverksmiðjunni, en hann kveðst telja það líklegt og kveðst telja það liggja í hlutarins eðli. Ekki kveðst Einar hafa spurt stefnanda að því, hvaða sóttheinsunarblanda það var, sem hann var með þarna í Pípuverksmiðjunni, enda kveðst Einar ekki hafa verið neinn framkvæmdaaðili í sambandi við þetta mál. Einar kveðst ekki hafa haft afskipti af annarri sendingu regnbogasilungshrogna til stefnanda. Einar kveðst ekki hafa verið beðinn um að gefa skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins munnlega eða skrfilega skýrslu um þessi afskipti sín af hrognasendingunni, enda kveðst hann ekki minnast þess að hafa verið beðinn um það. Einar kveðst ekki hafa sérmenntun í fiskifræði og kveðst hafa litið á sig sem vitni að flutningi hrognanna frá Haga og inn í Pípuverksmiðju.

Bréf Hermanns Einarssonar er svohljóðandi:

„Í aprílmánuði 1951 ritaði ég umsögn fyrir hönd Fiskideildar varðandi innflutning á hrognum regnbogasilungs á vegum hr. Skúla Pálssonar, samkvæmt beiðni háttv. atvinnumálaráðuneytis. Þótti eigi tryggilega frá hrognunum gengið vegna smitunarhættu, og var ráðlegging gefin um böðunaraðferð eftir ráðleggingum

danskra vísindamanna. Í sambandi við fyrstu sendingu á hrognum var ég kallaður til að skoða þau í Pípuverksmiðjunni við Rauðarárstíg, en þar var ákveðið að eyða mestum hluta þeirra, og sá hr. Einar Hannesson um það verk. Hins vegar hefur aldrei verið leitað til mín í sambandi við böðun hrogna, hvorki fyrr né síðar. Þegar þáverandi deildarstjóri kom heim, skýrði ég honum frá gangi þessa máls og hefi síðan engin afskipti af því haft."

Bréf Jóns Jónssonar er svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar lýsi ég því hér með yfir, að til mín hefur aldrei verið leitað í sambandi við innflutning Skúla Pálssonar á regnbogasilungshrognum frá Danmörku vorið 1951, og hef ég því ekki haft nein afskipti af því máli."

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi á árinu 1951 flutt inn 100000 regnbogasilungshrogn að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Minnir stefnanda, að sendingin, sem flutt hafi verið með skipi, hafi komið til landsins í aprílmánuði. Stefnandi kveður sig minna, að þessari sendingu hafi fylgt vottorð og muni það hafa gengið til Atvinnudeildar Háskólans eða landbúnaðarráðuneytisins. Stefnandi kveður Árna Friðriksson, sem verið hafi yfirmaður Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans, hafa haft með þetta mál að gera af hálfu hins opinbera, en einnig hafi dr. Hermann Einarsson haft með málið að gera. Hann kveður það óhapp hafa komið fyrir, að kassinn, sem hrognin voru í, hafi verið settur á hvolf við fermingu í skipið og hafi hrognin dáið. Stefnandi kveðst hafa fengið leyfi til að flytja kassann óopnaðan inn í Pípuverksmiðju, þar sem hann hafði aðstöðu, og þar hafi kassinn verið opnaður og sendingin athuguð. Þar sem nú sé svo langt um liðið, kveðst stefnandi ekki muna, hver gefið hafi leyfi til að flytja hrognin inn í Pípuverksmiðju, en kveðst telja víst, að það hafi verið landbúnaðarráðuneytið. Stefnandi kveður ekkert úr hrognasendingu þessari hafa farið í eldisstöð sína, því að sendingin hafi öll verið eyðilögð á staðnum. Hafi hrognin ásamt umbúðum verið brennd og leifunum skolað niður í holræsi. Með leyfi ráðuneytisins kveður stefnandi síðan hafa verið gerðar ráðstafanir til að panta frá sama seljanda sama magn af regnbogasilungshrognum. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort þessi sending kom með skipi eða flugvél. Kveðst stefnandi ekki hafa tekið við þessum hrognum, þegar þau komu til landsins, því að það hafi allt verið á vegum Fiskideildarinnar. Stefnandi kveður sér hafa verið sagt, að hann yrði að bíða, þar til öll skjöl væru í lagi, enda hafi það verið skilyrði af hálfu ráðuneytisins, að hann fengi ekki hrognin afhent,

fyrr en að fengnu leyfi Fiskildeildar. Stefnandi kveðst hafa haft áhyggjur af því, að hrognin mundu eyðileggjast, og rætt um það við ráðuneytið, en sér hafi verið sagt, að hann yrði að bíða, en síðar yrði tilkynnt, hvenær hann mætti taka hrognin að lokinni rannsókn um, að allt væri í lagi. Stefnandi kveður um viku hafa liðið frá því hrognin komu og þar til hann fékk að veita þeim viðtöku. Kveður hann sér með öllu ókunnugt um, hvar hrognin voru á þessu tímabili, enda hafi þetta algerlega verið á vegum Fiskideildarinnar. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort hann hafi sótt hrognin að þessum tíma liðnum eða hvort þau hafi verið flutt til hans. Stefnandi kveðst muna, að hann hafi átt símtal við Árna Friðriksson og beðið hann að gæta þess, að hrognin frysu ekki. Stefnandi kveðst telja, að einhver gögn hafi fylgt sendingu þessari, og telur, að þar hafi m. a. verið um að ræða vottorð, en hann kveður gögn þessi hafa gengið annað hvort til landbúnaðarráðuneytisins eða Fiskideildarinnar. Stefnandi telur sig muna það rétt, að skeytaskipti hafi farið fram milli landbúnaðarráðuneytisins eða Fiskildeildarinnar og aðilja í Danmörku til frekari staðfestingar á því, að þetta væri eins og það ætti að vera. Stefnandi kveður hrognin svo hafa komið í klakhús eldisstöðvar sinnar að Laxalóni. Kveður hann þetta hafa verið fyrstu regnbogasilungshrognin, sem komið hafi í eldisstöð hans. Hann kveður hrognin hafa verið sett í klakskúffur í klakhúsinu og þess beðið, að þau klektust út, en síðan hafi seiðin verið sett í eldistjarnir. Stefnandi kveður hrognin hafa komið prýðilega út og hafi ekki orðið vart neinna sjúkdóma í seiðum frá þeim. Eftir þetta kveðst stefnandi ekki hafa flutt regnbogasilungshrogn til landsins fyrir eldisstöð sína og því sé sá regnbogasilungur, sem hann hefur ræktað, kominn af þessari síðari sendingu regnbogasilungshrogna. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að fá fyrirmæli um ræktun regnbogasilungsins, áður en hin skriflegu fyrirmæli bárust samkvæmt bréfi landbúnaðarráðuneytisins 15. júlí 1954, og kveðst hafa farið eftir öllum þeim reglum, sem ráðuneytið hafi sett. Stefnandi kveðst hafa talið, að allt tal um sjúkdóm í regnbogasilungsstofninum væri úr sögunni að loknum þeim rannsóknum, sem framkvæmdar voru af yfirdýralækninum að frumkvæði landbúnaðarráðuneytisins á árunum 1955 og 1956. Kveður hann sér hafa skilist, að þar með væri þetta mál úr sögunni. Stefnandi kveður engan sjúkdóm hafa komið upp í eldisstöð sinni, hvorki í regnbogasilungi né í öðrum fiski.

Krafa stefnanda er byggð á því, að synjun landbúnaðarráðu-

neytisins við umsókn hans um að mega flytja á brott 10000—15000 regnbogasilungsseiði og allt að 15000 uppalda regnbogasilunga 8—12 sm að stærð, sem Búðaós h/f óskaði að kaupa til eldis í eldisstöð sinni að Búðum, hafi ekki verið byggð á hlutlægum ástæðum og því ástæðulaus og beri stefnda því að bæta tjón, sem stefnandi hefur orðið fyrir af þeim sökum. Er því haldið fram í því sambandi, að skilyrðum þeim, sem ráðuneytið setti fyrir innflutningi hrognanna í upphafi, hafi verið fullnægt. Hafi stefnandi ekki fengið hrognin í sína vörslu, fyrr en nauðsynlegar sóttvarnaraðgerðir hafi verið framkvæmdar, sem að dómi þeirra, er gerst máttu vita, áttu að vera nægileg trygging fyrir heilbrigði hrognanna og hafi þeir sannfærst um, að hrognunum fylgdi ekki smitunarhætta. Er því haldið fram, að af hálfu ráðuneytisins hafi dr. Hermann Einarsson annast þennan þátt málsins. Er því haldið fram, að stefnandi hafi haft fullgilda ástæðu til að ætla, að er landbúnaðarráðuneytið veitti honum heimild til innflutnings umræddra hrogna til eldis, yrði ekki að ástæðulausu lagðar hömlur á eðlilega framleiðslu stöðvarinnar, þar á meðal sölu á lifandi fiski til ræktunar í ám og vötnum. Er því haldið fram, að á þessum grundvelli hafi stefnandi byggt upp eldisstöð sína, m. a. til að ala upp fisk til brottflutnings og eldis á öðrum eldisstöðvum, ám eða vötnum, og hafi engin fyrirstaða verið á flutningi íslenskra vatnafiska úr eldisstöðinni. Ræktun regnbogasilungs hafi í fyrstu mest megnis verið bundin við eldi til slátrunar og útflutnings, en eftir því sem tímar liðu og áhugi manna á fiskirækt hafi farið vaxandi, hafi einnig vaxið áhugi á því að fá regnbogasilung úr stöð stefnanda til eldis annars staðar. Hafi stefnandi talið áskilnað ráðuneytisins hverju sinni fyrir brottflutningi eldisseiða af regnbogasilungi fyrst og fremst formsatriði og meðal annars gerðan í þeim tilgangi að auðvelda stjórnvöldum að fylgjast með, hvert seiðin væru seld. Það hafi svo verið á árinu 1954, eftir að vaknað höfðu óljósar og órökstuddar grunsemdir veiðimálastjóra um, að fiskistofn stefnanda væri ekki heilbrigður, að landbúnaðarráðuneytið hafi hinn 15. júlí þ. á. sett stefnanda mjög strangar reglur um fiskeldi sitt. Er svo veiðimálastjóri hafi óskað eftir rannsókn á heilbrigði regnbogasilungs í eldisstöð stefnanda, hafi hann talað um að mæla með því, að banni við flutningi regnbogasilungs í eldisstöð stefnanda yrði aflétt, ef rannsóknin leiddi í ljós, að kýlaveiki eða aðrir hættulegir sjúkdómar leyndust ekki í fiskinum. Niðurstöður umfangsmikilla úrtaksrannsókna, sem fram hafi far-

ið af þessu tilefni á árunum 1955 og 1956, hafi verið þær, að ekki hafi fundist neinir smitberar í silungi þeim, sem rannsakaður var. Í samræmi við fyrri yfirlýsingar sínar hafi svo veiðimálastjóri lagt til við landbúnaðarráðuneytið hinn 9. júlí 1956, að banni við flutningi lifandi vatnafiska úr eldisstöðum yrði aflétt. Þrátt fyrir tillögu veiðimálastjóra hafi ráðuneytið tilkynnt stefnanda hinn 23. júlí 1956, að banni við flutningi íslenskra vatnafiska úr stöðinni væri aflétt, en jafnframt hafi verið tilkynnt, að eigi mætti flytja regnbogasilung úr eldisstöðinni, nema leyfi ráðuneytisins kæmi til hverju sinni. Hinn 21. júlí 1964 hafi svo stefnandi sótt um leyfi atvinnumálaráðuneytisins til að flytja á brott úr eldisstöð sinni 10000—15000 regnbogasilungsseiði og allt að 15000 alda regnbogasilunga 8—12 sm að stærð, er Búðaós h/f hafi óskað eftir að kaupa á árinu 1965, og síðan sama magn á næstu fjórum árum. Þrátt fyrir tillögur sínar á árinu 1956 hafi veiðimálastjóri nú séð ástæðu til að leggja til við landbúnaðarráðuneytið, að beiðni stefnanda yrði synjað, án þess þó að veiðimálastjóri hafi nokkurn tíma, frá því framangreindri rannsókn lauk, á árinu 1956, sýnt fram á með rannsóknum sínum, athugunum eða eftirliti á eldisstöðinni, að hann hefði nokkra ástæðu til rökstudds gruns um sýkingu eða smitun fiskistofns stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að er stefnandi í upphafi sótti um leyfi til að flytja inn hrogn af regnbogasilungi, hafi hann skýrt frá því, að það væri gert með sölu á erlendum markaði í huga. Einnig hafi stefnandi tjáð sig reiðubúinn til að fara eftir fyrirmælum, sem Atvinnudeild Háskólans eða veiðimálastjóri kynnu að vilja setja varðandi þennan atvinnurekstur. Það hafi verið stefna landbúnaðarráðuneytisins að taka enga áhættu í sambandi við það, að erlendar sóttir berist til landsins. Í umsögn Fiskildeildar Atvinnudeildar Háskólans hafi ekki verið talið, að vitað væri um sýkingarhættu í sambandi við innflutning regnbogasilungshrogna, en mælt hafi verið með ákveðnum varúðarráðstöfunum. Þá hafi Fiskideildin einnig að beiðni ráðuneytisins óskað eftir fullvissu um það hjá mag. Otterström, forstöðumanni Dansk Biologisk Station, að hrognum fylgdi ekki smithætta. Á þessum grundvelli hafi stefnanda verið veitt leyfi hinn 14. apríl 1951 til að flytja sendingu regnbogasilungshrogna til landsins til geymslu á einangruðum stað samkvæmt fyrirmælum Fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands og í umsjá lögreglu. Stefnanda hafi svo verið heimilað að flytja í eldisstöð sína hrogn þau, sem honum hafi áð-

ur verið leyft að flytja í land, enda yrðu hrognin áður sótthreinsuð samkvæmt fyrirmælum Fiskideildarinnar og þeim haldið einangruðum. Þar sem nú þessi hrognasending hafi farið forgörðum, hafi stefnanda hinn 16. apríl verið heimilað að flytja til landsins aðra hrognasendingu, enda yrðu hrognin geymd á einangruðum stað, þar til ráðuneytið ákvæði annað. Það hafi verið skilyrði fyrir þessu síðara leyfi, að hrognunum fylgdi erlendis frá vottorð um, að þau hefðu verið sótthreinsuð, áður en þau voru afhent til flutnings hingað til lands, og enn fremur yrðu útveguð vottorð mag. Otterström um, að flutningi hrognanna til landsins fylgdi engin smitunarhætta. Um einangrun og geymslu hrognanna, eftir að til landsins kæmi, skyldi farið eftir fyrirmælum Atvinnudeildar Háskólans. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að umrædd hrognasending hafi aldrei verið í vörslum Fiskideildar, og þá hafi ráðuneytinu verið með öllu ókunnugt um, að þau vottorðin, sem voru skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hafi nokkru sinni verið útveguð, en skeyti það, sem Hermanni Einarssyni barst frá mag. C. Otterström, hafi ekki verið fullnægjandi, því skilyrði fyrir leyfisveitingunni hafi verið, að útvegað yrði vottorð frá þessum sérfræðingi um, að flutningi hrognanna fylgdi engin smithætta, og hafi það skilyrði verið sett, eftir að greint skeyti barst. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnandi hafi ekki fullnægt skilyrðum þeim, sem ráðuneytið hafi sett fyrir innflutningi augnhrognanna, og sé sú vanræksla alfarið á ábyrgð stefnanda. Er þetta varð ljóst, hafi veiðimálastjóri og Veiðimálanefnd lagt til, að framkvæmd yrði leit að kýlaveikissmitberum í regnbogasilungi í eldisstöð stefnanda og hún einangruð á meðan. Rannsókn þessi hafi síðan verið gerð og hafi tölfræðilegur útreikningur sýnt, að líkindi til, að sýking væri á stöðinni, væri innan við 1%, en rannsókn þessi hafi á engan hátt útilokað, að kýlaveikissmitberar gætu samt sem áður leynst í regnbogasilungsstofninum. Einangrun stöðvarinnar hafi svo verið aflétt, en ítrekuð fyrirmæli ráðuneytisins í bréfi frá 15. júlí 1954 um varúðarráðstafanir og endurtekin fyrirmælin um, að ekki nægi að flytja á brott frá eldisstöðinni regnbogasilung nema með leyfi ráðuneytisins. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að synjun ráðuneytisins við umsókn seiða í eldisstöð Búðaóss h/f hafi verið byggð á hlutlægum ástæðum og því réttmæt.

Samkvæmt yfirlýsingum lögmanna fyrir dómi verður að líta svo á, að ekki sé nú unnt að afla frekari gagna um það, hvort vottorð þau, sem ráð var gert fyrir, að fylgdu regnbogasilungshrogn-

um þeim, sem stefnandi flutti til landsins og núlifandi regnbogasilungur í eldisstöð stefnanda er alinn af, raunverulega komu fram og hvers efnis þau þá hafi verið.

Hermann Einarsson, forstöðumaður Fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, var landbúnaðarráðuneytinu til ráðuneytis varðandi umsókn stefnanda um innflutning á regnbogasilungshrognum. Taldi hann ástæðu til, að gerðar yrðu ákveðnar varúðarráðstafanir, sem raktar eru í bréfi hans frá 10. apríl 1951, ef ráðuneytið féllist á að leyfa innflutning hrognanna, þar til Veiðimálanefnd hefði sett ákveðnar reglur um innflutning lifandi hrogna vatnafiska. Hermann sendi sjálfur magister C. Otterström skeyti, þar sem hann óskaði eftir tryggingu gegn smithættu frá hrognunum, og barst svar við þeirri fyrirspurn, eins og rakið hefur verið. Hinn 16. apríl 1951 heimilaði ráðuneytið stefnanda innflutning regnbogasilungshrogna með þeim skilyrðum, sem rakin eru í bréfi ráðuneytisins. Ekki var það skilyrði samkvæmt bréfi þessu, að hrognin yrðu sótthreinsuð eftir komuna til landsins, enda krafist vottorðs um, að þau hefðu verið sótthreinsuð, áður en þau voru afhent til flutnings. Á þessum tíma voru í gildi lög nr. 11/1928 um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins. Var í lögum þessum bannað að flytja til landsins lifandi spendýr og fugla, en atvinnumálaráðuneytinu heimilað að veita undanþágu frá banninu, enda setti það þá reglur hverju sinni í samráði við ráðunaut sinn í þeim efnum, er öruggar væru til varnar því, að alidýrasjúkdómar flyttust til landsins með þeim dýrum, sem innflutningur væri leyfður á. Ákvæði laga þessara tóku að vísu aðeins beint til spendýra og fugla, og ekki verður séð, að fyrir hendi hafi verið á þessum tíma sérstök ákvæði um þetta varðandi fiska (hrogn). Hefur ráðuneytið talið sig hafa heimild til að setja skilyrði við innflutning hrogna af sóttvarnarástæðum og það eigi vefengt af stefnanda, hvorki þá né síðar. Bauðst stefnandi og til að fara eftir þeim reglum, sem yfirvöld óskuðu að setja um atvinnugreinina. Hinn 15. júlí 1954 tilkynnti ráðuneytið stefnanda varúðarráðstafanir þær, sem það hafði ákveðið, að stefnanda bæri að beita við ræktun regnbogasilungs. Verður eigi annað séð en varúðarráðstafanir þessar byggist eingöngu á sóttvarnarsjónarmiðum. Á árinu 1954 virðist hafa komið fram ótti hjá opinberum aðiljum um það, að sóttvarnarráðstafana hafi ekki verið nægjanlega gætt við innflutning regnbogasilungshrognanna, og fóru fram á árunum 1955 og 1956 úrtaksrannsóknir á regnbogasilungi í eldisstöð stefnanda. Hefur gangur rannsókn-

anna og niðurstaða þeirra verið rakin hér að framan. Í málinu er fram komið vottorð Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis, sem mun hafa verið gefið í tilefni af útflutningi á regnbogasilungi úr eldisstöð stefnanda. Vottorð þetta, sem dagsett er hinn 26. maí 1971, er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Undirritaður vottar hérmeð, að fiskirækt Skúla Pálssonar, Laxalón, í námunda við Reykjavík, hafi verið undir stöðugu eftirliti dýralæknis, og á þessum grundvelli er hægt að lýsa því yfir, að hún sé algerlega laus við „Egtved" sjúkdóm (viral hæmorrhagisk septicæmi), smitandi pankreas nekrose (I.P.N.) og furunkulose (Aeromonas Salmonicida).

Ennfremur votta ég, að aðeins tvisvar hafi verið flutt inn regnbogasilungshrogn frá Danmörku, þ. e. árin 1951 og 1955. Fiskstofninn á Laxalóni stafar frá fyrra innflutningi. Annar innflutningur regnbogasilungs til Íslands hefur ekki átt sér stað.

Þau 70.000 regnbogasilungshrogn, sem nú er ætlað að flytja út til Noregs, hafa verið sótthreinsuð í euflavinupplausn, 0,5%, að viðstöddum Sandholt, héraðsdýralækni, og búið hefur verið um þau á fiskiræktinni sjálfri."

Stefnandi hefur fullyrt, að öllum skilyrðum, sem sett voru fyrir innflutningi regnbogasilungshrognanna, hafi verið fullnægt og séu sönnunargögn um það efni í vörslum þeirra opinberu aðilja, sem eftirlit höfðu með innflutningnum. Óvissan um það, hvort gætt var tilskilinna sóttvarnarráðstafana og annarra skilyrða við innflutning regnbogasilungshrogna þeirra, sem regnbogasilungsstofn stefnanda er kominn frá, stafar af því, að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um þetta frá þeim opinberu aðiljum, sem höfðu eftirlit með innflutningnum. Var þó ástæða til að afla allra tiltækra upplýsinga um þetta efni þegar á árinu 1954, er vafi virðist hafa risið um þetta. Niðurstaða rannsóknanna frá 1955 og 1956 sýndi með þeirri nákvæmni, sem eðlilegt var að gera kröfu til, að eigi var um að ræða sýkingu í eldisstöðinni af sjúkdómum þeim, sem rannsóknin beindist að. Með hliðsjón af þessu og vottorði Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis frá 26. maí 1971 verður að leggja á stefnda sönnunarbyrði um það, að skilyrðum þeim, sem sett voru af hálfu stjórnvalda við innflutning regnbogasilungshrognanna, hafi ekki verið fullnægt. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar sönnur að þessu. Þá verður samkvæmt þessu einnig að leggja til grundvallar, að regnbogasilungsstofn stefnanda hafi árið 1964 ekki verið haldinn neinum þeim sjúkdómum, sem réttlætt hafi synjun stjórnvalda við brottflutningi regnbogasilungs-

seiða og regnbogasilungs úr eldisstöð stefnanda samkvæmt umsókn hans. Verður því að telja, að synjunin hafi ekki verið réttmæt. Verður því felld á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem stafar af þessari synjun.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er byggð á því, að hann hafi í tvö ár misst af sölu silungsseiða til Búðaóss h/f og hefði söluverðmæti hvort ár numið kr. 119.250.00 að frádregnum kostnaði við eldi seiðanna. Nánari sundurliðun stefnanda á verði seiðanna og eldiskostnaði hvort ár er þannig:

15000 silungsseiði 1 cm	kr. 150.000.00
15000 pokaseiði á kr. 600/- pr. 1000	— 9.000.00
	Kr. 159.000.00
Kostnaður	— 39.750.00
	Kr. 119.250.00

Sundurliðun kostnaðar:
Magn fóðurs: 1 kg fisks á móti 1.3—2 kg fóðurs.
Reiknað með hámarki meðaltalsþunga fisks 10 cm langs = 12 gr.
115.000 seiði því 180 kg fisks = 360 kg fóðurs

á kr. 22.00	kr. 7.920.00
Vinna 20% af söluverði	— 31.800.00
Annar kostnaður	— 10.030.00
	Kr. 39.750.00

Af hálfu stefnda er fjárhæð dómkröfu mótmælt sem of hárri. Er því haldið fram, að ekki hafi komið fram nein sönnun fyrir sölumöguleikum á árunum 1965 og 1966. Er því mótmælt, að verðmæti seiðanna hafi verið svo mikið sem stefnandi heldur fram. Er því sérstaklega mótmælt, að kostnaður við eldi seiðanna hafi ekki verið meiri en kr. 39.750.00 .

Í málinu liggja fyrir upplýsingar á verði á bleikjuseiðum á árunum 1965 og 1966, sem alin höfðu verið, en ekki liggja fyrir upplýsingar um verð á kviðpokaseiðum af bleikju. Þá liggja fyrir upplýsingar um verð á laxaseiðum (alilaxi og kviðpokaseiðum) á árunum 1965 og 1966. Ekki liggur fyrir, að samið hafi verði um ákveðið verð á seiðum þeim, sem Búðaós h/f ætlaði að kaupa af stefnanda.

Það þykir verða að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess, að honum var meinuð sala á regnbogasilungsseiðum þeim, sem Búðaós h/f óskaði að kaupa, eins og fram kemur í bréfi stefnanda til atvinnumálaráðuneytisins frá 21. júlí 1964. Hins vegar þykir ekki fram komið, að frekari sala á seiðum til Búðaóss h/f en í þetta eina skipti hafi verið slíkum fastmælum bundin, að stefnandi geti byggt bótakröfu á því. Samkvæmt þessu og þar sem útreikningi stefnanda á söluverði umræddra seiða og kostnaði við eldi þeirra hefur ekki verið hnekkt, verður hann lagður til grundvallar tjóni stefnanda. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 119.250.00 svo og 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 1. október 1965 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi og dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Arinbirni Kolbeinssyni lækni og dr. Sigurði Péturssyni gerlafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Skúla Pálssyni, kr. 119.250.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1965 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. janúar 1974.

Nr. 145/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Hannesi Elíssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og prófessor Gaukur Jörundsson.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað, að því er varðar ákærða Hannes Elísson einan.

Refsing ákærða í máli þessu þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 20.000.00.

Brot þau, er ákærði er dæmdur fyrir í máli þessu, voru framin 15., 21. og 22. ágúst 1970. Tókst rannsóknarlögreglunni í Reykjavík að koma upp um brotin þegar í sama mánuði. Ákæruskjal var gefið út 11. september s. á. Ákærði kom eigi fyrir dóm fyrr en 26. maí 1972, og var honum þá birt ákæruskjal. Óskaði hann eftir því, að Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður yrði skipaður verjandi sinn. Eigi var verjandi þó skipaður fyrr en 3. apríl 1973. Er vörn hans dagsett 24. apríl s. á. Var málið dómtekið þann dag og dómur upp kveðinn 26. apríl s. á. Samkvæmt gögnum máls fékk héraðsdómari sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, málið til meðferðar 5. janúar 1973. Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, sætti ákærði dómi í sakadómi Reykjavíkur 17. nóvember 1972 fyrir þjófnaðarbrot, sem framið var 10. júlí s. á. Var ákæruskjal í því máli gefið út 31. júlí s. á. Hefði átt að sameina mál þau, sem til var stofnað með ákæruskjölum 11. september

1970 og 31. júlí 1972, og dæma í einu lagi. Samkvæmt gögnum máls hefur ákærði þegar afplánað refsingu þá, sem honum var dæmd í greindum dómi sakadóms Reykjavíkur frá 17. nóvember 1972.

Mál þetta hefur farið mjög aflaga, svo sem rakið var.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Elísson, sæti tveggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 26. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 169—171/1973: Ákæruvaldið gegn Hannesi Elíssyni, Helga Jónssyni og Gils Friðrikssyni, sem tekið var til dóms 24. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 11. september 1970, gegn ákærðu:

1. Hannesi Elíssyni sjómanni, Hvassaleiti 28 í Reykjavík, fæddum þar í borg 21. febrúar 1951,

2. Helga Jónssyni sjómanni, Teigavegi 2 í Smálöndum, Reykjavík, fæddum þar í borg 16. nóvember 1951, og

3. Gils Friðrikssyni, áður að Stangarholti 28, en nú að Smiðjustíg 10 í Reykjavík, fæddum þar í borg 6. janúar 1953, fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot, framin í Reykjavík í ágústmánuði 1970:

I. Gegn ákærða Hannesi Elíssyni einum er málið höfðað fyrir að brjótast föstudagsnóttina 21. ágúst inn í Pylsuskálann, Austurstræti 22, og stela þar um kr. 2.000.00 í peningum, stálbrýni og lítils háttar af matvælum, sem hann neytti á staðnum.

II. Gegn ákærðu Hannesi Elíssyni og Helga Jónssyni er málið höfðað fyrir:

1. Að brjótast laugardagsnóttina 22. ágúst inn í verslunina

Krónuna, Mávahlíð 25, og stela þar 21 vindlingakartoni, 5 tyggigúmmíkartonum og ávaxtasafaflösku.

2. Að brjótast laugardagsnóttina 22. ágúst inn í verslunina Jónsval, Blönduhlíð 2, og stela þar 12 kexpökkum og 11 dósum af niðursuðuvörum (ávöxtum og kjöti).

III. Gegn ákærðu Hannesi Elíssyni og Gils Friðrikssyni er málið höfðað fyrir að brjótast laugardagsnóttina 15. ágúst inn í gleraugnaverslunina Fókus, Lækjargötu 6 B, og stela þar tveimur kvikmyndasýningarvélum og kúlupenna. Enn fremur fyrir að hafa í sama sinni farið inn í aðra vistarveru í sama húsi og stolið þar kr. 2.000.00 í peningum.

Framangreindir verknaðir í liðum I—III þykja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum í málinu:

I.

Þriðjudaginn 25. ágúst 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að innbrot hefði verið framið í Pylsuskálann að Austurstræti 22 aðfaranótt föstudagsins 21. ágúst. Farið hafði verið inn með þeim hætti, að brotnar voru upp dyr að vörulager verslunarinnar Teppi h/f í Austurstræti, en lagerinn er í samliggjandi skúrasamstæðu við Pylsuskálann. Af lagernum hafði innbrotsþjófurinn farið inn í Pylsuskálann með því að brjóta upp læstar dyr, sem liggja inn á salerni tilheyrandi Pylsuskálanum. Einnig hafði verið reynt að komast inn um aðaldyr Pylsuskálans, en horfið hafði verið frá því. Í innbroti þessu hafði verið tekið nokkurt safn af tveggjakrónupeningum, og var áætlað, að það hefðu verið um kr. 2.000.00. Einnig hafði horfið stálbrýni, en annarra verðmæta var ekki saknað.

Ákærði Hannes Elísson hefur viðurkennt að hafa verið þarna að verki. Var hann einn á ferð ölvaður á öðrum eða þriðja tímanum um nóttina. Ákærði fór inn í sundið hjá Nýja Bíói, Austurstrætismegin, en hliðið var að sögn ákærða opið. Við hliðina á Pylsuskálanum voru dyr, sem voru ólæstar, og fyrir innan þær var port. Ákærði fór inn í einhverja geymslu, sem var við hliðina á pylsusölunni og þaðan í gegnum dyr, sem lágu inn á salerni, og var þá greiður aðgangur inn í pylsusöluna. Ákærði kvaðst ekki hafa farið þarna inn til að leita peninga, heldur vegna þess, að hann langaði í pylsu. Ákærði borðaði á staðnum eina hráa

pylsu og eitthvað af popkorni. Einnig tók hann safn tveggjakrónupeninga og stálbrýni. Með þetta fór hann heim til sín í Eskihlíð 16 B. Ákærði eyddi af peningunum um 100 krónum, en að öðru leyti komust peningarnir til skila svo og stálbrýnið.

II.

1. Laugardaginn 22. ágúst 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt um innbrot í verslunina Krónuna að Mávahlíð 25. Farið hafði verið inn með þeim hætti, að hurð á bakhlið hússins hafði verið þvinguð upp. Tveir stórir pokar af Kaaber kaffi höfðu verið tæmdir og innihaldi þeirra hvolft á gólfið. Ekki sást í fljótu bragði, að neinu hefði verið stolið.

Ákærðu Hannes Elísson og Helgi Jónsson voru aðfaranótt 22. ágúst 1970 á dansleik í Las Vegas. Fóru þeir þaðan heim til ákærða Hannesar og sóttu þangað skrúfjárn og töng, sem þeir notuðu síðan til þess að skrúfa frá gluggalistana í versluninni Krónunni. Þegar þeir voru að spenna listana, brotnaði rúðan í hurðinni. Gátu þeir þá teygt sig í krók, sem var á innanverðri hurðinni, og losað um hann. Tókst þeim þannig að komast inn um hurðina. Í bakherbergi tóku þeir 21 lengju af Camel vindlingum, 5 karton af amerísku tyggigúmmíi og eina flösku af ávaxtasafa. Varninginn fóru þeir með heim til ákærða Hannesar. Fékk verslunin aftur vindlingana og tyggigúmmíið.

2. Laugardaginn 22. ágúst 1970 var lögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í vörugeymslu verslunarinnar Jónsval að Blönduhlíð 2 þá um nóttina. Farið hafði verið inn um dyr, sem liggja inn á lager í kjallara hússins, með þeim hætti, að spjald í hurðinni hafði verið rifið frá, og á þann hátt hafði verið hægt að teygja sig í læsinguna. Ekki sást í fljótu bragði, að neinu hefði verið stolið.

Ákærðu Hannes og Helgi hafa viðurkennt að hafa greint sinn farið inn í kjallarahúsnæði verslunarinnar Jónsval að Blönduhlíð 2 með því að brjóta upp bakdyr á húsnæði hennar. Tóku þeir þar og höfðu á brott með sér 12 kexpakka og 11 dósir af niðursoðnum ávöxtum og kjöti. Geymdu þeir varninginn í herbergi ákærða Hannesar. Komst hann til skila.

III.

Laugardaginn 15. ágúst 1970 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í gleraugnaverslunina Fókus að Lækjargötu 6 B þá um nóttina. Farið hafði verið inn með þeim hætti, að

opnanlegur gluggi á bakhliðinni hafði verið tekinn af hjörum og lagður til hliðar. Fyrir innan voru sterklegir járnrimlar, sem festir höfðu verið með skrúfum í gluggakarminn. Höfðu þeir verið spenntir inn með skrúfjárni, felgujárni o. fl., sem tekið hafði verið í skúrgeymslu, sem er bak við húsið. Starfsfólk verslunarinnar taldi, að teknar hefðu verið tvær kvikmyndasýningarvélar, sem verið höfðu frammi í versluninni. Báðar voru vélarnar af gerðinni Silma, önnur alveg ný, eign verslunarinnar, en hin eldri og hafði verið þar til viðgerðar. Verðmæti hvorrar vélar um sig var talið kr. 10.000.00—12.000.00. Þá var einnig saknað um 30 kvikmyndaspólna með ýmsum ævintýramyndum, og var verðmæti hverrar spólu í útsölu kr. 600.00. Síðar var tilkynnt, að auk áðurgreindra hluta hefði einnig horfið Parker kúlupenni og kr. 100.00, sem geymdar höfðu verið í herberginu inn af versluninni eða herbergi því, sem glugginn var á, sem farið var inn um.

Ákærðu Hannes Elísson og Gils Friðriksson hafa viðurkennt framangreint innbrot. Fundu þeir verkfæri í kistu á bak við húsið, og með þeim tókst þeim að sveigja frá rimla, sem voru fyrir glugga á húsnæði verslunarinnar. Fóru þeir síðan inn og tóku í versluninni tvær kvikmyndasýningarvélar og 39 kvikmyndaspólur. Þá tók ákærði Hannes um kr. 2.000.00 í peningum annars staðar í húsinu, en ekki hefur verið upplýst með vissu, hvar það var. Fór ákærði Hannes þar inn um glugga, sem honum tókst að opna. Ákærðu fóru síðan með þýfið heim til ákærða Hannesar og skiptu því þar á milli sín, en ákærði Gils fór síðan með sinn hlut heim til sín. Komust kvikmyndavélarnar og filmurnar til skila.

Atferli ákærðu í liðum I—III, sem sannað er með játningum þeirra og öðrum gögnum í máli þessu, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir.

Helgi Jónsson:

1970 14/7 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1971 18/8 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Gils Friðriksson:

1969 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningar-

laga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 14. nóvember 1969.

1971 25/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1971 25/2 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 21/3 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga, áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt. Dómur frá 25/2 1971 dæmdur með.

1972 8/5 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Hannes Elísson:

1967 19/10 á Seyðisfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1968 27/4 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga.

1969 14/5 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglega meðferð áfengis.

1969 23/6 í Reykjavík: Dómur: Varðhald í 3 mánuði. Sviptur ökuréttindum í 2 ár frá 1. ágúst 1968 fyrir brot á 219. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga.

1970 7/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 17/11 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Niðurstöður.

Eins og að framan greinir, hlaut ákærði Hannes með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 17. nóvember s.l. 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að dæma ákærða hegningarauka fyrir brot þau, sem mál þetta er risið af, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af því og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Ákærði Gils hlaut 10 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 22. mars f. á. fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga svo og fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Ber því að dæma honum hegningarauka fyrir brot það, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, sbr. 78. gr.

almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans samkvæmt því hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Helga ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 3 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærða Hannes ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.

Dómarinn fékk mál þetta til meðferðar 5. janúar s.l.

Dómsorð:

Ákærði Hannes Elísson sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Gils Friðriksson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærði Helgi Jónsson sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði Hannes Elísson greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. janúar 1974.

Nr. 10/1974: **Einar Ólafur Arnbjörnsson**
Hjörleifur Arnbjörnsson og
Arnbjörn Ólafsson
f. h. Aðalheiðar Ernu Arnbjörnsdóttur
gegn
Guðjóni B. Baldvinssyni
Ólafi Þ. Jónssyni og
Dánarbúi Soffíu Björnsdóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðilinn Soffía Björnsdóttir andaðist hinn 15. desember 1973, og hefur dánarbú hennar tekið við aðild máls, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Með kæru 17. desember 1973, sem barst Hæstarétti 11. janúar 1974, hafa sóknaraðiljar samkvæmt b lið 1. tl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar, en miða verður við, að þeim hafi borist vitneskja um dóminn 6. desember 1973. Krefjast þeir þess, að dómurinn verði felldur úr gildi og varnaraðiljum dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og að sóknaraðiljar verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað í kærumáli þessu.

Sakarefni er lýst í hinum kærða frávísunardómi.

Frávísun máls þessa er reist á því í hinum kærða dómi, að eigi hafi farið fram sérfræðileg rannsókn á orsök þess, að tiltekin pípa bilaði í íbúð sóknaraðilja, sem eru stefnendur máls í héraði, og vegna þessa skorts á upplýsingum sé eigi unnt að leggja efnisdóm á málið, svo sem það horfi við.

Málsgögn bera eigi með sér, að héraðsdómur hafi bent sókn-

araðiljum á þörf á að afla sérfræðilegra gagna um framangreinda bilun á pípum, og eigi kvað héraðsdómur upp úrskurð, þar sem sóknaraðiljum væri veittur kostur á að afla slíkrar sérfræðilegrar umsagnar, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936. Eins og hér stendur á, þykir héraðsdómur hafa átt að neyta þeirra úrræða, sem nefnd grein felur í sér. Var eigi rétt að svo stöddu að vísa máli frá dómi. Verður því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1973.

I.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 15. október s.l., en endurupptekið 6. nóvember s.l. og dómtekið á ný að loknum munnlegum málflutningi 8. nóvember s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. janúar 1972.

Upphaflegir stefnendur voru Einar Ólafur Arnbjörnsson, Hjörleifur Arnbjörnsson og Aðalheiður Erna Arnbjörnsdóttir, öll til heimilis að Hagamel 27, Reykjavík. Í þinghaldi 1. desember 1972 var gerð svofelld bókun: „Lögmaður stefnenda lýsir því nú yfir, að stefnandi Aðalheiður Erna Arnbjörnsdóttir sé ófjárráða, en það hafi hann ekki vitað, er málið var höfðað. Með samþykki lögmanns stefndu er sóknaraðild málsins breytt þannig, að þessi stefnandi verði framvegis Arnbjörn Ólafsson f. h. Aðalheiðar Ernu Arnbjörnsdóttur, ófjárráða dóttur hans, og breytist heiti málsins í samræmi við það."

Stefndu í málinu eru Guðjón B. Baldvinsson, Soffía Björnsdóttir og Ólafur Þ. Jónsson, öll til heimilis að Hagamel 27, Reykjavík.

Stefnendur gera þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum

dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 126.031.00 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1971 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum stefnukröfum og að stefnendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæðir verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Mál þetta er þingfest 21. janúar 1972, en stefndu fengu síðan frest til skila á greinargerð, er lögð var fram á reglulegu bæjarþingi 29. febrúar 1972. Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 17. apríl 1972. Þingaði hann í málinu 1. desember 1972, 11. desember s. á., 20. desember s. á., 16. febrúar 1973 og 15. október 1973, er málið var fyrst dómtekið.

Mál þetta er tilkomið vegna vatnstjóns, er varð í kjallaraíbúð að Hagamel 27 hér í borg. Auk kjallara er hús þetta tvær hæðir og ris. Stefnendur voru eigendur að kjallaraíbúðinni, stefndi Guðjón B. Baldvinsson er eigandi að 1. hæð, Soffía Björnsdóttir að 2. hæð og Ólafur Þ. Jónsson að rishæð. Um sumarið 1971 hafði umrædd kjallaraíbúð verið mannlaus um skeið vegna fjarveru stefnenda. Þegar komið var í íbúðina 28. júlí 1971, kom í ljós, að leiðsla fyrir heitt vatn í gólfi eldhúss kjallaraíbúðarinnar hafði bilað, þannig að vatn flæddi úr. Höfða stefnendur mál þetta til þess að fá stefndu dæmda til greiðslu skaðabóta vegna skemmda í kjallaraíbúðinni af völdum þess, að umrædd leiðsla bilaði. Óumdeilt er í málinu, að nefnd leiðsla hafi verið fyrir heitt kranavatn til rishæðarinnar. Að öðru leyti ber svo mikið í milli um lýsingu aðilja á málavöxtum, að nauðsynlegt þykir að rekja greinargerð þeirra í því efni sína í hvoru lagi.

Í stefnu málsins segir, að þegar komið hafi verið í nefnda kjallaraíbúð 28. júlí 1971, hafi verið ökkladjúpt vatn í öllum herbergjum að undanskildu baðherbergi. Einnig hafi allt, sem inni var, verið blautt af gufu og veggir, loft og húsgögn skemmd. Einnig hafi sést, að heitt vatn hafi komið upp um eldhúsgólfið og dúkur og flísar, sem á því voru, hafi losnað og eyðilagst. Sama kvöld hafi verið hafist handa um að stöðva lekann og bjarga því, sem bjargað varð, og hafi stefndu verið gert þegar í stað aðvart. Strax hafi verið óskað eftir viðgerð á vatnsæðinni. Þess vegna hafi íbúð stefnenda verið rýmd og lykill að henni fenginn í hendur Önnu Guðmundsdóttur og stefnda Guðjóni B. Baldvinssyni og þeim

jafnframt tjáð, að stefnendur yrðu fjarverandi í tvær vikur. Jafnframt hafi ósk um viðgerð verið ítrekuð. Þegar stefnendur hafi komið aftur þann 12. ágúst 1971, hafi aðeins verið búið að brjóta rauf í eldhúsgólf, gangagólf og stofugólf, en aðrar framkvæmdir hafi ekki verið sjáanlegar. Hafi þá stefnendur gengið á fund stefndu og óskað enn eftir því, að framkvæmdum yrði hraðað. Jafnframt hafi þeim verið tjáð, að stefnendur hygðust leggja sína miðstöðvarlögn með koparrörum, þar sem þeim þætti sýnt, að gamla lögnin væri svo léleg, að henni væri ekki treystandi. Stefndu hafi hins vegar ekki viljað breyta sínum lögnum, heldur hafi þeir farið fram á að fá að brjóta upp allt gólfið í kjallaraíbúðinni og leggja nýjar leiðslur á sama stað. Hafi þeim þá verið bent á, að það kæmi sér illa fyrir eigendur kjallaraíbúðarinnar, ef hún yrði lengi teppt, þar sem þeir þyrftu að nota hana, og hafi því verið óskað eftir því, að verkinu yrði lokið 10. september 1971, þannig að íbúð stefnenda yrði þá íbúðarhæf. Einnig hafi stefnendur sett það skilyrði, að ef dráttur yrði á viðgerð, þá útveguðu stefndu þeim hliðstætt íbúðarhúsnæði, þar til viðgerð lyki. Jafnframt hafi stefnendur áskilið sér rétt til bóta úr hendi stefndu. Á þessa tillögu hafi stefndu ekki viljað fallast og hafi því stefnendur sjálfir orðið að sjá um viðgerðina.

Í greinargerð af hálfu stefndu er málavöxtum þannig lýst, að leiðsla fyrir heitt vatn í kjallaragólfi í umræddu húsi hafi bilað. Úr pípunni hafi komið vatn í eldhús í íbúð stefnenda og inn í herbergi (borðstofu) næst eldhúsi. Í eldhúsinu hafi vatn flotið yfir gólfið og í hinu herberginu hafi blotnað teppi, sem þar voru á gólfinu. Í önnur herbergi íbúðarinnar hafi ekki komið vatn. Það sé því alrangt, að ökkladjúpt vatn hafi verið nokkurs staðar í íbúðinni. Strax morguninn eftir að lekinn var uppgötvaður, hafi verið brotið gat á eldhúsgólfið og hin bilaða leiðsla fundin. Hafi hún reynst vera fyrir kranavatn til 4. hæðar, eign stefnda Ólafs Þ. Jónssonar. Eftir hádegi sama dag hafi komið pípulagningamaður til að líta á bilunina og hafi hann ráðlagt að brjóta göt á gólf á ýmsum stöðum í íbúðinni til að láta raka, sem í gólfinu og einangrun þess kynni að vera, gufa upp. Að kvöldi sama dags hafi einn af stefndu hringt í Arnbjörn Ólafsson og skýrt honum frá þessu. Hafi hann verið samþykkur þessu og einnig veitt leyfi til, að færa mætti húsgögn til í íbúðinni og losa teppi, svo að uppbrot gæti farið fram. Mikill raki hafi reynst kominn í einangrun og hafi þá pípulagningamaðurinn og Bárður Daníelsson verkfræðingur, sem einnig hafi verið kallaður til, ráðlagt, að endurnýjaðar

yrðu lagnir í kjallaragólfinu, eftir að einangrunin væri orðin þurr, en hún þyrfti að þorna í 2—3 vikur. Pípulagningamaðurinn hafi talið sig geta tekið verkið að sér, strax og tímabært væri að skipta um rörin rakans vegna. Hafi stefndu ætlað að fara að ráðum þessara manna, enda hafi íbúðin ekki verið í notkun. Þegar viðgerðin hafi átt að hefjast, hafi Arnbjörn Ólafsson meinað pípulagningamanninum aðgang að íbúðinni og hafi Arnbjörn þá krafist þess, að gömlu rörin yrðu látin liggja kyrr, en stefndu legðu nýjar lagnir til eignarhluta sinna með öðru fyrirkomulagi. Þá hafi stefnendur verið byrjaðir að brjóta upp sameiginlegar lagnir til að breyta sínu kerfi og hafi það verið gert án leyfis stefndu. Arnbjörn Ólafsson hafi talið börnin sín, þ. e. stefnendur í málinu, ekki geta verið án íbúðarinnar nema mjög takmarkaðan tíma og hafi hann krafist þess, að stefndu útveguðu þeim annað húsnæði, ef íbúðin tepptist vegna viðgerðar umfram tiltekinn dagafjölda. Á þetta hafi stefndu viljað fallast og hafi af þeirra hálfu verið gert uppkast að samningi eða samkomulagi um viðgerðir og málið í heild, þar sem m. a. hafi verið gert ráð fyrir, að stefnendur áskildu sér rétt til bóta, sem þeir kynnu að eiga tilkall til. Þetta uppkast hefur verið lagt fram í málinu. Ekki hafi stefnendur viljað ganga að þessu, en sent stefndu annað uppkast um sama efni, þar sem stefnendur áskildu sér ekki aðeins rétt til uppgjörs á bótum, heldur og „öðrum auðsæjum og sannanlegum kostnaði". Þetta hafi stefndu ekki viljað fallast á og hafi því ekki orðið af samningum. Stefndi Ólafur Þ. Jónsson hafi látið setja nýtt rör í stað hins bilaða í kjallaragólfinu, en það hafi legið þar í stokk með öðrum heitavatnslögnum hússins. Stefnendur hafi aftur á móti lagt koparrör í sínum eignarhluta og tekið lögn sína úr sambandi við aðrar lagnir í húsinu, þar á meðal úr tengslum við „returlögn", sem notuð hafi verið til að hita sameiginlegt húsrými. Með þessu hafi stefnendur gert heimildarlausa breytingu á sameiginlegri lögn. Loks segir í greinargerð af hálfu stefndu, að bilunin hafi reynst vera undir eldhúsborði í íbúð stefnenda við hliðina á lögn frá eldhúsvaski þeirra. Skemmdir á íbúð stefnenda af vatni hafi verið þær einar, að flísar hafi losnað af eldhúsgólfi, skápbotn í eldhúsborði hafi skemmst og vatn komist í gólfteppið í borðstofu.

Umfangsmiklar aðilja- og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu, og verða þær nú raktar:

Arnbjörn Ólafsson læknir, faðir hinna annarra stefnenda, sagðist hafa ásamt konu sinni komið í nefnda kjallaraíbúð að kvöldi

28. júlí 1971 til þess að vera um tíma í íbúðinni. Þá hafi aðkoman verið þannig, að mikið vatn hafi flotið yfir eldhúsgólfið og þar hafi verið um það bil ökkladjúpt vatn. Öll önnur gólf í íbúðinni hefðu einnig blotnað. Þau hjónin hafi byrjað á því að ausa vatninu af gólfinu og einnig hafi þau reynt að opna glugga, en þeir hafi verið svo þrútnir, að erfitt hafi reynst að opna þá. Þegar þau hafi verið búin að ausa allverulegu magni af vatni og séð, að vatn bullaði upp um mitt eldhúsgólfið, hafi þau kallað á Guðjón B. Baldvinsson og Ólaf Þ. Jónsson, stefndu í málinu, til þess að þeir sæju, hvað hefði skeð þarna. Síðan hafi þau hringt í pípulagningameistarann, Guðmund Ásgeirsson, sem lagt hefði leiðslur í húsið á sínum tíma, og hafi hann komið fljótlega þá um kvöldið. Hafi hann stöðvað vatnslekann með því að skrúfa fyrir krana í þvottahúsinu og hafi komið í ljós, að þessi krani var fyrir heitavatnsleiðslu til rishæðarinnar. Um það, hvar bilunin hafi verið á umræddri leiðslu, sagði Arnbjörn orðrétt: „Á eldhúsgólfinu, ég held mjög nærri miðju eldhúsgólfi, má ég segja, en ég held, að það sé rangt, að það hafi verið undir sökkli, eins og segir í greinargerð stefndu, heldur frammi á gólfi.“ Arnbjörn sagði, að gólfdúkar hefðu verið á öllum gólfunum og hafi þeir allir verið ónýtir. Allar gólfflísar á eldhúsgólfinu hafi verið lausar og teppi, sem verið hafi á hinum gólfunum, hafi öll verið ónýt. Tréverk allt hefði þrútnað mjög, þannig að engin hurð hafi fallið að stöfum eða í fals. Mikið hafi verið skemmt af gufu, bæði málning og annað, myndir á veggjum svo og húsgögn. Enn fremur hafi veggfóður, sem verið hafði á ytri og innri forstofu, gereyðilagst af gufu, þannig að ekki hafi verið hægt að nota það. Málningin á íbúðinni, sem hafi verið ca mánaðargömul, hafi skemmst svo mikið, að nauðsynlegt hafi reynst að mála alla íbúðina. Allir sökklar í skápum hefðu skemmst meira og minna og hurðir í þeim þrútnað svo mikið, að þær hafi ekki gengið í fals. Tréverk hafi verið lakkmálað og hafi málningin gereyðilagst af gufu. Teppið á stofunni og á innri og ytri forstofu hafi verið þar, þegar stefnendur fluttu í íbúðina árið 1965, en ekki sagðist Arnbjörn geta sagt um, hversu gömul teppin hafi verið. Þessi teppi hafi verið ullarteppi, en á hinum herbergjunum tveim hafi verið fyrsta flokks ullarteppi, sem stefnendur hafi látið leggja á árið 1966 eða 1967. Teppið á forstofunni hafi verið farið að slitna dálítið mikið, en stofuteppið hafi verið mjög lítið slitið. Þá sagði Arnbjörn, að gólfflísarnar á eldhúsinu hafi verið um það bil ársgamlar og hafi þær verið settar í stað dúks, er þar hefði verið áður.

Hafi hér verið um að ræða svonefndar vinylgólfflísar. Þá sagði Arnbjörn, að þarna um kvöldið hefðu þau hjónin hreinsað eins mikið til og hægt hafi verið til að forðast frekari skemmdir. Þau hafi m. a. þurrkað upp það, sem mögulegt var, og tekið teppi af gólfum og hent þeim út. Þau hefðu fengið Guðjón B. Baldvinsson og konu hans lykla að íbúðinni, til þess að þau önnuðust viðgerðir, vegna þess að þeim hjónum hefði þótt sýnt, að allir mundu eiga að taka þátt í viðgerðum. Guðjón og kona hans hefðu lofað að sjá til þess, að unnið yrði að viðgerðum, eins og frekast mætti verða, þann 1/2 mánuð, sem þau hjónin yrðu fjarverandi. Arnbjörn sagðist minna, að þarna um kvöldið hefði verið um það rætt, að áðurnefndur Guðmundur Ásgeirsson yrði ráðinn til þess að gera við bilunina, en einnig hefði hann, Arnbjörn, ráðið Guðmund til þess að breyta hitavatnslögn í kjallaraíbúðinni vegna þess, að honum, Arnbirni, hafi þótt sýnt, að þegar eitt rör væri sprungið, þá mundu hin geta verið orðin léleg. Þess vegna hafi hann ekki talið annað hyggilegt en að leggja nýjar leiðslur, þegar þurfti að brjóta upp og breyta á annað borð. Til þessara breytinga á hitavantslögnum í kjallaraíbúðinni hafi hann fengið munnlegt leyfi bæði hjá Guðjóni B. Baldvinssyni og Ólafi Þ. Jónssyni. Breytingin hafi verið unnin samkvæmt samþykktri teikningu viðkomandi byggingaryfirvalda. Ekki sagðist Arnbjörn þora að fullyrða, hvort heitavatnslagnir í kjallaraíbúðinni hafi verið teknar úr tengslum við svonefnda „returlögn" í húsinu, en sagðist þó halda, að svo hefði ekki verið gert. Fyrir viðgerð þá, sem Guðmundur Ásgeirsson hafi framkvæmt í kjallaraíbúðinni, hefði verið greitt að fullu, og ekki sagðist Arnbjörn vita betur en af hálfu stefnenda hafi einnig verið greitt fyrir viðgerðina á hinu bilaða röri, en þar hafi verið um að ræða sáralítinn kostnað, þar sem í mesta lagi hafi verið skipt um 21/2 m af röri. Hins vegar hafi stefnendur séð um allt múrbrot og vinnu við lagfæringar í kjallaraíbúðinni. Þá sagði Arnbjörn, að ekki hefðu verið settir nýir gólfdúkar undir hin nýju teppi, þar sem það hefði haft í för með sér verulegan aukakostnað. Hafi honum og börnum hans fundist sanngjarnt að gera ekki meiri kröfur en að teppin yrðu borguð, þar sem þau hafi fengið ný teppi í staðinn fyrir gömul. Loks sagði Arnbjörn, að ekki hafi verið nein vatnstjónstrygging á kjallaraíbúðinni. Ekki sagðist Arnbirni hafa dottið í hug að fá skoðunarmenn til þess að framkvæma skoðunargerð á aðstæðum í íbúðinni, „vegna þess að ég hélt, að ég ætti við þá drengi, að þeir mundu standa við það, sem þeir sæju og vissu, hvað rétt væri."

Einar Ólafur Arnbjörnsson, háskólanemi og einn eigenda umræddrar kjallaraíbúðar, sagðist hafa verið erlendis, þegar umrætt tjón varð, og ekki komið til landsins fyrr en 20. ágúst 1971. Hafi þá verið búið að brjóta upp og gera eitthvað við í íbúðinni og vegsummerki að mestu leyti afmáð. Hann sagðist hafa búið í íbúðinni bæði fyrir og eftir þann tíma, sem umrædd bilun varð, og honum væri ekki kunnugt um, að bilun hafi orðið á leiðslu í íbúðinni í annað skipti. Hann sagðist hafa unnið bæði við málningu, veggfóðrun og hreinsun á íbúðinni eftir þetta tjón. Hann sagði, að bilunin á leiðslunni hefði verið á eldhúsgólfinu nálægt miðju, en ekki undir borði. Hann sagði, að búið hefði verið að taka teppi af íbúðinni og hefðu þau verið lögð fram í sameiginlegt þvottahús, þar sem þau hefðu legið lengi, en einhver hluti teppanna hefði legið upprúllaður í íbúðinni sjálfri. Teppin hafi verið blaut og rykug eftir múrbrot og eins hafi verið í þeim lím eftir gólfdúkinn, sem undir hafi verið. Þegar fengnar hafi verið upplýsingar um, að ekki mundi vera hægt að gera við teppin, hafi þeim verið hent eftir dálítinn tíma. Um það hafi ekki verið haft samráð við aðra eigendur í íbúðinni og ekki heldur um það, hvernig teppi yrðu keypt í staðinn fyrir þessi.

Ásbjörn Hjörleifur Arnbjörnsson, stúdent og einn eigenda umræddrar kjallaraíbúðar, sagðist hafa komið í íbúðina morguninn eftir að fyrst var tekið eftir lekanum. Lýsti hann aðkomunni í íbúðinni í öllum meginatriðum eins og faðir hans, Arnbjörn Ólafsson, sem fyrstur kom að lekanum ásamt konu sinni, svo sem áður er getið. Hann sagðist hafa búið í íbúðinni, áður en umrætt tjón varð, en honum væri ekki kunnugt um, að bilun hefði orðið á lögnum í þessari íbúð áður. Hann sagðist hafa unnið við lagfæringar á íbúðinni eftir umrætt tjón. Hann hefði málað, lagt flísar, sett á veggfóður og unnið að uppbroti. Hann sagðist telja, að ekki hafi verið unnt að nota teppin á íbúðinni áfram, þar sem þau hefðu verið meira og minna blaut. Að öðru leyti lýsti hann ástandi teppanna á sama veg og bróðir hans, Einar Ólafur. Hann sagði, að teppunum hefði verið fleygt og að ekki hefði verið haft samráð við aðra eigendur í húsinu um það og ekki heldur um, hvernig ný teppi yrðu keypt. Hann sagðist sjálfur hafa málað íbúðina þá fyrr um sumarið, svona um það bil mánuði áður en umrætt tjón varð.

Ólafur Þorkell Jónsson, fulltrúi og eigandi rishæðar umrædds húss, sagði fyrir dómi, að um klukkan 2300 á sunnudagskvöldi síðast í júlí 1971 hafi Guðjón Baldvinsson hringt í hann og beðið hann að koma í kjallara hússins, þar sem þar væri komið vatn í

eldhús íbúðarinnar. Í íbúðinni hafi verið fyrir auk Guðjóns kona hans, hjón, sem hann hefði talið eigendur íbúðarinnar, og Guðmundur Ásgeirsson pípulagningamaður. Hann hafi strax tekið eftir, að flísar hefðu losnað á hluta eldhúsgólfsins, sem hefði verið rennandi blautt. Hafi hann þá strax kannað, hversu víða vatn væri, og hafi komið í ljós, að það hafi hvergi verið nema í eldhúsi og í herbergi inn af því. Á gólfi þess herbergis eins og á gólfum hinna tveggja herbergja íbúðarinnar hafi verið teppi og hafi það svo til allt verið mettað af vatni. Þegar hann hafi komið niður í íbúðina, hafi nefndur Guðmundur verið búinn að loka fyrir allt heitt vatn inn í húsið. Hitakerfi hússins sé þannig, að hver íbúð hafi sérlagnir, nema „returvatn" frá ofnum sé sameiginlegt og notað til upphitunar á sameign. Allar þessar lagnir liggi í einangrun kjallaragólfs. Hann og Guðmundur hafi þegar hafist handa að finna út, hvaða kerfi hússins læki, og þá strax fundið, að kranaleiðsla til eldhúss rishæðar væri líkast til lek. Hafi verið lokað fyrir kranavatn til þeirrar íbúðar, en opnað fyrir öll hitakerfi hússins. Ólafur lýsti því nánar, hvar umrædd bilun hafi orðið. Sagði hann, að eldhúsinnréttingu hagaði þannig, að undir glugga á eldhúsi væri vaskur. Hægra megin við vaskinn lægi platan áfram yfir, en í eldhúsinnréttingunni væri gat, nokkurs konar skápur án hurðar, og næði gatið niður í gólf. Í gólfi þessa gats hafi bilunin verið. Þá sagði Ólafur, að eftir að hafin var lagning nýrra leiðslna í kjallaraíbúðinni, hafi eigendur hinna þriggja íbúða hússins beðið Guðmund Ásgeirsson, sem unnið hafi verkið fyrir kjallaraeigendurna, að endurnýja öll þeirra rör þarna, sem ónýt væru. Hann hafi sagst geta tekið að sér viðgerð á rörum í kvöldvinnu, en ekki uppbrot og frágang. Ekki væri búið að greiða Guðmundi Ásgeirssyni fyrir þessa viðgerð, enda þótt hann væri búinn að biðja Guðmund þrisvar sinnum að koma með reikninginn. Ólafur sagði, að þar sem hann hafi talið húseignina alla hafa vatnstjónstryggingu, hafi hann stungið upp á því við aðilja, að kallað yrði á skoðunarmann strax morguninn eftir, og verið gæti, að tryggingarfélagið hefði viðgerðarmenn. Hafi það verið samþykkt. Áðurnefnd hjón, sem búsett væru í Keflavík, hafi beðið þá Guðjón að sjá um viðgerð og flýta henni eins og hægt væri. Þau hafi sagst vera að fara út á land í frí daginn eftir eða næsta dag og hafa komið við í íbúðinni af hreinni tilviljun. Þau hafi þá beðið Önnu, konu Guðjóns, fyrir lykil að íbúðinni og um klukkan 2330 hafi Guðjón, kona hans og Guðmundur Ásgeirsson farið á brott. Hann hafi þá boðið fyrrnefndum hjónum aðstoð sína við að þrífa eldhús og

herbergi og hafi þau þegið það. Hafi þau borið húsgögn úr nefndu herbergi yfir í stofu íbúðarinnar. Hann hafi lagt til, að þau tækju blauta teppið út um glugga út á túnblett. Teppið hafi allt verið laust í líminu og hafi komið af gólfinu í mörgum bútum. Hins vegar hafi dúkur, sem undir teppinu var, hvergi verið laus. Sjáanlegt hafi verið, að vatnið hafi komist undir þröskuld á dyrum milli eldhúss og herbergisins. Síðan hafi vatni verið sópað saman og ausið í fötu og gólfin þurrkuð með tusku. Þessu hafi verið lokið um klukkan 2400. Strax morguninn eftir hafi hann haft samband við Brunabótafélag Íslands og tilkynnt bilunina. Óskar Þorvarðsson skoðunarmaður hafi síðan komið fyrir hádegi daginn eftir. Fyrr um morguninn hafi hins vegar Guðjón Baldvinsson fengið son sinn, Hilmar, til að brjóta gat á pússninguna á eldhúsgólfinu og hafi þá strax fundist 4 samliggjandi rör, öll tærð eða ryðguð. Hafi rörin verið skemmd, þar sem þau voru nálægt útvegg og beygðu upp í vegginn. Öll rörin hafi verið í mjög líku ástandi og tilviljun ein hafi ráðið því, hvert þeirra lak fyrst. Nefndur skoðunarmaður hafi skoðað öll vegsummerki og sagst koma aftur eftir hádegi með pípulagningamann og leita álits hans. Hann hafi síðan komið með Elvar Bjarnason pípulagningamann. Elvar hafi þá talið, að brjóta þyrfti nokkur göt á gólfið í íbúðinni til að sjá, hvort einangrun í gólfinu væri blaut. Til þess að það væri hægt, hafi þurft að taka teppi af stofugólfi. Um kvöldmatarleytið hafi Guðjón Baldvinsson hringt til Keflavíkur og tjáð aðiljum þar málavöxtu og að ósk þeirra hafi hann og Guðjón flutt til húsgögn í stofunni, til þess að hægt væri þá strax um kvöldið að rúlla upp teppi, sem á gólfinu var. Stuttu síðar hafi Elvar og Óskar komið á staðinn og hafi Elvar brotið 4 göt á gólf íbúðarinnar, eitt í herbergi, tvö í stofu og eitt í innra gangi. Að skoðun á einangruninni lokinni hafi Elvar talið, að skipta þyrfti um öll rör í kjallaragólfinu, því einangrun væri það blaut. Ef gert væri aðeins við þessi 4 ónýtu rör og gólfinu síðan lokað, mundu rörin tærast fljótlega vegna rakans, sem væri í einangruninni. Vegna þessarar niðurstöðu Elvars hafi Guðjón Baldvinsson leitað álits Bárðar Daníelssonar verkfræðings, þar sem hann hefði á sínum tíma teiknað hitalagnir hússins, og hafi Bárður talið, að skipta þyrfti um allar lagnir. Ólafur sagðist þá hafa reynt að ná símasambandi við nefnda aðilja í Keflavík til að segja þeim málsatvik, en enginn hafi svarað og þess vegna hafi hann talið þau hjón vera farin í áðurnefnt ferðalag. Þá hafi hann og Guðjón beðið Elvar Bjarnason að taka að sér umrætt verk. Hafi hann sagst hafa mannskap til uppbrots

mjög fljótlega, en röravinnu gæti hann ekki hafið sökum anna fyrr en eftir ca. 3 vikur, en það kæmi varla að sök, þar sem einangrun í gólfinu þyrfti 3—4 vikur að þorna, áður en ný rör yrðu lögð í gólfið. Hafi þeir Guðjón þá tekið tilboði Elvars. Ólafur tók fram, að yfir sumarmánuðina hefði aldrei verið búið í kjallaraíbúðinni í tíð eigenda hennar á þessum tíma, heldur aðeins á tímabilinu frá október og fram í júní. Ólafur sagðist hafa farið ásamt fjölskyldu sinni norður í land laugardaginn 7. ágúst og komið aftur til Reykjavíkur sunnudagskvöldið 15. ágúst. Hafi þá Guðjón Baldvinsson strax haft samband við hann og sagt honum, að þegar Elvar Bjarnason hafi komið í vikunni sem leið og hafi ætlað að hefja uppbrotið, hafi aðiljar í kjallara verið búnir að taka lykilinn og sagt við móttöku hans, að það færi enginn frá okkur inn í íbúðina til uppbrots. Jafnframt hafi Guðjón sagt honum, að búið væri að brjóta raufar í veggi í sameign í kjallara og í kjallaraíbúðinni fyrir nýrri lögn fyrir kjallaraíbúðina. Með þeim hafi þá orðið samkomulag, að Ólafur hringdi í aðilja í Keflavík og bæði þá að koma til viðræðna daginn eftir. Tók Ólafur fram, að ekki hafi verið leitað leyfis hjá honum eða frú Soffíu Björnsdóttur vegna uppbrots á sameign eða breytinga á sameiginlegum lögnum og ættu þau þó yfir 50% af húseigninni. Mánudagskvöldið 16. ágúst hafi nefndir aðiljar úr Keflavík, Arnbjörn Ólafsson, kona hans, sonur og dóttir, komið frá Keflavík og hitt hina eigendur hússins í kjallaraíbúðinni. Hafi Arnbjörn Ólafsson sagt með þjósti miklum hinum eigendum hússins, að hann hefði ákveðið að leggja nýja lögn í kjallaraíbúðina og skyldu þeir gera slíkt hið sama. Það yrði ekkert brotið í kjallaragólfið, gömlu rörin okkar mættu vera þar, en við leggðum bara nýjar lagnir inn í hverja íbúð fyrir sig, eins og hann væri að láta gera. Við þetta hefðu hinir eigendur hússins ekki viljað una og leitað til lögfræðings. Ólafur sagði, að þegar hann hefði komið niður í kjallaraíbúðina, fyrst eftir að umræddS leka varð vart, hafi engin gufa verið í íbúðinni, málning hafi ekki verið skemmd og ekki heldur veggfóður. Ólafur sagðist ekki geta fullyrt um, hvort hurðir hafi verið þrútnar, en ekki gæti hann borið á móti því, að hurð á milli stofu og herbergis við hlið eldhúss hafi tekið í, þegar hann hafi reynt að loka henni, en ekki vissi hann, hvort það væri af völdum vatns, því að vatn hefði ekki verið nálægt henni. Hurðin hafi aðeins verið stíf í. Ólafur sagði, að ekkert samband hafi verið haft við hann um þær lagfæringar, sem gerðar hefðu verið á kjallaraíbúðinni eftir umræddan leka, þ. e. um málningu og teppa-

lagningu á íbúðinni. Rétt væri, að breyting á lögnum í kjallaraíbúðinni hefði haft í för með sér, að sú lögn hafi verið tekin úr sambandi við aðrar lagnir í húsinu og þar á meðal „returlögn". Ekki hafi verið leitað leyfis af hálfu eigenda kjallaraíbúðarinnar til þess að breyta þessari lögn. Undir Ólaf var borin eftirfarandi setning í bréfi lögmanns stefnenda til lögmanns stefndu, dags. 12. október 1971: „Farið var með reikninga til Ólafs og Soffíu 8. september s.l. Reikningarnir voru kynntir þeim, og fengu þau vikufrest til að athuga málið. Ekkert svar fékkst að þeim tíma liðnum." Ólafur sagðist ekki kannast við, að honum hafi verið kynntir reikningar. Vafalaust sé þó þarna um rétta dagsetningu að ræða, en þetta umrædda kvöld hafi tveir synir Arnbjörns Ólafssonar komið til hans með einhver blöð í höndunum og spurt hann að því, hvort hann teldi sig bótaskyldan af því tjóni, sem orðið hefði í kjallaranum. Ólafur sagðist hafa talið sig það að vissu marki og þá hafi þeir sagt honum, að þeir væru með reikninga og ætti hann að greiða af þeim, að hann minnti eitthvað um kr. 30.000.00. Þar sem Guðjón Baldvinsson hafi þá verið erlendis, hafi hann spurt synina að því, hvort þeir gætu ekki beðið með þessa reikninga, þangað til Guðjón væri kominn, en hann væri væntanlegur innan fárra daga. Ekki sagðist Ólafur neitt hafa litið á reikningana, enda hafi þeir heldur ekki boðið honum að hafa þá eftir. Loks sagði Ólafur, að hann hefði keypt risíbúð sína í umræddu húsi seinni part sumars árið 1956. Íbúðin hafi við kaupin verið fokheld, en auk þess hafi allar vatnslagnir verið fullfrágengnar, bæði fyrir heitt og kalt vatn. Miðstöðvarlagnir hefðu verið komnar og ofnar tengdir. Hafi þetta raunar átt við um allt húsið, þar á meðal kjallaraíbúðina. Sagðist Ólafur ekki vita til þess, að neinar breytingar hefðu verið gerðar á nefndum lögnum, þangað til þeir atburðir hafi orðið, sem mál þetta væri risið af. Tók Ólafur fram, að í kjallaraíbúðinni hafi verið búið að ganga frá röralögnum í gólfi, þegar hann hafi keypt sína íbúð, og þess vegna gæti hann ekki borið um, hvernig einangrunin sé í sökkli íbúðarinnar.

Guðjón B. Baldvinsson, skrifstofumaður og eigandi 1. hæðar umrædds húss, sagði, að um kvöldið, er Arnbjörn Ólafsson og kona hans komu að umræddum vatnsleka í kjallaraíbúðinni, hefðu þau kallað á hann niður. Hann hafi bent Arnbirni á að hringja í Guðmund Ásgeirsson pípulagningameistara og hafi hann mætt á staðnum. Guðjón sagðist hafa séð vatn á eldhúsgólfi íbúðarinnar, en ekki annars staðar í íbúðinni. Nokkrar flísar hafi verið losnaðar og „vatn bullaði svona upp" og svo hafi virst sem ekki hafi verið

leki þarna lengi, því þá hefði vatn verið komið víðar um íbúðina. Hann sagðist vita, að vatn hefði komist inn í borðstofuna og þar hafi teppaafgangar, sem þar hafi verið látnir, verið rakir. Hann sagðist ekki hafa tekið eftir því, að málning væri skemmd á íbúðinni og ekki heldur veggfóður, enda hefði ekkert veggfóður verið í eldhúsinu. Ekki hafi hann heldur tekið eftir því, að hurðir væru þrútnar. Guðjón kannaðist við, að Arnbjörn Ólafsson og synir hans hefðu sagt honum, að reikningar væru til fyrir viðgerð á skemmdum á kjallaraíbúðinni. Hann sagðist ekki hafa neitað að greiða, en vísað til þess, að hann hefði húseigendatryggingu, og teldi, að það tjón, sem honum bæri að greiða, mundi verða greitt af tryggingarfélaginu. Það hefði kannski verið vankunnátta hans, en hann hefði gert ráð fyrir því, þar sem umboðsmaður félagsins hefði mætt á staðnum, að það mundi vera hægt að ná einhverju samkomulagi um það, hverju þær skemmdir næmu, sem væru bótaskyldar. Guðjón sagðist ekki hafa gengið um alla íbúðina og skoðað hana, t. d. hafi hann alls ekki farið í forstofuherbergið, sem sé með sérinngangi úr fremri forstofu. Hins vegar hafi hann gengið þurrum fótum alla leið að eldhúsþröskuldi. Hann sagði, að þegar hann og Ólafur hefðu farið inn í stofuna og undið upp teppi, hafi það verið þurrt og ekki neinn raka að finna. Að öðru leyti staðfesti Guðjón framburð Ólafs Þ. Jónssonar í öllum atriðum, er máli skipta.

Guðmundur Ásgeirsson pípulagningamaður sagðist hafa komið í umrædda kjallaraíbúð að beiðni Arnbjörns Ólafssonar. Þá hafi verið mikið vatn í eldhúsinu, þannig að varla hafi verið hægt að fara þar um á venjulegum stígvélaskóm og ástandið hafi verið nokkurn veginn eins í hornherberginu, sem muni eiga að heita borðstofa. Einnig hafi nokkurt vatn farið inn í stofuna, aðalherbergið. Vatnið hafi sigið inn á gólfið undir þröskuldinn. Síðar í yfirheyrslunni sagðist vitnið þó ekki muna, hvort vatn hefði verið í borðstofuherberginu, og ekki heldur, hvort vatn hefði verið í gangi eða í anddyri. Sömuleiðis sagðist vitnið ekki nákvæmlega geta sagt um, hve langt inn fyrir þröskuldinn í dagstofuna bleyta hefði verið. Vitnið sagðist ekki minnast þess, að gufa hefði verið í íbúðinni, og ekki hafa tekið eftir því, hvort málning hefði verið skemmd af bleytu. Ekki sagðist vitnið heldur hafa athugað, hvort veggfóður hefði skemmst. Vitnið sagði, að við athugun hefði komið í ljós, að lekinn stafaði frá leiðslu fyrir neysluvatn til efstu hæðarinnar, þ. e. rishæðarinnar. Önnur neysluvatnsrör hefðu verið við hliðina á þessu röri og hafi þau öll verið orðin mikið skemmd. Vitnið sagði, að lekinn hefði komið upp rúmum metra inn á eld-

húsgólfinu í nokkurn veginn beina stefnu frá vaskborðinu, þ. e. a. s. syðri enda þess. Vitnið sagðist halda, að alveg útilokað væri að segja til um orsök lekans. Hann hefði verið á miðri pípu, ekki á samskeytum, en algengt væri, að bilanir kæmu á tengistykki. Öll rörin hefðu verið kolryðguð og einungis tilviljun, hvert þeirra hefði fyrst gefið sig. Leiðslurnar ryðguðu utan frá af einhverjum raka eða bleytu, sem væri í gólfi, en hvernig rakinn eða bleytan bærist þangað, vissi hann ekki nákvæmlega. Þessi leiðsla hefði ryðgað, þangað til gat hefði komið á hana og farið að leka. Vafalaust hafi lekinn í fyrstu verið lítill, en hafi aukist smám saman og vatnið síast með pípum vítt og breytt um húsið og svo hafi endað með því, að gatið á leiðslunni hafi stækkað það mikið, að það hafi farið að flóðleka. Vitnið sagði, að í húsinu hefði verið aðskilin kranavatnslögn og kerfi öll aðskilin, þannig að hver hefði haft sinn hitamæli frá hitaveitu. Að beiðni eigenda kjallaraíbúðarinnar hefði hann lagt nýja hitalögn fyrir kjallaraíbúðina ásamt sérheitavatnslögn. Þá hafi hann gert við skemmdu rörin í eldhúsgólfinu fyrir eigendur hinna þriggja íbúðanna. Hafi viðgerðin verið fólgin í því að endurnýja umrædd rör á því svæði, þar sem þau voru skemmd, þ. e. a. s. þar sem lekinn var. Fyrir þessa síðastnefndu viðgerð sagðist vitnið ekki vera búið að fá greitt. Vitnið sagðist hafa lagt leiðslur á sínum tíma í húsið. Vitnið sagði, að nauðsynlegt væri að láta einangrun þorna, áður en ný rör væru lögð í gólf, en hvað það tæki lagan tíma, væri ekki hægt að gefa neina almenna reglu um. Vitnið sagði, að misskilningur væri, að svonefnd „returlögn" hafi verið tekin úr tengslum. Hins vegar rynni frárennslisvatn hitakerfis kjallara ekki lengur í sama farveg og áður, vegna þess að „returlögn" í húsinu sé sameiginleg fyrir kerfin. Þar sem ofnarnir í kjallaranum hafi verið teknir úr tengslum við sjálft hitakerfi hússins, þá hafi það náttúrulega farið úr sambandi við „returlögnina". Þess vegna fari nú frágangsvatn ofnanna í kjallaranum beina leið út í skolpleiðslu.

Elvar Bjarnason pípulagningameistari sagði, að matsmaður hjá Brunabótafélagi Íslands hefði hringt í sig og beðið sig að fara með sér í umrædda kjallaraíbúð og líta á aðstæður. Hann sagðist muna, að búið hafi verið að særa þarna í gólfið í eldhúsi og þeir hafi brotið þar meira frá. Einnig hafi þeir brotið í öðrum herbergjum, að hann minnti á ganginum og inni í stofu. Hann sagðist halda, að hann hefði komið í öll herbergi kjallaraíbúðarinnar. Ekki sagðist hann minnast þess, að vatn hefði verið á gólfi í herbergjunum, en hins vegar hafi verið greinilegur raki í öllu ganggólfinu. Þá

hafi hann séð rakaskemmdir á málningu í eldhúsi, rakablett á ganginum og í stofuhorni, að hann sagðist halda. Þessir rakablettir hafi virst nýir. Elvar sagði, að hann hefði gefið álit sitt á aðstæðum öllum í kjallaranum, en matsmaður áðurnefnds tryggingarfélags, Óskar Þorvarðsson, hefði gengið frá skriflegri skýrslu, sem hann hefði síðar séð. Að lokum sagði Elvar, að þegar hann hafi ætlað að koma í umræddu kjallaraíbúð til þess að hefja uppbrot þar á staðnum, hafi honum verið meinuð innganga í kjallarann.

Óskar Þorvarðsson, húsgagnasmiður og matsmaður, sagði, að samkvæmt beiðni Brunabótafélags Íslands hafi hann skoðað umrædda kjallaraíbúð. Viðstaddir skoðunina hafi verið eigandi þriðju hæðar hússins og muni það vera Ólafur Þ. Jónsson. Hann sagðist hafa gengið um alla íbúðina. Hann sagðist einungis hafa séð bleytu á gólfi í eldhúsi íbúðarinnar. Hann sagðist halda, að búið hafi verið að taka teppi af borðstofu, þegar hann kom í íbúðina. Hann taldi alveg víst, að ekki hefði verið bleyta í teppum á fremra herbergi og dagstofu. Hann sagðist minna, að svo hafi litið út í herbergi inn af eldhúsi eins og veggurinn þar hefði drukkið í sig vatn. Óskar staðfesti í réttinum svohljóðandi vottorð, sem dags. er 18. október 1971: „Mánudaginn 28. júlí 1971 fór ég undirritaður að beiðni Brunabótafélags Íslands að Hagamel 27, Reykjavík, til að skoða vatnstjón, sem þar var í kjallara hússins. Tjón var sýnilega á flísum á eldhúsgólfi og skápbotni eldhúsborðs, einnig komst vatn í gólfteppi í borðstofu. Annað tjón var ekki sjáanlegt við skjóta yfirsýn.“ Óskar sagði, að vottorð þetta hefði verið samið daginn, sem það væri dagsett. Hann sagði, að vottorð þetta hefði verið gefið að beiðni Ólafs Þ. Jónssonar eins. Hann sagðist hafa komið með pípulagningamanninn Elvar Bjarnason að beiðni Brunabótafélags Íslands, en ástæðan muni hafa verið sú, að ef til viðgerðar kæmi, þá hafi verið meiningin, að Elvar sæi um hana. Óskar sagði, að hann hefði komið oftar en einu sinni í kjallaraíbúðina, sennilega þrisvar sinnum.

Hilmar Guðjónsson verkstjóri sagðist sennilega hafa komið í umrædda kjallaraíbúð daginn eftir að fyrst varð vart við umræddan vatnsleka, að beiðni móður sinnar, Önnu Guðmundsdóttur, eiginkonu stefnda Guðjóns B. Baldvinssonar. Hann sagði, að aðkoman í íbúðina hafi verið þannig, að búið hafi verið að taka gólfflísar af eldhúsgólfi, þar sem vatn hafi komið inn. Ekkert vatn hafi hann séð í íbúðinni. Hann hafi ekki séð, að málning eða veggfóður væri skemmt í íbúðinni og ekki heldur blaut teppi í henni eða

utan hennar. Ekki hafi hann séð, að hurðir væru þrútnar. Hann sagði, að foreldrar sínir hefðu beðið hann að finna út, hvar lekinn hefði komið upp, og hafi hann reynst vera á vatnsleiðslum, sem lágu undir eldhúsborðinu út við útvegg, þar sem leiðslurnar byrja að ganga upp á hæðirnar. Þar hafi verið tæring á rörum. Hann sagðist hafa gert tvö göt á eldhúsgólfið fyrir framan innréttinguna.

Af tilefni frá dómara lýsti lögmaður stefndu því yfir, að hann teldi ekki ástæðu til þess, að Soffía Björnsdóttir kæmi fyrir dóm, þar sem honum væri ekki kunnugt um, að hún hafi haft bein afskipti af þessu máli eða komið á staðinn.

Aðiljar málsins voru samprófaðir fyrir dómi.

Bréfaskipti hafa farið fram milli lögmanna aðilja í máli þessu út af ágreiningsefninu. Enn fremur liggja frammi í málinu samkomulagsdrög milli aðilja málsins um lausn þess, en samningar tókust ekki. Dómurinn hefur farið á vettvang og skoðað aðstæður. Er búið að bæta úr afleiðingum vatnslekans, sem stefnendur krefjast fébóta fyrir í máli þessu, enda eru dómkröfur þeirra raunar byggðar á reikningum yfir þær úrbætur.

Stefnendur í málinu hafa selt íbúð sína í kjallara umrædds húss, og er afsal til hinna nýju eigenda þinglesið 27. september s.l. Hinir nýju eigendur urðu varir við raka í íbúðinni, og fór fram matsgerð af því tilefni. Skoðuðu matsmenn íbúðina 24. september s.l. og 7. október s.l. Afrit þessarar matsgerðar hefur verið lagt fram í málinu. Rétt þykir að taka hér upp hluta úr nefndri matsgerð. Þar segir m. a. orðrétt: „Kjallaragólf íbúðarinnar er einangrað með vikri, eins og algengt var á þeim árum, er íbúðin var byggð, en síðan pússað ofan á. Ekki leikur vafi á, að þegar vatn flæddi um íbúðina, hefir einangrun gólfsins orðið gegnsósa af vatni, en sem kunnugt er drekkur vikur mjög mikið vatn í sig og heldur lengi í sér. Þar eð aðeins liðu nokkrar vikur, frá því er vatnstjónið varð og þar til ný teppi voru sett á gólfin, er skýring rakans án efa sú, að ekki hafi verið nægilega gætt að þurrka gólf íbúðarinnar eftir óhappið. Til að ganga úr skugga um, hvort þessi tilgáta væri rétt, framkvæmdu matsmenn þann 7. október allítarlega skoðun á íbúðinni og brutu m. a. göt á gólfið á þremur stöðum.

Þeir staðir, sem valdir voru, voru þessir:

1) NA-herbergi um 1 m frá N-vegg og um 55 cm frá A-vegg. Niðurstöður: Mikill raki í vikureinangrun.

2) SA-herbergi um 80 cm frá eldhúsvegg undir A-glugga, rétt við útvegg. Niðurstaða: Mikill raki í vikureinangrun.
3) Dagstofa nærri svefnherbergisdyrum um 1 m frá útvegg. Niðurstöður: Raka verður ekki vart."

Enn fremur segir orðrétt í nefndri matsgerð: „Matsmenn hafa einnig kannað, hvort verið gæti, að vatn hefði komist í íbúðina með öðrum hætti. Var í því skyni í það ráðist að grafa tvær rúmlega eins meters djúpar holur í jarðveginn við útveggi íbúðarinnar. Önnur holan var við A-gafl nærri glugga um þrjá metra frá S-horni. Hin holan var við stofuglugga á suðurhlið. Efni það, sem upp var grafið, var allmoldarkennt, en þó sandborið nokkuð. Veggurinn hefir verið bikaður, og er ekki að sjá, að vatn hafi safnast að veggnum. Hins vegar komu matsmenn auga á sprungur út frá neðanverðu V-horni beggja glugganna á suðurhlið íbúðarinnar. Sprungur liggja niður og hverfa undir jarðveginn, og má ætla, að um þær geti lekið.

Loks er á það að benda, að lekið hefir um glugga á a. m. k. tveimur stöðum, eins og fyrr er greint frá."

III.

Kröfur af hálfu stefnenda eru studdar þeim rökum, að tjón það, sem orðið hafi á umræddri íbúð, sé tvímælalaust sameiginlegt fyrir alla eigendur hússins, bæði eðli máls samkvæmt svo og samkvæmt lögum nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa, svo og sem 13. gr. laganna. Við munnlegan málflutning hreyfði lögmaður stefnenda þeirri málsástæðu, að hann byggði bótakröfur sínar á hendur stefndu Ólafi og Guðjóni á því, að Ólafur hafi í framburði fyrir rétti viðurkennt bótaskyldu sína og Guðjón í sínum framburði ekki neitað greiðsluskyldu sinni á reikningum vegna umrædds tjóns.

Sýknukröfur sínar styðja stefndu þeim rökum, að enginn þeirra eigi sök á umræddri bilun. Enginn þeirra verði því dæmdur bótaskyldur á þeim forsendum, að um sök sé að ræða. Hin bilaða leiðsla hafi ekki verið sameiginleg. Hún hafi tilheyrt rishæð hússins og hafi legið samhliða öðrum pípum fyrir heitt vatn. Tilviljun ein hafi ráðið því, að leiðsla þessa stefnda hafi bilað. Raki hafi komist í pípustokkinn, en óupplýst sé, með hverjum hætti það hafi orðið. Ekki verði bótaskylda heldur byggð á 13. gr. laga nr. 19/1959. Þessi lagagrein eigi við sameiginlegar leiðslur og geti því ekki átt við hina biluðu pípu, sem ekki sé sameiginleg. Að því leyti sem lagagreinin eigi við leiðslur, sem ekki séu sameiginleg-

ar, geri hún ráð fyrir bótum fyrir rask, sem hljótist af viðgerð, en ekki, að bættar séu skemmdir, sem séu afleiðingar af biluninni. Af því leiði, að stefnendur geti ekki krafist bóta fyrir vatnstjón, sem kunni að hafa orðið í eignarhluta þeirra.

Af hálfu stefnenda sé því haldið fram, að þeir eigi bótarétt „eðli málsins samkvæmt". Þessari staðhæfingu sé einnig mótmælt sem rangri. Eðli málsins samkvæmt sé bótaréttur fyrir hendi, ef sök sé fyrir hendi. Hlutlægur bótaréttur sé ekki í samræmi við íslenskar lagareglur og því ekki í samræmi við eðli málsins. Húsið nr. 27 við Hagamel sé byggt á sama hátt og fjölmörg hús hér í borginni að því leyti, að vatnslagnir frá og að séreignarhlutum liggi að nokkru leyti um aðra séreignarhluta. Eigendur taki allir á sig þá áhættu, að eitthvað geti bilað af lögnum annarra eigenda án þess að geta búist við því að eiga fébótakröfur á meðeigendur sína.

Loks er því mótmælt af hálfu stefndu, að bótaskylda hafi verið viðurkennd í málinu, og við munnlegan málflutning mótmælti umboðsmaður stefndu málsástæðum stefnenda að þessu leyti sem of seint fram komnum.

Varakröfur af hálfu stefndu um lækkun á stefnukröfum eru studdar þeim rökum, að framlagðir reikningar séu stefndu að verulegu leyti óviðkomandi, jafnvel þótt gengið væri út frá objektivri ábyrgð, og þess vegna sé reikningunum mótmælt sem slíkum, en einnig sem of háum og að hluta ófullnægjandi, þar sem þeir beri ekki með sér, hverjir hafi unnið verkin.

Af hálfu stefnenda hafa verið lagðir fram í málinu reikningar yfir teppi, gólfflísar og lagningu þeirra, yfir málningarvörur og vegna málningarvinnu, yfir veggfóður og vinnu við lagningu þess, yfir vinnu við hreingerningu o. fl. Samkvæmt þessum reikningum hafi viðgerðarkostnaðurinn samtals numið kr. 122.645.60.

Er stefnukrafan sundurliðuð þannig í innheimtubréfi:

1.	Greitt fyrir teppi og lagningu þess	kr. 72.247.00
2.	Greitt vegna gólfflísa	— 6.503.00
3.	Vinna við lagningu gólfflísa	— 4.019.40
4.	Málningarvörur	— 7.266.00
5.	Vinna við málningu	— 18.844.20
6.	Greitt fyrir veggfóður	— 3.935.00
7.	Vinna við lagningu veggfóðurs	— 3.688.80
8.	Annar kostnaður	— 6.142.20
	Samtals	kr. 122.645.60

Auk þess er af hálfu stefnenda gerð krafa um bætur fyrir óþægindi og afnotamissi vegna viðgerðar á kjallaraíbúðinni, kr. 50.000.00. Af samanlögðum þessum tveim fjárhæðum gera stefnendur kröfu til 73% (sic), og er þá stefnufjárhæðin, kr. 126.031.00, fengin, en eignarhluti stefnenda í allri fasteigninni er talinn 17%.

IV.

Svo sem áður er getið, er húseignin Hagamelur 27 kjallaraíbúð, tvær hæðir og risíbúð. Bygging hússins mun hafa byrjað árið 1955. Leigulóðarsamningur er dagsettur 1. janúar 1955. Þinglýstar eignarheimildir stefndu Guðjóns B. Baldvinssonar og Ólafs Þ. Jónssonar að íbúðum þeirra eru frá 24. janúar 1957, en stefndu Soffíu Björnsdóttur frá 15. nóvember 1971. Þinglýst eignarheimild stefnenda að kjallaraíbúðinni er frá 9. september 1965, en eigendaskipti hafa orðið að þeirri íbúð, svo sem að framan er getið.

Umrædd kjallaraíbúð er 3 herbergi, eldhús, baðherbergi og ytri og innri forstofa. Tvöfalt gler er nú í gluggum íbúðarinnar. Íbúðin er niðurgrafin, og er yfirborð gólfs um 60—70 cm undir jörð. Samkvæmt upplýsingum skrifstofu byggingarfulltrúa í Reykjavík er húsnæðið samþykkt af byggingaryfirvöldum sem íbúð.

Þrátt fyrir tilefni af hálfu dómara hafa ekki verið lagðar fram teikningar af lögnum fyrir heitt neysluvatn til íbúðanna í húsinu. Óumdeilt er, að vitnið Guðmundur Ásgeirsson pípulagningameistari hafi lagt pípurnar á sínum tíma. Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist mega ganga út frá því, að umræddar fjórar neysluvatnspípur liggi í vikureinangrun kjallaragólfs frá inntaki til eldhúss íbúðarinnar og þaðan upp á hinar efri hæðir, en eldhús íbúðanna eru hvert upp af öðru í húsinu.

Bótakröfu sína á hendur stefnda Ólafi Þ. Jónssyni byggja stefnendur sérstaklega á því, að hann hafi viðurkennt bótaskyldu sína, gagnvart stefnda Guðjóni B. Baldvinssyni á því, að hann hafi ekki neitað greiðsluskyldu að sínum hluta á reikningum fyrir úrbætur á tjóni því, sem um er fjallað í málinu. Málsástæða þessi kom fram af hálfu stefnenda í munnlegum flutningi málsins, og var henni af umboðsmanni stefndu mótmælt sem of seint fram kominni. Málsástæðu þessa byggja stefnendur á ummælum, er fram komu við aðiljayfirheyrslur yfir þessum stefndu. Að svo vöxnu verður hún eigi talin of seint fram komin í málinu. Hins vegar verða ummæli þessi, svo sem þau eru rakin í málavaxtalýsingu dóms þessa, ekki skilin svo, að með þeim hafi þessir stefndu fellt á sig bótaábyrgð.

Óumdeilt er, að vatn það, sem kom upp um eldhúsgólf kjallara-

íbúðarinnar, stafaði af því, að bilað hafði pípa fyrir heitt neysluvatn til rishæðar hússins. Um orsakir þeirrar bilunar liggur einungis fyrir í málinu sú tilgáta vitnisins Guðmundar Ásgeirssonar, að umrædd pípa hafi ryðgað utan frá „af einhverjum raka eða bleytu, sem væri í gólfi, en hvernig rakinn eða bleytan bærist þangað, vissi hann ekki nákvæmlega. Þessi leiðsla hefði ryðgað, þangað til gat hefði komið á hana og farið að leka.“ Engin sérfræðileg rannsókn, eins og t. d. skoðunar- og matsgerð, hefur farið fram á því, hver orsök þess var, að umrædd pípa bilaði, og var þó stefnendum í lófa lagið að afla slíks álits. Vegna skorts á upplýsingum um þetta meginatriði er eigi unnt að leggja efnisdóm á málið, eins og það liggur fyrir hér fyrir dómi. Verður því eigi hjá því komist að vísa málinu ex officio frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Guðna Þórðarsyni tæknifræðingi og Guðjóni Júlíussyni pípulagningameistara.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. febrúar 1974.

Nr. 20/1973: **Sveitarsjóður Mosfellshrepps**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Hjálmari Helgasyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Byggingarsamþykkt. Brottflutningur húss. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. janúar 1973. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á kröfum hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 12. mars 1973.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið áfrýjað af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, m. a. afsal til stefnda fyrir landspildu úr Hraðastaðalandi, dagsett 10. júní 1965. Ber afsalið með sér, að það hefur verið sýnt sveitarstjóra Mosfellshrepps og því síðan þinglýst athugasemdalaust 21. júní 1965.

Með auglýsingu nr. 120/1960 var ákveðið, að lög nr. 55/1921 skyldu taka til byggingarlóða í Mosfellssveit. Samkvæmt því gilda nú um þetta efni skipulagslög nr. 19/1964, er námu áðurnefnd lög úr gildi. Byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp nr. 125/1960 var ekki felld úr gildi með byggingarsamþykkt Kjósarsýslu nr. 218/1961, sbr. 1. gr. hennar, svo og 1. gr. laga nr. 108/1945. Í nefndri byggingarsamþykkt hrepps-

ins, sem gilti á árinu 1967, segir, að ekki megi reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins, nema samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar komi til.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, flutti stefndi skúr þann, sem í málinu greinir, á landspildu sína hinn 10. maí 1967 án þess að afla leyfis byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Skúr þessi verður með hliðsjón af stærð, gerð og verðmæti að teljast þess konar bygging, að 6. gr. skipulagslaga og 4. gr. 1 a byggingarsamþykktar hreppsins taki til hans, þótt ekki væri búið að festa hann á grunn. Var flutningur skúrsins inn á land stefnda brot á framangreindum ákvæðum. Þegar stefndi sinnti ekki ítrekuðum áskorunum um að fjarlægja skúrinn, bar byggingarnefnd og sveitarstjórn samkvæmt 6. gr. skipulagslaga og 38. gr. byggingarsamþykktar, sbr. auglýsingu nr. 97/1948, að krefjast dómsúrskurðar um niðurrif eða brottnám skúrsins. Þetta var eigi gert, heldur fól sveitarstjóri byggingarfulltrúa að flytja skúrinn brott af landinu. Var hann fluttur á öskuhauga hreppsins. Í þeim flutningum brotnaði hann og eyðilagðist skömmu síðar af eldi af ástæðum, sem ekki eru kunnar. Verður að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að flutningur þessi án undangengis dómsúrskurðar hafi verið andstæður lögum, enda verður ekki séð, að brýnir almenningshagsmunir hafi valdið því, að brottflutningur væri knýjandi.

Svo sem til tókst um flutning skúrs þess, sem í málinu greinir og að framan er lýst, þykir sveitarsjóður Mosfellshrepps bera bótaábyrgð gagnvart stefnda vegna þess, að skúrinn eyðilagðist. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til, að því er varðar áfrýjanda. Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjanda, sveitarsjóð Mosfellshrepps.

Áfrýjandi greiði stefnda, Hjálmari Helgasyni, kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. júní 1972.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. júní s.l., hefur Hjálmar Helgason, Hofsvallagötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 28. október 1971 og 2. nóvember 1971, á hendur Hrólfi Ingólfssyni sveitarstjóra f. h. sveitarsjóðs Mosfellshrepps, Hlégarði, og Halldóri E. Sigurðssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 32.065.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 25. júlí 1967 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þann veg, að hann krafðist 7% ársvaxta af höfuðstól stefnukröfunnar frá 4. nóvember 1967 til greiðsludags.

Af hálfu stefnda Mosfellshrepps hefur verið sótt þing, og voru þær kröfur endanlega gerðar, að hreppurinn yrði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að mati dómara. Til vara var þess krafist, að stefnukrafan yrði verulega lækkuð og ekki dæmd hærri en kr. 10.000.00. Þá var vaxtakröfu mótmælt sérstaklega og því haldið fram, að ekki mætti dæma vexti frá fyrri tíma en stefnudegi, þar sem innheimtubréf hafi ekki verið sent.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að ríkissjóður verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sátt var reynd í málinu, en án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1967 keypti stefnandi af Sveinbirni Sigurðssyni, Safamýri 73, Reykjavík, vinnuskúr, sem sam-

kvæmt staðfestri lýsingu Sveinbjarnar, dags. 19. desember 1968, var þannig:

„Stæð: 4 m x 6 m x 2.50. Gólf- og loftbitar úr 2" x 6". Grind úr 2" x 4". Loft og veggir klætt með 1" x 6" að utan. Veggir pappaklæddir að utan og þak járnklætt. Veggir klæddir með trétexi að innan. Veggir, loft og gólf einangrað með steinull".

Milligöngu um sölu skúrs þessa til stefnanda hafði Guðmundur Marínó Ingjaldsson. Skúrinn stóð á lóð Hrafnistu í Reykjavík, er hann var keyptur. Skúr þennan flutti stefnandi hinn 10. maí 1967 á eignarland sitt Krossanes úr landi Hraðastaða í Mosfellssveit.

Þann 17. maí 1967 sendi Skæringur Hauksson, lögregluþjónn í Mosfellshreppi, skýrslu til hreppsnefndar Mosfellshrepps. Segir í skýrslunni m. a.: „Í dag fór ég undirritaður ásamt Hreini Þorvaldssyni, byggingarfulltrúa Mosfellshrepps, að landskika úr landi Hraðastaða, Mosfellssveit.

Á nefndum landskika, sem er norðan þjóðvegarins og liggur vestur að heimreið að Laxnesi, eru tveir skúrar. Annar skúrinn var fluttur þangað í síðustu viku, og er hann að stærðinni, lengd 5.45 m, breidd 4.25 m og meðalhæð 3 m. Skúrinn er mjög óásjálegur, rifinn tjörupappi utan á honum og gluggalaus.

Enn fremur er skúrinn staðsettur með 1.30 m frá hitaveituröri. Eigandi að þessum skúr er Hjálmar Helgason . . .

Í gærkvöldi hafði ég símasamband við Hjálmar, og kvaðst hann vita um kvaðir þær, er á öllum löndum þarna eru, um að ekki megi reisa né staðsetja neins konar byggingar né skúra nema að fengnu leyfi byggingarnefndar og að svæðið sé skipulagt.

Hjálmar kveðst hafa keypt umræddan landskika fyrir um það bil þremur árum og á þeim tíma án árangurs reynt að fá leyfi til að setja niður skúr á svæðinu.

Kvaðst Hjálmar ætla að gera landskikann að garðlöndum og ætti umræddur skúr að vera vinnuskúr. Hálmar kvaðst ekki flytja skúrinn burt af frjálsum vilja."

Í skýrslu þessari kemur einnig fram, að á öðrum stað neðar á landskikanum var annar skúr. Skúr þennan átti félagi Hjálmars og meðeigandi landsins, Guðmundur Bergsson, Langholtsvegi 148, Reykjavík. Segir, að Matthías Sveinsson, þáverandi sveitarstjóri, og Pétur Hjálmsson búnaðarráðunautur hafi líka farið á staðinn til að skoða umrædda skúra og að Pétur hafi tekið ljósmyndir af þeim. Ljósmyndir þessar hafa verið lagðar fram.

Af útskrift úr fundargerð hreppsnefndar Mosfellshrepps frá

fundi hennar 17. maí 1967 má ráða, að skýrsla sú, sem áður er rakin, frá lögregluþjóninum Skæringi Haukssyni hefur verið lögð fram. Segir í útskriftinni, að sveitarstjóra sé falið að sjá um, að skúrarnir verði fjarlægðir og að hafa samband við sýslumann um málið.

Þann 22. maí 1967 skrifar Skæringur Hauksson lögregluþjónn stefnanda bréf og segir í bréfinu: „Þar sem þér eruð talinn eigandi að skúr í landi Hraðastað, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, á landskika norðan þjóðvegar vestan heimreiðar að Laxnesi, Mosfellshreppi, er yður hér með gefinn 10 daga frestur til að fjarlægja skúrinn burt úr Mosfellshreppi, þar sem ekkert leyfi hefur verið gefið til byggingar á landinu.

Flutningur og staðsetning skúrsins er brot á 4. kafla, 26. gr., lögreglusamþykktar Kjósarsýslu og 11. kafla, 4. gr., byggingarsamþykktar Mosfellshrepps.

Að 10 dögum liðnum frá dagsetningu bréfs þessa verður skúrinn fjarlægður á yðar kostnað og ábyrgð, verði þér eigi búinn að fjarlægja hann sjálfur."

Þann 1. júní 1967 skrifar Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður bréf fyrir stefnanda til hreppsnefndar Mosfellshrepps. Í bréfinu er þess farið á leit, að stefnanda verði heimilað að setja niður umræddan vinnuskúr á landi stefnanda, Krossanesi. Sagt er, að stefnandi muni hafa fullt samráð við hreppsnefndina um stað skúrsins og staðsetningu á landinu.

Þessu bréfi svaraði þáverandi sveitarstjóri Mosfellshrepps, Matthías Sveinsson, með bréfi 29. júní 1967. Segir í upphafi, að hreppsnefnd Mosfellshrepps hafi tekið bréfið fyrir. Segir síðan í bréfinu: „Á það skal bent, að umræddur skúr hefur nú þegar verið staðsettur á umrætt land, án þess að beðið væri um leyfi fyrir því. Í öðru lagi liggur land þetta fast meðfram Þingvallavegi, sem er mjög fjölfarin þjóðbraut, og telur hreppsnefndin ekki mögulegt, að skúrar sem þessi séu staðsettir þar svo nálægt, að þeir blasi við vegfarendum og einnig þeim, sem búsettir eru þarna í nágrenni. Í þriðja lagi skal það fram tekið, að þótt enn hafi ekki verið ákveðin lega nýja vegarins til Þingvalla um Mosfellsdalinn, bendir margt til þess, að hann jafnvel komi yfir þetta land Hjálmars, þó það sé alls ekki á þessu stigi fullyrt, en ef til þess kæmi, vill hreppsnefndin ekki vera ábyrg gagnvart byggingum, sem síðan verður að fjarlægja vegna væntanlegs skipulags.

Með hliðsjón af því, er að framan greinir, var erindi yðar synjað, og er Hjálmari gefinn frestur til 8. júlí 1967 til að fjarlægja

skúrinn burt úr Mosfellshreppi. Að þeim tíma liðnum verður skúrinn fjarlægður á kostnað hans og ábyrgð, verði eigi búið að framkvæma brottflutninginn".

Stefnandi flutti ekki skúrinn brott, og þann 25. júlí 1967 var hann fjarlægður að fyrirlagi byggingarfulltrúa Mosfellshrepps. Segir í skýrslu Skærings Haukssonar lögregluþjóns, dags. þann dags, að hann hafi aðstoðað byggingarfulltrúa Mosfellshrepps við flutning á „óleyfis skúrum" í Krossanesi í landi Hraðastaða, Mosfellssveit. Segir jafnframt í skýrslunni, að skúrarnir hafi verið fluttir á öskuhauga hreppsins. Síðan er tekið fram, að báðir skúrarnir hafi verið mjög lélega byggðir og hafi t. d. annar skúrinn hrunið í spón, um leið og hreyft var við honum.

Skýrsla þessi var send lögreglustjóra Gullbringu- og Kjósarsýslu og afrit hennar afhent sveitarstjóra Mosfellshrepps. Enginn úrskurður héraðsdómara lá til grundvallar brottflutningi skúranna.

Eins og getið var, brotnaði skúr stefnanda í flutningunum, og eftir að hann hafði verið fluttur á öskuhauga hreppsins, brann hann þar til ösku.

Stefnanda var ekki kunnugt um flutning þennan, og með bréfi, dags. 28. júlí 1967, kærði hann flutning skúrs síns til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem hann m. a. mótmælti umræddum brottflutningi.

III.

Stefnandi málsins, Hjálmar Kristinn Helgason, hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa keypt umræddan skúr á kr. 25.000.00. Kvaðst hann hafa greitt kr. 10.000.00 nú þegar, en skuldi Sveinbirni eftirstöðvarnar. Eigi hafi verið gerður skriflegur samningur um kaupin. Hann sagði, að um það hefði verið samið á milli þeirra Sveinbjarnar að sjá til, hvernig færi með þetta mál og að hann byggist við því, að Sveinbjörn gæfi afganginn eftir, ef hann tapaði málinu. Hann kveðst ekki hafa sótt um leyfi til Mosfellshrepps fyrir skúrnum, áður en hann flutti skúrinn upp eftir. Hálfum mánuði eða mánuði eftir að hann flutti skúrinn upp eftir, hafi verið auglýst í blöðunum, að ekki mætti flytja eða reisa slíka skúra uppi í Mosfellssveit.

Lesið var fyrir honum úr skýrslu Skærings Haukssonar lögregluþjóns frá 17. maí 1967 um þetta atriði. Segir hann, að hann hafi vitað, að ekki mætti reisa neinar varanlegar byggingar á svæðinu, en ekki, að óheimilt væri að reisa slíka skúra. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað, að svæðið væri skipulagt. Eftir að skúrinn hafði

verið fjarlægður, kveðst stefnandi hafa reynt að fá leyfi til að reisa einhvers konar skúr á svæðinu, en það hafi ekki tekist. Stefnandi lýsti því, að hann hefði hvorki verið búinn að festa né staðsetja skúrinn, þegar hann var fluttur á brott. Aðeins hafi verið búið að draga hann niður eftir túninu, frá því er hann kom af bílnum.

Þá hefur komið fyrir dóminn Skæringur Bjarnar Hauksson lögregluþjónn. Hann kvað áðurnefndar lögregluskýrslur réttar. Sagðist hann hafa farið til fundar við sýslumann, Einar Ingimundarson, fyrri hluta vetrar 1967 ásamt Matthíasi Sveinssyni sveitarstjóra. Matthías hafi beðið sig að koma með sér til sýslumanns og hafi hann sagst ætla að biðja sýslumanns að skrifa þeim aðiljum bréf, sem flutt hefðu skúra óleyfilega eða reist í Mosfellshreppi. Í þeim viðræðum hafi sýslumaðurinn gefið vitninu heimild til að skrifa slík bréf. Hann sagði, að bréf þessi hefðu verið skrifuð í samráði við sveitarstjóra og byggingarfulltrúa og til þeirra, sem vitað var, að reist höfðu skúra í óleyfi. Hann sagði, að í viðtalinu við sýslumann hefði ekki verið farið nánar út í það, hvernig ætti að fjarlægja skúrana, ef hlutaðeigendur létu ekki skipast við bréfinu, og ekki, hvar ætti að geyma þá. Hann kvaðst ekki minnast þess, að hann hefði sérstaklega haft samband við skrifstofu sýslumanns eða sýslumann sjálfan varðandi skúr Hjálmars Helgasonar öðru vísi en fram komi í skýrslu, að flutningurinn hafi verið tilkynntur strax. Hann kvaðst hafa litið á þennan skúr sem drasl. Hann sagði, að vanir menn hefðu verið fengnir til flutningsins. Hann sagði, að þegar skúrinn hafi verið hífður í flutningavagn og honum slakað niður, þá hafi hann hrunið saman. Hann sagði, að sorphaugar Mosfellssveitar, sem nú séu aflagðir, hafi verið vestan Varmárskóla og hafi jarðvegi verið ýtt yfir rusl á haugunum með jöfnu millibili. Skúrflakið hafi verið sett til hliðar við haugana, til þess að ekki yrði ýtt yfir það. Hann sagði, að yfirleitt hefði ekki verið kveikt í haugunum, enda bannað. Það hafi komið fyrir, að kveikt hafi verið í og það hafi þá verið einhver tilfallandi. Ekkert eftirlit hafi verið á haugunum. Hann kvaðst ekki þora alveg að fara með það, hvort það var sama kvöld, sem skúrinn var fluttur, eða daginn eftir, sem eldur kom upp í honum. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir verði skúrs þessa, en kvaðst telja hann verðlausan. Skæringur kvaðst hafa verið ráðinn af Mosfellshreppi og séð um lögreglustörf þar og í Kjalarnes- og Kjósarhreppi. Hann sagði, að ekki hefði legið fyrir skrifleg

kæra, þá er hann skrifaði skýrsluna til hreppsnefndar Mosfellshrepps.

Sveinbjörn Sigurðsson hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu. Hann kvaðst ekki muna, á hvað hann seldi Hjálmari. Hann sagði, að Hjálmar hefði verið búinn að greiða sér kr. 5.000 til kr. 10.000.00 og síðan hafi hann greitt sér rétt fyrir réttarhaldið kr. 5.000.00 (sem var tveimur dögum eftir skýrslu Hjálmars). Hann kvaðst álíta, að Hjálmar teldi skúrinn að fullu greiddan. Hann kvaðst ekki reikna með því að innheimta meira hjá Hjálmari fyrir skúrinn. Hann kvaðst hafa gefið lýsingu þá, sem fram hefur verið lögð í málinu, samkvæmt beiðni Marínós Ingjaldssonar, verkstjóra í Hrafnistu, en Marínó hafi á sínum tíma beðið um þennan skúr fyrir Hjálmar.

Hreinn Þorvaldsson, verkstjóri og byggingarfulltrúi Mosfellshrepps, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa séð um að flytja skúrinn í burtu af landinu samkvæmt fyrirskipun sveitarstjórnar Mosfellshrepps og fengið Skæring Hauksson með sér til þess. Hann kvaðst álíta, að hann hafi sjálfur komið þeim ábendingum til sveitarstjóra, að þarna væri skúr í óleyfi, en það sé venja, að hann sjái um það. Venjan sé sú, að hann tilkynni fyrst sveitarstjóra það, þegar skúrar kæmu svona upp í óleyfi, og sveitarstjóri eða hann eða þeir í sameiningu komi sér svo saman um að kæra til lögreglunnar. Hann sagði, að ekki hefðu aðrir skúrar en þeir tveir, sem í málinu greinir, verið fluttir í burtu á sama hátt, meðan hann hefði verið byggingarfulltrúi, en það hafi verið frá árinu 1965. Hann sagði, að í sínum huga hefði skúrinn verið ákaflega ljótur og eins og hvers konar rusl, sem fyrirfinnist á víðavangi. Hann sagði, að stefnandi hefði átt tal við sig á vinnustað stefnanda og spurst fyrir um það, hvort leyfi þyrfti til þess að reisa garðskúr í Mosfellssveit. Hann kvaðst hafa svarað því til, að það þyrfti að senda inn umsókn til sveitarstjórnar ásamt teikningum. Hann kvaðst ekki muna, hvort þetta var fyrir eða eftir, að stefnandi flutti skúrinn á svæðið. Hann sagði, að þeir hafi haft vörubifreið hreppsins til flutninganna. Tækið til lyftinga hafi ekki getað lyft skúrnum öllum upp í einu. Þeir hafi því lyft öðrum endanum fyrst og vörubifreiðinni hafi síðan verið bakkað undir skúrinn. Við það hafi gólfið í skúrnum gengið upp og hann brotnað eða þá hafi hann brotnað, þegar hann var kominn alveg upp á. Hann kvaðst ekki muna það glöggt. Hann sagði, að þeir hefðu flutt skúrinn á öskuhaugana og sett hann niður til hliðar

við þá. Næstu nótt eða daginn eftir hafi kviknað í skúrnum af ókunnum orsökum.

Komið hefur fyrir dóminn Ingi Pétur Hjálmsson héraðsráðunautur. Hann kvaðst á þessum tíma hafa starfað nokkuð fyrir Mosfellshrepp að skipulagsmálum. Hann kvaðst um nokkurra ára skeið hafa starfað sem byggingarfulltrúi Búnaðarbankans í Gullbringu- og Kjósarsýslu til þess að dæma um ástand og gerð húsa, sem bændur byggja. Hann kvaðst hafa talið umdeildan skúr algerlega ónýtan. Veggir hefðu verið úr furu, gólfið hefði verið þéttlagt en lélegt. Hann hafi verið að utan klæddur með tjörupappa, sem hafi verið illa farinn, bárujárn hafi verið á þakinu, en ef til vill hafi mátt nýta bárujárnið. Hann taldi, að annað hafi verið illnýtanlegt. Hann kvaðst ekki muna, hvort skúrinn hafi verið klæddur að innan. Annað, sem hann hefði sagt, hefði rifjast upp fyrir sér við að skoða ljósmyndirnar. Aðspurður kvaðst hann ekki muna, hvort skúrinn hafi verið fúinn, en hann hafi verið veðraður og illa farinn.

Þá hefur komið fyrir dóminn Matthías Sveinsson, fyrrverandi sveitarstjóri Mosfellshrepps. Hann sagði, að það hefði verið hlutverk sitt að framfylgja samþykkt hreppsnefndar um að láta fjarlægja skúr frá Krossnesi í landi Hraðastaða. Hann sagði svo langt um liðið frá atburðum máls þessa, að hann myndi ekki nákvæmlega eftir atburðarrásinni, en kvaðst búast við, að hann hefði rætt við lögregluna í Mosfellshreppi svo og byggingarfulltrúa hreppsins og hreppsnefndina um skúr þennan, svo sem honum hafi borið að gera. Hann staðfesti þann framburð Skærings Haukssonar, að þeir hefðu farið til fundar við sýslumann til þess að ræða um skúra í óleyfi. Hann sagði, að fyrst og fremst hefði verið um það rætt að skrifa þeim bréf, sem hér áttu hlut að máli, og tilkynna þeim um óleyfi skúranna. Hann kvaðst ekki vilja fullyrða, hvort frekar hafi verið rætt um aðferð við að fjarlægja skúrana. Hann sagði, að það hefðu verið þó nokkrir aðiljar, sem hér áttu hlut að máli. Hann sagði, að hann myndi ekki til þess, að fleiri skúrar hefðu verið fjarlægðir en sem um getur í málinu. Hann kvaðst álíta, að hann myndi það rétt, að áður en skúrinn var fluttur upp eftir, hafi stefnandi og Guðmundur Bergsson rætt við hann á skrifstofu hans uppi í Hlégarði. Hann kvaðst þá ákveðið hafa bent þeim á að senda inn erindi til hreppsins til þess að fá leyfi fyrir mannvirkjum á landinu og láta teikningu fylgja með. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann ræddi við þá, eftir að skúrarnir höfðu verið fluttir í landið. Hann kvaðst hafa bent þeim á bygg-

ingarsamþykkt Mosfellshrepps, þar sem mjög ákveðið sé fjallað um þessa hluti. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi kæmi á skrifstofuna, eftir að skúrinn var settur á landið. Í þinghaldinu var honum bent á þá samþykkt hreppsnefndar, að sveitarstjóra væri falið að hafa samráð við sýslumann um málið. Hann kvaðst hafa rætt við sýslumanninn í símann og gert honum grein fyrir samþykkt hreppsnefndar og hvers konar hluti þarna væri um að ræða og að þeir ætluðu að fjarlægja skúrana. Hann sagði, að sýslumaðurinn hefði ekki gert neinar athugasemdir við það. Ekki hafi legið fyrir dómsúrskurður um að fjarlægja skúrana, enda hafi verið litið svo á, að aðeins væri um einn þátt í því að þrífa til á löndum og lóðum.

Guðmundur Marínó Ingjaldsson hefur komið fyrir dóminn, og kannaðist hann við að hafa haft milligöngu um kaup skúrs fyrir Hjálmar Helgason af Sveinbirni Sigurðssyni. Sagði hann, að Hjálmar hefði átt að greiða kr. 25.000.00 fyrir skúrinn. Ekki hafi verið samið um, hvernig greiðslum yrði háttað. Hann kvaðst hafa verið búinn að vinna lengi með Sveinbirni og Sveinbjörn hafi treyst honum fyrir því, hvernig færi með þær greiðslur. Hann sagði, að Hjálmar hefði greitt kr. 10.000.00, aðrar greiðslur hefðu ekki farið um hans hendur. Hann sagði, að Sveinbjörn hefði aldrei spurt sig um frekari greiðslur. Hann kvaðst álíta, að skúrinn hefði verið um 30.000.00 til 35.000.00 króna virði. Vitnið kvaðst hafa húsasmíðaréttindi.

Þá hefur komið fyrir dóminn Guðmundur Bergsson. Hann kvaðst hafa unnið að því að flytja skúr stefnanda í fyrra sinnið upp eftir, en í síðara skiptið til á landinu og á stað nálægt því, sem hann átti að standa.

IV.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig, að kaupverð skúrsins hafi verið kr. 25.000.00 og kostnaður við að flytja skúrinn frá Reykjavík að Krossanesi kr. 7.065.00, eða samtals kr. 32.065.00. Að því er varðar verðmæti skúrsins, heldur stefnandi því fram, að það sé það sama og kaupverð skúrsins, en flutningskostnaður sé samkvæmt framlögðum reikningum.

Stefnandi reisir bótaskyldu stefndu á því, að hvorki hreppsnefnd Mosfellshrepps né Skæringur Hauksson lögregluþjónn hafi haft heimild til að fara inn á eignarland stefnanda og flytja þaðan á brott vinnuskúr hans, án þess að fyrir lægi um það dómsúrskurður eða samþykki stefnanda. Vitnað er til skipulagslaga nr.

19/1964, en þar segi, að meðferð mála vegna brota á þeim lögum skuli fara að hætti opinberra mála. Þá sé ákvæði um það í byggingarsamþykkt Gullbringu- og Kjósarsýslu, að byggingarfulltrúi skuli senda sýslumanni kæru vegna ætlaðra brota á byggingarsamþykktinni og hann eigi síðan að kveða upp úrskurð um það, hvort bygging skuli numin á brott, bönnuð eða rifin. Engin slík kæra hafi verið send og þar af leiðandi enginn úrskurður kveðinn upp um það, að vinnuskúrinn skyldi numinn á brott. Telur stefnandi, að hér sé um valdníðslu að ræða, sem leiða eigi til skaðabótaskyldu. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er stefnt í málinu vegna afskipta lögregluþjónsins Skærings Haukssonar að brottnámi vinnuskúrsins. Því er haldið fram, að lögregluþjóninum hafi borið að senda yfirboðara sínum, sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, skýrslu um málið í upphafi, en ekki hreppsnefnd Mosfellshrepps, ef hann teldi stefnanda hafa gerst brotlegan við refsilöggjöfina. Á honum hvíli engin sérstök leiðbeiningarskylda gagnvart hreppsnefnd Mosfellshrepps. Þá eigi hér einnig að hafa í huga, að mál, sem varði brot á byggingarsamþykkt, séu einkarefsimál, þar sem kærandi sé einkaaðili. Þá er því haldið fram, að ekki skipti máli, hver hafi kveikt í vinnuskúr stefnanda. Hver sem var hafi haft greiðan aðgang að honum, eins og skjöl málsins beri með sér, en vinnuskúrinn hafi að sjálfsögðu verið á ábyrgð stefndu, þar sem hann var niðurkominn. Er á það bent, að skaðabótaskylda sefndu sé ótvíræð, þar sem ekki eigi að vera mögulegt að svipta stefnanda eigum hans nema með eignarnámi og komi þá fullar bætur fyrir. Hér hafi ekki verið um eignarnám að ræða, heldur ólögmæta töku, sem skaðabótaskyld sé samkvæmt almennu skaðabótareglunni.

Af hálfu Mosfellshrepps hefur því verið haldið fram, að samkvæmt skipulagslögum svo og byggingar- og lögreglusamþykktum um Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi verið óheimilt að hafa umræddan skúr á landareign stefnanda án leyfis. Stefnandi hafi auk þess fengið sérstaka aðvörun um að flytja skúrinn brott, en ekki sinnt henni. Af þessu leiði, að stefnandi eigi engan rétt á að heimta andvirði skúrs þessa úr hendi stefnda. Því er jafnframt mótmælt, að stefndi eigi sök á því, að skúr þessi hafi brunnið til kaldra kola. Slíkt óhapp, sem ekki sé upplýst um, hver sé valdur að, sé á ábyrgð stefnanda sjálfs, en ekki stefnda. Þá er því haldið fram, að þótt stefnandi hefði átt einhverjar kröfur út af skúrnum, þá væru slíkar kröfur fyrndar á fjórum árum frá 25. júlí 1967. Engu breytir, þótt stefnandi nefni kröfuna bótakröfu, þar sem hér sé aðeins um andvirði skúrsins að ræða. Enn fremur er á það bent,

að kröfuréttur stefnanda, ef til væri, ætti að vera niður fallinn fyrir aðgerðarleysi hans, þar sem hann hafi ekkert gert til að leita réttar síns frá því um haustið 1968. Þá mótmælir stefndi öllum framlögðum reikningum sem röngum og stefnanda algerlega óviðkomandi. Einnig mótmælir hann lýsingu Sveinbjarnar Sigurðssonar á skúrnum algerlega.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs er því haldið fram, að stefnandi málsins hafi flutt umræddan skúr í landspildu sína úr landi Hraðastaða í Mosfellssveit heimildarlaust og andstætt ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964, byggingarsamþykkta og lögreglusamþykkta. Ljóst sé, að rétt yfirvöld, þ. e. sveitarstjórn og lögregluþjónn Mosfellshrepps, hafi fjallað um mál þetta í samræmi við reglur og venjur í slíkum tilfellum, m. a. sé stefnanda gefinn rúmur frestur til að fjarlægja skúrinn og gætt sé allra atriða, er lúti að tilkynningarskyldu. Umsókn um heimild til þess að setja skúrinn niður í landi stefnanda hafi auk þess verið synjað af hreppsnefnd og stefnanda tilkynnt sú synjun. Vörnin er reist á því, að umræddur skúr hafi verið fjarlægður á ábyrgð stefnanda og því á hans ábyrgð, er hann brann hjá öskuhaugum Mosfellshrepps.

V.

Telja verður, að um byggingar á umræddu landsvæði stefnanda að Krossanesi í Mosfellssveit hafi gilt lög nr. 108/1945 og byggingarsamþykkt Kjósarsýslu frá 19. desember 1961. Samkvæmt 1. gr. nefndrar samþykktar tekur hún m. a. til bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan sýslunnar. Verður að telja, að umrædd samþykkt nái til skúrs þess, sem um er deilt í málinu, og breytir þar engu um, að hann var fluttur í heilu lagi í landið. Samkvæmt 8. gr. umræddrar byggingarsamþykktar bar stefnanda að senda tilkynningu til byggingarnefndar um fyrirhugaðan flutning skúrsins í landið ásamt umsókn um byggingarleyfi. Flutningur skúrsins í landið án slíks leyfis var löglaus, og braut stefnandi með því háttalagi gegn fyrirmælum 12. gr. umræddrar samþykktar. Samkvæmt 20. gr. byggingarsamþykktarinnar, sbr. 14. gr. laga nr. 108/1945, bar byggingarfulltrúa hreppsins að kæra flutninginn til lögreglustjóra og skyldi um hann fara að hætti opinberra mála. Fyrir liggur, að lögregluþjónn Mosfellshrepps, Skæringur Hauksson, og byggingarnefnd hreppsins gerðu árangurslausar tilraunir til að fá stefnanda til að fjarlægja skúrinn úr landinu. Sveitarstjórn Mosfellshrepps fól byggingarfulltrúa hreppsins að annast brottflutninginn, og fékk hann sér til aðstoðar fyrrgreindan lög-

reglumann. Afskipti lögreglustjóra sýslunnar af framangreindu eru ekki ljós, en fyrir liggur, að enginn dómsúrskurður var kveðinn upp þar að lútandi.

Umræddur brottflutningur skúrsins af landinu án undangengins dómsúrskurðar var löglaus og andstæður ákvæðum laga nr. 82/1961, enda er ósönnuð sú fullyrðing stefndu, að skúrinn hafi verið verðlaus. Hefur og ekki verið sýnt fram á, að önnur þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem réttlættu brottflutning skúrsins með umræddum hætti. Af þessu leiðir, að stefndu, sveitarsjóður Mosfellshrepps vegna afskipta byggingarfulltrúa og ríkissjóður vegna þátttöku umræddrs lögregluþjóns, verða að bera óskipta ábyrgð á því, að skúrinn eyðilagðist af ókunnum atvikum, eftir að hann var fluttur úr landi stefnanda. Bótakrafa stefnanda af þessum sökum fyrnist á 10 árum samkvæmt 4. gr. laga nr. 14/1905 og er því ófyrnd. Ekki er heldur unnt að fallast á það með stefndu, að bótakrafa þessi hafi fallið niður vegna tómlætis. Eins og áður greinir, hefur stefnandi sjálfur og vitnið Guðmundur Marínó Ingjaldsson lýst því hér fyrir dómi, að stefnandi hafi keypt umræddan skúr á kr. 25.000.00. Hefur ekki verið sýnt fram á, að skúrinn hafi rýrnað verulega í eigu stefnanda. Miðað við lýsingu þá, sem fyrir liggur um ástand skúrsins, telur dómurinn það verð ekki fjarri lagi. Eins og sönnunaraðstöðu er háttað í málinu, ber því að leggja þá fjárhæð til grundvallar um tjón stefnanda vegna missis skúrsins. Flutningskostnaður stefnanda á skúrnum í umrætt land verður hins vegar ekki tekinn til greina, þar sem flutningur skúrsins í landið var honum óheimill, eins og áður er greint frá.

Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina, eins og hún var að lokum sett fram.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 15.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 4. nóvember 1967 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dómari máls þessa var Hrafn Bragason og meðdómendur Kristinn Sigurjónsson húsasmíðameistari og Stefán M. Stefánsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, sveitarsjóður Mosfellshrepps og fjármálaráðherra

f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Hjálmari Helgasyni, kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 4. nóvember 1967 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1974.

Nr. 151/1972: **Afl s/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Herði Felixsyni
og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál. Gallar á húsi. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1972. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 48.400.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda til greiðslu skaðabóta vegna þeirra galla, að móða settist milli glerja á rúðum í gluggum íbúðar, sem aðaláfrýjandi reisti og seldi gagnáfrýjanda tilbúna undir tréverk. Samkvæmt kaupsamningi aðilja mátti gagnáfrýjandi treysta því, að gluggarúðurnar væru ekki haldnar þessum annmarka. Sýknukrafa aðaláfrýjanda er einvörðungu á því reist, að gagnáfrýjandi hafi ekki kvartað undan þessum göllum í tíma. Og ef eigi yrði á þetta fallist heldur aðaláfrýjandi því fram, að gagnáfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum með fyrirvaralausri undirritun afsals.

Um áramótin 1966 — 1967 varð gagnáfrýjandi þess var, að móða fór að koma á milli glerja í stofuglugga íbúðar hans. Kveðst hann þá „strax hafa talað við Einar Gunnarsson og síðan marg oft varðandi galla þá, sem fram komu á glerinu og jukust alltaf jafnt og þétt." Gagnáfrýjandi kveður Einar hafa sagt sér að hafa engar áhyggjur, „þetta yrði allt bætt, t. d. væri 10 ára ábyrgð á glerinu". Kveðst gagnáfrýjandi ekki hafa gert sérstakan fyrirvara við undirritun afsals hinn 15. júní 1967, þar sem hann hafi „undirritað afsalið á þeim forsendum, að um fullkomið loforð væri að ræða af hálfu Einars Gunnarssonar vegna stefnda um að bæta úr ágöllum glersins". Þá hefur gagnáfrýjandi einnig skýrt frá því í þinghaldi 13. apríl 1971, að „miklar skemmdir hafi komið fram á hinu tvöfalda gleri, eftir að afsalið var undirritað, og séu þessar skemmdir að koma fram enn þann dag í dag." Einnig heldur gagnáfrýjandi því eindregið fram, að hann hafi borið fram kvartanir við Ingimar Magnússon um ágallana á glerinu, áður en afsalið var gefið út.

Einar Gunnarsson og Ingimar Magnússon voru meðal eigenda og fyrirsvarsmanna stefnda. Þeir minnast hins vegar ekki neinna kvartana af hálfu gagnáfrýjanda um glergallana, áður en þeim barst kvörtunarbréf íbúðareigenda Hraunbæjar nr. 2 frá 4. maí 1968. Í málinu er komið fram, að þeir Einar og Ingimar fóru á vettvang vegna kvörtunar gagnáfrýjanda um leka í gluggum, en ekki er ljóst, hvenær sú skoðun fór fram. Í þinghaldi 13. apríl 1971 er Ingimar spurður um, hve-

nær gagnáfrýjandi hafi fyrst kvartað við hann um ágalla glersins. Hann svarar svo: „Minnir mig, að það hafi verið á árinu 1968, það var eitthvað smit eða leki á gluggum. Við fórum og litum á þetta, við Einar Gunnarsson. Við létum bæta úr þessu með þéttiefni, sem við settum undir gluggana.... Mig minnir, að móða hafi sést á einni rúðu, þegar við skoðuðum. Við vísuðum strax á Gler h/f um bót á því.“ Síðar í sama þinghaldi ber Ingimar, að kvörtunarbréfið frá 4. maí 1968 „hafi komið löngu eftir að umrædd skoðun fór fram“. Einar skýrir svo frá í þinghaldi 27. apríl 1971, er hann var spurður um, hvenær gagnáfrýjandi kvartaði við hann um galla á glerinu: „Mér er nær að halda, að það hafi ekki verið fyrr en á árinu 1968. Ég man, að kvartað var á árinu 1967 undan smiti með gluggakörmum, þar sem steinn og tré komu saman. Ég held, að kvörtun um þetta hafi m. a. komið frá stefnanda. Þetta var lagfært með því að sprauta þéttikítti neðan undir alla glugga að utanverðu.“

Í greindu kvörtunarbréfi íbúðareigendanna frá 4. maí 1968 til aðaláfrýjanda er í upphafi þess vísað til þess, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda muni kunnugt um, að ýmsir gallar hafi komið fram á húseigninni nr. 2 við Hraunbæ. Síðar í bréfinu segir svo: „Gallar þeir, sem hér um ræðir, eru einkum gallar á gluggaumbúnaði og tvöföldu gleri í gluggum.... Á þessu stigi teljum vér ekki ástæðu til að lýsa göllum þessum nánar, þar eð yður hefur verið skýrt frá þessu munnlega, og einhverjir menn á yðar vegum hafa kynnt sér galla þessa, þó viljum vér taka fram, að gallar á gleri og gluggaumbúnaði hafa ágerst...“.

Af hálfu aðaláfrýjanda var aldrei hirt um að svara þessu bréflega. Verður hann að bera hallann af því.

Lögð hefur verið fram í málinu yfirlýsing sex íbúðareigenda Hraunbæjar nr. 2, sem dagsett er 26. apríl 1971, en yfirlýsingin er greind í heild í héraðsdómi. Styður hún þann framburð gagnáfrýjanda, að hann hafi borið fram kvartanir um glergallana við Einar Gunnarsson og Ingimar Magnússon á fyrstu mánuðum ársins 1967.

Þegar framburðir í málinu, en þeir eru nánar raktir í hér-

aðsdómi, eru virtir ásamt öllum öðrum gögnum málsins, þykir verða við það að miða, að gagnáfrýjandi hafi á árinu 1967 borið fram kvartanir við fyrirsvarsmenn aðaláfrýjanda. Og ekki verður talið, eins og á stóð, að gagnáfrýjandi hafi fyrirgert rétti til bóta úr hendi aðaláfrýjanda, þótt hann léti hjá líða að gera fyrirvara um gallana við undirritun afsalsins. Leggja verður fjárhæð matsgerðar til grundvallar bótum til gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hinar gölluðu rúður séu nokkurs virði fyrir gagnáfrýjanda, og verður matsfjárhæð því ekki lækkuð af þeim sökum. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 48.400 ásamt þeim vöxtum, sem krafist er.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 40.000.00, og er þá matskostnaður einnig hafður í huga.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Afl s/f, greiði gagnáfrýjanda, Herði Felixsyni, kr. 48.400 með 7% ársvöxtum frá 15. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1972.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 5. maí 1970.

Stefnandi málsins er Hörður Felixson, Hraunbæ 2 hér í borg. Stefndi er Afl s/f hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verið dæmt að greiða honum kr. 48.700.00 með 8% ársvöxtum frá 15. júní 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 5. mars 1966, seldi stefndi stefnanda fimm herbergja íbúð í smíðum á II.

hæð til vinstri í húsinu nr. 2 við Hraunbæ í Reykjavík. Kaupsamningurinn liggur frammi í málinu. Er kaupverðið þar tilgreint kr. 650.000.00, en stefnandi heldur því fram, og er því ekki neitað af hálfu stefnda, að raunverulegt söluverð hafi verið kr. 750.000.00. Í kaupsamningnum segir m. a.: „Gengið verður frá húsinu að utan múrhúðuðu og máluðu ... og með ísettri útidyrahurð og með ísettum svalahurðum ... Íbúðin sjálf selst tilbúin undir tréverk og málningu. Dyraop verða ekki múrhúðuð. Tvöfalt gler í gluggum með opnanlegum glugga, eða tréfagi, í hverju herbergi, án stormjárna ... Þegar íbúðin er tilbúin múrhúðuð, skal fara fram afsal og lokauppgjör, og frá þeim tíma, þ. e. a. s. frá afhendingu íbúðarinnar, skal kaupandi greiða hita- og rafmagnskostnað og önnur gjöld. ... Seljandi (seljendur) lofar að hraða framkvæmd verksins eftir föngum, og er áætlað, að íbúðin verði afhent tilbúin múrhúðuð í ágúst 1966, enda lofar kaupandi að veita henni viðtöku, enda þótt hún verði tilbúin fyrr ... Rísi mál út af kaupum þessum, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án milligöngu sáttamanna."

Stefnandi telur, að hann hafi tekið við íbúðinni í september 1966, en hann kveðst hafa flutt í íbúðina rétt fyrir jól 1966.

Stefndi gaf út afsal hinn 15. júní 1967 til stefnanda. Í afsalinu, sem stefnandi áritaði, segir: „Kaupandi hefur kynnt sér núverandi ástand eignarinnar og sættir sig við það að öllu leyti ... Eignin hefur þegar verið afhent kaupanda, og hafa seljendur greitt gjöld þau, er ber að greiða að afhendingardegi, og hefur kaupandi kynnt sér þau og sætt sig við það."

Í stefnunni segir:

„Strax kom í ljós, að mjög óvandaður frágangur var á gluggum, og olli það tjóni á íbúðinni. Reyndust gluggar og gluggaumbúnaður ekki vatnsþétt, og kvartaði stefnandi margsinnis til byggjenda um, að bæði gler og frágangur væri á þann hátt, að ekki væri viðunandi, og krafðist lagfæringar eða bóta. Fyrirsvarsmenn húsbyggjenda litu á gluggana og lofuðu bótum, en aldrei hefur verið við það staðið. Stefnandi hefur bréflega krafist bóta, án þess að nokkurn árangur bæri."

Íbúð stefnanda er í sambýlishúsi, sem stefndi byggði og seldi.

Hinn 4. maí 1968 rituðu nokkrir íbúðareigendur í húsinu, þar á meðal stefnandi, til stefnda bréf, svohljóðandi:

„Eins og yður mun kunnugt, hafa komið fram gallar á húseigninni nr. 2 við Hraunbæ, Reykjavík, en húseign þessa byggðuð þér og selduð okkur undirrituðum.

Gallar þeir, sem hér um ræðir, eru einkum gallar á gluggaumbúnaði og tvöföldu gleri í gluggum svo og sprungur í vesturhluta húseignarinnar upp við Hraunbæ 4.

Á þessu stigi teljum vér ekki ástæðu til að lýsa göllum þessum nánar, þar eð yður hefur verið skýrt frá þessu munnlega og einhverjir menn á yðar vegum hafa kynnt sér galla þessa, þó viljum vér taka fram, að gallar á gleri og gluggaumbúnaði hafa ágerst og það svo, að þegar saman fer mikil rigning og rok, er mikil hætta á, að innanstokksmunir verði fyrir skemmdum.

Þar sem augljóst er, að hér er um að ræða galla við byggingu húseignarinnar og því á yðar ábyrgð, viljum vér gefa yður kost á að bæta úr göllum þessum, án þess að til neinna aðgerða þurfi að koma af okkar hálfu, og viljum vér gefa yður frest til að framkvæma nauðsynlegar viðgerðir og endurbætur til júní n.k.

Verði ekki orðið við þessum tilmælum okkar, höfum vér ákveðið að leita aðstoðar dómstólanna, og mun þá verða framkvæmt mat á göllum þessum og síðan höfðað mál á hendur yður.

Ef þér óskið nánari upplýsinga um fyrrgreind atriði, biðjum vér yður vinsamlega að snúa yður til Harðar Felixsonar í síma 84208 (heimasími) eða 1960 (vinnustaður)."

Ekki svaraði stefndi bréfi þessu.

Hinn 25. júlí 1969 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til þess að skoða og meta galla á gluggum og gluggaumbúnaði í íbúðinni. Matsmennirnir, Ögmundur Jónsson byggingaverkfræðingur og Indriði Níelsson húsasmíðameistari, skiluðu matsgerð, sem er dags. 31. ágúst 1969. Þar segir m. a. svo:

„Matsmenn komu á staðinn þ. 8. þ. m., og var eigandi íbúðarinnar þar fyrir. Ingimari Á. Magnússyni var símleiðis tilkynnt um matið, en hann taldi sér það óviðkomandi og kvaðst ekki mundu mæta við skoðun.

Tvöfalt gler er í gluggum íbúðarinnar, og var það, skv. upplýsingum Harðar Felixsonar, allt nema ein rúða keypt hjá Gler h/f. Þessi eina rúða, en hún er í stofuglugga, móti austri, var gallalaus. Móða var milli glerja á öllum öðrum föstum rúðum nema í einni í barnaherbergi, móti norðri.

Ísetningu glersins var talið áfátt og frá því skýrt, að það rigndi inn með því. Þurrt var í veðri við skoðunargerð, en við sáum víða tauma innan á rúðum, sem ekki verða öðruvísi skýrðir en að lekið hafi með þeim að ofan. — Á austurglugga stofu sáust einnig dropamerki á innri brún karms, og var þar sprunga í múrhúð ofan við gluggann. Þann 13. þ. m. fór annar matsmanna(Indriði

Níelsson) á staðinn, og var þá úrhellisrigning. Á 3. hæð fyrir ofan nefndan glugga sá hann sprungu í gólfinu og merki þess, að vatn hefði runnið um hana. Þegar skoðað var, var allt þurrt. Ókunnugt er um upptök þessa leka, og verður því ekkert í sambandi við hann metið að sinni.

Falsinn var mældur og reyndist 45 x 18 mm. Gler rúðanna er sett saman með „kíttismassa".

Áðurnefndar rúður eru það gallaðar, að skipta verður um þær. Kíttistegund er ókunn, en hefur ekki reynst vel; einnig kann vinnuháttum að vera áfátt.

Fjöldi og stærðir gallaðra rúðna eru sem hér segir:

1	stk.	159 x 157 cm
2	—	179 x 157 —
1	—	142 x 132 —
2	—	134 x 132 —
1	—	151 x 132 —

Þessar rúður þarf að endurnýja, og einnig þarf að taka listana frá heilu rúðunum og kítta með þeim. Kostnaður við það telst hæfilega metinn á kr. 48.400.00. Er þar allt innifalið, efni, vinna, tilfæringar og frágangur.

Hið úrtekna gler telst eign matsþola."

Stefnandi krafði stefnda um greiðslu matsfjárhæðarinnar hinn 2. október 1969, og lögmaður hans ítrekaði þá kröfu með bréfi, dags. 12. nóvember 1969. Stefndi sinnti ekki kröfum þessum, og höfðaði stefnandi þá mál þetta.

Allar rúðurnar í íbúð stefnanda nema eina keypti stefndi hjá Gleri h/f í Kópavogi.

Dómendur fóru á vettvang 11. nóvember 1971. Var þá móða eða vatnsdropar á milli allra rúðnanna í íbúð stefnanda nema þessarar einu rúðu.

III.

Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu sinni, sem dagsett er 26. október 1970, skýrt svo frá:

„Eins og fram hefur komið af málsskjölum, gerði ég undirritaður samning við Afl s/f, Reykjavík, um kaup á 5 herbergja íbúð á 2. hæð til vinstri í húsinu nr. 2 við Hraunbæ.

Afsal fyrir íbúðinni fékk ég 15. júní 1967.

Nú kom fljótlega í ljós, að tvöfalt gler í íbúðinni var óþétt,

þ. e. móða myndaðist milli glerja. Einnig safnaðist verulegt vatn í gluggakistur, og ef verulega rigndi áveðurs, lak vatn í taumum niður rúðurnar innanverðar.

Kvartaði ég yfir þessu við Einar Gunnarsson og Ingimar Magnússon, þó aðallega Einar, sem sagði mér ætíð, að ég þyrfti engar áhyggjur að hafa, þetta yrði allt bætt, t. d. væri 10 ára ábyrgð á glerinu. Meðal annars bauðst hann til að laga málningu á gluggum hjá mér, þegar búið væri að skipta um gler.

Einar benti mér á að tala við Gler h. f. og láta þá skoða það gler, sem skemmt væri. Ég hringdi í Gler h.f., og kom maður frá þeim og leit á þær rúður, sem þá voru orðnar gallaðar. Síðan gerðist ekkert, nema hvað gallarnir á glerinu ágerðust.

Það er mesti misskilningur, að farið hafi miklar og endurteknar viðræður milli mín og Glers h.f. Ég hef aldrei átt tal við fulltrúa frá Gler h.f. öðruvísi en í síma og aldrei staðið í neinum samningsumleitunum við þá, þar eð ég hefi engin viðskipti átt við þá fyrr eða síðar.

Ég keypti íbúðina af Afli s.f. með tvöföldu gleri, eins og segir í kaupsamningi. Áður en ég gerði kaupsamninginn, sýndi Ingimar Magnússon mér herbergi í húsinu nr. 6 við Hraunbæ til þess að sýna mér, hvernig frágangur yrði á húsinu nr. 2, sem þá var aðeins kominn sökkull að. Húsin nr. 2 og nr. 6 eru spegilmynd hvort af öðru. Meðal annars sýndi hann mér tvöfalt gler í gluggum, sem var franskt verksmiðjugler, og kvað sams konar gler mundu verða í húsinu nr. 2. En svo reyndist ekki. Einar Gunnarsson tjáði mér, að þar eð heldur langur afgreiðslufrestur hefði verið á franska glerinu, hefðu þeir tekið gler frá Gler h.f.

Nú vill svo til, að ein rúða í íbúð minni er frá franska fyrirtækinu. Afgangsrúða frá húsinu nr. 6. Sú rúða er heil, sbr. matsgjörð.

Nú kom fljótlega í ljós, að gler og gluggaumbúnaður í öðrum íbúðum svo og sameign var einnig gallaður, og eftir því sem tíminn leið kom ætíð meira og meira í ljós. Heilmikill leki kom einnig fram víða í húsinu við glugga- og altanhurðir. Þann leka reyndi Ingimar að lagfæra með því að sprauta þéttiefni undir gluggakistur og þröskulda (að utan). Hefur það tekist að mestu. Þegar ekkert skeði varðandi gluggana og gluggabúnaðinn, skrifuðu allir íbúðareigendur bréf, sem afrit er sýnt af á dskj. nr. 5.

Kom nú aldeilis skriður á málið. Þrátt fyrir það, að einstakir íbúðareigendur hefðu margsinnis kvartað við Afl s.f., skeði aldrei neitt, en nú nokkrum dögum eftir að bréfið var sent, birtust þrír af eigendur Afls s.f. í Hraunbæ 2. Voru þeir ekkert annað en vin-

samlegheitin. Skrifuðu niður hjá sér allar rúður í húsinu öllu, er þá þegar voru gallaðar, sem mig minnir að væri meira en helmingur. Fór ekki á milli mála, að þeir ætluðu að bæta úr þessum göllum. Var ekki annað að heyra en þeir vildu helst skipta um allt gler í húsinu frá Gler h.f., þar eð einsýnt væri, að glerið yrði allt ónýtt innan tíðar. Skildu allir ánægðir.

Síðan líður og bíður, og ekkert gerist. Þegar ég fer á stúfana og tala við Einar um, hvað málinu líði, er annað hljóð komið í strokkinn. Ingimar álíti, að Afli s.f. komi málið ekkert við, en ég verði að krefja Gler h.f. bóta. Í millitíðinni er það orðið ljóst, að Gler h.f. er gjaldþrota.

Í greinargerð stefnda frá 14. júní 1970 er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Fyrirsvarsmenn húsbyggjenda segjast aldrei hafa lofað bótum.
2. Reynt að sýna fram á, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á málsókn eða aðgerðum af minni hálfu.
3. Afl s.f. vísar málinu algerlega frá sér yfir á Gler h.f.

Verður nú svarað ofangreindum atriðum.

Liður 1. Þetta er rangt. Einar Gunnarsson lofaði ætíð bótum, og sama gerðu Ingimar Magnússon og Svavar Kristjónsson, er þeir komu í heimsókn, eftir að ábyrgðarbréfið var skrifað 4. maí 1968.

Liður 2. Strax og ég varð var við galla á gleri í stofu, talaði ég við Einar Gunnarsson. Viðtöl okkar urðu æði mörg og ætíð hin vinsamlegustu. Hafði ég enga ástæðu til að ætla annað en að allt mundi þetta ganga vel fyrir sig. Þegar síðar kom í ljós, að gallarnir ágerðust æ meir og ekkert skeði, en við í húsinu heyrðum Ingimar segja, að hann ætlaði sér ekki að halda húsinu við fyrir okkur endalaust, skrifuðum við allir húseigendur í sameiningu margumrætt bréf, dags. 4. maí 1968. Í því bréfi segir: „Á þessu stigi teljum vér ekki ástæðu til að lýsa göllum þessum nánar, þar eð yður hefur verið skýrt frá þessu munnlega". Þessu hafa stefndu aldrei mótmælt, enda vitað um ástand og gang mála allan tímann.

Liður 3. Ég fæ ekki séð, hvernig Afl s.f. getur vísað allri ábyrgð á Gler h.f. Ég keypti íbúðina af Afli s.f. Ég hef aldrei átt nein viðskipti við Gler h.f."

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 15. apríl 1971 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann telur, að hann hafi tekið við íbúðinni í september 1966. Hafi hann þá fengið leyfi hjá stefnda til að mála og fullgera hana, en stefndi hafi ekki þá verið búinn að ljúka við húsið samkvæmt kaupsamningnum. Hafi stefndi ekki

lokið við að fullgera það, sem honum bar samkvæmt kaupsamningi, fyrr en í byrjun ársins 1967. Minnir stefnanda, að meginhluti verksins hafi þó verið búinn um áramótin, annað en að setja teppi á stigagang. Stefnandi kveðst hafa flutt með fjölskyldu sína í íbúðina nokkrum dögum fyrir jól 1966. Hann sá ekkert á glerinu, þegar hann flutti inn í íbúðina, en stuttu seinna, eða um áramótin eða í byrjun árs 1967, kveðst hann hafa orðið þess var, að móða byrjaði að koma á milli glerja í stofuglugga. Kveðst stefnandi þá strax hafa talað við Einar Gunnarsson og síðar marg oft um galla þá, sem fram komu á glerinu og jukust alltaf jafnt og þétt. Aðspurður, hvers vegna hann hafi undirritað afsalsbréfið án athugasemda, þar sem í afsalinu stendur: „Kaupandi hefur kynnt sér núverandi ástand eignarinnar og sættir sig við það að öllu leyti", svarar stefnandi á þá leið, að hann hafi undirritað afsalið á þeim forsendum, að um fullkomið loforð væri að ræða af hálfu Einars Gunnarssonar vegna stefnda um að bæta úr ágöllum glersins. Kveðst stefnandi því ekki hafa gert neinn sérstakan fyrirvara, þegar Haraldur Magnússon fasteignasali gekk frá afsalinu. Telur stefnandi vafalaust, að nefndur Haraldur hafi vitað um ágalla glersins, þegar gengið var frá afsalinu. Stefnandi tekur fram, að miklar skemmdir hafi komið fram á hinu tvöfalda gleri, eftir að afsalið var undirritað, og séu þessar skemmdir að koma fram enn þann dag í dag. Stefnandi segir og, að húsasmíðameistarinn, Ingimar Á. Magnússon, einn af eigendum stefnda, hafi sprautað einhvers konar kítti undir gluggana að utanverðu, þar sem gluggakarmarnir mæta steypunni, eftir að kvartað var. Stefnandi tekur fram, að matsmenn hafi ekki treyst sér til þess að taka með í matið sprungu í múrhúð ofan við glugga, en sprunga þessi sé ennþá opin og leki og vatn þar inn, þegar vatnsveður gengur á vegginn. Hinn 1. desember 1971 hefur stefnandi skýrt svo frá hér fyrir dómi, að þegar hann undirritaði afsalið á skrifstofu Haralds Magnússonar, hafi auk Haralds þeir Ingimar og Einar verið þar viðstaddir. Kveðst stefnandi þá hafa minnst á gallana, sem höfðu komið fram á rúðunni, sem er austast á suðurvegg stofu, við þá Ingimar og Einar. Hafi Haraldur verið inni, þegar mætti ræddi þetta við þá tvo. Aðspurður, hve mörgum rúðum hafi verið komnir fram gallar á, er hann undirritaði afsalið, svaraði stefnandi: „Ég get fullyrt um rúðuna austustu, sem ég minntist á áðan, en ég get ekki fullyrt, hvort rúðan við hliðina á umræddri rúðu hafi þá þegar verið gölluð, en á þeirri rúðu kom næst fram galli."

Stefnandi og einn af eigendum stefnda, Ingimar Ástvaldur Magn-

ússon, voru samprófaðir. Staðhæfir stefnandi, að Ingimar hafi verið fullkunnugt um ágallana á glerinu, áður en afsalið var gefið út. Kveðst stefnandi halda, að hann hafi verið búinn að kvarta við Ingimar um ágallana á glerinu, áður en afsalið var gefið út, en staðhæfir, að hann hafi strax kvartað við Einar Gunnarsson um gallana. Stefnandi tekur fram, að á árinu 1967 hafi íbúðareigendur margsinnis kvartað við Ingimar um það, að vatn safnaðist fyrir í gluggakistum. Ingimar hafi svarað því til, að þetta stafaði af útgufun á múrnum og mundi þetta lagast síðar. Stefnandi tekur fram, „ég man nú eftir ákveðnu tilviki 30. eða 31. desember 1966. Þann dag komu heim til mín Einar Gunnarsson og Ingimar Á Magnússon. Þeir voru þar að breyta skjölum í sambandi við verð á íbúðinni. Þegar því var lokið og við sátum yfir kaffibolla í stofunni heima hjá mér að Hraunbæ 2, þá man ég, að ég minntist á við þá, að það væri byrjað að koma móða í hornið á stóra stofuglugganum. Ég sýndi þeim sömuleiðis vatn, sem mér fannst koma inn í horninu á sama glugga á sama stað eða svipuðum stað og móðan var. Ég keypti íbúðina tilbúna undir tréverk á kr. 750.000.00 af stefnda. Í kaupsamningnum voru hins vegar ekki tilgreindar nema kr. 650.000.00. Var síðastgreind fjárhæð sett inn í kaupsamninginn að ósk stefndu. Stefndu munu hafa séð að sér, þegar líða tók að áramótunum, því þá komu þeir til mín og óskuðu þess að setja rétt verð á íbúðina, sem ég hafði síður en svo á móti. Mig minnir, að ég hafi í þessu sambandi skrifað undir annan samning fyrir þá, en höfuðatriði í þessu samkomulagi var að telja íbúðina rétt fram til skatts. Þetta var að kvöldlagi. Ég held, að þetta sama kvöld hafi þeir farið í heimsókn til hvers einasta íbúðareiganda í húsinu í sama tilgangi. Ég mun leggja fram skattframtal mitt, sem sýnir, á hvaða verði íbúðin er þar talin fram."

Stefnandi var samprófaður hér fyrir dómi hinn 27. apríl 1971 við Einar Guðbjörn Gunnarsson, einn af eigendum stefnda. Stefnandi skýrir svo frá: „Ég kvartaði æ ofan í æ við Einar Gunnarsson, bæði í síma, eins í samtölum við Einar í íbúðinni að Hraunbæ 2. Ég man sérstaklega eftir atvikinu 30. desember 1966, svo sem ég gerði grein fyrir í síðasta réttarhaldi. Framan af ári 1967 og reyndar allt árið átti ég fjölmörg samtöl við Einar um gallann á glerinu. Einar tók jafnan vel í það, og gat ég ekki betur skilið en yfirlýsingar hans gengju í þá átt, að stefndi mundi bæta úr göllunum. Mér er sérstaklega minnisstætt, að eitt sinn vorum við inni í stofu minni. Þá sagði ég við Einar, að ekki væri mér nóg, að ég fengi glerið sjálft bætt, þar sem ég hefði fengið málara-

meistara til þess að mála gluggana. Ef skipta þyrfti um gler, mundi málningin á gluggakörmunum skemmast, og þyrfti ég að fá þær skemmdir einnig bættar. Þessari umkvörtun minni svaraði Einar á þá leið, að hann mundi einnig sjá um úrbætur í því efni. Auknir gallar fóru að koma fram á glerinu bæði í minni íbúð og hjá öðrum íbúðareigendum í húsinu á árinu 1968. Ég kvartaði enn við Einar. Þegar kom fram á árið 1968, fór að koma annað hljóð frá Einari. Virtist hann þá ekki eins fús og áður að bæta úr þeim göllum, sem hann var áður búinn að lofa að bæta úr. Varð þetta til þess, að íbúðareigendur skrifuðu bréfið á dskj. nr. 5. Skömmu eftir að bréfið hafði verið skrifað, mættu Einar, Ingimar, og að ég held Svavar Kristjónsson, á staðinn og skoðuðu glerið í húsinu bæði í einstökum íbúðum, sem þeir komust í, og í sameigninni. Skrifuðu þeir niður gallaðar rúður. Virtist mér sem aðaláhyggjuefni stefndu væri, að gallar væru ekki komnir fram á öllum rúðum, svo að hægt væri að skipta um glerið í einu lagi, en ég vil taka fram, að eftir þetta komu nýir gallar fram og eru reyndar enn að koma fram á rúðum í húsinu. Stefndu fóru við svo búið, og gat ég ekki betur skilið en að þeir mundu ætla að bæta úr göllum glersins með því að skipta um gler."

Stefnandi tekur fram, að hann hafi ekki fyrr en í síðasta réttarhaldi séð samninginn á milli Glers h/f og stefnda á dskj. nr. 12.

Stefnandi var hinn 17. maí 1971 samprófaður við Svavar Kristjónsson rafvirkjameistara, einn af eigendum stefnda. Skýrir stefnandi þá svo frá, að Svavar hafi séð um allan fullnaðarfrágang á raflögn í íbúð hans. Bæði Svavar og einhver maður frá honum hafi unnið í íbúðinni í desember 1966 og janúar 1967. Þar að auki hafi Svavar unnið við fullnaðarfrágang á rafmagni í sameign á þessum tíma. Kveðst stefnandi margoft hafa hitt Svavar á þessum tíma. Staðhæfir stefnandi, að hann hafi farið með Svavari að hinum gölluðu rúðum og sýnt honum þær á þessum tíma. Hafi Svavar séð gallana og lýst yfir eða gefið í skyn, að gallar þessir væru slæmir. Hafi Svavar m. a. minnst á, að stefndi hafi tekið gler frá Gleri h/f, vegna þess að langur afgreiðslufrestur hafi verið á öðru gleri.

Stefnandi hefur hér fyrir dómi 29. desember 1971 skýrt svo frá, að hann geti ekki betur munað en að Reynir Einarsson, starfsmaður Glers h/f hafi framkvæmt skoðun sína haustið 1967. Sama haust hafi menn frá stefnda sprautað þéttiefni undir gluggakistur og þröskulda dyra á svölum íbúðar stefnanda. Stefnandi tekur fram, að sömu menn hafi á sama tíma sprautað þéttiefni á sam-

svarandi hátt í fleiri íbúðum í umræddu húsi. Hann segir, aðspurður, að hann hafi beint kvörtunum sínum mest til stefnda Einars, vegna þess að Einar hafi unnið lengur í húsinu en hinir stefndu. Að því er varðar setninguna „skemmdir, sem fram höfðu komið á gluggum á íbúð hans," í vottorðinu á dskj. nr. 14, segir stefnandi aðspurður, að margs konar gallar hafi komið fram á gluggum í íbúð mætta, m. a. að gluggakistur fylltust af vatni, og taumar af einhvers konar óhreinindum láku niður rúðurnar að innanverðu og hafi lagt af þeim daunillan þef og finnist sú óþefjan enn. Þá hafi verið sprunga yfir austurglugga í stofu, sem hafi lekið og leki enn. Stefnandi segir, að ekki hafi verið skráðar fundargerðir viðvíkjandi þeim fundum, sem vottorðið á dskj. nr. 14 greinir frá.

Ingimar Ástvaldur Magnússon húsasmíðameistari, einn af eigendum stefnda, hefur hér fyrir dómi hinn 13. apríl 1971 skýrt svo frá, að stefndi hafi látið setja, að því er hann minnir, tvöfalt gler frá H. Benediktssyni h/f í húsin nr. 4 og nr. 6 við Hraunbæ. Hafi þessi tvö hús verið byggð á undan húsinu nr. 2. Var mætti meistari að húsunum. Húsin voru byggð á kostnað stefnda. Mætti kannast ekki við að hafa farið með stefnanda í herbergi í húsinu nr. 6 við Hraunbæ, áður en kaupsamningur á dskj. nr. 3 var undirritaður, og kynnt stefnanda þar tvöfalt gler, sem samsett hafi verið erlendis. Mætti segir, að aldrei hafi staðið til, að stefndi keypti gler hjá H. Benediktssyni h/f í húsið nr. 2 við Hraunbæ. Hann minnir, að stefndi hafi boðið út, þ. e. leitað eftir tilboðum í tvöfalt gler í húsið nr. 2 við Hraunbæ. Kveðst hann ekki muna, hverjir gerðu tilboð, en hann telur trúlegt, að auk H. Benediktssonar h/f og Glers h/f hafi Eggert Kristjánsson h/f gert tilboð og Vélar og verkfæri h/f og ef til vill Cudogler h/f. Hann telur trúlegt, að hægt sé að grafa þetta upp. Hann kveðst ekki sjá ástæðu til þess að kanna þetta frekar, enda kveðst hann hafa annað við sinn tíma að gera. Hann býst við, að hann hafi valið að kaupa gler frá Gleri h/f, vegna þess að Gler h/f hafi gert hagkvæmasta tilboðið. Hann segir, að einu sinni áður hafi stefndi verið búinn að kaupa tvöfalt gler af Gleri h/f, þá í húsið Háaleitisbraut 32. Hafi það gler reynst ágætlega, en stefndi hafi byggt það hús. Aðspurður, hvenær stefnandi hafi fyrst kvartað við mætta út af ágöllum glersins, svarar mætti: „Minnir mig, að það hafi verið á árinu 1968. Það var eitthvað smit eða leki hjá gluggum. Við fórum og litum á þetta, við Einar Gunnarsson. Við létum bæta úr þessu með þéttiefni, sem við settum undir gluggana, þar sem okkur virtist helst, að möguleiki væri, að raki kæmi. Við vorum þó alls

ekki vissir um, að raki kæmi þarna. Síðan höfum við ekki fengið neina kvörtun um leka. Mig minnir, að móða hafi sést á einni rúðu, þegar við skoðuðum. Við vísuðum strax á Gler h/f um bót á því. Ég veit ekki annað en þeir hjá Gleri h.f. hafi orðið við þeirri beiðni. Ég man ekki eftir, að við skoðuðum nema íbúð stefnanda." Mætti segir, að ábyrgðarbréf, sem stefndi hafi fengið með kvörtun út af glerinu, hafi komið, löngu eftir að umrædd skoðun fór fram. Mætti kveðst hafa móttekið frumrit af bréfinu frá 4. maí 1968. Mætti kveðst hafa móttekið bréf stefnanda til stefnda frá 2. október 1969. Hann skýrir svo frá, að stefndi hafi ekki skipt um neina rúðu í umræddu húsi.

Ingimar Ástvaldur Magnússon var samprófaður við stefnanda. Tók Ingimar þá fram: „Það er rangt, að aukarúða, sem stefnandi talar um í skýrslunni, sé frá H. Benediktsson h.f. Sú rúða og tvær eða þrjár aðrar í húsinu á austurstafni eru frá Vélum og verkfærum h.f., sem fluttu það gler inn samsett." Frekar aðspurður kannast Ingimar ekki við, að stefnandi hafi kvartað um ágalla á glerinu, áður en afsalið var gefið út. Ingimar tekur fram, að áður en sumt fólkið var flutt í íbúðirnar, hafi komið mikið vatnsveður. Hafi opnanlegir gluggar á íbúð stefnanda og fleiri gluggar á austurhlið hússins verið opnir. Hafi vatn flætt inn um gluggana. Ingimar, sem jafnan kveðst hafa verið með annan fótinn á staðnum, sá þetta. Kveðst Ingimar hafa talið vatnsflóð þetta óviðkomandi stefnda, þar sem það hafi orðið fyrir vangæslu eigenda íbúða í húsinu. Ingimar kannast ekki við kvörtun frá íbúðareigendum um það, að vatn safnaðist fyrir í gluggakistum, en ef slík kvörtun hafi komið fram, telur hann, að hann muni hafa gefið þá skýringu, að ef loftræsting sé ekki næg og kuldi sé úti, þá myndist alltaf raki niður við samskeyti glers og gluggakistu. Ingimar kannast ekki við að hafa heimsótt stefnanda eða aðra íbúðareigendur 30. eða 31. desember 1966, svo sem stefnandi hefur lýst í skýrslu sinni.

Einar Guðbjörn Gunnarsson málarameistari hefur hér fyrir dómi hinn 27. apríl 1971 skýrt svo frá, að hann sé eigandi stefnda að 1/4 hluta. Kveðst hann sem slíkur hafa haft meiri og minni afskipti af byggingu húss þess, sem í málinu greinir. Hann telur öruggt, að búið hafi verið að setja glerið í fyrir 22. ágúst 1966, en telur líklegast, að það hafi verið sett í í júlímánuði það ár. Hann kveðst gera ráð fyrir, að stefnanda hafi verið afhent íbúðin síðast í ágúst 1966. Tekur hann fram í því sambandi, að þann 30. þess mánaðar hafi stefnandi greitt peninga samkvæmt 2. lið kaupsamningsins. Telur mætti, að einmitt um svipað leyti hafi stefnandi

tekið við íbúðinni. Þegar stefnandi tók við íbúðinni, hafi stefndi ekki verið búinn að ganga frá ýmsu varðandi sameignina. Aðspurður, hvenær stefnandi kvartaði við mætta um galla á gleri í íbúð stefnanda, svaraði hann: „Mér er nær að halda, að það hafi ekki verið fyrr en á árinu 1968. Ég man, að kvartað var á árinu 1967 undan smiti með gluggakörmum, þar sem steinn og tré komu saman. Ég held, að kvörtun um þetta hafi m. a. komið frá stefnanda. Þetta var lagfært með því að sprauta þéttikítti neðan undir alla glugga að utanverðu. Töldum við þetta úrbót, enda höfum við ekki fengið kvartanir eftir ofangreinda lagfæringu. Ég minnist þess ekki, að á síðastgreindum tíma, þ. e. þegar þéttikíttið var borið á, að komið hafi fram kvartanir um galla á glerinu. Ég minnist þess ekki að hafa komið á heimili stefnanda 30. desember 1966. Ég minnist þess heldur ekki, að stefnandi hafi kvartað um galla á glerinu fyrr en á árinu 1968. Frekar aðspurður, hvort hann geti staðhæft, að stefnandi hafi ekki kvartað við mætta fyrr en á árinu 1968 út af göllum á glerinu, svarar mætti: „Ég segi bara eins og ég hefi sagt. Ég man ekki eftir því." Aðspurður, hvort hann staðhæfi, að hann hafi ekki komið hinn 30. desember 1966 ásamt meðstefnda Ingimari á heimili stefnanda eða annarra íbúðareigenda, svarar mætti: „Það er langt um liðið síðan þetta var, og ég get ekki munað neitt um þetta nú.""

Einar Guðbjörn og stefnandi voru samprófaðir. Einar tók þá fram: „Ég minnist þess, að eftir að við fengum bréfið á dskj. nr. 5, fórum við og skoðuðum glerið í húsinu. Mig minnir, og ég man ekki betur en það hafi verið þá, sem stefnandi ræddi um, að hann þyrfti einnig að fá bætta málningu á gluggakörmum, en hann mun einn af fáum hafa verið búinn að láta mála gluggana hjá sér á fullkominn hátt. Mig minnir, að það hafi verið í þetta skipti, að ég hafi sagt eitthvað á þá leið, að ef málningin skemmdist, þá skyldi ég reyna að lagfæra það." Aðspurður, hvort hann hafi þá ekki lofað stefnanda að bæta ágallana á glerinu, fyrst hann kannist við að hafa haft orð á að bæta málningu á gluggakörmum, svarar Einar Guðbjörn: „Við töldum okkur ekki bera skyldu til að bæta glerið, þar sem glertryggingin, sem fram kemur á dskj. nr. 12, var í gildi. Reynir Einarsson, starfsmaður Glers h.f., var búinn að fara að Hraunbæ 2 og líta á glerið. Ég ræddi um gallana á glerinu við Reyni og bað hann um að skoða glerið. Eftir að Reynir hafði skoðað hið gallaða gler í húsinu, sagði hann, að Gler h.f. bætti þetta eins og annað gler, sem frá þeim kæmi, sem móða kæmi á milli, enda stendur í samningnum á dskj. nr. 12,

að Gler h.f. skuli gera þetta.“ Einar Guðbjörn segir, að sérstakt kítti, sem Gler h/f mældi með, hafi verið notað við ísetningu rúðnanna. Hann man ekki nafnið á undirburði þessum. Var Einar Guðbjörn beðinn um að upplýsa réttinn nánar um það, hvaða undirburður var notaður undir glerið. Einar Guðbjörn tekur fram, að stefnanda og öðrum íbúðareigendum hafi mátt vera ljóst, eftir að Reynir hafði farið á vettvang, að Gler h/f ætti að bæta úr skemmdunum. Aðspurður minnir Einar Guðbjörn, að tilboði Glers h/f um kaup á gleri í húsið hafi verið tekið vegna þess, að stystur afgreiðslufrestur hafi verið af hálfu þess fyrirtækis. Hann segir, að stefndi hafi áður verið búinn að kaupa gler hjá Gleri h/f í húsið nr. 32 við Háaleitisbraut og hafi stefnda ekki verið tilkynnt um neina galla á því gleri. Hann minnir, að glerið í síðastgreint hús hafi verið sett í á árinu 1964.

Svavar Kristjónsson rafvirkjameistari, einn af eigendum stefnda, hefur hér fyrir dómi hinn 17. maí 1971 skýrt svo frá, að hann hafi verið rafvirkjameistari við húsið nr. 2 við Hraunbæ. Hann minnir, að hann hafi verið viðstaddur, þegar gengið var frá kaupsamningi til Óskars Guttorms Sigurðssonar um íbúð á I. hæð til vinstri nr. 2 við Hraunbæ. Mætti man ekki, hverjir aðrir voru viðstaddir, en gengið var frá kaupsamningnum hjá Haraldi Magnússyni fasteignasala. Mætti minnist þess ekki, að í kaupsamningi þessum hafi söluverðið verið tilgreint annað heldur en það var. Mætti minnist þess ekki að hafa komið á heimili Óskars eða stefnanda fyrir áramótin 1966—1967 til þess að fá þá til þess að telja fram á skattframtali rétt söluverð, en ekki það verð, sem tilgreint var í kaupsamningi. Mætti kveðst ekki hafa heyrt um það, fyrr en eftir að bréfið á dskj. nr. 5 var sent stefnda, að gallar væru á glerjum á húsinu nr. 2 við Hraunbæ. Eftir að bréfið barst stefnda, fór mætti ásamt þeim Ingimar og Einari til stefnanda og eitthvað víðar í íbúðir í húsinu til þess að kanna kvartanir þær, sem fram komu um galla í nefndu bréfi. Minnir mætta, að hann hafi séð móðu á milli glerja í gluggum í íbúð stefnanda. Ekki minnist mætti þess, að hann hafi í það sinn lofað stefnanda, að stefndi skyldi bæta úr göllunum. Mætti man ekki, hvort hann vann við raflagnir í húsinu 1966 og í janúar 1967.

Svavar Kristjónsson og stefnandi voru samprófaðir. Svavar minnist þess ekki að hafa átt viðræður við stefnanda um glerið og kannast heldur ekki við að hafa séð galla á glerjum í gluggum hússins, fyrr en eftir að bréfið á dskj. nr. 5 hafði verið sent. Hann kannast ekki við að hafa séð gölluð gler í gluggum umræddsa húss,

fyrr en hann skoðaði íbúðirnar, eftir að bréfið á dskj. nr. 5 var sent stefnda. Kveðst stefndi ekkert hafa heyrt um galla á glerjum í húsinu, fyrr en stefnda barst margnefnt bréf. Hann kveðst ásamt fleirum hafa unnið að frágangi á raflögn í húsinu. Hann tekur nú fram, að firmað Raflagnir og vindingar s/f hafi séð um raflögn í húsinu, en hann kveðst vera starfsmaður þess fyrirtækis og eiga það að hálfu á móti stefnda Jóni Guðjónssyni, sem sé rafvélavirki.

Kolbrún Skaftadóttir, eiginkona stefnanda, hefur í vottorði, dags. 27. apríl 1971, m. a. skýrt svo frá: „... að hinn 30. desember 1966 komu þeir Ingimar Magnússon og Einar Gunnarsson á heimili okkar hjónanna. Við það tækifæri var þeim sýnd skemmd rúða í stofu, og lofuðu þeir báðir, að þær skemmdir skyldu bættar. Þá er ég einnig reiðubúin að votta, að ég hlustaði á mörg símtöl, sem maðurinn minn átti við Einar Gunnarsson, þar sem hann kvartaði undan gölluðum gluggarúðum og fleiru varðandi ísetningu á gleri."

Kolbrún hefur hér fyrir dómi hinn 27. apríl 1971 lýst ofangreint vottorð rétt. Hún skýrir svo frá, að fljótlega eftir að þau hjón fluttu inn í íbúðina rétt fyrir jólin 1966, hafi farið að myndast móða milli glerja í stofuglugga. Hver rúða af annarri hafi síðan farið að taka móðu á milli glerjanna. Hafi ágallar glersins aukist á árunum 1967 og 1968 og séu reyndar enn að koma fram. Hún treystir sér ekki til að tímasetja símtöl þau, sem hún tilgreini í vottorðinu, en kveðst þó muna, að maður hennar hafi átt símtöl við Einar Gunnarsson strax á fyrri hluta árs 1967. Hún kveðst muna eftir, að í eitt skipti hafi Einar Guðbjörn komið á heimili þeirra hjóna að Hraunbæ 2 og hafi hann þá lofað að mála gluggakarmana, þegar búið væri að skipta um glerið. Hún man ekki, hvenær þetta samtal fór fram.

Kolbrún hefur hér fyrir dómi hinn 27. apríl 1971 skýrt svo frá, að hún hafi íhugað nánar, hvenær hún átti samtalið við Einar Guðbjörn, sem um getur í skýrslu hennar áður fyrir dómi. Segir hún, að nýbúið hafi verið að mála gluggakarmana og muni þetta hafa verið í janúar 1967. Hún kveðst hafa séð Svavar við vinnu og umsjón í húsinu, eftir að hún flutti þangað. Hún segir, að hún hafi séð Svavar skoða hið gallaða gler, áður en bréfið á dskj. nr. 5 var sent. Hana minnir, að það hafi verið snemma árs 1967.

Haraldur Magnússon fasteignasali hefur hér fyrir dómi hinn 1. desember 1971 skýrt svo frá, að hann hafi séð um söluna á flestum eða öllum íbúðum í húsunum nr. 2, 4 og 6 við Hraunbæ. Hús-

ið nr. 6 var fyrst byggt, þá nr. 4 og að lokum nr. 2. Hann kveðst yfirleitt ekki hafa sýnt íbúðirnar, heldur vísað á byggingameistarann, Ingimar Magnússon, sem að staðaldri hafi verið á staðnum og séð um að sýna væntanlegum kaupendum framkvæmdir á staðnum. Hann kveðst hafa undirritað kaupsamninginn og afsalið til stefnanda sem vitundarvottur. Hann minnist þess ekki að hafa heyrt stefnanda ræða við Ingimar og Einar um galla á gleri, þegar stefnandi undirritaði afsalið. Hann kannast þó við að hafa fengið vitneskju um galla á rúðum stefnanda, en man ekki, frá hverjum hann fékk þá vitneskju eða hvenær. Hann segir, að kaupendur sækist oft eftir að fá afsal sem fyrst, en hafi komið fram minni háttar gallar eða ákveðnum hlutum verksins ekki lokið, þá tíðkist það, að undirrituð sé sérstök yfirlýsing, um leið og afsal er gefið út, en sé um meiri háttar galla að ræða, þá sé tekið fram í afsali um það. Vitnið telur, að verðið á íbúðunum í húsinu nr. 2 við Hraunbæ hafi verið sambærilegt miðað við verðlag á sölutíma og verð íbúðanna í húsunum nr. 4 og 6 við sömu götu.

Í vottorði, dagsettu 27. apríl 1971, dskj. nr. 14, hafa Örn Ingvarsson, Björn Björnsson, Óskar G. Sigurðsson, Jón B. Magnússon, Jónas Jónasson og Ásgrímur Hilmisson skýrt svo frá:

„Við undirritaðir íbúðareigendur í húsinu nr. 2 við Hraunbæ vottum það hér með, að á mörgum húsfundum á fyrstu mánuðum ársins 1967 skýrði Hörður Felixson frá viðræðum sínum við Einar Gunnarsson og Ingimar Magnússon varðandi skemmdir, sem fram höfðu komið á gluggum á íbúð hans. Einnig viljum við votta það, að síðar komu fram verulegar skemmdir á gluggum á íbúðum okkar, sem leiddu til þess, að byggjendum var sent bréf, dags. 4. maí 1968. Þá skal þess einnig getið, að áður en við festum kaup á íbúðunum, var okkur bent á af fasteignasalanum að kynna okkur frágang á húsinu nr. 6, sem er sams konar hús, en í því húsi var erlent verksmiðjugler. Var okkur þá tjáð, að íbúðir okkar, sem þá voru í byggingu, yrðu nákvæmlega eins."

Jón B. Magnússon hefur í vottorði, dags. 26. apríl 1971, dskj. nr. 15, skýrt svo frá:

„Ég undirritaður, Jón Magnússon, sem á íbúð á III. hæð í húsinu nr. 2 við Hraunbæ, en íbúð mín er beint fyrir ofan íbúð Harðar Felixsonar, lýsi hér með yfir því, að ég var viðstaddur og hlustaði á, þegar Hörður Felixson ræddi við Svavar Kristjónsson, rafvirkjameistara, og bar fram kvartanir vegna skemmda á gleri í íbúð sinni. Að því er mig frekast minnir, mun samtal þetta

hafa átt sér stað um það leyti, sem Hörður Felixson flutti inn í íbúð sína."

Jón B. Magnússon hefur hér fyrir dómi hinn 26. apríl 1971 lýst ofangreint vottorð á dskj. nr. 15 rétt. Vitnið segir, að allt glerið í íbúð þess sé ónýtt nema ein rúða. Vitnið kannast við nafnritun sína undir yfirlýsinguna á dskj. nr. 14 og kveður þar rétt frá greint. Vitnið segir, að gallar hafi farið að koma fram á gleri í íbúð vitnisins á miðju ári 1967 eða þar um bil.

Óskar Sigurðsson hefur í ódagsettu vottorði, dskj. nr. 16, skýrt svo frá:

„Áður en ég festi kaup á íbúðinni, skoðaði ég íbúð í Hraunbæ 6 hjá Ingimar Magnússyni, sem sagði, að íbúðirnar í Hraunbæ 2 yrðu nákvæmlega eins."

Óskari Sigurðssyni var hér fyrir dómi kynnt vottorðið á dskj. nr. 14 og vottorðið á dskj nr. 16. Kveður vitnið rétt frá greint í vottorðinu á dskj. nr. 14 með þeirri athugasemd, sem fram kemur í vottorðinu á dskj. nr. 16. Vitnið kveðst hafa undirritað bréf sama efnis og dskj. nr. 5. Vitnið minnir, að það hafi flutt inn í íbúð sína I. hæð til vinstri í húsinu nr. 2 við Hraunbæ fyrir áramótin 1966—67. Vitnið segir, að mjög fljótlega, eftir að vitnið flutti í íbúðina með fjölskyldu sína, hafi það orðið vart við móðu á milli glerja í tveim rúðum. Var þar um að ræða eystri rúðuna af tveim stórum rúðum í stofu og stóru rúðuna í borðstofu. Segir vitnið, að stefndi hafi fengið vitneskju um þessa galla á glerinu fyrri part árs 1967, en vitnið kveðst muna, að það ræddi um gallana við einhvern af stefndu, einn eða fleiri. Segir vitnið, að stefndi hafi þá verið að vinna öðru hverju í húsinu. Eftir að bréfið á dskj. nr. 5 var sent stefndu, hafi þrír af stefndu, Einar, Ingimar og Svavar, komið inn í íbúðina gagngert til þess að skoða rúðurnar í íbúðinni. Vitnið var viðstatt, þegar þeir komu í íbúð vitnisins. Telur vitnið, að það hafi ekki verið löngu eftir, að bréfið var sent. Ástand glerjanna var þá svipað og vitnið hefur fyrr lýst, að verið hafi á árinu 1967. Kveðst vitnið einungis hafa kvartað undan þessum tveim rúðum. Vitnið segir, að sér hafi virst, að stefndu, sem mættu til skoðunar, teldu allt glerið gallað og einn þeirra hafi sagt eitthvað á þá leið: „Það eiga þá eftir að koma fram gallar á því gleri, sem ekki sést á nú." Stefndu gáfu ekki yfirlýsingar um það, að þeir mundu bæta úr göllunum, en vitnið, sem taldi, að stefndu væru komnir til þess að kanna, hvað lagfæra þyrfti, kveðst hafa talið alveg öruggt, að stefndu mundu bæta úr þessum

göllum, enda þótt þeir gæfu ekki sérstaka yfirlýsingu í þá átt. Að gefnu tilefni segir vitnið, að í kaupsamningi þess við stefndu hafi kaupverðið verið kr. 100.000.00 lægra heldur en það raunverulega var. Hafi það verið sett að skilyrði fyrir kaupum, að kaupverðið væri þannig tiltekið í kaupsamningnum. Vitnið kveðst strax hafa mótmælt þessu, þegar það ræddi um kaupin við fasteignasalann, Harald Magnússon. Stefndi Ingimar hafi þá lýst yfir, að þá yrði vitnið að verða af kaupunum. Vitnið segir, að í þetta sinn hafi meðstefndu, Einar og Svavar, einnig verið viðstaddir á skrifstofu fasteignasalans við Tjarnargötu. Síðar hafi allir þrír áðurgreindu stefndu komið á heimili vitnisins, sem þá var flutt í húsið, rétt fyrir áramótin 1966 — 67 og þeir hafi óskað þess, að vitnið tilgreindi á skattframtali sínu hið rétta söluverð íbúðarinnar, en ekki verð það, sem í kaupsamningi stóð. Vitnið segir, að móða hafi síðar komið fram á milli glerja í fleiri gluggum en vitnið hefur tilgreint hér að framan og aukist í þeim tveim gluggum, sem fyrr voru nefndir.

Vitnið Guðmundur Reynir Einarsson skrifstofumaður hefur hér fyrir dómi hinn 7. júní 1971 skýrt svo frá, að það hafi verið starfsmaður Glers h/f frá stofnun þess og fram á árið 1968. Vitnið minnir, að fyrirtækið hafi byrjað rekstur á árinu 1959. Vitnið sá um daglegan rekstur fyrirtækisins á þessum tíma. Vitnið var ekki hluthafi í Gleri h/f. Vitnið minnist þess, að Gler h/f seldi gler í húsið nr. 2 við Hraunbæ. Vitnið kveðst ekki hafa aðgang að skjölum Glers h/f, en getur þess, að Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður sé lögmaður þess fyrirtækis og kunni að geta gefið einhverjar upplýsingar þar að lútandi. Umræddar rúður voru límdar saman á verkstæði Glers h/f að Brautarholti 2. Sama framleiðsluaðferð var viðhöfð við límingu á öllum rúðunum, en rúðurnar voru misjafnlega þykkar, og misjafnlega þykkir listar voru á milli glerjanna. Vitnið segir, að límingaraðferðin sé ekkert framleiðsluleyndarmál, ekki svo vitnið viti til, enda hafi allir gengið um vinnusalinn, þar sem límingin fór fram. Sérstakt lím var borið á glerkantana, þegar búið var að skera glerið til. Límið var enskt frá Bostik Ltd. Vitnið minnir, að listarnir hafi einnig verið frá sama fyrirtæki. Í listunum voru plasttúbur með kristölum eða þurrefni, sem átti að draga rakann, sem var á milli rúðanna, þegar límt var, til sín. Þegar búið var að bera á rúðukantana, voru listarnir settir á milli og þeir límdir við rúðurnar. Listinn var settur þannig, að hann náði ekki alveg út á brún glersins. Myndaðist U-laga holrúm í hinum samlímdu rúðuköntum. Í þetta U-

laga rúm var sett sérstakt efni, sem keypt var frá Hollandi, svart að lit, og minnir vitnið, að það hafi borið nafnið „GUPA". Þegar efni þetta harðnaði, hafi límingu verið lokið. Vitnið tekur fram, að rúðurnar hafi að sjálfsögðu verið hreinsaðar, áður en líming fór fram. Vitnið er spurt að því, hver hafi verið tæknilegur leiðbeinandi við samsetningu glersins. Segir vitnið, að enginn sérstakur tæknilegur ráðgjafi hafi verið við hinn daglega rekstur, og vitnið sá ekki um tæknilegar leiðbeiningar. Sveinn S. Einarsson verkfræðingur hafi verið eigandi að stórum hluta af hlutabréfum í fyrirtækinu og ráðgjafi. Vitnið segir, að gallar hafi verið búnir að koma fram á gleri frá verksmiðjunni, áður en salan til nefnds húss átti sér stað. Vitnið man nú ekki að tilgreina einstök hús í því sambandi. Gallarnir lýstu sér í því, að móða kom á milli glerjanna. Gler h/f reyndi að bæta úr göllum þessum með því að leggja til nýjar rúður í stað hinna gölluðu, en fyrirtækið tók ekki að sér að skipta um rúðurnar, þ. e. að taka þær gömlu úr og setja hinar nýju í staðinn. Vitnið segir, að samsetningaraðferðin, sem notuð var, hafi borið nafnið isotherm. Vitnið minnist þess að hafa farið og skoðað a. m. k. eina rúðu í einni íbúð að Hraunbæ 2. Telur vitnið vafalaust, að það hafi gefið Einari yfirlýsingu í þá átt, að Gler h/f mundi útvega nýtt gler í stað þess, sem gallað væri. Vitnið kannast við að hafa átt símtal við stefnanda í eitt sinn. Hafi stefnandi þá hringt og kvartað yfir gallaðri rúðu. Vitnið kveðst ekki geta nú munað, hvenær þetta símtal fór fram. Vitnið minnir fastlega, að stefnandi hafi kvartað um eina rúðu, og vitnið kveðst ekki muna eftir nema einni gallaðri rúðu, þegar það fór í íbúðina í Hraunbæ nr. 2 til þess að skoða glerið eftir framkomna kvörtun. Svo sem vitnið hefur fyrr frá skýrt, kveður það stefndu Einar og Ingimar hafa rætt við sig um gallana á glerinu í húsinu nr. 2 við Hraunbæ. Vitnið minnir eða leit svo á, þegar það skoðaði glerið í íbúðinni að Hraunbæ 2, að flutt væri inn í allar íbúðirnar. Vitnið segir, að glerið, sem notað var, hafi verið belgískt A-gler. Er það álit vitnisins, að glerið sem slíkt hafi verið eitt af því besta, sem var á markaði hér á landi. Matsgerðin í málinu er lesin upp í réttinum. Vitnið veit ekki, hvaða efni var í listunum, sem notaðir voru við samsetningu rúðnanna, en vitnið telur hæpið að nefna það „kíttismassa". Vitnið lætur þess getið, að Hallgrímur Björnsson efnaverkfræðingur hafi verið einn af stofnendum Glers h/f. Kunni hann að geta gefið upplýsingar um efni þau, sem notuð voru. Vitnið kveðst ekki geta útvegað réttinum lista af sömu gerð og notaðir voru.

Í ábyrgðar- og söluskilmálum fyrir ISOTHERM einangrunarglerið, sem Gler h/f seldi stefnda í umrætt hús, stendur m. a.:

„Seljandi tekur ábyrgð á, að gagnsæi rúðnanna haldist óbreytt í tvö ár frá því að hann hefur framleitt þær....

Ábyrgð þessi er þó bundin því skilyrði, að frágangur gluggakarma og ísetning rúðunnar sé framkvæmd samkvæmt þeim reglum, sem seljandi hefur sett, og kaupandi fengið afhentar, og ennfremur að notaður sé undirburður (kítti), sem seljandi hefur samþykkt....

Nú spillist gagnsæi rúðu á ábyrgðartímabilinu og lætur þá seljandi kaupanda í té nýja rúðu, gegn afhendingu gömlu rúðunnar, sem þá verður eign seljanda. Kaupandinn ber allan kostnað af ísetningu hinnar nýju rúðu, svo og pökkunar-, sendingar- og vátryggingarkostnað vegna hennar, ef til kemur.

.....

Kröfum reistum á ábyrgðarskuldbindingunni skal komið til seljanda, skriflega, ekki síðar en 30 dögum eftir að gagnsæi spillist, og fellur niður allur réttur kaupanda, ef krafa kemur seinna fram.

Ábyrgð þessi fylgir ISOTHERM-rúðunum í húsinu, sem þær hafa verið settar í, án tillits til eigendaskipta á því."

Gler h/f er nú undir gjaldþrotaskiptum. Í málinu liggur frammi svofellt vottorð:

„Það vottast hér með, að tvöfalt gler, sem byggjendur hússins nr. 32 við Háaleitisbraut, Afl s/f, lét setja í glugga hússins, hefur reynst mjög illa. Fljótlega eftir að kaupendur íbúðarinnar fluttu inn, fór að bera á móðu milli glerja. Hefur það ágerst, og nú er svo komið, að í mörgum gluggum er móða á milli rúðnanna, eins og hægt er að ganga úr skugga um.

Reykjavík, 18. apríl 1972.

F. h. húsfélagsins Háaleitisbraut 32, Reykjavík
Nikulás Oddgeirsson, Háaleitisbraut 32.
Fyrir hönd manns míns Garðars Jónssonar,
Guðrún Freysteinsdóttir, Háaleitisbraut 32.
Kristinn Kristvarðsson, Háaleitisbraut 32."

Dómendur fóru hinn 16. maí 1972 að Háaleitisbraut 32 og skoðuðu allmargar rúður í því fjölbýlishúsi. Móða var á milli glerja í flestum rúðum þeim, sem litið var á.

IV.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi átt að fá umrædda íbúð í fyrsta flokks standi. Á það hafi mikið skort,

þar sem gluggar og umbúnaður þeirra hafi reynst stórlega gallaðir, svo sem fram komi í málinu. Hér hafi verið um leynda galla að ræða, sem stefndi beri sem seljandi óskoraða bótaábyrgð á gagnvart stefnanda.

Fyrirsvarsmenn stefnda hafi margsinnis lofað að bæta úr göllum þessum án þess þó að efna það lofarð. Beri því þegar af þessum ástæðum að taka kröfurnar til greina, en stefnandi kveðst alfarið byggja fjárhæð bótakröfu sinnar á niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna. Telji dómurinn hins vegar ekki fullsannað, að bótum hafi verið lofað, þá heldur stefnandi því fram, að bótaskylda stefnda sé ótvíræð engu að síður samkvæmt þeim reglum, sem um fasteignakaup gildi. Tekur stefnandi fram í því sambandi, að hann hafi kvartað nægjanlega og á réttum tíma og hafi hann því ekki fyrrt sig neinum rétti til að heimta bætur úr hendi stefnda fyrir hina leyndu galla. Er öllum varnaðarástæðum stefnda mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Stefnandi leggur sérstaka áherslu á, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi ekki haft uppi sérstök mótmæli gegn þeim yfirlýsingum, sem fram komu í bréfi íbúðareigenda frá 4. maí 1968, en þar stendur: „Eins og yður er kunnugt, hafa komið fram ýmsir gallar á húseigninni nr. 2 við Hraunbæ" og að „yður hefur verið skýrt frá þessu munnlega, og einhverjir menn á yðar vegum hafa kynnt sér galla þessa."

Af hálfu stefnda er því alfarið neitað, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi lofað bótum, þegar kvartanir að lokum bárust frá hendi stefnanda. Þeir hafi algerlega vísað öllum kröfum stefnanda á bug og bent stefnanda á seljanda glersins, Gler h/f, og hafi farið fram miklar og endurteknar viðræður á milli þessara aðilja, án þess að stefndu kæmu þar nærri. Það hafi ekki verið fyrr en með bréfinu frá 4. maí 1968 sem stefnandi hafi snúið sér í alvöru til fyrirsvarsmanna stefnda, og það hafi ekki verið fyrr en 2. október 1969, sem stefnandi sendi matsgerð og gerði kröfu til greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda. Af hálfu stefnda er vitnað til matsgerðarinnar, þar sem matsmenn taki fram, að ókunnugt sé um upptök leka, enn fremur að kíttistegund sé ókunnug og hafi ekki reynst vel. Matsmenn vilji eigi slá því föstu, að vinnubrögðum væri áfátt. Er fullyrt af hálfu stefnda, að hvorki fyrirsvarsmenn stefnda né starfsmenn hans beri ábyrgð á göllum þeim, sem fram hafi komið á glerinu. Með vísan til þessa svo og þess, að stefnandi hafi eigi kvartað undan göllunum eða haldið uppi málsókn vegna þeirra fyrr en allt of seint, sbr. 52. gr. og 54. gr. laga nr. 39/1922, sbr. og dóm Hæstaréttar 1964, bls. 893, þá verði að líta svo á,

að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda og beri því að taka sýknukröfuna til greina. Er á það lögð áhersla af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki sannað, að hann hafi kvartað fyrr en 4. maí 1968. Einnig bendir stefndi á, að undir rekstri málsins hafi stefnandi viðurkennt, að ýmsir gallar hafi verið komnir fram á gluggum íbúðarinnar, áður en afsal var undirritað. Stefnandi hafi þrátt fyrir það undirritað afsalið með yfirlýsingunni: „Kaupandi hefur kynnt sér núverandi ástand eignarinnar og sættir sig við það að öllu leyti.“ Með því að gefa slíka yfirlýsingu hafi stefnandi fyrrt sig öllum rétti til bóta.

V.

Af gögnum málsins er ljóst, að um eða upp úr áramótum 1966—67 fór að koma móða á milli glerja í íbúð stefnanda. Stefnandi kveðst þegar hafa borið fram kvartanir við einn eða fleiri eigendur stefnda. Af hálfu stefnda var vísað á Gler h/f, framleiðanda hins tvöfalda glers. Stefnandi ræddi við starfsmann Glers h/f, Guðmund Reyni Einarsson, em kveður þá Ingimar Á. Magnússon og Einar Gunnarsson einnig hafa rætt við sig um gallana á glerinu í nefndu húsi. Guðmundur Reynir fór á vettvang, og kveðst hann ekki muna eftir nema einni gallaðri rúðu, þegar hann framkvæmdi skoðun sína. Ein rúðan í íbúð stefnanda var ekki keypt hjá Gleri h/f. Hafa ekki komið fram gallar á þeirri rúðu. Móða kom hins vegar á milli glerja í öllum hinum rúðunum. Þegar mat fór fram sumarið 1969, var aðeins ein rúða frá Gleri h/f ógölluð. Þegar dómendur fóru á vettvang 11. nóvember 1971, var móða einnig komin á milli glerja á þeirri rúðu. Af þessu er ljóst, að móðan á milli glerjanna hefur komið á löngum tíma. Ekki er upplýst, hvenær Guðmundur Reynir fór á vettvang til skoðunar. Ætla má þó, að það hafi verið á fyrri hluta árs 1967 og áður en stefnandi undirritaði afsalið hinn 15. júní 1967. Telja verður, að á afsalsdegi hafi aðeins lítill hluti af rúðum í íbúð stefnanda verið með móðu á milli glerja. Stefnandi kveðst hafa ámálgað gallana við tvo af eigendum stefnda, þegar afsalið var undirritað. Þrátt fyrir það undirritaði hann afsalið, sem hafði að geyma yfirlýsingu um, að hann hefði kynnt sér ástand eignarinnar og sætti sig við það að öllu leyti. Sýndi stefnandi af sér gáleysi með því að undirrita afsalið þannig úr garði gert. Varhugavert þykir hins vegar að fullyrða, að stefnandi hafi, þegar hann undirritaði afsalið, mátt gera sér grein fyrir, að frekari galla á rúðunum væri að vænta. Guðmundur Reynir, starfsmaður Glers h/f, mun hafa gefið stefnanda til

kynna, að Gler h/f mundi afhenda nýja rúðu í stað hinnar gölluðu. Þykir samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða að ganga út frá því, að stefnandi hafi undirritað afsalið í þeirri góðu trú, að stefndi endurnýjaði hinar gölluðu rúður, en ósannað er, að stefndi hafi kynnt stefnanda að fullu efni söluskilmála þeirra, sem Gler h/f gerði við stefnda. Ber og í þessu sambandi að hafa í huga áðurgreint loforð Einars Gunnarssonar um lagfæringu á málningu á gluggakörmum eftir ísetningu nýs glers. Einnig er á það að líta, að stefndi lét síðar framkvæma lagfæringar á gluggunum haustið 1967, að því er stefnandi heldur fram. Svo sem fyrr er frá greint, sendi stefnandi ásamt fleirum áskorunarbréf til stefnda hinn 4. maí 1968. Hann fékk dómkvadda matsmenn til að meta gallana hinn 25. júlí 1969 og höfðaði síðan mál þetta hinn 5. maí 1970. Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, og gögn málsins metin í heild, þykir verða að líta svo á, að stefnandi hafi ekki sýnt af sér svo verulegt tómlæti, að kröfur hans vegna gallanna séu af þeim sökum fallnar niður gagnvart stefnda.

Telja verður, að stefnandi hafi mátt treysta því, að gluggarnir í íbúðinni, sem hann keypti af stefnda, sem hefur atvinnu af því að byggja og selja íbúðir, væru gallalausir. Framleiðsla á tvöföldu gleri hefur sýnt sig að vera allvandasöm. Á þeim tíma, sem bygging hússins fór fram, áttu húsbyggjendur hér á landi þó kost á að kaupa tvöfalt gler hjá öðrum framleiðendum, sem um alllangt skeið höfðu fengið orð á sig að afgreiða vandað tvöfalt gler. Hér fyrir dómi hefur því verið neitað að upplýsa til hlítar, hvers vegna fyrirsvarsmenn stefnda ákváðu að kaupa rúðurnar frá Gleri h/f. Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, og málavextir í heild, þykir stefnandi eiga rétt til afsláttar á kaupverðinu, enda þykir mega dæma málið á grundvelli þessarar málsástæðu, þótt hún hafi eigi verið höfð uppi í málinu, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Afsláttur sá, sem stefndi á rétt til, þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00. Verður stefnda dæmt að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem rétt er að ákveða 7% ársvexti frá 15. júní 1967 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Aðalsteini Júlíussyni vitamálastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Afl s/f, greiði stefnanda, Herði Felixsyni, kr. 30.-

000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júní 1967 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Kristins Sigurjónssonar húsasmíðameistara

Ég er sammála ofangreindri málavaxtalýsingu. Ég tel hins vegar, að stefnanda hafi verið ljóst, þegar hann undirritaði afsalið, að gallar voru á gleri í íbúð hans. Ósannað er, að stefnandi hafi þá gert fyrirvara um bætur fyrir þennan galla. Með því að skrifa undir afsalið án fyrirvara tel ég, að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti til bóta úr hendi stefnda út af hinu gallaða gleri. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Afl s/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Felixsonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1974.

Nr. 113/1972: **Kristján Ásgeirsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Lögtak. Tekjuskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. september 1972. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felld og synjað um framkvæmd lögtaks. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest til tryggingar tekjuskatti, kr. 172.000.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður fram fjöldi nýrra gagna, og verður meginefni þeirra rakið hér.

Á árinu 1968 keypti áfrýjandi ásamt öðrum manni v/b Dag, ÞH 66, af skipasmíðastöð einni, og var með þeim félögum helmingafélag um bátinn. Kaupsamningur var gerður 27. apríl 1968, en báturinn afhentur seint á því ári. Samkvæmt skilagrein seljanda 9. desember 1968 nam endanlegt verð bátsins kr. 4.463.276.00. Með kaupsamningi 1. mars 1970 seldu áfrýjandi og sameigandi hans bát þennan ásamt veiðarfærum. Var söluverð veiðarfæra talið kr. 500.000.00, en söluverð bátsins kr. 5.000.000.00. Á skattframtali sínu 1971 taldi áfrýjandi sig ekki hafa haft skattskyldan hagnað af sölu bátsins og veiðarfæranna. Skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra tilkynnti áfrýjanda með bréfi 19. maí 1971, að hann hefði gert ýmsar breytingar á greindu skattframtali. Meðal

annars hefði áfrýjanda verið færður til tekna hálfur hagnaður af umræddri bátssölu, kr. 701.538.00, þar sem báturinn hefði eigi verið í hans eigu þrjú ár, er hann var seldur. Var áfrýjanda gefinn kostur á að koma að athugasemdum um breytingar þessar. Samkvæmt þessu ákvað skattstjóri tekjuskatt áfrýjanda kr. 172.000.00 og önnur opinber gjöld hans kr. 10.820.00. Athugasemdir um þessa skattákvörðun voru af áfrýjanda hálfu gerðar 13. september 1971. Kom þar fram, að áfrýjandi taldi óheimilt að reikna skattskyldan ágóða af sölu veiðarfæranna, með því að þau væru safn „margra áratuga, þótt seljist yfir bókfærðu verði". Þá taldi áfrýjandi, að til viðbótar áðurgreindu kaupverði bátsins ættu að koma að minnsta kosti kr. 100.000.00, sem væri ýmis kostnaður eigenda við kaupin. Kostnaðarverð bátsins væri því kr. 4.563.276.00, sem ætti að koma til frádráttar söluverði við ákvörðun söluágóða. Af söluágóðanum bæri að telja aðeins helming til tekna hjá áfrýjanda, eða kr. 218.362.00. Skattstjóri ritaði áfrýjanda bréf 4. nóvember 1971. Var þar enn beðið um frekari upplýsingar. Í bréfi þessu kemur fram, að skattstjóri telur, að ágóða af sölu bátsins beri að ákveða sem mun kaupverðs og bókfærðs verðs 31. desember 1969. Með bréfum 9. nóvember 1971 og 13. desember s. á. gerði áfrýjandi grein fyrir ýmsum atriðum, er skattstjóri hafði um spurt, og ítrekaði skoðun sína um ákvörðun söluágóða af sölu bátsins og veiðarfæranna.

Skattstjóri ákvað síðan skatt áfrýjanda af nýju 7. janúar 1972. Taldi hann, að þar sem veiðarfæraeign m/b Dags hefði verið talin kr. 250.000.00 í árslok 1969, en veiðarfærin seld 1. mars 1970 fyrir kr. 500.000.00, væri söluágóði kr. 250.000.00, sem væri skattskyldur samkvæmt E lið 7. gr. laga nr. 90/1965, enda ósannað, að veiðarfærin hefðu verið í eigu áfrýjanda í þrjú ár. Kaupverð bátsins væri kr. 4.463.276.00 og engin gögn eða rök væru fram komin fyrir hærra verð. Áfrýjandi og sameigandi hans hefðu fengið vegna bátsins á eignartíma þeirra fyrningar kr. 725.075.00. Bókfært verð bátsins á söludegi væri því kr. 3.738.201.00. Söluágóði næmi samkvæmt þessu kr. 1.261.799.00 og væri hann að fullu skattskyldur samkvæmt E lið 7. gr. laga nr. 90/1965, sbr. 15. gr. reglugerðar

nr. 245/1963, þar sem þeir sameigendurnir hefðu ekki átt bátinn í þrjú ár. Helmingur ágóða af sölu veiðarfæranna og bátsins skyldi færast áfrýjanda til tekna, alls kr. 755.899.00. Þá voru gerðar nokkrar aðrar breytingar á framtali áfrýjanda, sem ekki skipta hér máli.

Áfrýjandi kærði ákvörðun þessa með bréfi 18. janúar 1972. Skattstjóri kvað upp úrskurð 11. febrúar s. á. og staðfesti þar ákvörðun sína og álagningu frá 7. janúar s. á., sem að framan er rakin.

Áfrýjandi kærði úrskurð þennan til ríkisskattanefndar með bréfi 3. mars 1972, en ríkisskattanefnd vísaði málinu frá sér með úrskurði 26. mars 1973, þar sem kæran væri of seint fram komin.

Almennur lögtaksúrskurður vegna gjaldfallinna ógreiddra þinggjalda í Þingeyjarsýslu var kveðinn upp 19. október 1971 og birtur á venjulegan hátt.

Hinn 4. ágúst 1972 var í fógetarétti Þingeyjarsýslu gert lögtak í eignum áfrýjanda til tryggingar opinberum gjöldum hans, samtals kr. 182.820, að frádregnum kr. 3.900.00, er áfrýjandi hafði áður greitt, eða kr. 178.920.00, og er þar innifalinn tekjuskattur, kr. 172.000.00.

Hinn 16. janúar 1973 greiddi áfrýjandi kr. 6.768.00 upp í skattskuld sína. Eru aðiljar sammála um, að lögtakið taki nú aðeins til tekjuskatts að fjárhæð kr. 172.000.00.

Áfrýjandi hefur vefengt þrjú atriði í ákvörðunum skattayfirvalda.

1. Eins og áður er rakið, fylgdu v/b Degi, er báturinn var seldur, veiðarfæri, sem verðlögð voru á kr. 500.000.00. Veiðarfærabirgðir, sem fylgdu bátnum, voru taldar að verðmæti kr. 250.000.00 í árslok 1969, og ekki er fram komið, að þeir sameigendur hafi keypt ný veiðarfæri á árinu 1970, meðan þeir áttu bátinn. Því er ómótmælt, að áfrýjandi hafi ekki talið sér til eignar veiðarfæri í árslok 1968. Hefur hann því eigi sannað, að hann hafi átt veiðarfæri þessi þrjú ár eða lengur. Var því rétt samkvæmt 1. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 að telja hálfan ágóða af sölu þessari, eða kr. 125.000.00, með skattskyldum tekjum áfrýjanda.

2. Áfrýjandi telur, að við ákvörðun söluhagnaðar af bátnum beri að telja kostnaðarverð hans, kr. 4.563.276.00, í stað kr. 4.463.276.00, svo sem skattstjóri hefur gert. Áfrýjandi hefur engin gögn fært fram fyrir kostnaði vegna bátskaupanna, og verður því að leggja til grundvallar, að kostnaðarverðið hafi verið kr. 4.463.276.00.

3. Meðan áfrýjandi og sameigandi hans áttu bátinn, fengu þeir samkvæmt ákvæðum 11. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 90/1965 dregnar frá skattskyldum tekjum sínum fyrningar af bátsverðinu, samtals að fjárhæð kr. 725.075.00. Áfrýjandi telur, að þessar fyrningar skipti ekki máli, þar sem samkvæmt ákvæðum 1. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 beri að ákveða söluhagnað sem mismun kaup- eða kostnaðarverðs annars vegar og söluverðs hins vegar án tillits til fyrningar. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963 séu eigi gild, þar sem þau hafi eigi næga stoð í lögum.

Stefndi telur hins vegar, að við ákvörðun skattskylds söluágóða beri að miða við bókfært verð á söludegi, eða kr. 3.738.201.00. Nemi ágóði af bátssölunni því kr. 1.261.799.00 og beri að telja helming þess fjár áfrýjanda til tekna, eða kr. 630.899.50. Byggist þetta á skýlausum ákvæðum 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963, sem hafi stoð í ákvæðum E liðs 7. gr. laga nr. 90/1965 og sé í fullu samræmi við margra ára framkvæmdavenju skattstjórnarvalda.

Um ágóða af sölu eigna er fjallað í 1. mgr. E liðs 7. gr. laga nr. 90/1965, en þau lög giltu á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Samkvæmt ákvæði þessu skal ágóði af sölu lausafjár teljast til skattskyldra tekna seljanda, ef hann hefur átt hina seldu eign skemur en þrjú ár. Hins vegar er þar ekki að finna ótvírætt ákvæði um, hvernig reikna skuli ágóðann. Ákvæði þetta hefur verið óbreytt í lögum frá gildistöku laga nr. 70/1962 og efnislega óbreytt frá setningu hinna fyrstu heildarlaga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74/1921.

Í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963, sem við átti um skattaákvörðun þá, er í málinu greinir, segir svo: „Hafi fyrning af kostnaðarverði hins selda verið færð til frádráttar tekjum til skatts, sbr. 28. gr., reiknast sölugróði miðað við kostn-

aðarverð að frádregnum fyrningum.“ Samsvarandi ákvæði voru í 2. mgr. A liðs 28. gr. reglugerðar nr. 147/1955 og 2. mgr. 5. tl. B liðs 16. gr. reglugerðar nr. 133/1936, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 219/1939.

Eins og áður getur, er hugtakið söluágóði í E lið 7. gr. laga nr. 90/1965 eigi skýrgreint í lagatextanum, sbr. hins vegar nú E lið 7. gr. laga nr. 68/1971. Í skattareglugerðum hefur hugtak þetta verið afmarkað, svo sem rakið var, og þá sérstaklega tengsl fyrningar og þess verðs, sem leggja á til grundvallar um söluhagnað, er lausafé er selt, áður en eigandi hefur haft mun í full þrjú ár í eignarhaldi sínu. Telja verður, að afmörkun á hugtakinu sölugróði í 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963 sé reist á lögskýringu á E lið 7. gr. þágildandi laga nr. 70/1962, sem fær staðist. Samkvæmt þessu er því ekki hnekkt í málinu, að túlkun skattstjórnarvalda á söluágóða við ákvörðun á skatti þeim, er í málinu greinir, sé lögmæt.

Áfrýjandi hafði eigi átt eignarhlut sinn í bátnum Degi, ÞH 66, í þrjú ár, er sala fór fram. Þá er því eigi mótmælt, að þeir áfrýjandi og sameigandi hans hafi fengið samtals kr. 725.075.00 sem fyrningar vegna bátsins, meðan þeir áttu hann, og að fyrningar þessar hafi komið til frádráttar tekjum þeirra. Verður því að leggja til grundvallar, að tekjuskattur sá, sem um er fjallað í máli þessu, hafi að þessu leyti verið lagður á réttan skattstofn.

Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgerð samkvæmt kröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er staðfest til tryggingar kr. 172.000.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Guðmundar Jónssonar borgardómara.

Málsatvikum er lýst í atkvæði meiri hluta dómenda.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda, að því er varðar 1. og 2. tl. í kröfum áfrýjanda.

E liður 7. gr. laga nr. 90/1965 hefur eigi að geyma heimild til ákvörðunar ágóða eða söluhagnaðar með þeim hætti, sem segir í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963 og beitt var um skattlagningu áfrýjanda á tekjur ársins 1970, en ákvæði C liðs 22. gr. laga nr. 90/1965 verður ekki beitt um þetta atriði. Verður því að líta svo á, að skattlagningin sé eigi byggð á lögmætum grundvelli að þessu leyti. Eigi er fram komið, hverju skattar áfrýjanda næmu að þessu atriði frá-skildu. Verður því að fella hið áfrýjaða lögtak úr gildi og synja um framkvæmd þess.

Samkvæmt þessum úrslitum verður fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gert að greiða áfrýjanda kr. 40.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Hið áfrýjaða lögtak er fellt úr gildi, og er synjað um framkvæmd þess.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Kristjáni Ásgeirssyni, kr. 40.000.00 í málskostnað.

Lögtaksgerð fógetaréttar Þingeyjarsýslu 4. ágúst 1972.

Ár 1972, föstudaginn 4. ágúst, klukkan 1400, var fógetaréttur Þingeyjarsýslu settur að Syðra-Lóni, Þórshafnarhreppi, og haldinn af Sigurði Briem Jónssyni fulltrúa með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið nr. 3/1972: Beiðni innheimtumanns ríkissjóðs um að gera lögtak hjá Kristjáni Ásgeirssyni, Skuld, Þórshöfn, fyrir eftirstöðvum þinggjalds 1971, kr. 178.920.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum gjaldseðill þingmerktur nr. 1, svohljóðandi, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 19. október 1971 og birtur á venjulegan hátt.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans eiginkona hans, Ólína Ingibjörg Leósdóttir, Skuld, Þórshöfn.

Samþykkir hún, að gerðin fari hér fram.

Skoraði fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kvaðst ekki geta greitt þau fyrir gerðarþola.

Skoraði þá fógeti á mættu að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mættu að segja satt að viðlagðri hegningarábyrgð.

Var þá bent á og skrifað upp:

Vörubifreiðin Þ 792, vörubifreið Trader, árgerð 1963, og vörubifreiðin Þ 209, Mercedes-Benz vörubifreið, árgerð 1966.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindum bifreiðum til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar að geymdum betra rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola um lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 14. febrúar 1974.

Nr. 17/1974: **Jón Jónsson**
gegn
Sigurði L. Eiríkssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1973, sem barst Hæstarétti 21. janúar 1974, en sóknaraðilja barst vitneskja um hinn kærða frávísunar-

dóm 26. nóvember 1973. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sakarefni er lýst í hinum kærða dómi.

Skjal það, sem er grundvöllur málsóknar þessarar, er víxill að formi til, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1933. Má reka mál vegna skals þessa samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við það verður að miða, að sóknaraðili reisi kröfur sínar á hendur varnaraðilja á því, að varnaraðili sé skuldbundinn honum að víxilrétti vegna áritunar samþykkis á víxil þann, sem fram er lagður í málinu, og hafi hann höfðað málið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, þótt ekki sé þess getið í stefnu, svo sem gleggst var.

Varnaraðili sótti þing í héraði og krafðist í greinargerð sýknu sér til handa. Héraðsdómari vísaði málinu frá dómi, vegna þess að víxillinn væri ekki í lögmætu formi samkvæmt 1. gr. laga nr. 93/1933 af þeim ástæðum, sem greindar eru í hinum kærða dómi.

Meðal varna um efni máls, sem komið verður að í víxilmáli

samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, eru varnir um, að skuldbinding sé ógild að víxilrétti vegna formgalla á víxli, sbr. 2. mgr. 208. gr. nefndra laga. Voru þegar af þessari ástæðu ekki efni til að vísa málinu frá héraðsdómi. Föllumst við samkvæmt framansögðu á dómsorð meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 7. nóvember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 25. október s.l., hefur Jón Jónsson framkvæmdastjóri, Langeyrarvegi 11 A, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. september 1973, á hendur Sigurði L. Eiríkssyni, Flókagötu 1, Hafnarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 200.000.00 auk 11/2% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 11. júlí 1973 til greiðsludags auk kr. 660.00 í stimpil- og afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. .

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á víxli, sem hann hefur lagt fram í málinu. Skjal þetta er nefnt víxill í meginmáli þess. Það virðist útgefið 7. mars 1967 af Ragnari Tómasi Árnasyni, Jörfa við Vesturlandsveg, Reykjavík, að fjárhæð kr. 200.000.00, samþykkt af Sigurði L. Eiríkssyni til greiðslu í Sparisjóði Hafnarfjarðar við sýningu 1967. Enn fremur er ritaður á „víxilinn" greiðsludagur 15. júní 1967. Ragnar Tómas Árnason hefur ábakað „víxilinn". „Víxillinn" hefur verið afsagður sökum greiðslufalls 11. júní 1973.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu: „Skuld þessi er samkvæmt sýningarvíxli, samþykktum af stefnda til greiðslu við sýningu án sérstaklega tiltekins ártals. Fjárhæð víxilsins er kr. 200.000.00.

Nákvæm dagsetning á samþykkt víxilsins liggur ekki fyrir nú, en þegar umbjóðandi minn móttók víxilinn, var útgáfudagur á hann skráður. Víxilinn var aftur á móti ekki útgefinn eða framseldur, né var skráður á hann gjalddagi að öðru leyti en því, að víxillinn skyldi greiðast „hinn við sýningu 19.". Víxillinn var því samþykktur á sínum tíma, en eigi ritaður að fullu samkvæmt heimild í 10. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Á árinu 1967 stal Ragnar Tómas Árnason, Jörfa v/Vesturlandsveg, víxlinum af stefnanda og ritaði á hann útgáfudaginn 7. mars 1967, setti ártalið við gjalddaga 1967 og pr. 15. júní 1967. Þessar

áritanir voru að sjálfsögðu heimildarlausar af hálfu þjófsins og markleysa ein. Ragnar gaf víxilinn út og ábakti hann, og er við það látið sitja, enda er víxillinn nú í höndum rétts eiganda, sem er stefnandi máls þessa.

Í samræmi við upphaflega heimild samkvæmt ákvæðum 10. gr. víxillaga fól stefnandi Sparisjóði Hafnarfjarðar hinn 18. júní 1973 að sýna víxilinn til greiðslu. Sparisjóðurinn óskaði greiðslu víxilsins hinn 9. júlí 1973, en þegar greiðslufall varð á víxilskuldinni, var hann afsagður sökum greiðslufalls hinn 11. 7. 1973."

Stefndi lýsir málavöxtum svo af sinni hálfu í greinargerð: „Svo sem réttilega segir í stefnu, var útgáfudagur ritaður á víxilinn, þá er umbj. m. ritaði á hann samþykki sitt. Samkvæmt fullyrðingum umbj. m. var útgáfudagurinn talinn vera í október 1959, en við skoðun á víxlinum verður ekki séð, hvort svo var; mánuðurinn virðist vera september, en hvort ártalið er 1959 eða 1960 verður nú ekki greint, enda skiptir það ekki máli lengur.

Á víxlinum er gjalddagi talinn vera við sýningu.

Samkvæmt 34. gr. víxillaga skal sýna víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans.

Samkvæmt 44. gr. s. l. skal sanna greiðslufall með afsagnargerð. Hafi það ekki verið gert, glatar víxilhafi rétti sínum gagnvart öðrum víxilskuldurum en samþykkjanda.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga fyrnast allar kröfur á hendur samþykkjanda víxils á þremur árum frá gjalddaga.

Að ofanrituðu er ljóst, að gjalddagi víxilsins í máli þessu var í síðasta lagi í október 1960 (eða 1961). Víxilhafi missti þó eigi rétt sinn á hendur samþykkjanda, þó hann léti ekki afsegja víxilinn, en krafan fyrntist í síðasta lagi í október 1963 (eða 1964). Ber því að sjálfsögðu að sýkna umbj. m. alfarið af kröfu stefnanda.

Svo sem segir í stefnu, er áritun útgefanda (R.T.Á.) markleysa ein, og breyting hans (þ. e. fölsun) á útgáfudegi endurnýjar að sjálfsögðu ekki kröfur á hendur umbj. m. „Afsagnargerð" sú, sem fram fór í Sparisjóði Hafnarfjarðar, er tóm markleysa og getur á engan hátt endurnýjað víxilréttinn, sem var löngu fyrndur, er gerðin fór fram. Var enda framgangi gerðarinnar mótmælt, sbr. dskj. nr. 5."

Um formhlið málsins.

Eftir að leitað hafði verið sátta á dómþingi 25. október 1973, tók dómari málsins form þess til athugunar. Hann vakti athygli um-

boðsmanna aðilja á því, að óumdeilt væri í málinu, að þjófur hefði ritað nafn sitt á víxilinn, svo sem útgefanda, og þess vegna kæmi til athugunar, hvort vísa bæri málinu frá dómi.

Umboðsmaður stefnanda krafðist þess, að málið væri dæmt sem víxilmál og til þess væri litið við ákvörðun málskostnaðar í efnislið, að málið er flutt um formhlið.

Umboðsmaður stefnanda kvaðst telja, að málið væri ógallað að formi til. Í fyrsta lagi benti hann á, að í upphafi hefði verið ritaður á víxilinn útgáfudagur, sem hann taldi, að hefði verið 17. september eða október 1959. Kvaðst hann byggja þetta á áliti stefnda og samþykkja það álit með fyrirvara um staðfestingu umbjóðanda síns. Í öðru lagi benti lögmaðurinn á, að á víxilinn hefði upphaflega verið rituð skuldarupphæð. Í þriðja lagi benti hann á, að ritað hefði verið á víxilinn, að hann greiddist við sýningu án ártals. Í fjórða lagi benti lögmaðurinn á, að víxillinn hefði verið samþykktur af stefnda, þótt nafn útgefanda hefði þá ekki verið ritað undir. Hann kvað það aðeins hafa átt að koma til, þegar víxillinn yrði sýndur til greiðslu.

Lögmaðurinn kvaðst telja, að nafnritun Ragnars Tómasar Árnasonar hefði ekki verið fölsuð. Hann kvað niðurstöðuna hafa verið, þegar víxillinn var sýndur til greiðslu af réttum aðilja, að láta nafn Ragnars duga sem nafnritun útgefanda og ábekings.

Lögmaðurinn taldi, að umbjóðanda hans hefði verið heimilt að útfylla víxilinn, og vitnaði í 10. gr. víxillaga í þessu sambandi.

Af stefnda hálfu var þess nú krafist, að málinu yrði vísað frá og málskostnaður yrði dæmdur eftir lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Lögmaður stefnda kvaðst telja, að skilja bæri 10. gr. víxillaga þannig, að víxill teldist útgefinn, þegar útgáfudagur hefði verið ritaður á hann, en ekki, þegar víxillinn hefði verið undirritaður, en það gerðist síðar.

Lögmaðurinn vísaði til 1. gr. víxillaga, einkum 7. og 8. liðs, og enn fremur til 34. gr. víxillaga. Hann kvaðst telja, að útgáfudagur víxilsins væri í september 1959. Hann kvaðst telja nafnritun þjófsins markleysu eins og annað, sem þjófurinn hefði ritað á víxilinn.

Lögmaður stefnanda benti á, að þjófurinn hefði rangfært útgáfudag og greiðsludag. Hann kvaðst telja það markleysu, en annað, sem þjófurinn hefði ritað á víxilinn, kvað hann ekki vera föslun og vísaði um þetta efni til stefnu sinnar og greinargerðar.

Álit dómsins.

Dómarinn lítur svo á, að áritanir Ragnars Tómasar Árnasonar á skjalið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, séu þýðingarlausar í viðskiptum aðilja þessa máls. Ber þá að líta svo á, að undirskrift þess, er víxilinn gefur út, skorti. Skjalið fullnægir því ekki skilyrðum 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 um form víxils. Mál þetta fullnægir því ekki 207. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 um víxilmál, og ber því að vísa því frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 18. febrúar 1974.

Nr. 150/1972: **Magnús Fr. Árnason**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Ingvari Helgasyni og
Brunabótafélagi Íslands
(Hákon Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. október 1972. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 27.976.00 með 7% ársvöxtum frá 20. febrúar 1971 til greiðsludags, en til vara aðra lægri

fjárhæð. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ingvar Helgason var skráður eigandi bifreiðarinnar R 23668, er bifreiðaáreksturinn, sem málið fjallar um, átti sér stað. Var honum stefnt fyrir hönd Trabantumboðsins í Reykjavík, sem er ekki skrásett firma, en hann hefur lýst yfir, að hann hafi frá öndverðu samþykkt persónulega aðild sína að málinu.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá úrlausn hans að leggja alla sök á árekstri bifreiðanna á áfrýjanda, sem var stjórnandi bifreiðarinnar R 5303. Samkvæmt því ber að staðfesta málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Fr. Árnason, greiði stefndu, Ingvari Helgasyni og Brunabótafélagi Íslands, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. janúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. janúar s.l., hefur Magnús Fr. Árnason hæstaréttarlögmaður, Laufásvegi 63, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. júlí 1971, á hendur Ingvari Helgasyni forstjóra, Reykjavík, fyrir hönd Trabantumboðsins og Ásgeiri Ólafssyni forstjóra, Reykjavík, fyrir hönd Brunabótafélags Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði óskipt gert að greiða honum kr. 27.976.00 með 7% ársvöxtum frá 20. febrúar 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og stefnukröfur stórlega lækkaðar.

Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Samkomulag er með málsaðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd. Sættir hafa ekki tekist.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 20. febrúar 1971, um hádegisbil, ók stefnandi fólksbifreið sinni, R 5303, frá vinnustað sínum að Austurstræti 5 áleiðis til heimilis síns að Laufásvegi 63, Reykjavík. Þá er stefnandi var á leið suður Sóleyjargötu og hugðist sveigja til vinstri inn á Njarðargötu, varð hann þess var, að bifreiðin R 23668, eign stefnda Trabantumboðsins og ábyrgðartryggð hjá stefnda Brunabótafélagi Íslands, kom á móti honum, og var bifreiðin að sveigja af Hringbraut inn á Sóleyjargötu. Stefnandi kveðst hafa ályktað, að fjarlægðin milli bifreiðanna væri fullnægjandi, til þess að honum væri hættulaust að sveigja af Sóleyjargötu inn á Njarðargötu. Þá er stefnandi hafði tekið sveiginn, kveðst hann hafa heyrt mikil hemlahljóð. Af þeim sökum kveðst hann hafa aukið hraðann, en það hafi engum togum skipt, að árekstur varð ekki umflúinn. Skullu bifreiðarnar þarna saman, þannig að framhluti R 23668 rakst á hægra afturbretti og höggvara bifreiðarinnar R 5303.

Tveir lögregluþjónar komu á staðinn eftir slysið, gerðu uppdrátt af vettvangi og ræddu við ökumenn bifreiðanna.

Samkvæmt skýrslu, er annar lögreglumaðurinn gerði eftir slysið, kemur fram, að dagsbirta hafi verið, bjart, skýjað, en færi þurrt. Þá kemur og fram í þessari skýrslu, að ökumaður bifreiðarinnar R 23668, Edwald H. Magnússon, kveðst hafa ekið norður Sóleyjargötu á nokkuð mikilli ferð, en gat ekki nefnt neinar tölur.

Nefndur ökumaður kveðst hafa séð til bifreiðar stefnanda, en taldi, að stefnandi mundi nema staðar. Er sú hafi eigi orðið raunin á, kveðst hann hafa hemlað, en bifreiðin R 23668 runnið áfram og lent á hægra afturhorni bifreiðar stefnanda. Bifreiðin R 23668 var í umrætt sinn hlaðin þungum bifreiðavarahlutum.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R 5303 voru þessar: Hægra afturbretti og höggvari.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R 23668 voru þessar: Hægra frambretti, vélarhúslok, ljós og vatnskassahlíf brotin, skekkt og dælduð.

Samkvæmt uppdrætti af vettvangi mælast hemlaför bifreiðarinnar R 23668 u. þ. b. 14 metrar.

Hinn 1. mars 1971 gaf stefnandi skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík út af slysi þessu. Kvað hann skýrslu lögreglunn-

ar í málinu og uppdrátt réttan í meginatriðum. Þó taldi hann, að beygjan hjá sér á uppdrættinum væri sýnd of kröpp. Stefnandi kvaðst hafa séð bifreiðina R 23668, er hún hafði beygt inn á Sóleyjargötuna af Hringbraut. Af þessum sökum kvaðst stefnandi hafa talið af fyrri reynslu sinni, að sér væri óhætt að aka áfram í beygjuna. Hann kveður bifreiðina R 23668 hafa verið horfna sér úr sjónmáli, er hann hafi heyrt mikið hemlahljóð og þá reynt að auka hraðann til að sleppa yfir gatnamótin, áður en hina bifreiðina bar að, en það hafi engum togum skipt, að hún hafi skollið á hægra afturbretti bifreiðar stefnanda. Hafi höggið verið það mikið, að bifreið sín hafi kastast til að aftan. Stefnandi tók jafnframt fram, að þegar lögreglumaðurinn hafi rætt við þá ökumennina á staðnum, hafi hann haft orð á því við ökumann R 23668, að hann hafi ekið hratt eftir hemlaförum hans að dæma. Hafi ökumaðurinn viðurkennt það, en aðspurður um, hve hratt hann hafi ekið, hafi hann ekki getað sagt um það. Gatan hafi verið þurr og ökufæri hið besta. Hefði ökumaður bifreiðarinnar R 23668 létt á hemluninni og sveigt bifreið sinni lítið eitt til vinstri, segir stefnandi, að enginn árekstur hefði orðið, þar sem hin bifreiðin hefði haft yfrið nóg rúm til þessa. Stefnandi kvað skemmdir á bifreið sinni byrja um það bil einu feti aftan við hægri afturhurð og nái síðan aftur úr.

Hinn 2. mars 1971 mætti Edwald Halldór Magnússon, ökumaður bifreiðarinnar R 23668, hjá rannsóknarlögreglunni til skýrslugerðar út af slysi þessu. Honum var birt skýrsla lögreglu og sýndur uppdráttur af vettvangi. Sagði hann, að ekki væri rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu, en uppdráttinn taldi hann réttan. Hann skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann ekið vestur Hringbraut og beygt inn á Sóleyjargötu og norður hana. Hann gat ekki sagt um það með vissu, hve mikill hraðinn hefði verið, en giskaði á 35—40 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Hann kvaðst hafa séð til ferða bifreiðar stefnanda, er hafi komið á móti og hálfstöðvað fyrir bíl, sem hafi verið rétt á undan bifreiðinni R 23668. (Þessu var sérstaklega mótmælt af stefnanda við munnlegan málflutning.) Edwald kvaðst hafa talið, að stefnandi mundi bíða, á meðan hann færi fram hjá, en svo hafi ekki verið, heldur hafi hann beygt bifreiðinni þvert á leið sína. Kvaðst Edwald þá hafa hemlað, en bifreiðin runnið áfram og árekstur orðið..

Edwald taldi það ekki rétt hjá lögreglumönnunum, að gatan hafi verið þurr, er áreksturinn varð, heldur taldi hann hana hafa verið blauta og hemlun því ekki verið eins góð og ella. Jafnframt

gat Edwald þess, að um leið og hann hafi hemlað, hafi varningur sá, er hann flutti í bifreiðinni, runnið fram og geti það hafa haft einhver áhrif á hemlun. Edwald kvað hemla og stjórntæki bifreiðarinnar hafa verið í fullkomnu lagi, og kvaðst hann hafa hemlað, um leið og hann sá, að bifreið stefnanda var ekið í veg fyrir sig.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að ökumaður bifreiðarinnar R 23668 hafi átt alla sök á slysinu með of hröðum akstri í umrætt sinn og enn fremur með því að reyna ekki að koma í veg fyrir áreksturinn með því að beygja til vistri, en með því móti hefði hann annað hvort getað afstýrt árekstri eða a. m. k. dregið úr afleiðingum hans. Þá telur stefnandi, að greindur ökumaður hafi haft nægilegt svigrúm til athafna, þá er hann sá bifreið sína fyrst. Engu að síður hafi hann haldið rakleitt áfram án þess að draga úr hraða bifreiðarinnar R 23668, þar til fjarlægðin á milli bifreiðanna hafi verið orðin óveruleg. Þá fyrst, er árekstri hafi ekki orðið afstýrt, hafi hann freistað þess að beita hemlum til fulls. Ekki hafi hann heldur gefið neitt hljóðmerki, þegar hann hafi nálgast bifreiðina R 5303. Stefnandi telur það ljóst af lengd hemlafara bifreiðarinnar R 23668, að henni hafi ekki verið ekið langt yfir löglegan hraða og ekill hennar hafi viðhaft stórfellt gáleysi í akstrinum miðað við aðstæður. Af þeim sökum telur stefnandi hina stefndu bera óskipt fulla fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, er af umræddum akstri hlaust.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi með gálausum akstri og aðgæsluleysi átt alla sök á árekstrinum, og verði því að bera allt tjón sitt sjálfur. Því til stuðnings benda þeir á, að stefnandi hafi ekki virt umferðarrétt bifreiðarinnar R 23668, er hann hafi ekið þvert í veg fyrir hana á gatnamótunum. Hafi hann þó áður séð til ferða bifreiðarinnar, en virðist hafa vanreiknað fjarlægð og eðlilegan ökuhraða hennar, en á þeim mistökum sínum verði hann sjálfur að bera alla ábyrgð. Þá mótmæla stefndu hugleiðingum stefnanda um óhóflegan og ólöglegan hraða bifreiðarinnar R 23668 í umrætt sinn sem röngum og ósönnuðum. Jafnframt benda þeir á, að ökumaður bifreiðarinnar R 23668 hafi reynt með því að hemla að afstýra árekstri og sé því ekkert við stefndu að sakast í þessu efni.

Geti rétturinn ekki fallist á þessar röksemdir, þá styðja stefndu varakröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi með gálausum akstri og aðgæsluleysi átt meginsök á árekstrinum, og verði því að bera tjón sitt sjálfur í hlutfalli við þá sök. Við mat á sakarskiptingu

beri að leggja megináherslu á brot stefnanda á umferðarrétti bifreiðar stefndu, sem höfuðorsök árekstursins og almennt til þess fallið að skapa hættu og öryggisleysi í umferðinni.

Stefnandi kveðst hafa séð til bifreiðarinnar R 23668, þar sem hún kom akandi á móti honum norður Sóleyjargötu. Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 má ekki beygja til vinstri, fyrr en nálæg ökutæki, sem á móti koma, hafa farið fram hjá. Þessa ákvæðis gætti stefnandi ekki í umrætt sinn, heldur beygði til vinstri þvert fyrir bifreiðina R 23668 og verður með því frumvaldur að árekstrinum. Eigi stoðar það stefnanda til afsökunar, þótt hann hafi í umrætt sinn talið sig hafa nægilegt svigrúm til að beygja, áður en hina bifreiðina bar að. Stefnandi verður sjálfur að bera áhættuna af misreikningi sínum í þessu efni. Löglegur hámarkshraði á Sóleyjargötunni er 45 km á klukkustund. Ökumaður bifreiðarinnar R 23668 hefur giskað á, að hann hafi í umrætt sinn ekið á 35—40 km hraða. Af lengd hemlafara verður ekki ráðið, að hann hafi ekið á ólöglegum hraða í umrætt sinn. Ekki telst heldur sannað, að hann hafi hagað akstri sínum gáleysislega í umrætt sinn, og ekki benda vegsummerki til þess.

Eins og aðstæðum er háttað þarna á gatnamótum og útsýni frá sjónarhorni ökumanns bifreiðarinnar R 23668 hefur verið, verður ekki talið, að hann hefði án áhættu getað afstýrt árekstri eða dregið úr afleiðingum hans með því að sveigja til vinstri.

Og þar sem telja verður viðbrögð hans eðlileg, þegar stefnandi sveigir til vinstri í veg fyrir hann, verður að telja, að stefnandi hafi sjálfur átt alla sök á árekstri þessum. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Um málskostnað.

Í málflutningi sínum benda stefndu á, að þeir hafi boðið stefnanda til að losna við óþarfa málaferli að bæta honum helming tjóns hans án þess að viðurkenna bótaskyldu að neinu leyti. Því boði hafi verið hafnað. Sé því ljóst, að falli full eða hálf ábyrgð árekstursins á stefnanda, þá hafi hann höfðað mál þetta að óþörfu og beri að greiða allan kostnað málsins. Hafa stefndu þá sérstaklega í huga, að stefnandi er löglærður maður og standi hann því framar leikmönnunum til þess að meta ábyrgð sína og sök í máli þessu.

Af hálfu stefnanda hefur því eigi verið mótmælt, að honum hafi verið gert ofangreint boð af hálfu stefndu. Af þessum sökum og þar sem stefnandi er hæstaréttarlögmaður að atvinnu,

verður eigi hjá því komist að dæma hann til að greiða stefndu málskostnað, eins og málalok hafa orðið. Þykir sá málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Trabantumboðið og Brunabótafélag Íslands, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Magnúsar Fr. Árnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. febrúar 1974.

Nr. 69/1973: **Pétur Axel Jósson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Hákon Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1973. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi samþykkir kröfu áfrýjanda um, að hin áfrýjaða

fjárnámsgerð verið felld úr gildi, svo og kröfu hans um hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðiljar eru sammála um, að gallar séu á hinni áfrýjðu fjárnámsgerð, og er á það fallist. Þeir hafa krafist ógildingar hennar. Ber því að fella hana úr gildi. Stefndi hefur samþykkt kröfu áfrýjanda um málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði áfrýjanda, Pétri Axel Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. maí 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 2. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A—682/1973: Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gegn Pétri Axel Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur nr. 5006/1968. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2—3 í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Kristjánsson, cand jur., vegna Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 24.000.00, birtingarkostnaði, kr. 170.00, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu votta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R 33599, sem er Fiat 1800, 5 manna, af árgerðinni 1973. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1974.

Nr. 62/1973: **Gjaldheimtustjórinn í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósepsson hrl.)
gegn
Hjálmari Styrkársyni og gagnsök
(Guðmundur Skaftason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og prófessor Gaukur Jörundsson og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Skattamál. Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1973 og krafist þess aðallega, að lögtak verði framkvæmt hjá gagnáfrýjanda fyrir kr. 527.398.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 7. júlí 1972 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1973 og krafist sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra frá 27. maí 1971 er lýst athugunum, sem gerðar voru samkvæmt heimild í 3. málsgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, nú 3. mgr. 42. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. málsgr. 16. gr. laga nr. 7/1972, á framtölum gagnáfrýjanda á árunum 1965, 1966, 1967 og 1968. Víkur sú skýrsla einkum að tvennu, byggingarstarfsemi gagnáfrýjanda á þessu tímabili og skuldum þeim, sem hann tilfærir á framtölum sínum. Eru skuldirnar bornar saman við gögn, er rannsóknardeild voru tiltæk. Í skýrslu þesssari er greint frá athugunum, án þess að vefengd séu einstök atriði í fram-

tölum, þ. á m. hagnaður vegna sölu íbúða, og ekki er þar vikið að ályktunum um áhrif þeirra atriða, sem skýrslan fjallar um, á gjaldstofna gagnáfrýjanda á þessu árabili.

Sama dag og framangreind skýrsla er dagsett kom gagnáfrýjandi fyrir deildarstjóra í rannsóknardeild ríkisskattstjóra, sbr. 36. gr. laga nr. 90/1965, nú 36. gr. laga nr. 67/1971. Gerði hann þar grein fyrir því, að hann hefði ekki haft bókhald á þessum árum. Þá var hann spurður um tilteknar skuldir í bönkum, sem tilfærðar voru á framtali 1965, svo og víxla- og skuldabréfaeign, miðað við 31. desember 1965, og enn um tiltekna bifreið, sem skráð var á nafn hans. Við skýrslutöku þessa var gagnáfrýjandi ekki sakaður um að hafa skýrt rangt frá tilgreindum þáttum í framtölum sínum.

Í úrskurði ríkisskattanefndar 13. september 1971, sem síðar verður fjallað um nánar, er þess getið, að gagnáfrýjanda hafi verið send skýrsla rannsóknardeildarinnar með bréfi 27. maí 1971. Hafi honum þá jafnframt verið tilkynnt, „að eins og málið lægi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð opinber gjöld fyrir gjaldárin 1965 — 1968“, og hafi honum verið veittur kostur á „að koma að skýringum og gögnum, er hann kynni að óska“. Bréf þetta er eigi meðal gagna máls, en gagnáfrýjandi hefur eigi borið brigður á efni þess.

Hinn 15. júní 1971 ritar gagnáfrýjandi ríkisskattstjóra bréf í tilefni af ofangreindri skýrslu rannsóknardeildar um athuganir á framtölum hans. Gerir hann þar einkum grein fyrir skuldum þeim, sem skýrslan víkur að.

Að svo vöxnu tók ríkisskattanefnd mál þetta til úrskurðar að tilhlutan ríkisskattstjóra samkvæmt 4. málsgrein 42. gr. laga nr. 68/1971. Í úrskurði ríkisskattanefndar 13. september 1971 eru reifaðar athuganir rannsóknardeildarinnar á framtölum gagnáfrýjanda varðandi byggingarsarfsemi hans og framtaldar skuldir, en einnig sýnist vera tekið að nokkru tillit til skýringa gagnáfrýjanda, þótt þess sé ekki getið. Síðan segir svo í úrskurðinum:

„Af því, sem hér hefur verið rakið, og öðru því, sem fyrir liggur í málinu, er ljóst, að skattframtöl gjaldanda fyrir þau ár, sem hér um ræðir, eru miklum annmörkum háð. Gjald-

andinn hefur látið hjá líða að halda bókhald og halda saman gögnum um rekstur sinn til að sannreyna megi framtöl hans. Þykja framtölin því ekki það traust, að byggja megi á þeim álagningu opinberra gjalda á gjaldþegn. Verða gjaldstofnar því áætlaðir af nýju til álagningar."

Samkvæmt þessu voru gjaldstofnar áætlaðir að nýju og hreinar tekjur ákvarðaðar og svo tekjuskattur í samræmi við þær breytingar. Með úrskurði sama dag hækkaði ríkisskattanefnd með stoð í 8. gr. laga nr. 69/1970 tekjuútsvar gagnáfrýjanda fyrir sömu ár, miðað við hina áætluðu gjaldstofna. Eru gjaldahækkanir í heild sinni sundurliðaðar í hinum áfrýjaða úrskurði ásamt hækkun á kirkjugarðsgjaldi, sem leiddi af hækkun tekjuútsvars, sbr. 3. málsgr. 26. gr. laga nr. 21/1963.

Svo sem greint er í úrskurði fógeta, kærði gagnáfrýjandi hinn 11. október 1971 gjaldahækkanir ríkisskattanefndar, en með úrskurði 5. apríl 1972 hratt nefndin þeirri kæru. Segir þar í fyrsta lagi, að rannsókn sú, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra hófst handa um á árinu 1969, rjúfi frest samkvæmt 38. gr. laga nr. 68/1971 og fái því gjaldahækkun á gjaldári 1965 staðist. Í öru lagi er vikið að hlutdeild gagnáfrýjanda í byggingu íbúða að Safamýri 79 og Fellsmúla 15 og hversu umfangsmikil sú umsýsla hafi verið. Er sú ályktun dregin af eðli þeirrar starfsemi, að gagnáfrýjandi hafi verið bókhaldsskyldur samkvæmt 2. gr. laga nr. 62/1938 og hafi enda borið að geyma öll fylgiskjöl og önnur gögn varðandi framtöl sín, sbr. 83 gr. reglugerðar nr. 245/1963. Vanræksla hans í þessu efni og ónógar skýringar á framtölum valdi því, að heimilt sé að áætla honum gjaldstofna, og er því hrundið, að áætlun 13. september 1971 hafi verið óhófleg.

Frestur sá til breytingar á framtölum skattþegna, sem greinir í 38. gr. laga nr. 90/1965, var liðinn, að því er varðar skattárið 1964 (gjaldárið 1965), þegar ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn 13. september 1971, en við það tímamark ber að miða rof frests. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu fógetaréttar, að lögtak skuli eigi ná fram að ganga fyrir viðbótargjöldum af tekjum gagnáfrýjanda það ár.

Sýnt er, að ríkisskattanefnd víkur í úrskurðum sínum 13.

september 1971 og 5. apríl 1972 til hliðar framtölum gagnáfrýjanda og áætlar honum hreinar tekjur að stofni til þau ár, sem úrskurðirnir taka til. Eru úrskurðir nefndarinnar einkum reistir á því, að skuldir gagnáfrýjanda séu oftaldar, og geri það framtölin öll tortryggileg og enn, að söluhagnaður af íbúð að Fellsmúla 15, sem gagnáfrýjandi tók þátt í að byggja og seldi síðar, hljóti að vera vantalinn, en skortur á bókfærslu og bókfærslugögnum eigi að koma honum í koll.

Í úrskurðum ríkisskattanefndar er eigi nema að litlu leyti gerð rökstudd grein fyrir því, á hverju tekjuhækkun hvors árs um sig er reist. Ýmis gögn hafa komið fram af hálfu gagnáfrýjanda um skuldir hans, og skýringar hans eru ekki teknar til rökstuddrar úrlausnar. Sá þáttur, sem lýtur að söluhagnaði gagnáfrýjanda, var ekki í upphafi skýrlega borinn undir hann. Enn er þess að geta, að byggingarstarfsemi sú, sem gagnáfrýjandi stóð að á þeim árum, sem hér um ræðir, þykir eigi hafa verið með þeim hætti, að hann hafi verið bókhaldsskyldur samkvæmt 2. gr. laga nr. 62/1938, og eru úrskurðirnir reistir á röngum grundvelli, að því er það atriði varðar.

Samkvæmt famansögðu eru úrskurðir ríkisskattanefndar um gjöld gagnáfrýjanda gjaldárin 1966, 1967 og 1968 haldnir slíkum ágöllum, að þeir þykja eigi lögmæt undirstaða undir gjaldahækkanir þær, sem lögtakskrafa vegna gjalda þessara ára lýtur að. Ber því að fella lögtaksgerðina í heild sinni úr gildi og synja lögtaks. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað lögtaks.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. mars 1973.

Mál þetta var þingfest föstudaginn 7. júlí 1972, og gerði umboðsmaður gerðarbeiðanda þá þær réttarkröfur, að fógeti heimili lögtak hjá gerðarþola, Hjálmari Styrkárssyni, Safamýri 79 hér í

borg, (nafnnúmer 4162—6208) til tryggingar ógreiddum eftirstöðvum opinberra gjalda, samtals að fjárhæð kr. 527.398.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Gjöld þau, sem framangreind lögtakskrafa nær til, eru þessi:

1965:	tekjuskattur	kr. 61.839.00	
	kirkjugarðsgjald	— 1.017.00	
	tekjuútsvar	— 67.800.00	kr. 130.656.00
1966:	tekjuskattur	— 33.351.00	
	kirkjugarðsgjald	— 522.00	
	tekjuútsvar	— 34.800.00	— 68.673.00
1967:	tekjuskattur	— 78.819.00	
	kirkjugarðsgjald	— 1.289.00	
	tekjuútsvar	— 85.900.00	— 166.008.00
1968:	tekjuskattur	— 76.338.00	
	kirkjugarðsgjald	— 1.267.00	
	tekjuútsvar	— 84.456.00	— 162.061.00
		Samtals	kr. 527.398.00

Gjöld þessi lagði ríkisskattanefnd á gerðarþola síðari hluta árs 1971 að undangenginni rannsókn á skattframtölum hans, sbr. 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt.

Umboðsmaður gerðarþola gerir þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að umbjóðanda sínum verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Þegar athuguð eru tildrög máls þessa og hinna umdeildu skattahækkana ríkisskattanefndar, þykir rétt að draga fram eftirfarandi atriði:

Á fundi ríkisskattanefndar hinn 13. september 1971 var tekin til endurskoðunar álagning tekjuskatts á Hjálmar Styrkársson, Safamýri 79, Reykjavík, (nafnnr. 4162—6208) gjaldárin 1965—1968.

Málið var tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra samkvæmt 42. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt. Með bréfi, dags. 27. maí 1971, var gjaldanda send skýrsla rannsóknardeildar og

jafnframt tilkynnt, að eins og málið lægi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð opinber gjöld fyrir gjaldárin 1965—1968, og var honum gefinn kostur á að koma að þeim skýringum og gögnum, er hann kynni að óska.

Samkvæmt rskj. nr. 9, sem er skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um athugun á skattframtölum Hjálmars Styrkárssonar, Safamýri 79, Reykjavík, gjaldárin 1965, 1966, 1967 og 1968, var gerðarþoli kallaður fyrir deildarstjóra ríkisskattstjóra hinn 27. maí 1971. Þar er honum tjáð, að hann hafi verið kvaddur til skýrslugjafar vegna athugunar rannsóknardeildar á skattframtölum hans gjaldárin 1965, 1966, 1967 og 1968. Gerðarþola voru sýnd skattframtöl hans fyrir áðurnefnd gjaldár, og kannaðist hann við undirskrift sína undir þau og segir framtal gjaldár 1965, sem er óundirritað, vera rétt.

Aðspurður, hvort hann hafi haldið bókhald yfir byggingarframkvæmdir, sem hann stóð í þessi ár, þ. e. einkum byggingu Fellsmúla 15, segir gerðarþoli, að svo hafi ekki verið. Í lok hvers árs hafi farið fram uppgjör á grundvelli reikninga, sem safnað hafi verið saman á árinu, en síðan hafi gögnum verið fleygt, þegar þeirra var ekki talin þörf lengur.

Með bréfi, dags. 27. maí 1971, var gjaldanda send skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og jafnframt tilkynnt, að eins og málið lægi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð gjöld fyrir gjaldárin 1965 til 1968, og var honum gefinn kostur á að koma að þeim skýringum og gögnum, er hann kynni að óska. Þessu svaraði gjaldandi með bréfi, dags. 15. júní 1971, samanber réttarskjal nr. 16.

Eins og áður hefur komið fram í máli þessu, eru hinar umdeildu gjaldahækkanir byggðar á úrskurði ríkisskattanefndar, uppkveðnum hinn 13. september 1971.

Með bréfi umboðsmanns gerðarþola til ríkisskattanefndar, dagsettu 11. október 1971, eru umræddar gjaldahækkanir kærðar og þess krafist aðallega, að þær verði felldar niður, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega, sbr. rskj. nr. 21. Með úrskurði, dagsettum 5. apríl 1972, staðfestir ríkisskattanefnd áður úrskurðaðar gjaldahækkanir sínar frá 13. september 1971.

Í munnlegum málflutningi sínum lagði umboðsmaður gerðarbeiðanda höfuðáherslu á það, að hin umdeilda hækkun opinberra gjalda á gerðarþola væri í alla staði lögmæt og lögum samkvæm, enda hefði hann vanrækt bókhaldsskyldu sína, fargað gögnum sínum, sem honum bar þó lagaleg skylda til að geyma, og ekki á neinn

hátt gefið fullnægjandi skýringar við athugasemdum þeim, er lagðar voru fyrir hann að lokinni rannsókn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á framtölum hans, enn fremur mótmælti hann því, að nokkuð af hinum umdeildu skattahækkunum væru fyrndar.

Í munnlegum málflutningi sínum telur umboðsmaður gerðarþola, að skattayfirvöld hafi farið út fyrir ramma 38. gr. laga um tekju- og eignarskatt, en þar mæli svo fyrir, að eigi skuli reikna gjaldanda skatt lengra aftur í tímann en 6 ár. Eigi því álagning þessi að falla niður af þessari ástæðu einni saman. Þá telur hann hvergi sannað í málinu, að umbjóðandi sinn hafi á umræddu tímabili undandregið tekjur eða eignir, og þar sem umbjóðandi sinn sé ekki bókhaldsskyldur, sé mjög óvarlegt að slá því föstu, að skuldir þær, er tilgreindar séu á framtölum gerðarþola, séu ekki réttar, þótt hann geti ekki fært fullar sönnur á þær að svo löngum tíma liðnum. Varla sé raunsætt að reikna með því, að óbókhaldsskyldir aðiljar geymi gögn sín fjölda ára.

Fógeti reyndi sættir í málinu, en án árangurs.

Í upphafi 38. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt segir svo: „Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár...“ Samhljóða ákvæði voru í 38. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt gögnum málsins kom gerðarþoli í máli þessu fyrir deildarstjóra rannsóknardeildar ríkisskattstjóra hinn 27. maí 1971 til skýrslugjafar vegna athugunar rannsóknardeildarinnar á skattframtölum hans gjaldárin 1965, 1966, 1967 og 1968. Sama dag er honum send skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og honum jafnframt tilkynnt, að eins og málið lægi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð opinber gjöld hans fyrir gjaldárin 1965—1968, og var honum gefinn kostur á að koma að þeim skýringum og gögnum, er hann kynni að óska. Skattahækkanir þær, er úrskurðar er krafist um í máli þessu, ákvarðaði ríkisskattanefnd á fundi sínum þann 13. september 1971. Skattár er almanaksár, og næsta ár telst gjaldár, skattálagning árið 1965 er miðuð við eignir og skuldir gjaldanda, eins og þær voru við upphaf 1. janúar það ár og tekjur og gjöld skattársins 1964. Rétturinn fær því ekki annað séð en að skattayfirvöld hafi ekki gætt þeirra takmarka, er ákvæðin eru í 38. gr. laga um tekju- og eignarskatt, en þar segir, að ekki skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Rétturinn verður því

að líta svo á, að skattahækkun sú, er lögð var á gerðarþola fyrir árið 1965, sé ekki lögum samkvæmt og því ekki lögtakshæf. Þegar litið er á gögn málsins í heild og munnlegan málflutning þess, virðist gerðarþoli ekki hafa getað gefið skattayfirvöldum fullnægjandi skýringar á athugasemdum þeim, er þau hafa gert við skattframtöl hans árin 1966, 1967 og 1968. Enda hefur hann að eigin sögn fargað sjálfur gögnum þeim, er hann hefur stuðst við í framtölum sínum ofangreind ár, þótt honum hefði átt að vera ljóst mikilvægi þess að geyma slík gögn, þar sem hann hefur starfað sem skrifstofumaður ýmissa fyrirtækja og jafnvel setið í stjórn hlutafélags.

Rétturinn fær ekki séð, að skattayfirvöld hafi gengið það langt í hækkunum opinberra gjalda á gerðarþola fyrir gjaldárin 1966, 1967 og 1968, að þau hafi farið út fyrir heimildir þær, er skattalög leyfa, þegar svo stendur á sem í máli þessu.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir árið 1966, kr. 68.673.00, fyrir árið 1967, kr. 166.008.00, og fyrir árið 1968, kr. 162.061.00, eða samtals kr. 396.742.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa hinn 7. júlí 1972 til greiðsludags. Allt á ábyrgð gerðarbeiðada.

Eftir atvikum máls þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 396.742.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 7. júlí 1972 til greiðsludags. Allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 21. febrúar 1974.

Nr. 36/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Jóhanni Jóhannssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. febrúar 1974, sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 73/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1974.

Ár 1974, laugardaginn 9. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að hinn 4. janúar s.l. var kært til rannsóknarlögreglunnar vegna þjófnaðar á tveim veskjum á Landakotsspítala.

Eigendur veskjanna reyndust vera læknarnir Halldór Steinsen og Ólafur Gunnlaugsson.

Úr veski Ólafs höfðu verið teknar kr. 400.00 í peningum, en úr veski Halldórs ca. kr. 3.000.00 auk tékkheftis á Búnaðarbanka Íslands.

Þá hefur Snorri Ólafsson, læknir á Landspítalanum, saknað tékkheftis á Búnaðarbanka Íslands.

Fjölmargar falsaðar ávísanir hafa komið fram úr heftum þessum undanfarið, og í gærkveldi var Jóhann Jóhannsson, Sjafnargötu 8 hér í borg, handtekinn og viðurkenndi að vera valdur að þjófn-

uðum þessum og að hafa falsað ávísanir þær, sem þegar eru komnar fram, ásamt ýmsum fleiri, sem ekki eru komnar fram.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og þykir því nauðsynlegt með hliðsjón af framansögðu og tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga 73/1973 að úrskurða ákærða í gæsluvarðhald, á meðan rannsókn er ekki lokið, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot kærða gæti varðað hann fangelsisrefsingu eftir 155. gr. alm. hegningarlaga 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Jóhannsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1974.

Nr. 44/1972: **Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Páli J. Pálssyni
(Gylfi Thorlacius hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Félagsréttindi. Brottvikning úr félagi dæmd ógild.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. mars 1972. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

I.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms á því, að skylt hafi verið að leggja ágreiningsefni málsaðilja undir úrskurð stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands samkvæmt 1. lið 9. gr. laga þeirra samtaka, sbr. enn fremur 7. gr. laga Félags löggiltra rafverktaka. Er leitt í ljós, að Félag löggiltra rafverktaka var deild í þeim samtökum á þeim tíma, er hér skiptir máli, og hafði stefndi undirritað samkvæmt gögnum málsins yfirlýsingu um að hlíta lögum Vinnuveitendasambandsins.

Með úrskurði, uppkveðnum 12. júlí 1971, hratt héraðsdómari frávísunarkröfu þessari. Þess er eigi getið í áfrýjunarstefnu, að úrskurði þessum sé áfrýjað til Hæstaréttar, sbr. 17. og 34. gr. laga nr. 57/1962 og nú 17. og 34. gr. laga nr. 75/1973. Verður framangreindri ómerkingarkröfu eigi sinnt.

II.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var stefnda vikið úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík á félagsfundi 29. apríl 1970. Stefndi höfðaði 3. mars 1971 mál það, sem dæmt er með hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi telur, að með því að hreyfa ekki andmælum gegn brottvikningu úr félaginu fyrr en með héraðsdómsstefnu hafi stefndi sætt sig við orðinn hlut og girði þetta tómlæti hans fyrir, að hann geti vefengt brottvikninguna með málssókn þessari.

Samkvæmt flutningi málsins verður við það að miða, að stefndi hafi andmælt tillögu félagsstjórnar um brottvikningu á fundinum 29. apríl 1970. Höfðu forráðamenn félagsins eigi ástæðu til að ætla, að stefndi yndi brottvikningunni. Verður sýknukrafa áfrýjanda vegna þessarar málsástæðu því eigi tekin til greina.

III.

Samkvæmt 9. gr. laga fyrir Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík, upprunalega frá 11. ágúst 1936 og með síðari

breytingum, er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu á félagsfundi, sem boðað er til með minnst viku fyrirvara, enda sæki fund félagsmenn, sem fari með að minnsta kosti 2/3 hluta atkvæðamagns í félaginu, og tillaga um brottvikningu hljóti eigi minna en 3/4 atkvæðamagns fundarmanna. Svo sem áður greinir, var stefnda vikið úr félaginu á félagsfundi 29. apríl 1970. Eigi eru bornar brigður á það af hálfu stefnda, að til fundar þessa hafi verið boðað með löglegum fyrirvara og fundarefni nægilega kynnt í fundarboði, er barst stefnda. Sótti hann fundinn og tjáði sig um málið. Samkvæmt gögnum máls sátu fundinn félagsmenn, er fóru með meira en 2/3 atkvæðamagns félagsmanna. Hlaut tillaga um brottvikningu stefnda um 90% atkvæðamagns fundarmanna og því tilskilið fylgi. Stefndi heldur því allt að einu fram, að samþykkt þessi sé ólögmæt gagnvart sér. Hún sé gagngert reist á því, að hann hafi brotið reglur, sem settar voru á félagsfundi 4. mars 1970 um tilboð í rafverk, en reglur þessar bindi hann ekki. Reglur þessar fela efnislega í sér „ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar," og samþykkt þeirra hlítir því fyrirmælum 18. gr., 2. málsgr., félagslaga. Samkvæmt 18. gr., 1. málsgr., félagslaga er áskilið, að fundur, sem setji samþykkt um hagsmunamál félagsins, sé því aðeins ályktunarfær, að hann sæki félagsmenn, sem fari með 3/4 atkvæðamagns í félaginu, og er tillaga eigi samþykkt, nema hún hljóti 3/4 atkvæðamagns fundarmanna. Félagsfundur 4. mars 1970 var eigi svo fjölsóttur sem áskilið er í 18. gr., 1. málsgr., félagslaga og var eigi bær að félagslögum til að fjalla um tillögu til framangreindra reglna um tilboð. Samkvæmt gögnum máls sótti stefndi eigi framangreindan fund. Reglur þessar voru eigi settar með þeim hætti, að skuldbindandi væri fyrir hann, þ. á m. ákvæði 9., 10. og 11. gr. reglnanna, sem stefndi einskorðar ógildingarkröfur sínar við í málflutningi hér fyrir dómi. Verður að telja, að héraðsdómara hafi verið heimilt, eins og á stendur, að reisa dóm sinn á þessu málsatriði.

Á félagsfundi 29. apríl 1970, þar sem fundarefni var tillaga félagsstjórnar um brottvikningu stefnda úr félaginu,

var flutt greinargerð stjórnar félagsins um málið. Er hún tilfærð í héraðsdómi. Segir þar m. a., að með því að stefndi hafi eigi viljað sinna löglegum samþykktum félagsins um reglur um tilboð í rafverk af hálfu félagsmanna, hafi þótt eðlilegt, að stjórn félagsins stofnaði til félagsfundar og legði til við félagsfund, að stefnda yrði vikið úr félaginu. Úr því er þegar leyst, að reglur þessar um tilboð í rafverk voru ekki settar með þeim hætti, að skuldbindi stefnda. Samþykktin um brottvikningu hans úr félaginu var hins vegar gerð á þeirri fosendu einni, að því er ráða má af greinargerðinni, að reglur þessar væru bindandi fyrir hann og að hann hefði rofið þær. Grundvöllur þessarar samþykktar er samkvæmt þessu rangur og brottvikning stefnda úr félaginu ólögmæt félagsaðgerð gagnvart honum. Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði 9., 10. og 11. gr. framangreindra reglna um tilboð í rafverk, sem settar voru á fundi áfrýjanda, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, hinn 4. mars 1970, eru eigi skuldbindandi fyrir stefnda, Pál J. Pálsson.

Brottvikning stefnda úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík á félagsfundi hinn 29. apríl 1970 er ógild.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. febrúar 1972.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Páll J. Pálsson rafvirkjameistari, Meðalholti 10, Reykjavík, höfðað á hendur Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík með stefnu, birtri 16. mars s.l.

Endanlegar dómkröfur stefnanda á hendur hinu stefnda félagi eru þær: Að þau ákvæði í reglum um tilboð í rafverk, samþykktum á félagsfundi stefnda 4. mars 1970, um, að félagsmanni sé skylt að

leggja tilboðsgögn fyrir svokallaða viðmiðunarboðsnefnd og að færa rök fyrir tilboði frammi fyrir stjórn félagsins og að honum sé skylt að greiða sektargjald til félagsins og að sæta öðrum viðurlögum vegna tilboða sinna í verk, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsmenn, en til vara, að 9., 10. og 11. gr. tilboðsreglnanna verði dæmdar ógildar og óskuldbindandi, *að* viðurkennt verði með dómi réttarins, að brottvikning stefnanda úr hinu stefnda félagi á fundi þess hinn 29. apríl 1970 hafi verið ógild og að hann sé löglegur félagsmaður, enda greiði hann tilskilin áfallin félagsgjöld, *að* stefndi greiði stefnanda málskostnað, hver sem málsúrslit verða.

Þá hefur stefnandi stefnt Vinnuveitendasambandi Íslands til réttargæslu í málinu með stefnu, birtri 16. mars s.l., en hvorki gerir hann sjálfstæðar kröfur á hendur því félagi né hefur það félag haft uppi kröfur í málinu.

Af hálfu stefnda, Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, hefur verið sótt þing, og voru upphaflega þær dómkröfur gerðar, að máli þessu yrði vísað frá dómi, en með úrskurði bæjarþingsins, uppkveðnum 12. júlí 1971, var þeirri kröfu hrundið.

Endanlegar kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hefur verið félagsmaður í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík, stefnda í máli þessu (F. L. R. R.), en samkvæmt 4. gr. laga fyrir það félag má í það taka alla rafverktaka, sem löggiltir eru í Reykjavík og reka sjálfstæða starfsemi sem rafverktakar eða sem veita forstöðu rafmagnsfyrirtækjum eða rafmagnsdeildum atvinnufyrirtækja, enda hafi þeir prókúruumboð fyrir þau.

Félag þetta er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Í 10. gr. félagslaga segir, að lögmætir félagsfundir hafi æðsta vald í öllum málefnum félagsins innan þeirra takmarka, sem lögin setja. Afl atkvæða ráði úrslitum, nema öðru vísi sé ákveðið í lögunum. Í 14. gr., 1. mgr., segir, að á félagsfundum hafi félagsmenn atkvæðisrétt, svo sem hér segir: „Leggja skal til grundvallar fyrir atkvæðatölu hvers einstaks félagsmanns upphæð innborgaðra tillaga á síðastliðnu reikningsári, og skal vera eitt atkvæði fyrir hverjar fullar eitt hundrað krónur. Þó getur enginn einn félagi haft eða farið með meira en 1/10 hluta af öllum atkvæðum

félagsmanna. Skal félagsstjórnin við hver áramót semja skýrslu yfir atkvæðamagn hvers einstaks félaga, og gildir skýrslan í þessu efni allt árið án tillits til þess, sem greitt kynni að vera á árinu af tillögum fyrir liðin ár."

Í 3. mgr. þessara sömu greinar segir, að félagsmenn geti falið öðrum félagsmönnum að fara með atkvæði sín. Fundarstjóri skuli krefjast skriflegs umboðs, sem leggist við gerðabók félagsins. Umboð í símskeyti teljist skriflegt.

Í 13. gr. félagslaga segir, að hverjum fundi stýri kjörinn fundarstjóri, hann rannsaki í fundarbyrjun, hvort löglega hafi verið til fundarins boðað, og lýsir því síðan, hvort svo sé. Fundarstjórinn velji sér fundarritara meðal fundarmanna. Atkvæðagreiðsla og önnur meðferð mála á fundum fari eftir því, sem fundarstjóri ákveður, þó skuli skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram jafnan, þegar einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefjist þess.

Í 12. gr. félagslaga segir, að til félagsfundar skuli formaður boða bréflega með þriggja virkra daga fyrirvara, nema öðru vísi sé ákveðið í lögunum.

Í fundarboði skuli stuttlega getið þeirra mála, er fyrir eigi að koma á fundinum.

Fundur, sem löglega hafi verið boðað til, sé lögmætur án tillits til þess, hve margir sækja hann, nema öðru vísi sé ákveðið í lögunum.

Í 18. gr. félagslaga segir: „Á félagsfundi, sem sóttur er af hendi svo margra félagsmanna, að umráð hafi yfir að minnsta kosti 3/4 allra atkvæða félagsmanna, má með 3/4 atkvæða fundarmanna taka ákvarðanir um launakjör þeirra, sem eru í þjónustu félagsmanna, svo og um verksvipting, allt innan þeirra takmarka og eftir þeim reglum, sem lög Vinnuveitendasambands Íslands ákveða.

Á slíkum fundum, sem að ofan segir, má og með 3/4 atkvæða fundarmanna samþykkja, svo bindandi sé fyrir alla félagsmenn, ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar, og sker fundurinn sjálfur úr um það með sama atkvæðamagni, hver slík mál eru í hvert sinn. Um afnám slíkra ákvæða fer sem um samþykkt þeirra ....."

Í 7. mgr. 12. gr. segir síðan: „Nú sækja ekki nægilega margir fund, en mál verið samþykkt með nægilegum hluta atkvæða fundarmanna, og má þá innan tveggja vikna boða til nýs fundar til þess að útkljá hin sömu mál, sem getið var í fundarboði til hins fyrri fundar. Skal boða til hins síðari fundar á sama hátt og til hins fyrri og það tekið fram, að til fundarins sé boðað sökum þess, að

eigi hafi verið nógu margir á hinum. Er hinn síðari fundur þá lögmætur án tillits til þess, hve margir sækja hann (sbr. þó sérstök ákvæði í 35. gr. um lagabreytingar)."

Í 35. gr. laganna segir, að lögum félagsins megi ekki breyta nema á fundi, sem boðaður hafi verið með minnst viku fyrirvara og sóttur sé af hendi svo margra félagsmanna, að umráð hafi yfir 3/4 allra atkvæða í félaginu, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að lagabreyting yrði til meðferðar á fundinum og sé lagabreytingin samþykkt með 3/4 greiddra atkvæða að minnsta kosti.

Atkvæðaskrá félagsins fyrir starfsárið 1969 til 1970 hefur verið lögð fram í málinu, og hefur ekki risið ágreiningur með aðiljum um það, að hún hafi gilt, þá er þær ákvarðanir voru samþykktar, sem orðið hafa tilefni máls þess, sem hér er til úrskurðar.

Í 3. gr. félagslaga er mælt fyrir um tilgang félagsins, og segir þar, að hann sé:

„1. Að safna öllum löggiltum starfandi rafverktökum í Reykjavík í félagsskap, sem sé deild í Vinnuveitendasambandi Íslands.

2. Að vinna að því að bæta og hefja rafmagnsiðnina til sem mests og bests gengis í landinu.

3. Að koma á samræmi í rekstri rafvirkjunar, bæði verðlagi, vinnu og öðru og vinna að því, að rafverktakar reki starfsemi sína á heilbrigðum grundvelli.

4. Að gæta hagsmuna rafverktaka, sem í félaginu eru, gagnvart starfsmönnum þeirra, sérstaklega að því er snertir launakjör og hverskonar ráðningarkjör.

5. Að félagsmenn styðji hver annan, meðal annars með fjárhagslegum stuðningi, þegar vinnustöðvanir bera að höndum.

6. Að vinna að því, að sem mest samræmi verði í afstöðu rafverktaka til þeirra, sem þeir hafa í þjónustu sinni.

7. Að vinna að því að tryggja sem best vinnufrið og koma í veg fyrir verkföll og verkbönn með friðsamlegum samningum launþega og vinnuveitenda.

8. Að vera félagsmönnum til leiðbeiningar um allt, er snertir atvinnurekstur þeirra inn á við og út á við.

9. Að vera málsvari félagsmanna gagnvart almenningi og hinu opinbera.

10. Að vinna að fjárhagslegu öryggi félagsmanna."

Félagið hefur sett sér sérstakar reglur um samskipti félagsmanna, og segir í 2. gr. þeirra reglna, að rafverktaka sé eigi heimilt að selja vinnu undir þeim taxta, sem gildi hverju sinni. Jafnframt beri honum að miða efnisálagningu sína við það, sem gild-

andi sé á hverjum tíma. Þetta eigi einnig við, þegar gerð séu tilboð í verk.

Lagður hefur verið fram listi, þar sem félagar skuldbinda sig til þess að hlíta lögum félagsins svo og lögum og fyrirmælum Vinnuveitendasambands Íslands, sem gildi, þá er undirskriftin er gerð eða síðar kunni að verða sett á löglegan hátt. Meðal annarra skrifar stefnandi á þennan lista. Yfirlýsing þessi hefur stoð í 7. gr. félagslaga.

II.

Á félagsfundi í F. L. R. R. þann 4. mars 1970, þar sem mætt var fyrir 2123 atkvæði af 6015 mögulegum, voru mótatkvæðalaust samþykktar eftirfarandi reglur um tilboð:

„Þegar boðin eru út rafverk, skal eftirfarandi reglum fylgt:

1. Þegar um er að ræða opinbert sérútboð rafverktaka, skal félagsstjórn sjá um, að teikningar og verklýsing komist svo fljótt sem verða má í hendur Ákvæðisvinnunefndar, sem reiknar út magntölur vinnuliðs.

2. Þegar um lokað boð er að ræða, þar með talin boð til aðalverktaka, skulu félagsmenn, sem hlut eiga að máli, hafa samband við fulltrúa félagsstjórnar, sem síðan nær í útboðsgögn eða afrit af útboðsgögnum, sem hann kemur til Ákvæðisvinnunefndar.

3. Þegar Ákvæðisvinnunefnd hefur lokið útreikningi, *ber bjóðendum að nota þá við tilboðsgerð sína,* svo sem verið hefur og gegn því skilyrði, að sá, er verkið hlýtur, greiði útreikninga Ákvæðisvinnunefndar.

4. Er Ákvæðisvinnunefnd hefur lokið útreikningum, fær Viðmiðunarboðsnefndin tilboðsgögnin í hendur og eintak af útreikningi Ákvæðisvinnunefndar. Reiknar sú nefnd út tilboð í verkið samkvæmt reglum, er nefndinni verða settar og hún setur sér sjálf. Þegar lokið er gerð viðmiðunartilboðsins, skal það geymt í lokuðu umslagi ásamt tilheyrandi gögnum, þar til tilboð hafa verið opnuð, og er nefndinni óheimilt að skýra frá innihaldi þess. Áður en tilboðin eru opnuð, skulu bjóðendur leggja undirrituð afrit af útreikningum sínum, í lokuðu umslagi og merktu þeim, inn á skrifstofu F. L. R. R. Þau umslög má ekki opna, nema þau, sem niðurboð eru í, og þá að viðstöddum eiganda. Hinum skal skila eigendum óopnuðum.

5. Við opnun tilboða skal fulltrúi félagsstjórnar vera viðstaddur og rita niður tilboðsupphæðir og nöfn bjóðenda.

6. Þegar fyrir liggja nöfn bjóðenda og tilboðsupphæðir, skal

félagsstjórn opna viðmiðunartilboðið, og er upphæð þess tilboðs viðurkennd sem viðmiðunarupphæð.

7. Sé eitthvert tilboð, sem er 10.000 vinnueiningar eða minna, meira en 5% lægra en viðmiðunartilboðið, ber félagsstjórn að kalla eigendur þeirra boða á stjórnarfund og gefa þeim kost á að gera grein fyrir afslætti. Stjórnin metur hverju sinni, hvaða rök skulu tekin gild fyrir afslætti, og skal niðurstaða stjórnar hverju sinni færð í sérstaka bók, og undirritar stjórnin hana hverju sinni. Sé vinnuliðurinn meira en 10.000 vinnueiningar, skal markið vera 7%.

8. Viðmiðunarboðsnefnd skal sitja þá stjórnarfundi, er fjalla um niðurboðin, og vera stjórninni til ráðuneytis í þeim málum.

9. Þeir bjóðendur, sem ekki geta fært fram rök fyrir niðurboði, er stjórnin tekur gild, skulu greiða sekt til félagsins, og skal upphæð sekta miðast við upphæð viðmiðunarboðsins og hve lágt er boðið. Til dæmis skal sá, er býður 6% lægra en viðmiðunarboðið, greiða 1% af viðmiðunarupphæð, sá sem er 7% fyrir neðan, 2% o. s. frv.

10. Félagsmanni, sem gert hefur verið að greiða sekt vegna niðurboða, er ekki heimilt að gera tilboð í verk, fyrr en sektin er að fullu greidd. Stjórnin skal fella sektir á bjóðendur niður í kr. 5.000.- við fyrsta brot, ef þeir á móti skuldbinda sig til skriflega:

a) að falla frá tilboði sínu,

b) að gera ekki tilboð í verk næstu 6 mánuðina.

Sé brotið endurtekið, hækkar sekt í kr. 10.000.00 og að gera ekki tilboð í verk í 12 mánuði.

11. Taki einhver þeirra, er sektaðir hafa verið, að sér viðkomandi verk, ber honum að greiða kostnað við gerð viðmiðunarboðsins, annars greiðist sá kostnaður úr félagssjóði.

12. Öllum félagsmönnum skal sent eitt eintak af reglum þessum á sannanlegan hátt."

Á aðalfundi 28. maí 1970 var stjórn F. L. R. R. heimilað að fresta framkvæmd 10. gr. reglnanna um tilboð í rafverk. Mun ákvæðinu ekki hafa síðan verið beitt.

Áður en reglur þessar voru samþykktar í endanlegri gerð sinni á fundinum 4. mars 1970, höfðu þær verið teknar fyrir á tveim fundum, þ. e. þann 17. nóvember 1969 og 15. desember 1969. Fundarboð vegna þessara funda og endurrit fundargerða liggja frammi í málinu svo og listar yfir þá félagsmenn, sem mættu á fundunum.

III.

Stefnandi, sem er forstöðumaður Myllunnar h/f, gerði ásamt fleiri félögum F. L. R. R. tilboð í rafverk í húsi Sjálfsbjargar á árinu 1970. Tilboð Myllunnar reyndist vera lægst, og fékk fyrirtækið verkið. Stefnandi segir, að félagsstjórn stefnda hafi gramist þetta mjög og gripið til þess fangaráðs að boða til félagsfundar með fundarboði, dags. 20. apríl 1970, en fundinn skyldi halda þann 29. apríl 1970.

Boðað fundarefni var: „Tillaga stjórnar F. L. R. R. um að víkja Páli J. Pálssyni úr félaginu."

Á fundinum var borin upp svohljóðandi tillaga: „Fundur í F. L. R. R. haldinn í húsi V. F. Í. 29. apríl 1970 samþykkir samkvæmt 9. gr. l. félagsins að vísa Páli J. Pálssyni, Meðalholti 10, úr félaginu, og felur stjórn félagsins að innheimta hjá honum vangreidd félagsgjöld, sektir og viðurlög, er honum ber að greiða samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Brottvísun þessi tekur þegar gildi."

Stefnandi segir, að fundarstjóri hafi talið tillögu þessa vera samþykkta, a. m. k. hafi það boð verið látið út ganga.

Í 9. gr. félagslaga, sem hér er vitnað til, er sagt, að auk þess sem víkja megi félagsmönnum úr félaginu samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands, geti félagsfundur, sem boðaður hefur verið með minnst viku fyrirvara og þar sem mætt er fyrir minnst 2/3 atkvæða allra félagsmanna, samþykkt með 3/4 atkvæða fundarmanna að víkja félagsmanni fyrirvaralaust úr félaginu, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að slík tillaga yrði borin fram. Tillögu um brottvikningu megi þó aðeins leggja fyrir fund, ef hún er borin fram af félagsstjórninni eða svo mörgum félagsmönnum, að umráð hafi fyrir minnst 1/3 hluta allra atkvæða félagsmanna. Í greininni er enn fremur vikið að því, að úrsögn eða brottvikning félagsmanns leysi hann ekki undan greiðslu tillaga, sekta og annarra skulda við félagið né heldur frá hlutfallslegri ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum, sem hvíla á félaginu, þegar hann gengur úr því.

Í greinargerð stjórnar F. L. R. R. vegna tillögu um brottvikningu Páls J. Pálssonar úr félaginu, en greinargerð þessi hefur verið lögð fram í málinu og var einnig lögð fyrir fund þann, er samþykkti að víkja Páli J. Pálssyni úr F. L. R. R., segir svo um málavexti:

„Afskipti stjórnar F. L. R. R. af tilboðum eiga sér nokkuð langa sögu, þar eð mönnum hefur verið það ljóst lengi, að tilboð í raf-

verk hafa verið óraunhæf og í engu samræmi við raunverulegt kostnaðarverð verkanna. Stafar þetta ýmist af óvandvirkni, kunnáttuleysi eða vegna þess, að menn hafa boðið lágt í trausti þess, að verk væru svo illa undirbúin, að þau ýmist breyttust fljótlega í tímavinnu vegna breytinga eða að tilboðið yrði meira og minna ómerkt vegna þeirra. Oft er líka það, sem boðið er út, svo lítill hluti alls verksins, að tap á tilboði skiptir ekki verulegu máli.

Fyrstu beinu afskipti stjórnarinnar af útboðum voru þau, að væntanlegir bjóðendur, ásamt fulltrúa verkkaupa, voru boðaðir á fund, áður en tilboðum var skilað, og fulltrúi verkkaupa gerði grein fyrir útboðinu og svaraði spurningum bjóðenda, ef um vafaatriði var að ræða. Þetta var gert, til þess að allir hefðu sömu og nægar upplýsingar.

Þessi tilraun virtist hafa einhver áhrif um stundarsakir, en um verulegan árangur var ekki að ræða.

Þessu var þó haldið áfram, þar til svo langt gekk, að tilboðin dugðu varla fyrir efni því, sem til verkanna þurfti, og má í því sambandi geta eins útboðs, þar sem boðin var út röralögn í steypu. Lægsta boð í þetta verk nægði aðeins fyrir efninu, en verkkaupi taldi eðlilegast, að mönnum væri leyft að standa við tilboð sín, og gaf um það hátíðlegt loforð, að verkið skyldi boðið út að nýju, er röralögn væri lokið. Á þetta var fallist, en raunin varð sú, að húsið var komið mjög skammt á veg, þegar verulegar breytingar orsökuðu það, að verkið breyttist í tímavinnuverk og var aldrei boðið út að nýju, en verktakinn sat að öllu verkinu í skjóli síns óraunhæfa tilboðs.

Það næsta, sem til bragðs var tekið, var, að settar voru reglur um það, að öll tilboð skyldu lögð inn á skrifstofu félagsins, og var sérstakri nefnd falið að meðhöndla þau á þann hátt, að tilboðsupphæðirnar skyldu lagðar saman og deilt í niðurstöðutölu með fjölda tilboða. Síðan skyldu dregin frá þeirri tölu, sem þá kom út, 10%, en þau tilboð, sem lægju fyrir neðan þá tölu, sem þá kom út, skyldu flutt jafn mikið upp fyrir meðaltöluna og þau lágu fyrir neðan hana áður og boðin síðan send þannig til verkkaupa.

Rafverktakar, sem buðu í verk samkvæmt þessum reglum, tóku þessum aðgerðum mjög vel, en verkkaupar fundu þessu flest til foráttu, og mun jafnvel af þeim sökum hafa dregið úr því um tíma, að rafverk væru boðin út nema í heildarboði, sem þá voru að hefjast, en við þá útboðsaðferð var talið illmögulegt að beita þessum reglum.

Þegar ákvæðisvinnutaxtinn kom til sögunnar, var talið, að svo

föst verðlagning væri komin á vinnu og efni, að óverjandi og e. t. v. óþarft væri að viðhafa fyrrgreindar reglur, og væru þær því afnumdar, en í þess stað samþykkt að láta reikna út vinnulið verka, þegar um sérútboð rafverka væri að ræða, og bjóðendum gefinn kostur á að nota þessa útreikninga. Þeim, er verk hlaut, var gert að greiða kostnað við útreikning vinnuhlutans.

Þetta hefur verið gert allt til þessa, en raunin varð sú, að tilboð urðu jafn óraunhæf og áður, en sem dæmi má nefna tilboð í röralögn, sem áætlað var af verkkaupa, að kosta myndi rúm 120 þúsund, tilboð í það verk hljóðaði upp á rúm 50 þúsund.

Þegar svona var komið, kannaði stjórnin viðhorf þeirra, sem oft taka þátt í útboðum, og kom þá fram, að þeir töldu nauðsynlegt, að gripið yrði til einhverra ráða til þess að breyta þessu ástandi og reyna að koma málum í það horf, að bjóðendur gætu gert raunhæf tilboð, en þyrftu ekki að koma fram eins og okrarar, þegar tilboð þeirra voru borin saman við hin óraunhæfu niðurboð.

Að þessu athuguðu samdi stjórnin drög að reglum um tilboð í rafverk, og var höfuðinnihald þeirra tillagna það, að halda skyldi áfram að láta reikna út vinnulið rafverka, en sérstakri nefnd falið að gera viðmiðunarboð, sem geymt skyldi, þar til tilboð hefðu verið opnuð. Nefndinni var uppálagt að gera viðmiðunartilboðið svo lágt sem kostur væri á án þess þó að brjóta gildandi taxta félagsins. Er tilboð hefðu verið opnuð, skyldi viðmiðunarboðið opnað og dregin 10% frá tilboðsupphæðinni, en eigendum þeirra boða, sem lægju undir þeirri tölu, sem þá kæmi út, gefinn kostur á að koma á fund stjórnar og Viðmiðunarnefndar og færa rök fyrir því, hvers vegna boð þeirra væri lægra en boð Viðmiðunarnefndar, eftir að það hafði verið lækkað. Gætu þeir rökstutt boð sín, væri þeim heimilt að semja um viðkomandi verk án afskipta félagsins, en gætu þeir það ekki, yrðu þeir annað hvort að greiða viðurlög í samræmi við fjarlægð boðs frá lækkuðu viðmiðunarboði eða falla frá tilboðinu. Gert var ráð fyrir, að allir, er fyrir neðan lægju og gætu ekki réttlætt boð sín, hlytu þá einhver viðurlög.

Tillögur þessar voru sendar öllum félagsmönnum og síðan haldinn félagsfundur til þess að ræða tillögurnar, en á þeim fundi var kosin nefnd til að endurskoða tillögurnar og henni falið að leggja niðurstöður sínar fyrir næsta félagsfund.

Nefnd þessi lagði á sig allmikið starf við að endurskoða tillögurnar og gerði m. a. til reynslu viðmiðunarboð skv. reglunum í rafverk, sem boðið var út, meðan á athugun nefndarinnar stóð.

Niðurstöður nefndarinnar voru endanlega lagðar fyrir þriðja fé-

lagsfund, sem þetta mál var rætt á, en þær fólu í sér þær breytingar helstar, að frádráttarprósentan var lækkuð í 5 og 7% eftir stærð verka, viðurlögum breytt nokkuð og bjóðendum gert að skila gögnum þeim, er þeir notuðu við tilboðsgerð sína inn á skrifstofu F. L. R. R., áður en tilboð væru opnuð. Voru tillögurnar síðan samþykktar samhljóða.

Skömmu eftir að reglur þessar voru samþykktar, voru boðin út tvö verk, viðbygging við Loftleiðahótelið, sem boðin var út í heildarboði, og nýbygging Sjálfsbjargar að Hátúni 12, sem var sérútboð, en raflögnin var þó komin þar nokkuð á leið, húsið rúmlega fokhelt.

Stjórn F. L. R. R. hafði þó ekkert að athuga við útboð verksins á þessu stigi, því um það hafði verið rætt frá upphafi að bjóða verkið út.

Gerð voru viðmiðunarboð í bæði þessi verk, og þegar vitað var, hvaða aðalverktaki hlaut viðbyggingu Loftleiðahótelsins, var rætt við þann rafverktaka, er hafði lægst tilboð hjá þeim verktaka, en tilboð hans reyndist um 250 þúsundum fyrir neðan viðmiðunarboðið, eftir að það hafði verið lækkað.

Eigndi þessa boðs var Hjörleifur Þórlindsson, og hélt stjórn og Viðmiðunarnefnd með honum tvo fundi, þar sem honum var gefinn kostur á að færa rök fyrir boði sínu. Niðurstöður þessara funda urðu þær, að Hjörleifur gat fært fram rök, sem urðu til þess, að boð hans lá um 45 þúsund neðan við lágmark viðmiðunarboðsins, og ákvað hann þá að greiða viðurlögin ásamt kostnaði við gerð viðmiðunarboðsins, svo sem reglur mæla fyrir, og taka að sér verkið. Samþykkti hann víxil fyrir um 71 þús. krónum, áður en hann hóf samninga um verkið.

Þegar tilboð í rafverk í húsi Sjálfsbjargar höfðu verið opnuð, var viðmiðunarboðið í það verk opnað. Bjóðendur voru sjö í þetta verk, og reyndust öll boðin liggja fyrir neðan viðmiðunarboðið, eftir að það hafði verið lækkað um 5%, reyndist vera kr. 2.777.697.00, en hin boðin voru sem hér segir:

Rafsvið s.f.	kr. 2.710.314.00
(aths. ef nota má plaströr lækkar tilboðið um kr. 37.500.00)	
Bræðurnir Ormsson h.f.	— 2.695.821.00
Segull h.f.	— 2.610.480.00
Sig. Kjartansson	— 2.494.300.00
Jón Bjarnason	— 2.455.600.00

Gunnar Steinsson	kr. 2.450.000.00
Myllan h.f.	— 2.167.000.00

Bjóðendur voru þegar kallaðir fyrir stjórn F. L. R. R. og Viðmiðunarnefnd til að gera grein fyrir boðum sínum, að undanskyldum einum, sem var úr Hafnarfirði og ekki talin ástæða til að ónáða að svo komnu máli.

Fimm bjóðendur gerðu grein fyrir boðum sínum, og voru rök þeirra bókuð í gerðabók, svo sem ráð er fyrir gert, en lægstbjóðandi, Páll J. Pálsson, neitaði algjörlega að gera grein fyrir boði sínu og lýsti því yfir, að hann treysti sér ekki til þess. Hann mætti þó á stjórnarfundi 25/3 '70 og lýsti þá yfir, að hann teldi tilboðsreglurnar markleysu.

Framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar kom á fund 10/4 með Hjörleifi Þórlindssyni, er var rafverktaki á húsi Sjálfsbjargar, Páli J. Pálssyni og formanni F. L. R. R., og óskaði framkvæmdastjórinn þá eftir, að verktakaskipti færu fram á húsi Sjálfsbjargar. Þessi málaleitan var lögð fyrir stjórnarfund sama kvöldið, og var Páll J. Pálsson boðaður á þann fund. Páli var gerð grein fyrir ákvæðum útboðsreglnanna og hann spurður, hvort hann óskaði að taka að sér verkið og gjalda viðurlög, sem tilboðsreglurnar gerðu ráð fyrir í þessu tilfelli. Páll kvaðst ekki greiða viðurlögin, en lýsti því jafnframt yfir, að hann myndi ekki fara inn í umrætt verk, nema að lögleg rafverktakaskipti færu fram.

Síðan var ósk framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar um verktakaskipti tekin fyrir og verktakaskiptum neitað á þeim forsendum, að sá rafverktaki, er við verkinu ætti að taka, vildi ekki hlíta löglegum samþykktum félagsins, þ. e. a. s. tilboðsreglunum.

Það næsta, sem gerist í þessu máli, er, að Rafmagnsveita Reykjavíkur samþykkir einhliða, að Páli J. Pálssyni skuli heimilt að taka við raflögn í húsi Sjálfsbjargar, án þess að leitað sé samþykkis F. L. R. R., svo sem gert er ráð fyrir á eyðublaði 2 A og tíðkast hefur um 8 ára skeið.

Þegar svo er komið, er haldinn stjórnarfundur og Páll boðaður á hann og honum gerð grein fyrir reglum félagsins um samskipti félagsmanna og hann jafnframt minntur á fyrri yfirlýsingu sína á stjórnarfundi, þar sem hann lýsti því yfir, að hann færi ekki inn í umrætt verk, nema að slíkt yrði samþykkt á löglegan hátt. Var honum bent á, að samkvæmt reglum væri honum óheimilt að taka að sér verkið nema með samþykki stjórnar F. L. R. R.

Páll kvað sig það engu skipta, þar eð R. R. hefði samþykkt skipt-

in og að hann teldi sig engar reglur brjóta, þótt hann tæki að sér verkið, sem hann hefði þegar ákveðið að gera.

Þegar svo var komið, að engum fortölum þýddi að beita við Pál, var honum gerð grein fyrir því, hve alvarlegar afleiðingar þessi afstaða hans gæti haft fyrir stöðu hans í félaginu, en þær fortölur báru heldur ekki árangur.

Á stjórnarfundinum hafði Páll óskað sérstakra bókana, sem að sjálfsögðu var gert, en á þessum stjórnarfundi sem og á öðrum, er hann sat, neitaði hann gjörsamlega að undirrita fundargerð, svo sem venja er, að þeir geri, er stjórnarfundi sitja.

Er Páll hafði vikið af fundi, ræddi stjórnin, hvaða afstöðu hún skyldi taka varðandi mál Páls. Kom þá til greina að leita aðstoðar Meistarasambands byggingamanna við að útiloka Pál frá verkinu, en sú aðferð þótti óheppileg, en talið eðlilegra með tilliti til þess, að Páll vildi engu sinna löglegum samþykktum félagsins, að leggja til við félagsfund, að Páli yrði vikið úr félaginu og viðurlög þau og sektir, er honum yrði gert að greiða, síðan innheimt samkvæmt lögum félagsins. Brottvikning Páls úr félaginu myndi hafa þau áhrif, að aðgerða Meistarasambandsins mætti vænta þegar í stað, er hann teldist ekki lengur félagsmaður, og stjórnin taldi heppilegt, að í þetta skipti reyndi á, hvers virði félaginu væri aðild þess að Meistarasambandinu.

Var því samþykkt að boða til félagsfundar með löglegum fyrirvara og að leggja fyrir þann fund tillögu um brottvikningu Páls úr F. L. R. R.

Síðan þetta gerðist, hefur rafmagnsstjóra verið sent allítarlegt bréf og gerð grein fyrir framkvæmd verktakaskipta á umliðnum árum og óskað greinargerðar vegna samþykktar R. R. á verktakaskiptum á húsi Sjálfsbjargar að Hátúni 12. Jafnframt var óskað frekari viðræðna við rafmagnsstjóra um samskipti F. L. R. R. og rafveitunnar.

Hinn 24. apríl barst svo félaginu svohljóðandi bréf frá Páli J. Pálssyni: „Ég undirritaður gengst undir sektargreiðslu, að fjárhæð kr. 5.000.00, vegna tilboðs míns í raflagnir í hús Sjálfsbjargar, Hátúni 12, Reykjavík, með þeim fyrirvara, að mér hafi verið það skylt, en því mótmæli ég.““

Lagt hefur verið fram endurrit úr fundargerðabók varðandi félagsfundinn 29. apríl 1970. Kemur þar fram, að kannað var þar atkvæðamagn mættra fundarmanna, og reyndust atkvæði 73% allra atkvæða félagsmanna. Þar kemur einnig fram, að stefnandi var mættur á fundinum. Að loknum umræðum fór fram atkvæða-

greiðsla um áðurgreinda tillögu um brottvikningu stefnanda. Fundarstjóri kynnti þau umboð fyrir atkvæðisrétti, sem fram höfðu komið frá fjarstöddum félagsmönnum, og ákvað, að atkvæðagreiðslan skyldi fara fram með einum seðli frá hverjum fundarmanni, sem borinn yrði til hvers um sig með áritaðri atkvæðatölu viðkomandi, og skyldi rétthafi aðeins rita já eða nei á seðilinn. Þessu formi atkvæðagreiðslunnar var ekki mótmælt, og fór hún fram. Atkvæði féllu þannig: Já sögðu 4000 nei sögðu 425, og auðir seðlar voru 69. Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru lýst lögleg.

Lagður hefur verið fram listi yfir viðstadda félagsmenn og atkvæðamagn hvers þeirra um sig. Jafnframt hafa verið lögð fram umboð til þeirra, sem mættu fyrir önnur atkvæði en sín eigin á fundinum. Samkvæmt þessum atkvæðalista virðist hafa verið mætt fyrir 4530 atkvæði á fundinum, þannig að samkvæmt því virðast við atkvæðagreiðsluna ekki koma fram 36 atkvæði. Heildaratkvæðamagn í félaginu er samkvæmt framlögðum lista 6015 atkvæði.

Í aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram af hálfu stefnanda, er svo skýrt frá meistaraskiptum á umdeildu verki:

„Samkvæmt venju áttu að fara fram meistaraskipti á verkinu, áður en ég léti hefja þar störf. Á því eyðublaði, sem R. R. (Rafmagnsveita Reykjavíkur) gefur út til útfyllingar varðandi meistaraskipti, er reitur fyrir stimpil F. L. R. R.

Oft er það ekki átakalaust, þegar skipta skal um meistara á verki, og hefur R. R. látið F. L. R. R. leysa þann vanda. R. R. hefur því ekki veitt leyfi, fyrr en stimpill F. L. R. R. er fyrir hendi á blaðinu. Nú er mér neitað um þennan stimpil F. L. R. R. á þeim forsendum, að ég vilji ekki fara eftir útboðsreglum. Fór ég þá til R. R. og lagði umsókn mína um meistaraskipti þar inn. Var hún síðan afgreidd og leyft að vinna verkið. Eftir því sem mér var sagt, var umsókn mín afgreidd á þeim forsendum, að formaður F. L. R. R. hafi eitt sinn ritað bréf til rafmagnsstjóra og óskað eftir, að hann skæri úr deilumálum, sem kynu að koma upp á milli F. L. R. R. og einstakra félagsmanna.“

Með stefnu félagsdóms, útgefinni 1. febrúar 1971, höfðaði Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík mál fyrir Félagsdómi gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags íslenskra rafvirkja, þar sem þær kröfur eru gerðar, að viðurkennt verði með dómi, að félagsmönnum stefnda sé óheimilt að vinna hjá Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara, stefnanda máls

þessa, á meðan hann sé ekki félagsmaður Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík.

Í stefnu Félagsdóms er vitnað til þess, að hinn 2. júlí 1970 hafi Félag löggiltra rafverktaka í Reykjavík og Félag íslenskra rafvirkja gert kjarasamning sín á milli, er gilda eigi til 1. október 1971. Í 1. mgr. 8. gr. þess kjarasamnings segir: „Óheimilt er rafverktökum í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík að hafa né taka að rafvirkjastörfum aðra rafvirkja en þá, sem eru fullgildir félagar í Félagi íslenskra rafvirkja. Jafnframt skuldbindur Félag íslenskra rafvirkja félaga sína til að vinna ekki að rafvirkjastörfum hjá öðrum rafverktökum starfandi í Reykjavík en þeim, sem eru félagar í Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík. Rafvirkjar, sem nú vinna hjá aðilum utan F. L. R. R. eru undanþegnir ákvæðum síðustu málsgreinar."

Í stefnunni er jafnframt vitnað til þess, að hinn 29. apríl 1970 hafi Páli J. Pálssyni rafvirkjameistara verið vikið úr Félagi löggiltra rafverktaka í Reykjavík, vegna þess að hann hafi brotið löglega teknar samþykktir félagsins, og hafi sú brottvikning ekki verið vefengd sem lögleg.

IV.

Stefnandi málsins hefur komið fyrir dóm.

Hann kvaðst ekki hafa verið á fundi, þegar reglurnar um tilboð í rafverk voru samþykktar. Hann sagði, að verið gæti, að hann hefði verið á fyrsta fundinum, sem fjallaði um reglurnar, en mundi ekki, hvenær hann var haldinn. Hann kvaðst hafa verið hlynntur reglum um tilboð, en talið, að þær reglur ættu að vera aðstoð við félagsmenn. Hann kvaðst hafa verið andvígur sektarákvæðum. Hann kvaðst ekki hafa gert sér fullkomlega grein fyrir því, í hverju reglur um tilboð ættu að vera fólgnar, og þess vegna hafi hann ekki mætt á fundum þeim, sem um þetta fjölluðu. Eftir að reglurnar voru samþykktar, kveðst hann hafa mótmælt þeim með því að fara ekki eftir þeim í fyrsta tilboðinu, næstu á eftir samþykkt þeirra, þ. e. tilboðið í verk Sjálfsbjargar. Hann kvaðst hafa fengið magntölur hjá félaginu, bæði hvað varðaði efni og vinnu vegna þessa verks og hafi hann greitt fyrir það. Hann kvaðst hafa greitt fyrir þessar magntölur, eftir að hann skrifaði undir samninginn við Sjálfsbjörg. Hann hafi talið sér það skilt samkvæmt reglum félagsins, sem kveði á um það, að sá, sem hljóti verk, eigi að greiða kostnað öflunar magntalnanna. Hann kvaðst

hafa greitt þetta, eftir að talið var, að honum væri vikið úr félaginu, og hefði verið tekið við greiðslunni athugasemdalaust. Hann kvaðst álíta, að til fundarins 4. mars 1970 hafi verið boðað eins og venja væri til. Hann kvaðst hafa mætt á fundinum 29. apríl 1970, þegar samþykkt var að víkja honum úr félaginu. Hann kvaðst hafa farið af fundi, þegar niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru birtar. Hann kvaðst ekki hafa hreyft neinum andmælum við því formi, sem haft var á samþykkt tillögunnar við brottvikningu hans. Hann kvaðst ekkert hafa haft í höndum, sem hann hefði getað stutt slík andmæli á. Hann sagði, að honum hefði aldrei verið tilkynnt formlega brottvísun úr félaginu, en hann hafi heyrt niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Aðspurður af lögmanni stefnda, hvort hann teldi sér mikinn hag af því að vera í félaginu, svaraði stefnandi „vissulega, ef félagið væri rekið á heiðarlegum grundvelli, t. d. væri það vegna ýmiss konar þjónustu, sem félagið gæti veitt."

Þórir Lárusson, sem var fundarstjóri á fundinum þann 29. apríl 1970, hefur komið fyrir dóminn og staðfest, að fundargerð sú frá þeim fundi, sem frammi liggur í málinu, sé rétt. Hann sagði, að atkvæðamagn mættra fundarmanna væri kannað þannig, að þeir hafi skrifað sig á lista og atkvæðamagn sitt við nöfn sín. Listinn hafi síðan verið borinn saman við lista yfir atkvæðamagn hvers og eins í félaginu.

Hann sagði, að boðað hefði verið til fundarins með bréfi í pósti eins og venjulega og síðan með tilkynningu í útvarpi sama dag. Hann kvaðst ekki vita, fyrir hversu marga stjórn félagsins greiddi atkvæði á fundinum. Hann sagði, að atkvæðagreiðslan hefði farið fram með seðlum, sem á hafi verið ritað atkvæðamagn þess, sem fékk seðilinn afhentan, og annað ekki. Hann hafi svo átt að skrifa já eða nei á seðilinn. Hann sagði, að hugsanlegt væri að sjá, hvernig hver greiddi atkvæði með því að bera saman atkvæðaseðlana og listann yfir mætta félagsmenn og einnig skrá yfir atkvæðamagnið í félaginu.

Árni Brynjólfsson, formaður Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, hefur komið fyrir dóm. Spurður að því, hvernig atkvæðagreiðslur fari venjulega fram í félaginu, segir hann, að atkvæðagreiðslur fari annað hvort fram með handauppréttingu eða, ef krafist sé skriflegrar atkvæðagreiðslu, á þann hátt, sem gert var á félagsfundi 29. apríl 1970. Hann sagði, að atkvæðamagn manna væri misjafnt í félaginu, eins og atkvæðaskráin gæfi til kynna. Hann upplýsti, að í aðalstjórn félagsins hafi á þeim tíma, er fundurinn hinn 29. apríl 1970 var haldinn, hafi verið Vilberg

Guðmundsson, Ólafur Jensson ásamt sér og í varastjórn Finnur B. Kristjánsson, Siguroddur Magnússon og Páll Þorláksson. Varastjórnin sitji alla stjórnarfundi. Hann kvaðst ekki muna, hvernig stefnanda hafi verið tilkynnt brottvísun úr félaginu, öðru vísi en þannig, að hann hafi verið viðstaddur fundinn. Hann sagði, að á fundi 28. maí 1970 hafi verið samþykkt að fresta framkvæmd 10. gr. reglna um tilboð í rafverk. Hann sagði, að ákvæðum 10. gr. hefði enn ekki verið framfylgt, en mönnum væri gefinn kostur á annað hvort að falla frá tilboði sínu eða greiða mismun á rökstuddu tilboði sínu og lækkuðu viðmiðunarboði. Hann sagði, að þó nokkur dæmi væru til þess, að félagið hefði skuldbundið menn til þess að greiða mismun rökstudds tilboðs og lækkaðs viðmiðunarboðs. Hann sagði, að allir hefðu gert þetta nema einn. Hann sagði, að þeir, er greiddu, fengju enga kvittun, heldur samþykktu ódagsettan víxil. Þeir fengju svo kvittun, þegar þeir greiddu víxlana. Hann kvað greiðslur þessar vera kallaðar greiðslur samkvæmt reglum um tilboð. Aðspurður af lögmanni stefnanda, hvort álíta mætti, að Páll J. Pálsson hefði brotið gegn reglum félags síns með því að gera of lág tilboð í verk, sagði hann, að það hefði aldrei fengist kannað. Þetta hefði verið eitt af því, sem Páll J. Pálsson hafi neitað að eiga hlut að, áður en honum var vikið úr félaginu.

V.

Af hálfu stefnanda er vitnað til 3. tl. 3. gr. félagslaga varðandi tilgang félagsins. Telur hann, að dregið hafi til tíðinda í starfsemi félagsins í andstöðu við nefndan tilgang, sem einnig beri að skýra með hliðsjón af ákvæði 8. tl. 3. gr. félagslaganna, þegar félagið setti sér svonefndar reglur um tilboð í rafverk á félagsfundi 4. febrúar 1970, en stefnandi hafi ekki verið á fundi þessum. Samkvæmt reglum þessum séu félagsmenn skyldaðir til þess, þegar verk er boðið út, sem þeir vilja bjóða í, að leggja tilboðsgögn sín fyrir svonefnda viðmiðunarboðsnefnd hjá félaginu, og skulu bjóðendur, sem gera lægri boð en viðmiðunarboðsnefndin álítur hæfilegt, svonefnt niðurboð, greiða sektir til félagsins, ef þeir geti ekki fært þau rök fyrir niðurboði, sem stjórn félagsins taki gild. Stefnandi heldur því fram, að, sbr. 7. tl. reglnanna um útboð, sé félagsmanni gert skylt frammi fyrir viðmiðunarboðsnefnd að gera grein fyrir verslunarleyndarmálum sínum, svo sem hvernig þeir hagi innkaupum sínum, hvernig þeir nái meiri vinnu út úr starfsmönnum sínum. Þá hefur hann bent á, að hvergi standi í reglunum,

að maður verði rekinn úr félaginu, ef hann óhlýðnist þeim. Heldur ekki að reynt verði fyrir Félagsdómi að hindra menn í að vinna hjá honum.

Stefnandi hefur talið reglur þessar óskuldbindandi fyrir sig og aðra félagsmenn, enda gangi þær allt of langt í að hefta atvinnu- og samningsfrelsi félagsmanna, og í því sambandi vitnar hann til 37. gr. laga nr. 7/1936.

Þá hefur af hálfu stefnanda verið vitnað til 12. gr. laga nr. 84/1933 um óréttmæta verslunarhætti. Því hefur verið haldið fram, að ekki sé vinnandi vegur að leggja tilboðsgögn fyrir samkeppnisaðilja sína, en samkvæmt reglunum verði að gera það.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að aðferðir F. L. R. R. gagnvart sér séu hömlur á atvinnufrelsi sínu og séu því andstæðar stjórnarskrá landsins og landslögum. Sjálft Alþingi megi ekki leggja bönd á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji og þá samkvæmt sérstöku lagaboði, því síður hljóti samtökum borgaranna að vera heimil slík skerðing á atvinnufrelsi manna.

Að því er varðar brottvísun hans úr nefndu félagi, vefengir stefnandi gildi þeirrar samþykktar. Hann bendir á eftirfarandi:

1. Félagsstjórnin hafi fyrirfram tekið loforð af félagsmönnum um jákvæða afstöðu þeirra við afgreiðslu tillögunnar á fundinum.

2. Sumir félagsmanna hafi mætt og greitt atkvæði fyrir fjarstadda félagsmenn.

3. Atkvæðagreiðslan hafi átt að vera leynileg, en í stað þess hafi hver félagsmaður fengið í hendur atkvæðaseðil, þar sem á hafi verið merkt atkvæðatala hans. Að lokinni kosningu hafi allir miðarnir verði teknir til varðveislu. Þannig geti stjórn félagsins vitað, hvernig hver einstakur félagsmaður greiddi atkvæði.

4. Stefnandi vefengir, að löglega hafi verið til fundarins boðað og að mætt hafi verið það atkvæðamagn, er 9. gr. félagslega áskilur.

Þá hefur af hans hálfu því verið haldið fram, að sektir séu einu viðurlögin, ef út af tilboðsreglum um rafverk sé brugðið, því að ella hafi brottvikning, t. d. við ítrekuðu broti, verið nefnd í reglunum.

Þá hefur af hálfu stefnanda á það verið bent, að félagsstjórnin hafi bætt gráu ofan á svart gagnvart honum með því að hlutast til um, að gerð væri sú krafa fyrir Félagsdómi, að rafvirkjasveinar megi ekki vinna hjá honum sem brottreknum félagsmanni úr F. L. R. R.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að brottvísun

stefnanda hafi farið fram á lögmætan hátt á lögmætum fundi. Tilboðsreglurnar séu skuldbindandi og settar á lögmætan hátt. Þá er því haldið fram, að fyrst ætti að úrskurða, hvort stefnanda hafi verið löglega vikið úr félaginu, en síðan um réttmæti tilboðsreglnanna, því, ef því væri svarað játandi, að stefnanda hefði verið réttilega vikið, sé hann ekki lengur réttur aðili að hinni spurningunni.

Af hálfu stefnda var síðan vitnað í 2. gr. reglna F. L. R. R. um samskipti félagsmanna og 3. mgr. 3. gr. laga F. L. R. R. og á því byggt, að þessar greinar sýni, að tilboðsreglurnar brjóti ekki í bága við tilgang félagsins. Reglurnar rúmist innan 2. gr. samskiptareglnanna. Því var haldið fram, að tilboðsgjafar gætu dregið tilboð til baka, það væri viðtekin venja, og í því sambandi vitnað til staðalsins Í. S. T. 30. Þá var vitnað til 4. og 5. gr. samskiptareglna F. L. R. R. og því haldið fram, að þær starfsreglur hafi stefnandi brotið án samþykkis stjórnar. En stefnanda hafi verið gerð grein fyrir því, að þessar starfsreglur væri hann að brjóta, sbr. dómsskjal nr. 11, þ. e. greinargerð stjórnar F. L. R. R. Þegar stefnandi hafi ekki skipast við orð stjórnarinnar, hafi verið lagt fyrir fund að reka hann úr félaginu. Fundarboð til þess fundar sé í fullu samræmi við 9. gr. laga F. L. R. R. Fundurinn sé boðaður með viku fyrirvara og mætt sé með 2/3 af atkvæðum félagsmanna og tillagan samþykkt með ákveðnum atkvæðafjölda, þ. e. 90% atkvæða fundarmanna. Þá var vitnað til 13. gr. laga F. L. R. R. um atkvæðagreiðslur og á það bent, að formi atkvæðagreiðslu hafi ekki verið mótmælt, en stefnandi hafi verið viðstaddur. Þarna hafi verið um að ræða hefðbundnar venjur við afgreiðslu mála. Stefnandi hafi gengið af fundi að lokinni atkvæðagreiðslu vitandi það, að fram hafði verið borin á löglegan hátt tillaga um að víkja honum úr félaginu, sem hefði verið samþykkt með löglegum hætti. Þá var vitnað til 8. gr. reglna Meistarasambands byggingamanna um skyldu meistara til að ganga úr verkum og til 8. gr. kjarasamnings við Félag íslenskra rafvirkja og til 34. gr. laga F. L. R. R.

VI.

Við úrlausn þessa máls þykir verða fyrst til þess að líta, hver sé frumástæða deilna stefnanda við félagið. Virðist ljóst, að deilur rísa með aðiljum út af reglunum um tilboð, sem samþykktar voru á almennum félagsfundi 4. mars 1970, enda er það fyrsta verkið, sem félagsmenn bjóða í eftir samþykkt reglnanna, sem deilum veldur. Af þessu leiðir, að rétt þykir að taka fyrst til meðferðar

þá kröfu stefnanda, sem lýtur að gildi ákveðinna fyrirmæla í reglunum um tilboð.

Á félagsfundi 4. mars 1970 var samkvæmt framlögðum listum mætt fyrir 2123 atkvæði af 6015 mögulegum, þannig ekki helming atkvæða félagsmanna. Telja verður, að reglurnar um tilboð séu ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar og að fara eigi eftir 2. mgr. 18. gr. félagslaga við samþykkt þeirra. Samkvæmt ákvæði þessu, sbr. 1. mgr. 18. gr. félagslaga, má á félagsfundi, þar sem mætt er fyrir a. m. k. 3/4 atkvæða félagsmanna, með 3/4 atkvæða fundarmanna samþykkja, svo bindandi sé fyrir alla félagsmenn, ákvæði um hagsmunamál félagsheildarinnar.

Fundurinn 4. mars 1970 uppfyllir ekki ofangreind skilyrði, og stefndi hefur ekki sýnt fram á, að lokamálsgrein 12. greinar félagslaga eigi við um fundinn, sbr. framlagt fundarboð. Reglurnar um tilboð eru því ekki samþykktar með þeim hætti sem félagslög gera ráð fyrir. Þegar af þessari ástæðu verður að taka fyrri hluta kröfu stefnanda til greina og meta þar greind atriði óbindandi fyrir hann.

Eins og að ofan er rakið, voru reglurnar um tilboð óskuldbindandi fyrir stefnanda, þegar hann neitaði að fara eftir þeim og rökstyðja tilboð sitt í hús Sjálfsbjargar fyrir stjórn félagsins. Stefnandi var samkvæmt almennum reglum um tilboð bundinn við tilboð sitt gagnvart Sjálfsbjörg, og hefur stefndi ekki sýnt fram á, að aðrir tilboðsskilmálar hafi gilt. Stefnandi hefði þannig getað orðið skaðabótaskyldur gagnvart Sjálfsbjörg, ef hann hefði afturkallað tilboð sitt til þess að hlýðnast fyrirmælum félagsins um samþykki þess á verktakaskiptum o. fl. Þetta sýnist einnig munu gilda, þótt reglurnar um tilboð hefðu verið samþykktar, svo bindandi hefði verið fyrir stefnanda. Almennt sýnast reglurnar einnig til þess fallnar að fækka tilboðum og draga úr samkeppni og þannig samkvæmt grunnreglum íslensks réttar ekki vera þess eðlis, að þær eigi að njóta sérstakrar verndar dómstólanna, án þess að sérstök afstaða sé tekin til efnis reglnanna. Í ljós þykir leitt, að stefnanda sé mikill akkur í þátttöku í félaginu, bæði veitir félagið ýmiss konar mikilvæga þjónustu, og svo sýnir tilvitnun í 1. mgr. 8. gr. kjarasamnings stefnda félags og Félags íslenskra rafvirkja í stefnu þeirri til Félagsdóms, sem áður er rakin, best, hvílík nauðsyn rafverktökum er að því að vera í félaginu, svo og tilvitnuð ákvæði 8. gr. laga Meistarasambands byggingamanna. Þegar þetta er virt, þykir brottvísun stefnanda úr stefnda félagi verða að styðjast við gild rök, og þegar það

er virt, sem hér að ofan er talið, þykir nokkuð á það skorta. Af þessu leiðir, að ógilda ber brottvísun stefnanda úr stefnda félagi á almennum fundi 29. apríl 1970.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.000.00 í málskostnað, er þá m. a. tekið tillit til þess, að flytja varð málið bæði um formhlið og efnishlið þess.

Dómari máls þessa var Hrafn Bragason.

Dómsorð:

Þau ákvæði í reglunum um tilboð í rafverk, sem samþykktar voru á félagsfundi stefnda 4. mars 1970, þess efnis, að félagsmanni sé skylt að leggja tilboðsgögn fyrir svokallaða viðmiðunarboðsnefnd, að færa rök fyrir tilboði sínu frammi fyrir stjórn félagsins, að greiða sektargjald til félagsins og að sæta öðrum viðurlögum vegna tilboða sinna í verk, eru dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir stefnanda.

Enn fremur er viðurkennt, að brottvikning stefnanda úr stefnda félagi á fundi þess 29. apríl 1970 var ógild og hann sé löglegur félagsmaður, enda greiði hann áfallin félagsgjöld.

Stefndi, Félag íslenskra rafverktaka í Reykjavík, greiði stefnanda, Páli J. Pálssyni, kr. 30.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. febrúar 1974.

Nr. 176/1970: **Lilja Jónsdóttir**
f. h. dánarbús Jóns Eldons
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Lýsi og Mjöli h/f
(Árni G. Finnsson hrl.)
og
Lýsi og Mjöl h/f
gegn
Lilju Jónsdóttur og Sigurgeiri Jónssyni, skiptaráðanda í Kópavogi, báðum f. h. dánarbús Jóns Eldons.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Kyrrsetning. Dánarbú. Héraðsdómur og kyrrsetningargerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. október 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. september s. á. Krefst hann þess aðallega, að staðfest verði frávísunarákvæði hins áfrýjaða dóms, en að öðru leyti verði hann sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda. Til vara krefst aðaláfrýjandi staðfestingar héraðsdóms. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi hafði gjafvörn í héraði og hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi 14. janúar 1971.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann þess, að aðláfrýjandi og stefndi í gagnsök verði dæmdir til að greiða honum aðallega kr. 1.405.324.18 með 8% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til greiðsludags, en til vara kr. 1.241.123.13 með

vöxtum eins og greinir í aðalkröfu. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að honum verði dæmd sú fjárhæð, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi með vöxtum eins og þar segir. Enn fremur gerir gagnáfrýjandi þær dómkröfur, að staðfest verði kyrrsetningargerð, sem framkvæmd var 2. mars 1968 í fasteigninni Þinghólsbraut 52 í Kópavogi til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn stefndi skiptaráðandi hefur eigi sótt þing fyrir Hæstarétti eða gert þar kröfur vegna búsins.

Áður en málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, var haldinn skiptafundur í „dánar- og félagsbúi Jóns Eldons og eftirlifandi konu hans, Lilju Jónsdóttur". Af erfingjum sótti skiptafundinn aðaláfrýjandi og tveir lögráða synir hennar, en lögráðamaður 3 ólögráða barna var fjarverandi. Var á fundinum rætt um áfrýjun málsins, og gerði skiptaráðandi grein fyrir því, að hann gæti ekki fyrir hönd búsins ákveðið áfrýjun héraðsdóms. Var þá samþykkt, „að heimila frú Lilju að áfrýja málinu fyrir búsins hönd á hennar kostnað og ábyrgð, ef lögmaður hinna ólögráða barna, Sigurður Helgason hrl., samþykkir þá ráðstöfun með undirskrift sinni . . ." Það samþykki var síðan veitt.

Í máli þessu krefst gagnáfrýjandi endurgreiðslu á fé, sem hann telur vanta í sjóð sinn frá þeim tíma, er Jón Eldon, eiginmaður Lilju Jónsdóttur, gegndi framkæmdastjórastarfi hjá honum. Því er ekki haldið fram, að hún hafi borið ábyrgð á greiðslu þeirrar skuldar. Jón Eldon lést 6. febrúar 1968. Lilja Jónsdóttir hefur ekki fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir hann. Ekki hefur hún og samerfingjar hennar fengið leyfi til að skipta búinu sjálf, og erfingjar hafa ekki, svo að séð verði, tekið á sig ábyrgð á greiðslu skulda, sem á dánarbúinu hvíla, enda hefur ekki verið á því byggt. Þar sem þannig var háttað meðferð á dánarbúi Jóns Eldons, var óheimilt að kyrrsetja fasteign dánarbúsins, svo sem gagnáfrýjandi lét gera, sbr. 34. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Af sömu ástæðum bar gagnáfrýjanda að bera upp fyrir skiptaráðanda í Kópavogi þær kröfur, sem hann átti á Jón Eldon, er hann lést, sbr. 33.

gr. nefndra laga, og var gagnáfrýjanda ekki heimilt að lögum að stefna skiptaráðanda vegna dánarbúsins fyrir almenna dómstóla. Ekki var gagnáfrýjanda heldur rétt að beina málsókn sinni að Lilju Jónsdóttur vegna dánarbúsins, þar sem hún var ekki að réttu lagi í fyrirsvari fyrir það. Ber því að fella úr gildi kyrrsetningargerð þá, sem fram fór í fasteigninni Þinghólsbraut 52 hinn 2. mars 1968, ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá bæjarþingi Kópavogs.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Kostnaður aðaláfrýjanda af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hans í héraði, kr. 85.000.00, og laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00.

Það athugast, að í ágrip hæstaréttarmálsins hafa verið tekin ýmis reikningsgögn um nauðsyn fram.

Dómsorð:

Framangreind kyrrsetningargerð og héraðsdómur eru úr gildi felld og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda, Lilju Jónsdóttur f. h. dánarbús Jóns Eldons, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans í héraði, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000.00, og skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.00.

Dómur bæjarþings Kópavogs 8. desember 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. nóvember s.l. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með tveimur stefnum, útgefnum 7. mars og 1. september 1969, af Stefáni Jónssyni forstjóra f. h. Lýsis og Mjöls h/f, Hafnarfirði, á hendur frú Lilju Jónsdóttur, Þinghólsbraut 52, Kópavogi, f. h. dánar- og félagsbús hennar og látins eiginmanns hennar, Jóns Eldons, og enn fremur á hendur skiptaráðandanum í Kópavogi, Sigurgeiri

Jónssyni, Skjólbraut 20, Kópavogi, f. h. fyrrnefnds dánar- og félagsbús. Kröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða sér samtals kr. 1.405.324.18 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 6. febrúar 1968 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins. Þá er og krafist staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór í húseigninni Þinghólsbraut 52, Kópavogi, hinn 2. mars 1968 til tryggingar kr. 1.100.-620.01 auk vaxta og kostnaðar.

Stefndu hafa krafist þess að verða algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þau verði dæmd til greiðslu á kr. 472.054.18. Svo og gera stefndu þá kröfu, að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað. Stefnda, Lilja Jónsdóttir, hefur fengið gjafvörn í máli þessu, en af hennar hálfu er þess krafist, að henni verði tildæmdur málskostnaður, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Málavextir eru þessir:

Um mánaðamót júní—júlí 1966 var Jón Eldon, Þingholtsbraut 52, Kópavogi, ráðinn til fyrirtækis stefnanda sem framkvæmdastjóri. Hafði hann áður gengt störfum bókhaldara og gjaldkera hjá fyrirtækinu Bernhard Petersen h/f í 14—15 ár. Að sögn stefnanda var Jón ráðinn til að hafa yfirumsjón með öllum rekstri stefnanda svo og fyrirtækisins Fisks h/f, sem stefnandi var aðaleigandi að, og hafði hann prókúruumboð fyrir bæði fyrirtækin, en þau höfðu sameiginlega skrifstofu. Einnig féll undir starf hans forstaða fyrir umboði stefnanda fyrir Eimskipafélag Íslands. Hann hafi einnig átt að sjá um bókhalds- og gjaldkerastörf og hafi hann haft til þess starfsfólk á skrifstofu, einn karlmann og stúlku, og hafi karlmaðurinn, sem var Þórður H. Guðjónsson, aðallega fjallað um málefni Fisks h/f.

Laun Jóns kveður stefnandi hafa verið kr. 22.500.00 á mánuði og hafi þau verið miðuð við ofangreind störf. Auk þess hafi hann haft þau fríðindi að fá ókeypis viðhald og bensín fyrir bifreið sína.

Við endurskoðun á bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 1966 urðu hinir löggiltu endurskoðendur ekki varir við neitt athugavert við bókhald fyrirtækisins. Hinn 27. júní 1967 var framkvæmt sjóðs- og bankaeftirlit, og reyndust þá vanta í sjóð kr. 200.58, en bankar reyndust réttir samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, þegar tekið var tillit til óframkominna tékka. Skýrsla endurskoðenda um sjóðs- og bankaeftirlitið hefur verið lögð fram í málinu, en Jón Eldon hefur staðfest hana með undirskrift sinni.

Síðast í júní 1967 lá það fyrir samkvæmt viðskiptamannareikningi Jóns Eldons, að hann hefði tekið út í peningum kr. 339.394.22. M. a. með tilliti til þess kvaðst hinn löggilti endurskoðandi ítrekað hafa beðið Jón Eldon um lista yfir saldó á viðskiptamönnum, en án árangurs. Fljótlega upp úr áramótum 1967—1968 stóð til að hefja endurskoðun á bókhaldi stefnanda. En hinn 6. febrúar 1968 lést Jón Eldon á heimili sínu, Þinghólsbraut 52, Kópavogi, en að honum var komið látnum í bifreið hans í bifreiðaskýli við hús hans. Var bókhald stefnanda þá tekið til uppgjörs og endurskoðunar af hinum löggiltu endurskoðendum. Kveður stefnandi þá hafa komið í ljós, að Jón Eldon hafi myndað allverulega skuld við fyrirtækið á þeim tíma, sem hann starfaði við það sem framkvæmdastjóri. Við fyrstu athugun á bókhaldi stefnanda töldu endurskoðendur, að þessi skuld mundi a. m. k. nema kr. 1.100.620.01. Var krafist löghalds til tryggingar þeirri upphæð og síðan höfðað mál til innheimtu hennar, en stefnandi áskildi sér rétt til framhaldsmálshöfðunar, ef frekari endurskoðun kynni að leiða í ljós hærri skuld Jóns Eldons við sig. Í ágústmánuði 1968 luku hinir löggiltu endurskoðendur við uppgjör og endurskoðun á bókhaldi og reikningum stefnanda fyrir það tímabil, er Jón Eldon var framkvæmdastjóri hjá stefnanda. Með skýrslu, dags. 26. ágúst 1968, til stefnanda hafa þeir gert grein fyrir hinni ætluðu skuld Jóns Eldons, og hefur sú skýrsla verið lögð fram í málinu, en samkvæmt niðurstöðu hennar nemur umrædd skuld kr. 1.405.324.18, sem er stefnufjárhæð í máli þessu.

Samkvæmt skýrslu hinna löggiltu endurskoðenda sundurliðast hin ætlaða skuld Jóns Eldons þannig:

„1.	Viðskiptareikningur Jóns viðlát hans:	
	Ýmsar úttektir 1/1—31/8 1967	kr. 403.998.22
	Engin úttekt er bókfærð eftir þann tíma af honum sjálfum. — Leiðrétting, sem kom fram við afstemmingu á viðskiptamannareikningi	— 2.000.00
		kr. 405.998.22
	÷ Inneign skv. viðskiptamannabók 1/1 1967 .... kr. 14.080.35	
	÷ Laun 1967 — 270.000.00 kr. 284.080.35	— 121.917.87
2.	Úttektir Jóns úr sjóðum félagsins, þ. e. miðar liggjandi í kassa óbókfærðir	kr. 25.136.31

3. Óbókfærður tékki nr. 134817, útg. þ. 14/11 1967 á bankareikning félagsins, Útvegsbanka Íslands rl. 870, greiddur lögfræðiskrifstofu Einars B. Guðmundssonar o. fl., vegna afborgana á skuld Jóns við Bernhard Petersen h/f ..... kr. 120.000.00
Þetta er byggt á upplýsingum í síma þ. 15/2 1968 við Axel Einarsson, fulltrúa hjá lögfræðiskrifstofu Einars B. Guðmundssonar o. fl., og fylgir hér með ljósmynd af tékkanum.
4. Tékki nr. 92504 á Útvegsbanka Íslands, útg. þ. 1/9 1966 að upphæð ..... kr. 250.000.00
sem gekk til greiðslu á viðskiptalán Bernhards Petersen h/f, nr. 27 við Landsbanka Íslands vegna Jóns Eldons. Tékki þessi er færður í bókum Lýsi og Mjöls h/f á viðskiptareikn. Bernhards Petersen h/f, í stað viðskiptareiknings Jóns Eldons. Á frumritinu stendur Jón Eldon v/Lýsi og Mjöl h/f, en á afriti Bernhards Petersen h/f stendur aðeins Jón Eldon, sbr. meðf. fylgiskjöl.
5. Þann 27. júní 1967 framkvæmdum við sjóðs- og bankaeftirlit hjá Jóni Eldon, og reyndist vanta í sjóðinn *kr. 200.58*, en bankar reyndust réttir, þegar tekið var tillit til óframkominna tékka.
Síðan hefur komið í ljós, að eftirfarandi innborganir til fyrirtækisins hafa átt sér stað fyrir 27. júní 1967, en aldrei verið bókfærðar. Greiðslur þessar virðast því hafa gengið til Jóns Eldons. Sjóðseftirlitið staðfest af Jóni Eldon fylgir hér með.
5A Innborgun þ. 17/2 1967 frá Bernhard Petersen h/f fyrir loðnulýsi, sbr. meðf. fylgiskjal frá þeim og viðskiptayfirlit þeirra ásamt ljósmynd af tékkanum ..... kr. 120.693.95
5B Innborgun þ. 16/2 1967 frá Jóni Gíslasyni s/f, sbr. meðf. ljósmynd af innborgunarkvittun ..... kr. 50.000.00
5C Innborgun þ. 1/6 1967 frá Þorv. Ásmundssyni, sbr. meðf. kvittun, sem hann afhenti kr. 15.000.00

5D Innborgun þ. 15/2 1967 frá Fóðurblandan h/f, sbr. meðf. ljósmyndir af innborgunarkvittun og tékka. Tékkinn er gefinn út á handhafa og framseldur af Gísla Magnússyni, sem einnig undirritar kvittunina fyrir móttöku hennar ..... kr. 75.000.00

5E Innborgun þ. 7/4 1967 frá Ársæli Hannessyni, sbr. meðf. kvittun ..... kr. 31.600.00

5F Innborgun þ. 16/3 1967 frá Versl. Minni Borg, sbr. ljósmynd af meðf. innborgunarkvittun ..... kr. 45.400.00

5G Óbókfærð kontantsala á mjöli fyrir 27/6 1967 til eftirtaldra aðila, þar sem Jón kvittar fyrir móttöku greiðslunnar á frumnótur að undanskildri nótu nr. 412, sem Friðjón Guðlaugsson kvittar fyrir:

6/4 1967 Hákon Ólafsson .....
..... nóta 535 kr. 1.300.00
20/3 — Sig. Jónsson .....
..... nóta 529 — 6.200.00
3/4 — Staðgr., ekkert nafn .....
..... nóta 412 — 5.100.00
5/4 — Sumarliði Andrésson .....
..... nóta 534 — 600.00
2/5 — Sævaldur Runólfsson .....
..... nóta 543 — 325.00
10/5 — Sumarliði Einarsson .....
..... nóta 550 — 325.00
16/5 — Valdimar Guðmundsson ....
..... nóta 5 — 325.00
18/5 — Markús Jónsson .....
..... nóta 11 — 325.00
25/5 — Staðgr., ekkert nafn .....
..... nóta 13 — 325.00
29/5 — Staðgr., ekkert nafn .....
..... nóta 15 — 325.00
— — Björn Bjarnason .....
..... nóta 17 — 325.00
— — Pálmi Rögnvaldsson .....
..... nóta 18 — 325.00

13/6 — Staðgr., ekkert nafn .....
..... nóta 25 kr. 325.00
25/4 — Sig. Þorgilsson .....
..... nóta 540 — 1.300.00 kr. 17.425.00

5H Óbókfærð innborgun frá Vífilsstaðabúið þ. 6/6 1967, sbr. meðf. ljósmynd af tékka, sem framseldur er af Jóni Eldon f. h. Lýsi og Mjöls h/f, og svo aftur framseldur af Versluninni Mirra ..... kr. 3.300.00

6. Óbókfærð innborgun þ. 15/11 1967 frá Bernhard Petersen h/f, sbr. ljósmynd af meðf. innborgunarkvittun ..... kr. 120.000.00

7. Óbókfærð innborgun þ. 10/11 1967 frá Fóðurbirgðafélagi Biskupstungnahrepps, sbr. meðf. kvittaðar úttektarnótur ..... kr. 171.150.00

8. Óbókfærð innborgun frá Geir Gunnlaugssyni, sbr. meðf. kvittaðar úttektarnótur ..... kr. 13.750.00

9. Ingólfur Hannesson, innborgað kr. 4.650.00
Kjartan Hannesson, innborgað kr. 56.100.00 kr. 60.750.00

Skv. upplýsingum frá Stefáni Jónssyni.
Mismunur á ýmsum inn- og útborgunum ..... kr. 164.201.05

Kr. 1.405.324.18“

Áður en til er tekið við það að taka afstöðu til kröfugerðar einstakra kröfuliða og rekja sjónarmið aðilja varðandi þá, þykir rétt að gera grein fyrir því, sem fram er komið í málinu um ráðningu Jóns Eldons hjá stefnanda, starfssvið, laun og starfskjör, starfsferil hans og hegðan.

Á stjórnarfundi hjá fyrirtæki stefnanda hinn 29. apríl 1966 var samþykkt að auglýsa starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Á stjórnarfundi hinn 14. maí voru lagðar fram umsóknir, en á stjórnarfundi hinn 13. júní var gerð samþykkt um að ráða Jón Eldon sem framkvæmdastjóra félagsins, ef samkomulag næðist við hann um ráðningarkjör. Á stjórnarfundi 18. júní var Jón Eldon síðan kynntur sem nýr framkvæmdastjóri, og á stjórnarfundi 4. júlí var samþykkt að veita honum prókúruumboð fyrir stefnanda frá og með 16. júlí 1966. Enginn skriflegur ráðningarsamningur var gerður milli Jóns Eldons og stefnanda.

Stefán Jónsson, núverandi stjórnarformaður stefnanda, kom fyrir dóm hinn 17. febrúar 1969 og skýrði svo frá um starfssvið Jóns Eldons, að hann hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrir Lýsi og Mjöl h/f og Fisk h/f og einnig hafi fallið undir starfið forstaða fyrir umboði stefnanda fyrir Eimskipafélag Íslands h/f. Hafi verið sameiginleg skrifstofa fyrir Lýsi og Mjöl h/f og Fisk h/f. Hann kvað starf Jóns Eldons fyrst og fremst hafa verið fólgið í því að hafa yfirumsjón með öllum rekstri ofangreindra fyrirtækja og fjárreiðum þeirra og hafi hann haft prókúruumboð fyrir þau bæði. Einnig hafi hann átt að sjá um bókhalds- og gjaldkerastörf og hafi hann haft til þess starfsfólk á skrifstofu, einn mann og stúlku. Starfsmaður á skrifstofu hafi verið Þórður Guðjónsson og hafi hann fremur fjallað um málefni Fisks h/f. Hann telur, að Jón Eldon hafi yfirleitt tekið við greiðslum á skrifstofu og annast greiðslur fyrirtækisins og gagnvart stjórn þess hafi hann einn borið ábyrgð á fjárreiðum og skrifstofuhaldi. Hann kvað það vel geta verið, að annað starfsfólk á skrifstofu hefði tekið við greiðslum, ef Jón var ekki við. Hann kvað það aldrei hafa komið til tals, að umrætt starf, eins og því var háttað, hafi verið ofviða einum manni, og Jón Eldon hafi aldrei imprað á slíku við stjórn fyrirtækisins, svo sér hafi verið kunnugt um. Sé enn hafður sami háttur á um stjórn fyrirtækjanna, að þeim störfum gegni einn maður, sem jafnframt sinni bókhalds- og gjaldkerastörfum með því aðstoðarfólki, sem áður var nefnt.

Guðmundur Guðmundsson, nú sparisjóðsstjóri, en áður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnanda, kom fyrir dóm sem vitni, en hann var stjórnarformaður hlutafélagsins, er Jón Eldon var ráðinn til þess, og hafði gegnt formennsku um alllanga hríð, en jafnframt verið framkvæmdastjóri frá 1959. Kvaðst vitnið hafa séð um ráðningu Jóns til fyrirtækisins. Hafi það gert honum grein fyrir því, í hverju starfið væri fólgið, en það hafi verið framkvæmdastjórn fyrirtækjanna Lýsis og Mjöls h/f og Fisks h/f, en í því hafi verið falið að hafa umsjón með öllum fjárreiðum og daglegum rekstri fyrirtækjanna og einnig starfrækslu á umboði fyrir Eimskipafélag Íslands h/f. Hafi hér verið um algerlega sama starf að ræða, sem vitnið gegndi áður. Kvaðst vitnið, á meðan það var framkvæmdastjóri, hafa séð um allt bókhald, en það hafi um tíma fengið aðstoð við færslur vegna sjóndepru sinnar. Jafnframt hafi það annast gjaldkerastörf og hafi þau ekki verið aðskilin sérstaklega frá bókhaldsstörfum. Auk framkvæmda-

stjóra hafi starfað á skrifstofu stúlka við síma og aðra afgreiðslu og auk þess maður, sem starfaði við bókhald Fisks h/f undir stjórn framkvæmdastjóra. Vitnið kvað Jóni engar reglur eða fyrirmæli hafa verið gefin um það, hvernig fyrirkomulagi greiðslna skyldi háttað, hvort greitt skyldi með ávísunum eða peningum.

Vitnið Þórður Heiðar Guðjónsson skrifstofumaður, Hringbraut 72, Hafnarfirði, 45 ára að aldri, skýrði svo frá, að það hefði starfað hjá Fiski h/f á þeim tíma, sem Jón Eldon var framkvæmdastjóri fyrirtækjanna. Kvað það starf sitt hafa verið fólgið í bókhalds- og gjaldkerastörfum fyrir Fisk h/f og hafi það í reynd verið fulltrúi sameiginlegs framkvæmdastjóra beggja fyrirtækjanna hjá Fiski h/f. Vitnið sagði, að þegar Jón Eldon hóf starf hjá fyrirtækjunum, hafi starfstilhögun verið breytt að því leyti, að vitnið hafi einungis séð um bókhald Fisks h/f, en hafði áður einnig fært dagbók fyrir Lýsi og Mjöl h/f vegna sjóndepru fyrrverandi framkvæmdastjóra. Það hafi þó haldið áfram að færa dagbók Lýsis og Mjöls h/f, fyrst eftir að Jón tók við, en seint á árinu 1966 hafi Jón tekið við dagbókinni að eigin ósk. Auk þeirra hafi starfað á skrifstofunni stúlka, sem séð hafi um símaþjónustu, vélritun og afgreiðslu vegna umboðs Eimskipafélags Íslands h/f. Vitnið taldi, að verksvið Jóns Eldons hefði verið hið sama sem hjá fyrri framkvæmdastjóra. Það kvaðst hafa vitað til þess, að Jón hafi ekki fært sjóðbók, sem fyrrverandi framkvæmdastjóri hins vegar hafi gert. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið þess vart, að starfið væri Jóni ofviða eða sérstaklega erfitt, en hins vegar hafi það merkt, að hann hafi verið mjög veikur um mánaðartíma, áður en hann var skorinn upp. Vitnið skýrði og svo frá, að frá því að nýr framkvæmdastjóri kom til starfa, hafi vitnið fært bókhald fyrir Lýsi og Mjöl h/f. Hafi starfsemi Fisks h/f dregist mjög saman, þar eð fyrirtækið sé hætt allri útgerð og fiskverkun.

Vitnið Skúli Guðnason, löggiltur endurskoðandi hjá N. Manscher & Co., Háaleitisbraut 43, Reykjavík, 29 ára að aldri, sem kom fyrir dóm hinn 19. febrúar 1969, kvað Jón Eldon hafa séð um sams konar störf sem fyrrverandi framkvæmdastjóri, þ. e. bæði um bókhald og fjárhald, nema hvað Þórður Guðjónsson hafi aðstoðað fyrrverandi framkvæmdastjóra við færslur. Kvaðst vitnið ekki hafa séð, að umrætt starf væri einum manni ofviða. Kvað það umsvif fyrirtækisins hafa verið allmiklu meiri í framkvæmdastjóratíð Guðmundar Guðmundssonar, einkum vegna uppbygging-

ar verksmiðju. Brúttósala fyrirtækisins 1966 hefði numið kr. 38.106.083.00 og 1967 kr. 27.718.237.00. Vitnið sagði, að talið væri óæskilegt, að sami maður gegndi bókhalds- og gjaldkerastörfum, en man ekki, hvort þetta hafi borið á góma milli sín og stjórnar stefnanda. Þessi háttur sé nokkuð algengur hjá minni fyrirtækjum hér, en skilningur fari þó vaxandi á því, að þetta sé óheppilegt fyrirkomulag.

Stefnda í máli þessu, Lilja Jónsdóttir, kom fyrir dóm hinn 27. febrúar 1969, og skýrði hún svo frá, að Jón hefði ekki kvartað undan því, að starfið væri honum ofviða, en hins vegar hefði hann oft talað um það, að verkefnin hefðu safnast fyrir á skrifstofunni vegna erils þar. Rétt áður en hann lést, hafi hann sagt sér, að hann yrði nú að fara vinna á kvöldin og um helgar, þar eð færslur væru langt á eftir hjá sér.

Að því er varðar laun og kjör Jóns Eldons hjá fyrirtækinu, hefur þetta komið fram í málinu:

Stefán Jónsson skýrir svo frá, að samið hafi verið um kr. 22.500.00 í laun á mánuði og hafi Jón átt að fá bílastyrk, sem Stefán mundi ekki, hvort var innifalinn í ofangreindri upphæð eða ekki. Við launaákvörðun hafi verið tekið tillit til alls þess, sem undir starf Jóns féll.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson kvað sig minna, að umsamin laun Jóns hafi verið u. þ. b. kr. 22.000.00 á mánuði, en auk þess hafi hann átt að fá bensín á bifreið sína greitt svo og viðhaldskostnað hennar. Sagði vitnið, að Jón hafi talið þessi laun vera betri en þau, er hann hafði áður hjá Bernhard Petersen h/f. Kvaðst vitnið ekki hafa vitað til þess, að Jón hafi farið fram á hækkuð laun eða aukin fríðindi.

Vitnið Skúli Guðnason skýrði svo frá, að í bókhaldi fyrirtækisins hafi verið færður kostnaður við bifreið Jóns Eldons og jafnframt komið fram bensínúttekt hans, en ekki hafi verið bókfært, hve mikil hún hafi verið.

Stefnda, Lilja Jónsdóttir, kvaðst ekki hafa fylgst með því, hvaða kjör eiginmaður hennar samdi um, er hann hóf störf hjá stefnanda, og hún hafi ekki vitað um laun hans hjá fyrri atvinnurekanda. Hún kvaðst hafa vitað til þess, að hann hafi átt að fá bensín á bifreið og einhvern bílastyrk hjá stefnanda, enda hafi hann mjög þurft að nota bifreið í starfi sínu þar. Hún kvað fjárráð Jóns hafa virst minnka stórlega, eftir að hann hóf störf hjá stefnanda, og hafi hann hvatt sig og fjölskylduna mjög til sparnaðar.

Samkvæmt skattframtali Jóns Eldons 1967 eru honum reiknað-

ar tekjur, er samsvara kr. 22.000.00 á mánuði, en á viðskiptamannareikningi sínum fyrir árið 1967 hefur hann fært sér kr. 270.000.00 í laun, sem svara til kr. 22.500.00 á mánuði.

Sem fyrr segir hóf Jón Eldon störf hjá stefnanda í júlí 1966. Um viðtöku hans á fyrirtækinu hefur þetta komið fram:

Vitnið Guðmundur Guðmundsson skýrði svo frá, að er Jón Eldon tók við, hafi þeir í sameiningu gert upp kassann, stemmt af sjóðbók og bankareikninga og jafnframt framleiðslu- og birgðabók og bókhald hafi verið fært fram til þess dags. Hins vegar hafi ekki farið fram sjóðsuppgjör og viðskiptamannaafstemmning af hálfu endurskoðenda fyrirtækisins.

Vitnið Skúli Guðnason sagði, að það hefði ekki verið kvatt til, er Jón Eldon tók við af Guðmundi Guðmundssyni sem framkvæmdastjóri, en hins vegar minnti vitnið, að það hefði séð uppgjör á sjóði og banka, sem þeir tveir hafi gert af þessu tilefni. Ekkert hefur komið fram, um að sjóðtalning hafi farið fram hjá fyrirtækinu, eftir að Jón Eldon hóf störf, fyrr en hinn 27. júní 1967.

Vorið 1967 var bókhald fyrirtækisins fyrir árið 1966 tekið til endurskoðunar. Um þá endurskoðun sagði vitnið Skúli Guðnason, að bókhaldið hafi verið í lagi að öðru leyti en því, að það hafi verið fært töluvert á eftir, og hafi þeir endurskoðendurnir gert athugasemdir við það. Um afstemmningu á viðskiptamannareikningum gagnvart viðkomandi viðskiptamönnum sagði vitnið, að gerðar hefðu verið „stikkprufur". Hafi viðskiptamannareikningur Bernhards Petersens h/f hjá stefnanda ekki verið stemmdur af, en það hefði verið gert undanfarin ár og þá stemmt. Sagði vitnið, að ekki hefði verið unnt að taka alla viðskiptamenn til athugunar, vegna þess hve bókhaldið kom seint í hendur endurskoðendanna, og ársuppgjör fyrirtækisins hafi farið óvenjulega seint fram og liðið fram yfir fresti skattayfirvalda. Þá sagði vitnið, að það hefði legið fyrir síðast í júní 1967 samkvæmt viðskiptamannareikningi Jóns Eldons, að hann hefði tekið út í peningum kr. 339.394.22. Ársuppgjör fyrir 1966 hafi lokið 14. júní 1967, en sjóðs- og bankaeftirlit hafi farið fram 27. júlí 1967, en þá hafi komið fram vöntun í sjóði, sem nam kr. 200.58, en bankareikningar verið réttir. Eftir að umrætt sjóðseftirlit fór fram, kvaðst vitnið hafa viljað fá, m. a. með tilliti til peningaúttektar Jóns Eldons samkvæmt viðskiptamannareikningi, lista yfir saldó á viðskiptamönnum í lok júní 1967 og beðið Jón Eldon að leggja hann fram. Sagði vitnið, að Jón hefði augsýnilega verið mjög veikur um þessar mundir og skömmu síðar farið á sjúkrahús, en það

kvaðst hafa hringt í hann, bæði áður og eftir að hann kom af sjúkrahúsinu, og ítrekað beiðni sína um þennan lista og hafi Jón lofað honum og sagt, að verið væri að vinna að honum, en hann hafi aldrei komið fram. Vitnið kvaðst sjálft hafa verið í sumarfríi 25. júlí — 21. ágúst, en eftir það hafi það enn beðið um þennan lista og Jón lofað að skila honum og sagt, að verkið hefði tafist. Sagði vitnið, að um haustið, líklega í október eða nóvember 1967, hefði það hringt í Stefán Jónsson og lýst fyrir honum áhyggjum sínum vegna þess, að þessi gögn hefðu ekki fengist, og enn fremur kvartað yfir skuld stefnanda við skrifstofu vitnisins fyrir endurskoðun um alllangt tímabil. Taldi vitnið, að Stefán hefði talað við Jón og ýtt á eftir, en það vissi það þó ekki af öðru en umsögn.

Stefán Jónsson kvað endurskoðandann hafa kvartað við sig nokkru fyrir andlát Jóns yfir því, að erfiðlega gengi hjá sér að ná viðskiptamannabók hjá Jóni, en Stefán taldi af því tilefni ekki ástæðu til aðgerða af sinni hálfu.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson skýrði svo frá, að er endurskoðaðir reikningar 1966 lágu fyrir í júní 1967, hafi það talið, að eitthvað væri athugavert við skil til banka vegna veðsettra afurða. Hafi stjórnin verið kvödd saman og hafi framkvæmdastjóra verið falið að athuga þetta mál og hafi vitnið verið með honum í þeirri athugun. Niðurstaða þessarar athugunar hafi verið sú, að ekki hefðu verið gerð skil á töluverðri upphæð til Útvegsbanka Íslands, og var það talið liggja í því, að söluverði á framleiðslu til innlendra aðilja hefði ekki verið skilað til bankans og því hafi birgðir fyrirtækisins ekki verið í samræmi við veðsettar framleiðsluvörur. Segir vitnið, að þegar í stað hafi verið hafist handa um að leiðrétta þetta gagnvart bankanum og hafi því verið lokið fyrir aðalfund 1967. Jafnframt hafi verið ákveðið að taka bókhaldið til endurskoðunar, en vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með henni að öðru leyti en sjóðstalningu, þar eð það fór úr stjórn á aðalfundi þeim, sem haldinn var í júní.

Vitnið Skúli Guðnason kannaðist og við þetta mál og kvað þá Guðmund Guðmundsson og Jón Eldon hafa komið í skrifstofu sína til að ræða um það og hafi Guðmundur verið mjög óánægður vegna þess. Vitnið taldi, að hér hefði verið um að ræða vankunnáttu eða gáleysi Jóns Eldons. Hafi strax verið farið í að koma þessum málum í lag gagnvart bankanum og hafi þeir Jón og Guðmundur einir staðið að því.

Að því er varðar dagleg störf á skrifstofu stefnanda, hefur þetta helst komið fram:

Stefán Jónsson telur, að Jón Eldon hafi yfirleitt tekið við greiðslum á skrifstofu og annast greiðslur fyrirtækisins. Það hafi þó vel getað verið, að annað starfsfólk hafi tekið við greiðslum, ef Jón var ekki við. Að því er varðaði staðgreiðslusölu, hafi hún farið þannig fram, að viðkomandi starfsmenn í mjólafgreiðslu hafi tekið við greiðslum, en síðan skilað þeim til skrifstofu gegn kvittun á afrit sölunótu.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson skýrði svo frá, að í framkvæmdastjóratíð sinni hafi starfsfólk skrifstofunnar tekið við greiðslum, ef vitnið var ekki við, en vitnið séð um eða stjórnað innfærslu á þeim greiðslum. Vitnið sagði, að vegna fyrrgreinds veðsetningarmáls hefði það skoðað bókhald fyrirtækisins og hafi það orðið mjöð óánægt með það, þar eð ekki hefði verið fært daglega í dagbók. Hafi það krafist þess af Jóni Eldon, að þessu yrði kippt í lag, og vissi vitnið til þess, að Jón vann mikið að því um þær mundir, og taldi það hann hafa bætt úr þessu. Vitnið kvað Jón og hafa lýst óánægju sinni og talið það lýsa vantrausti á sig, að bókhald fyrirtækisins skyldi tekið til endurskoðunar, en stjórnin hafi talið það heppilegast. Sú endurskoðun, sem vitnið á hér við, var þó aldrei framkvæmd.

Vitnið Þórður H. Guðjónsson sagði, að Jón Eldon hefði séð um greiðslur og móttökur greiðslna. Það hafi þó komið fyrir, að vitnið eða stúlkan á skrifstofunni hafi tekið við greiðslum, ef Jón var ekki við, en yfirleitt hafi þau ekki innt af hendi greiðslur, ef hann var frá um skemmri tíma, nema hann bæði um það sérstaklega. Við staðgreiðslusölu á mjöli hafi viktarmaðurinn, sem undanfarin ár hafi verið Kristján Sigurðsson, afgreitt mjölið og tekið við greiðslum. Hafi afgreiðslan verið færð í frumbók og hafi kaupandi fengið frumritið kvittað, en viktarmaðurinn hafi skilað öðru afriti inn á skrifstofuna ásamt greiðslunni gegn kvittun á afritið í frumbókinni. Hafi greiðslan síðan verið færð í birgðabók og í dagbók. Algengast hafi verið, að Jón Eldon tæki við þessum greiðslum, en einnig getað skeð, að þau hin gerðu það, en sá, sem tók við peningunum, kvittaði í frumbókina.

Við greiðslur inn á viðskiptamannareikninga í skrifstofunni sagði vitnið, að gefnar hefðu verið út kvittanir til viðkomandi greiðenda úr kvittanahefti stefnanda og hafi orðið eftir afrit af þeim kvittunum. Vitnið kvað Jón Eldon ekki hafa fært sjóðbók.

Það kvaðst þó ekki hafa fylgst með því, hvernig hann færði bókhald fyrirtækisins eða hvort hann færði það mikið eftir á. Vitnið kvað það hafa komið fyrir, að það hafi hringt í skuldunauta stefnanda að beiðni Jóns Eldons. Hafi það þá aldrei rekist á það, að menn, sem verið var að innheimta hjá, væru búnir að greiða. Vitnið taldi, að allar skuldir fyrirtækisins, sem námu verulegri upphæð, hefðu verið greiddar með ávísunum, en laun starfsfólks fyrirtækisins hafi verið greidd með peningum. Kvaðst vitnið vita til þess, að gefin var út ávísun fyrir heildarupphæð launa og síðan hafi peningar verið taldir í umslög. Einnig kynni að vera, að innborgaðar ávísanir hafi verið leystar út til greiðslu á launum, en yfirleitt hafi slíkar ávísanir verið lagðar inn. Vitnið kvað fylgiskjöl stefnanda hafa verið geymd í skrifstofu fyrirtækisins.

Vitnið sagði, að Jón Eldon hafi verið því mótfallinn, að Fiskur h/f gerði út báta, og tap á útgerð fyrirtækisins árið 1967 hafi verið 3—4 milljónir króna. Vitnið kvaðst oft hafa séð um greiðslur fyrir Fisk h/f þar til í október 1967, að hlaupareikningi þess fyrirtækis var lokað, og hafi Jón Eldon þá tekið að sér allar greiðslur, en hann hafi þó oft áður innt af hendi greiðslur fyrir Fisk h/f og hafi vitnið þá kvittað fyrir. Vitnið kvað það hafa skeð, að annað skrifstofufólk fyrirtækisins hafi farið í banka með ávísanir til að leysa þær út eða leggja inn. Það kvaðst ekki vita til þess, hvort annað starfsfólk framseldi ávísanir frá öðrum aðiljum, sem tekið hafði verið á móti sem greiðslum til stefnanda, en það man ekki til þess, að það hafi sjálft framselt slíka ávísun. Bifreiðarstjórar fyrirtækisins hafi oft sótt greiðslur til Reykjavíkur, sem eflaust hafi verið ávísanir, en það gat ekki fullyrt það, hvort viðkomandi starfsmenn máttu framselja þessar ávísanir.

Vitnið Elínborg Matthildur Stefánsdóttir húsfrú, Ljósvallagötu 12, Reykjavík, 23ja ára að aldri, sem starfaði á skrifstofu stefnanda frá sumri 1963 til maíloka 1968, kvað starf sitt aðallega hafa verið fólgið í vélritun og símavörslu og eftir að afgreiðsla Eimskipafélags Íslands h/f hafi komið á skrifstofuna, hafi vitnið og annast hana. Það kvaðst ekki hafa fært annað bókhald en færslur yfir greiðslur vegna afgreiðslu Eimskipafélags Íslands h/f. Sagði vitnið, að er Guðmundur Guðmundsson hafi verið framkvæmdastjóri, hafi hann fært bókhald fyrir stefnanda í fyrstu, en vegna sjóndepru Guðmundar hafi Þórður H. Guðjónsson tekið að færa fyrir hann og hafi Þórður einnig fært fyrir stefnanda, fyrst eftir að Jón Eldon tók við. Vitnið kvað ekki hafa orðið neinar breytingar á starfstilhögun á skrifstofu, eftir að Jón tók þar við. Hafi

Jón séð um greiðslur og yfirleitt tekið við greiðslum á skrifstofu. Það kvaðst ekki hafa vitað til þess, að hann hefði skilið eftir undirritaðar en óútfylltar ávísanir, en þó minnti það, án þess að geta um það fullyrt, að það hafi skeð vegna launa, ef launaútreikningi hafi ekki verið lokið og hann þurft að bregða sér frá. Vitnið kvaðst stundum hafa farið í banka með ávísanir, sem fyrirtækinu hafði verið greitt með, en stundum hafi Jón Eldon gert það og stundum Gísli Magnússon bílstjóri. Ef ávísun hafi verið stíluð á stefnanda, hafi Jón Eldon framselt hana. Kvaðst vitnið ekki muna til þess að hafa framselt handhafaávísun, en vera megi, að það hafi gert það. Það kvaðst ekki hafa fylgst með færslu bókhalds, en stundum lagt saman í dagbók og fært viðskiptamannareikning. Taldi vitnið, að Þórður H. Guðjónsson hefði aðeins innt af hendi greiðslur, sem Jón Eldon hafi beðið hann að sjá um. Vitnið kvaðst hafa séð um útreikning launa hjá Fiski h/f, en Þórður um launaútreikning hjá stefnanda.

Vitnið Skúli Guðnason endurskoðandi sagði aðspurt um viðskipti Lýsis og Mjöls h/f og Fisks h/f, að ekki hafi orðið vart neins ruglings í bókhaldi fyrirtækjanna og auðvelt að staðreyna þessi viðskipti. Hafi verið regla á bókhaldi Fisks h/f. Oft hafi stefnandi innt af hendi greiðslur fyrir Fisk h/f, en starfsmaður Fisks h/f þá gefið kvittun fyrir. Vitnið kvað ekkert hafa komið fram við athugun á bókhaldi og fylgiskjölum, sem benti til þess, að greiddir reikningar hefðu glatast. Vitnið kvað greiðslur frá fyrirtækinu hafa farið fram jöfnum höndum í ávísunum og peningum og oft hafi stórar greiðslur verið greiddar í peningum. Það sagði, að hver einstök ávísun hefði verið færð í bókhald fyrirtækisins og ekki vantað fylgiskjöl, nema þar sem ávísun var færð í sjóð. Vitnið kvað nokkra tilhneigingu hafa verið til þess að leggja ekki innborganir viðskiptamanna inn, m. a. vegna yfirdráttar á bankareikningi, og því hafi sjóðurinn verið mikið notaður. Sagði vitnið, að greiðslur með peningum hefðu aukist töluvert eftir tilkomu Jóns Eldons sem framkvæmdastjóra.

Jón Eldon var tvívegis frá störfum á árinu 1967. 6.—27. júlí lá hann á sjúkrahúsi vegna magauppskurðar. Um haustið fór hann svo með konu sinni í ferð til Spánar, sem stóð frá 6.—23. eða 24. september. Um starfstilhögun á skrifstofu í fjarveru Jóns hefur þetta komið fram:

Stefán Jónsson kvað ekki hafa verið ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri í fjarveru Jóns Eldons, heldur hafi starfsfólk skrifstofunnar séð um störf hans. Hafi ekki orðið neinir erfiðleikar í

rekstri fyrirtækjanna á þeim tíma, er Jón var frá starfi, og engar kvartanir hafi sér vitanlega borist um greiðslur, sem þá hafi ekki verið færðar.

Vitnið Þórður H. Guðjónsson skýrði svo frá, að þegar Jón hafi verið frá vegna veikinda sinna og ferðar til útlanda, hafi hann mælt fyrir um það, hvað skyldi greitt, og hafi hann skrifað undir ávísanir, sem vitnið skyldi greiða með. Í báðum þeim tilvikum, er Jón hafi verið frá, hafi greiðslur verið stemmdar af, er Jón kom aftur. Það sagði og, að er Jón hafi verið frá og vitnið séð um greiðslur, hafi það, vitnið, ekki fært bókhald fyrir stefnanda og hafi uppgjör farið fram þeirra milli eftir ávísanahefti og fygiskjölum. Hafi aldrei orðið neitt misræmi við þessi uppgjör. Vitnið minnist þess ekki, að peningar hafi komið inn, þegar Jón var frá umrædd skipti, en hafi svo verið, hafi vitnið gert skil á þeim til Jóns eða notað þá til greiðslu á reikningum. Vitnið kvaðst ekki hafa verið beðið að innheimta útistandandi skuldir á þeim tíma, er Jón Eldon var fjarverandi.

Vitnið Elínborg Matthildur Stefánsdóttir kvað Þórð H. Guðjónsson hafa annast greiðslur og annað því um líkt, á meðan Jón var frá vegna veikinda og ferðar til útlanda.

Um samband stjórnar og framkvæmdastjóra sagði Stefán Jónsson, að stjórn félagsins hefði haldið fundi öðru hverju og hafi framkvæmdastjóri þar gefið skýrslu um rekstur fyrirtækisins í stórum dráttum. Utan þess hafi ekki verið mikið samband milli stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og hafi hinn síðarnefndi ekki neitt að ráði haft samband við sig sem stjórnarformann né hann sjálfur við framkvæmdastjóra. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neinar kvartanir á fjárstjórn Jóns Eldons á fyrirtækinu. Að vísu hafi hann heyrt kvartanir lánardrottna um greiðslutregðu hjá fyrirtækinu. Einnig hafi framkvæmdastjóri Eimskipafélags Íslands h/f kvartað undan því rétt fyrir andlát Jóns Eldons, að erfiðlega hefði gengið að fá frá honum skilagrein, en hún hafi þó komið rétt fyrir andlát hans og samkvæmt henni hafi skuld stefnanda við Eimskipafélag Íslands h/f verið u. þ. b. kr. 750 þúsund. Hann kvað hag stefnanda hafa verið fremur erfiðan um þessar mundir og hafi skuldir við innleggjendur verið óeðlilega miklar og yfirdráttur í bönkum farið fram úr því, sem heimilt var.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson kvað það mjög sjaldan hafa skeð, að Jón hefði haft samband við sig sem stjórnarformann að fyrra bragði, en hins vegar hafi það oft haft samband við Jón að fyrra bragði og hafi þá komið í ljós, að hann þurfti að fá upplýs-

ingar um eitt og annað. Vitnið kvað rekstur Fisks h/f hafa gengið mjög erfiðlega á þessu tímabili og hafi stefnandi, sem var aðaleigandi að því fyrirtæki, borið þungar fjárhagsbyrðar þess vegna. Hafi það oft komið fram hjá Jóni Eldon, að hagur Fisks h/f væri slæmur og að til aðgerða þyrfti að koma.

Vitnið Þórður H. Guðjónsson kvað Stefán Jónsson hafa komið nokkuð oft á skrifstofu stefnanda. Það minnist þess ekki, að Jón Eldon hafi kvartað undan því, að stjórnin hefði lítið samband við sig, en hins vegar hefði hann einu sinni tjáð sér, að ætlunin væri að halda stjórnarfund einu sinni í mánuði. Vitnið tók fram, að samstarf á skrifstofunni hefði verið mjög gott og hefði Jón Eldon verið mjög góður í umgengni.

Stefnda, Lilja Jónsdóttir, ekkja Jóns Eldons, skýrði svo frá fyrir dómi, að eftir að Jón hóf störf hjá fyrirtækinu, hafi hann fljótlega farið að tala um það, að hagur þess væri miklu verri en hann hefði grunað og fjárhagserfiðleikar þess miklir. Hafi hann tekið þetta mjög nærri sér, og taldi stefnda, að þetta hafi mjög stuðlað að því, að heilsu hans hrakaði, og hafi hann farið á sjúkrahús hinn 6. júlí 1967, sem fyrr er frá greint, og hafi hann gengið undir magauppskurð, þar sem 80% af maga hans hafi verið tekin burt. Stefnda sagði, að eiginmaður sinn hafi talið, að frystihús fyrirtækisins væri orsök að hinum slæma fjárhag, og hafi hann viljað strax um haustið 1966, að því yrði lokað, en stjórnin hafi ekki viljað það. Kvaðst stefnda hafa komið inn á stjórnarfund í fyrirtækinu um haustið 1967 og hafi hún þá tjáð Stefáni Jónssyni, að hún væri mjög óánægð fyrir hönd manns síns og vildi, að hann segði upp starfi sökum hins slæma ástands hjá fyrirtækinu.

Um fjárráð Jóns Eldons og starfsfólks fyrirtækjanna í einkalífi hefur þetta komið fram:

Stefán Jónsson kvað Jón aldrei hafa kvartað yfir bágri afkomu eða slæmum fjárhag, svo hann vissi til. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um nein óeðlileg fjárráð eða fjárfestingar annars starfsfólks fyrirtækisins. Taldi hann, að Þórður Guðjónsson hefði haft u. þ. b. kr. 20.000.00 á mánuði í laun. Vitnið Guðmundur Guðmundsson kvaðst aldrei hafa orðið vart við, að Jón ætti í erfiðleikum fjárhagslega, og hann hafi aldrei rætt við sig um slíkt. Það hefði aldrei orðið vart við, að einhver starfsmanna fyrirtækisins hefði óeðlileg fjárráð eða lagt í fjárfestingar, en hins vegar hafi einu sinni verið haft á orði við sig, að Jón Eldon virtist hafa mikið umhendis í einkalífi sínu, en vitnið hafi því engan gaum gefið.

Vitnið Þórður H. Guðjónsson sagði, að launamál eða fjárhagur Jóns Eldons hefðu aldrei komið til umræðu þeirra á milli og hafi hann aldrei heyrt Jón ræða þau mál. Vitnið kvaðst stundum hafa fengið lán hjá fyrirtækinu og hafi það stundum verið í formi fyrirframgreiðslu launa.

Stefnda, Lilja Jónsdóttir, kvað svo hafa virst sem fjárráð eiginmanns hennar hefðu stórlega minnkað, eftir að hann hóf störf hjá stefnanda, og hafi Jón hvatt hana og fjölskylduna mjög til sparnaðar. Eftir að Jón hóf störf hjá stefnanda, hafi ekkert nýtt verið keypt til heimilisins og ekki lagt í neina fjárfestingu að ráði. Þó hafi skömmu fyrir andlát hans verið keypt Opel bifreið fyrir kr. 55.000.00, en synir þeirra hafi einnig tekið þátt í þeim kaupum. Þá hafi þau unnið bifreið í happdrætti um áramót 1966—1967 og þá hafi þau selt Bronco bifreið, er þau höfðu átt, u. þ. b. eins eða tveggja ára gamla. Hún kvað eiginmann sinn hafa verið mjög tregan til að skýra henni frá fjármálum sínum, en sér hafi skilist, er hann hóf störf hjá stefnanda, að hann ætti von á einhverjum kaupuppbótum, en hún hafi ekki vitað neitt nánar um það, í hvaða formi þær ættu að vera. Stefnda kvað ferð þá, er þau fóru til Spánar um haustið 1967, hafa verið kostaða af sér og hafi það verið af peningum, sem hún hafi átt í norskum banka, nánar tiltekið í Bergen, síðan 1954 eða 1955 og hafi hún þá keypt gjaldeyri fyrir peninga, sem hún hafi fengið, er hún seldi búfé, er hún átti í foreldrahúsum. Hún kvað Jón Eldon engin bankaviðskipti hafa haft né ávísanareikning. Hún kvaðst hafa átt 3 hesta, en Jón hafi átt einn hest, og hafi þau átt þá í nokkur ár. Hafi Jón gefið sér einn fola fyrir nokkrum árum og hafi hann keypt hann fyrir kr. 5.000.00, en hina tvo hafi foreldrar hennar gefið henni. Þau hafi sjálf heyjað fyrir hestana og þeir verið í húsi, sem móðir Jóns átti. Hún kvað Jón engar aukatekjur hafa haft og hún hafi ekki unnið úti sjálf. Hún kvaðst og ekki hafa vitað um neinar skuldir hans við nokkurn mann utan skuldir hans við Veðdeild Landsbanka Íslands, er hvíldu á húsinu.

Svo sem fyrr er getið, lést Jón Eldon hinn 6. febrúar 1968. Fannst hann látinn í bifreið sinni, þar sem hún stóð inni í bílskúr og var í gangi, er að var komið.

Stefnandi, Stefán Jónsson, kvaðst hafa fengið fréttina um lát Jóns Eldons strax fyrir hádegi hinn 6. febrúar og hafi þá verið haldinn stjórnarfundur samdægurs. Hafi endurskoðandi fyrirtækisins, Skúli Guðnason, verið kvaddur á þennan fund og enn fremur Einar Magnússon, endurskoðandi Eimskipafélags Íslands h/f,

sem sérstaklega var kvaddur til vegna þeirra upplýsinga, sem stjórnarformaðurinn hafði fengið næstu daga á undan hjá framkvæmdastjóra Eimskipafélags Íslands h/f um það misferli, sem hann hefði talið vera á umboði Lýsis og Mjöls h/f fyrir það fyrirtæki. Á þessum fundi hafi endurskoðanda verið falið að taka til endurskoðunar allt bókhald fyrirtækisins og þar á meðal að endurskoða nýafstaðið uppgjör framkvæmdastjórans til Eimskip. Þann tíma, sem leið frá fráfalli Jóns Eldons og til þess, að nýr framkvæmdastjóri var ráðinn, kvaðst Stefán Jónsson hafa séð um að taka við greiðslum og sjá um útborganir sem stjórnarformaður. Í samráði við endurskoðandann hafi hann haft sérstaka sjóðbók fyrir þetta tímabil, sem síðan hafi verið skilað í hendur endurskoðanda að þeim tíma liðnum. Kvað hann endurskoðandann strax 6. febrúar hafa tekið við bókhaldinu, eins og Jón Eldon skildi við það, en það hafi að verulegu leyti verið óuppfært. Enginn utanaðkomandi hafi verið fenginn til að sjá um mál fyrirtækisins ásamt sér, en nýr framkvæmdastjóri hafi verið ráðinn í mars. Hann kvað sig með öllu hafa verið grunlausan um misferli að öðru leyti en varðaði uppgjör Eimskipafélags Íslands h/f og hafi hann því ekki séð ástæðu til frekari aðgerða. Hann kvað endurskoðandann hafa lagt bráðabirgðaskýrslu um fjárhag fyrirtækisins fyrir stjórnina hinn 19. febrúar 1968. Ekki hafi verið gripið til neinnar breyttrar tilhögunar um stjórn fyrirtækisins, eftir að umrædd bráðabirgðaskýrsla var lögð fram, en endurskoðanda falið að ljúka skýrslugerð sinni og lögfræðingi fyrirtækisins falið að gæta hagsmuna þess.

Vitnið Skúli Guðnason endurskoðandi skýrði svo frá, að Stefán Jónsson hefði hringt í sig 6. febrúar 1968 og tjáð sér um lát Jóns Eldons, og kvaðst vitnið hafa farið suður í Hafnarfjörð til viðtals við Stefán. Endurskoðun á bókhaldinu hafi síðan hafist á skrifstofu stefnanda hinn 12. febrúar. Vitnið minntist þess ekki, að Stefán Jónsson hefði haft sérstaklega samband við sig um framkvæmd á bókhaldi og fjárvörslu fyrirtækisins, en hins vegar vissi vitnið, að Stefán hefði strax stofnað sjóðdagbók. Vitnið tók fram, að það hefði verið veikt hinn 9. febrúar og því hafi endurskoðun ekki getað hafist fyrr.

Vitnið skýrði svo frá, að er Jón Eldon féll frá, hafi bókhaldið verið ófært um alllangan tíma. Ekki hafi öll bókhaldsgögn legið fyrir á skrifstofunni við fráfall hans, heldur hafi eitthvað af þeim verið heima hjá Jóni, m. a. greiddir reikningar og innborgunarafrit og hafi þau verið afhent Stefáni Jónssyni. Strax eftir frá-

fall Jóns hafi verið stofnuð sérstök sjóðbók. Vitnið kvað þau fylgiskjöl, sem færð höfðu verið, hafa verið í reglu, en ófærð fylgiskjöl hafi verið í megnustu óreiðu. Þá kvað vitnið hafa verið gerða könnun á því, hvað var í jóði, en í honum hafi verið peningar að fjárhæð kr. 5.045.00, orlofs- og sparimerki að fjárhæð kr. 575.00, tékkar, útgefnir af Fiski h/f, að fjárhæð kr. 1.241.47, en sjóðs- og bankaafstemmning hafi ekki farið fram, þar eð það hafi ekki verið framkvæmanlegt vegna þess, að bókhaldið hafi verið ófært um langan tíma. Vitnið kvaðst ekki hafa haft grunsemdir um sjóðþurrð, þegar það hóf endurskoðun sína í febrúar, en hins vegar hafi það haft áhyggjur af bókhaldinu, sem virtist í mikilli óreiðu.

Vitnið Þórður H. Guðjónsson skýrði svo frá, að eftir fráfall Jóns Eldons hafi það aðstoðað Stefán Jónsson við innheimtu útistandandi skulda að beiðni hans með því að hringja í menn.

Hér að framan hefur verið rakið allt hið helsta, sem komið hefur fram um starf Jóns Eldons hjá stefnanda, starfssvið hans, laun, viðtöku, viðskilnað og önnur samskipti hans við fyrirtækið. Til viðbótar þessu þykir hér rétt að rekja það, sem fram hefur komið í málinu um viðskilnað Jóns við fyrri atvinnurekanda sinn, Bernhard Petersen h/f.

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Bernhards Petersens h/f, Kambsvegi 36, Reykjavík, 35 ára að aldri, kom fyrir dóm sem vitni hinn 18. febrúar 1969. Vitnið, sem verið hefur framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá árinu 1962, kvað Jón Eldon hafa starfað þar í 14—15 ár sem bókhaldari og gjaldkeri og hafi hann allan þann tíma sinnt þeim störfum. Hafi Jón komið sér fyrir sjónir sem góður starfsmaður, en ekki hafi verið náið persónulegt samband milli hans og framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Laun Jóns hjá fyrirtækinu hafi verið fremur lág og miðast við launataxta Verslunarmannafélagsins. Einnig hafi hann öðru hverju fengið launauppbætur, ef vel gekk hjá fyrirtækinu. Þegar hann hafi hætt þar, hafi hann samkvæmt viðskiptamannabók skuldað fyrirtækinu óverulega upphæð. Eftir að hann var hættur, hafi hins vegar komið í ljós við afstemmningu, að kr. 250.000.00 vantaði í kassa. Hafi Jón viðurkennt, að hann hefði tekið þessa upphæð að láni, og boðist til að greiða hana. Þetta hafi verið seint í júní 1966. Eftir þetta hafi verið hafin athugun á bókhaldi aftur í tímann og hafi þá komið í ljós frekara misræmi, sem nam allhárri fjárhæð. Hafi orðið um það samkomulag milli stjórnar fyrirtækisins og Jóns Eldons, að hann gæfi út skuldabréf fyrir fjárhæð kr. 640.655.12 með veði í húsi Jóns, og hafi hann sagst mundu geta

staðið skil á þeirri fjárhæð samkvæmt greiðsluskilmálum bréfsins miðað við laun sín hjá stefnanda. Fyrrgreindar kr. 250.000.00, sem vantaði í kassa, hafi ekki fallið undir þessa upphæð, þar eð Jón hafi boðist til að greiða þá fjárhæð fljótlega og það hafi hann gert þá um haustið. Vitnið kvað endurskoðanda fyrirtækisins ekki hafa framkvæmt þá athugun á bókhaldi, sem hér um ræðir, heldur hafi stjórnendur fyrirtækisins framkvæmt hana. Hafi endurskoðendum fyrirtækisins aldrei verið skýrt frá þessu máli. Þegar Jón Eldon sótti um starf hjá stefnanda, sagði vitnið, að Guðmundur Guðmundsson, þá framkvæmdastjóri stefnanda, hafi spurt sig um Jón, og kvaðst vitnið hafa tjá Guðmundi, að hann væri góður starfsmaður og borið honum góða sögu, enda hafi þá ekkert verið komið fram um skuldir Jóns við fyrirtæki vitnisins. Það kvaðst hafa komist í mjög erfiða aðstöðu, eftir að upp komst um skuld Jóns, þar eð fyrirtæki vitnisins væri hluthafi í h/f Lýsi og Mjöl. Hins vegar hafi Jón gefið sér drengskaparloforð um að reynast því fyrirtæki vel og því hafi vitnið ekki viljað skýra stjórn stefnanda frá þessu og hafi þar ráðið velvild í garð Jóns og einnig tillit til fjölskyldu hans. Vitnið sagðist ekkert hafa vitað um það, hvort Jóni mundi veitast erfitt að standa í skilum með greiðslu á kr. 250.000.00 til fyrirtækis vitnisins, svo skömmu eftir að hann hætti þar starfi, en jafnvel talið, að hann hefði fengið lán út á hús sitt til þess. Vitnið kvað Jón aldrei eftir útgáfu fyrrnefnds skuldabréfs hafa rætt um það við sig, að erfitt væri fyrir sig að standa í skilum með afborganir þess. Skuldabréf þetta hefur verið lagt fram í málinu. Skyldi það greiðast á 8 árum og bera hæstu lögleyfða fasteignalánavexti. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við neina sérstaka fjárþörf eða óeðlileg fjárráð Jóns Eldons, en þeir hafi ekki umgengist neitt utan starfs. Það kvað Jón enga skýringu hafa gefið á því, hvernig umrædd skuld hans myndaðist.

Stefnandi heldur því fram, að Jón Eldon beri algera ábyrgð á þeirri sjóðsvöntun, kr. 1.405.324.18, sem uppgjör endurskoðunarskrifstofunnar leiði í ljós, vegna stöðu hans sem framkvæmdastjóri, er hafði yfirumsjón með öllu bókhaldi og fjárvörslu stefnanda. Af hálfu stefndu hefur því verið mótmælt, að slík alger ábyrgð yrði lögð á Jón Eldon, m. a. með hliðsjón af því, að sá möguleiki væri allt eins fyrir hendi, að aðrir starfsmenn stefnanda eigi þátt í þeim mistökum, sem orðið hafi, enda starfstilhögun á skrifstofu stefnanda slík, að það væri langt frá því að vera útilokað.

Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið og að framan hefur

verið rakið um starfstilhögun og fyrirkomulag á skrifstofu stefnanda, telur dómurinn, að ekki verði unnt við úrlausn máls þessa að byggja á algerri ábyrgð Jóns Eldons á allri fjárvörslu og bókhaldi stefnanda á starfstíma hans. Byggir dómurinn þetta á því, að mikill losarabragur var á sjóðshaldi félagsins, ekki var færð sérstök sjóðbók, sem inn- og útborganir voru færðar í, jafnóðum sem þær áttu sér stað, né heldur voru inn- og útborganir færðar í sjóðdagbók jafnóðum. Fleiri en Jón Eldon tóku við greiðslum og inntu greiðslur af hendi. Sjóðseftirlit fór aðeins fram einu sinni á starfstíma Jóns Eldons. Enn fremur hefur komið fram, að er Jón Eldon var tvívegis frá störfum um nokkurt skeið, var sjóður hvorki stemmdur af við brottför hans né heldur er hann tók upp störf á ný. Mun stjórn stefnanda hafa verið kunnugt um, að sjóðhaldi fyrirtækisins var þannig háttað, en gerði ekki gangskör að því að bæta þar úr. Þannig segir vitnið Guðmundur Guðmundsson, að er það hafi verið stjórnarformaður stefnanda, hafi það skoðað bókhaldið í júní 1967 og hafi það orðið mjög óánægt með það, þar eð ekki hafði verið fært daglega í dagbók. Enn fremur var ákveðið í júní 1967 að taka bókhaldið fyrir það ár til endurskoðunar, en endurskoðun hófst ekki fyrr en á árinu 1968 eftir fráfall Jóns Eldons.

Dómurinn lítur og svo á, að sú endurskoðunarskýrsla, sem fyrir liggur í málinu um áætlaða sjóðsvöntun, verði ekki lögð til grundvallar í málinu til ábyrgðar fyrir Jón Eldon, án þess að þau atvik, sem búa að baki hverri fjárhæð, sem honum er færð til skuldar, verði rannsökuð og metin sérstaklega. Í upphafi skýrslunnar er þess getið, að viðskiptaskuld Jóns við stefnanda sé þar sett upp „eftir því sem bækur og skjöl félagsins segja til um, svo og ýmsar munnlegar upplýsingar, sem okkur hafa verið látnar í té og eru nú bókfærðar". Slíkar munnlegar upplýsingar munu að mestu leyti komnar frá stjórnarmönnum eða starfsmönnum stefnanda, en af skiljanlegum ástæðum liggja ekki fyrir sjónarmið eða skýringar Jóns Eldons varðandi skýrsluna og niðurstöður hennar. Dómurinn hefur því kannað þau gögn og færslur í bókhaldi stefnanda, sem hinar einstöku skuldafærslur í skýrslunni á Jón Eldon eru byggðar á.

Þegar endurskoðunarskýrslan er skoðuð og ábyrgð Jóns Eldons virt, telur dómurinn, að greina beri milli tveggja tímabila, þ. e. tímans fyrir 27. júní 1967 annars vegar og tímans eftir þann dag hins vegar. Lítur dómurinn svo á, að með undirskrift sinni undir skýrsluna um sjóðsuppgjörið hinn 27. júní 1967 hafi Jón Eldon stað-

fest, hvað átti að vera í sjóði samkvæmt niðurstöðu bókhaldsins, sem hann hafði fært, og enn fremur að í sjóðnum hafi verið sú fjárhæð, sem tilgreind er í skýrslunni, eða kr. 200.58 minna en bókhaldið sagði til um. Verði því að færa honum til ábyrgðar þær fjárhæðir, sem hann hefur móttekið vegna stefnanda og kvittað sjálfur fyrir, áður en sjóðsuppgjörið fór fram, en ekki fært í bókhaldið.

Eftir 27. júní 1967 liggur hins vegar fyrir bókhald stefnanda, fært af Jóni Eldon fram eftir ári 1967 og byrjun ársins 1968. Bókhaldið er, eins og áður er greint frá, fært töluvert eftir á, og er ekki að sjá, að Jón Eldon hafi lokið færslu þess fyrir árið 1967, þar sem dagbók er ekki lokað, og Jón skilur þannig við bókhaldið, að það sýnir öfugan sjóðsmismun, þ. e. að færðar útborganir umfram innborganir nema kr. 499.785.68. Þó innborganir séu óinnfærðar, er því ekki unnt að draga af því þá ályktun, að þær hafi runnið til Jóns Eldons fremur en til greiðslu á útgjöldum stefnanda. Með tilvísan til þessa og framangreinds rökstuðnings um, að Jón verði ekki látinn bera algera ábyrgð á fjárvörslu stefnanda, telur dómurinn, að eftir 27. júní 1967 verði eigi unnt að færa Jóni annað til ábyrgðar en það, sem beinlínis teljist sannað, að runnið hafi til hans sjálfs.

Verður nú tekið til við að rekja skýrslu endurskoðunarskrifstofunnar og taka afstöðu til hvers liðar fyrir sig.

1. Samkvæmt viðskiptareikningi Jóns Eldons hjá stefnanda var bókfærð úttekt hans tímabilið 1. janúar 1967-31. ágúst 1967 kr. 405.848.22 samkvæmt færslum hans sjálfs í sjóðdagbók, þó nokkrar færslurnar séu ekki færðar af honum sjálfum í viðskiptamannabók. Í endurskoðunarskýrslunni er upphæðin hins vegar tilgreind kr. 405.998.22. Stafar mismunurinn af því, að innifalið í þeirri upphæð er andvirði flaggstangar, kr. 150.00, sem fært er í dagbók undir 31. desember af öðrum en Jóni, en fylgiskjal fyrir þeirri færslu hefur ekki verið lagt fram, og þykir dóminum því ekki unnt að taka þá fjárhæð til greina.

Samkvæmt reikningum var inneign Jóns frá fyrra ári hinn 1. janúar 1967 kr. 14.080.35, og hefur stefnandi dregið þá fjárhæð frá skuld Jóns svo og laun hans fyrir árið 1967, kr. 270.000.00, og samkvæmt því talið skuld hans kr. 121.917.87. Af hálfu stefndu hefur verið vefengt, að laun Jóns hafi ekki verið meiri en kr. 22.500.00 á mánuði, sem séu ótrúlega lág laun fyrir framkvæmdastjóra. Að áliti dómsins hefur ekkert það komið fram í málinu, sem hnekkir þeirri fullyrðingu stefnanda, að Jón hafi haft um-

rædd laun, enda stutt af eigin færslum hans á viðskiptareikning hans. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að laun hans hafi numið kr. 22.500.00 á mánuði. Stefndu hafa og haldið því fram, að Jón ætti rétt á launum fyrstu tvo mánuði ársins 1968, en hann lést sem fyrr segir hinn 6. febrúar 1968, og einnig eigi að greiða laun hans í 6 mánuði eftir lát hans. Dóminum þykir rétt og eðlilegt, að Jóni séu reiknuð laun þann tíma, er hann starfaði hjá fyrirtækinu, en með hliðsjón af því, hvernig viðskilnaður hans var við bókhald og sjóð þess, þykir ekki unnt að dæma honum laun nema til dánardægurs hinn 6. febrúar, eða kr. 27.000.00 frá 1. janúar 1968. Samkvæmt því þykir því Jón réttilega skuldfærður samkvæmt þessum lið fyrir kr. 94.767.87.

2. Úttektir Jóns samkvæmt óbókfærðum miðum, kvittuðum af honum, er lágu í peningakassa, námu kr. 25.136.31, og er sá liður ekki vefengdur af hálfu stefndu og því tekinn til greina að öllu leyti.

3. Hér er um að ræða óbókfærðan tékka að fjárhæð kr. 120.000.00, útgefinn hinn 14. nóvember 1967 á bankareikning stefnanda í Útvegsbanka Íslands. Tékki þessi er framseldur af lögfræðiskrifstofu Einars Baldvins Guðmundssonar o. fl., en sú skrifstofa hafði til innheimtu skuldabréf í eigu Bernhards Petersens h/f, er Jón Eldon hafði gefið út og áður er vikið að. Samkvæmt upplýsingum, sem dóminum hafa verið látnar í té, fór fram greiðsla inn á skuld þessa í nóvember 1967 að fjárhæð kr. 144.147.40, og var sú greiðsla færð í bækur lögfræðiskrifstofunnar 15. nóvember 1967. Jafnframt liggur fyrir yfirlýsing lögfræðiskrifstofunnar um, að hún hafi engin viðskipti átt við stefnanda. Telur dómurinn því, að sannað sé, enda ekki beinlínis vefengt af hálfu stefndu, að umrædd upphæð hafi runnið til Jóns Eldons, og verði því að taka þennan kröfulið stefnanda til greina.

4. Hér er Jóni Eldon færð til skuldar greiðsla inn á viðskiptalán Bernhards Petersens h/f nr. 27 við Landsbanka Íslands hinn 1. september 1966 að fjárhæð kr. 250.000.00. Þessa greiðslu færði Jón í bókhaldið sem greiðslu stefnanda inn á viðskiptareikning Bernhards Petersens h/f, en á innborgunarkvittun Landsbankans, sem færð er sem fylgiskjal, stendur, að „Jón Eldon v. Lýsi og Mjöl h.f." hafi greitt, en á afriti því, sem bankinn heldur og lagt hefur verið fram í málinu, stendur aðeins, að „Jón Eldon" hafi greitt. Endurskoðandi stefnanda var spurður að því, hvort viðskiptamannareikningur Bernhards Petersens h/f hjá stefnanda fyrir árið 1966 hefði ekki verið stemmdur af, og kvað hann það ekki hafa

verið gert, heldur einungis teknar „stikkprufur." Þetta hafi hins vegar verið gert undanfarandi ár og þá stemmt.

Umrædd greiðsla var ekki færð stefnanda til tekna í bókhaldi Bernhards Petersens h/f samkvæmt afriti af viðskiptamannareikningi, en hins vegar liggja fyrir upplýsingar um það, að Jón hafi greitt Bernard Petersen h/f umrædda fjárhæð vegna fyrrgreindrar skuldar hans sjálfs við fyrirtækið haustið 1966. Þykir því verða að telja sannað, að greiðsla þessi hafi runnið í eigin þágu hans og skuldfærsla samkvæmt þessum lið sé því rétt.

5. A.—H. Hér eru færðar ýmsar innborganir til stefnanda, sem átt höfðu sér stað fyrir 27. júní 1967, en aldrei verið bókfærðar, og stefnandi telur, að gengið hafi til Jóns Eldons. Af hálfu stefndu hefur þessum kröfum stefnanda verið mótmælt og bent á, að þegar sjóðstalning hinn 27. júní 1967 fór fram, hafi Jón Eldon verið orðinn mjög veikur af magasári, sem síðar leiddi til þess, að hann varð að leggjast undir erfiðan uppskurð, og því megi vera, að hann hafi ekki getað vegna veikinda gengið frá uppgjöri á viðhlítandi hátt. Bendi allt til þess, að þessar greiðslur hafi ekki gengið til Jóns og fjölskyldu hans. Séu möguleikar á því, að hann hafi greitt reikninga fyrir fyrirtækið, sem enn séu ekki fram komnir, og einnig sé möguleiki á því að aðrir starfsmenn stefnanda hafi átt þátt í þessum mistökum.

A. Hér er um að ræða innborgun frá Bernhard Petersen h/f að fjárhæð kr. 120.693.95 hinn 17. febrúar fyrir loðnulýsi. Greiðsla þessi var innt af hendi með tékka á viðskiptalán nr. 27 við Landsbanka Íslands. Jón Eldon hefur framselt tékka þennan fyrir hönd stefnanda. Á viðskiptareikningi stefnanda hjá Bernhard Petersen h/f var umrædd greiðsla færð hinn 28. febrúar. Með það í huga, að ótvírætt er, að Jón Eldon hefur móttekið umrædda greiðslu, en ekki fært hana, en hins vegar samþykkt sjóðsuppgjör hinn 27. júní 1967, verður að telja honum til ábyrgðar vöntun á umræddri innborgun og taka þennan kröfulið til greina.

B. Hér er um að ræða greiðslu frá Jóni Gíslasyni s/f hinn 16. febrúar 1967 að fjárhæð kr. 50.000.00, sem Jón Eldon hefur kvittað fyrir, en ekki verið bókfærð. Stefán Jónsson, stjórnarformaður stefnanda, var spurður að því, hvort ekki væri óeðlilegt, að Jón Gíslason s/f, sem væri stór innleggjandi hjá stefnanda, greiddi til hans. Taldi hann ekkert óeðlilegt við það. Vitnið Þórður H. Guðjónsson sagði svo frá, að Jón Eldon hefði tjáð sér, að fyrirtækið Jón Gíslason s/f hefði fengið bráðabirgðalán, sem átti að standa skil á fljótlega, en það hafi brugðist, að því er Jón hefði

tjáð sér. Umrædd greiðsla er færð á viðskiptareikning stefnanda hjá Jóni Gíslasyni s/f. Með hliðsjón af kvittun Jóns Eldons fyrir þessari greiðslu og samþykki hans síðar á sjóðsuppgjöri og með tilvísan til fyrri rökstuðnings telur dómurinn, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir skuldfærslu þessari, og tekur hana því til greina.

C. Hinn 1. júní 1967 hefur Jón Eldon fyrir hönd stefnanda kvittað fyrir móttöku á kr. 15.000.00 frá Þorvaldi Ásmundssyni sem greiðslu inn á reikning hans. Í málinu liggur einnig fyrir tékki, útgefinn sama dag, að sömu fjárhæð, útgefinn af Þorvaldi, framseldur af Jóni Eldon. Með tilvísan til rökstuðnings hér að framan undir A og B þykir verða að taka þennan lið í kröfugerð stefnanda til greina.

D. Hinn 15. febrúar 1967 hefur Fóðurblandan h/f greitt kr. 75.000.00 til stefnanda, en sú greiðsla eigi verið bókfærð. Kvittun fyrir greiðslunni er rituð á prentað kvittanaeyðublað frá Fóðurblöndunni h/f. Fyrir greiðslu þessari kvittar Gísli Magnússon, starfsmaður stefnanda, og var greiðslan í formi tékka, útgefins af Fóðurblöndunni, sem framseldur var af hinum sama Gísla Magnússyni. Stefnandi telur, að Gísli hafi afhent Jóni Eldon peningana og beri að færa honum þá til skuldar, þar eð hann hafi ekki fært þá og þeir ekki komið fram við sjóðtalningu hinn 27. júní 1967. Af hálfu stefndu hefur þessum lið sérstaklega verið mótmælt og bent á, að einhliða fullyrðingar starfsmanna stefnanda eigi ekki að nægja til skuldfærslu á Jón. Umræddur starfsmaður stefnanda, Gísli Gunnar Magnússon brunavörður, Háabarði 2, Hafnarfirði, 36 ára að aldri, kom fyrir dóm sem vitni og skýrði svo frá, að hann hefði starfað hjá stefnanda frá því í nóvember 1962 þar til í júní 1967 sem vörubifreiðarstjóri. Það kvaðst oft hafa verið sent í sparisjóðinn til að sækja peninga til launaútborgana og annað því um líkt. Aðspurt um þessa greiðslu Fóðurblöndunnar kvaðst vitnið muna eftir þessu tilviki eftir að hafa rifjað þetta upp og athugað dagbók, sem það hefði haldið í 20 ár. Í dagbókinni 15. febrúar 1967 segi, að vitnið hafi farið tvær ferðir til Reykjavíkur. Önnur hafi verið til Eimskipafélags Íslands h/f og á skrifstofu Fóðurblöndunnar h/f og hafi það sótt þar kr. 75.000.00. Kvaðst vitnið muna eftir því, að umrædd ávísun hafi verið vélrituð þar á skrifstofunni. Það kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa farið í Sparisjóð Hafnarfjarðar með þessa ávísun, en það hafi oft skeð, að það hafi farið með ávísanir í banka, einkum í Sparisjóð Hafnarfjarðar. Það kannaðist við framsal á umræddu ávísun,

en mundi ekki, hvort það hefði í fleiri tilvikum skrifað þannig á ávísun, en þegar það hafi farið með ávísanir af skrifstofunni, hafi skristofufólkið yfirleitt ritað á þær. Taldi vitnið, að það hefði afhent Jóni Eldon umrædda greiðslu á skrifstofunni.

Þegar litið er á þann vafa, sem leikur á um móttöku þessarar greiðslu á skrifstofu stefnanda, og að hvergi kemur fram skrifleg viðurkenning eða staðfesting þess, að Jón Eldon hafi tekið við henni, þykir dóminum ekki unnt, þrátt fyrir trúlegan framburð umræddS starfsmanns, gegn eindregnum mótmælum stefndu og með hliðsjón af því, að fleiri gengu um sjóð fyrirtækisins, að taka þennan kröfulið stefnanda til greina, og verður því að sýkna stefndu af honum.

E. Hinn 7. apríl 1967 hefur Jón Eldon kvittað fyrir móttöku á kr. 31.600.00 frá Ársæli Hannessyni sem greiðslu inn á reikning hans hjá stefnanda. Stefnandi telur þessa greiðslu til skuldar Jóns Eldons, þar eð hún hafi ekki verið færð og peningarnir ekki komið fram við sjóðstalningu. Af hálfu stefndu hefur þessari skuldfærslu verið mótmælt með hinum almennu mótmælum við kröfum undir lið 5. Með tilvísan til fyrri rökstuðnings undir 5 A, B, og C hér á undan þykir mega telja nægilega sönnun fram komna til þess, að Jón Eldon verði gerður ábyrgur fyrir vöntun þessarar greiðslu.

F. Hinn 16. mars 1967 hefur Jón Eldon kvittað fyrir greiðslu að fjárhæð kr. 45.400.00 frá Versluninni Minni Borg, en umrædd greiðsla kom ekki fram í bókum stefnanda, og telur hann Jón Eldon ábyrgan, þar eð peningarnir komu ekki fram við sjóðstalningu. Með tilvísan til fyrri rökstuðnings undir liðum 5 A, B, C og E þykir verða að taka skuldfærslu undir þessum lið til greina.

G. Hér er um að ræða staðgreiðslusölu á mjöli fyrir 27. júní 1967 til nokkurra aðilja, samtals að fjárhæð kr. 17.425.00. Hefur Jón Eldon kvittað fyrir móttöku greiðslna þessara að undanskilinni einni greiðslu, sem Friðjón Guðlaugsson verksmiðjustjóri mun hafa móttekið. Um slíka staðgreiðslusölu hefur þetta komið helst fram í málinu umfram það, sem áður var rakið, er starfstilhögunar var getið: Vitnið Kristján Sigurðsson viktarmaður, Herjólfsgötu 16, Hafnarfirði, 62 ára að aldri, kvaðst hafa séð um viktun á öllu mjöli, sem afgreitt var frá fyrirtækinu, bæði sem selt var til útflutnings og innanlands. Hafi það einnig fært birgðabók um það, sem framleitt var af mjöli og einnig hafi það fært í þá bók alla sölu á mjöli. Sagði vitnið, að ýmist hafi verið afgreitt mjöl gegn láni eða staðgreiðslu, en einkum á haustin hafi verið

mikið um staðgreiðslusölu. Kvaðst það hafa fært alla staðgreiðslusölu í nótnahefti, þar sem nótur hafi verið í þríriti. Hafi greiðandi fengið frumrit kvittunar, eitt afrit hafi farið til skrifstofu, um leið og greiðsla var afhent þar, og þriðja eintak hafi síðan orðið eftir í heftinu og hafi viðkomandi á skrifstofunni kvittað á það við móttöku greiðslunnar. Hafi uppgjör fyrir slíka staðgreiðslu farið fram þegar í stað. Hafi framkvæmdastjórinn í flestum tilvikum tekið við þessum greiðslum, en vera megi, að í einstöku tilfellum hafi annar tekið við greiðslu. Sagði vitnið, að komið hefði fyrir, að annar hefði gripið inn í sitt starf, einkum ef unnið var um nætur eða vitnið var veikt.

Vitnið Friðjón Guðlaugsson verksmiðjustjóri, Mánastíg 4, Hafnarfirði, 55 ára að aldri, kvaðst stundum í forföllum hafa gripið í starf viktarmanns, en það viti þó ekki til þess, að aðrir en þeir tveir hafi tekið við staðgreiðslusölu. Það kvaðst ekki hafa vitað um þá venju viktarmanns að láta viðkomandi starfsmann á skrifstofu kvitta fyrir móttöku peninga í nótnahefti og því hafi það ekki látið kvitta þannig í heftið, er það afgreiddi mjöl gegn staðgreiðslu. Hafi það fyrst frétt um þennan hátt á skilum staðgreiðslu, eftir að Jón Eldon féll frá. Það mundi ekki sérstaklega eftir afgreiðslu á mjöli hinn 3. apríl 1967, er það kvittaði fyrir móttöku á greiðslu að fjárhæð kr. 5.100.00. Kvaðst það ætíð hafa skilað slíkum greiðslum til skrifstofunnar og hafi Jón Eldon tekið við greiðslum.

Dómurinn telur með hliðsjón af framansögðu, að telja verði Jóni Eldon til skuldar þær greiðslur, er hann hefur kvittað fyrir móttöku í nótubækur, en þær hafa verið lagðar fram í málinu. Að því er varðar hins vegar greiðslu að fjárhæð kr. 5.100.00, sem Friðjón Guðlaugsson hefur móttekið, þykir dóminum ekki unnt gegn mótmælum stefndu að taka þá fjárhæð til greina, enda engin nóta lögð fram um þá sölu, og beri því að sýkna af henni. Er Jón því skuldfærður undir þessum lið fyrir kr. 12.325.00.

H. Hér er um að ræða greiðslu frá Ríkisspítölunum í formi tékka að fjárhæð kr. 3.300.00, útgefins 6. júní 1967, en tékki þessi var framseldur af Jóni Eldon f. h. stefnanda og síðan aftur af Versluninni Mirru, Austurstræti 17, Reykjavík. Kveðst stefnandi engin viðskipti hafa átt við þá verslun, og greiðsla þessi var ekki færð í bækur hans og peningarnir ekki til staðar við sjóðstalningu. Með tilvísun til fyrri rökstuðnings hér að framan um liði A, B, C, E, F og G verður að telja, að fram sé komin nægileg sönnun til að telja umrædda upphæð Jóni til skuldar.

6. Hér er um að ræða greiðslu hinn 15. nóvember 1967 frá Bernhard Petersen h/f að fjárhæð kr. 120.000.00. Jón Eldon hefur móttekið þessa greiðslu og kvittað fyrir henni, en hún er hins vegar ekki bókfærð í bækur stefnanda. Hjá Bernhard Petersen h/f er umrædd greiðsla færð í viðskiptareikning stefnanda honum til skuldar. Tékki sá, sem notaður var til greiðslu þessarar, hefur verið lagður fram í málinu, og er hann framseldur af Jóni Eldon f. h. stefnanda.

Umrædd greiðsla fór fram hinn 15. nóvember 1967 sem fyrr segir, þ. e. eftir að sjóðsuppgjör fór fram, sem Jón Eldon hafði staðfest með undirskrift sinni. Ekki liggur fyrir sönnun um það, að umrædd innborgun hafi runnið til Jóns Eldons sjálfs, og með tilvísan til rökstuðnings hér að framan um skuldfærslu í endurskoðunarskýrslunni eftir sjóðsuppgjörið 27. júní 1967 telur dómurinn ekki unnt að taka þennan lið kröfunnar til greina.

7. Hinn 10. nóvember 1967 hefur Fóðurbirgðafélag Biskupstungna greitt til stefnanda kr. 171.450.00, og hefur Jón Eldon kvittað tvo reikninga, sem nema samtals þessari fjárhæð, en hér var um að ræða greiðslu fyrir karfamjöl. Greiðsla þessi hefur ekki verið bókfærð, og telur stefnandi því, að Jón Eldon hafi myndað við sig skuld, sem nemur þessari fjárhæð. Ekkert hefur fram komið í málinu um það, hvert umræddir peningar hafa runnið, og með tilvísan til rökstuðnings undir lið 6 þykir verða að sýkna stefndu af þessum kröfulið.

8. Geir Gunnlaugsson hefur greitt til stefnanda kr. 13.750.00 fyrir fiskimjöl samkvæmt tveimur reikningum, dags. 18. október 1967, kr. 11.000.00, og 22. desember 1967, kr. 2.750.00, sem báðir eru kvittaðar af Jóni Eldon. Annað liggur ekki fyrir um greiðslur þessar, og með hliðsjón af framansögðu undir liðum 6 og 7 verður að telja ónóga sönnun fram komna til þess, að unnt sé að skuldfæra Jón Eldon fyrir þessum greiðslum, og beri því að sýkna af þessum kröfulið.

9. Hér er um að ræða greiðslur frá Ingólfi Hannessyni, kr. 4.650.00, og Kjartani Hannessyni, kr. 56.100.00. Lögð hefur verið fram kvittun, undirrituð af Þórði H. Guðjónssyni, dags. 14. febrúar 1967, fyrir greiðslu Ingólfs, en kvittun fyrir greiðslu Kjartans hefur ekki verið lögð fram, og er krafan byggð á munnlegum upplýsingum hans til stjórnarformanns stefnanda. Hvorug þessara greiðslna hefur verið bókfærð hjá stefnanda. Hér er í hvorugu tilviki um það að ræða, að fyrir liggi kvittun frá Jóni Eldon, í öðru tilvikinu liggur ekki fyrir skjalleg sönnun þess, að greiðsla

hafi átt sér stað, og ekkert hefur komið fram um það, hvert umrætt fé hafi runnið. Þykir því ekki fært gegn mótmælum stefndu að taka umrædda kröfu til greina, og er því sýknað af henni.

10. Við endanlegt uppgjör endurskoðunarskrifstofu N. Mancher og Co. á bókhaldi stefnanda fyrir þann tíma, sem Jón Eldon var framkvæmdastjóri, kom fram mismunur í sjóði að fjárhæð kr. 164.201.05 á inn- og útborgunum, þegar fjárhæðirnar undir lið 1—9 í endurskoðunarskýrslunni hafa verið færðar Jóni Eldon til skuldar. Telur stefnandi, að Jón Eldon, sem hafði allar fjárreiður og bókhald á hendi fyrir stefnanda, beri ábyrgð á þessum sjóðsmismun. Af hálfu stefndu hefur því verið mótmælt, að Jón Eldon verði gerður ábyrgur fyrir öllum inn- og útborgunum, þar sem hér sé um alls konar kvittanir frá ýmsum starfsmönnum fyrirtækisins að ræða, og bent á, að þetta beri vott um mikla óreiðu hjá stefnanda, sem nái lengra en kenna megi Jóni Eldon.

Hér er um að ræða mismun á ýmsum færslum á inn- og útborgunum frá þeim tíma, er Jón hætti að færa sjóðdagbók, og til þess tíma, er hann lést. Eru færslur þessar gerðar af endurskoðunarskrifstofunni og ýmist byggðar á fylgiskjölum eða, að því er virðist, á munnlegum upplýsingum. Dómurinn hefur skoðað færslur endurskoðandans og viðkomandi fylgiskjöl, þar sem þau eru fyrir hendi. Varðandi innborganir hefur komið í ljós, að kvittað er fyrir þeim ýmist af Jóni Eldon eða öðru starfsfólki, en í sumum tilvikum liggur ekki fyrir fylgiskjal, er sýni, hver tók við innborgun.

Að öllu þessu athuguðu þykir dóminum þessi liður kröfunnar allur svo vanreifaður og óljós af hálfu stefnanda, að vísa beri honum frá dómi.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða máls þessa sú, að stefndu beri að greiða stefnanda kr. 768.223.13. Stefnandi hefur gert þá kröfu, að stefndu verði dæmd til greiðslu dráttarvaxta, 1% á mánuði frá 6 febrúar 1968 til greiðsludags. Dómurinn telur ekki vera lagagrundvöll til að dæma slíka dráttarvexti og telur ekki unnt að dæma stefndu til greiðslu hærri vaxta en 7% ársvaxta frá 6. febrúar 1968 til greiðsludags.

Þá hefur stefnandi krafist þess, að staðfest verði löghaldsgerð, sem fram fór hinn 2. mars 1968 í fasteigninni Þinghólsbraut 52, Kópavogi, til tryggingar kr. 1.100.620.01. Af hálfu stefndu hefur þessari kröfu um staðfestingu löghaldsins verið mótmælt. Er því haldið fram af þeirra hálfu, að ekki hafi verið ástæða til svo róttækra ráðstafana og hafi gerðin verið til þess fallin að vera hinum

látna til mannorðshnekkis og til að auka þjáningar ekkju hans og fjölskyldu.

Þegar hliðsjón er höfð af niðurstöðu máls þessa og með því að ekki verður annað séð en að löghaldsgerðin hafi farið fram í samræmi við lög nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, þykir dóminum verða að staðfesta hana til tryggingar tildæmdri fjárhæð. Ber að taka tillit til löghaldsins við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt ofanrituðum úrslitum þykir verða að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 95.000.00. Stefndu, Lilju Jónsdóttur, hefur verið veitt gjafvörn í máli þessu, og ber því að greiða málflutningslaun lögmanns hennar, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, úr ríkissjóði, og þykja þau hæfilega ákveðin kr. 85.000.00.

Dóm þennan hafa kveðið upp Haraldur Henrysson, setudómari samkvæmt skipunarbréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. apríl 1968, og meðdómendurnir Eggert Kristjánsson og Helgi V. Jónsson, lögfræðingar og löggiltir endurskoðendur.

Dómsorð:

Kröfu að fjárhæð kr. 164.201.05 samkvæmt lið 10 hér að framan er vísað frá dómi.

Stefndu, Lilja Jónsdóttir f. h. dánar- og félagsbús hennar og Jóns Eldons og Sigurgeir Jónsson, skiptaráðandi í Kópavogi, f. h. sama dánar- og félagsbús, greiði stefnanda, Lýsi og Mjöli h/f, Hafnarfirði, kr. 768.223.13 með 7% ársvöxtum frá 6. febrúar 1968 til greiðsludags og kr. 95.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Framangreind löghaldsgerð er staðfest til tryggingar hinni tildæmdu fjárhæð.

Málflutningslaun lögmanns stefndu, Lilju Jónsdóttur, Sigurðar Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 85.000.00, skulu greidd úr ríkissjóði.

Löghaldsgerð fógetaréttar Kópavogs 2. mars 1968.

Ár 1968, laugardaginn 2. mars, klukkan 0945, var fógetaréttur Kópavogs settur í skrifstofu sinni og haldinn þar af Haraldi Henryssyni setudómara með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Beiðni Árna G. Finnssonar hæstaréttarlög-

manns vegna Lýsis og Mjöls h/f, Hafnarfirði, um löghald í eignum dánar- og félagsbús Jóns Eldons og eftirlifandi konu hans, Lilju Jónsdóttur.

Skjöl nr. 1 og 2, gerðarbeiðni og skýrsla endurskoðunarskrifstofu N. Manscher & Co, liggja frammi í réttinum. Lögð eru fram eftirtalin skjöl: nr. 3 endurrit úrskurðar hins reglulega fógeta um, að hann víki sæti í málinu, nr. 4 afrit bréfs hins reglulega fógeta til dómsmálaráðuneytisins og nr. 5 skipunarbréf setufógeta. Nr. 3 fylgir en nr. 4 og 5 hljóða svo.

Af hálfu gerðarbeiðanda er mættur Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður og krefst framgangs hinnar umbeðnu gerðar. Að kröfu fógeta er af hálfu gerðarbeiðanda lögð fram sem trygging yfirlýsing Útvegsbanka Íslands um ábyrgð á greiðslu bóta allt að kr. 200.000.00.

Af hálfu gerðarþola er mættur Sigurgeir Jónsson skiptaráðandi og með honum Sigurður Helgason héraðsdómslögmaður vegna Lilju Jónsdóttur. Umboðsmenn gerðarþola lýsa því yfir, að þeir telji sig ekki geta krafist þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar, þótt þeir mótmæli henni og telji hana óþarfa. Fyrir hönd gerðarþola áskilja þeir sér rétt til að krefjast skaðabóta úr hendi gerðarbeiðanda vegna þess fjárhagstjóns, sem af gerð þessari kann að leiða. Umboðsmaður ekkjunnar áskilur sér sérstaklega rétt til að krefjast bóta fyrir hvers konar immaterielt tjón, sem af gerð þessari kann að hljótast fyrir hana og hennar fjölskyldu. Þá krefjast umboðsmenn gerðarþola málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Samkomulag er með umboðsmönnum aðilja um, að gerð þessi fari öll fram hér á skrifstofunni, sem er starfsstofa aðalumboðsmanns gerðarþola.

Aðspurðir benda umboðsmenn gerðarþola á fasteign dánar- og félagsbúsins, Þinghólsbraut 52, Kópavogi, til löghalds, og samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir löghaldi í framangreindri eign, Þinghólsbraut 52, til tryggingar kröfunni, kr. 1.100.-620.01 auk vaxta og áfallins og áfallandi kostnaðar. Fallið er frá virðingu.

Föstudaginn 1. mars 1974.

Nr. 143/1973: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari)
gegn
Gesti Þorsteinssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
Jens Rúnari Ingólfssyni
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.)
Hlyni Höskuldssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
Erni Ingólfssyni
(Ingi R. Helgason hrl.)
Sigurði Tómasi Garðarssyni
(Jón Finnsson hrl.)
og Harald Guðbergi Haraldssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Ávana- og fíknilyf. Brot gegn lögum nr. 77/1970.

Dómur Hæstaréttar.

Sakferli ákærðu í máli þessu er samtengt með þeim hætti, að heimilt er að sækja þá til saka í einu máli, sbr. 28. gr. laga nr. 82/1961, nú 28. gr. laga nr. 73/1973.

Sakarefni er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

1. Sannað þykir, að ákærði Gestur Þorsteinsson hafi aðstoðað við kaup á öllu því fíkniefnamagni, sem sent var með m/s Laxfossi frá Amsterdam í apríl 1972, og lagt á ráðin um flutning þess til Íslands. Þykir hann því bera refsiábyrgð á þeim innflutningi ásamt ákærða Jens Rúnari, en annar nafngreindur maður er sóttur til saka vegna þessa í öðru refsi-

máli. Að öðru leyti ber að fallast á úrlausn héraðsdóms um ákæruefni á hendur Gesti Þorsteinssyni.

2. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um háttsemi ákærða Hlyns Höskuldssonar, þ. á m. um sýknu af ákæruliðum III, 2—4, en um III. ákærulið 4 þykir ástæða til að taka fram, að eigi eru alveg fullnægjandi gögn fram komin til að refsa honum samkvæmt þeim lið ákæruskjals.

3. Úrlausn héraðsdómara um refsinæmi athafna hinna ákærðu Jens Rúnars, Arnar, Sigurðar Tómasar og Haralds Guðbergs ber að staðfesta , en ákærði Sigurður Tómas er aðeins sóttur til saka samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 77/1970.

Háttsemi allra hinna ákærðu er réttilega færð til refsiákvæða, sbr. enn fremur 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969. Tekið er fram, að refsiákvæði laga nr. 77/1970 eru sett með stjórnskipulegum gildum hætti og verður ekki hrundið sem gildum refsiheimildum.

II.

Brot þau, sem hinir ákærðu hafa framið, varða ávana- og fíkniefni, en meðferð þeirra efna, ólögmætur innflutningur, dreifing og varsla, fela í sér þjóðfélagslega hættu, ekki síst fyrir andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks. Þegar litið er til þess magns af fíkniefnum, sem hinir ákærðu Gestur, Hlynur og Jens Rúnar fluttu inn og sumpart dreifðu, svo og háttsemi þeirra í heild sinni, ber að telja brot þeirra stórfelld samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970. Ber að refsa þeim þremur með vísan til 49. gr., 2. málsgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem gert er í héraðsdómi. Refsingar hinna ákærðu þykja hæfilega ákveðnar, svo sem hér segir:

1. Ákærði Gestur Þorsteinsson sæti fangelsi í 6 mánuði og greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga fangelsi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

2. Ákærði Hlynur Höskuldsson sæti fangelsi í 4 mánuði og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað fésektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

3. Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson sæti 3 mánaða fangelsi

og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað fésektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

4. Ákærði Örn Ingólfsson sæti varðhaldi í 3 mánuði, en fullnustu varðhaldsrefsingar skal fresta og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

5. Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson sæti 2 mánaða varðhaldi, og er sú refsing skilorðsbundin með sama hætti og segir um ákærða Örn.

6. Ákærði Harald Guðberg Haraldsson sæti 2 mánaða varðhaldi, og er sú refsing skilorðsbundin með sama hætti og segir um ákærða Örn.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að gæsluvarðhaldsvist þeirra ákærðu Gests, Hlyns og Jens Rúnars komi refsingu þeirra til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um eignarupptöku á reykjarpípum og pípuhluta, leirpípu og fíkniefnum, sem tilgreind eru í þætti héraðsdóms um eignarupptöku. Um eignarupptöku á fjárhæðum vegna sölu á fíkniefnum er fallist á það sjónarmið héraðsdómara, að fjárhæð krafna sé eigi svo skýrt mörkuð og sérgreind í ákæruskjali, að fullnægi kröfum 115. gr. laga nr. 82/1961, nú 115. gr. laga nr. 73/1973, og ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að vísa þeim kröfuþætti ákæruskjals frá héraðsdómi. Kemur það eigi hér að haldi, að saksóknari hefur tilgreint hér fyrir dómi, hverjar kröfur þessar séu á hendur hverjum ákærða um sig.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Dæma ber ákærðu Gest Þorsteinsson og Hlyn Höskuldsson til að greiða óskipt verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 90.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harald Guðberg Haraldsson

greiði óskipt málsvarnarlaun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Gestur Þorsteinsson sæti fangelsi 6 mánuði og greiði 75.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga fangelsi í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hlynur Höskuldsson sæti fangelsi 4 mánuði og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson sæti fangelsi 3 mánuði og greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi í stað sektar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Ingólfsson sæti varðhaldi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson sæti varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákærði Harald Guðberg Haraldsson sæti varðhaldi 2 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla

niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Staðfest er úrlausn héraðsdóms um, að gæsluvarðhaldsvist þeirra ákærðu Gests, Hlyns og Jens Rúnar komi refsingu þeirra til frádráttar.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu Gestur Þorsteinsson og Hlynur Höskuldsson greiði óskipt verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 90.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harld Guðberg Haraldsson greiði óskipt málsvarnarlaun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 60.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með áðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 24. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 211—216/1973: Ákæruvaldið gegn Gesti Þorsteinssyni, Jen Rúnari Ingólfssyni, Hlyni Höskuldssyni, Erni Ingólfssyni, Sigurði Tómasi Garðars-

syni og Harald Guðberg Haraldssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m. og á ný hinn 17. þ. m. að aflokinni framhaldsmeðferð.

Sakarefni.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 1. nóvember 1972, gegn

1. Gesti Þorsteinssyni, Sólvallagötu 31, Reykjavík, fæddum 17. desember 1949 í Reykjavík,
2. Jens Rúnari Ingólfssyni, Hagamel 17, Reykjavík, fæddum 18. desember 1953 í Reykjavík,
3. Hlyni Höskuldssyni, Fjólugötu 21, Reykjavík, fæddum 29. desember 1953 í Reykjavík,
4. Erni Ingólfssyni, Öldugötu 54, Reykjavík, fæddum 24. júní 1951 í Reykjavík,
5. Sigurði Tómasi Garðarssyni, Höskuldarkoti, Ytri-Njarðvík, fæddum 30. júní 1950 í Reykjavík,
6. Harald Guðberg Haraldssyni, Spítalastíg 8, Reykjavík, fæddum 1. september 1943 í Reykjavík,

„fyrir brot á lögum nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. og reglugerð nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, með eftirgreindum hætti:

I. Ákærði Gestur Þorsteinsson.

1. Í febrúarmánuði 1972 keypt í Kaupmannahöfn 120 töflur lysergíð (LSD) í félagi við meðákærða Hlyn, sem þeir neyttu þar að hluta, þaðan sem Hlynur sá svo um flutning taflnanna, 110 að tölu, til Íslands stuttu síðar og jafnframt um dreifingu taflnanna hér á landi.

2. Í maímánuði 1972 tekið við í Reykjavík úr póstsendingu frá Danmörku 50 töflum af lysergíð (LSD), sem ákærði kveður danskan pilt hafa sent sér. Þrjár af töflum þessum seldi svo ákærði piltinum Ómari Skúlasyni ásamt 2. gr. af kannabis (hash) fyrir kr. 1.800.00, en 47 taflnanna fundust við leit lögreglumanna í skrifstofuherbergi meðákærða Jens Rúnars að Brautarholti 20 í Reykjavík.

3. Seinni hluta aprílmánaðar 1972, þegar ákærði var staddur í Kaupmannahöfn, aðstoðað meðákærða Jens Rúnar við kaup þar á 250 gr. af kannabis, sem þeir bjuggu um í tveimur málningardósum, sem þeir sendu svo í pósti til Íslands, þar sem Jens Rúnar tók við þeim.

4. Fimmtudaginn 4. maí 1972 tekið við á Akureyri ásamt meðákærða Jens Rúnari og piltinum Leifi Haukssyni um 3400 gr. af kannabis úr hendi skipverja á m/s Laxfossi, sem kom til Akur-

eyrar frá Hollandi þennan dag. Ákærði hafði þegar hann dvaldi í Kaupmannahöfn þá nokkru áður aðstoðað við kaup á efninu í Amsterdam og lagt á ráðin um flutning þess til Íslands. Ákærði seldi þá þegar af efni þessu piltinum Bjarka Tryggvasyni á Akureyri 25—30 gr. fyrir kr. 7.000.00, og eftir að ákærði kom til Reykjavíkur afhenti hann piltinum Sigurði Berndsen um 200 gr af efninu, en piltur þessi hafði í Kaupmannahöfn nokkru áður afhent ákærða d. kr. 1.800.00 til kaupa á kannabis.

5. Þá er ákærða loks gefið að sök að hafa í framhaldi af flutningi efnis þess, sem greinir í lið 4, til Reykjavíkur staðið ásamt meðákærða Jens Rúnari og Hlyni að dreifingu verulegs hluta þessa efnismagns, eða allt að 1500 gr, til margra manna í Reykjavík og nágrenni, sem ýmist höfðu fyrirfram lagt fé fram til kaupanna eða að þeir greiddu það við móttöku, oftast kr. 250.00 fyrir grammið.

II. Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson.

1. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 farið til Kaupmannahafnar gagngert til kaupa á kannabisefnum eftir að hafa safnað til þess fé frá ýmsum mönnum hér á landi, eða allt að kr. 70.000.00 í íslenskum og erlendum peningum, auk þess sem ákærði lagði fram sjálfur nokkurt fé. Ákærði naut svo aðstoðar meðákærðu Gests og Hlyns við kaup á 250 gr. af kannabis í Kaupmannahöfn, sem sent var til Íslands í pósti, þar sem ákærði tók við efninu, sbr. lið I, 3 hér að framan. Ákærði naut svo aðstoðar meðákærðu Gests og Hlyns svo og piltsins Bergs Þórðarsonar til kaupa á allt að 1200 gr af kannabisefnum í Hollandi, sem komið var á skipverja á m/s Laxfossi, sem þá var staddur í Rotterdam, en skipið kom til Akureyrar 4. maí 1972, þar sem ákærði tók við efninu ásamt Gesti og piltinum Leifi Haukssyni, svo sem greinir í lið I, 4 hér að framan, og flutti það til Reykjavíkur. Ákærði dreifði síðan meginhluta þessa efnismagns til margra manna í Reykjavík og nágrenni í félagi við meðákærðu Gest og Hlyn, ýmist til manna, sem áður höfðu lagt fram fé til kaupanna, eða til manna, sem greiddu efnið við afhendingu, venjulega kr. 250.00 fyrir grammið. Nokkurn hluta efnisins fundu lögreglumenn við leit í skrifstofuherbergi, sem ákærði hafði á leigu að Brautarholti 20 í Reykjavík.

III. Ákærði Hlynur Höskuldsson.

1. Í febrúarmánuði 1972, þegar ákærði var staddur í Kaupmannahöfn, keypt þar í félagi við meðákærða Gest 120 töflur af lysergíð (LSD), sem þeir neyttu þar að hluta sjálfir, en megin-

hluta taflnanna, eða 110 stk., hafði ákærði svo með sér til Íslands skömmu síðar, þar sem hann ýmist neytti efnisins sjálfur eða dreifði því til margra manna í Reykjavík, sbr. I, 1 hér að framan.

2. Á tímabilinu maí 1971 til maí 1972 tekið við úr póstsendingu frá Danmörku samtals 20 töflum af lysergíð (LSD), sem ákærði kveðst alfarið hafa neytt sjálfur.

3. Seinni hluta aprílmánaðar 1972, þegar ákærði var staddur í Kaupmannahöfn, aðstoðað meðákærða Jens Rúnar í félagi við meðákærða Gest við kaup þar á 250 gr af kannabis, sem síðan var sent í málningardósum til Íslands, sbr. I, 3 og II, 1 hér að framan.

4. Í byrjun maímánaðar 1972, þegar ákærði var kominn til Reykjavíkur, tekið við tveimur bréfum frá Danmörku, sem höfðu að geyma samtals 20 gr af kannabis. Ákærði neytti hluta efnisins sjálfur og veitti það öðrum, en seldi piltinum Stefáni Inga Jónssyni 10 gr af efninu fyrir kr. 2.500.00.

5. Fyrri hluta maímánaðar 1972 dreift í félagi við meðákærðu Jens Rúnar og Gest til margra manna í Reykjavík og nágrenni verulegum hluta þess magns af kannabis, sem féll í hlut meðákærða Jens Rúnars og smyglað var til landsins með m/s Laxfossi, sbr. lið II, 1 hér að framan. Viðtakendur efnisins höfðu ýmist fyrirfram lagt fram fé til kaupanna eða þeir greiddu það við móttöku, oftast kr. 250.00 fyrir grammið.

IV. Ákærði Örn Ingólfsson.

1. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 afhent meðákærða Jens Rúnari kr. 35.000.00 gagngert til kaupa á kannabisefnum erlendis, sem Jens Rúnar sá svo um kaup á í Danmörku og Hollandi og flutning þess til landsins, svo sem rakið er í lið II, 1 hér að framan. Ákærði tók svo við um 250 gr af efninu úr höndum meðákærðu Jens Rúnars og Hlyns að kvöldi föstudagsins 5. maí, sem ákærði neytti svo að hluta sjálfur og veitti það mörgum mönnum, en hluta þess kveðst hann hafa fleygt, eftir að rannsókn málsins hófst.

V. Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson.

1. Fyrri hluta maímánaðar 1972 keypt af meðákærða Jens Rúnari samtals um 100 gr af kannabis og greitt fyrir það kr. 25.000.00. Helming þessa efnismagns seldi svo ákærði þremur mönnum úr Keflavík á sama verði, en hins helmings efnisins neytti ákærði sjálfur eða veitti það ýmsum félögum sínum.

VI. Ákærði Harald Guðberg Haraldsson.

1. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 afhent meðákærða Jens

Rúnari kr. 15.000.00 gagngert til kaupa á kannabisefnum erlendis, sem Jens Rúnar sá svo um kaup á í Danmörku og Hollandi og flutning efnisins til landsins, svo sem rakið er í II, 1 hér að framan. Fyrri hluta maímánaðar tók ákærði við um 60 gr af efninu frá meðákærða Jens Rúnari, sem hann kveðst sjálfur hafa neytt að verulegum hluta, en veitt þó af því ýmsum mönnum, og því, sem þá var eftir, hafi hann fleygt, eftir að rannsókn málsins hófst.

Atferli ákærðu Gests, Jens Rúnars, Hlyns, Arnar og Haralds, telst varða við 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. fyrrnefndra laga nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að því er varðar þá þætti hinna ætluðu brota, sem framdir voru erlendis, en háttsemi ákærða Sigurðar Tómasar við 5. gr., sbr. 6. gr. sömu laga, sbr. 1. gr. greindrar reglugerðar.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að sæta upptöku á andvirði þess efnismagns, sem þeir seldu eða afhentu gegn gjaldi svo og upptöku þeirra fíkniefna og tækja til neyslu þeirra, sem lagt var hald á samkvæmt 5. gr. áðurnefndra laga og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik.

I. Ákærði Gestur Þorsteinsson fór að eigin sögn til Kaupmannahafnar sumarið 1971. Vann hann fyrst um skeið á bóndabæ á Sjálandi og bjó þá í Helsingør. Eftir það vann hann að byggingarvinnu í Helsingør. Í desember fluttist ákærði til Kaupmannahafnar ásamt ýmsum fleiri Íslendingum, sem honum höfðu verið samtíða í Helsingør. Settust þeir að í hverfi, sem kallað er í daglegu tali Kristiania, í húsinu nr. 6 við Refshalevej. Höfðu þeir þarna stóra íbúð til afnota og bjuggu þarna sem „kommúna".

Ákærði Gestur kveðst hafa notað kannabisefni fyrst fyrir um það bil 3 árum, en lysergíð (LSD) fyrir um 2 árum. Síðan hafi hann öðru hverju leitað afþreygingar í nautn þessara efna. Hann kveðst einnig hafa prófað meskalín og psilocybin og einnig reykt ounnið ópíum, raunar án þess að vita fyrr en eftir á, um hvaða efni var að ræða.

Eftir að Gestur kom til Kaupmannahafnar, hafði hann samkvæmt eigin skýrslu ýmislegt fyrir stafni, vann á teiknistofu, starfaði að gluggaþvotti, fékkst við gerð leðurvarnings o. fl.

Ákærði Hlynur Höskuldsson fór til Kaupmannahafnar í febrúar 1972 og dvaldist þar um skeið í íbúð ákærða Gests og félaga hans að Refshalavegi 6. Hlynur hafði tekið próf úr gagnfræðaskóla vorið 1971 og unnið síðan ýmis störf, verið í byggingarvinnu og starfað hjá Rafmagnsveitunni, en einnig leikið í hljómsveit. Samkvæmt framburði hans við rannsókn málsins í maí 1972 voru þá um 11/2 ár síðan hann hafði fyrst neytt kannabis, og kvaðst hann hafa notað það síðan öðru hverju. Þá kvaðst hann einnig stundum hafa neytt LSD.

Í Kaupmannahafnarför ákærða Hlyns í febrúar 1972 gerðist það samkvæmt samhljóða framburði hans og ákærða Gests, að Gestur festi kaup á nokkru magni af lysergíðtöflum, og lögðu báðir fram fé til kaupanna. Nokkurs af töflunum neyttu þeir, meðan Hlynur dvaldist ytra, en 110 af töflunum flutti ákærði Hlynur með sér út til Íslands í febrúar 1972. Höfðu ákærðu búið um töflurnar í tveimur konfektmolum, 55 í hvorum mola. Var ákveðið, að Hlynur skyldi sjá um ráðstöfun á töflunum hér heima, og stakk Gestur upp á því, að hann skyldi um það hafa samráð við Ragnar Þorsteinsson, Sólvallagötu 31, sem er bróðir Gests. Þetta gerði Hlynur, og tók Ragnar við öðrum konfektmolanum og ráðstafaði þeim töflum, sem í honum voru, og fékk til aðstoðar við það félaga sinn, Þóri Andrés Laustsen, Þórufelli 20. Hinum helmingi taflnanna dreifði ákærði Hlynur sjálfur til ýmissa aðilja, svo sem nú skal rakið nánar.

Samkvæmt samhljóða skýrslu ákærða Hlyns og Jens Sigurðssonar nemanda, Bergþórugötu 27, 18 ára, keypti Jens af Hlyni 15 töflur fyrir 600 kr. hverja, alls 9.000 kr.

Herbert Þorvarður Guðmundsson hljóðfæraleikari, Bugðulæk 11, 19 ára, keypti 6 töflur fyrir samtals 3.000 kr.

Karl Sighvatsson tónlistarnemi fékk nokkrar, sennilega 3, töflur. Karl kveðst einungis hafa greitt fyrir eina þeirra 5—600 kr.

Ævar Ragnar Kvaran, Hjallavegi 20, 20 ára að aldri, kveðst hafa fengið eitthvað af töflum hjá Hlyni, en man ekki hve margar. Hlynur kveðst hafa látið hann hafa fjórar eða fimm töflur, sumar að gjöf, en sumar gegn greiðslu og þá 400 kr. fyrir hverja. Hann hafi einnig neytt LSD ásamt Ævari og þá lagt til efnið.

Vilhjálmur Guðjónsson nemandi, Gnoðarvogi 76, 19 ára að aldri, fékk að sögn Hlyns 2 töflur og greiddi 600 kr. fyrir hvora. Vilhjálmur telur þetta munu vera rétt.

Hlynur kveðst hafa selt Gunnari Jónssyni, Staðarbakka 16, þrjár töflur fyrir 2.550 kr. Er þetta í samræmi við skýrslu, sem Gunnar

gaf fyrir lögreglu, nema hvað greiðslan hefur samkvæmt þeirri skýrslu verið 2.100 kr. samtals. Við meðferð málsins varð skýrsla ekki tekin af Gunnari, sem dvelst erlendis.

Samkvæmt framburði Hlyns seldi hann Finnboga Kristinssyni rennismið, Háaleitisbraut 151, 22 ára að aldri, eina töflu fyrir 800 kr. Finnbogi segir, að töflu þessa hafi hann og Ævar Ragnar Kvaran keypt saman og skipt henni milli sín.

Þá kveðst Hlynur hafa selt „Stefáni rótara", en með því á hann við Stefán Inga Jónsson, Skaftahlíð 7, fjórar eða fimm töflur fyrir 500 kr. hverja. Ekki náðist til Stefáns við meðferð málsins, og skýrsla var heldur ekki tekin af honum um þetta efni við rannsókn þess.

Hlynur kveðst hafa selt Ólafi Haraldssyni verkamanni, Álftamýri 40, 17 ára að aldri, um fimmtán töflur fyrir 600 eða 800 kr. hverja. Ólafur kveðst ekki kannast við, að þessi viðskipti hafi farið fram, en hann kannast við Hlyn.

Hlynur skýrði við rannsókn málsins frá því, að hann hefði látið Jakob Frímann Magnússon tónlistarmann, Fjölnisvegi 8, 19 ára að aldri, hafa eina eða tvær töflur fyrir 600 kr. hvora að hann minni. Jakob Frímann neitar því eindregið, að viðskipti þessi hafi farið fram. Þau hafi að vísu einhvern tíma komið til tals, en ekki orðið úr. Hlynur telur, að þessi framburður Jakobs kunni að vera réttur.

Loks kveðst Hlynur hafa látið mann, sem Smári heitir, hafa eina töflu fyrir 800 kr., en sá hinn sami Smári hafi áður (í janúar) selt honum 2—3 töflur af LSD („orange sunshine") fyrir 600 kr. hverja. Ekki er vitað, hver Smári þessi er.

Um heildarsöluverð umræddra taflna eru skýrslur Hlyns og Ragnars Þorsteinssonar nokkuð ósamhljóða. Hlynur kveðst hafa veitt viðtöku rúmum 20.000 kr. frá Ragnari og hafi þar verið innifalið það fé, sem Þórir Laustsen hafði afhent Ragnari. Þóri minnir, að hann fengi 4.000 kr. fyrir þær töflur, sem hann tók við, og hafi hann skilað Ragnari þessu fé. Ragnar minnir, að hann afhenti Hlyni 10.000—11.000 kr. og skilaði nokkrum töflum, en ekki man hann þó fyrir víst um þetta.

Hlynur keypti sér farseðil til Kaupmannahafnar fyrir 14.416 kr. að eigin sögn, og fór hann utan miðvikudaginn 29. mars og dvaldist þar næsta mánuð. Hafðist hann þá við, svo sem í fyrri ferðinni, hjá Gesti og félögum hans á Refshalavegi 6.

II. Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson var í 3. bekk Menntaskólans í Reykjavík veturinn 1970—1971, en hélt ekki áfram námi næsta

vetur. Stundaði hann ýmis störf, svo sem vinnu við mælingar og blaðamennsku, en eftir áramótin 1971—1972 kveðst hann hafa unnið við fyrirtækið Silkiprent, sem hann hafi átt í félagi við prentara, og fengist við framleiðslu á ýmsu glingri handa ferðamönnum, veifum, veggplöttum o. s. frv. Þá kveðst hann hafa haft uppi fyrirætlanir um innflutningsverslun og farið þeirra erinda til Kaupmannahafnar í febrúar 1972. Í þeirri ferð kveðst hann fyrst hafa neytt hash, er hann áður hafi verið mjög mótfallinn og skrifað greinar í blöð gegn neyslu þess. Hann kveðst þó ekki telja sig háðan efni þessu.

Jens Rúnar hélt síðan aftur til Kaupmannahafnar sunnudaginn 23. apríl. Hann kveðst hafa átt ýmis erindi, einkum í sambandi við væntanlega innflutningsverslun sína, en hann hafi einnig ætlað sér að kaupa hash í ferðinni og haft meðferðis fé til þess, bæði sem hann sjálfur hafi átt og fé, sem aðrir hafi lagt fram. Þetta telur hann þó ekki hafa verið aðalerindi sitt til Kaupmannahafnar.

Er til Hafnar kom, hélt Jens Rúnar til fundar við Gest Þorsteinsson og aðra Íslendinga, sem höfðust við í „Kristíaníu", og hafðist þar við þá daga, sem hann dvaldist í Kaupmannahöfn.

Það talaðist svo til milli Jens Rúnars og Gests, að Gestur skyldi aðstoða hann við að kaupa hash. Keypti Gestur um 250 g af svokölluðu Marokkó-hashi, og bjuggu ákærðu um efnið í tveimur málningardósum og póstlögðu heim til Íslands. Nafn sendanda skráðu þeir á fylgibréfið af handahófi Paul Andresen a/s, farvehandler, Vermundsgade 19, 2100, København, Danmark, en viðtakanda Silkiprent s/f, Grandagarði 7, p.o. Box 7110, Reykjavík, Island. Pakkinn var póstlagður 29. apríl, og gerði Gestur það, þar sem Jens Rúnar var þá farinn heim.

Nú er frá því að segja, að sunnudaginn 16. apríl hafði komið til Kaupmannahafnar Leifur Hauksson háskólanemi, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Hafði áður verið bundið fastmælum milli hans og konu hans, Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur, og Ólafs Mogensens kennaraskólanema, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, að Leifur færi utan til innkaupa á hashi, og skyldi því komið heim til Íslands með aðstoð bróður Ólafs, Matthíasar Mogensens, skipverja á m/s Laxfossi. Hafði Leifur haldið frá Kaupmannahöfn til Hollands þriðjudaginn 18. apríl. Bergur Jón Þórðarson stúdent, Skipagötu 1, Akureyri, sem að undanförnu hafði dvalist í „Kristíaníu", hafði farið á eftir Leifi til Amsterdam og hitt hann þar og tekið að sér að annast hashkaupin fyrir hann og Leifur síðan haldið aftur til Kaupmannahafnar og þaðan heim til Íslands sunnudgin 23.

apríl, sama dag og Jens Rúnar fór utan. Bergur Jón hafði síðan keypt allmikið af hashi í Amsterdam fyrir fé það, sem Leifur hafði afhent honum í því skyni, og komið því mánudaginn 24. apríl í hendur Matthíasi Mogensen í m/s Laxfossi í Rotterdamhöfn, en þangað hafði skipið komið daginn áður. Hafði Matthías tekið að sér að sjá um flutninginn til Íslands.

Bergur Jón hélt síðan á ný til Kaupmannahafnar, og virðist hann hafa komið þangað miðvikudaginn 26. apríl. Hitti hann nú ákærðu Jens Rúnar og Gest. Þeim kom ásamt um, að Bergur Jón færi aðra för til Hollands til hashkaupa fyrir Jens Rúnar og kæmi efninu einnig heim með Matthíasi Mogensen. Tók hann síðan við því fé, sem Jens Rúnar hafði ætlað til þessara kaupa, og hélt síðan á ný til Amsterdam. Jens Rúnar flaug síðan heim til Íslands fimmtudaginn 27. apríl.

Í Amsterdam keypti Bergur Jón síðan hash fyrir fé það, sem hann hafði meðferðis. Kom hann því til Matthíasar Mogensens föstudaginn 28. apríl. Í fyrri ferðinni hafði hann keypt fyrir Gest Þorsteinsson nokkuð af hashi og dós með töflum, sem hann ætlaði að væri meskalín. Hann hafði reynt eina töfluna og reynst, að hún hafði engin áhrif og hann hefði verið prettaður. Að eigin sögn fól hann töfludósina og hashmola Gests bak við plakat í járnbrautarstöð í Amsterdam. Nú í síðari ferðinni tók hann þetta og afhenti Matthíasi Mogensen ásamt hashi því, sem hann hafði keypt fyrir Jens Rúnar.

Bergur Jón hélt að því búnu heim til Kaupmannahafnar aftur. Kom hann þangað að morgni sunnudagsins 30. apríl. Sama dag flugu þeir báðir heim til Íslands, ákærðu Gestur og Hlynur.

M/s Laxfoss kom frá útlöndum til Akureyrar aðfaranótt fimmtudagsins 4. maí. Kvöldið áður héldu þeir þrír saman til Akureyrar í bílaleigubíl, Gestur, Jens Rúnar og Leifur Hauksson. Um morguninn fór Leifur um borð í Laxfoss og hitti Matthías þar. Fóru þeir síðan saman í land, og hélt Matthías á hashinu, sem hann hafði búið um í tveimur pökkum. Gekk sú för án truflana. Sama dag héldu þeir Gestur, Jens Rúnar og Leifur suður. Heima hjá Leifi skiptu þeir hashinu á milli sín.

Um þátt Leifs Haukssonar, magn það, sem hann fékk í sinn hlut, og ráðstöfun hans á því verður ekki rætt frekar hér, en hann hefur ásamt fleirum, þar á meðal konu sinni og Mogensensbræðrum svo og Bergi Jóni Þórðarsyni, verið saksóttur í sérstöku máli, sem rekið er í sakadómi Kópavogs.

Hins vegar verður nú rakið, hvað fram hefur komið um það magn af hashi, sem fór um hendur ákærðu í máli þessu.

Jens Rúnar kveðst hafa haft meðferðis nokkurn sjóð, er hann kom til Kaupmannahafnar 23. apríl. Af sjóðnum hafi nokkur hluti verið í erlendum gjaldeyri, er hann ætlar, að svarað hafi til 10 þús. ísl. kr. Hafi þetta bæði verið gjaldeyrir, sem hann hafi átt sjálfur, og eins nokkuð, sem hann hafi fengið hjá öðrum. Þá hafi hann fengið yfirfærslu, sem svari til ferðamannagjaldeyris, eða rúmlega 20 þús. ísl. kr. Loks hafi hann haft með sér á að giska 60—70 þús. kr. í ísl. peningum, er hann hafi selt í Kaupmannahöfn.

Jens Rúnar hafði, áður en hann fór utan, fengið talsvert fé hjá ýmsum aðiljum til hashkaupa. Samkvæmt samhljóða framburði hans og ákærða Arnar Ingólfssonar afhenti Örn Jens Rúnari í þessu skyni 35 þús. kr. Þá ber þeim Jens Rúnari og Harald Guðbergi Haraldssyni saman um það, að Harald hafi lagt fram 15 þús. kr. Þá afhenti Sigurður Guðmundsson nemandi, þá til heimilis Miðbraut 1, Seltjarnarnesi, honum 14 þús. kr. til hashkaupa. Var þetta framlag frá honum og systur hans Sigurbjörgu og vinkonu þeirra, Sigríði Ingunni Jósepsdóttur. Þá lagði Einar Björgvinsson, Brautarholti 22, eitthvað af fé fram, samkvæmt eigin skýrslu 3.500 kr., og ákærði Sigurður Tómas Garðarsson 15.000 kr.

Jens Rúnar segir, að Leifur Hauksson hafi farið um borð í m/s Laxfoss í Akureyrarhöfn að morgni 4. maí og síðan komið aftur í fylgd með Matthíasi Mogensen og þeir haft meðferðis hash í 2 pökkum. Jens Rúnar segir, að þegar komið var úr ferð þessari, hafi verið farið heim til Leifs Haukssonar og þar hafi hann fyrst séð vöru þá, er var í pökkunum. Hann segir, að hashið hafi verið formað í plötur og innpakkað í plast. Jens Rúnar kveðst hafa verið mjög þreyttur og hafi verið ákveðið, að hann vitjaði síns hluta af sendingunni heim til Gests næsta dag, og hafi hann gert það. Þar hafi hann fengið afhent 250 g af Marokkó-hashi og 750 g af kív-hashi, en hið fyrrnefnda er talið sterkara. Jens Rúnar kveðst hafa fengið þau 250 g af Marokkó-hashi, sem póstsent hafði verið í 2 málningardósum, eins og áður var sagt. Af efni þessu reyndust um 50 g skemmd af málningunni, þannig að nothæft var einungis um 200 g. Skemmda hashið kveður Jens Rúnar hafa orðið eftir heima hjá Gesti. Þá segir Jens Rúnar, að Gestur hafi fengið í sinn hlut um 300 g af hashi, þannig að það, sem þeir fengu af hashinu, er sent var með m/s Laxfossi, muni hafa numið um 1300 g.

Ákærði Gestur Þorsteinsson segir, að þegar Bergur Jón Þórðarson fór í fyrri ferð sína til Hollands, hafi hann beðið Berg að

kaupa fyrir hann og Hlyn hash fyrir um 1.200 danskar krónur. Hann kveðst aldrei hafa beðið Berg að kaupa meskalín fyrir þetta fé. Hins vegar hafi Bergur Jón keypt fyrir peningana einhverjar hvítar töflur, og kveðst Gestur hafa prófað eina þeirra og hún engin áhrif haft. Þá segir Gestur, að hann hafi samkvæmt beiðni Jens Rúnars keypt fyrir hann í Kaupmannahöfn hash það, sem síðan var búið um í málningardósum og sent heim. Þetta hafi verið um 250 g og verðið 6.76 danskar kr. grammið, eða alls 16—1.700 kr. Eitthvað af því hafi verið reykt, en það hafi verið 250 g, sem send voru til Íslands. Þá segir Gestur, að fé það, sem hann afhenti Bergi Jóni til síðari ferðarinnar, hafi verið um 5.700 danskar kr., sem Jens Rúnar hafi lagt fram, 200 kr., sem hann hafi sjálfur lagt til og 1.800 danskar kr., sem Sigurður Berndsen, Vesturvallagötu 1, hafi átt og hafi hann átt að fá 200 g hash fyrir.

Gestur segir, að Matthías Mogensen hafi á Akureyri afhent honum dós með pillum þeim, sem Bergur Jón Þórðarson hafi keypt fyrir hann og Hlyn í fyrri Amsterdamferð sinni. Hann hafi einnig látið þess getið, að með dósinni hefði verið moli af hashi, um 30 g, en molann hafði Matthías ekki meðferðis.

Kveðst Gestur hafa sagt Matthíasi að halda hashmola þessum sem þóknun fyrir ómakið.

Gestur telur, að pakkar þeir tveir, sem Matthías Mogensen kom með, hafi verið álíka stórir.

Gestur segir, að þegar komið var til Leifs Haukssonar, hafi þeir Leifur og Jens Rúnar skipt hashinu milli sín. Síðan kveðst Gestur hafa tekið hlut Jens til geymslu að beiðni hans. Þá segir Gestur, að Jens Rúnar hafi komið heim til hans með málningardósirnar og tekið þær upp. Um 50 g af hashinu í þeim hafi reynst skemmt. Gestur kveður ákærða Hlyn hafa verið viðstaddan, er þetta gerðist. Þeir Hlynur og Jens Rúnar hafi síðan skipt niður hluta af efninu, en nokkur hluti þess hafi þó orðið eftir óráðstafaður og hafi Jens Rúnar farið með hann í skrifstofuherbergi sitt í Brautarholti 20. Þangað kveðst Gestur síðar hafa sótt um 20 g af kív-hashi og 10 g af Marokkó-hashi og neytt sjálfur.

Ákærði Hlynur skýrir að því leyti öðru vísi frá en Gestur, að hann telur, að þeir Gestur hafi beðið Berg Jón að kaupa fyrir þá meskalín í Amsterdam. Segir Hlynur, að sig hafi langað til að reyna efni þetta.

Hlynur kveðst ekki hafa vitað, hversu mikið kostaði hash það, sem Gestur keypti fyrir Jens Rúnar í Kaupmannahöfn, en kveðst hafa talið, að um helmingur af fé Jens Rúnars hafi farið í kaup

þessi, enda hafi verið um að ræða svokallað Marokkó-hash, sem sé alldýrt í innkaupi.

Hlynur segir, að hann sjálfur hafi ekki átt neitt í hashi því, sem kom til landsins með m/s Laxfossi, en hann hafi átt einhvern smáhlut í pillum þeim, sem komu til landsins um leið og áttu að vera meskalín.

Hlynur telur, að Jens Rúnar hafi komið til Kaupmannahafnar í apríl gagngert til innkaupa á hashi. Hlynur segir, að hann, Gestur og Jens Rúnar hafi verið að ræða um það sín á milli að koma á smyglhring til þess að smygla kannabisefnum frá Austurlöndum til Íslands og Svíþjóðar. Einnig hafi verið rætt um smygl á meskalíni og lysergíð. Hlynur telur, að Jens Rúnar hafi átt frumkvæði að þessum ráðagerðum, sem raunar hafi allar verið mjög í lausu lofti. Hlynur segir, að sér hafi verið sama, þótt hann tæki þátt í þessu ráðabruggi, þar sem hann hafi ekki haft neitt til að stefna að. Hann hafi ekki haft ávinningssjónarmið í huga og hafi fremur komið til einhvers konar ævintýraþrá.

Gestur kveður rétt, að ýmislegar orðræður hafi farið fram milli þeirra félaga í þessa átt, en ekki telur hann, að því hafi fylgt nein alvara, heldur hafi nánast verið um gamanmál að ræða. Í sama streng tekur Jens Rúnar, sem minnist þess, að ýmislegt hafi verið rætt um þessi efni, án þess að alvara hafi fylgt.

Jens Rúnar kveðst hafa hugsað sér, er hann fór utan, að leita aðstoðar einhverra Íslendinga í „Kristíaníu" við hashkaupin. Hafi það orðið úr, að hann fól Gesti að gera innkaup og afhenti honum fjársjóð þann, er hann hafði með sér í því skyni. Hlynur hafi verið þarna fyrir, og kveðst Jens Rúnar einhvern veginn hafa litið á hann og Gest sem eina heild í þessum viðskiptum. Hlynur var, að því er Jens Rúnar minnir, viðstaddur, er hann ræddi við Gest um innkaupin, og hann fylgdist með Jens Rúnari, er hann fór að skipta peningunum.

Bergur Jón Þórðarson skýrir svo frá, að hann hafi farið til Amsterdam á eftir Leifi Haukssyni og hafi hann hitt Leif og Jón Þór Guðmundsson, sem verið hafi í fylgd með honum. Hann segir, að Leifur hafi beðið sig að annast hashkaup fyrir sig og afhent í því skyni nálægt 2.500 gyllini. Fyrir það fé kveðst hann hafa keypt um 1200 g af hashi, en sú tala sé ekki nákvæm. Þá segir hann, að hann hafi haft meðferðis um 1.200 danskar krónur, sem Gestur Þorsteinsson hafi beðið hann fyrir. Fyrir það hafi hann keypt um 60 g af hashi og fyrir afganginn um 400 töflur, sem átt hafi að vera meskalín. Þær hafi hann keypt af svertingja

einum. Hann kveðst hafa prófað eina töfluna, en engin áhrif fundið og þannig séð, að hann hefði verið prettaður. Kveðst hann þá ekki hafa staðið í því að flytja töflurnar til Kaupmannahafnar, en falið þær í járnbrautarstöð. Þar hafi hann einnig komið hashmola þeim fyrir, sem hann hafði keypt fyrir peninga Gests.

Bergur Jón telur, að áður en hann fór síðari innkaupaferð sína til Amsterdam, hafi þeir Jens Rúnar og Gestur afhent sér um 6.000 danskar krónur. Af því hafi hann átt að taka fyrir ferðakostnaði. Bergur Jón telur, að það hash, sem hann keypti fyrir þetta fé, hafi verið nokkru meira en það, sem hann keypti fyrir Leif, eða tæplega einni plötu meira. Þetta hafi hann síðan afhent Matthíasi Mogensen, er hann hitti hann í síðara skiptið, og enn fremur töflurnar og hashmolann, sem hann hafði áður keypt og geymt í Amsterdam, svo sem lýst var.

Matthías Mogensen segir, að það magn, sem hann fékk afhent mánudaginn 24. apríl, hafi verið fjórar plötur innpakkaðar í sellófanpappír hver um sig. Hver plata hafi verið á að giska 1/2 cm að þykkt. Þær hafi allar verið jafnstórar um sig og jafnþungar. Í síðara skiptið kveðst hann hafa tekið við fjórum og hálfri plötu sams konar og auk þess brúnu umslagi, sem virst hafi haft að geyma litla dós. Matthías kveðst ekki geta sagt neitt ákveðið um þyngd efnis þess, er hann tók við, en hefur giskað á 3 kg.

Leifur Hauksson hefur skýrt svo frá, að þegar hann og félagar hans höfðu veitt sendingunum móttöku á Akureyri, hafi þeir giskað á, að þær væru samtals tæp 3 kg, eins og þeir hefðu átt von á. Þegar búið hafi verið að skipta fengnum heima hjá honum, eftir að komið var úr Akureyrarförinni, hafi hann fengið um 1300 g, en Jens Rúnar og Gestur um 1400 g.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um ráðstöfun á hashi því, sem veitt var viðtaka á Akureyri 4. maí og féll í hlut Gests og Jens Rúnars.

Á Akureyri hittu þeir félagar Bjarka Tryggvason hljóðfæraleikara, og komu þeir heim til hans og reyktu þar hash. Þá keypti Bjarki af þeim hash fyrir 7.000 kr. Kveður Bjarki hashið hafa verið 20—25 g að þyngd. Gestur kveðst hafa afhent hashið til Bjarka og telur það hafa verið um 28 g. Þá segir Gestur, að hann hafi selt öðrum manni, sem þeir hafi hitt á Akureyri, 12 g fyrir 3.000 kr. Nafn á manni þessum veit Gestur ekki, en samkvæmt rannsókn, sem fram fór á Akureyri, hefur hér verið um að ræða Einar Guðnason matreiðslumann, Skipagötu 4, er kveðst hafa keypt hash fyrir 3.000 kr., en tilgreinir ekki magnið. Gestur seg-

ist hafa tekið hash það, sem hann seldi, úr pakka Jens Rúnars. Jens Rúnar segist hafa vitað til, að Gestur seldi þessum tveim mönnum hash. Leifur Hauksson segir, að þeir félagar hafi farið heim til Bjarka og reykt þar 2—3 pípur af hashi, en hann telur sig ekki hafa vitað til þess, að Gestur seldi neitt hash á Akureyri.

Jens Rúnar segir, að Örn Ingólfsson muni hafa fengið afhent 270 g af hashi fyrir fé það, sem hann hafði lagt fram (35.000 kr.). Gestur Þorsteinsson segir, að Jens Rúnar hafi beðið hann og Hlyn að færa Erni hluta hans og þeir gert það hinn 6. maí. Hash það, sem Örn fékk, hafi verið um 260 g að þyngd, og kveður Gestur Örn hafa verið óánægðan með verðið á efninu. Örn Ingólfsson telur hins vegar sjálfur, að þeir Jens Rúnar og Hlynur hafi fært honum hashið að kvöldi 5. maí og hafi þar verið um að ræða 2 plötur, innpakkaðar í plast og síðan pappír og á hann ritað: Örn 250 g. Telur Örn, að það, sem hann fékk, hafi því ekki verið meira en 250 g.

Örn kveðst ekki hafa látið neitt af því hashi, sem hann fékk, af höndum gegn gjaldi. Hann hafi notað mikið af því sjálfur og gefið ýmsum kunningjum með sér, er hann þó hefur ekki nafngreint.

Lögreglumenn leituðu á heimili Arnar með leyfi hans hinn 16. maí 1972 og höfðu með sér til fulltingis hund einn, sérhæfðan í því að finna kannabisefni. Þar fannst efni, sem tekið var til rannsóknar, sbr. V hér á eftir.

Eins og áður var frá greint, hafði Gestur veitt viðtöku 1.800 kr. dönskum hjá Sigurði Berndsen og afhent Bergi Jóni Þórðarsyni til hashkaupa ásamt fé Jens Rúnars. Gestur kveðst hafa látið Sigurð vita, er hashið var komið, en Sigurður hafi þá verið kominn heim. Hafi Sigurður sótt um 200 g af hashi heim til hans á Sólvallagötu 31. Er þetta í samræmi við skýrslu, er Sigurður gaf við lögregluranns6kn málsins, en ekki náðist til hans við meðferð máls þessa, þar sem Sigurður var þá farinn utan.

Jens Rúnar afhenti Harald Guðbergi Haraldssyni hash fyrir það fé, 15.000 kr., sem Harald hafði lagt fram. Harald kveðst ekki vita gerla, hversu mikið hashið hafi verið að þyngd, en telur, að miðað hafi verið við, að það kostaði 200—250 kr. hvert g, og eftir því hefði magnið verið 60—75 g. Harald kveðst hafa neytt sjálfur af hashi þessu og gefið ýmsum kunningjum af því með sér, án þess að gjald kæmi fyrir. Loks kveðst hann hafa eyðilagt um 1/4 hluta af hashinu, er hann frétti um rannsókn þá, sem þá var hafin og Jens Rúnar var við riðinn. Jens Rúnar telur, að hash

það, sem Harald Guðberg fékk, hafi verið um 100 g að þyngd, en það telur Harald ólíklegt.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson fékk hjá ákærða Jens Rúnari hash fyrir 25.000 kr. Sigurður Tómas kveðst fyrst hafa rætt um það við Jens Rúnar, áður en hann fór utan, að Jens keypti hash fyrir hann, og virðist hann þá þegar hafa lagt fram 15.000 kr. Hafi svo Jens Rúnar, eftir að hann kom að utan, afhent honum hash, er svaraði til þessa framlags, og það telur Sigurður hafa verið um 60 g. Þá hafi hann samið um það við Jens Rúnar að fá meira hash næsta dag og hafi hann þá fengið um 40 g og greitt 10.000 kr. fyrir. Þannig telur Sigurður Tómas, að hann hafi fengið um 100 g alls, en Jens Rúnar telur magnið hafa verið meira, eða um 130 g. Eru ákærðu ekki sammála um þetta. Um hash það, sem Sigurður Tómas fékk, er það vitað, að hann lét Júlíus Baldursson nemanda, Sunnubraut 17, Keflavík, hafa hash fyrir 8.500 kr., og telur Júlíus þyngd þess hafa verið um 40 g. Sigurgísli Ketilsson, Heiðarvegi 25, Keflavík, og Sigrún Kjartansdóttir, Keflavík, 17 ára að aldri, fengu hvort um sig 10 g af hashi hjá Sigurði og greiddu hvort þeirra 2.500 kr. fyrir, þ. e. verðið var 250 kr. pr. g.

Þá kveðst Jens Rúnar hafa látið Einar Björgvinsson hafa um 25 g af hashi, en Einar hafði lagt fram fé, áður en Jens Rúnar fór utan. Ekki náðist til Einars til þess að bera vitni við meðferð máls þessa.

Sigurður Helgi Guðmundsson, sem lagt hafði fram fé, áður en Jens Rúnar fór til Danmerkur, kveðst hafa fengið hjá Jens þrjú umslög, sem átt hafi að innihalda hash, er svaraði til framlagsins. Með þau kveðst Sigurður hafa farið heim á Grettisgötu 22, heimili Sigríðar Ingunnar Jósepsdóttur, sem átti nokkuð af framlaginu. Sigurður Helgi segir, að umslögin hafi orðið þarna eftir, en síðar hafi hann frétt, að mistök hefðu orðið við afhendingu umslaganna, en Jens Rúnar leiðrétt þau. Sigurður Helgi telur, að hann, Sigurbjörg systir hans og Ingunn Sigríður Jósepsdóttir hafi neytt þessa hash að mestu leyti, en annars hafi verið allgestkvæmt á Grettisgötu 22 um þessar mundir. Við meðferð málsins skoraðist Sigurbjörg undan að gefa skýrslu, og ekki náðist til Sigríðar Ingunnar, en skýrslur þeirra við lögreglurannsókn málsins eru í aðalatriðum í samræmi við framburð Sigurðar Helga. Jens Rúnar telur, að hann hafi afhent Sigurði Helga um 100 g af hashi fyrir framlag hans.

Jens Rúnar hefur skýrt frá því, að hann hafi eftir beiðni Gests

sótt í skrifstofuna í Brautarholti nokkurt magn af hashi og fært Erni Karlssyni, Granaskjóli 5, sem þá hafi verið staddur heima hjá Erni Ingólfssyni. Hversu mikið hash var um að ræða, man Jens Rúnar ekki. Við meðferð málsins náðist ekki til Arnar Karlssonar, en samkvæmt skýrslu, sem hann gaf fyrir lögreglu við rannsókn málsins, fékk hann afhent um 12 g og galt við 3.000 kr. Var hann að útvega hash þetta fyrir kunningja sinn. Ákærði Örn Ingólfsson hefur ekki kannast við, að þessi afhending á hashi hafi farið fram á heimili hans.

Jens Rúnar skýrði frá því við rannsókn málsins, að auk þeirra, sem nú voru taldir, hefðu Jörgen Ingi Hansen, Melhaga 12, fæddur 1940, og Sigurður Þóroddsson, Karfavogi 14, 21 árs, fengið hjá honum hash, hinn fyrrnefndi um 8 g, en um magn til hins síðarnefnda mundi Jens Rúnar ekki. Þeir Jörgen Ingi og Sigurður hafa báðir neitað því, að þeir hafi tekið við hashi úr hendi Jens Rúnars, og við meðferð máls þessa hefur Jens Rúnar lýst yfir því, andstætt fyrri skýrslum, að hann minnist þess ekki, að hann hafi látið Jörgen Inga hafa hash.

Allmiklu af hashi því, sem Jens Rúnar fékk í hendur, kom hann fyrir í skrifstofuherbergi sínu í Brautarholti 20. Hlynur Höskuldsson fékk lykil að herbergi þessu. Hlynur hefur kannast við, að hann hafi látið af höndum hash gegn gjaldi sem hér segir:

Stefán Ingi Jónsson, Skaftahlíð 7, fæddur 1954, keypti af Hlyni hinn 11. maí 10 g af hashi fyrir 2.500 kr. Hashmola þennan hafði Stefán Ingi með sér á dansleik í Samkomuhúsinu Stapa í Njarðvík að kvöldi laugardags 13. maí. Þar gerði lögregluþjónn leit í tösku, sem Stefán Ingi var með, og fann þá hashmolann, og tókst að ná honum, þótt Stefán Ingi reyndi að koma honum undan. Sú rannsókn, er hafin var af þessu tilefni þá um nóttina, leiddi til þess, að upp komst um hashinnflutninginn með m/s Laxfossi og ýmis önnur brot, sem um ræðir í dómi þessum.

Ævar Ragnar Kvaran, Miklubraut 16, fæddur 1952, kveðst hafa fengið hjá Hlyni hashköggul fyrir 1.500—2.000 kr. Hlynur telur köggul þennan hafa verið 10 g og Ævar hafi greitt fyrir hann 2.500 kr.

Eyjólfur Þráinn Hjartarson, Rauðalæk 17, fæddur 1953, keypti af Hlyni 10 g af hashi fyrir 2.500 kr.

Þá skýrði Hlynur frá því, að hann hefði selt manni að nafni Jakob 10 g fyrir 2.500 kr. Hér virðist vera um að ræða Jakob Frímann Magnússon tónlistarmann, Fjölnisvegi 9, fæddan 1953,

en hann kveðst hafa fengið hash hjá Hlyni, að vísu ekki gegn greiðslu, heldur sem vinargreiða vegna þess, að hann hafði léð Hlyni orgel. Hashið hafi átt að nema 10 g, en ekki verið nema 8 g, er til kom. Hefur Hlynur kannast við, að þessi skýrsla Jakobs Frímanns sé rétt.

Þá hefur Hlynur haldið því fram, að hann hafi selt Hildi Jónsdóttur, Karfavogi 56, fæddri 1955, 20 g af hashi fyrir 250 kr. hvert g, en Hildur neitar þessu eindregið, og kveðst hún aldrei hafa fengið hash hjá Hlyni.

Þá virðist Hlynur hafa einnig varið nokkru af hashinu til eigin neyslu og veitinga til kunningja. Hlynur var handtekinn af lögreglumönnum í Stórholti 19 að morgni sunnudagsins 14. maí, eftir að Stefán Ingi Jónsson hafði skýrt frá því, hvar hann hefði fengið hash sitt. Í Stórholti 19 býr Ólöf Ingibjörg Einarsdóttir, fædd 1956, vinkona Hlyns, er hann hélt sig mjög hjá um þessar mundir. Höfðu þau kvöldið áður verið hjá Ævari Ragnari Kvaran, Miklubraut 16, ásamt fleirum, og þar hafði verið neytt hash. Leitað var í veski Ólafar, og fannst þar umslag með efni, sem reyndist hash, og Hlynur afhenti einnig nokkur g af sams konar efni. (Sjá um rannsókn á efni þessu V hér á eftir). Hlynur kveðst hafa reykt hash með Ólöfu og bróður hennar og yfirleitt neytt mjög mikils hash, meðan hann var í Kaupmannahöfn og eins eftir að hann kom þaðan.

Í upphafi rannsóknar þeirrar, sem leitt hefur til höfðunar máls þessa, eða mánudaginn 15. maí 1972, leituðu lögregluþjónar í skrifstofuherbergi ákærða Jens Rúnars í Brautarholti 20, en ákærði Hlynur hafði þá afhent þeim lykil þann, sem hann hafði að skrifstofunni, og vísað á efni, sem þar voru geymd.

Í herberginu var svört leðurtaska, eign Jens Rúnars. Samkvæmt skýrslu Þorsteins Jónssonar lögregluþjóns fundust í henni 40 g af grænleitu efni í plötu, 23 g mulið grænleitt efni, dökkur köggull, 12 g, dökkt efni, mulið, 17 g, og sams konar dökkt efni víðs vegar um töskuna. Samkvæmt ljósritun úr bók, sem geymir skýrslur yfir efni og muni, sem hald er lagt á, hefur efnið reynst nokkru meira en fram kemur af ofangreindri skýrslu, svo sem nú skal greint:

„Fannst við húsleit í skrifstofuhúsnæði fyrir ofan skemmtistaðinn Þórskaffi. Húsnæðið er á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar. Efnið var í svartri skjalatösku, málmsleginni á hliðum og hornum, grænt að lit, lyktarsterkt, laust í sér, sennilega lítið af bindiefn-

um. Einnig var mulningur með. Efnið var í plötum. Umbúðirnar plastumbúðir, glærar. Í töskunni fannst ökuskírteini á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar.

Vigtað 23-5 '72 á skrifstofu ÁFD, reyndist vera 117.4 gr. Sent rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði 1.7 gr. Afgangurinn geymdur í skrifstofu ÁFD, merkt Jens Rúnari. Efnið, sem sent er, er merkt „sýni 9".

Vigtað af Hrafnkeli Steinþórssyni."

„Fannst við leit í skrifstofuhúsnæði fyrir ofan skemmtistaðinn Þórskaffi. Húsnæðið er á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar. Efnið fannst í svartri skjalatösku, málmsleginni á hliðum og hornum. Í töskunni fannst ökuskírteini á nafni Jens Rúnars Ingólfssonar.

Grænleitt efni, ekki mjög sterkt lykt af því, þétt í sér, sennilega nokkuð af bindiefnum í því. Efnið var í kögglum og mulningi. Efnið vigtað á skrifstofu ÁFD 23-5 '72, reyndist vera 24.4 gr. + sýni, sem vó 1.1 gr, sent rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Afgangurinn geymdur á skrifstofu ÁFD, merkt Jens. Sýni það, sem sent er til rannsóknar, er merkt „sýni 10."

Vigtað af Hrafnkeli Steinþórssyni."

Undir skýrslur þessar hafa Haukur Bjarnason rannsóknarlögregluþjónn og Þorsteinn J. Jónsson lögregluþjónn ritað sem vottar.

Um rannsókn á sýnum sjá V hér á eftir.

Við rannsókn þessa fundust einnig 47 töflur af lysergíð, og verður rætt um það atriði í III hér á eftir.

Þá var í tösku Jens Rúnars dós með 405 hvítum töflum, og virðist hér vera um að ræða töflur þær, sem Bergur Jón keypti í Hollandi í þeirri trú, að um meskalín væri að ræða, sbr. um rannsókn á töflum þessum V hér á eftir.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var herbergi þetta í megnustu óreiðu, engar innréttingar, en spýtnabrak og rusl um öll gólf. Í ruslahaug á gólfi voru mörg hvít umslög, flest ónotuð, en fjögur höfðu þó verið notuð og merkt þannig: Ingi Hansen 8 gr — Helgi 30 gr — Sigurður Garðs. — Sig. Guðn. Þá fannst brúnn bréfpoki, sem frímerktur hafði verið og póststimplaður, en frímerkin rifin af. Pokinn var merktur Davíð Gunnarsson, Úthlíð 16, Rvík. Þá fundust margir málmpappírsvöndlar utan af kannabisefnum, að því er talið er í skýrslunni.

III. Síðdegis laugardaginn 6. maí 1972 var lögregla kvödd í húsið Hjallaveg 7. Húsráðendur skýrðu lögregluþjónum, sem komu á staðinn, frá því, að Magnús Kjartansson, þar til heimilis, fæddur 1949, og tveir gestir hans væru í annarlegu ástandi af

lyfjanotkun. Lögregluþjónarnir tóku Magnús og gesti hans, Kolbrúnu Björgvinsdóttur, Efstalandi 22, unnustu Magnúsar, fædda 1952, og Ómar Skúlason, Mosgerði 16, fæddan 1949, og færðu þau í varðhald, en þau voru öll í annarlegu ástandi.

Við rannsókn, sem fram fór út af atviki þessu 8.—12. maí, kom í ljós, að Ómar Skúlason hafði farið með þeim Kolbrúnu og Magnúsi heim til Magnúsar. Hann hafði meðferðis 3 töflur af lysergíð og hashmola, sem hann hafði keypt. Tók hvert þeirra 1/2 töflu af LSD og einnig reyktu þau hashið. Töflurnar þrjár og hashmolann hafði Ómar Skúlason keypt af ákærða Gesti Þorsteinssyni fyrir 1.800 kr.

Við rannsókn þessa, sem lokið var að sinni 12. maí, hélt Gestur því fram, að töflurnar og hashið hefði hann þegið að gjöf frá manni, er hann hafi kannast við og hitt í Kaupmannahöfn. Hefði hann haft þetta í vasa sínum, er hann kom til Íslands.

Svo sem lýst var í næsta þætti hér að framan, fundust 47 töflur við húsleit í Brautarholti 20 hinn 15. maí. Töflur þessar fann Þorsteinn J. Jónsson lögregluþjónn uppi á gardínukappafestingu, og voru þær pakkaðar inn í sellófan og málmpappír þar utan yfir. Rannsókn leiddi í ljós, að hér var um lysergíð að ræða, sjá nánar V hér á eftir.

Gestur Þorsteinsson hefur skýrt svo frá, að töflur þessar séu hluti af 50 töflum, sem hann hafi fengið sendar í pósti frá Danmörku í maíbyrjun. Þær þrjár töflur, sem á vantar, séu töflur þær, sem hann seldi Ómari Skúlasyni og hann hélt fyrst fram, að hann hefði haft með sér frá Danmörku 30. apríl.

Um sendingu þessa segir Gestur, að hann hafi átt um 1.000 danskar kr. hjá dönskum manni að nafni Niels Lövegal. Kveðst hann hafa samið um það, áður en hann hélt út til Íslands, að skuld þessa skyldi Lövegal greiða með kannabisefni, er senda skyldi til Íslands á nafn Þóris Laustsen, Þórufelli 20, en hann þekkir Gestur. Kveðst Gestur hafa gert þetta, þar sem hann hafi óttast, að eftirlit kynni að verða haft með sér, og ekki kveðst hann hafa haft leyfi Þóris til þessa. Hann hafi svo sagt Þóri frá þessu, er heim kom. Nokkru síðar hafi Þórir fært sér pakka, er hann hafði fengið sendan í pósti. Í pakkanum hafi verið sending frá Niels Lövegal, umræddar 50 töflur, en Gestur segir, að aldrei hafi verið talað um það milli þeirra Lövegals, að hann greiddi skuldina með LSD-töflum. Gestur kveðst hafa selt áðurgreindar 3 töflur, en hann hafi fengið grun um, að töflurnar kynnu að vera blandnar einhvers konar eiturefnum umfram venju, og því viljað koma

í veg fyrir, að aðrir kæmust í þær. Hann hafi því falið pakkann hjá gardínukappanum og ekki látið félaga sína vita um þær.

Samkvæmt framburði Þóris Andreasar Laustsens, Þórufelli 20, sem áður hefur komið við sögu í sambandi við dreifingu á þeim ca 110 töflum af lysergíð, sem Hlynur hafði með sér til Íslands í febrúar, skýrði Gestur honum frá því eftir komu sína til landsins í apríllok, að hann ætti von á pakka, sem sendur mundi verða í pósti á nafn Þóris. Pakkinn hafi síðan komið, og kveðst Þórir hafa afhent Gesti hann án þess að taka hann upp.

IV. Ákærði Hlynur skýrði frá því við lögreglurannsókn málsins, að hann hefði undanfarið ár stundum fengið sendar LSD-töflur í pósti frá kunningja sínum, Guðmundi Einarssyni, sem búsettur er í Danmörku. Þessa yfirlýsingu staðfesti ákærði, er hann kom fyrir dóm hinn 31. maí 1972. Hann kvaðst ekki geta gert grein fyrir, á hvaða tíma þessar sendingar hefðu farið fram, en það hefði verið, áður en hann fór utan í febrúar 1972.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði lýst yfir því, að þessi framburður hans sé ekki réttur. Hann hafi aldrei fengið sent LSD í pósti til Íslands. Hann kveðst ekki muna, hvernig til þess kom, að lögregluþjónninn bókaði ummæli þessi eftir honum. Hann segir, að þegar hann kom fyrir dóm, hafi hann ekki þorað að afturkalla yfirlýsingu sína, þar sem hann hafi óttast, að það hefði enga þýðingu, en kynni jafnvel að gera illt verra.

Um þetta atriði eru ekki fyrir hendi nein önnur gögn en framburður ákærða Hlyns. Guðmundur sá Einarsson, sem hér er um að ræða, dvelst í útlöndum, og hefur skýrsla ekki verið tekin af honum.

V. Samkvæmt skýrslu Hauks Bjarnasonar rannsóknarlögregluþjóns var hald lagt á eftirtalda muni og efni við rannsókn málsins, sbr. það, sem sagt hefur verið á viðeigandi stöðum hér að framan:

1) Efni fundið í veski Ólafar I. Einarsdóttur, Stórholti 19, grænn köggull, 4.7 g, og annar sams konar köggull, er Hlynur afhenti, 3 g. Af þessu efni var tekið sýni, 1.4 g, en afgangurinn, 6.3 g varðveittur. Sýnið var merkt nr. 7. Í skýrslu Rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði segir svo um rannsóknina:

„... Sýnið var ca. 1.7 g af mosagrænum kögglum í hvítum plastbauk. Greinileg kannabislykt var af sýninu.

Við smásjárskoðun sást fjöldinn allur af kirtilhárum og þekju hárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða.

Af framanskráðu er því ljóst, að sýnið var kannabis."

2) Efni, sem fannst í skjalatösku Jens Rúnars Ingólfssonar, grænar plötur og mulningur, 117 g. Af efni þessu var sýni sent til rannsóknar, merkt sýni 9. Í skýrslu um rannsóknina segir m. a. svo:

„... Sýnið var 1.01 g af flötum, mosagrænum kögglum með kannabislykt. Sýnið var í hvítum plastbauk.

Við smásjárskoðun mátti sjá nánast urmul af kirtilhárum og þekjuhárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða.

Af framanskráðu er því ljóst, að sýnið var kannabis."

3) Grænleitt efni í kögglum ásamt mulningi, sem einnig fannst í tösku Jens Rúnars, alls talið að þyngd 15.5 g. Af efni þessu var sýni merkt 10 sent til rannsóknar, og er rannsókn lýst svo í skýrslu rannsóknarstofunnar:

„... Sýnið var mosagrænt kyrni, 1.17 g að þyngd, og hafði sápublandaða kannabislykt. Sýnið var í hvítum plastbauk.

Við smásjárskoðun sást fjöldi kirtilhára og þekjuhára, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða.

Af framanskráðu er því ljóst, að sýnið var kannabis."

4) 47 rauðar töflur, fundnar í gardínukappa í Brautarholti 20. Tvær töflur voru sendar til rannsóknar (sýni 11), og er rannsókninni lýst svo:

„... Sýnið var 2 rauðar töflur, 3.5 mm í þvermál, og meðalþungi þeirra var 47.1 mg.

Við rannsóknina voru notuð 2 blettagreiningarkerfi. Á þynnurnar var sett þekkt magn af lýsergíði, ergótamíni og hluti af sýninu úrhlutuðu. Í rás sýnisins kom fram blettur, er hafði sama rásgildi, skoðað í útfjólublá ljósi, og þekkt lýsergíð. Blettir þessir lituðust einnig á sama hátt með dímetýlamínóbenzaldehýðefnabreyti.

Af framanskráðu er því ljóst, að um lýsergíð var að ræða. Stærð bletta benti enn fremur til þess, að verulegt magn af lýsergíði hefði verið í hvorri töflu um sig."

5) 405 hvítar töflur, sem fundust í dós í tösku Jens Rúnars. Þrjár þeirra (sýni 12) voru sendar til rannsóknar, og er árangri hennar lýst svo í skýrslu rannsóknarstofunnar:

„... Sýnið var í öskju og merkt sýni nr. 12. Það var 3 hvítar, kúptar, mjö litlar töflur, 36.7 mg að þyngd að meðaltali.

Litarpróf a.m. Marquis, Mecke og Fröde gáfu ekki til kynna,

að meskalín væri í sýninu. Eigi reyndist heldur unnt að sýna fram á ljósfall, eftir að sýnið hafði verið úrhlutað með saltsýru á því bylgjusviði, þar sem vænta má ljósfalls eftir meskalín.

Blettagreining á þynnu gaf til kynna, að lýsergíð væri ekki í sýninu.

Ofangreind litarpróf svo og litarpróf með kóbalttíocýnatlausn bentu eindregið til þess, að hvorki morfín, heróín, kókaín, amfetamín, petidín né metadón væru í sýninu.

Verður því ekki séð, að í sýninu hafi verið hin algengari ávana- og fíknilyf og efni."

6) Efni, sem tekið var heima hjá Erni Ingólfssyni, þyngd talin í bók lögreglu 0.7 g. Efnið var sent til rannsóknar (sýni 15), og er árangri rannsóknar lýst svo í skýrslu rannsóknarstofunnar:

„... Sýnið var í þrennu lagi:

1. Mosagrænt duft og kögglar í cellófanpoka, 0.45 g að þyngd. Af þessu var lykt af tóbaksösku og kannabislykt.
2. Harðar grænar agnir í málmpappír, 0.115 g að þyngd. Af þessu var tóbakslykt og öskulykt.
3. Hálfbrunnin, brún og dökk korn með tóbakslykt, ca. 0.4 g að þyngd.

Við smásjárskoðun sást í 1. og 2. mikið af þekjuhárum og kirtilhárum, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Í 3. sáust sams konar þekjuhár og kirtilhár innan um svartar brunaleifar. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti enn fremur, að um kannabis væri að ræða, enda þótt svörunin væri veik í 3."

7) Leirpípa (trekt), fundin í vasa Hlyns Höskuldssonar 14. maí.

8) Þrír pípuhausar, fundnir við húsleit á Fjólugötu 21, heimili Hlyns Höskuldssonar, 14. maí.

9) Reykjarpípa, fundin við leit á Sólvallargötu 31, 15. maí.

Niðurstöður.

Af hálfu verjanda ákærðu hefur verið dregið í efa, að gild heimild sé til þess að refsa manni fyrir innflutning eða meðferð á lysergíð og kannabisefnum. Það framsal löggjafans á valdi sínu, sem um er að ræða í 4. gr. laga 77/1970 fái ekki staðist að stjórnskipunarrétti. Þá er einnig vefengt, að sannað hafi verið vísindalega, að kannabis og LSD megi misnota á líkan hátt og efni þau, sem lögin sjálf taka beinlínis til.

Samkvæmt lögum 14/1923 var bann lagt við tilbúningi, innflutningi, útflutningi og verslun með ópíum, og enn fremur tóku lögin til morfíns, heróins og kókains. Með lögum 43/1968 var lög-

um þessum breytt á þann veg, að samkvæmt 4. gr. þeirra skyldi dómsmálaráðuneytinu heimilt að úrskurða, „að ákvæði þessara laga gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra eða ekki, enda hafi sannast við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.“

Þessarar heimildar var neytt með setningu reglugerðar 257/1969, er úrskurðað var, að ákvæði laga 14/1923, sbr. lög 43/1968, skyldu gilda um kannabis (marihuana), lysergíð (LSD), meskalín (peyote) og psilocybin svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma.

Með lögum 25/1970 voru nokkrar breytingar gerðar á lögum 15/1923, m. a. á refsiákvæðum, og að því búnu voru lög 14/1923 með áorðnum breytingum gefin út sem ný lög, nr. 77/1970.

Það verður að vísu að telja, að eðlilegra hefði verið, að löggjafinn sjálfur ákvæði, til hverra ákvæða lög 77/1970 skyldu taka, í stað þess að framselja framkvæmdarvaldinu heimild til ákvörðunar um það, sem auk þess er afar rúm og laus í reipunum, en ekki þykir þó næg ástæða til þess að telja þessa heimild ógilda, og verður hér að vísa til þess, að þessi heimild hefur verið talin gild, sbr. hæstaréttardóma frá 24. mars 1972 og 6. nóvember 1972. Refsiákvæði laga 77/1970 verða þannig talin gilda um þau efni, sem mál þetta er höfðað út af, þ. e. lysergíð (LSD) og kannabis (hash.)

Verður þá tekin afstaða til ákærunnar, að því er varðar hvern hinna ákærðu um sig, og viðurlög ákveðin.

Ákærði Gestur Þorsteinsson.

Ákæruliður I, 1. Sannað er með framburði ákærða Gests og öðrum gögnum, að í febrúarmánuði 1972 stóð hann í félagi við ákærða Hlyn Höskuldsson að því, að 110 töflur af lysergíð voru fluttar frá Danmörku til Íslands og þar dreift til margra manna. Þar sem niðurstaðan er samkvæmt framansögðu, að refsiákvæði laga 77/1970 taki til lysergíðs, hefur ákærði Gestur þannig unnið til refsingar samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákæruliður I, 2. Sannað er með framburði ákærða Gests og öðrum gögnum, að í maí 1972 veitti hann viðtöku póstsendingu með 50 töflum, er innihéldu lysergíð, og seldi þrjár af töflum þessum og varðveitti afganginn. Hann hefur þannig unnið til refsingar samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákæruliðir 3—5. Sannað er, að ákærði Gestur aðstoðaði við útvegun á hashi, um 250 g, er keypt voru í Kaupmannahöfn og

póstsend til Íslands, og hashi, er keypt var í Amsterdam og sent til Íslands með Matthíasi Mogensen, en þyngd þess verður ekki ákveðin með nákvæmni, en hefur verið nokkuð á annað kíló, að hann veitti hashsendingum þessum viðtöku, er þær komu til Íslands, og átti þátt í dreifingu á þeim ásamt félögum sínum. Í ákæru (liður I, 4) er ákærði Gestur saksóttur fyrir ólöglegt atferli varðandi 3400 g af hashi, en að áliti dómsins ber Gestur ekki refsiábyrgð, að því er varðar þann hluta sendingarinnar, sem kom í hlut Leifs Haukssonar og félaga hans og keypt hafði verið fyrir þá.

Þetta atferli ákærða Gests, sem líta verður á sem eina brotaheild, varðar ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákærði Gestur hefur ekki fyrr sætt neinni refsingu nema einni sekt fyrir umferðarbrot. Hann skýrði greiðlega og skilmerkilega frá atvikum við rannsókn málsins. Á hitt verður að líta, að brot hans eru stórfelld, og verður refsing hans fyrir þau ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi 5 mánuði. Enda þótt ekki verði talið, að ávinningssjónarmið hafi aðallega ráðið gerðum hans, er þó fram komið, að hann átti hlut að því, að lysergíðtöflur og hash var látið af hendi gegn gjaldi. Þykir því rétt, að hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, en fangelsi 20 daga komi í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gestur sætti gæsluvarðhaldsvist fyrst dagana 10. til 12. maí og aftur 17. maí til 1. júní 1972. Samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga er rétt að vist þessi, alls 17 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson.

Ákæruliður II. Ákærði Jens Rúnar lét kaupa fyrir sig í Kaupmannahöfn hash að þyngd um 250 g, og enn fremur var keypt að ósk hans allmikið magn, sennilega yfir 1 kg af hashi, í Amsterdam og sent til Íslands með Matthíasi Mogensen, en þá tók ákærði við því og dreifði því ásamt félögum sínum, ákærða Gesti (sjá ákærul. I, 3—5) og Hlyni (ákærul. III, 3 og 5). Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða Jens Rúnari samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970. Hann hefur aldrei fyrr verið ákærður fyrir lagabrot. Refsing fyrir brot hans, sem telja verður stórfellt, verður ákveðið fangelsi 4 mánuði og enn fremur, þar sem ákærði lét af hendi hash gegn gjaldi, 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, er af-

plánist fangelsi 20 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Jens Rúnar sætti gæsluvarðhaldi 15. til 31. maí 1972, eða 16 daga, og er rétt samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga að vist þessi komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Hlynur Höskuldsson.

Ákæruliður III, 1. Sannað er, að ákærði Hlynur stóð í febrúar 1972 ásamt ákærða Gesti (sbr. ákærul. I, 1) að innflutningi á 110 töflum, er innihéldu lysergíð, svo og að dreifingu á þeim til ýmissa manna í febrúar og mars 1972. Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða Hlyni samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Ákæruliður III. 2. Ákærði Hlynur lýsti yfir því fyrir dómi 31. maí 1972, að hann hefði fengið póstsendar nokkrar töflur af lysergíð frá Danmörku. Þessa yfirlýsingu hefur hann afturkallað við meðferð málsins. Engin önnur gögn styðja fyrri framburð ákærða um þessar sendingar. Dóminum þykir óvarlegt að telja sannað, að innflutningur þessi hafi farið fram, og telur líklegt, að afturköllun ákærða á fyrri skýrslu sé sannleikanum samkvæm. Þess má geta hér, að ákærði hefur að öllu leyti komið vel fram við rannsókn og meðferð málsins og skýrt greiðlega frá atvikum. Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

Ákæruliður III, 3. Ákærði Hlynur umgekkst þá Gest og Jens Rúnar mikið á þeim tíma, er Jens Rúnar var í Kaupmannahöfn í apríl 1972. Hann vissi um það, er Gestur keypti hash handa Jens Rúnari, sbr. ákæruliði I, 3 og II. Hins vegar verður ekki séð, að Hlynur hafi liðsinnt þeim neitt við kaup þessi, og þykir rétt að sýkna hann af þessum ákærulið.

Ákæruliður III, 4. Hér er ákærði Hlynur saksóttur fyrir það, að hann hafi í maíbyrjun 1972 veitt viðtöku 2 bréfum frá Danmörku, innihaldandi samtals 20 g af kannabis, og selt af efni þessu 10 g til Stefáns Inga Jónssonar. Engin gögn styðja þennan ákærulið, og verður Hlynur sýknaður af þessu atriði. Þess má geta, að þegar Hlynur gaf fyrst skýrslu fyrir lögreglu um sölu sína á hashi til Stefáns Inga, sagðist hann hafa fengið hash sent í tveimur bréfum, en hér var um fyrirslátt einn að ræða, þar sem ákærði vildi þá leyna vitneskju sinni um hashpakkann, er fluttur hafði verið til landsins með Matthíasi Mogensen, en hashið, sem ákærði seldi Stefáni Inga, var í raun réttri úr þeim pakka, sbr. næsta lið hér á eftir.

Ákæruliður III, 5. Ákærði fékk nokkuð af hashi Jens Rúnars í hendur, neytti hluta af því, en nokkurn hluta gaf hann öðrum, en seldi sumum, oftast fyrir 250 kr. hvert gramm. Með atferli þessu hefur ákærði brotið gegn 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970.

Brot ákærða verða að teljast stórfelld, og verður refsing ákærða, sem ekki hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot, ákveðin með hliðsjón af 77 gr. alm. hegningarlaga fangelsi 4 mánuði. Þar sem ákærði lét af hendi lysergíð og hash gegn gjaldi, ber einnig að dæma hann til þess að greiða 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi 16 daga (15.—31. maí 1972), og er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga rétt, að vist þessi verði dregin frá refsivist hans.

Ákærði Örn Ingólfsson.

Ákæruliður IV. Ákærði Örn Ingólfsson hefur framið brot það, sem í ákærulið þessum greinir, þ. e. fengið Jens Rúnar Ingólfsson til þess að kaupa fyrir sig hash fyrir 35.000 krónur, og hefur hash það, sem hann fékk í hendur eigi vegið miður en 250 g, en hash þessa neytti ákærði sjálfur og veitti öðrum án endurgjalds, og lítið eitt af því fannst heima hjá honum. Missagt er í ákæru, að ákærði hafi fleygt hluta af efninu.

Atferli ákærða Arnar varðar við 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970, og verður refsing ákærða, sem aldrei hefur fyrr verið kærður fyrir lagabrot, ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og greiðist sektin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella varðhaldi 15 daga.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson.

Ákæruliður V. Ákærði Sigurður Tómas og Jens Rúnar sömdu um það, áður en Jens fór utan, að Jens keypti nokkuð af hashi fyrir Sigurð Tómas. Sigurður Tómas fékk síðan afhent hash, svo sem um var samið, fyrir 15.000 kr., en fékk auk þess keypt til viðbótar hjá Jens Rúnari fyrir 10.000 kr. Samtals hefur þyngd hash þessa verið 100—130 g. Af hashi þessu gaf ákærði Sigurður Tómas ýmsum, en seldi þremur, að því er telja verður, um 60 g fyrir 13.500 kr.

Svo sem krafist er í ákæru, ber að refsa ákærða Sigurði Tómasi fyrir brot gegn 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970. Sigurður Tómas hefur ekki fyrr sætt refsingum, er hér skipta máli. Verður refsing hans ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald

15 daga í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Harald Guðberg Haraldsson.

Ákæruliður VI. Ákærði Harald Guðberg hefur framið brot það, sem hann er saksóttur fyrir í þessum ákærulið, þ. e. afhent Jens Rúnari 15.000 kr. til hashkaupa, áður en Jens Rúnar fór utan, veitt síðan viðtöku sennilega um 60 g af efninu og neytt þess og veitt ýmsum, án þess endurgjald kæmi fyrir, en loks tortímt hluta af efninu. Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga 77/1970. Ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingum, er hér skipta máli Verður refsing hans ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Í málinu eru tvenns konar kröfur hafðar uppi um upptöku á verðmætum: a) krafa um „upptöku á andvirði þess efnismagns, sem þeir seldu eða afhentu gegn gjaldi", og b) krafa um upptöku þeirra fíkniefna og tækja til neyslu þeirra, sem hald var lagt á.

Um a). Að áliti dómsins hefði í ákæru þurft að tilgreina, hvaða fjárhæðum upptöku krafist væri á, og gera nánari grein fyrir, á hendur hverjum hinna ákærðu krafa væri gerð, en eins og ákæra er orðuð, virðist krafa gerð á hendur öllum hinum ákærðu, þar á meðal þeim, sem ekkert efni létu af hendi gegn gjaldi. Umrædd kröfugerð samræmist því ekki reglum laga um meðferð opinberra mála um skýra mörkun sakarefnis og krafna á hendur sökunaut (sbr. 115. gr. laga 82/1961), og verður kröfunni því vísað frá dómi.

Um b). Samkvæmt 5. gr. laga 77/1970 ber að gera upptæk þau efni, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins og hald hefur verið lagt á, og samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga ber einnig að gera upptækar reykjarpípur og pípuhluta, er taldir eru hafa verið notaðir til hashreykinga. Í V. kafla málatvikalýsingar er grein gerð fyrir þeim efnum og munum, sem hald var lagt á. Í 5. lið upptalningarinnar eru taldar 405 töflur, sem ákæra tekur ekki til, enda reyndust þær ekki innihalda kunn fíkniefni. Efni það, sem talið er í 6. lið (hash, fundið hjá Erni Ingólfssyni), hefur farið forgörðum við efnafræðirannsóknina. Verða þannig gerð upptæk efni þau og munir sem hér segir:

1) Hash, 6.3 g, sem hald var lagt á í Stórholti 19.
2) Hash, samtals 140.1 g, fundið í Brautarholti 20.
3) 45 töflur af lysergíð, fundnar í Brautarholti 20.
4) Leirpípa, tekin af ákærða Hlyni.
5) Þrír pípuhausar, fundnir á Fjólugötu 19.

6) Reykjarpípa, fundin á Sólvallagötu 31.

Samkvæmt 141. gr. laga 82/1961 ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað þannig:

Ákærðu Gestur og Hlynur greiði in solidum til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, málsvarnarlaun hans og þóknun fyrir réttargæslu, meðan ákærðu sættu gæsluvarðhaldi, kr. 50.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun verjanda síns, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harald Guðberg Haraldsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Gestur Þorsteinsson sæti fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 17 dagar. Hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson sæti fangelsi 4 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 16 dagar. Hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Hlynur Höskuldsson sæti fangelsi 4 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 16 dagar. Hann greiði einnig 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Örn Ingólfsson greiði til ríkissjóðs 40.000 króna sekt, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði til ríkissjóðs 30.000 króna sekt, og komi 15 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Harald Guðberg Haraldsson greiði til ríkissjóðs 20.000 króna sekt, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk eru ríkissjóði til handa fíkniefni og tæki til neyslu þeirra, er hald var lagt á við rannsókn málsins, þ. e. 146.4 g hash, 45 töflur af lysergíð, tvær pípur og þrír pípuhausar.

Ákærðu Gestur Þorsteinsson og Hlynur Höskuldsson greiði in solidum réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Ákærði Jens Rúnar Ingólfsson greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00.

Ákærðu Örn Ingólfsson og Harald Guðberg Haraldsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Sigurður Tómas Garðarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Laugardaginn 2. mars 1974.

Nr. 155/1972: **Hörður G. Albertsson og Dánarbú Guðmundar Albertssonar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Síldarvinnslunni h/f
(Ólafur Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál. Samningar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. nóvember 1972. Krefjast þeir þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða þeim £ 19.347.75 auk „1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af £ 16.359.16s. 9d. frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af £ 19.347.15s. 0d. frá þeim degi til 1. maí 1973 og 11/2% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags." Til vara krefjast áfrýjendur þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 4.066.897.07 auk „1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af ísl. kr. 3.432.531.87 frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af ísl. kr. 4.066.897.07 frá þeim degi til 1. maí 1973 og 11/2% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags." Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Jafnframt krefjast áfrýjendur „sýknu af öllum kröfum stefnda".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hörður G. Albertsson og Guðmundur Albertsson hafa um nokkurt skeið rekið í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð útflutningsverslun með sjávarafurðir. Guðmundur Albertsson

andaðist 11. desember 1970, og tók dánarbú hans við málinu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi hafi haldið eftir af greiðslum til stefnda vegna seldra síldar- og loðnuafurða samtals kr. 2.367.556.23.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, seldu áfrýjendur á árunum 1967 og 1968 nokkurt magn af síldarmjöli til Englands fyrir stefnda. Var sá háttur á hafður, að áfrýjendur seldu hinum bresku kaupendum síldarmjölið í eigin nafni, en staðfestu söluna jafnframt skriflega við stefnda. Stefndi samþykkti síðan viðskiptin með áritun á hina skriflegu staðfestingu. Gerðir voru fjórir slíkir samningar á árinu 1967 um síldarmjölsframleiðslu stefnda á því ári og að nokkru á árinu 1968. Skyldi stefndi afhenda meginhluta síldarmjölsins á árinu 1967, en lítið magn á árinu 1968. Þá gerðu aðiljar einn slíkan samning á árinu 1968 um síldarmjöl, er stefndi framleiddi á því ári, og skyldi það mjöl afhent sama ár. Eins og rakið er í héraðsdómi, er sá fyrirvari í öllum samningunum, að „magnið verði framleitt". Er ljóst varð síðla árs 1967, að stefndi mundi eigi fullnægja samningum þess árs, kveðast áfrýjendur hafa samið svo um við hina erlendu kaupendur í desember 1967, að afhending mjölsins mætti dragast fram á árið 1968 og að loðnumjöl mætti að nokkru koma í stað síldarmjöls. Þáverandi framkvæmdastjóri stefnda kveðst hafa fallist á þessa ráðstöfun. Engin skrifleg gögn hafa verið lögð fram um samkomulag þetta, og margt er óljóst um efni þess. Áfrýjendur telja, að stefndi hafi aðeins staðið við samkomulag þetta að litlu leyti. Einnig halda þeir því fram, að stefndi hafi vanefnt afhendingu á síldarmjöli á árinu 1968 samkvæmt samningi þeim, sem gerður var það ár.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, halda áfrýjendur því fram, að verulegur misbrestur hafi orðið á því, að stefndi léti af hendi allt það mjöl, sem skylt var, til efnda á gerðum samningum, og það enda þótt fullt tillit sé tekið til þess fyrirvara, sem gerður var um áhrif aflabrests á samningsskyld-

ur stefnda. Þessar vanefndir hafi haft það í för með sér, að áfrýjendur, sem selt höfðu hinum erlendu kaupendum mjölið í eigin nafni, hafi orðið skaðabótaskyldir gagnvart þeim fyrir það tjón, sem kaupendur biðu af þessum sökum. Fyrir þeim skaðabótum öllum sé stefndi ábyrgur gagnvart áfrýjendum. Krefjast áfrýjendur skuldajafnaðar þeirrar kröfu sinnar við kröfu stefnda um ógoldið andvirði seldra afurða, en sjálfstæðs dóms um afgang kröfunnar.

Af gögnum máls er ljóst, að framangreindir kaupsamningar um síldarmjöl voru gerðir við tvo breska kaupendur. Voru tveir samninganna gerðir við fyrirtækið David Geddes (Proteins) Ltd. í Lundúnum, en þrír við Barber & Garratt Ltd. í Liverpool. Verður ekki annað séð en að fyrirtækið David Geddes & Son Ltd. hafi samið við kaupendur í nafni áfrýjenda. Helstu gögn um skaðabótagreiðslur áfrýjenda vegna vanefnda þessara samninga eru tvær yfirlýsingar frá hinum bresku kaupendum, er lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt. Eru þær þess efnis, að þeir hafi móttekið bætur frá fyrirtækinu David Geddes & Son Ltd. vegna vanefnda á afhendingum íslensks síldarmjöls, Barber & Garrett Ltd. £ 22.850.00, en David Geddes (Proteins) Ltd. £ 21.976.00. Í yfirlýsingum þessum er hins vegar engin grein gerð fyrir tengslum greiðslna þessara við samninga þá, sem í málinu greinir. Þá hefur og verið lagt fram í Hæstarétti bréf David Geddes & Son Ltd. frá 27. apríl 1972 til áfrýjenda, sem er samhljóða því ódagsetta „telex"-skeyti, sem efnislega er rakið í hinum áfrýjaða dómi.

Hvorki framangreind skjöl né önnur gögn málsins veita viðhlítandi upplýsingar um skaðabótagreiðslur áfrýjenda til kaupenda vegna vanefnda stefnda á margnefndum samningum. Eru gagnkröfur áfrýjenda svo vanreifaðar að þessu leyti, að vísa verður þeim frá héraðsdómi. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjendum.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda kr. 250.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum áfrýjenda, Harðar G. Al-

bertssonar og dánarbús Guðmundar Albertssonar, er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur greiði stefnda, Síldarvinnslunni h/f, kr. 2.367.556.23 auk 7% ársvaxta af kr. 275.955.27 frá 19. desember 1967 til 22. desember s. á., af kr. 457.860.67 frá þeim degi til 29. desember s. á., af kr. 795.385.55 frá þeim degi til 22. mars 1968, af kr. 1.811.931.18 frá þeim degi til 10. apríl s. á., af kr. 2.496.182.76 frá þeim degi til 20. maí s. á., af kr. 2.819.560.83 frá þeim degi til 26. nóvember s. á., af kr. 2.019.560.83 frá þeim degi til 4. janúar 1969 og af kr. 2.367.556.23 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði stefnda kr. 250.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 4. október 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Síldarvinnslan h/f í Neskaupstað fyrir sjó- og verslunardóminum með utanréttarstefnu, birtri 18. mars 1969, á hendur útflutningsfirmanu G. Albertssyni í Reykjavík, Guðmundi Albertssyni, Miðtúni 4, og Herði G. Albertssyni, Reynimel 38, báðum í Reykjavík, in solidum til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 2.019.560.83 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 275.955.27 frá 29. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 181.905.40 frá 22. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 337.524.88 frá 29. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 1.016.545.63 frá 22. mars 1968 til greiðsludags, af kr. 684.251.58 frá 10. apríl 1968 til greiðsludags, af kr. 323.378.07 frá 20. maí 1968 til greiðsludags, en af frádregnum vöxtum af innborgun kr. 800.000.00 frá 26. nóvember 1968 til greiðsludags, svo og til greiðslu á málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndu kröfðust sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Í þinghaldi 14. desember 1970 hækkaði stefnandi fjárhæð dómkröfu sinnar með samþykki stefndu án framhaldsstefnu í kr. 2.-

367.556.23 og sömu vaxta sem fyrr af mismuninum, kr. 347.995.00, frá 4. janúar 1969 til greiðsludags, en hélt að öðru leyti við upphaflegu dómkröfur sínar.

Með stefnu, útgefinni 12. október 1970, höfðuðu stefndu gagnsök á hendur stefnanda og gerðu þæi dómkröfur í gagnsökinni, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða *aðallega* £ 19.347.15s 0d, en *til vara* íslenskar kr. 4.066.897.07. Í fyrra tilvikinu er krafist 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af £ 16.329.16s 9d. frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af £ 19.-347.15s. 0d. frá þeim degi til greiðsludags. Af varakröfunni er krafist sams konar vaxta af íslenskum kr. 3.432.531.87 frá 1. janúar 1968 til 1. janúar 1969, en af íslenskum kr. 4.066.897.07 frá þeim degi til greiðsludags. Hvort sem reynir á aðalkröfu eða varakröfu er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Gagnstefndi krafðist aðallega sýknu bæði af aðalkröfu og varakröfu gagnstefnenda, en til vara, að gagnstefnukrafan verði stórkostlega lækkuð, svo og krafðist hann málskostnaðar í báðum tilvikum að mati dómsins.

Tildrög málsins eru þau, að á árinu 1967 önnuðust gagnstefnendur sölu á síldarmjöli fyrir aðalstefnanda af framleiðslu þess árs, en gagnstefnendur höfðu annast slíkar sölur fyrir aðalstefnanda allt frá árinu 1959—1960 í frjálsri samkeppni við aðra útflytjendur hér á landi. Kaupendur á þessu tímabili voru yfirleitt hinir sömu, en það eru myllueigendur í Bretlandi, Svíþjóð, Danmörku og Hollandi, en þeir hafa malað mjölið í myllum sínum, blandað það öðrum efnum og selt það síðan á neytendamarkað. Gerðir voru fjórir samningar milli aðiljanna um sölu á síldarmjöli á árinu 1967. Samkvæmt fyrsta samningnum, dags. 22. og 23. mars 1967, staðfestu gagnstefnendur að hafa selt fyrir aðalstefnanda 2450/2800 tonn. Það sérákvæði var í niðurlagi samningsins, að hann sé háður því skilyrði, að hið selda magn verði raunverulega framleitt, enda afhendist það af fyrstu framleiðslu seljenda af síldveiðum 1967. Samkvæmt öðrum samningnum, dags. sama dag, staðfestu gagnstefnendur sölu á 1400 tonnum. Í niðurlagi samningsins er sama sérákvæði og áður, en jafnframt er sá fyrirvari gerður, að umsamið magn afhendist næst á eftir fyrst framleiddum 4000 tonnum af síldarmjölsframleiðslu aðalstefnanda, en þar með nam ráðgerð framleiðsla aðalstefnanda umrætt ár 5400 tonnum. Þriðji samningurinn er dags. 6. apríl 1967, en samkvæmt honum staðfestu gagnstefnendur sölu á 600 tonnum. Sératkvæði í niðurlagi

samningsins er samhljóða næsta samningi á undan, þó svo, að áskilinn er afhending magnsins næst á eftir fyrst framleiddum 5400 tonnum, en þar með nam ráðgert framleiðslumagn aðalstefnanda umrætt ár 6000 tonnum. Fjórði samningurinn er dags. 18. maí 1967, en samkvæmt honum staðfestu gagnstefnendur sölu á 2700 tonnum. Í sérákvæðinu í niðurlagi samningsins er áskilið, að magn þetta afhendist næst á eftir fyrst framleiddum 6000 tonnum, en þar með nam ráðgert framleiðslumagn stefnanda 8700 tonnum. Samkvæmt þessu var aðalstefnandi skuldbundinn til að fullnægja kaupendum samkvæmt greindum samningum um allt að 8700 tonnum af fyrstu framleiðslu sinni af síldarmjöli vegna síldveiða 1967, þannig að öll framleiðsla frá 4000 tonnum að því magni færi til þeirra óskert, en allt að 2800 tonnum af fyrstu 4000 tonnum framleiddum. Reyndin varð sú, að síldveiði brást verulega árið 1967 frá því, sem verið hafði árið á undan. Leiddi þetta til þess, að aðalstefnandi átti í einhverjum erfiðleikum með að uppfylla gerða samninga og afhenda mjöl samkvæmt þeim á þeim tíma, er samningarnir gerðu ráð fyrir. Aðiljar gerðu síðan sams konar sölusamning, dags. 7. mars 1968, um 3000 tonn af síldarmjöli af framleiðslu 1968, og skyldi það magn vera af fyrstu framleiðslu aðalstefnanda af sumarsíldveiðum það ár. Afskipun skyldi vera 600 tonn á mánuði í júní til október 1968. Er málið risið af þessu tilefni, og skýrast atvik þess nánar í skýrslum aðilja og greinargerðum, sem taka að nokkru jöfnu til beggja sakanna, og verður þetta nú rakið.

Í aðiljaskýrslu Harðar G. Albertssonar framkvæmdastjóra, dags. 5. júní 1969, segir svo:

„Með sárafáum minnihátta undantekningum hafa viðskiptin gengið árekstralaust þangað til árið 1967. Það ár, eins og flest ofangreind fyrri ár, höfðum við selt fyrstu framleiðslu verksmiðjunnar af síldarmjöli til sömu kaupenda og venjulega. Eins og flestum mun kunnugt, varð árið 1967 hið fyrsta ár um all langan tíma, sem veiði á síld fór snarminnkandi. Selt hafði verið með framleiðslu fyrirvara eins og venja hafði á komist undanfarin ár. Því þó svo, að yfirleitt hafi verið (og sé nú) erfitt að selja með fyrirvara um framleiðslu, þá er þess hér að gæta, að kaupendur höfðu þá þegar um 4—7 ára skeið keypt framleiðslu þessarar verksmiðju, og hún hafði aldrei brugðist þann tíma. Ca. seint í september/byrjun október 1967, einmitt á þeim tíma, sem veiði glæddist það ár, átti forstjóri S.V.N. (Síldarvinnslunnar h.f., Neskaupstað) tal við undirritaðan af tilefni þess, að verksmiðjan

átti þá kost á að selja á nokkuð betra verði 1000 tonn af mjöli til Austur-Þýskalands og 750/1000 tonn til annarra. Undirritaður tók skýrt fram, að færi svo, að verksmiðjan gerði þetta (um var að ræða mjöl þegar framleitt upp í bundna samninga við okkur, en sölumöguleiki verksmiðjunnar til hinna aðilanna byggðist á afskipun þá mjög fljótlega), þá yrðu þeir að gera sér fullljóst, að færi svo, að veiði brygðist, þá yrði verksmiðjan bundin við samninginn við okkur fyrirvaralaust, þar sem mjölið hafði raunverulega þegar verið framleitt. Undirritaður benti mjög skýrlega á, að svo gæti farið, ef veiði brygðist, að slíkt gæti orðið verksmiðjunni miklu dýrara heldur en að missa af stundarhagnaði af sölum þessum. Forstjóri S.V.N., hr. Hermann Lárusson, lét þá þau orð falla, að hann réði ekki við aðgjörðir um a. m. k. sölu til Austur-Þýskalands, því formaður stjórnar verksmiðjunnar hefði beinlínis lagt fyrir sig, að salan yrði gjörð þrátt fyrir ábendingar forstjórans um gildandi sölusamninga við okkur. Stjórn verksmiðjunnar hefði því í samræmi þar við lagt fyrir sig að gjöra söluna. Sjálfur sagðist forstjórinn hafa bent eindregið á hættu þá, sem skapast kynni af þessu, ef veiði brygðist, en hann hefði verið algjörlega ofurliði borinn af stjórn sinni. Sala þessi var því gjörð, svo og mun einnig hafa verið gjörð sala á öðrum 750/1000 tonnum til annars/annarra útflytjenda í Reykjavík.

Um mánaðamót október/fyrri hluta nóvember 1967 var að verða ljóst, að óhjákvæmilega sýndist, að verða mundu verulegar vanefndir í mjölsamninga við okkur, sem að magni til samsvöruðu raunverulega rúmlega því magni, sem selt hafði verið öðrum. Í beinu réttleysi við fyrirframsölusamning við okkur. Vonir voru þó enn bundnar við, að veiði kynni að glæðast í lok nóvember/desember, eins og komið hafði fyrir áður. En allur nóvember leið svo og desember, án þess að úr rættist.

Kaupendur okkar sýndu allan tímann einstakt langlundargeð. En svo kom, að þeir sögðu sér þann einan kost færan að kaupa nauðþurftir sínar annars staðar (danskt og/eða norskt mjöl) til þess að halda myllum sínum gangandi. Kaupendur voru neytendur, sem urðu að fá mjöl, nægði ekki bara verðmismunur í skaðabótagreiðsluna. Vegna mjög náinna tengsla og góðra sambanda við hina endanlegu kaupendur tókst okkur að fá vilyrði þeirra fyrir framlengingu á afhendingum og þola með því móti hverfandi litlar bótagreiðslur miðað við það, ef þeir dekkuðu á okkur magnið annars staðar, eins og þeir höfðu fullan rétt til skv. gildandi samningsgrundvelli, sbr. L.C.F.T.A. No. 10 (á öllu mjöli til

Bretlands svo og Svíþjóðar samkv. sérákvæði). Undirritaður ræddi málið við forstjóra S.V.N., lagði fyrir hann dæmið eins og á stóð, að yrði dekkað á okkur, mundi geta orðið um að ræða samningsrofabætur upp á 2 til 3 milljónir. En yrði farin samningsleiðin, með frestun á afhendingum, mundi bótaábyrgðin í raun varla verða yfir 3 til 5 hundruð þúsund krónur, mest vaxtatap. Kaupendur mundu þá fá greiðslufrest á þegar afhentum, en óuppgerðum afhendingum, sem fram fóru í lok október og byrjun nóvember, því með því gætu þeir „finanserað" dekkunarkaup annars staðar án frekari kostnaðar fyrir S.V.N. Síðan mundu þeir við hverja afskipun greiða ákveðinn, síðar ákveðinn hluta af hinum óuppgerðu afskipunum, og í síðasta lagi fulla greiðslu þeirra við fullnustu afhendingar upp í hina vanefndu samninga. Þetta var kaupendum mögulegt vegna þess, að með því að geta reiknað sig örugga um að fá mjölið, að sjálfsögðu á upprunalegu samningsverði, þá mundu þeir ekki verða fyrir neinu raunverulegu fjártjóni, því þó mjölverð hefði hækkað, þá mundu þeir fá mjölið á upprunanlegu samningsverði á afhendingartíma, sem mjölverð var svo og svo miklu hærra á því, sem neytendur urðu þeir hvort sem var að halda áfram að kaupa á komandi ári á markaðsverði. Undirritaður fór utan í lok desember 1967 í þeim erindagjörðum að ganga frá slíku samkomulagi. Förin var farin eftir nákvæmar viðræður við S.V.N., og í fullu umboði S.V.N. til að ganga svo frá samningum, að S.V.N. yrði sparað sem allra mest hugsanleg bótaábyrgð með því að ná samningum um, að ofangreind framkvæmd um framlengingu afhendinga yrði við höfð.

Förin bar þann árangur, sem óskað hafði verið eftir, og fékkst framlengd afhending út árið 1968, eftir því sem með þurfti. Fyrri hluta mars var afskipað í samræmi við sakomulag þetta svo og í lok mars mánaðar. Öll framkvæmd var í fullu samræmi við þann samning, sem gjörður hafði verið um framlenginguna. Og öll önnur samskipti firma okkar og S.V.N. voru óbreytt og eðlileg út júnímánuð/byrjun júlí 1968. En þá hætti forstjóri S.V.N. störfum hjá verksmiðjunni, óbeint af upprunalegum eiginhvötum, en þó jafnframt beinlínis af hvötum formanns stjórnar eða stjórnarinnar í heild, því forstjóri hafði dregist á um við formann stjórnarinnar að halda áfram störfum samkvæmt beiðni formanns stjórnarinnar, en forstjóri var síðan sniðgenginn og beinlínis útilokaður frá fundarsetu, þar sem út um málið var gjört, með því að fundurinn var haldinn að honum óboðuðum.

Hinn nýji forstjóri var strax í byrjun fús til fulls samstarfs í

samræmi við samkomulag það, sem gjört hafði verið, þegar er hann hafði fengið tíma til að setja sig inn í málið. En er á ágúst mánuð leið, og veiði hélst ennþá sama og engin og því ekki mögu-leiki á að afskipa til efnda hinna vanefndu samninga og með því fá inn greiðslur af útistandandi fé, virðist sem farið hafi svo að kreppa að S.V.N., að stjórnin hafi kosið þá leið að reyna að losa sig út úr skuldbindingum sínum við okkur með gjörbreyttri túlk-un á málinu, samanber skeyta- og bréfaskipti bæði um samkomu-lagið sem slíkt svo og magnákvörðun á hluta af þegar afhentu magni af upprunalegum samningum. Undirritaður marg benti hin-um nýja forstjóra á svo og formanni stjórnar S.V.N. í viðtali á skrifstofu okkar og í síma síðar, að S.V.N. gæti ekki einhliða rift þeim gjörningi eða gjörningum, sem gjörðir höfðu verið, meðan gagnaðili stæði við sinn hluta. Gjörningar fyrri forstjóra fyrir hönd S.V.N. væru bindandi ekki bara fyrir hinn nýja forstjóra S.V.N., heldur að sjálfsögðu einnig fyrir stjórn S.V.N. sem heild. Um miðjan ágúst lét forstjóri S.V.N. okkur vita, að hann, eða stjórn sín, hefði ákveðið að láta annan aðila fá mjöl af fram-leiðslu 1968. Í skeyti 17. ágúst 1968 mótmæltum við slíkum van-efndum við okkur og lýstum S.V.N. ábyrga á þessum aðgerðum.

Eftir allmikið þras fór fram í lok september/byrjun október afskipun bæði í samræmi við upprunalega sölusamninga svo og í samræmi við umrætt áður gjört samkomulag. Í september og október lýstu S.V.N. yfir því, að þeir teldu niðurfallna samninga fyrir 1968 framleiðslu að þeim hluta að fullu, sem ekki hefði framleiðst fyrir lok áætlaðs tímafrests um afskipun. Við héldum því fram, að þó svo að tiltekinn væri áætlaður tímafrestur um afskipun, þá hefði ávallt verið venja hér í slíkum tilvikum, þar sem um væri að ræða afskipanir í röð yfir langt tímabil, að fram-lengja afskipunarfrestinn. En þar að auki væri í tilfelli sölusamn-ings við okkur beinlínis tekið fram sérstaklega, í sérákvæði, að magnið ætti „enda að afhendast af fyrstu framleiðslu seljanda."

Um mánaðamót október/nóvember 1968 kom aftur upp til at-hugunar hjá S.V.N. að afhenda öðrum útflytjanda framleitt mjöl-magn 1968 framhjá gildandi samningum við fyrirtæki okkar. Með skeyti 5. nóvember óskuðum við eftir, að S.V.N. gæfi upp formlega framleitt magn miðað við lok fyrstu viku nóvember.

Vegna kergju þeirrar og áberandi tilrauna til mistúlkunar, sem komið var í samskipti aðila um túlkun bæði um magn og eftir-stöðvar samninga bæði frá 1967 og 1968 svo og vegna ófullnægj-andi upplýsinga/vitneskju um, hvort eða hve mikið magn hefði

verið afhent öðrum framhjá samningsskuldbindingum við okkur, var með skeyti 14. nóvember 1968 formlega áskilið, að fyrir lok mánaðarins yrði komið á algjörlegan hreinan grundvöll, hvenær, hvernig og hvert magn kaupendur fengju af útistandandi samningum frá 1967 og 1968. Jafnframt lýstu kaupendur sig tilbúna til að samþykkja afhendingar fram eftir árinu 1969 til fullnustu greindra vanefnda, hvort sem væri frá 1967 eða 1968.

Þrátt fyrir ítrekaðar áminningar okkar til S.V.N. í lok nóvember mánaðar og fram undir miðjan desember gerði S.V.N. nákvæmlega ekki neitt í þá átt að upplýsa kaupendur um afstöðu S.V.N. til hinna vanefndu samninga frá 1967, né heldur lýstu þeir yfir afstöðu sinni um framleiðslu 1968 og samninga, sem þar um giltu.

Með skeyti 14. desember 1968 tjáðum við okkur fyrir hönd kaupenda því endanlega um málið. S.V.N. voru þó enn skildar eftir opnar dyr til að bjarga að hluta frekari tjóni með því að reyna samkomulag um þær eftirstöðvar, sem ekki var þá búið að dekka á. En S.V.N. sinnti því engu."

Hörður G. Albertsson staðfesti fyrir dómi skýrslu þessa rétta. Gat hann þess, að áður en hann fór utanlandsferðina, hafi ekki verið neitt um það vitað, hvort eða hvernig samningar tækjust. Eini möguleikinn, sem til hafi verið, hafi verið að reyna að fá kaupendur til að framlengja samningana og hafi það verið hugleiðingar aðilja að reyna að fá kaupendur til að fallast á (sic). Hins vegar hafi samningar í þá átt ekki fengist nema með því skilyrði, sem lýst sé í skýrslunni, en um það hafi ekki verið vitað, fyrr en samningaviðræður hófust við þá erlendis. Hörður kvaðst ekki hafa átt viðræður við stjórn aðalstefnanda um ferð sína utan, en eingöngu rætt við framkvæmdastjórann, Hermann Lárusson, sem hafi tjáð, að samþykki stjórnar aðalstefnanda lægi fyrir um það. Gat hann þess í þessu sambandi, að það sé viðtekin venja í slíkum viðskiptum og hér eigi sér stað, að viðræður fari eingöngu fram við framkvæmdastjóra og prókúruhafa viðkomandi verksmiðju. Þá gat Hörður þess, að samningar séu þannig, að ef magn er tiltekið í einni tölu án frekari ákvæða, þá sé afhending valfrjáls um 5% of eða van. Hins vegar sé ekki um slíkt að ræða, þegar magn er tekið fram í lágmarkstölu og hámarkstölu. Hörður kvað ástæðuna fyrir því, að loðnumjöl, sem sent var með Vatnajökli 29. mars 1968, hafi ekki verið tekið með upp í síldarmjölssamningana, hafa verið þá, að proteininnihald þess hafi verið of lágt og fitumagnið of hátt. Gat hann þess, að ef proteininnihald loðnu-

mjöls fari niður fyrir 66%, geti þeir kaupendur, sem hér áttu hlut að máli, ekki nýtt það. Gat hann þess hins vegar, að gagnstefnendur hefðu getað selt þetta mjöl öðrum kaupanda á góðu verði miðað við þáverandi markaðsverð á loðnumjöli. Kvaðst hann hafa tilkynnt Hermanni Lárussyni um þetta allt.

Hermann Lárusson forstjóri kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri fyrirtækis aðalstefnanda þar til í júnímánuði 1968. Sagði hann, að allan þann tíma, sem hann hafi verið framkvæmdastjóri, eða allt frá árinu 1960, hafi fyrirtækið átt töluverð viðskipti við gagnstefnendur. Kvað hann, að allan þennan tíma hafi viðskipti þeirra aðiljanna gengið að mestu snuðrulaust og allur ágreiningur, sem upp hafi komið, hafi verið uppgerður og öll uppgjör farið með eðlilegum hætti. Hann kvaðst hafa heyrt um og vitað, að ágreiningur hafi risið um viðskipti aðiljanna, eftir að hann hætti framkvæmdastjórastöðunni, en hann kvaðst ekki hafa kynnt sér náið, í hverju sá ágreiningur var fólginn, og því ekki getað skýrt neitt frá um það atriði. Hann sagði, að búið hafi verið að gera nokkra fyrirfram samninga um sölu á mjöli til gagnstefnenda á árinu 1967. Hafi þeir samningar verið gerðir í góðri von um veiði, svo sem verið hafði árið áður. Hins vegar hafi síldveiðar brugðist á þessu ári, svo sem kunnugt sé. Síðar hafi virst veiði ætla að fara að glæðast og í trausti þess, að svo yrði, hafi 1000 tonnum af framleiðslu aðalstefnanda verið seld til Austur-Þýskalands fyrir utan samninga við gagnstefnendur og fyrir hærra verð en í þeim samningum var ákveðið. Hafi þetta verið gert í trausti þess, að um áframhaldandi síldveiðar yrði að ræða, og þrátt fyrir aðvaranir Harðar G. Albertssonar, fyrirsvarsmanns gagnstefnanda, um það, hvað af þessu kynni að leiða. Tók hann fram, að kaupendur mjöls fái jafnan upplýsingar um framleiðsluna, þ. e. magn hennar, og fari þær upplýsingar venjulega fram munnlega milli aðilja. Kvaðst hann venjulega hafa gefið umsemjendum sínum þessar upplýsingar. Síðan hafi það verið í desember 1967, að ljóst varð, að síldveiðarnar höfðu brugðist og möguleiki væri ekki á því að standa við gerða samninga um sölu á mjöli. Hafi þeir átt viðræður saman, hann og Hörður Albertsson, um það, hvað hugsanlegt væri að gera til að forðast þau vandræði, sem leiða kynnu af vanefndum aðalstefnanda. Hafi það síðan orðið að samkomulagi milli hans og Harðar og í samráði við stjórnendur aðalstefnanda, að Hörður færi utan til viðræðna við kaupendur þar í þeim tilgangi að ná sem bestum samningum við þá vegna vanefndanna. Hörður hafi síðan farið utan um áramótin 1967/1968. Er Hörður hafi

komið úr þeirri ferð, hafi hann skýrt frá árangri ferðarinnar og sagt, að hann hefði náð samningum við kaupendurna með þeim skilyrðum, að mismunur á fullnaðargreiðslu fyrir afhent mjöl, sem næmi því samningsverði, sem aðalstefnandi hafði selt á, og því verði, sem þeir þyrftu á þessum tíma að kaupa, biði til næstu afhendingar á mjöli til þeirra, en Hermann sagði, að mjöl hefði hækkað töluvert í verði vegna aflabrestsins. Kvað Hermann aðalstefnanda hafa vel mátt við una þessa samninga, þar sem hann hefði getað átt von á mjög miklu fjárhagstjóni vegna vanefndanna. Kvaðst hann ekki hafa vitað fyrirfram, hvaða samningum Hörður gæti náð, en hann hafi farið utan til að firra greiðslu peningafjárhæðar vegna vanefndanna. Kvaðst hann hafa skýrt stjórnendum aðalstefnanda frá þeim samningi, sem Hörður náði við kaupendurna. Sagði hann, að um mánaðamótin febrúar/mars 1968 hafi borist nokkuð magn af loðnu til aðalstefnanda. Kvað hann gagnstefnendum hafa verið afhent mjöl af þeirri framleiðslu og þá upp í hina fyrri samninga, en hann kvaðst ekki muna, hve mikið magn gagnstefnendum var afhent. Kvað hann samninga hafa orðið um það, að loðnumjölið yrði tekið sem hluti af vanefndunum um afhendingu síldarmjölsins og hafi þá verið miðað við magn, þar sem mjölverðið sé ákveðið eftir eiginleikum þess. Tók hann fram, að hann hefði gert sér grein fyrir því um áramótin 1967/1968, að hinir erlendu kaupendur hafi þurft að kaupa mjöl til að sinna skyldum sínum við neytendur í staðinn fyrir mjöl það, sem samningar höfðu verið gerðir um, og á þeim tíma hafi mjölverð verið hærra en um var samið. Þá sagði Hermann, að reynt hafi verið að ná samningum við aðra erlenda kaupendur vegna vanefnda á afhendingu mjöls, en samningar hafi ekki tekist við þá, m. a. finnska kaupendur. Hann kvað sér hins vegar ekki vera kunnugt um, hvort aðalstefnandi hafi orðið að greiða þeim kaupendum skaðabætur vegna vanefndanna, og ekki hafi verið komnar kröfur frá þeim um bætur í starfstíð sinn. Tók hann fram, að sig minnti, að Finnunum hafi verið afhentur hluti af loðnumjöli upp í hina fyrri samninga og hafi málið milli þeirra og aðalstefnanda eitthvað sjatnað við það. Hann kvað hafa verið ljóst um þetta leyti, að bætur vegna vanefnda aðalstefnanda kynnu að nema milljónum króna, og Hörður hafi m. a. farið utan til þess að firra hugsanlegum tjónbótum. Hermann sagði, að í samningum sé ákveðið lágmark afhendingarmagns og hámark og sé það á valdi seljanda, hvað hann afhendir af þessu magni. Hann sé ekki skuldbundinn til að afhenda nema lágmarksmagnið, en geti

þó ráðið, hvort hann afhendir meira upp að hámarkinu. Afhending fram yfir lágmark sé fastbundin við hinn ákveðna samning, en sé ekki hægt að nota sem afhendingu upp í annan síðari samning. Hins vegar gat hann þess, að venja sé að tilkynna kaupanda, að afhendingu upp í ákveðinn samning sé lokið, eftir að lágmarkinu sé náð, og þar af leiðandi geti seljandi ekki síðar borið fyrir sig afhendingu upp í annan samning fram yfir lágmark fyrri samningsins. Hermann kvaðst ekki minnast þess að hafa skýrt viðtakanda framkvæmdastjóra aðalstefnanda, Ólafi Gunnarssyni, frá þeim samningum, sem verið höfðu gerðir við hina erlendu aðilja. Hann kvaðst þó telja það nokkuð víst, að hann hafi gefið Herði Albertssyni upp framleiðslumagn verksmiðjunnar árið 1967, þótt hann minnist þess atviks ekki sérstaklega, en taldi fráleitt, að hann hafi ekki gert það. Kvað hann framleiðslumagnið árið 1967 hafa verið 7034 tonn. Þá kvað hann sér ekki vera annað kunnugt en að loðnumjölinu, sem sent hafi verið með m/s Vatnajökli hinn 29. mars 1968, hafi verið veitt viðtaka upp í fyrri samninga vegna vanefndanna. Þá kvaðst Hermann ekki minnast þess sérstaklega, að hann hafi tilkynnt Herði Albertssyni um það, að verksmiðjan mundi ekki afgreiða meira en lágmarksmagn samkvæmt samningum frá 22/28 mars 1967, þ. e. 2450 tonn, en hann taldi fráleitt, að hann hefði ekki gert það, þar sem vandræði voru á afhendingu þess magns, sem búist hafði verið við, og þar af leiðandi hafði hann viljað hagnýta sér að geta ráðið magninu samkvæmt samningnum. Aðspurður um það af lögmanni aðalstefnanda, „hvort stefnandi hafi verið í vanefndum við kaupendur vegna fyrri samninga, þegar fyrirfram samningurinn um framleiðslu á fyrstu 3000 tonnum til stefnda var gerður?“, kvaðst Hermann ekki geta svarað með fullri vissu, en taldi líklegt, að svo hafi ekki verið, enda hafi þá ekki verið komið fram, hvað mikið magn væri til uppfyllingar vanefndunum. Svaraði hann enn fremur, að þessi fyrirframsamningur um 3000 tonnin hafi verið um sumarsíld, en ekki fyrstu framleiðslu ársins 1968, þar sem þegar hafi verið búið að framleiða loðnumjöl áður. Aðspurður af sama lögmanni, hvort honum hafi verið kunnugt um, hverjar og hve miklar vanefndirnar hafi verið við stefnda, svaraði hann, að það hafi ekki komið fram, hve miklar og í hve miklu magni vanefndirnar voru fólgnar frá stefnanda, en vitað hafi verið um þau 1000 tonn, sem seld voru framhjá samningi við stefndu, þeirra er áður getur, og umdeilanlegt magn, sem hafi verið afgreitt til Ólafs

Gíslasonar & Co. og Bernhards Petersens af loðnumjöli, þ. e. hvort stefndu hafi getað gert kröfu til þess magns. Aðspurður sagði Hermann, að þegar samningur sé gerður og afhendingar miðaðar við ákveðið magn hvern mánuð í nokkra mánuði, og ef ekkert magn er afhent í einn mánuð af tímabilinu, þá hafi hann litið svo á, að magn þess mánaðar væri þar með ekki fallið niður. Hann kvað misjafnlega langan tíma hafa tekið að fá greiðslur, sem skapast hafi af vissum ástæðum. Hins vegar hafi jafnan verið krafist greiðslu og þær inntar af höndum. Tók hann fram, að þær innstæður aðalstefnanda, sem fram komi í skilagreinum á dskj. 6, 7 og 8, hafi myndast vegna þess ástands, sem þá var upp komið, og í sambandi við þá samninga, sem gerðir höfðu verið við hina erlendu kaupendur og að framan er getið.

1. Í málinu liggur fyrir aðiljaskýrsla Ólafs Jóhanns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækis aðalstefnanda, dags. 15. desember 1969, en hún hljóðar svo:

„1. Samningur, dags. 22/28 mars 1967, 2450/2800 tonn. Hér gat seljandi valið um, hvað hann vildi afhenda mikið magn innan þeirra takmarka, sem samningurinn segir til um. Seljandi telur, að aldrei hafi átt að afhenda meira upp í þennan samning en 2450 tonn, enda kominn í nokkra erfiðleika með mjölafhendingar, þegar þessu mjöli var afskipað, og alveg fráleitt að ætla, að á meðan svo sé, afhendi seljandi mesta magn, sem afhenda má í einstakan samning.

Ekki kom í ljós, hvernig G. Albertsson hafði skipt afskipuðu mjöli milli samninga fyrr en í lok nóvember 1968, er loksins bárust skilagreinir varðandi óuppgerða samninga.

Þá strax á eftir mótmælir Síldarvinnslan h.f. því í bréfi, dags. 17. desember, að tekið sé svona mikið magn upp í þennan samning. Seljandi telur því, að G. Albertsson hafi skipt afskipuðu mjölmagni rangt og að hann hafi látið 318 tonnum of mikið upp í þennan samning án þess að tala um það við seljanda.

2. Samningur, dags. 22/28 mars 1967, 1400 tonn. Hér telur seljandi sig hafa afhent 163 tonnum of lítið til þess að ná 1400 tonnum. Þó er leyfilegt að afhenda 5% minna magn en samið er um.

Vanefndir seljanda vegna þessa samnings eru því 163.000 ÷ 70.000 = 93.000 kg.

3. Samningur, dags. 6/4 1967, 600 tonn. Hér vantar 98 tonn upp

á það, að seljandi hafi afhent 600 tonn. Vanefndir hans eru því þegar reiknaðar með því að afhenda 95% 98 ÷ 30 = 68 tonn.

Í greinargerð lögfræðings G. Albertssonar eru 100 tonn afskipuð í Önnu Borg 3/8 1967 talin með í þessum samning, en samkvæmt skilagreinum G. Albertssonar í samningi no. 2, og er hér reiknað með því, að skilagreinar séu réttar.

4. Samningur, dags. 18. maí 1967. Heildarframleiðsla Síldarvinnslunnar 1967 af síldarmjöli var 7047 tonn. Framleiðslutölur G. Albertssonar eru algjörlega úr lausu lofti gripnar, og hefur framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar ekki gefið upp annað framleiðslumagn en að framan greinir, og fyrrverandi framkvæmdastjóri hefur líka í símtali staðfest, að hann hefur ekki heldur gefið G. Albertssyni upp annað framleiðslumagn. Í þennan samning eiga því að afhendast 1047 tonn. Afhent voru 653 tonn. Vantar því upp í umsamið magn 394 tonn.

Varðandi dekkunarkaup kaupanda er það að segja, að ekki er hægt að koma auga á, að kaupandi hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna viðskipta sinna við Síldarvinnsluna, nema hvað varðar magn það, er vantar upp á samningana. Þó kaupandi hafi orðið að kaupa eitthvað dýrara mjöl haustið 1967, þá fékk hann í staðinn veturinn 1968 ódýrara mjöl en markaðsverðið var. Þó hann hafi orðið að leggja fram meira fé fyrr en ella, hefur kaupandi sennilega hagnast á þessum drætti, því mjölverð var hærra, þegar afskipun fór fram en þegar hún átti að fara fram.

Síldarvinnslan h.f. hefur aldrei samþykkt greiðslufrest vegna þessara mjölsamninga, og G. Albertsson hafði ekkert umboð til þess að semja um það né annað.

Yfirlit yfir eftirstöðvar mjölsamninga lítur því þannig út.

Vanefndir eru í samning	2	93	tonn
	3	68	—
	4	394	—
		555	tonn
Á móti koma of mikil afhending vegna samnings			
	No. 1	318	tonn
Afskipað með Selá 18/1 1968		175	—
		493	tonn

Mismunur er því 62 tonn, og er minni en í bréfi, dags. 17. desember 1968, vegna þess að hér er tekið tillit til ákvæða samninga um 5% meira eða minna magn.

Sú ráðstöfun kaupanda að hafna mjöli, sendu með Vatnajökli 29/3 1968, vegna gæða er mjög vítaverð. Seljandi afhenti vöruna til kaupanda aðeins vegna þess, að hún átti að ganga upp í áður gerða samninga við hann. Hefðu afhendingar seljanda verið meiri en um var samið, ef þessi farmur væri tekinn með. Eðlilegt hefði verið, að venjulegur afsláttur væri veittur kaupanda vegna hámarks fitu í þessu mjöli, en óeðlilegt, að kaupandi neiti vörunni alveg.

Eins og fram hefur komið hér á undan, eru vanefndir Síldarv. vegna mjölsamninga 1967 óverulegar.

Kröfugerð G. Albertssonar í þessu máli var alltaf slík, að þar gat aldrei komið neitt samkomulag til greina.

Framleiðslumagn Síldarvinnslunnar á síldarmjöli 1967 var G. Albertss. gefið upp hvað eftir annað haustið 1968 og að lokum í bréfi 17. desember 1968, þar sem G. Albertsson tók aldrei neitt tillit til þessara upplýsinga, var aldrei um neinn samningsgrundvöll að ræða.

5. Samningur gerður 7. mars 1968, 3.000 tonn. Framleiðsla til 1. nóvember var 465 tonn, en lengra nær þessi samningur ekki. Heildarframleiðsla Síldarvinnslunnar var 590,5 tonn. Þar sem fyrrnefndur samningur náði ekki nema til október, taldi seljandi sig hafa leyfi til þess að ráðstafa nóvember og desember framleiðslu eins og hann taldi heppilegast. Vanefndir vegna þessa samnings eru því um 10 tonn. Heildarvanefndir eru því 72 tonn, og er það magn ekki í neinu samræmi við kröfugerð G. Albertssonar, eins og komið hefur fram hér á undan."

Skýrslu þessa staðfesti Ólafur Gunnarsson fyrir dómi að vera rétta. Þar gat hann þess, að framleiðsla verksmiðjunnar hafi verið fengin ýmsum aðiljum til sölu, þ. á m. gegnstefnendum, sem hann sagði að hefðu selt meginhluta framleiðslu verksmiðjunnar undanfarin ár. Gat hann þess, að gagnstefnendum hafi verið kunnugt um, að verksmiðjan hafi skipt við aðra aðilja um sölu framleiðslunnar á þessum árum. Þá gat hann þess, að þar sem í þriðja tölulið í skýrslunni um 100 tonn afskipuð í m/s Önnu Borg, þá sé um að ræða millifærslu. Samkvæmt skilagrein frá gagnstefnendum, sem aðalstefnandi hafi fengið, hafi 100 tonn með m/s Önnu Borg

verið talin með upp í samning samkvæmt tölulið 2 í aðiljaskýrslunni, en samkvæmt mjölyfirliti verksmiðjunnar (dskj. nr. 28) og í greinargerð gagnstefnenda séu umrædd 100 tonn talin í samningi samkvæmt tölulið 3 í aðiljaskýrslunni. Sagði Ólafur, að mjöl það, sem gagnstefnendur hefðu hafnað og sent hafi verið með Vatnajökli 29. mars 1968, hafi verið loðnumjöl. Kvað hann öllum hafa verið kunnugt, að það hafi verið annað en síldarmjöl. Hins vegar hafi efnagreiningar mjölsins borið með sér, að það var mjög líkt og annað mjöl, sem gagnstefnendur hefðu tekið við. Hann kvaðst ekki hafa verið framkvæmdastjóri aðalstefnanda á því tímabili, sem hér umrædd söluviðskipti áttu sér stað. Hann hafi tekið við því starfi í júní 1968. Sagði hann, að hann hafi í aðiljaskýrslu sinni stuðst við bókhald fyrirtækisins og samtöl við fyrrverandi framkvæmdastjóra, Hermann Lárusson.

Aðilja greinir mjög á um framleiðslumagn aðalstefnanda á fiskimjöli á árunum 1967 og 1968, en á því byggist, í hve miklu magni vanefnd aðalstefnanda nam samkvæmt samningunum. Hafa aðiljar hvor um sig lagt fram fjölmörg gögn til stuðnings fullyrðingum sínum að þessu leyti. Í aðiljaskýrslu Ólafs Gunnarssonar, þeirri er áður er rakin, kemur fram fullyrðing aðalstefnanda um framleiðslumagnið og að hve miklu leyti vanefnd hans var. Í greinargerð gagnstefnenda í aðalsök eru hins vegar þessi atriði rakin og skýrð, og þykir rétt til glöggvunar að taka það upp, en það hljóðar svo:

„Umbj. m. hefur margsinnis skorað á stefnanda að leggja fram fullnægjandi gögn um framleiðslumagn 1967 og 1968, því að þær upplýsingar eru grundvöllur þess, að umbj. m. geti gert sér grein fyrir tjóni viðsemjenda sinna vegna vanefndanna og reiknað það nákvæmlega út.

Umbj. m. hefur að vísu tölur að styðjast við í þessu efni, m. a. frá opinberum aðilum. Þeim tölum ber þó eigi að öllu leyti saman. Eftir því sem umbj. m. kemst næst, nam framleiðsla stefnanda á síldarmjöli 1967 7500 eða 8500 tonnum, en 1968 974 eða 605 tonnum. Umbj. m. heldur því fram, að hærri tölurnar séu réttari. Sé árið 1967 fyrst tekið til athugunar, kemur í ljós, að vanafhent magn hefur numið 1922 tonnum miðað við hærri magntölu ársframleiðslunnar, en 922 tonnum miðað við þá lægri. Til glöggvunar fer hér á eftir nákvæm sundurliðun á því, hvernig hið vanafhenta magn 1967 kemur fram:

Samningar '67	Umsamið magn	Afhending eftir framl. magni	Afhent upp í samninga
22/28 mars	2775 tonn	0—4000 ÷ 1225	2778 tn.
22/28 mars	1400 —	4000—5400 ÷ 0	1139 —
6. apríl	600 —	5400—6000 ÷ 0	600 —
18. maí	2700 —	6000—8700 ÷ 200	831 —
	7475 tonn		5348 tn.
	÷ 200 —		
	7275 tonn		

Heildarframleiðsla 1967		8500 tonn
Afskipað samkvæmt framanskráðu	÷	5348 —
		3152 tonn
Afskipað með m/s Selá 18/1 1968		180 —
		2972 tonn
Til eigin ráðstöfunar fyrir stefnanda af fyrstu 4000 tonum	÷	1225 —
		1747 tonn
Sending með m/s Vatnajökli 29/3 hafnað sem afhendingu upp í samninga vegna galla, sbr. dskj. nr. 3.	÷	175 —
		1922 tonn

Sé miðað við lægri magntöluna 7500 tonn, lækkar niðurstöðutalan einfaldlega úr 1922 tonnum í 922 tonn.

Til skýringar skal tekið fram, að ágreiningslaust er af hálfu umbj. m., að rétt efnd á fyrsta samningi 1967 hafi verið 2775. Varð í reynd 2778, sbr. hér að framan. Mismun 2775 tonna og 4000 tonna af fyrstu framleiðslu var stefnanda frjálst að selja öðrum, en ekkert af magni umfram 4000 að 8700 tonnum, svo sem skýrt ræðst af samningunum á dskj. nr. 13—16. Samkvæmt töflunni hér að ofan hefur stefnandi afhent 3 tonn umfram skyldu skv. 1. samningi, 161 tonn minna en honum bar skv. 2. samningi, rétt magn skv. 3. samningi og 1669 tonnum of lítið skv. 4. samningi. Gert er ráð fyrir, að hámarksframleiðslan 1967 hafi verið 8500 tonn. Fullefnd á 4. samningi gerir samtals 8700 tonn, eða 200 tonn umfram framleitt magn, og dregst því sú tala frá.

Varðandi 175 tonn með m/s Vatnajökli er það að athuga, að sú sending fullnægði ekki áskildum gæðum skv. samningi og fór því til kaupenda sem afhending utan samninga. Sending þessi bætist því við vanafhent magn.

Svo sem áður er rakið, var aðeins einn samningur gerður milli málsaðila 1968, dags. 7. mars 1968, að magni 3000 tonn. Stefnandi gerir engar kröfur á grundvelli þess samnings. Eftir því sem umbj. m. hefur getað komist næst, var endanlegt framleiðslumagn stefnanda af síldarmjöli 1968 974 eða 605 tonn. Stefnandi afhenti upp í þennan samning alls 455 tonn. Miðað við hærri magntöluna nemur þá vanafhent magn 519 tonnum, en 150 tonnum miðað við þá síðari."

Eins og málsatvikum er háttað, þykir henta að dæma báðar sakir í einu lagi, aðalsök og gagnsök. Verða nú rök aðilja rakin fyrir kröfum þeirra.

Krafa aðalstefnanda í aðalsökinni er byggð á skilagreinum frá gagnstefnanda fyrir afhent fiskimjöl samkvæmt samningum aðiljanna (dskj. nr. 3, 4, 5, 6, 7, 8, og 57), en samtals nemur inneign aðalstefnanda hjá gagnstefnendum samkvæmt skilagreinum kröfufjárhæð hans í aðalsökinni, eins og hún er, eða kr. 2.367.556.23.

Sýknukröfu sína í aðalsökinni styðja gagnstefnendur þeim rökum, að krafa aðalstefnanda, sem í sjálfu sér sé eigi vefengt, að sé rétt út af fyrir sig reikningslega, sé mun lægri en réttmæt gagnkrafa þeirra á hendur aðalstefnanda á grundvelli vanefnda hans á samningsskyldum sínum. Þeir kveðast vita fyrir víst um það verð, er mjölkaupendur urðu að greiða fyrir það mjöl, sem þeir urðu að kaupa erlendis í stað þess, sem þeir fengu ekki afhent. Sé það allmiklu hærra en umsamið verð í samningunum við aðalstefnanda, eða að meðaltali 19s. 6d. pr. einingu protein pr. 1000 kg í stað samningsverðs 16s. og 6d. og 15s. og 9d. pr. einingu pr. 1000 kg, mismunandi eftir samningum. Sé miðað við þennan mun á umsömdu verði og dekkunarverði miðað við framleiðslumagn 1967, sem sé 7500 tonn og þá vanafhent 922 tonn, mundi samningsvirði þess magns nema alls £ 51.712 14s. 0d., en dekkunarverð £ 64.724 8s. 0d. Mismunurinn sé £ 12.012 6s. 0d., eða í ísl. kr. á gengi 210.20 kr. 2.524.985.50 hærra dekkunarverð. Sé aftur á móti miðað við framleiðslumagn 1967 sem 8500 tonn, nemi mismunurinn í ísl. kr., kr. 5.362.865.50 hærra dekkunarverð. Að því er varðar árið 1968, þá hafi umsamið verð samkvæmt samningnum á dskj. nr. 17 verið 16s. og 9d. og 17s. og 0d. per einingu protein pr. 1000 kg. Dekkunarverð nemi aftur á móti 19s.

og 6d. Miðað við framleitt magn það ár 974 og þar með vanefnt magn 455 tonn nemi umsamið verð £ 31.659 0s. 0d., en dekkunarverð £ 36.433 16s. 0d. Mismunur sé hærra dekkunarverð, sem nemur £ 4.774 16s 0d., eða í ísl. kr. á gengi 210.20 kr. 1.003.663.00. Sé hins vegar miðað við lægri magntöluna, 605 tonn, nemi verðmismunurinn í ísl. kr. 283.770.00, þ. e. dekkunarverðið hærra en hið umsamda verð sem því nemi.

Krafa gagnstefnenda í gagnsökinni er studd sömu rökum, þ. e. að aðalstefnandi hafi vísvitandi og gegn eindregnum ítrekuðum mótmælum þeirra vanefnt fullnustu sölusamninga á síldarmjöli sem gerðir voru milli aðilja á árunum 1967 og 1968, en afleiðing þeirra vanefnda hafi orðið sú, að hinir erlendu kaupendur að mjölinu hafi ekki fengið umsamið mjöl á umsömdu verði til framleiðslu sinnar og af þeim sökum orðið að kaupa mjöl annars staðar í þess stað, er þeir fóru á mis við, til að geta haldið myllum sínum gangandi og fullnægt þörfum sinna kaupunauta. Þeir hafi að sjálfsögðu þurft að sæta markaðskjörum á því mjöli, er þeir þannig keyptu í staðinn, en þau kaup hafi orðið mun óhagstæðari en þau kjör, sem þeir áttu að njóta í viðskiptum við aðalstefnanda. Til þess að ákveða gagnkröfu hafi verið nauðsynlegt að vita, hvert var framleiðslumagn aðalstefnanda á síldarmjöli umrædd ár 1967 og 1968. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir til aðalstefnanda að leggja fram réttar og óyggjandi framleiðslutölur hefur hann eigi sinnt því. Gagnstefnendur hafi því valið þann kost að miða framleiðslumagnið við uppgefnar tölur frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda. Nemi framleiðslumagnið samkvæmt þeim tölum 8524 tonnum árið 1967, en 974 tonnum árið 1968. Upp í umsamið magn vanti því 1946 tonn af framleiðslumagni 1967, en 455 tonn af framleiðslumagni 1968, sem aðalstefnandi hafi verið skuldbundinn til að afhenda. Hið hærra verð, sem orðið hafi að greiða fyrir mjölmagn þetta við dekkunarkaup erlendis, hafi numið þeirri fjárhæð, sem aðalstefnandi gerir í upphafi kröfu til greiðslu á í aðalsökinni, kr. 2.019.560.83, og til viðbótar kr. 4.414.892.47, eða samtals kr. 6.434.453.30, en þetta sé nánar sundurliðað á dskj. nr. 49, 50 og 51. Þar til frádráttar beri hins vegar að koma inneign aðalstefnanda samkvæmt skilagrein í apríl 1969, kr. 347.995.40, en það er sú fjárhæð, sem fjárhæð í aðalsök hækkaði um á síðara stigi málsins, svo sem áður greinir. Mismunurinn, kr. 4.066.897.07, sé því sú upphæð, sem gangi af við skuldajöfnuð við upprunanlegu kröfu aðalstefnanda í aðalsök og verði stefnufjárhæð gagnsakar. Er aðallega krafist greiðslu í

sterlingspundum, þar sem kaupsamningar miði við þann gjaldmiðil, bæði samningarnir milli aðilja þessa máls og samningar gagnstefnenda við hina erlendu kaupendur, en greiðsla bóta til dekkunarkaupa hafi farið fram í þeim gjaldmiðli.

Sýknukrafa aðalstefnanda í gagnsökinni er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að gagnstefnendur hafi ekki lagt fram neinar kvittanir eða aðrar sannanir frá hinum bresku kaupendum um að hafa greitt nokkrar bætur til þeirra. Í framlögðum skjölum gagnstefnenda, bæði í aðalsök og gagnsök, komi hvergi fram, að þeir (gagnstefnendur) hafi nokkurn tíma þurft að greiða bætur til breskra kaupenda eða yfirleitt beðið nokkuð tjón vegna vanefnda aðalstefnanda á kaupsamningum þeim, sem um ræðir í málinu. Í annan stað byggir aðalstefnandi sýknukröfu sína á því, að ekki sé sannað, að hinir bresku kaupendur hafi beðið nokkurt tjón vegna vanefnda aðalstefnanda. Um slíkt hafi engin yfirlýsing frá þeim komið eða nokkurt sönnunargagn komið fram, hvorki í aðalsök né gagnsök, sem styðji þá fullyrðingu gagnstefnenda. Varðandi dekkunarkaup hinna bresku kaupenda sé það að segja, að ekki sé hægt að koma auga á, að kaupendurnir hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna viðskipta sinna við gagnstefnendur. Þó kaupandi hafi orðið að kaupa eitthvað dýrara mjöl haustið 1967, sem þó sé ómótmælt sem ósönnuðu, þá hafi hann fengið í staðinn veturinn 1968 ódýrara verð en markaðsverðið var. Þó gagnstefnendur hefðu orðið að leggja fram meira fé fyrr en ella, hefðu þeir sennilega hagnast á þeim drætti, þar sem mjölverð hafi verið hærra, þegar afskipun fór fram en þegar hún átti að fara fram.

Til stuðnings varakröfu sinni vísa gagnstefnendur til aðiljaskýrslu Ólafs Gunnarssonar, sem að framan er rakin, um það, í hve miklu magni vanefndir aðalstefnanda hafi verið. Forsendur gagnstefnenda við ákvörðun upphæðar gagnkröfu séu alrangar. Þeir styðjist við uppgefnar tölur frá Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, en það félag fær sínar tölur frá Fiskifélagi Íslands. Uppgefnar framleiðslutölur Félags íslenskra fiskimjölsframleiðenda hafi þann tilgang einan, að reikna út atkvæðismátt hvers fiskimjölsframleiðanda hjá félaginu. Þær framleiðslutölur séu gefnar út í dreifibréfi og aðeins til félagsmanna félagsins og hafi þær ekkert opinbert gildi og alls ekkert sönnunargildi um endanlegt og rétt framleiðslumagn hvers félags. Telji gagnstefnendur uppgefnar framleiðslutölur aðalstefnanda rangar, þá verði þeir að sanna slíkt, en gagnstefnendur hafi vefengt þessar uppgefnu framleiðslutölur án sérstaks tilefnis og réttlætt m. a. synjun sína

á greiðslu stefnukrafna á röngum uppgefnum framleiðslutölum. Aðalstefnandi verði vissulega ekki skaðabótaskyldur fyrir vanefndir sínar einar saman. Hinir bresku kaupendur eigi því aðeins bótakröfurétt, að þeir sanni tjón vegna vanefndanna, en það hafi þeir aldrei gert og heldur aldrei komið fram með bótakröfu.

Krafa aðalstefnanda í aðalsökinni eru greiðslur fyrir afhent mjöl samkvæmt samningunum milli aðija um sölu mjöls árið 1967 og 1968. Þessar greiðslur eru í samræmi við skilagreinar frá gagnstefnendum sjálfum og ekki vefengdar af þeim tölulega, eins og fyrr greinir. Aðalstefnandi á því réttmæta kröfu til greislna þessara úr hendi gagnstefnanda.

Eins og fyrr greinir er krafa gagnstefnenda í málinu greiðsla fébóta, sem þeir hafi orðið að greiða hinum erlendu kaupendum mjölsins vegna vanefnda aðalstefnanda á afhendingu mjöls upp í gerða samninga, svo sem segir í gagnstefnu: „greiðsla bóta fór fram í þeim gjaldmiðli (2)", og í greinargerð gagnstefnenda í gagnsök: „. . . . fjárhæðir þær, sem dekkunarkaup vegna vanefnda kostuðu umbj. m.". Til stuðnings þessum kröfum hafa gagnstefnendur lagt fram ljósrit af „telex"-skeyti til sín, ódagsettu, og sýnir ekki annan sendanda en „oseddego Ldn", en þar segir í þýðingu dómsins, að „við staðfestum, að G. Albertsson hafi upplýst, að vanefndir á afhendingu síldarmjöls frá 1967, sem kaupendur munnlega hafa fallist á að framlengt yrði fram á síldarvertíð 1968 án bóta, séu fyrir árið 1967 1946 tonn og fyrir árið 1968 519 tonn. Kröfur vegna þessara vanefnda verða gerðar í samræmi við verðmismun á því mjöli, sem afhenda átti, og þess verðs á síldarmjöli, sem þurft hafi að kaupa til fullra efnda." Gagnstefnendur hafa engin gögn önnur lagt fram um það, að hinir erlendu kaupendur hafi gert kröfu til þeirra um greiðslu skaðabóta vegna vanefndanna né heldur gögn um það, að þeir hafi greitt til þeirra bætur þrátt fyrir áskoranir aðalstefnanda um framlagningu slíkra gagna. Það þykir því alls ósannað af hálfu gagnstefnenda, að þeir hafi orðið að greiða bætur vegna vanefndanna. Af þeim sökum er eigi unnt að taka til greina gagnkröfu þeirra í málinu.

Niðurstaða málsins verður því sú samkvæmt framansögðu í aðalsök og gagnsök, að dæma ber gagnstefnendur til að greiða aðalstefnanda þá fjárhæð, sem hann gerir nú kröfu til í aðalsökinni, þó þannig, að hæð vaxta ákveðst 7 af hundraði af hverri fjárhæð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnstefnendur til að greiða aðalstefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 190.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Vilhjálmssyni prófessor og Hafsteini Bergþórssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Gagnstefnendur, Guðmundur Albertsson og Hörður G. Albertsson persónulega og fyrir hönd firmans G. Albertsson, greiði aðalstefnanda, Síldarvinnslunni h/f, Neskaupstað, kr. 2.367.556.23 með 7% ársvöxtum af kr. 275.955.27 frá 19. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 181.905.40 frá 22. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 337.524.88 frá 29. desember 1967 til greiðsludags, af kr. 1.016.545.63 frá 22. mars 1968 til greiðsludags, af kr. 684.251.58 frá 10. apríl 1968 til greiðsludags, af kr. 323.378.07 frá 20. maí 1968 til greiðsludags og af kr. 347.995.40 frá 4. janúar 1969 til greiðsludags, en að frádregnum vöxtum af innborgun kr. 800.000.00 frá 26. nóvember 1968 til greiðsludags, svo og kr. 190.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. mars 1974.

Nr. 148/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Friðriki Sigfússyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu og vitni verið yfirheyrð.

Jóhanna Jónsdóttir verkakona, Brekkugötu 37 á Akureyri, skýrir svo frá, að þriðjudagskvöldið 18. apríl 1972, kvöldið áður en atburður sá varð, er mál þetta er risið af, hafi ákærði verið mjög drukkinn. Hann hafi þá um kvöldið nokkru eftir miðnætti farið með henni og systur hennar heim til þeirra og gist þar um nóttina. Næsta morgun hafi hann svo ekið systur hennar til vinnu. Segist Jóhanna þá ekki hafa séð „bein áfengisáhrif" á ákærða, en hann hafi „verið greinilega timbraður". Um klukkan 0830 morgun þennan, er ákærði kom aftur heim til hennar eftir ökuóhappið, kveðst hún hafa séð greinileg áfengisáhrif á honum og segist vera viss um, að hann hafi neytt áfengis, eftir að hann fór heiman að frá henni um morguninn.

Lögreglumenn þeir, Þorsteinn Hallfreðsson og Ingimar Skjóldal, er færðu ákærða á lögreglustöðina, og Gunnar Randversson, sem yfirheyrði hann þar, kveða skýrslur sínar í máli þessu réttar. Ingimar Skjóldal segir sér strax hafa orðið ljóst, er hann sá ákærða í sjúkrahúsinu, að hann væri undir áfengisáhrifum, og Þorsteinn Hallfreðsson kveður ákærða hafa verið greinilega þannig á sig kominn. Gunnar Randversson ber, að útlit ákærða hafi bent til þess, að um áfengisneyslu

gæti hafa verið að ræða hjá honum, og öndunarsýni hafi gefið það til kynna.

Af því, sem nú hefur verið rakið, og með skírskotun til héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

Aðfinnsluvert er, að héraðsdómari hefur látið undir höfuð leggjast, að vitni staðfestu vætti sín með eiði eða drengskaparheiti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Friðrik Sigfússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 5. janúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 21. ágúst 1972, á hendur Friðriki Sigfússyni sjómanni, Brekkugötu 32, Akureyri, fæddum 14. september 1950 á Akureyri, fyrir að aka miðvikudaginn 19. apríl 1972 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 2344 frá Brekkugötu 37 á Akureyri að Spítalavegi 15 og þaðan áfram götuna og aka þá svo óvarlega, að bifreiðin hafnaði á steinvegg skammt norðan við gatnamót Lækjargötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45 gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 19. apríl 1972, klukkan 0730, var tilkynnt símleiðis á lögreglustöðina á Akureyri, að bif-

reiðinni A 2344 hefði verið ekið á steinvegg neðst í Spítalavegi skammt norðan við Lækjargötu.

Skömmu síðar hringdi Friðrik Sigfússon, ákærði í máli þessu, einnig á lögreglustöðina og kvaðst vera staddur á sjúkrahúsinu, en þangað hefði hann farið með Lúðvík Magnússon, sem verið hefði farþegi í framangreindri bifreið, er henni var ekið á steinvegginn, en sjálfur kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni.

Lögreglumenn fóru að skoða vettvang og einnig að sjúkrahúsinu og höfðu tal af ákærða. Virtist þeim þá útlit ákærða benda til þess, að hann hefði neytt áfengis. Enn fremur staðfesti öndunarsýni, að svo hefði verið. Var ákærði því handtekinn og fluttur á lögregluvarðstofuna, þar sem tekið var úr honum blóðsýnishorn, sem við rannsókn reyndist innihalda 0.73 ‰ af alkóhóli.

Þegar eftir handtökuna var tekin lögregluskýrsla af ákærða. Einnig þann 21. apríl 1972 mætti ákærði aftur til yfirheyrslu hjá lögreglu. Skýrði ákærði svo frá, að hann hefði umræddan morgun, um klukkan 0300, ekið bifreiðinni A 2344 suður Spítalaveg og hefði farþegi, Lúðvík Magnússon, setið í framsæti. Taldi ákærði, að ökuhraðinn hefði verið innan við leyfilegan hámarkshraða (35 km miðað við klst). Ákærði kvaðst hafa misst vald á bifreiðinni, er hann kom neðarlega í Spítalaveginn, með þeim afleiðingum, að framendi bifreiðarinnar lenti á steinsteyptum vegg vestan götunnar. Síðan hefði bifreiðin snúist til og slegið afturendanum í vegginn og stöðvast þannig. Ekki kvaðst ákærði gera sér grein fyrir ástæðu þess, að hann missti vald á bifreiðinni, en áleit, að bifreiðin hefði skrikað til í lausamöl, er hann steig á hemla. Ákærði kvað farþega sinn, Lúðvík, hafa lent með vinstra hné á mælaborðinu við árekstur inn og skorist nokkuð og einnig fengið skrámur á enni.

Ákærði viðurkenndi að hafa neytt áfengis kvöldið áður til klukkan 2200, ca. 1/2 flösku af Vodka, og þá verið nokkuð drukkinn. Hann neitaði því hins vegar að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Farþegi ákærða, Lúðvík Magnússon, fæddur 3. apríl 1943, var yfirheyrður af lögreglu þann 23. apríl 1972. Skýrði hann eins frá atvikum og ákærði.

Hann kvaðst ekkert hafa séð athugavert í fari ákærða og ekki gera sér grein fyrir ástæðu þess, að hann missti vald á bifreiðinni.

Þann 27. júlí 1972 kom ákærði fyrir dóm og skýrði þá svo frá, að hann hefði í umrætt sinn tekið bifreiðina til aksturs við Brekkugötu 37 og ekið þaðan rakleitt að Spítalavegi 15. Á Eyrarlandsvegi

hefði hann mætt Lúðvík Magnússyni og tekið hann upp í bifreiðina. Hann kvaðst strax hafa haldið frá Spítalavegi 15 áfram þá götu, þar til bifreiðin rakst á steinvegginn. Ákærði skýrði á sama veg frá árekstrinum og áfengisneyslu sinni og fyrir lögreglunni. Hann ítrekaði neitun sína um að hafa fundið til áfengisáhrifa.

Útliti og einkennum ákærða lýsir lögreglan svo í lögregluskýrslu, að af honum hafi verið lítils háttar áfengisþefur, andlit þrútið og augu rauð. Jafnvægi hins vegar stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Með eigin framburði ákærða um akstur sinn og áfengisneyslu svo og niðurstöðu blóðrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir brot ákærða nægjanlega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og varðar það við þar greind lagaákvæði.

Ákærði hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum sem hér segir:

1966 5/1 á Akureyri: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1966 15/4 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. lögreglusamþykktar.

1966 26/8 á Akureyri: 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1966 26/8 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1966 31/8 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1966 16/11 á Akureyri: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 106. gr. hegningarlaga.

1967 28/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1967 9/11 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1968 29/5 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar. Greiði skaðabætur kr. 270.00.

1968 29/10 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 10/1 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

1969 11/2 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 2/10 á Akureyri: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 4 mánuði frá 2. október 1969.

1971 30/3 á Akureyri: Sátt, 2.500 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 257. gr. sömu laga.

1971 9/6 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

Með vísan til refsigreina þeirra, er í ákæru greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að dæma ákærða til ævilangrar ökuleyfissviptingar frá 27. júlí 1972 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Friðrik Sigfússon, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27. júlí 1972 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. mars 1974.

Nr. 96/1971: **Haukur Magnússon og Þórir Magnússon**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigþóri Sigurðssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Yfirlandskiptagerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Jón Ísberg sýslumaður og meðdómendurnir Jón Tryggvason oddviti og Guðbjartur Guðmundsson ráðunautur.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1971. Krefjast þeir þess, að felld verði úr gildi yfirskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots, sem var gerð 16. október 1962. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjendum verði dæmt að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ný gögn.

Af gögnum máls verður ráðið, að áfrýjendur hafi eigi síðar en á árinu 1963 lýst því, að þeir vildu ekki una yfirlandskiptum, og gert kröfur um leiðréttingu þeirra. Virðist eftir það hafa verið gerðar langvinnar tilraunir til að leysa ágreining aðilja með samkomulagi. Samkvæmt því verður ekki talið, að áfrýjendur hafi með tómlæti um vefengingu á yfirlandskiptum glatað rétti til að leita til dómstóla um ógildingu á þeim.

Aðiljar voru sammála um, að skipti neðan þjóðvegarins að meðtöldu túni Brekkukots, sem gerð voru 20. maí 1913, héldust óbreytt. Yfirlandskiptamenn hafi við skiptin ofan vegar úthlutað Brekku 13.7 ha úr landi jarðarinnar Litlu-Giljár.

Grundvöllur yfirlandskiptanna er að þessu leyti rangur, og ber þegar af þessari ástæðu að fella yfirlandskiptagerðina frá 16. október úr gildi og ákveða, að yfirlandskipti skuli fara fram af nýju.

Í málinu er ágreiningur um heildarstærð jarðanna og þeirra jarðarparta, sem komu í hlut hvors aðilja við skiptin. Eftir málflutningi fyrir Hæstarétti virðist enn fremur vera einhver ágreiningur um vesturmörk jarðanna á Vatnsdalsfjalli, en það ber að athuga, áður en skipti fara fram, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1941.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um laun talsmanna aðilja.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Landskiptagerð yfirlandskiptanefndar frá 16. október 1962 á landi Brekku og Brekkukots í Sveinsstaðahreppi er úr gildi felld, og skulu yfirlandskipti fara fram af nýju.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um laun talsmanna aðilja.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 28. maí 1971.

Mál þetta var tekið til dóms 1. júlí 1970, en vegna nokkurra atriða, sem dómurinn taldi, að þyrftu skýringar við, var það tekið upp aftur og flutt að nýju og endanlega tekið til dóms í dag.

Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 23. júlí 1968 af Hauki Magnússyni bónda, Brekku, og Þóri Magnússyni bónda, Syðri Brekku, gegn Sigþóri Sigurðssyni bónda, Brekkukoti, öllum í Sveinsstaðahreppi.

Stefnendur hafa með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1970, fengið gjafsókn í málinu, og hefur stefndi með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 13. október 1969, fengið gjafvörn í málinu.

Kröfur stefnenda eru, að felld verði úr gildi yfirskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots frá 16. október 1962 og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir

mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi krefst þess aðallega, að framkominni riftunarkröfu verði hrundið og að stefnendum in solidum verði gert að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en til vara, að hin umstefndu yfirskipti verði staðfest, en með þeirri lagfæringu, að norðurendi merkjalínu frá Sandhóli verði vikið til austurs á bökkum Giljár, þannig að geirinn upp til Sandhóls svari að stærð og landgæðum til þriðja parts af þríhyrningi norðvestast í landinu, sem talið er, að eigi hafi átt að falla undir skiptin, og til þrautavara, að verði skiptum hrundið, nái riftunin einnig til undirskiptanna, en málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að í október 1959 fóru fram skipti á óskiptu landi jarðanna Brekku og Brekkukots í Sveinsstaðahreppi. Landskiptum þessum var vísað til yfirlandskiptanna, og voru yfirskiptin og yfirskiptagerð dagsett 16. október 1962. Reynt var mikið til þess að sætta aðilja, en allar slíkar tilraunir reyndust árangurslausar.

Stefnendur, sem ekki vilja una yfirlandskiptunum, byggja riftunarkröfur sínar aðallega á því, að hluta af landi Litlu-Giljár, eða 13.7 ha, hafi yfirlandskiptanefndin tekið með sameiginlegu landi jarðanna og látið koma í hlut Brekku. Auk þess fái Brekkukot meira land en því bar vegna ónákvæmni korta, en landstærðin er aðallega reiknuð út eftir korti gerðu og útfærðu af Landnámi ríkisins, og bera stefnendur þá fyrir sig kort (loftmynd) gert af varnarliði Bandaríkjanna á dskj. nr. 12, sem þeir telja, að gefi réttari mynd af landstærðinni. Dómurinn vefengir ekki í sjálfu sér þetta kort, og bendir á, að allar línur og þeir útreikningar samkvæmt þeim eru gerðir samkvæmt fyrirsögn annars málsaðilja, en ekki þeirra í sameiningu. Á réttarskjölum nr. 11 og 32 eru kort af öllu landi beggja jarðanna, gerð af Landnámi ríkisins og sem yfirskiptanefnd lagði til grundvallar skiptunum. Inn á þau eru ekki færðar tölur, er sýna landstærð. Lögfræðingur stefnda hefur afhent dóminum til notkunar sams konar kort með innfærðum stærðartölum landskiptanefndar að sögn. Til þess að sannreyna þessar tölur fékk dómurinn Þorstein H. Gunnarsson ráðunaut til þess að mæla upp kortið með planómeter. Skakkar þar sama og engu, eða 5 ha á öllu landinu, sem er yfir 1300 ha að stærð. Þá má einnig geta þess, að stærðartölur landshluta samkvæmt kortinu á dómsskj. nr. 12 eru mjög svipaðar og í sumum tilfellum eins og á korti Landnámsins, sem yfirskiptanefndin notaði. Dómurinn mun

því við athugun á landstærð leggja til grundvallar kort Landnáms ríkisins með hliðsjón af mælingu Þorsteins H. Gunnarssonar ráðunauts á dómsskj. nr. 36, er tekur tölur um landstærð frá stefnendum sem viðmiðunartölur, enda hlýtur skekkja á svona stóru og mishæðóttu landi að vera einhver á venjulegu korti í svona mælikvarða.

Þá hefur dómurinn sæmilega yfirsýn yfir landið, því hann ásamt lögmönnum og eigendum, Hauki Magnússyni og Sigþóri Sigurðssyni, fór á vettvang miðvikudaginn 1. júlí, áður en málið var flutt, og litu á landið austan fjallsins eða Geitabólsflóann og landið fram og fjallshlíðina. Næsta dag fór svo dómurinn ásamt eigendum, Sigþóri Sigurðssyni og Þóri Magnússyni, og litu á heimalandið, það er landið neðan vegar og upp frá þjóðvegi að Geitabólsflóanum. Samkvæmt framlögðum gögnum ber að skipta landinu í hlutföllunum 2:1, Brekka 2, Brekkukot 1, og eru aðiljar sammála um að láta þegar gerð skipti á landi neðan þjóðvegar halda sér svo og tún Brekkukots 12.9 ha ofan vegar.

Þá voru aðiljar sammála um að bæta skuli Brekkukoti upp það, sem á vantar, að það fái þriðjung út úr landstærðinni neðan vegar plús 12.9 ha ofan vegar, en það eru 3.7 ha. Stefnendur halda því fram, að samkomulagið um að láta skiptin halda sér neðan vegar plús 12.9 ha ofan vegar byggist á því, að Brekkukoti verði bættir þessir 3.7 ha með nákvæmlega sömu landstærð.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallist, sbr. 3. gr. landskiptalaganna nr. 46/1941. Landi ber að skipta þannig, að notagildi þess verði svipað, en ekki eingöngu farið eftir landstærð, þótt auðvitað beri að hafa hana til hliðsjónar. Stefnendur hafa haldið því fram, að ekki hafi verið tekið tillit til þess af yfirlandskiptanefnd, að Brekku hafi verið skipt í tvær jarðir, og séu skiptin af þeirri ástæðu hæpin, og segir svo í stefnu: „Landræma Brekku frá þjóðvegi og upp á móts við Músagil samkvæmt úrskurði yfirskiptanefndar er langt of mjó til þess, að hún verði klofin í tvennt til umferðar og nytja.“

Dómurinn lítur svo á, að skipta hafi átt sameiginlegu landi Brekku og Brekkukots, en ekki einnig milli Brekkubænda, enda virðist slík krafa ekki hafa komið fram og því séu skiptin rétt, hvað þetta snertir. Rétt er að benda á, að hin tilvitnuðu ummæli gætu valdið misskilningi, þar sem engin breyting er gerð á merkjum ofan vegar (næst veginum) hvorki við undirskiptin né yfirskiptin, enda liggur merkjalínan um tún Brekkukots og getur vart verið nær því en hún er, og úr túninu sveigir hún frá ánni og breikkar

landsvæði Brekku, sem í sjálfu sér hefur ekki raunhæfa þýðingu, hvað umferð snertir, þar sem um er að ræða allbrattar brekkur, sem Brekkukotsbóndinn verður að fara, vilji hann nýta land sitt í fjallinu og hlíðinni upp frá línunni Músagil—Sandhóll.

Dómurinn á í sjálfu sér ekki að vega og meta landstærð og landgæði. Það eiga skiptamenn að gera, en þó verður hann að taka afstöðu til notagildis landsins til þess að geta sagt til um, hvort hrinda beri yfirlandskiptagerðinni að kröfu stefnenda.

Þegar horft er yfir heimalandið, þ. e. landið neðan þjóðvegar og landið milli hugsaðrar línu, dreginnar þar sem Geitabólsflóinn byrjar og upp í fjallsrætur að vestan, fer ekki hjá því, að ljóst virðist vera, að Brekka hafi ekki borið skarðan hlut þar frá borði, og er þá skiptihlutfall og landgæði haft í huga. Svo til allt land Brekku neðan vegar er graslendi og næstum allt ræktanlegt og að mestu ræktað. Þar sem aftur á móti graslendi Brekkukots neðan vegar er engi, sem liggur of lágt til þess að ræsa megi það með þeim aðferðum, sem nú eru notaðar, og allstór hluti landsins er melar sams konar og þeir, sem eru sunnan Brekkukotstúns, og einnig norðan túnsins milli þjóðvegar og Geitabólsflóa, en það land kemur í hlut Brekku, þá virðist ekki ósanngjarnt, að hluti Brekkukots verði eitthvað stærri að flatarmáli en sem nemur skiptahlutfallinu 2:1 til að vega upp landgæðin.

Þegar litið er á kortið, kemur í ljós, að stærð Brekku í þessum landshluta er 197.9 ha, en land Brekkukots 115.6 ha, eða Brekkukot hefur fengið fram yfir í þessum hluta 11.1 ha, sem er að áliti dómsins ekki óeðlilegt, þegar landgæði eru höfð í huga, a. m. k. telur dómurinn þennan stærðarmismun ekki það verulegan, að ógildingu allra skiptanna eigi að valda.

Þá telja stefnendur sig vanhaldna af skiptingu fjalllendisins, þeir fái tiltölulega stórt land og meira en þeim bæri að flatarmáli, en það liggi fjær og sé mikið minna gróið en það, sem kemur í hlut Brekkukots, og að sumu leyti sé það mínus fyrir Brekku að fá þetta land, þar sem gera verði að því skil, en gagnið af því er mjög lítið. Það er útaf fyrir sig alveg rétt, að fjallendi Brekku liggur fjær en fjallendi Brekkukots og er einnig minna gróið, ef litið er á heildina. Fjallshlíðin, sem kemur í hlut Brekkukots, er betur gróin en fjallshlíðin fram af og mikið hægar um vik að nýta hana og sennilega hægt að girða hana af, svo að fé sleppi ekki. Fjallshlíðin, sem fellur í hlut Brekkukots, er talin vera ca. 157 ha, og af þeim hluta er nokkur hluti gróið land. Þó er allt fjalllendið, sem lendir í hlut Brekkukots, gróið og ógróið, ekki

stærra en á að giska undirlandið framan Sandhóls, sem lendir í hlut Brekku, og hefur Brekka þá fjallendið, sem gróið er, sem uppbót. En allt fjalllendið skiptist allt að því í hlutföllum 4:1 Brekku í vil.

Þá er komið að aðaldeiluefninu, stærðarhlutfalli í Geitabólsflóanum og 98 ha spildu framan hans, sem Brekkukoti var úthlutað við yfirskiptin, svo og 13.7 ha, sem teknir voru með vegna mistaka af landi Litlu-Giljár. Hvernig þessi skekkja komst inn, hefur ekki verið kannað, en þar er orð á móti orði, enda aukaatriði í sjálfu sér.

Skekkjan er viðurkennd, og hana ber að leiðrétta, enda auðvelt. Af þessum 13.7 ha, sem látnir voru koma í hlut Brekku, ber Brekkukoti að skila 1/3 eða ca. 4.57 ha til baka, og er rétt, að yfirlandskiptanefndin mæli út þessa spildu úr sambærilegu landi og láti Brekku í té, enda sé notagildi sama, eða á stærðinni sé tekið til notagildis og landgæða landsins, svo að Brekka fái í sinn hlut sambærilegt land. Geitabólsflóinn er talinn vera ca. 157 ha, og er þá meðtalið það land, sem er eign Litlu-Giljár. Landsvæði fyrir framan Sandhól, sem kemur í hlut Brekkukots, er 98 ha, eða samtals 255 ha, frá þessu dregst hluti Liltlu-Giljár, eða 13.7 ha, svo eftir verður 241.3 ha, eða ef skipt er í réttum flatarmálshlutföllum í hlut Brekku 160.9 og Brekkukots 80.4, eða Brekkukot hefur fengið þarna um 13 ha umfram það, sem þeim bar, ef miðað er við flatarmál landsins. (Hluti Brekkukots 98 ha mínus 1/3 af hluta Litlu-Giljár, eða um 4.6 ha, eða 93.4 ha). Þegar ákvæði 3. gr. landskiptalaganna eru höfð í huga og miðað við landgæði og nýtingaraðstöðu, þá lítur dómurinn svo á, að sú ráðstöfun yfirskiptanefndar að láta Brekkukot fá þarna umfram tölulegt skiptahlutfall 13 ha geti ekki talist óeðlileg ráðstöfun, eða að minnsta kosti ekki svo fjarri lagi, að af þeirri ástæðu beri að ónýta yfirlandskiptin.

Að lokum telja stefnendur skiptingu landsins sem heild óheppilega og aðstöðu alla til búreksturs stórversna, og þá einkum vegna þess, að beitarhúsin á Geitabóli verði ekki nýtt sem skyldi eftir krossskiptingu, eða eins og segir í dómsskjali 26, „krossskipting sú um Sandhól, sem yfirskiptanefnd viðhafði, veldur því, að búrekstrargildi jarðanna Brekku og Syðri Brekku hefir breyst til hins verra. Svo og væru öll mannvirki á Geitabóli orðin fányt frá þeirri stund sem girt væri eftir þessum krossmerkjum."

Dómurinn lítur svo á, að full djúpt sé tekið í árinni í framanritaðri tilvitnun. Krossskipting geti ekki haft úrslitaáhrif á bú-

rekstrargildi, og virðist svo sem önnur leið en krossskipti hafi ekki verið fær við skipti milli þessara jarða. Samkvæmt landskiptalögum ber að skipta landi þannig, að hver jarðarhluti verði sem heillegastur, þannig að næsta fjalllendi hlaut að koma í hlut Brekkukots. Ákvæði samningsaðilja um að virða fyrri skipti á landi neðan þjóðvegar kemur í veg fyrir breiðari spildur frá merkjum Litlu-Giljár að túni Brekkukots, og línan úr túninu liggur skáhallt á brattann í áttina að Músagili, og línan Músagil—Sandhóll getur vart verið mikið nær fjallinu, ef girðing væri hugsuð á línunni, þannig að skerða hefði þurft fjalllendi Brekkukots að framan upp af Geitaból, ef hlutur þess hefði orðið of mikill í fjalllendinu að áliti yfirskiptanefndar, þannig að sá fjalllendisviðauki, sem Brekka hafði þannig fengið, getur ekki hafa haft neina raunhæfa úrslitaþýðingu fyrir „búrekstrargildi" jarðanna. Og er þá haft í huga, að önnur leið er ekki til upp að Geitaból en um núverandi land Brekku samkvæmt yfirskiptum.

Yfirskiptanefnd gat auðvitað látið Brekkukot fá ræktunarland úr Geitabólsflóanum næst merkjum Liltu-Giljár og hefði sú sneið auðvitað verið mikið minni en 98 ha vegna þess, að hún hefði orðið unginn úr flóanum, og þá hefði Brekkukot orðið að fá umferðarrétt yfir landsvæði Brekku og hefði það getað valdið Brekkubændum, stefnendum, óhagræði. Þegar á allt er litið, er hæpið, að hægt hefði verið að skipta öðruvísi en með krossskiptingu landsins, úr því að búið var að binda sig við skiptingu neðan þjóðvegar, en hefði það ekki verið, hefði Brekkukot getað fengið væna sneið þar af ræktunarlandi, svo aldrei hefði komið til álita að láta það hafa ræktunarland uppi á flóanum. Enn má benda á, að krossskipting er síður en svo bönnuð í landskiptalögum og hefur verið viðurkennd nauðsyn í sumum tilfellum af dómstólunum. Með vísan til þessa, sem að framan hefur verið rakið, þykja ekki fram komin nægileg rök til þess að hnekkja skiptagerð yfirskiptagerðar frá 16. október 1962 í heild, heldur aðeins að leggja fyrir yfirlandskiptanefndina að mæla úr landi Brekkukots Brekku til handa landskika, sem svarar þriðjung að stærð, notagildi og landgæðum, sneiðar þeirrar úr landi Litlu-Giljár, er lenti innan merkja Brekku á korti yfir óskipt land Brekku og Brekkukots.

Málsatvik eru þannig, að ekki þykir rétt að dæma málskostnað í þessu máli, og fellur hann niður, en þar sem aðiljar hafa fengið gjafsókn og gjafvörn í þessu máli, verður að ákveða málskostnað þeim til handa, og þykir rétt, að lögmenn hvors aðilja um sig

fái greiddar kr. 65.000.00 úr ríkissjóði, og er þá allt meðtalið annað en beinn útlagður ferðakostnaður.

Dómsorð:

Yfirlandskiptagerð um landskipti jarðanna Brekku og Brekkukots frá 16. október 1962 skal standa óhögguð. Yfirlandskiptanefndinni ber þó að mæla úr landi Brekkukots Brekku til handa landskika, sem svarar þriðjung að stærð, notagildi og landgæðum sneiðar þeirrar úr landi Litlu-Giljár, er lenti innan merkja Brekku við landskiptin.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en ríkissjóður greiði málflutningslaun talmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefnda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00 til hvors.

Föstudaginn 8. mars 1974.

Nr. 175/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Eysteini Þorvaldssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða, sem framið var 21. desember 1969, var eigi fyrnt, er dómsrannsókn hófst í máli þessu 26. nóvember 1971, sbr. 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu og með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 15.000.00.

Lögreglurannsókn í máli þessu lauk 30. desember 1969. Dómsrannsókn í því hófst svo eigi fyrr en við þingfestingu þess hinn 26. nóvember 1971, er ákæra, sem út var gefin 14. apríl 1970, var birt ákærða og hann yfirheyrður fyrir dómi. Síðan var málið ekki tekið fyrir í sakadómi fyrr en 17. janúar 1973. Verður að víta harðlega þennan óhæfilega drátt á meðferð málsins.

Dómari sá, er kvað upp héraðsdóminn, fékk málið eigi til meðferðar fyrr en 7. desember 1972.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Eysteinn Þorvaldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1973.

Ár 1973, föstudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 354/1973: Ákæruvaldið gegn Eysteini Þorvaldssyni, sem tekið var til dóms 24. maí s.l.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. apríl 1970, gegn ákærða, Eysteini Þorvaldssyni kennara, Laugarnesvegi 86, Reykjavík, fæddum 23. júní 1932 í Hafnarfirði, fyrir að aka sunnudagsnóttina 21. desember 1969 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 21134 frá Eikjuvogi 24, Reykjavík, að Laugarásvegi 32, þar sem hann hafði stutta dvöl, en hugðist síðan aka þaðan á brott, en var hindraður í akstri af gestum, sem staddir voru þar í húsinu, eftir að hafa ekið nokkurn spöl.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 29/4 Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu (22/6 1965).

1965 17/9 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 19. og 51. gr. umferðarlaga og 15. gr. lögreglusamþykktar.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt skýrslu Magnúsar G. Kjartanssonar lögreglumanns var klukkan 0430 aðfaranótt sunnudagsins 21. desember 1969 óskað eftir lögregluaðstoð að Laugarásvegi 32 hér í borg. Lögreglumaðurinn fór ásamt tveim starfsfélögum sínum að sinna þessu. Er þeir komu að Laugarásvegi 32, hittu þeir fyrir Heiðar Árnason, til heimilis Austurbrún 2 hér í borg. Heiðar skýrði lögreglumönnunum svo frá, að maður hefði komið að nefndu húsi, bankaði hann á rúðu og krafðist inngöngu jafnframt því sem maðurinn hreitti út úr sér svívirðingum. Heiðar og vinir hans, sem voru innandyra, skeyttu þessu engu í það skipti, en er maðurinn kom aftur stuttu seinna og gerði á ný ónæði, þraut Heiðar þolinmæði. Fór hann út ásamt Ríkharði Björnssyni, Vesturgötu 52, er einnig var þarna staddur, og eltu þeir manninn að jeppabifreiðinni R 21134, er var þarna fyrir utan. Tókst Ríkharði að setjast inn í bifreiðina við hlið mannsins og reyndi að hindra hann í akstri bifreiðarinnar, og tókst það ekki, fyrr en maðurinn hafði ekið bifreiðinni 20—30 metra, en þá tókst Ríkharði að ná lyklinum úr kveikjulási bifreiðarinnar. Heiðar gerði lögreglunni síðan aðvart og afhenti henni lykla bifreiðarinnar, en maðurinn var þá allur á bak og burt.

Lögreglumennirnir fluttu bifreiðina á lögreglustöðina og sáu þar í bifreiðaskrá, að Eysteinn Þorvaldsson, til heimilis Hrísateigi 22 hér í borg, ákærði í málinu, var skráður eigandi hennar. Um klukkan 0500 var lögreglumaðurinn ásamt einum starfsfélaga sínum á leið að Hrísateigi 22, er tilkynning barst um, að margnefndur maður væri aftur kominn að Laugarásvegi 32. Er lögreglan kom þangað, vísaði Ríkharður henni á manninn, sem hafði verið þarna fyrr um nóttina, og reyndist það vera ákærði í málinu.

Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni neitaði ákærði eindregið að hafa ekið bifreiðinni R 21134 að Laugarásvegi 32, heldur hafi það verið vinkona hans, Kolbrún Haraldsdóttir, Skaftahlíð 5. Er lögreglan hafði samband við Kolbrúnu, neitaði hún að hafa ekið bifreiðinni að húsinu. Hins vegar sagði hún vinkonu sína, Jóhönnu Margréti Guðjónsdóttur, Laufásvegi 65, hafa ekið bifreiðinni fyrir Eystein, þar eð hann hafði neytt áfengis, að húsi við Eikjuvog og hún sjálf hefði ekið bifreið föður síns að sama húsi.

Á lögreglustöðinni viðurkenndi ákærði að hafa neytt tveggja áfengisskammta á Gamla Garði á tímabilinu frá klukkan 2000—2200, og síðast sagðist ákærði hafa ekið bifreið sinni um klukkan 1800—1830 frá heimili sínu að Laugarnesvegi 86 að Gamla Garði.

Yfirheyrslan yfir ákærða hófst klukkan 0530, og að henni lokinni var ákærði færður til blóðtöku á Borgarspítalann og honum tekið þar blóð klukkan 0620, og síðan var hann fluttur í fangageymslu lögreglunnar.

Klukkan 1100 um morguninn var ákærði tekinn til yfirheyrslu af rannsóknarlögreglunni. Ákærði bar, að hann hafi verið á fundi á Gamla Garði kvöldið á undan. Þar neytti ákærði ásamt kunningjum sínum lítillega áfengis. Er fundi lauk um klukkan 0100, að því er ákærða minnti, bað ákærði stúlku þarna að aka bifreið sinni, R 21134, fyrir sig. Við brottförina frá Gamla Garði fann ákærði töluvert til áfengisáhrifa, og kvaðst ákærði hafa staðið í þeirri trú, að Kolbrún Haraldsdóttir hefði ekið fyrir sig, en vel mætti vera, að það hafi verið Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir, Laufásvegi 65, sem einnig var á fundinum. Var farið í eitthvert hús við Eikjuvog, en ekki mundi ákærði, hverjir voru þar, að því undanskildu, að ákærði mundi eftir Þorleifi Haukssyni, Urðartúni við Laugarásveg, sem sat við hlið ákærða í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni í Eikjuvog. Bifreið ákærða var lagt við ofangreint hús, og fór ákærði ásamt samferðafólki sínu þar inn.

Eitthvert áfengi drakk ákærði þarna inni, og taldi hann sig hafa dvalist þarna stutta stund. Var þá farið að Laugarásvegi 32, og var erindið að sækja þangað einhverja persónu, sem ákærði vissi ekki, hver var. Ekki vissi ákærði, hver ók bifreiðinni, en sagði það fullvíst, að hann hefði ekki gert það. Ekki mundi ákærði, hvaða fólk var með sér í umræddri ferð, enda var ákærði mikið ölvaður.

Ákærði og samferðafólk hans fór að nefndu húsi við Laugarásveg. Var þeim illa tekið, og eftir að hafa átt einhvern orðastað

við fólkið úr húsinu, var aftur farið að bifreiðinni. Sátu þá í henni tveir menn og annar þeirra undir stýri. Lykill var í kveikjulás, en ekki mundi ákærði, hvort bifreiðin var í gangi. Mennirnir tveir hótuðu ákærða öllu illu og gerðu sig líklega til að leggja á hann hendur. Ákærði forðaði sér þá á braut, en vissi ekki, hvað varð af samferðafólki sínu. Ákærði kom að húsinu aftur eftir töluverða stund og sá þá, að bifreiðin var horfin. Fólkið í húsinu tók ákærða nú betur og hringdi fyrir hann á lögreglustöðina, þar sem hann var sakaður um ölvunarakstur, sem hann harðneitaði.

Umræddan sunnudag, klukkan 1345, gaf Heiðar Árnason skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Heiðar kvaðst hafa verið gestkomandi nóttina á undan á Laugarásvegi 32, og var hann smávegis undir áhrifum áfengis. Þá kom, sennilega um klukkan 0200, maður að húsinu og opnaði glugga á 1. hæð og kallaði inn „þarna eruð þið aumingjarnir ykkar" og eitthvað fleira. Síðan fór maðurinn frá glugganum og Heiðar og Ríkharður Björnsson fóru út og tóku manninn tali. Maðurinn kvaðst þekkja þá báða og gerði sig líklegan til að ráðast á þá, en róaðist fljótt og fór. Heiðar kvaðst ekki hafa séð annað en að maðurinn væri einn á ferð, og var maðurinn mjög drukkinn. Heiðar veitti þarna athygli inni á bifreiðastæði við húsið Landrover bifreið, með skrásetningarmerkinu R 21134, sem ekki var þarna, er Heiðar kom klukkan 2230. Eftir að maðurinn var horfinn, veitti Heiðar því athygli, að bifreiðin R 21134 var einnig horfin, og taldi hann víst, að maðurinn hefði farið í henni.

Eftir um 10 mínútur kom maður þessi aftur, og sá Heiðar og félagi hans manninn út um gluggann, og sat hann undir stýri áðurgreindrar bifreiðar, sem nú stóð við húsið. Heiðar og Ríkharður fóru út til að tala við manninn. Ríkharður fór að bifreiðinni farþegamegin og settist inn í bifreiðina við hlið mannsins. Maðurinn ók þá af stað með Ríkharð, og stöðvaðist bifreiðin eftir um 70—80 m, en þá hafði Ríkharði tekist að fá manninn ofan af þessari vitleysu. Heiðar hafði hlaupið á eftir bifreiðinni, og er hún stöðvaðist, opnaði hann dyrnar hjá ökumanni og tók lykilinn úr kveikjulásnum. Maðurinn, sem var einn í bifreiðinni, virtist sætta sig við þetta og kom inn í íbúðina. Þar vildi maðurinn fá kveikjulyklana, en Heiðar neitaði að afhenda þá. Eftir nokkurt þras hringdi Heiðar á lögregluna, en á meðan hann var í símanum, forðaði maðurinn sér. Lögreglan kom síðar og fékk lyklana og flutti bifreið mannsins á brott. Síðan fór Heiðar heim til sín,

og skömmu eftir að hann kom þangað, hringdu kunningjarnir á Laugarásvegi og sögðu manninn hafa komið aftur og lögreglan hefði tekið hann.

Ríkharður Björnsson mætti hjá rannsóknarlögreglunni 30. desember 1969 og gaf skýrslu í málinu. Ríkharður skýrði svo frá, að ... laugardagskvöldið 20. s. m. hafi hann verið gestkomandi hjá Hallfríði Þorsteinsdóttur, Laugarásvegi 32. Aðrir gestir voru Heiðar Árnason og frú. Ríkharður var lítillega undir áfengisáhrifum. Klukkan um 0200, að því er Ríkharður taldi, urðu þau vör við, að maður kom á gluggann, opnaði hann og kallaði til þeirra einhver ókvæðisorð. Þeir Heiðar fóru út og ræddu við manninn, sem var ókunnur og mikið drukkinn. Lét hann allófriðlega og hótaði þeim öllum hinu versta, en róaðist brátt og fór. Ekki bar maðurinn upp neitt erindi.

Strax og þeir Heiðar komu út úr húsinu, sáu þeir Landrover bifreið standa við húsið á bifreiðastæði við það. Ekki könnuðust þeir við bifreiðina. Eftir að maðurinn var farinn, veittu þeir félagar því athygli, að bifreiðin var horfin, og töldu þeir víst, að maðurinn hefði farið með umræddri bifreið, annað hvort sem farþegi eða ökumaður.

Nokkru síðar urðu þeir varir við, að bifreiðin var aftur komin, og stóð hún nú úti á Laugarásvegi. Var maðurinn einn í bifreiðinni og sat undir stýri hennar. Ríkharður bar, að þeir Heiðar hafi séð út um eldhúsgluggann, er bifreiðin kom akandi að húsinu, og var hún stöðvuð þarna beint á móti. Fóru þeir strax út og Heiðar að bifreiðinni farþegamegin og settist við hlið ökumanns, sem var sami maður og áður kom að húsinu og ræddi við þá. Um leið og Ríkharður fór upp í bifreiðina, ók maðurinn af stað, og ók hann bifreiðinni um 60—70 m, áður en Ríkharði tókst að hafa hann ofan af þessari vitleysu. Strax og bifreiðin var stöðvuð, opnaði Heiðar hurðina hjá ökumanni, tók lyklana úr kveikjulásnum og stöðvaði þannig vél bifreiðarinnar. Maðurinn ók umræddan spotta frekar hægt, og var maðurinn mjög ölvaður. Maðurinn fékkst til að koma inn í húsið, en á meðan Heiðar hringdi í lögregluna, forðaði maðurinn sér. Skömmu síðar kom lögreglan, fékk hún bíllyklana og fór á brott með bifreiðina.

Eftir um 11/2 klukkustund kom maðurinn enn einu sinni, hringdi dyrabjöllunni, og var hleypt inn í húsið. Hringt var aftur á lögregluna, að þessu sinni að ósk mannsins. Skömmu síðar kom lögreglan og fór með manninn.

Þorleifur Hauksson, Urðartúni við Laugarásveg, gaf skýrslu

hjá rannsóknarlögreglunni sunnudaginn 21. desember 1969. Þorleifur sagði það rétt vera, að hann hefði verið á fundi á Gamla Garði ásamt ákærða og fleirum kvöldið á undan. Fundarmenn neyttu þar lítillega áfengis. Að fundi loknum, um klukkan 0100, að því er Þorleif minnti, var ákveðið að fara til kunningjafólks í húsi einu við Eikjuvog, þar sem Kritján Guðmundsson var húsráðandi. Farið var á bifreið ákærða, sem er af Landrover gerð. Þar eð ákærði hafði neytt áfengis, fékk hann stúlku, sem var á fundinum, til að aka. Ákærði og Þorleifur sátu aftur í bifreiðinni á leiðinni í Eikjuvog, en ökustúlkan, önnur stúlka og Jónas Finnbogason, stud mag., sátu fram í. Í Eikjuvoginum var haldið áfram að drekka áfengi, og fór Þorleifur þaðan um klukkan 0300, að því er hann minnti, og var þá töluvert ölvaður. Þorleifur hélt, að ákærði hefði þá verið ófarinn. Ekki tók Þorleifur eftir bifreið ákærða, er hann fór, enda gætti hann ekki sérstaklega að henni þá.

Rannsóknarlögreglan hafði sama dag samband við Kristján Guðmundsson, Eikjuvogi 24. Kristján kvaðst hafa boðið til sín eftir ofangreindan fund allstórum hópi fólks, þ. á m. ákærða, sem kom heim til Kristjáns á tímabilinu klukkan 0030—0100. Jóhanna Guðjónsdóttir, Laufásvegi 65, ók bifreið ákærða frá fundarstað og heim til Kristjáns. Kristján veitti gestum sínum kaffi og áfengi og taldi ákærða vera farinn klukkan um 0200 eða rúmlega það, því Kristján taldi sig muna vel, að hann sæi ekki ákærða eftir þann tíma. Ekkert vissi Kristján um ferðir ákærða eftir þetta og veitti því ekki athygli, hvort bifreið hans var við húsið, eftir að gestirnir voru farnir um klukkan 0400.

26. nóvember 1971 kom ákærði fyrir dóm. Ákærði kvað atvikum varðandi sig eigi rétt lýst í ákæru frá 14. apríl 1970. Ákærði neitaði því að hafa ekið bifreið sinni, R 21134, undir áhrifum áfengis sunnudagsnóttina 21. desember 1969 frá Eikjuvogi 24 og að Laugarásvegi 32 svo og að hafa ekið stuttan spöl við síðargreinda húsið.

Ákærði kvaðst hafa verið gestkomandi að Eikjuvogi 24 umrædda nótt og hafi bifreið hans staðið við það hús. Ákærði hafði áfengi um hönd um nóttina, og var ákærði talsvert undir áhrifum áfengis. Er nokkuð var liðið á nóttina, vildi ákærði fara heim til kunningja síns, Þorleifs Haukssonar, cand. mag., er verið hafði með ákærða þá fyrr um kvöldið, en ákærði vissi til þess, að Þorleifur bjó í húsi við Laugarásveg. Ákærði greip til þess ráðs að hringja úr Eikjuvogi til Hilmars Sigurðssonar tæknifræðings, Laugarás-

vegi 19, til að fá Hilmar til að aka sér heim til Þorleifs. Úr varð, að Hilmar kom í Eikjuvoginn og ók ákærða í bifreið hans, R 21134, þaðan og á móts við húsið Laugarásveg 32. Að akstri loknum fór Hilmar gangandi heim til sín, en ákærði leitaði að Þorleifi. Í því skyni knúði ákærði dyra að Laugarásvegi 32 og spurði eftir Þorleifi, en í ljós kom, að Þorleifur var ekki sagður búa þar. Ákærði sagði það vel mega vera, að hann hafi tvívegis komið að Laugarásvegi 32 í leit sinni að húsi Þorleifs. Ákærði átti tal við fólk að Laugarásvegi 32 og mundi sérstaklega eftir tveim karlmönnum, er ákærði taldi báða ölvaða. Eitthvað lenti ákærði í orðahnippingum við menn þessa, og er mennirnir fóru að bifreið ákærða, þar sem Hilmar hafði lagt henni fyrr um nóttina, taldi ákærði, að vera kynni, að mennirnir færu eitthvað að hrófla við bifreiðinni, og óskaði sérstaklega eftir því, að lögreglan yrði kvödd á vettvang. Úr varð, að mennirnir hringdu á lögregluna frá Laugarásvegi 32, og var framvinda málsins sú, að ákærði var handtekinn og færður til frekari rannsóknar.

Ákærði tók fram, að hann hefði hlustað á, er beðið var um lögregluna á Laugarásvegi, og hafi hann þá heyrt á tali hinna tveggja ókunnu manna, hvað þeir ætluðu að segja lögreglunni, og skildist ákærða á þeim, að þeir ætluðu að saka ákærða um að hafa ekið bifreiðinni R 21134 rétt áður um Laugarásveg.

Ákærði greip þá til þess ráðs að ná sjálfur í lögreglu og fór í því skyni út úr húsinu og leitaði eftir lögreglu án árangurs í nágrenninu. Við svo búið kvaðst ákærði hafa snúið að nýju að Laugarásvegi 32 og hafi lögreglan komið örskömmu síðar á vettvang.

Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, frá því hann var gestur í Eikjuvogi og allt þar til honum var tekið blóð vegna rannsóknar málsins.

Vitnið Snælaugur Heiðar Árnason bifvélavirki, Austurbrún 2, kom fyrir dóm 20. mars s.l. Vitnið kvaðst þá muna lítt eftir atvikum, en þó kvaðst það muna, að það og eiginkona þess, Jóninna Karlsdóttir, hafi verið gestkomandi hjá hjónunum Hallfríði og Ríkharði að Laugarásvegi 32, jarðhæð. Vitnið sagði manninn hafa komið tvisvar, og leiddi það til þess, að hringt var á lögregluna. Vitnið sagðist muna, að maðurinn hefði ekið bifreið, sem hann var á, stuttan spöl fyrir framan húsið. Taldi vitnið það vera um 60 m. Ók maðurinn mjög hægt, og hljóp vitnið á eftir bifreiðinni og náði að hrifsa kveikjuláslykilinn úr henni. Minnti vitnið fastlega, að þetta hafi verið jeppabifreið.

Er þetta átti sér stað, var vitnið búið að neyta nokkurs áfengis,

og maðurinn, sem var einn á ferð, var töluvert ölvaður. Er lögreglan kom á vettvang, var maðurinn á bak og burt og henni því afhentir bíllyklarnir.

Ekki taldi vitnið sig muna meira um málavexti, og eftir að framburður þess hjá rannsóknarlögreglu hafði verið lesinn í heyranda hljóði, staðfesti vitnið að hafa gefið hana eftir bestu vitund á sínum tíma.

Ofangreindan framburð staðfesti vitnið fyrirfram með eiði.

Á dómþingi sama dag, gaf vitnið Ríkharður Björnsson, Ægisíðu 64, skýrslu. Umrætt sinn var vitnið gestkomandi að Laugarásvegi 32, jarðhæð, hjá Hallfríði, núverandi eiginkonu sinni, ásamt hjónunum Heiðari og Jóninnu. Vissu þau ekki fyrr til en ókunnur maður var kominn hálfur inn um opinn glugga. Fór vitnið og vitnið Heiðar þá út, og lentu þeir í smástimpingum við manninn, og tókst manninum að komast frá þeim upp í Landrover bifreið, hvíta að lit, sem stóð fyrir framan húsið. Ók maðurinn af stað inn Laugarásveginn, en vitnið og félagi þess hlupu á eftir. Tókst vitninu að komast upp í bifreiðina í sætið við hliðina á ökumanni, en vitnið Heiðar hljóp með bifreiðinni og tókst að ná til sín kveikjulyklunum og stöðva þannig bifreiðina. Ekki mundi vitnið, hve langt maðurinn ók, en það var smáspölur og í öllu falli meira en bíllengd. Lögreglunni var gert viðvart, en maðurinn var horfinn af vettvangi, er hún kom. Eftir að lögreglan var farin, birtist maðurinn aftur. Var lögreglunni aftur gert viðvart, og handtók hún manninn, er hún kom á vettvang á nýjan leik.

Vitnið var eitthvað undir áhrifum áfengis og taldi, að maðurinn hefði verið það líka.

Framburður vitnisins hjá rannsóknarlögreglunni var lesinn í heyranda hljóði að lokum, og að því loknu staðfesti vitnið að hafa gefið framburðinn eftir bestu vitund á sínum tíma.

Ofangreindan framburð staðfesti vitnið fyrirfram með eiði.

Hallfríður Þorsteinsdóttir hárgreiðsludama, Ægissíðu 64, kom einnig fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst ekki hafa séð umræddan mann aka bifreiðinni. Atvikið sagði vitnið hafa gerst í desembermánuði, að því er það minnti síðasta laugardag fyrir jól, þegar verslanirnar voru opnar til klukkan 2200. Sat vitnið ásamt Ríkharði, núverandi eiginmanni sínum, og hjónunum Heiðari og Jóninnu heima í stofu. Voru Heiðar og Ríkharður eitthvað við skál. Skyndilega birtist ókunnur maður í stofuglugganum og kallaði einhver ókvæðisorð. Heiðar og Ríkharður fóru út, en vitnið kveðst hafa viljað skipta sér sem minnst af málinu, enda maðurinn ber-

sýnilega ölvaður og virtist fremur fara húsavillt en að ætla að gera eitthvað af sér. Ríkharður og Heiðar fóru út og tóku að ávíta manninn fyrir framkomuna. Maðurinn virtist æsast upp og stökk að ljósri Landrover bifreið, en Ríkharður og Heiðar stöðvuðu hann. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um, hvort maðurinn hafi keyrt eða ekki. Framburð þennan staðfesti vitnið með eiði eftir á.

21. mars s.l. kom fyrir dóm vitnið Jóninna Karlsdóttir afgreiðslustúlka, Austurbrún 2. Vitnið minntist þess, að það var á sínum tíma gestkomandi ásamt eiginmanni sínum, Heiðari Árnasyni, hjá Hallfríði Þorsteinsdóttur, Laugarásvegi 32, er ókunnur maður kom þar allt í einu á stofuglugga, sem snýr að baklóð hússins. Minnti vitnið, að maðurinn hafi komið tvisvar. Vitnið kveðst hafa verið farið, er lögreglan kom á vettvang, og minnti, að það hafi farið, þegar piltarnir voru að hringja á lögregluna. Minnti vitnið, að Heiðar og Ríkharður hafi eitthvað verið að fást við manninn, er það fór. Vitnið gat ekki af eigin raun borið um, hvort hinn ókunni maður hafi ekið greint sinn. Vitnið sagði, að það hafi talið manninn ölvaðan, en minnist þess ekki, að það hafi sjálft verið búið að neyta áfengis.

Vitnið Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir húsmóðir, Hofvallagötu 57, kom fyrir dóm 20. mars s.l. Vitnið gat lítið um málið sagt annað en að það ók bifreið ákærða frá Gamla Garði að Eikjuvogi 32, en alls ekki þaðan. Vitnið sagði ákærða farinn úr boðinu á undan sér. Ekki sá vitnið ákærða fara og gat ekkert sagt um, hvort hann fór á eða í sinni bifreið.

29. mars kom Kolbrún Björk Haraldsdóttir, stud. mag., Skaftahlíð 5, fyrir dóm. Vitnið minntist þess að hafa verið gestkomandi í Eikjuvogi 24 ásamt ákærða og mörgu fleira fólki. Húsráðandi var Kristján Guðmundsson, þáverandi kennari. Vitnið sá ákærða ekki fara brott úr samkvæminu og gat því ekki sagt um, hvort ákærði fór þaðan á eigin bíl, einn eða ásamt fleirum.

Sama dag kom fyrir dóm Þorleifur Hauksson lektor, Austurbrún 2. Vitnið gat ekki borið um, með hvaða hætti ákærði fór á brott frá Eikjuvogi 24. Vitnið kvaðst ekki muna betur en að það hefði farið á undan ákærða.

Kristján Helgi Guðmundsson félagsmálastjóri, Eikjuvogi 32, kom fyrir dóm 6. apríl s.l. Vitnið var ekki vart við, er ákærði fór, og gat því ekki borið um, hvort hann fór í eigin bifreið eða ekki, er hann fór úr boði vitnisins, er það hélt að afloknum fundi á Gamla Garði. Vitnið sagði ákærða hafa komið í eigin bifreið frá

Gamla Garði, þó að hann hafi ekki ekið. Vitnið minnist þess ekki að þekkja Hilmar Sigurðsson verkfræðing og minnist þess ekki heldur, að umrædda nótt hafi nokkur maður komið að spyrja um ákærða, a. m. k. ekki til sín.

Loks kom fyrir dóm sama dag Hilmar Sigurðsson verkfræðingur, Kleppsvegi 18. Vitnið kvaðst þekkja ákærða lítið eitt, en hins vegar væru eiginkonur þeirra vinkonur frá barnsaldri. Vitnið sagði það hafa komið fyrir, að það hefði ekið bifreið fyrir ákærða, er hann var undir áhrifum áfengis. Ekki gat vitnið sagt um, hvort það hafi ekið fyrir ákærða bifreið frá Eikjuvogi 24 að Laugarásvegi 32.

Í sýnishorni af blóði ákærða, er tekið var, reyndust vera reducerandi efni, er samsvara 1.58‰ af alkóhóli.

Gegn neitun ákærða telst ekki sannað, sbr. meginreglu 108 gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 21134 frá Eikjuvogi 24 að Laugarásvegi 32, þótt fyrir liggi vitnisburður Ríkharðs Björnssonar eins um, að hann hafi séð ákærða koma akandi í bifreiðinni að húsinu Laugarásvegi 32 umrætt sinn. Hins vegar telst sannað með eiðsvörnum framburðum sama vitnis og vitnisins Heiðars Árnasonar, að ákærði hafi ekið bifreiðinni smáspöl við ofangreint hús.

Atferli ákærða varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Verjandi ákærða í máli þessu, Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafist þess í málsvörn sinni, að ákærði verði sýknaður af atferli því, er í ákæru greinir, vegna þess að sök sé fyrnd samkvæmt 1. tl. 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940.

Vegna þessarar kröfu lögmannsins þykir verða að rekja gang málsins í stórum dráttum.

Ákæra í máli þessu var útgefin 14. apríl 1970 vegna atburðar, er átti sér stað 21. desember 1969. Er mál þetta var þingfest 26. nóvember 1971 og ákærði kom fyrir dóm, var fyrningarfrestur málsins rofinn. Þann 21. mars 1972 ritaði þáverandi dómari málsins verjanda m. a.: „Dómari málsins hefur ákveðið að hafa framhaldsrannsókn í málinu, og verður yður tilkynnt með hæfilegum fyrirvara um næstu fyrirtekt þess". Sá dómari hætti störfum við dóminn s.l. haust, og núverandi dómari fékk málið til meðferðar 7. desember s.l. Þingaði hann í málinu 17. janúar, 20. mars, 21. mars, 29. mars, 6. apríl og 24. maí, er mál þetta var varið og tekið til dóms. Niðurfall á rannsókn málsins frá 26. nóvember 1971

til 17. janúar 1973 verður að skoðun dómsins, einkum er ofangreint bréf er virt svo og dómaraskipti í málinu, ekki metin svo, að hætt hafi verið við rannsókn málsins um óákveðinn tíma.

Refsing ákærða samkvæmt 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og refsidóm frá 29. apríl 1965, telst hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Svo sem krafist er í ákæru, ber samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga og ofangreindan refsidóm, að svipta ákærða ökuréttindum sínum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir brot það, sem honum er gefin sök á, ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 82/1961 að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eysteinn Þorvaldsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum sínum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. mars 1974.

Nr. 16/1973: **Pétur Andrésson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands
og gagnsök
(Axel Kristjánsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Uppboð. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1973. Krefst hann þess, að staðfest verði sú úrlausn uppboðsréttar, að uppboð það, sem málið fjallar um, fari ekki fram. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1973. Voru kröfur hans upphaflega þær, að greint nauðungaruppboð næði fram að ganga og að aðaláfrýjanda væri dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við munnlegan málflutning féll hann frá kröfu sinni um framgang uppboðsins, en gerði kröfu um, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti félli niður.

Veðbréf það, sem í málinu greinir, er til tryggingar ótilteknum skuldum Jóhanns S. Walderhaugs við gagnáfrýjanda að fjárhæð allt að kr. 1.000.000.00, og var eigi lögleg uppboðsheilmild samkvæmt b lið 1. gr. laga nr. 57/1949 og 3. gr. veðlaga nr. 18/1887, sbr. og dóm Hæstaréttar 19. mars 1973. Þykir því rétt þegar af þessari ástæðu, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Framangreint uppboð skal ekki fara fram.

Gagnáfrýjandi, Útvegsbanki Íslands, greiði aðaláfrýj-

anda, Pétri Andréssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 5. janúar 1973.

Af hálfu sækjanda máls þessa, Útvegsbanka Íslands hér í borg, er þess krafist, að fasteignin nr. 40 við Langagerði, þinglesin eign Péturs Andréssonar, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuldum að fjárhæð:

1. kr. 880.978.30 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 30. desember 1970 til greiðsludags,
2. kr. 103.750.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 20. desember 1970 til greiðsludags.

Enn fremur til lúkningar öllum kostnaði við uppboðsgerðina.

Málskostnaðar er krafist úr hendi verjanda vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Verjandi hefur mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga. Hann hefur krafist málskostnaðar úr hendi sækjanda.

Málið var lagt undir úrskurð uppboðshaldara að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór þann 6. desember s.l.

Í máli þessu liggur fyrir tryggingarbréf, útgefið 30. nóvember, án ártals, en á að vera 1970, og er útgefandinn Jóhann S. Walderhaug, Kambesvegi 25. Þar veðsetur hann samkvæmt veðleyfi fasteignina nr. 40 við Langagerði „til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á víxilskuldum við Útvegsbanka Íslands, svo og til tryggingar öllum öðrum skuldum og skuldbindingum í hvaða formi sem er, sem ég kann að vera í við bankann á hverjum tíma, að upphæð allt að kr. 1.000.000.00 — einni milljón króna 00/100 — auk vaxta og kostnaðar, þar með talinn innheimtukostnaður, málskostnaður, o. fl., vátryggingariðgjöld, er bankinn kann að greiða, eða annað að engu undanskildu eftir reikningi bankans . . .“

Er eign þessi veðsett með 5. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir veðskuldum samtals upphaflega að upphæð ríflega 450.000.00. Vanskil varða eindögun allra veðskulda fyrirvaralaust, og er þá heimilað, að veðið verði sett á uppboð án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 39. gr. laga nr. 95/1947. Tryggingarbréfi þessu var þinglýst athugasemdalaust 11. desember 1970.

Veðleyfi það, sem að framan er getið, er á þessa leið:

„Veðleyfi

Við undirrituð eigendur hússins Langagerði 40, Reykjavík, veitum Jóhanni S. Walderhaug, Kambsvegi 25, leyfi til að veðsetja

hús okkar með 5. veðrétti þeirri upphæð, sem bankinn telur mögulegt samkvæmt hjálögðu fasteignamati.

Reykjavík 2. nóvember 1970
Alda Jensdóttir
Pétur Andrésson

Vottar:
Helga Finnbogadóttir
Andrés Walderhaug"

Þessu veðleyfi var þinglýst ásamt tryggingarbréfinu 11. desember 1970.

Uppboðsbeiðnin er dagsett 15. mars 1972. Henni fylgdi frumrit tryggingarbréfsins, ljósrit af veðleyfi, enn fremur útskrift af hlaupareikningi Jóhanns S. Walderhaugs hjá útibúi Útvegsbanka Íslands í Kópavogi svo og endurrit dómsorðs í bæjarþingsmálinu 420/1971: Útvegsbanki Íslands gegn Árna Hólm o. fl., en dómur sá var kveðinn upp 21. apríl 1971, og voru þeir Árni Hólm og Jóhann S. Walderhaug dæmdir in solidum til að greiða Útvegsbanka Íslands kr. 103.750.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 20. desember 1970 til greiðsludags, kr. 220.00 í afsagnarkostnað og kr. 13.800.00 í málskostnað. Þessi skjöl eru öll lögð fram í máli þessu sem rskj. 2—6.

Uppboðsþola, Pétri Andréssyni, var á tíðkanlegan hátt tilkynnt um framkomna uppboðsbeiðni þann 29. mars 1972. Auglýsing um uppboðið var send til Lögbirtingablaðs þann 17. apríl og birtist í 30., 31. og 33. tbl. þess árs. Uppboð var tekið fyrir á skrifstofu uppboðshaldara þann 20. júní 1972 og dagana 26. júlí og 29. ágúst, en þá var sala ákveðin á eigninni sjálfri þann 9. október 1972. En áður en þar að kæmi, barst uppboðshaldara bréf lögmanns uppboðsþolans, þar sem mótmælt var framgangi uppboðsins, sjá rskj. 7 í máli þessu.

Sérstakt uppboðsréttarmál um hinn fram komna ágreining hófst þann 15. nóvember það ár.

Af hálfu sækjanda, Útvegsbanka Íslands, er þess krafist, að uppboð fari fram. Vísað er til þess, að framlagt tryggingarbréf heimili nauðungaruppboð á veðinu fyrir öllum skuldum þeim, er veðsali standi í við bankann á hverjum tíma. Þannig tryggi bréfið hlaupareikningsskuld hans á þeirri stundu, er uppboðs var beiðst, og aðrar skuldir hans við bankann, svo sem dómskuld þá, er getur að framan. Veðsali hafi haft í höndum óaðfinnanlegt veðleyfi

þinglesins eiganda hinnar veðsettu eignar og ekkert hafi komið fram, er gæfi til kynna, að nokkrir meinbugir væru á því.

Verjandi málsins gerði fyrst þá aðalkröfu í málinu, að uppboðinu yrði frestað, uns lokið væri meðferð sakadóms á kæru hans á hendur bankastjóra Útvegsbankans í Kópavogi, Baldri Ólafssyni. En er mál þetta var munnlega flutt, var rannsókn þessi um garð gengin, og var þannig fallið frá þessari kröfu.

Það kemur fram í framburði verjanda máls þessa fyrir sakadómi Kópavogs, að hann kannast að vísu við undirskrift sína á skjal það, er heimilar veðsetningu, en segir, að það hafi í upphafi ekki staðið orðið „Veðleyfi" og muni það hafa verið sett á skjalið síðar, einnig hafi þá engir vottar verið á því. Hafi skjalið heldur alls ekki verið hugsað sem veðleyfi, heldur hafi Jóhann Walderhaug mátt nota það aðeins í þeim tilgangi að gefa til kynna við lánsumleitun, að veð yrði fyrir hendi, ef til þess kæmi, að lán yrði veitt, og þá hafi meiningin verið að ganga frá formlegu veðleyfi fyrir ákveðinni fjárhæð. Hann segir, að Jóhann hafi þurft fyrirgreiðslu vegna tilboðs, er hann hafði gert í byggingu eina, einnig hafi verið um það að ræða, að Jóhann greiddi verjanda sjálfum óreiðuskuldir, er verjandi átti hjá honum. Hann segir, að hvorki bankastjórinn né Jóhann hafi haft samband við sig eftir þetta og hafi sér komið allsendis á óvart, er hann fékk tilkynningu um, að Útvegsbankinn mundi biðja um uppboð á eign þessari. Sér hafi ekki verið um það kunnugt, að Jóhann hefði komist í óreiðuskuldir við bankaútibúið.

Jóhann S. Walderhaug mætti enn fremur fyrir sakadómi Kópavogs. Kveðst hann hafa ritað hið umdeilda veðleyfisskjal, en kveðst ekki muna, hvort skjalið nefndi sig þá „Veðleyfi". Hann kveðst heldur ekki muna, hvort nokkurt samband væri á milli skulda hans við fyrirtæki Péturs og útgáfu þessa veðleyfis, en hann segir, að hann hafi fegið það í hendur, áður en útkljáð var, hvort hann fengi það byggingarverk, sem hann þá var að sækjast eftir, en um það hafi verið rætt milli sín og Péturs, að tryggingin væri bundin við verk þetta. Hann segir, að þeir hafi komið sér saman um, að skjal þetta yrði aðeins sýnt bankanum til að sýna fram á, að trygging yrði fyrir hendi, er til kæmi, og þá hafi staðið til, að gefið yrði út sérstakt veðleyfi.

Jóhann segist hafa lagt þessa yfirlýsingu fyrir starfsmann Útvegsbankans í Kópavogi, Ásgríms Albertssonar, og beiðst þess, að hann fengi tryggingu vegna margumrædds byggingarverks út á hana, en ekki hafi verið rætt um óreiðuskuldir hans við bankann,

og getur Jóhann þess, að hann hafi haft hlaupareikning við bankann og iðulega farið verulega fram úr yfirdrætti. Hann kveðst ekki hafa haft meðferðis nein gögn um fasteignamat á Langagerði 40 og ekki hafa neitt rætt við bankastjórann, Baldur Ólafsson. Kveðst hann hafa skrifað undir veðbréf í viðurvist Ásgríms, en ekki hafa áttað sig á upphæð þess, enda hafi ekkert verið rætt um, að það skyldi hljóða um eina milljón króna, aðeins hafi verið nefnd upphæð til tryggingar verkinu, nánast 500—600.000.00 krónur, og getur Jóhann þess, að hann hafi um þetta leyti verið veill á taugum og undir sterkri lyfjameðferð. Sér hafi ekki verið ljóst, að hann var að veðsetja eign Péturs, því ekki hafi annað komið til tals en að til veðsetningar kæmi því aðeins, að hann ynni verkið.

Nú skýrir Jóhann svo frá, að hann hafi ekki fengið verk þetta og því hafa litið svo á, að umrædd trygging væri úr sögunni og skjal það, er Pétur og kona hans gáfu út, þannig ónýtt og niður fallið. Þó hafi Pétur tjáð sér síðar, nánar tiltekið í maí 1971, að vandamál nokkur væru á döfinni vegna þessa, og er Jóhann var svo mættur í sakadómi Kópavogs, sagði hann, að þá fyrst hafi sér orðið ljóst, að hann hafði verið að veðsetja fasteign Péturs, en hann kvaðst ekki hafa frétt af uppboðsbeiðni fyrri en þá. Hann segist ekki hafa notið neinnar aukinnar fyrirgreiðslu af bankans hálfu, eftir að hann undirritaði tryggingarbréfið, svo sem að framan er lýst.

Þá hefur ofannefndur bankastarfsmaður, Ásgrímur Albertsson, mætt sem vitni í sakadómi Kópavogs. Hann segir sér ekki hafa verið kunnugt um þau viðskipti, sem legið hafi bak við útgáfu tryggingarbréfsins, og muni Jóhann hafa rætt við bankastjórann um þau sem og um upphæð bréfsins. Veðleyfi það, er nú er deilt um, hafi verið metið gott og gilt og auk þess hafi Jóhann haft meðferðis fasteignamatsvottorð og veðbókarvottorð og hafi bankinn talið fasteignamat svo hátt, að veðið væri tryggt. Ásgrímur telur, að veðsetningin hafi átt að gilda um heildarviðskipti Jóhanns, en ekki bundið við, að hann fengi ákveðið byggingarverk. Þá segir hann, að það sé venja, er veðleyfi sem þetta eigi að nota, að láta leyfisveitanda árita sjálft tryggingarbréfið, en er þetta hafi verið nefnt við Jóhann, hafi hann eytt því og þá hafi verið skrifað yfir klausu þá, er áður var búið að skrifa á tryggingarbréfið um samþykki þinglesinna eigenda.

Baldur Ólafsson, bankastjóri Útvegsbankans í Kópavogi, mætti fyrir sakadómi Kópavogs og skýrði svo frá, að Jóhann S. Walderhaug hafi nefnt við sig ábyrgð vegna verktöku hans, en það hafi

ekki náð lengra. Útgáfa tryggingarbréfsins hafi heldur ekki verið tegnd því verki, heldur hafi hún átt að tryggja yfirdrátt hans í bankanum og skuldbindingar bankans hans vegna, en Jóhann hafi verið kominn langt fram yfir umsamdan yfirdrátt. Þann 30. nóvember 1970 hafi yfirdráttur hans numið 1.376.245.30 kr. Jóhann hafi haft meðferðis veðleyfi frá eigendum Langagerðis 40 og yfirleitt sé það ekki svo, að nánar séu könnuð viðhorf útgefenda slíkra leyfa, enda hafi Jóhann engan fyrirvara haft uppi þeim viðkomandi, hvorki varðandi fjárhæð bréfs né annað, og hann hafi ekki minnst á útgáfu fyllra veðleyfis. Upphæð tryggingarbréfsins hafi verið ákveðin af bankanum í samráði við Jóhann, og segist Baldur Ólafsson ekki hafa getað fundið, að Jóhann væri neitt annarlegur í orði eða verki.

Af hálfu verjanda er nú á það bent, að alllöngu áður en tryggingarbréf það, er liggur fyrir í máli þessu, var gert, hafi Jóhann S. Walderhaug verið bankastjóra Útvegsbankans í Kópavogi mæta vel kunnugur að óreiðu í fjármálum. Þurfi ekki annað en að líta yfir framlögð ljósrit af hlaupareikningi svo og á dóm þann, er Jóhann hefur hlotið fyrir tékkamisferli og fram er lagður á rskj. 21. Sé því alveg ljóst og fram komið í málinu, að af hálfu bankastjórans hafi meiningin með útgáfu tryggingarbréfsins ekki verið sú að veita Jóhanni neina fjárhagslega aðhlynningu, heldur aðeins að reyna að kippa í lag langvarandi ábyrgðarlausri fjármálastjórn sjálfs hans, að því er varðaði viðskipti við Jóhann. Og til þessa hafi bankastjórinn notað sér meint veðleyfi 3ja manns, sem alls ekkert kom við, hvernig færi um skuldir Jóhanns við bankann. Pétur hafi ekki haft minnsta áhuga á því að sjá borgið skuldakröfum þeim, er Útvegsbankinn átti þá þegar á hendur Jóhanni, og hefði bankastjórinn mátt segja sér það sjálfur, en verjandi segist hafa gjarnan viljað styrkja Jóhann til að afla sér möguleika til að fá verk það, er hann þá var að sækjast eftir. Kveðst hann hafa talið líklegt, að bankinn mundi lána um það bil kr. 100.000.00 út á húseignina Langagerði 40 með hliðsjón af bankavenjum og fasteignamati, sem vitnað er til í skjalinu. Skjal þetta sé og ákaflega óvenjulega úr garði gert sem veðleyfi, handskrifað og án fjárhæðar og með flýtisfrágangi. Öll atvik séu þau, að bankastjórinn hafi mátt taka skjalinu með allra fyllstu varúð, ekki hvað síst þá er Jóhann S. Walderhaug vildi beita því. Hafi verið hin brýnasta nauðsyn að hafa samband við eiganda fasteignarinnar, áður en nokkuð frekara yrði aðhafst, og hafi mátt gera það með einu símtali. Allar þessar aðfarir bankastjórans séu gersamlega

dæmalausar, og a. m. k. eigi við 32. grein laga 7/1936, þannig að bankinn geti ekki byggt rétt á þessari yfirlýsingu verjanda, sem nú sé nefnd veðleyfi.

Plagg það, er nefnir sig veðleyfi og deilt hefur verið um í máli þessu, hefur enga hámarksfjárhæð að geyma. Það gefur að skilja, að slíkur frágangur hlýtur að vera fágætur, og á ýmsan annan hátt er þetta plagg óvenjulegt að frágangi. Það hefur komið fram í máli þessu, að það tíðkast, að útgefendur veðleyfa eru fengnir til að rita samþykki á veðbréf þau, sem í skjóli veðleyfis eru út gefin. Hér bar bankastarfsmönnum alveg sérstök skylda til þess að gæta þeirrar reglu, til þess að ljóst lægi fyrir um góða trú í viðskiptum af þeirra hálfu. Þá hefði það legið fyrir á ótvíræðan hátt, hvort það var eindreginn vilji leyfisveitenda að veðsetja eign sína fyrir þeirri fjárhæð, er bankinn frekast taldi sig þurfa til að sjá borgið óreiðuskuldum Jóhanns þessa Walderhaugs, án þess þó að Jóhann fengi nokkra frekari fyrirgreiðslu af bankans hálfu.

Frumrit tryggingarbréfsins ber raunar með sér, að Ásgrímur Albertsson, starfsmaður bankans, hafði ætlað Pétri Andréssyni og konu hans að undirrita sérstakt samþykki á bréfið. En hann segir, að Jóhann S. Walderhaug hafi amast við því, að þessi leið væri farin, og hafi samþykkistextinn verið strikaður út af bréfinu.

Það er óhjákvæmilegt að telja, að þessi viðbrögð Jóhanns hafi bakað bankanum enn frekari skyldu til að kynna sér vilja Péturs Andréssonar. En í þess stað virðist Jóhann hafa verið látinn ráða því, að farið var á bak við Pétur um þetta, og það þvert ofan í bankavenju.

Ber að telja, að öll meðferð og notkun þessa plaggs, er veðleyfi nefnist, og útgáfa tryggingarbréfs í skjóli þess sé með þeim hætti, að beint samkvæmt 32. grein laga nr. 7/1936 eigi að fyrirmuna Útvegsbanka Íslands að fá framgengt nauðungaruppboði á þeim grundvelli.

Er synjað um hið umbeðna uppboð.

Málskostnaður fellur niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan Uppkvaðning hefur dregist vegna annríkis við embættið.

Því úrskurðast:

Uppboð þetta fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. mars 1974.

Nr.59 /1973: **Aðalheiður Tryggvadóttir**
(Vilhjálmur Árnason hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni, skiptaráðanda í Reykjavík f. h. dánarbús Tryggva Siggeirssonar
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Erfðamál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Er málið skyldi tekið fyrir í Hæstarétti hinn 2. apríl 1973, kom áfrýjandi ekki fyrir dóm, og féll málið þá niður, sbr. 39. gr. laga nr. 57/1962. Áfrýjandi skaut málinu af nýju til Hæstaréttar með heimild í 36. gr. greindra laga með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hún þess, að viðurkenndur verði erfðaréttur sinn eftir Tryggva Siggeirsson og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4 í Reykjavík, andaðist 14. mars 1967. Samkvæmt vottorði skiptaráðandans í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, fékk ekkja hans, Lára Guðlaugsdóttir, hinn 19. september 1967 leyfi til setu í óskiptu búi með tveimur fjárráða börnum þeirra, þeim Agnari Tryggvasyni og Helgu Tryggvadóttur. Hinn 8. ágúst 1969

ritaði Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður skiptaráðanda og krafðist þess vegna áfrýjanda og með skírskotun til 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878, að dánarbú Tryggva yrði tekið til skipta. Reisti hann kröfu sína á því, að áfrýjandi væri dóttir Tryggva, og bæri henni því arfur eftir hann.

Fyrir skiptarétti komu fram andmæli gegn kröfum áfrýjanda „vegna dánarbús Tryggva Siggeirssonar", og var þess jafnframt krafist, svo sem nánar er rakið í hinum áfrýjaða úrskurði, að kröfum áfrýjanda yrði vísað frá skiptaréttinum að svo stöddu. Þeirri frávísunarkröfu hratt skiptaráðandi með úrskurði 30. janúar 1970. Var úrskurðinum ekki skotið til Hæstaréttar, en málinu haldið áfram fyrir skiptaréttinum. Áður en kröfu áfrýjanda um skipti væri ráðið til lykta fyrir skiptarétti, andaðist Lára Guðlaugsdóttir 17. mars 1972. Þar sem þá var lokið setu hennar í hinu óskipta búi, hlutu skipti að fara fram með erfingjum beggja hjóna, hvað sem annars leið þeim kröfum, sem áfrýjandi hafði áður gert um, að dánarbú Tryggva yrði tekið til skipta. Ekki var þó neitt aðhafst til að byrja þá skiptameðferð, svo að séð verði.

Í máli þessu krefst áfrýjandi þess sem sóknaraðili, svo sem endanleg kröfugerð hennar varð fyrir skiptaréttinum, að viðurkenndur verði arftökuréttur hennar eftir Tryggva Siggeirsson og hljóti hún sama arfahlut og önnur börn hans. Samkvæmt gögnum máls og úrskurði skiptaráðanda er varnaraðili um framangreinda kröfu áfrýjanda dánarbú Tryggva Siggeirssonar. Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað það sérstaklega, hver væri afstaða einstakra erfingja Tryggva til arfskröfu áfrýjanda. Verður m. a. ekki ráðið af gögnum málsins, að erfinginn Agnar Tryggvason hafi nokkru sinni verið inntur eftir viðhorfi sínu til erfðatilkalls áfrýjanda. Þeir erfingjar í búinu, sem mótmæla vildu kröfum áfrýjanda, áttu að réttu lagi að vera varnaraðiljar í máli þessu. Viðhorf þeirra var ekki kannað á viðhlítandi hátt, svo sem áður segir. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Skiptaráðandi kvaddi til tvo löglærða samdómendur til að

úrskurða mál þetta með sér. Sú dómnefna studdist ekki við næga lagaheimild.

Það athugast, að skiptaráðanda hefur láðst að greina nægilega skilmerkilega í þingbók dómkröfur málsaðilja við munnlegan flutning málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 6. maí 1972.

Í máli þessu, sem var tekið til úrskurðar 17. f. m. að loknum munnlegum málflutningi og að undangenginni gagnaöflun, gerir sóknaraðili, Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59 hér í borg, þær dómkröfur, að viðurkenndur verði arftökuréttur hennar eftir föður hennar Tryggva Siggeirsson þannig, að hún hljóti jafnan arfahlut við önnur börn Tryggva heitins. Einnig gerir hún kröfu til málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Lögmaður varnaraðilja mótmælti erfðarétti sóknaraðilja og að dánarbúið yrði skrifað upp og tekið til opinberra skipta.

Mál þetta er þannig til komið, að með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 18. ágúst 1969, óskaði Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður eftir því f. h. sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, Barónsstíg 59 hér í borg, að dánarbú föður hennar, Tryggva Siggeirssonar, Smiðjustíg 4 hér í borg, yrði tekið til skipta samkvæmt 4. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878, eins og segir í bréfinu. Þinghald var fyrst í málinu 23. september 1969, og lagði sóknaraðili þá þegar fram greinargerð og nokkur önnur skjöl. Lögmaður varnaraðilja lýsti þá þegar yfir, „að þar sem engar sannanir séu fyrir því hér í réttinum, að frú Aðalheiður, sem telur sig Tryggvadóttur, eigi rétt á nokkrum arfi úr þessu dánarbúi, þá krefst hann þess, að málinu verði vísað frá skiptaréttinum og krefst jafnframt málskostnaðar.“ Frávísunarkrafan var síðar sótt og varin, og gekk úrskurður um hana 30. janúar 1970, og var niðurstaðan sú, að frávísunarkrafan var ekki tekin til greina. Meðferð málsins hélt því áfram hér fyrir dóminum og gagna aflað af beggja hálfu, en nokkur dráttur hefur orðið á málinu, eða frá því í apríl 1971 til 14. febrúar s.l., vegna öflunar lögmanns sóknaraðilja á gögnum um rithandarsýnishorn, sem lögð hafa verið fram.

Málavexti kveður sóknaraðili þessa: Lilja Brandsdóttir, Grettisgötu 8 í Reykjavík, fædd 22. maí 1889 í Króki í Hraungerðishreppi, eignaðist hinn 10. nóvember 1912 dóttur, sem skírð var af presti Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík hinn 24. febrúar 1913 og fékk nafnið Aðalheiður. Við skírnina lýsti Lilja föður að barninu Tryggva Siggeirsson, Laugavegi 13, Reykjavík, fæddan 19. júní 1892, og var faðernið bókað þannig í prestþjónustubókina. Síðan hefur Aðalheiður ávallt nefnt sig og verið nefnd af öðrum Tryggvadóttir, þar á meðal í manntölum öllum og nú í þjóðskrá samkvæmt lögum nr. 54/1962. Tryggvi Siggeirsson andaðist 14. mars 1967 og lét eftir sig ekkju, Láru Guðlaugsdóttur, og hjónabandsbörn. Ekkjan lést í marsmánuði s.l.

Sóknaraðili hefur gefið svofellda aðiljaskýrslu í málinu, sbr. dskj. nr. 7.

„Ég hefi frá öndverðu talið það sjálfsagt mál og engum vafa undirorpið, að faðir minn væri Tryggvi Siggeirsson, Laugavegi 13 í Reykjavík. Var það fyrst eftir að hann féll frá, að mér varð ljóst, að mótmæli kynnu að verða höfð uppi í því sambandi. Því hugkvæmdist hvorki mér né öðrum að gera ráðstafanir, er gerðu slík mótmæli óhugsandi. Hefðu þær ráðstafanir þurft að gera, meðan viðkomandi aðilar voru enn á lífi.

Frá því ég man fyrst eftir, voru þau föðurforeldrar mínir, Siggeir Torfason og Helga Torfason, mér ákaflega góð, og var ég ætíð velkomin á heimili þeirra. Þau sendu mér alltaf jóla- og afmælisgjafir.

Þegar spanska veikin 1918 lagði móður mína fárveika í rúmið, kom Helga, amma mín, á hverjum degi til þess að hlúa að henni, og þakka ég henni, að móðir mín komst á fætur aftur.

Ég get einnig getið þess, að eftir að ég stálpaðist, var það um langan tíma, að ég fór á hverjum sunnudegi til frændfólks míns á Laugavegi 13 og dvaldist þar eftirmiðdaginn allan.

Mörg fleiri dæmi gæti ég rakið, sem sýna, að ég var tekin sem ein af fjölskyldunni.

Því hefi ég drepið á þessi atriði, að það e. t. v. skýrir hvers vegna ég var aldrei í vafa um faðerni mitt og tel sjálfsagt mál, að faðir minn, Tryggvi Siggeirsson, hafi alla tíð vitað, að ég var skírð og skrifuð hans dóttir.“

Þá hefur sóknaraðili lagt fram á dskj. nr. 3—5 vottað úr Fríkirkjubók fæðingarvottorð (skírnarvottorð) og endurrit af fréttaklausu úr Morgunblaðinu, og hljóða skjöl þessi sem hér segir:

„Nr. 17 10/11 1912. Aðalheiður. Móðir Lilja Brandsdóttir, Grett-

isgötu 8, hún 23 ára. Lýstur faðir Tryggvi Siggeirsson verslunarmaður, Laugavegi 13. Ljósmóðir Jóhanna Þorsteinsdóttir. Skírnarvottar: Sveinn Einarsson, Kristján Snorrason." „Fæðingarvottorð: Hér með vottast, að Aðalheiður Tryggvadóttir er fædd 10. nóv. 1912, skírð 24. febrúar 1913. Fæðingarstaður Reykjavík. Foreldrar Tryggvi Siggeirsson og Lilja Barndsdóttir."

„Morgunblaðið, 20. júní 1936.

Hjúskapur. Í dag verða gefin saman í hjónaband af síra Árna Sigurðssyni ungfrú Aðalheiður Tryggvadóttir, Siggeirssonar kaupmanns, og Dagbjartur Bjarnason, Grímssonar frá Stokkseyri. Heimili ungu brúðhjónanna verður á Barónsstíg 59."

Einnig hefur sóknaraðili lagt fram rithandarsýnishorn og álitsgerðir um þau, og verður vikið að því síðar.

Báðir aðiljar hafa fært fram nokkur vitni í málinu, og verður vikið að því helsta úr þeirra skýrslum.

Vitnið Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður, 67 ára, hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Með vottorði á dskj. nr. 10 vottar hann, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4, Reykjavík, hafi alltaf vitað, að Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, Reykjavík, hafi skrifað sig dóttur hans. Í vitnaskýrslu sinni bar hann, að hann hafi þekkt Tryggva Siggeirsson frá því, að hann var ungur, og tók fram, að móðir hans og Helga Torfason, móðir Tryggva, hafi verið aldavinkonur og hafi hann og fjölskylda hans átt heima á Grettisgötu 26, en hin fjölskyldan á Laugavegi 13. Varðandi kynni vitnisins af sóknaraðilja bar vitnið, að Jón Grímsson, sem nú vinni hjá honum, sé stjúpfaðir hennar og hafi hann gifst móður stúlkunnar, þegar stúlkan var ung, og hafi verið náinn kunningsskapur milli fjölskyldu hans og fjölskyldu Jóns og hafi hann vitað, að stúlkan væri kölluð Tryggvadóttir og væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Þá kvað vitnið, að Tryggvi heitinn hafi sjálfur látið í ljós, svo hann heyrði, að sóknaraðili væri dóttir hans, og skýrði frá eftirfarandi: „Eitt sinn sat hann og Tryggvi heitinn á veitingastað hér í bæ og voru að drekka úr einni vínflösku. Kom þá framangreindur Jón Grímsson til þeirra og var að leita að vitninu. Sagði Tryggvi þá sem svo: „Blessaður gefðu honum að smakka á víninu og bjóddu honum að setjast, því hann hefur alltaf verið svo góður við stelpuna mína". Viðtal þetta kvað vitnið hafa farið fram fyrir um 30 árum. Einnig bar vitnið, að hann hafi heyrt, að Helga Torfason hafi alltaf greitt meðlag með Aðalheiði. Ekki kvaðst vitnið hafa vitað um, hvort Tryggvi og Aðalheiður hafi umgeng-

ist hvort annað né hvort Lára, eiginkona Tryggva, hafi umgengist Aðalheiði.

Siggeir Einarsson, Grettisgötu 92, 76 ára, hefur einnig gefið vottorð um, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að sóknaraðili hafi skrifað sig dóttur hans, sbr. dskj. nr. 11. Í vitnaskýrslu sinni sagði vitnið, að árið 1923 hafi hann búið í sama húsi og fjölskylda Aðalheiðar að Njálsgötu 4, um eins árs skeið, og hafi hún þá verið 11 ára gömul og hafi hann þekkt hana síðan og að stúlkan hafi alltaf verið kölluð Aðalheiður Tryggva, og kvaðst vitnið hafa vitað, að hún væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Ekki kvaðst vitnið vita til, að stúlkan hafi verið nefnd svo, þegar nefndur Tryggvi hafi verið viðstaddur, og vissi ekki til, að hann hafi komið inn á heimili Aðalheiðar. Þá kvaðst vitnið hafa vitað til, að Aðalheiður hafi fengið jóla- og afmælisgjafir frá Helgu Torfason, Laugavegi 13, og hafi verið talað um, að gjafirnar væru frá ömmu stúlkunnar. Vitnið hafði vitneskju þessa aðeins af frásögn heimilisfólksins. Loks kvaðst vitnið eitt sinn hafa spurt Tryggva heitinn um, hvort hann væri faðir Aðalheiðar, en hann hafi ekki svarað því neinu.

Árni Tómasson hreppstjóri, Stokkseyri, 83 ára, hefur vottað, að hann hafi þekkt Lilju Brandsdóttur og dóttur hennar, Aðalheiði Tryggvadóttur, og að hann hafi aldrei heyrt annað en að Aðalheiður væri dóttir Tryggva Siggeirssonar, verslunarmanns hjá Kristjáni Siggeirssyni. Í vitnaskýrslu sagði vitnið, að Kristján Siggeirsson, bróðir Tryggva, hafi verið á sumrum á Reyðarvatni í Rangárvallahreppi, þegar hann var unglingur, en Tryggvi hafi verið á Barkastöðum í Fljótshlíð á sumrum. Reyðarvatn var þá heimili vitnisins og fjölskyldu hans. Vitnið kvaðst síðan hafa þekkt þessa bræður og að hann komi oft til Kristjáns, þegar hann sé hér á ferð. Þá kvað vitnið Lilju Brandsdóttur hafa verið kaupakonu að Reyðarvatni, þegar hún hafi verið ung stúlka, en þá hafi hann verið farinn að heiman. Þá skýrði vitnið svo frá, að Lilja Brandsdóttir hafi verið til heimilis í Hraunprýði árið 1913, en þá var vitnið á Stórahrauni í Eyrarbakkahreppi, og kynntist hann Lilju þá, og hafi þekkt hana síðan. Þá sagði vitnið, að Reyðarvatnsfólkið hafi að jafnaði gist hjá Helgu og Siggeir Torfasyni. Að gefnu tilefni sagðist vitnið ekki hafa heyrt neitt af fjölskyldu Tryggva tala um, svo að hann heyrði, að Aðalheiður væri dóttir Tryggva. Hins vegar kvaðst vitnið hafa heyrt, að Helga, móðir Tryggva, hafi greitt meðlag með Aðalheiði.

Í málinu liggur fyrir bréf frá Ágúst Þorvaldssyni alþingismanni, 63 ára, til stefnanda, sbr. dskj. nr. 16. Þar kemur fram, að Ágúst hafi verið uppalinn að nokkru leyti hjá móðurforeldrum stefnanda á Eyrarbakka og var þar til ársins 1916, en þá fluttu hjónin til Reykjavíkur, og fór Ágúst þá frá þeim. Þá segir þar:

„Veturinn 1911—12 var hún (þ. e. Lilja Brandsdóttir) í Reykjavík. Ekki þori ég að fullyrða neitt um það, hvar hún var þar, hvort það var hjá Siggeir Torfasyni, kaupmanni, eða annarsstaðar, en á þessum vetri varð hún þunguð og síðan komst þú í heiminn. Föður að barni sínu nefndi hún Tryggva Siggeirsson, kaupmanns Torfasonar, en hann mun þá hafa verið piltur um tvítugt. Það minnir mig, að ég heyrði, að Tryggvi hafi verið tregur til að gangast við faðerni barnsins fyrst, en þó mun hann þegar á herti hafa viðurkennt að vera faðir þinn.“ Einnig segir þar:

„Flest af því, sem gerðist í lífi mínu á þessum árum, er nú fallið í gleymsku hjá mér, en þó man ég glöggt, að Helga, móðir Tryggva Siggeirssonar, kom í Hraunprýði til þess að finna þig og færa þér einhverjar gjafir, og stundum komu til þín sendingar frá henni, sem vöktu gleði og voru vel þegnar á fátæku heimili. Varla hefði Helga sýnt þér slíka ræktarsemi, ef hún hefði talið leika vafa á um það, að þú værir sonardóttir hennar. Til þess liggur sérstök ástæða, sem ekki kemur þessu máli við, hvað mér er alltaf vel í minni, þegar Helga kom til okkar í Hraunprýði á Eyrarbakka og sé hana jafnan fyrir mér: þéttvaxna, fyrirmannlega og skörulega konu komna að því er mér finnst nokkuð yfir miðjan aldur. Man ég, að þessi heimsókn Helgu var Guðnýju ömmu þinni til gleði og að hún var mjög þakklát fyrir þá umhyggju og ræktarsemi, er heimsókn þessi bar vott um, en þá var það ekki lítil fyrirhöfn og óþægindi fyrir roskna konu að ferðast frá Reykjavík til Eyrarbakka.

Aldrei heyrði ég nokkurn mann halda því fram, að móðir þín, sú mikla sæmdarkona, hefði rangfeðrað þig. Slíkt held ég, að allir, sem hana þekktu, hefðu talið óhugsandi.“

Loks segir Ágúst í bréfinu, að hann viti ekki, hvort faðir hennar, Tryggvi Siggeirsson, eins og þar stendur, hafi greitt hluta uppeldiskostnaðar kæranda, en vísar henni til Jóns Grímssonar, stjúpa hennar, þar um.

Í vottorði Jóns Grímssonar, sem að framan er nefndur, segir svo: Dskj. nr. 17. „Ég undirritaður Jón Grímsson, stjúpfaðir Aðalheiðar Tryggvadóttur, lýsi því yfir, að þau hjónin Helga og Siggeir Torfason, Laugavegi 13, Reykjavík, greiddu meðlag með nefndri

Aðalheiði og sýndu henni og móður hennar, Lilju Brandsdóttur, sérstaka velvild og umhyggju, sem þau meðal annars sýndu í verki með því að koma í fermingarveislu Aðalheiðar og gefa henni veglega gjöf." Í vottorði Hróbjarts Bjarnasonar, bróður Dagbjarts Bjarnasonar, eiginmanns kæranda, segir, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, hafi skrifað sig dóttur hans, sbr. dskj. nr. 12. Loks segir í vottorði Guðrúnar Tómasdóttur, Háteigsvegi 26, Reykjavík: „Ég undirrituð hefi aldrei heyrt annað frá fyrstu tíð en að Aðalheiður Tryggvadóttir sé dóttir Tryggva Siggeirssonar, Laugavegi 13, Reykjavík. Jafnframt vil ég taka fram, að á æskuheimili mínu, að Reyðarvatni, þar sem Lilja Brandsdóttir, móðir Aðalheiðar, var kaupakona sumurin 1909—1911, var oft talað um það síðar, að Lilja hafi átt Aðalheiði með Tryggva Siggeirssyni. Rétt er að láta koma fram, að mikil vinátta og kunningsskapur var milli fjölskyldu minnar á Reyðarvatni og fjölskyldu Siggeirs Torfasonar, Laugavegi 13, Reykjavík." Sbr. dskj. nr. 15. Framangreindar skýrslur hafa verið staðfestar fyrir dómi, nema þrjár síðastgreindu, en öllum hefur þeim verið mótmælt af varnaraðilja.

Varnaraðili hefur einkum byggt afstöðu sína á eftirfarandi: Hann telur, að eigi sé vitað, að Tryggvi Siggeirsson hafi nokkru sinni fengið áskorun um að viðurkenna faðerni stefnanda samkvæmt þeim lögum, sem þá voru í gildi, og hafi honum því ekki verið gefinn kostur á að synja fyrir faðerni með eiði. Hins vegar sé fullyrt, að Tryggvi hafi aldrei greitt meðlag með stefnanda eða viðurkennt fyrir nokkrum manni, að hann væri faðir hennar. Verði því að ályktа, að móðir stefnanda hafi ekki treyst sér til að fara í barnsfaðernismál. Þá hefur sóknaraðili bent á, að samkvæmt hæstaréttardómi í máli nr. 65/1919 (Hrd. I, bls. 46) virðist sú regla hafa verið, þar til lög nr. 46 frá 1921 tóku gildi, að fyrir lægi skýlaus játning fyrir faðerni eða dómur gengi í málinu, þar sem aðiljar gætu fært fram rök fyrir staðhæfingum sínum, en ekki hafi komið fram, að neitt slíkt hafi gerst í þessu tilfelli. Þá hefur verið bent á, að ekki sé upplýst, að neitt samband hafi verið milli kæranda og Tryggva Siggeirssonar, þótt þau ættu bæði heima hér í bænum samtímis um áratugi, og er þetta viðurkennt af kæranda, sbr. aðiljaskýrslu hennar.

Í málinu hafa gefið skýrslur Lára Guðlaugsdóttir, ekkja Tryggva Siggeirssonar, og dóttir hennar, Helga, og tengdadóttir, Lára Þorsteinsdóttir.

Engin þeirra sagðist þekkja kæranda neitt eða yfirleitt hafa

vitað neitt um hana, fyrr en þá eftir að Tryggvi var látinn, og aldrei hafi hún komið á heimili Tryggva, og Helga bar, að hún vissi ekki til, að kærandi hafi nokkurn tíma komið á heimili ömmu hennar og afa á Laugavegi 13. Frú Lára sagði, að maður hennar hefði aldrei minnst á það, að hann ætti óskilgetið barn, og aldrei hafi verið á það minnst á þeirra heimili, enda hefði hann ekki greitt meðlag með neinu slíku barni.

Málabúnaður lögmanns sóknaraðilja í máli þessu hefur einkum beinst að því að færa rök að því, að skjólstæðingur hans hafi verið löglega feðruð eftir þeim lögum, er þá giltu um feðrun óskilgetinna barna.

Eins og áður segir, var kærandi fædd 11. nóvember 1912, voru því lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, er giltu um feðrun slíkra barna, þar til lög nr. 87/1947 gengu í gildi, ekki komin til, en fyrir þann tíma er talið, að aðalákvæðið um þetta hafi verið í norskum lögum 6-13-5, en þar segir svo í ísl. útgáfu laganna:

„Sama er og ef maður leggst með annarri mey eða ekkju, sem áður hefur ekki fengið lauslætisorð. Ef hann þrætir fyrir að hafa gjört það og hún getur eigi sannað það upp á hann, þá skal bera það af sér með eiði". Samkvæmt þessu ákvæði telur lögmaður kæranda, að í þá tíð hafi ekki verið krafist ákveðins forms fyrir sönnun faðernis slíkra barna, því það felist í tilvitnaðri lagagrein, að barn skuli talið feðrað, ef lýstur barnsfaðir, vitandi um faðernislýsinguna, mótmælir henni ekki beinlínis, en ef hann hins vegar beri fram mótmæli, þá komi réttarfarsákvæði greinarinnar til.

Með lögum nr. 46/1921 voru N.L. 6-13-5 felld úr gildi, sbr. 45. gr. laganna. Samkvæmt II. kafla þeirra gat feðrun orðið með tvennum hætti: Viðurkenningu lýsts barnsföðurs eða með dómi. Samkvæmt 4. gr. skyldi viðurkenningin gerð „fyrir presti eða valdsmanni bréflega eða vottfest". Fengist slík viðurkenning ekki, var ekki önnur leið en að höfða barnsfaðernismál. Í 44. gr. síðastgreindra laga segir svo: „Nú er óskilgetið barn fætt áður en lög þessi gengu í gildi, og fer þá um barnið samkvæmt þeim, frá þeim tíma.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sé samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áðurgildandi lögum". Telur sóknaraðili, sem fallast má á, að feðrun barna, sem fædd séu fyrir gildistöku laganna, hafi átt að fara eftir aðalreglunni í 1. mgr., en ekki undantekningarregl-

unni í 2. mgr. Hins vegar telur hann, að ekki hafi þurft til þess að koma með börn, sem þegar voru löglega feðruð, þegar greind lög tóku gildi, því slík afturvirkni laga komi ekki til greina, og verður að fallast á það með kæranda. Sama máli gildir að sjálfsögðu um núgildandi lög um sama efni nr. 87/1947. Ekki þykir ástæða til að rekja hér, hvernig erfðaréttur utanhjónabandsbarna hefur þróast, en aðeins athugast, að fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 var meginreglan sú, að slík börn höfðu engan erfðarétt eftir föður sinn. Hins vegar hafa slík börn nú óskoraðan erfðarétt, sbr. 1. gr. núgildandi erfðalaga nr. 8/1962, en þar segir: „Óskilgetið barn erfir föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn.“ Samkvæmt þessu telur stefnandi, að það sé skilyrði fyrir erfðarétti óskilgetins barns eftir föður, að það sé feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn, en þetta ákvæði beri að túlka þannig, að átt sé við löggjöf þá, er gilt hafi, þegar barn var feðrað, og verður að fallast á það álit, eða í þessu tilfelli eftir N.L. 6-13-5. Hins vegar verður ekki fallist á það með kæranda, að barnsmóður slíkra barna væri nægilegt að lýsa mann föður við yfirvöld, en síðan hafi manninum borið að hrinda þeirri yfirlýsingu með málssókn og eiðvinningu. Af ýmsum gögnum má ráða, að gangur þessara mála hafi verið sá, að ef viðkomandi maður ekki hefur viljað gangast við faðerninu eða greiða meðlag með barninu, þá hafi móðirin eða framfærandi barnsins orðið að höfða mál til að fá rétt sinn staðfestan, sbr. Einar Arnórsson: Dómstólar og réttarfar, bls. 586-7. Í Tyro juris, eftir Svein Sölvason, bls. 302, útg. 1799, segir: „Þegar ein vill gánga frá barnsfaðernis Lýsingu, þá er Plagsiður að uppáleggja hönum Eið, nær Konan getur ei bevísað sína Lýsing. N.L. 6.B. 13. kap. 5. Art.“ Sama sýnist dómara t. a. m. dómur í Lyr. 20. 12. 1873 og Hrd. I. 6, bls. 46 og áfram, og Deuntzer Dansk Familieret, útg. 1899, bls. 321 og áfram. Í þessu máli liggja hvorki gögn fyrir um það, að Tryggvi Siggeirsson hafi viðurkennt faðerni kæranda né greitt meðlag með henni. Breytir ekki þeirri niðurstöðu þau vottorð og vitnaskýrslur, er kærandi hefur fram fært, hvorki varðandi það, að Tryggvi hafi talið sig föður kæranda né að foreldrar hans hafi greitt meðlag með henni, enda verður að telja þrátt fyrir greindar skýrslur, að ósannað sé, að foreldrar Tryggva hafi greitt meðlag með kæranda. Ekki er heldur upplýst um, að reynt hafi verið að fá staðfestingu á feðerni kæranda fyrir dómstólum.

Undir rekstri málsins var lagt fram af hálfu kæranda póstkort,

stílað til hennar, undirritað þín amma, sbr. dskj. nr. 8, og ljósrit úr prestþjónustubók Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík, þar sem nafn Helgu Torfason, móður nefnds Tryggva Siggeirssonar, er undirritað. Sóknaraðili hefur með framlagningu þessara skjala og greinargerðar um rithendur á þeim viljað færa rök að því, að Helga Torfason hafi viðurkennt kæranda sem barnabarn sitt, og hefur í því skyni leitast við að sanna, að Helga hafi skrifað á kortið á dskj. nr. 8. Í þeim tilgangi fékk kærandi útnefnda tvo skoðunar- og matsmenn 26. nóvember 1970, en þeir skiluðu engu áliti vegna þess, að þeir töldu rithandarsýnishornin ekki nægileg. Síðan leitaði kærandi til tveggja sérfræðinga í Bretlandi eftir upplýsingum frá breska sendiráðinu hér. Niðurstöður þessara skýrslna eru sem hér segir: Þeirrar fyrri, sbr. dskj. nr. 26 og 27. Í niðurlagi skýrslunnar segir (þýðing): „Einstök atriði eru borin saman, og heildarathugun sýndi, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna og úr ljósritum, en ekki frumritum, þá var hægt að láta í sljós skoðun á því, hver höfundur væri, og fer hún hér á eftir. Skoðun mín er sú, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna, hafi rithandarsýnishornið einnig verið skrifað af þeim, sem undirskrifaði nafnið Helga Torfason á sérstakt skjal."

Í síðari skýrslunni, sbr. dskj. nr. 30 og 31, segir svo (þýðing): „Háður því, sem áður greinir, hef ég gert nauðsynlegan samanburð, og að mínu viti eru allsterkar líkur fyrir því, að rithendurnar tvær séu hin venjulega rithönd sömu persónunnar."

Samkvæmt þessum álitsgerðum og öðrum atvikum málsins verður að telja, að sterkar líkur séu fyrir, að Helga Torfason hafi skrifað á nefnt póstkort til kæranda, en ekki getur það skorið úr í þessu máli.

Undir rekstri málsins hefur sóknaraðili leitast við að sanna, að Tryggvi heitinn Siggeirsson hafi vitað, að kærandi kenndi sig við hann, og hefur tekist að færa að því allsterkar líkur, að svo hafi verið, m. a. með framlagningu ýmissa vottorða úr opinberum skýrslum og frétt úr víðlesnu dagblaði og úrdrætti úr prentaðri bók, og má segja, að líkurnar séu fyrir því, að Tryggva hafi verið þetta kunnugt, en ekki getur það þó skorið úr í þessu máli. Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, hefur ekki verið í ljós leitt, að kærandi hafi verið feðruð á lögmætan hátt, hvorki fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 né síðar, og verður því ekki unnt að taka kröfu hennar til greina. Rétt þykir að láta málskostnað falla niður.

Úrskurð þennan hafa kveðið upp Sigurður M. Helgason borgar-

fógeti ásamt samdómsmönnunum Gunnlaugi Briem sakadómara og Rannveigu Þorsteinsdóttur hæstaréttarlögmanni.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, um, að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar í dánarbú Tryggva Siggeirssonar, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. mars 1974.

Nr. 156/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þórarni Jónassyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Tékkamisferli. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 73/1973 ber að leggja allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda

ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. júní 1973.

Ár 1973, föstudaginn 1. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 264/1973: Ákæruvaldið gegn Þórarni Jónassyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. febrúar s.l., gegn Þórarni Jónassyni, Laxnesi í Mosfellssveit, fæddum 26. apríl 1944 í Reykjavík,

„fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli, framin í Reykjavík í apríl 1972, með því að gefa út til handhafa fimm tékka á reikning sinn nr. 6164 við Sparisjóð Kópavogs og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. A. Nr. 234164, kr. 930.00, dagsettur 21. apríl. Greiðsla til Niels Svane, Reykjahlíð 8, fyrir viðgerð á bifreið.

2. A. nr. 234167, kr. 1.000.00, dagsettur 24. apríl. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur, en hluta tékkafjárhæðarinnar fékk ákærði í reiðufé.

3. A. Nr. 234168, kr. 40.000.00, dagsettur 25. apríl. Greiðsla skuldar til Sigurbjörns Eiríkssonar, Skálholtsstíg 2 A.

4. A. Nr. 234173, kr. 7.000.00, dagsettur 26. apríl. Staðgreiðsla á áburði hjá Áburðarverksmiðjunni, Gufunesi.

5. A. Nr. 232100, kr. 4.400.00, dagsettur 26. apríl. Greiðsla fyrir bifreiðarakstur og flutning á búslóð.

Atferli ákærða, sem greinir í 1. og 2. lið og 4. og 5. lið, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en atferli hans, sem greinir í 3. lið, telst varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu hefur þess verið krafist af hálfu Niels Svane, eiganda tékka þess, sem ákæruliður 1 lýtur að, að ákærði verði dæmdur til greiðslu tékkafjárhæðarinnar, kr. 930.00.

Málsatvik.

Ákærði var 2. febrúar 1968 dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir tékkasvik og 14. maí 1970 í 6 mánaða fangelsi fyrir sams konar brot. Engu að síður tókst honum 16. febrúar 1972 að fá opnaðan ávísanareikning á sitt nafn í Sparisjóði Kópavogs. Lagði hann þá inn á reikninginn 72 þús. kr.

Reikning þennan notaði hann síðan nokkuð fram í maí 1972, en hinn 2. þ. m. var honum lokað sakir þess, að innstæðulausir tékkar ákærða höfðu verið sýndir í greiðslubankanum. Verður tékkum þessum nú lýst.

1. Tékki, kr. 930.00, útgefinn til handhafa 21. apríl, framseljandi Níels Svane. Með tékka þessum greiddi ákærði framseljanda viðgerð á bifreið. Tékkinn hefur verið sýndur í greiðslubankanum 5. maí, en þá hafði reikningnum verið lokað. Af yfirliti yfir reikninginn er að sjá, að innstæða á reikningnum við lokun hafi numið kr. 2.534.30, en 4. maí hefur reikningurinn verið skuldfærður um 2.000 kr. samkvæmt tékka, þannig að við sýningu ofangreinds tékka Níelsar Svane er innstæða einungis kr. 534.30.

2. Tékki, kr. 1.000.00, útgefinn til handhafa 24. maí, framseljandi Niels Jónsson, Barmahlíð 19. Samkvæmt framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn í málinu, greiddi ákærði ökugjald með þessum tékka. Tékkinn hefur verið sýndur í greiðslubankanum 4. maí, en þá var búið að loka reikningnum.

3. Tékki, kr. 40.000.00, útgefinn til handhafa 25. apríl, framseljandi Sigurbjörn Eiríksson, Skálholtsstíg 2 A. Samkvæmt framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, greiddi ákærði framseljanda skuld með tékka þessum. Sýningardagur tékka þessa er 26. apríl. Daginn áður hafði reikningurinn verið skuldfærður samkvæmt tveimur tékkum ákærða um kr. 280.000.00, og við það myndast yfirdráttur, kr. 191.215.70, og þannig hefur reikningurinn staðið, er tékki Sigurbjörns Eiríkssonar hefur verið sýndur. Reikningurinn hefur verið skuldfærður samkvæmt tékkanum, þannig að yfirdráttur hefur orðið kr. 231.715.00, en tékkinn er svo færður til baka sama dag, þannig að yfirdrátturinn lækkar aftur sem tékkafjárhæðinni nemur.

4. Tékki, kr. 7.000.00, útgefinn til handhafa 26. apríl, framseljandi Áburðarverksmiðja ríkisins. Fyrir tékka þennan kveðst ákærði hafa keypt áburð hjá Áburðarverksmiðjunni. Tékkinn hefur ekki verið sýndur í greiðslubankanum fyrr en 10. maí.

5. Tékki, kr. 4.400.00, útgefinn til handhafa 26. maí, framseljandi Matthías Þorkelsson, Laugarnesvegi 92, sýningardagur 3. maí. Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum greiddi ákærði með tékka þessum sendiferðabifreiðarstjóra fyrir þjónustu við flutning á búslóð.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki vitað annað en næg innstæða væri fyrir tékkunum, er hann gaf þá út. Ástæðan til þess, að þeir reyndust án innstæðu við sýningu, hafi verið sú,

að hann hafi greitt innlegg á reikning sinn með tékka, sem hann hafði fengið að greiðslu frá öðrum manni, og fjárhæð þess tékka verið kr. 90.000.00. Tékki þessi hafi reynst án innstæðu og sparisjóðurinn þá fært fjárhæðina til baka án vitundar ákærða. Hann hafi ekki frétt það, fyrr en eftir að hann hafði notað tékka þá, sem mál þetta lýtur að.

Það hefur komið í ljós, að hinn 19. apríl 1972 hefur ákærði ritað innleggsnótu í sparisjóðnum, þar sem hann leggur kr. 116.488.00 inn á reikning 6164. Innleggsnótan hefur verið bókfærð með þessari fjárhæð. Á yfirliti yfir reikninginn er innleggið einungis bókfært kr. 26.488.00. Ákærði segist hafa fengið frumrit innleggsnótunnar í hendur sem kvittun. Hann kveðst raunar ekki finna frumritið hjá sér nú. Hann kveðst hins vegar hafa komið í bankann 27. apríl og þá verið skýrt frá því, hversu farið hafði um 90 þús. kr. tékkann. Hafi hann þá fengið í hendur samrit af innleggsnótunni frá 19. apríl með áritun um bakfærslu á 90 þús. kr. Afrit þetta hefur ákærði lagt fram. Sýnir það, að innleggsnótan hljóðar á kr. 116.488.00, en síðan hefur verið vélrituð á hana þessi athugasemd: „Bakfærð ávísun kr. 90.000.00, innistæðulaus, útg. af Kára B. Helgasyni úr hlr. 625 við Sparisjóðinn Pundið. Nr. áv. 31791."

Á afritið er einnig stimplað: „Bókin ógild."

Enn fremur hefur verið lagt fram færsluskjal bankans með færslunni 19. apríl (kr. 26.488.00). Færsluskjal þetta er vélritað, og segir þar: „... Mism. á innl. f. 19.4. kr. 116.488.00 ÷ kr. 90.000.00 kr. 26.488.00 mism."

Vitnið Jósafat Líndal, sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Kópavogs, segir, að eftir að ákærði hafði greitt hinn 19. apríl innlegg, samtals kr. 116.488.00, m. a. með 90 þús kr. tékka Kára B. Helgasonar, hafi því verið veitt eftirtekt í sparisjóðnum, að Kári var á lista yfir menn, sem gefið höfðu út innstæðulausa tékka. Hafi við könnun komið í ljós, að áðurnefndur tékki Kára var án innstæðu í greiðslubankanum. Þá hafi ekki verið búið að færa innlegg ákærða, kr. 116.488.00, inn á spjaldið yfir innleggið og því hafi verið búið til nýtt færsluskjal og innleggið fært samkvæmt því einungis kr. 26.488.00. Jósafat kveðst ekki geta um það sagt, hvenær þessi breyting hafi komið til vitundar ákærða, en gerir ráð fyrir, að reynt hafi verið að ná til hans símleiðis.

Kári Borgfjörð Helgason ber það sem vitni, að hann hafi einhverju sinni greitt ákærða skuld með tékka að fjárhæð kr. 90.000.00, sem hann hafi gefið út á reikning sinn í Sparisjóðnum Pundinu. Innstæða hafi ekki verið fyrir tékkanum, og kveðst Kári

hafa látið ákærða vita það og beðið hann um að draga einn eða tvo daga að sýna tékkann. Kveðst Kári hafa átt von á peningum og ætlað sér að leggja inn á reikninginn. Hann kveðst hafa dagsett tékkann fram í tímann í samræmi við þetta. Kári telur, að ákærði muni hafa látið tékkann frá sér fyrr en um var samið, og síðar segir Kári, að hann hafi sagt sér, að hann hefði orðið að leysa tékkann til sín aftur. Kveðst Kári hafa tekið tékkann til sín aftur og greitt ákærða hann með víxli, sem kona hans (Kára) hafi samþykkt. Kári segir, að tékki hans sé ekki lengur til. Er þannig ekki kostur að sannreyna dagsetningu hans.

Ákærði heldur fast við það, að sér hafi alls ekki verið kunnugt um það, er hann gaf út og notaði tékka sína, hvernig farið hafði um innlegg hans 19. apríl, kr. 116.488.00, er fært var á reikninginn einungis sem kr. 26.488.00. Ákærða var bent á, að bæði 21. apríl og 23. apríl hefði hann lagt inn á reikninginn, svo sem reikningsyfirlitið sýnir, og þá mætti ætla, að honum hefði verið tilkynnt um bakfærsluna 19. apríl. Þessu mótmælir ákærði og fullyrðir, að honum hafi ekki verið kunnugt um bakfærsluna, fyrr en eftir að hann hafði látið fara frá sér alla tékkana, sem ákæra tekur til. Hafi hann þannig ekki vitað betur en næg innstæða væri fyrir þeim öllum.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi dregið, eins og um var samið, að nota tékka þann, sem hann fékk hjá Kára B. Helgasyni.

Þá segir ákærði, að hann hafi veitt tékkanum viðtöku hjá Pétri Axel Jónssyni lögfræðingi og litið á hann sem greiðslu upp í arf, en Pétur hafi haft með höndum skipti á búi móður ákærða. Kári heldur því hins vegar fram, að hann hafi greitt ákærða skuld sína með tékkanum, og Pétur Axel Jónsson kannast ekki við að hafa átt neinn þátt í viðskiptum þessum. Ekki er þörf að lýsa nánar þessu ósamræmi í framburði ákærða og vitna, sem ekki skiptir máli við úrlausn sakarefnisins.

Niðurstöður.

Samkvæmt því, sem lýst hefur verið, lagði ákærði 19. apríl kr. 116.488.00 inn á reikning sinn og greiddi innleggið m. a. með 90.000 kr. tékka Kára B. Helgasonar. Innleggsnótan var bókfærð í bankanum, en þegar fært var á spjaldið yfir reikninginn, að því er telja verður, eftir að ákærði var farinn út úr bankanum, var 90.000 kr. tékkinn ekki færður, heldur útbúið nýtt fylgiskjal og innleggið lækkað ofan í kr. 26.488.00. Hefði það ekki verið gert, hefði næg innstæða verið fyrir öllum tékkum ákærða, er mál þetta lýtur að. Ljóst virðist, að ákærði hafi ekki verið í bankanum,

er bakfærslan fór fram, og þannig eigi vitað um hana þá þegar. Verður að telja ósannað, að ákærði hafi vitað um bakfærsluna á þeim tíma, er hann notaði tékka þessa. Brestur þannig huglæg skilyrði til þess að refsa honum fyrir notkun hans á tékkunum, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt 3. mgr. 146. gr. laga 82/1961 verður þannig ekki dæmt um kröfu þá, sem uppi hefur verið höfð í máli þessu og áður var lýst.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga 82/1961 verður að sýkna ákærða af kröfum um málskstnaðargreiðslu, og ber að ákveða, að hann greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Jónasson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Mánudaginn 18. mars 1974.

Nr. 21/1974: **Ákæruvaldið**
gegn
Valgarði Frímanni Jóhannssyni

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Öryggisgæsla. Málsskot. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 4. janúar 1974, hefur saksóknari ríkisins skotið til Hæstaréttar úrskurði

sakadóms Árnessýslu, uppkveðnum 21. desember 1973, þar sem kveðið er svo á, að varnaraðili skuli látinn laus úr öryggisgæslu að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, eins og í úrskurðinum getur.

Skjöl máls þessa bárust Hæstarétti 28. janúar 1974.

Hallvarður Einvarðsson, aðalfulltrúi saksóknara ríkisins, var skipaður til þess að gegna saksóknarastörfum í máli þessu.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að varnaraðili sæti áfram öryggisgæslu.

Skipaður verjandi varnaraðilja, Jóhann H. Níelsson hæstaréttarlögmaður, krefst þess, að framangreindur úrskurður sakadóms Árnessýslu verði staðfestur.

Samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem öryggisgæslustofnun er, um, hvort slík gæsla sé lengur nauðsynleg, og hið sama getur tilsjónarmaður gert að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Úrlausn héraðsdóms má skjóta til Hæstaréttar, og verður framangreind lagagrein ekki skilin á annan veg en að dómsmálaráðherra hafi málsskotsheimild þessa, en eigi saksóknari ríkisins. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Sakarkostnað af málsskoti þessu skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns varnaraðilja, kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns varnaraðilja, Jóhanns H. Níelssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Úrskurður sakadóms Árnessýslu 21. desember 1973.

Ár 1973, föstudaginn 21. desember, var kveðinn upp í sakadómi Árnessýslu úrskurður í málinu: Krafa séra Jóns Bjarmans, tilsjónarmanns Valgarðs Frímanns Jóhannssonar, um, að Valgarður Frímann Jóhannsson verði látinn laus úr öryggisgæslu.

Málið, sem höfðað er af tilsjónarmanni Valgarðs Frímanns Jó-

hannssonar samkvæmt 62. gr. almennra hegningarlaga, var tekið til úrskurðar hinn 20. desember.

Málavextir eru þeir, að hinn 24. mars 1971 varð Valgarður Frímann Jóhannsson, áður tollvörður á Seyðisfirði, fæddur 6. mars 1930 á Akureyri, eiginkonu sinni að bana. Var hann ákærður til að sæta refsingu fyrir brot gegn 211. gr. alm. hegningarlaga, en með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. október 1971, var hann sýknaður af þeirri ákæru, en dæmdur til að sæta öryggisgæslu. Byggðist sú niðurstaða á því, að fullsannað þótti, að verknaðurinn hefði verið framinn í bráðu geðveikiskasti. Var Valgarður Frímann Jóhannsson síðan vistaður á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, og dvaldist hann þar til loka febrúar s.l.

Með bréfi, dags. 22. desember 1972, fór tilsjónarmaður Valgarðs Frímanns Jóhannssonar, séra Jón Bjarman, þess á leit samkvæmt 62. gr. alm. hegningarlaga, að úrskurðað yrði, hvort fyrrgreind öryggisgæsla teldist lengur nauðsynleg. Málaleitan þessa studdi tilsjónarmaðurinn með vottorði Jakobs Jónassonar geðlæknis varðandi geðheilbrigði Valgarðs Frímanns, en þar segir, að ekki sé ástæða til að ætla, að Valgarður Frímann komist í sams konar geðveikisástand og hann var í, er hann varð konu sinni að bana, að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1) Að honum sé útvegað húsnæði hjá fólki, sem skilur aðstöðu hans og eðli sjúkdómsins.
2) Að honum sé útveguð föst atvinna í námunda við bústað hans.
3) Að hann sé undir stöðugu og reglulegu eftirliti lækna.
4) Að hann taki stöðugt og reglulega inn þau lyf, sem hann hefur tekið undanfarið.
5) Að hægt verði að leggja hann inn á geðveikrahæli, ef einkenni koma í ljós, sem benda til afturfarar.

Niðurstaða Jakobs Jónassonar er sú, að „Valgarður ætti þannig ekki að vera hættulegur umhverfi sínu, ef þessum skilyrðum væri fullnægt, og ætti á þann hátt að hafa ennþá meiri möguleika til bata en innilokaður í fangelsi. Ennfremur ber að geta þess, að verknaðir af sama tagi og henti Valgarð eru afar sjaldgæfir meðal geðsjúklinga og engar meiri líkur til endurtekningar þeirra af hálfu Valgarðs en hvers annars geðsjúklings með geðklofa."

Vottorði Jakobs Jónassonar fylgir vottorð frá Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi, en þar segir svo:

„Prófið gefur ákaflega svipaða mynd og áður, en þó eru nokkrar breytingar til batnaðar. Einkum skal nefna mikla lækkun á hypomania og áberandi sveiflu til masculine identificationar. Ó-

veruleg lækkun er á schizofreniu og paranoid einkenni eru reyndar fleiri en áður. Somatisering er meiri og sömuleiðis hysterisk viðbrögð. Sj. beitir meira afneitun og bælingu. Ego er betra, varnir styrkari.

Niðurstaða: Prófið bendir enn sem fyrr í schizofren átt, en ástand sj. er þó greinilega betra á yfirborðinu, stabilla, og varnir betri. Undir yfirborðinu leynast schizofren ferli."

Af hálfu réttarins voru gerðar ráðstafanir til að kanna geðheilbrigði Valgarðs Frímanns enn frekar, en áður en af því yrði, veiktist Valgarður Frímann skyndilega, og var hann þá fluttur frá Litla-Hrauni til Reykjavíkur og vistaður í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.

Meðan Valgarður Frímann dvaldist í Reykjavík, var hann, að tilhlutan réttarins rannsakaður af Kristjáni Þorvarðssyni, tauga- og geðsjúkdómalækni, en í vottorði, dags. 12. maí 1973, leggur hann til:

„1) Að sjúklingurinn fái vist hér í Reykjavík hjá skilningsríku fólki, sem sæi um og gæfi honum þau lyf, sem geðlæknir, t. d. Jakob Jónasson, fyrirskipaði.

2) Að sjúklingurinn gengi til eftirlits á poliklínik Kleppsspítalans og mæti þar svo oft sem geðlæknar óska eftir.

3) Að trygging fáist fyrir því, að hann verði tekinn til meðferðar á Kleppsspítalann, ef honum versnaði sjúkdómurinn.

Ef nefndum skilyrðum er fullnægt, tel ég sjúklinginn ekki hættulegan umhverfi sínu. Einnig þyrfti sjúklingurinn að fá vinnuþjálfun og vinnu og gæti slíkt verið auðveldara í samráði við poliklínikina á Kleppi.

Einnig tel ég, að miklu betra árangurs væri að vænta og betri batahorfur, ef sjúklingurinn yrði leystur úr gæsluvarðhaldi og fangagæslu. Ég legg áherslu á sem geðlæknir, að óforsvaranlegt og óhæfa er, að sjúklingur (geðsjúklingur), sem náð hefur eins miklum bata og nefndur Valgarður, sé innilokaður á psykopathælum eða í hegningarhúsum. Slík meðferð er bæði ómannúðleg og ósamboðin geðlæknastéttinni."

Að lokinni rannsókn Kristjáns Þorvarðssonar lá málið niðri um tíma, þar eð dómaranum var kunnugt um tilraunir í þá átt að fá Valgarð Frímann vistaðan á sjúkrahúsi erlendis, en í bréfi, dags. 25. júlí 1973, upplýsir tilsjónarmaður Valgarðs Frímanns, að hann muni fara hinn 27. ágúst n.k. til dvalar á sjúkrahúsi í Danmörku.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. þ. m., barst réttinum vottorð Retspsykiatrisk Klinik, Statshospitalet ved

Århus, Risskov, dags. 28. nóvember, varðandi geðheilbrigði Valgarðs Frímanns, og er þar eftirfarandi

„KONKLUSION

Valgard Frimann Johansson frembyder således nu ingen tegn på sindsygdom, men vel lette tegn på tidligere gennemgåede sindssygdomsanfald. Man må betvivle, at V. F. med rette har kommet rubriceres iblandt gruppen af schizofrene, når man tager i betragtning, hvor velbevaret følelsesliv V. F. ved den nu fortagne undersøgelse har vist. Han frembyder således ikke de tegn på schizofreni eller partielt ophelet schizofreni, som man ville forvente. Han kan ikke betegnes som autistisk, og han frembyder ikke tegn på tankeforstyrrelser eller på vrangforestillinger, men frembyder tegn på en karakterneurose, som især er præget af udtalt sensitivitet, selvusikkerhed, nogen umodenhed og visse hysteriforme træk. Denne karkterneurose bør sikkert sættes i forbindelse med hans meget specielle barndomsmiljø. Udelukkes kan det ikke, at V. F. har vist spontane stemmingssvinger, hvilket kan sættes i forbindelse med en ret massiv familiær disposition til maniodepressiv sindssygdom, men V. F.s egne oplysinger tyder nu ikke på, at spontane stemmingssvinginger har spillet nogen afgørende rolle. Afgørende skønnes derimod at have været, at V. F.s sensitive, selvusikre personlighed har reageret meget heftigt på ydre belastninger og da især økonomiske problemer, som V. F. har haft gennem mange år. Han har sat sig i store udgifter, og hans indtægter har ikke kunnet stå mål hermed, og han har arbejdet særdeles ihærdigt, men næppe efter helt hensigtsmæssige planer, for at komme ud af et økonomisk uføre. Det skønnes sandsynligt, at V. F. ikke blot én, men flere gange, har reageret med sindssygdomsanfald og da psykogene psykoser med bevidsthedsforstyrrelser, varngforestillinger og hallucinationer. Denne antagelse skønnes forenelig med de oplysinger, som er givet om V. F.s. adfærd igennem de sidste 6—8 år. En mere langvarig, snigende sygdomsudvikling af schizofren art skønnes ikke sandsynliggjort, og den nu beskrevne velkontrollerede realitetstilpassede personlighed skønnes at tale afgørende imod diagnosen schizofreni.

V. F.s fare for retssikkerheden skønnes meget ringe under forudsætning af, at der fremdeles ydes ham støtte af den art, som er givet ham i de sidste år, og som han har haft behov for tidligere, men ikke modtaget. Lykkes det at undgå nye anfald af psykogen, kan han næppe siges at frembyde nogen som helst fare for rets-

sikkerheden, og det skønnes absolut muligt at undgå sådanne nye sindssygdomsanfald, dersom den støttende psykoterapeutiske behandling forsættes, og dersom V. F. får tilladelse til at leve i et miljø, som ikke virker belastende for hans sensitive personlighed. Man må herefter tilråde, at V. F., dersom det er muligt, søges løsladt fra fængselsinstitutionen, hvori han i de seneste år har opholdt sig, og at han ved en veltilrettelagt resocialiseringsprocedure bringes i stand til at genoptage arbejde og en så vidt mulig normal tilværelse i samfundet. Om dette bør ske fra fængslet, derved at V.F. genoptager arbejde derfra, eller om man kan finde særligt beskyttede forhold uden for fængslet, må bero på de aktuelle lokale muligheder. Ifald dansk retspraksis ville blive anvendt på V. F.s tilfælde, ville man sansynligvis tilrettelægge en resocialisering således, at V. F. ville blive flyttet til et psykiatrisk hospital, som har nathospitalefaciliteter. Her ville man lade V. F. optage arbejde uden for hospitalet og under forudsætning af et roligt forløb efter få måneder udskrive V. F. til forsat ambulant behandling og da en støttende psykoterapeutisk behandling og muligt en medikamentel behandling, som kan vise sig fornøden, idet man her tænker på en anvendelse af let beroligende medicin, men ikke anti-psykotisk medicin. Forsat ophold i en fængselsinstitution skønnes at rumme alvorlig risiko for, at V. F. udvikler nye sindssygdomsanfald, i hvilke depressive symptomer sandsynligt vil komme til at spille en større rolle end tidligere, og under hvilke der består betydelig selvmordsrisiko. Slutteligt bør anføres, at dersom der er nogen risiko for aggressive gennembrud, vil sådanne med større sandsynlighed kunne antages at ramme V.F. selv, end de vil kunne ramme anden person.

Efter den foretagne undersøgelse må det råd, der kan gives, herefter være, at man drager konsekvensen af den dom, som er overgået V. F. og bringer ham i en regelret psykiatrisk behandlingssituation, som dog på grund af den aktuelt gode psykiske tilstand, ikke indicerer hospitalsindlæggelse, men skønnes at kunne gennemføres ambulant.

C.J. Hansen
Overlæge."

Forstöðumaður vinnuhælisins að Litla-Hrauni, Markús Einarsson, og einn varðstjóranna þar, Magnús Ingi Gíslason, hafa báðir borið það, að framkoma Valgarðs Frímanns á Litla-Hrauni hafi verið góð í allri umgengni við starfsmenn þar, en hins vegar hafi

hann sniðgengið aðra vistmenn og enn fremur að eftir því sem dvöl hans þar varð lengri, versnaði andlegt jafnvægi hans, sem endaði með því, að hann reyndi að ráða sér bana að kvöldi 19. febrúar 1973.

Var Valgarður Frímann eftir það fluttur til Reykjavíkur og þaðan til Danmerkur, svo sem áður greinir.

Í þinghaldi 20. þ. m. kom skipaður tilsjónarmaður Valgarðs Frímanns, séra Jón Bjarman, fyrir dóminn og skýrði frá því, að skjólstæðingur hans hefði komið til landsins um miðjan þennan mánuð. Enn fremur upplýsti tilsjónarmaðurinn, að nokkrir aðstandenda Valgarðs Frímanns, bæði börn og venslamenn, hefðu á fundi með sér lýst sig reiðubúna til að veita Valgarði Frímanni alla þá aðstoð, sem þeim væri mögulegt.

Svo sem ritað er á dskj. nr. 1, var Valgarður Frímann Jóhannsson vistaður á vinnuhælinu á Litla-Hrauni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins hinn 21. desember 1971, en samkvæmt framburði forstjóra og eins varðstjóra vinnuhælisins hefur hegðun hans þar verið góð, ef frá er talin sjálfsmorðstilraun hans 19. febrúar 1971, sem frekar virðist hafa stafað af örvæntingu hans um sinn hag heldur en versnandi geðheilsu, sbr. vottorðin frá Kristjáni Þorvarðssyni lækni og Retspsykiatrisk Klinik, dskj. nr. 5 og 8, sem bæði eru gefin eftir þann atburð.

Í máli þessu eru til staðar þrjú vottorð varðandi geðheilbrigði Valgarðs Frímanns Jóhannssonar, sbr. dskj. nr. 3, 5 og 8. Þrátt fyrir að vottorðum þessum ber ekki saman um sjúkdómsgreiningu Valgarðs Frímanns, er niðurstaða þeirra allra sú, að Valgarður Frímann sé ekki hættulegur umhverfi sínu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum svo og að dvöl í fangelsi sé óheppileg og skaðleg heilsu hans.

Með hliðsjón af framanskráðu svo og því, að ekki virðist öðru til að dreifa en að vista mann, sem eins og er ástatt fyrir og hér um ræðir, í fangelsi, þykir rétt, að Valgarður Frímann Jóhannsson verði látin laus úr öryggisgæslu með eftirgreindum skilyrðum, sem dómsmálaráðuneytið eða eftirlitsmaður til þess skipaður af því metur á hverjum tíma, hvort uppfyllt séu:

1) Tryggt sé, að hann fái viðeigandi vist og starf við sitt hæfi.
2) Hann sé undir reglulegu lækniseftirliti og hlíti þeim fyrirmælum, sem læknar kunna að setja honum.
3) Tryggt sé, að hægt verði að vista hann á viðeigandi sjúkrahúsi, ef þurfa þykir.

Allur kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði.

Jakob J. Havsteen, fulltrúi sýslumanns Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Valgarður Frímann Jóhannsson skal látinn laus úr öryggisgæslu að uppfylltum framangreindum skilyrðum.

Allur kostnaður af máli þessu greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 18. mars 1974.

Nr. 41/1974: **Iðnaðarbanki Íslands h/f,**
Félag íslenskra iðnrekenda og
Landssamband iðnaðarmanna
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarsjóðs vegna Húsatrygginga
Reykjavíkur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. janúar 1974, sem Hæstarétti barst 25. febrúar s. á. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma málið að efni til. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Hinn kærði frávísunardómur var kveðinn upp 8. janúar 1974. Hvorki aðiljar né umboðsmenn þeirra voru viðstaddir dómsuppsögu. Samkvæmt vottorði dómsformanns tilkynnti

hann samdægurs lögmönnum aðilja um málsúrslit. Lögmaður sóknaraðilja hafi þá tjáð honum „munnlega, að hann mundi kæra dóminn til Hæstaréttar." Endurrit dómsins hafi eigi verið til fyrr en 28. janúar 1974, en kæra sóknaraðilja hafi borist 31. s. m.

Eins og áður greinir, fékk umboðsmaður sóknaraðilja vitneskju um hinn kærða frávísunardóm 8. janúar 1974. Kærufrestur samkvæmt 22. gr. laga nr. 75/1973 var því liðinn, er kæra sóknaraðilja var afhent héraðsdómi, en munnleg tilkynning umboðsmanns sóknaraðilja til héraðsdómarans var ekki fullnægjandi, sbr. 22. gr. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 10.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðiljar, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, greiði varnaraðilja, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs vegna Húsatrygginga Reykjavíkur, kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. janúar 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 12. f. m., hefur Iðnaðarbanki Íslands h/f, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, Lækjargötu 12, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. febrúar 1973, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur vegna Húsatrygginga Reykjavíkur til greiðslu á kr. 7.364.461.00 auk 9% ársvaxta frá 5. nóvember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi eftir mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Atvik málsins eru þessi:

Húsatryggingar Reykjavíkur voru stofnsettar árið 1954 samkvæmt heimild í lögum nr. 25 13. apríl 1954. Núgildandi vátryggingarskilmálar þeirra voru samþykktir í bæjarstjórn Reykjavíkur 20. október 1955. Samkvæmt þessu hafa öll hús í Reykjavík verið brunatryggð hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, frá því þær tóku til starfa.

Hinn 18. júní 1959 sótti Halldór H. Jónsson arkitekt vegna Iðnaðarbanka Íslands h/f um leyfi til smíði skrifstofuhúss á lóðinni nr. 10 B við Lækjargötu í Reykjavík. Var leyfi þetta veitt. Hinn 14. ágúst 1962 var smíði hússins svo langt komið, að þess var óskað, að það yrði metið brunabótamati.

Húsið var í öndverðu metið á kr. 11.468.000.00, en matsfjárhæðin hækkaði síðan í samræmi við breytingar á verðlagi og vátryggingarskilmálum og nam kr. 27.948.000.00 á árinu 1967.

Þá er þess næst að geta, að Iðnaðarbanki Íslands h/f eignaðist með afsali, útgefnu 24. janúar 1964, lóðina nr. 12 A við Lækjargötu í Reykjavík ásamt húsum þeim, er á lóðinni stóðu. Var hér um að ræða járnklædd timburhús.

Aðfaranótt 10. mars 1967 kom upp eldur í framhúsinu að Lækjargötu 12 A og magnaðist svo, að ekki varð við ráðið. Breiddist eldurinn út, og brann húsið til grunna svo og sambyggt timburhús nr. 12 B, en húsið nr. 2 við Vonarstræti eyðilagðist af eldinum. Eldurinn náði enn fremur að breiðast í hið nýlega hús Iðnaðarbanka Íslands h/f, er rúður brustu á suðurhlið þess, og snýst þetta mál um upphæð brunabóta vegna skemmda á því húsi, en stefnendur eru eigendur þess. Í stefnu er þess getið, að húsið sé sumpart í óskiptri sameign stefnenda, en sumpart skipt eftir hæðum. Segir um þetta svo í stefnu, „en óskiptri sameign í anddyri, stigum, lyftum og öðru, er telst óskiptileg sameign samkvæmt lögum og venju. Kjallari, 1. hæð, 2. hæð og 3. hæð svo og 5. hæð er eign Iðnaðarbanka Íslands h.f., en eigandi 4. hæðar að austurhluta er Félag íslenskra iðnrekenda og að vesturhluta Landssamband iðnaðarmanna.“ Er þetta í samræmi við afsal, dags. 24. ágúst 1964. Ekki kemur fram í málinu, að sameignarsamningur hafi verið gerður um eignina, en í greindu afsali er hið selda talið 15.5% allrar húseignarinnar. Samkvæmt afsalinu hvílir sú kvöð á hinu selda, að Iðnaðarbanki Íslands h/f áskilur sér endurkaupsrétt, hvernær, sem hann telur sig þurfa á hinu selda húsnæði að halda til starfsemi sinnar eftir 31. desember 1972.

Við eldsvoðann 10. mars 1967 skemmdist húsið mjög mikið, án þess þó að rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f stöðvaðist.

Hinn 22. mars 1967 óskuðu Húsatryggingar Reykjavíkur þess við yfirborgardómarann í Reykjavík, að hann dómkveddi sérstaklega tvo menn til að meta brunatjón á húseigninni að Lækjargötu 10 B, þar sem báðir hinir reglulegu matsmenn væru eign þessari sérstaklega tengdir. Í beiðni um dómkvaðningu var þess ekki getið sérstaklega, að neinum yrði gert sérstaklega aðvart um matið.

Yfirborgardómari kvaddi þann 22. mars 1967 til matsstarfa þá Gunnar Magnússon húsgagnaarkitekt og Þorstein Hjálmarsson húsgagnasmíðameistara. Í dómkvaðningunni er þess óskað, að matsbeiðanda svo og formanni bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f sé gert viðvart, hvenær matið eigi fram að fara. Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 20. apríl 1967, og er niðurstaða hennar sú, að kostnaður „við það að koma húsinu í sama ástand og það var í fyrir brunann" næmi samtals kr. 18.996.000.00. Húsatryggingar Reykjavíkur vildu ekki una þessu mati og óskuðu þess við yfirborgardómarann í Reykjavík hinn 26. apríl 1967, að hann kveddi til 3 menn til að framkvæma yfirmat á brunatjóninu samkvæmt 23. gr. hinna almennu vátryggingarskilmála Húsatryggingganna.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvaddi svo hinn 3. maí 1967 þá Magnús Árnason múrarameistara, Magnús K. Jónsson trésmíðameistara og Ríkharð R. Steinbergsson byggingaverkfræðing til að framkvæma yfirmatið. Yfirmatsmennirnir skiluðu matsgerð sinni 26. maí 1967, og varð niðurstaða þeirra sú, að tjónbætur væru hæfilega metnar á kr. 13.100.000.00.

Við framkvæmd beggja þessara mata voru viðstaddir formaður bankaráðs Iðnaðarbanka Íslands h/f, Sveinn Valfells, og bankastjórinn Bragi Hannesson svo og bankastjórinn Pétur Sæmundsen við undirmatið. Enginn þessara manna lét þess þá getið, að þeir hefðu ekki umboð allra húseigenda til að mæta við matið, en nú er því haldið fram af hálfu stefnenda, að þeir hafi ekki haft umboð til þess að mæta af hálfu Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna.

Með bréfi, dags. 4. júlí 1967, óskar Iðnaðarbanki Íslands h/f þess við yfirmatsmennina, að þeir láti honum „í té sundurliðun á mati" sínu, dags. 26. maí 1967, „varðandi brunatjóni á húseign Iðnaðarbankans". Hinar umbeðnu upplýsingar voru veittar 14. ágúst 1967.

Hinn 7. september 1967 ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður í umboði Iðnaðarbanka Íslands h/f bréf til borgarlögmanns og mótmælir því, að yfirmatsgerðin hefði „nokkra þýðingu til ákvörð-

unar um bótaskylt tjón Iðnaðarbanka Íslands h/f af völdum nefnds bruna, því þar hljóti að ráða raunverulegur kostnaður samkvæmt reikningum til að koma húsinu aftur í nothæft lag, enda hafi engin greiðsla verið innt af hendi Húsatrygginganna til þess að ljúka greiðsluskyldu tryggginganna, eftir að yfirmatsgjörðin lá fyrir". Í þessu bréfi Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns frá 7. september 1967 er því haldið fram, að engin greiðsla hafi þá verið innt af hendi vegna tjónsins. Af hálfu stefnda er þessari fullyrðingu mótmælt sem rangri. Hið rétta sé, að í samráði við stjórn Iðnaðarbanka Íslands h/f og fyrir eindregin tilmæli hennar hafi kr. 5.000.000.00 verið lagðar inn á sparisjóðsreikning í bankanum strax 12. júlí 1967. Bætt hafi verið við þetta innlegg tvívegis og einu sinni tekið út af reikningnum, en frá 13. september 1967 hafi staðið á reikningnum kr. 12.950.000.00.

Stefndi bendir á það, að þessi greiðslumáti hafi verið á hafður vegna þess, að opinberri rannsókn vegna húsbrunans hafi enn ekki verið lokið, er þetta gerðist. Meðan svo var, hafi ekki þótt rétt að greiða bótaféð fyrirvaralaust af hendi, enda er ekki óhugsandi, að niðurstaða hinnar opinberu rannsóknar skerti bótarétt húseigenda að einhverju leyti. Til þess hins vegar að gera húseigendum þó ekki of erfitt fyrir hafi verið brugðið á það ráð að fela sparisjóðsdeild Iðnaðarbanka Íslands h/f varðveislu bótafjárins, þar til úrslit rannsóknarinnar lægju fyrir og taka þá afstöðu til bótaskyldu. Með þessu var svo um búið, að húseigendur hefðu vátryggingarféð til afnota og ráðstöfunar við viðgerð brunaskemmdanna, þó að formleg greiðla hefði ekki átt sér stað.

Hin opinbera rannsókn beindist m. a. að því, að hús stefnenda væri eigi reist í samræmi við reglur um brunavarnir, þar sem í raun hafi ekki verið eldvarnarveggur milli nýja hússins og timburhússins við hliðina á því, en þröngt sund á milli. Hinni opinberu rannsókn málsins lauk með því, að saksóknari ríkisins sótti fjóra menn til refsingar vegna brunans, en þeir voru allir sýknaðir af ákærunni með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 10. apríl 1968. Kveðst stefndi því hafa talið rétt að bæta tjónið með þeirri fjárhæð, er stóð á sparisjóðsreikningnum í Iðnaðarbanka Íslands h/f, án þess að í því fælist nein viðurkenning á bótaskyldu hans, og af hálfu stefnda er því haldið fram, að skoða beri greiðsluna sem innta af hendi „ex gratia". Með bréfi, dags. 5. nóvember 1968, viðurkennir Iðnaðarbanki Íslands h/f að hafa móttekið framangreinda upphæð, en gerir fyrirvara um það, „að þetta er á engan hátt viðurkennt sem lokagreiðsla". Þá er þess enn fremur getið

í bréfinu, að gerðar hafi verið ráðstafanir af hendi bankans og annarra eigenda hússins til þess að fá sannreynt, hvert brunatjónið sé.

Hinn 5. nóvember 1968 ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður yfirborgardómaranum í Reykjavík og fer þess á leit fyrir hönd Iðnaðarbanka Íslands h/f, Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, að hann dómkveðji 3 óvilhalla, sérfróða menn til þess, eins og segir í beiðninni, að:

„1. Kynna sér matsgerð í málinu nr. 53/1967, gerða af Gunnari Magnússyni húsgagnaarkitekt og Þorsteini Hjálmarssyni verkstæðisformanni hinn 20. apríl 1967, varðandi mat á brunatjóni að Lækjargötu 10 B (nú Lækjargötu 12) í Reykjavík hinn 10. mars 1967 og á sama hátt:

Að kynna sér svonefnda matsgerð í málinu nr. 76/1967, undirritaða 26. maí 1967 af Magnúsi Árnasyni, Magnúsi K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni.

Og að gefa sérfræðilega umsögn um möt þessi með hliðsjón af ósamræmi þeirra eftir að hafa aflað skýrslna hjá matsmönnum fyrir dómi, ef með þarf, og eftir að hafa kynnt sér kostnaðarreikninga yfir viðgerðir hússins eftir brunann og eftir skoðun á viðgerðum og þá einkum að rekja sérfræðilega þá galla, sem á síðari matsgerðinni reynast vera.

2. Að meta sjálfstætt að þessu athuguðu og fengnum skýrslum frá fyrirsvarsmönnum aðilja, hve mikið brunatjónið var miðað við ástand hússins eins og ætla má, að það hafi verið fyrir brunann, þannig að brunatjónið sé að fullu metið, en viðaukar eða breytingar til dýrleika séu ekki teknar með."

Þess er farið á leit, að matsbeiðandi svo og Páli Líndal borgarlögmanni vegna matsþola, Húsatrygginga Reykjavíkur, sé tilkynnt um, hvenær mat skuli fram fara. Matsbeiðni þessari fylgdu ýmis skjöl og þar með matsgerðir þær báðir, er vikið er að hér að framan.

Í greinargerð, sem fylgdi beiðni þessari, er tekið fram, að með því að viðgerðir hafi farið fram og húseigendur þykist þess fullvissir, að yfirmatið sé fjarstæða, því að raunverulegir viðgerðarreikningar sýni allt aðrar og hærri fjárhæðir, þá sé óhjákvæmilegt að dómkveðja menn til þess að sýna fram á þá sérfræðilegu galla, sem á yfirmatinu séu, til þess að sannfæra Húsatryggingar Reykjavíkur og dómstóla, ef með þurfi, að niðurstaða þess mats verði eigi lögð til grundvallar, er meta skal brunatjónið.

Fyrri liður matsbeiðnarinnar er á þessu byggður, þar sem að á-

liti stefnenda þannig kunni að fara, vegna þess að eigi hafi öllum aðiljum verið gefinn kostur á að gæta réttar síns við matið, að það verði ekki á nokkurn hátt notað sem viðmiðun, er til öryggis farið fram á það, að hinum nýju matsmönnum verði falið að meta sjálfstætt eftir að hafa kynnt sér viðgerðarreikninga og viðgerðir, hvað þeir telji hæfilegt að reikna tjónið að öllu meðtöldu, en engu ofreiknuðu.

Þann 22. nóvember 1968 dómkvaddi Hákon Guðmundsson yfirborgardómari þá Braga Þorsteinsson verkfræðing, Braga Sigurbergsson húsasmíðameistara og Jón Ólafsson húsgagnaarkitekt til þess að framkvæma hið umbeðna mat. Við dómkvaðninguna var mætt af hálfu aðilja máls þessa og þess óskað af hálfu stefnenda, að dómkvaðning færi fram samkvæmt beiðninni. Af hálfu Húsatrygginga Reykjavíkur var því lýst yfir, að því væri ekki út af fyrir sig mótmælt, að útnefning matsmanna færi fram samkvæmt matsbeiðninni, en þeir fyrirvarar voru gerðir:

1. Að Iðnaðarbankinn einn væri vátryggjandi hússins gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur og fulltrúar hans hefðu komið fram sem slíkir við yfirmat eða sem umboðsmenn húseigenda allra, enda hafi svo jafnan verið við vátrygginguna.
2. Húsatryggingar Reykjavíkur áskilja sér allan rétt til þess að lýsa matið, sem hinir dómkvöddu matsmenn framkvæma, marklaust og þýðingarlaust.
3. Húsatryggingar Reykjavíkur taki fram, að allur kostnaður við umbeðið mat sé þeim óviðkomandi og áskilji sér rétt til þess að krefjast málskostnaðar svo og annars kostnaðar matsþola vegna máls þessa og matsgerðar.

Lögmaður matsbeiðenda mótmælti ofangreindum bókunum lögmanns matsþola sem röngum og þýðingarlausum.

Síðastgreindu matsmennirnir skiluðu matsgerð sinni 22. febrúar 1969. Kemur fram í matsgerð þeirra, að þeir hafi fyrst boðað málsaðilja til fundar þann 17. desember 1968 og hafi þá af hálfu matsbeiðanda verið mættir Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, Bragi Hannesson bankastjóri og Pétur Sæmundssen bankastjóri, en f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur hafi verið mættur Ari Guðmundsson fulltrúi.

Ari hafi látið þess í upphafi getið, að hann væri mættur til að vekja athygli á því f. h. Húsatrygginga Reykjavíkur, að þeir teldu sér þetta mat óviðkomandi.

Þar næst hafi þeir Bragi Hannesson og Pétur Sæmundssen í fáum orðum gert grein fyrir viðgerð, endurnýjun og umbótum

þeim, sem gerðar hafi verið á húsi Iðnaðarbankans, og sýnt því næst matsmönnum húsið.

Matsmenn hafa síðan óskað eftir nánari gögnum í málinu og beðið um að fá í sínar hendur:

1. Teikningar, er gæfu til kynna ástand hússins fyrir og eftir brunann.
2. Skrá yfir viðgerðir þær, endurnýjanir og umbætur, sem gerðar hafi verið á húsinu.
3. Skrá yfir þær umbætur, sem leitt hafi til verðmætisaukningar á húsinu.
4. Ljósmyndir, sem teknar hafi verið af húsinu, utan og innan, fyrir og eftir brunann, er gætu gefið til kynna ástand hússins á hverjum tíma.
5. Reikninga yfir kostnað við viðgerð, endurnýjun og umbætur á húsinu.
6. Skrá yfir þá iðnaðarmenn, er staðið hafi fyrir verkum við viðgerð hússins.

Þann 7. janúar 1969 var annar fundur haldinn af matsmönnum í Iðnaðarbankahúsinu. Var þar mætt af hálfu matsbeiðanda, en ekki af hálfu matsþola.

Lögð voru þar fram eftirfarandi gögn:

1. Skrá yfir viðgerðir, endurnýjanir og umbætur.
2. Skrá yfir kostnað vegna liðs 1, að öðru leyti lágu allir reikningar frammi.
3. Skrá yfir umbætur, sem haft hafa í för með sér verðmætisaukningu.
4. Ljósmyndir.
5. Skrá yfir verkfræðinga, arkitekta og meistara, er unnu við húsbygginguna.

Bankastjórar buðu matsnefnd starfsaðstöðu í bankanum til að fara yfir alla reikninga vegna brunans.

Þann 14. janúar 1969 héldu matsmenn enn fund í Iðnaðarbankahúsinu, Lækjargötu 12. Voru þar mættir á fundi matsnefndin og Halldór H. Jónsson arkitekt að ósk matsnefndar. Gerði Halldór grein fyrir endurbyggingu hússins. Lagðar voru fram byggingarnefndarteikningar að húsinu eins og það var fyrir brunann. Að lokinni greinargerð Halldórs var farið um húsið, það skoðað og borið saman við teikningar fyrir og eftir brunann. Hafist var handa um að yfirfara reikninga með það fyrir augum að flokka þá.

Í matsbeiðninni er tekin upp greinargerð Halldórs H. Jónsson-

ar arkitekts um endurbyggingu hússins Lækjargötu 12, Reykjavík, eftir brunatjónið.

Matsmenn öfluðu teikninga, sem á vantaði, báru saman teikningar af húsinu eins og það var fyrir og eftir brunann.

Eftir að þeir höfðu yfirfarið alla reikninga og fylgiskjöl varðandi endurbyggingu hússins, gerðu matsmenn eftirfarandi yfirlit, þar sem byggingarkostnaður er flokkaður niður:

„Trésmíði	kr.	8.433.644.00
Handrið, Héðinn h/f	—	488.014.00
Loftkerfi	—	1.332.183.00
Akstur	—	78.300.00
Dverghamar h/f	—	953.512.00
Héðinn h/f, hreinsun	—	585.745.00
Raflagnir	—	1.654.310.00
Málning og veggfóður	—	1.751.256.00
Stálumbúðir h/f, lampar	—	581.071.00
Pípulögn	—	2.248.439.00
Teppi	—	570.980.00
Öryggisgler	—	293.896.00
Gler	—	340.582.00
Lyftur	—	1.993.313.00
Ráðgefandi aðilar	—	459.840.00
Múrverk	—	1.772.943.00
Rafha, álveggir	—	423.463.00
Ýmsir reikningar	—	653.094.00
	Alls kr.	24.614.585.00“

Segir síðan í matsgerðinni, að matsmenn hafi verið sammála um að leggja þessa tölu til grundvallar matinu. Við skoðun fylgiskjala hafi komið í ljós ýmsir reikningar, sem matsmenn töldu óviðkomandi brunatjóni á húsinu. Hafi það aðallega verið reikningar vegna húsgagnakaupa og annars búnaðar, sem ekki komi inn í brunatryggingu hússins. Reikningar þessir hafi samtals numið kr. 836.730.00, eins og fram kemur í yfirliti hér síðar. Auk þess hafi aðrir reikningar, sem sérstaklega séu tilgreindir í yfirliti, brátt verið felldir.

Við endurbyggingu hússins segir í matsgerðinni:

Var ýmsu breytt frá því, sem áður hafði verið, innréttingum breytt, lyftu og lyftuhúsi bætt við, loftrásarkerfi mjög aukið o.

fl., sem allt bendi í átt til verðmætisaukningar. Þessa verðmætisaukningu mátu matsmenn og draga hana frá upphaflegum endurbyggingarkostnaði samkvæmt fylgiskjölum og reikningum.

Verðmætisaukning:		
Lyftur	kr.	1.050.000.00
Flísar í stigahús	—	160.000.00
Stækkun lyftuhúss	—	150.000.00
Loftkerfi	—	1.050.000.00
Stjórntæki, dælur o. fl. vegna hitalagna	—	100.000.00
Viðbót við álveggi	—	250.000.00
Hringstigi	—	150.000.00
Öryggisgler á vesturhlið	—	270.000.00
Palisander þiljur	—	105.000.00
Hreinlætisherbergi	—	100.000.00
Grásteinn	—	100.000.00
Niðurhengd loft	—	450.000.00
Teppi í stað tile	—	360.000.00
Eldvarnarhurðir	—	120.000.00
Eldavél	—	30.000.00
	Alls kr.	4.445.000.00

Búnaður, sem ekki sé með í húsatryggingu o. fl.:

Lampar	kr.	530.000.00
Afgreiðsluborð	—	168.441.00
Ýmsir reikningar	—	836.730.00
Selt efni	—	149.000.00
	Alls kr.	1.684.171.00

Þegar báðir þessir liðir séu dregnir frá byggingarkostnaði, segja matsmenn, að út komi matsfjárhæð þeirra, kr. 18.485.414.00.

Að lokum segir í matsgerðinni: „Varðandi lið 1 í matsbeiðni, þar sem þess er óskað, að matsmenn gefi „sérfræðilega umsögn um möt þessi með hliðsjón af ósamræmi þeirra", og er þá átt við undir- og yfirmat, „viljum við taka fram, að við treystum okkur ekki til að svara þessu á annan hátt en matsgerð okkar ber með sér, og vísum við til hennar, hvað þetta atriði snertir."

Þann 15. mars 1969 skrifar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður Húsatryggingum Reykjavíkur bréf og sendir þeim jafnframt ljósrit af síðastgreindri matsgerð.

Segir í bréfinu, að eigendur Lækjargötu 12 hafi falið honum að tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur, að þeir telji rétt og skylt, að þær greiði fjárhæð matsins í brunatjón ásamt kostnaði við það, kr. 182.000.00, kostnað við lögfræðilega aðstoð og innheimtu ásamt vöxtum.

Sérstaklega er tekið fram, að þess sé óskað, að Húsatryggingar tjái sig um eftir að hafa kynnt sér matsgerðina, hvort þær hafi eitthvað við hana að athuga og hvort þær mundu óska einhvers konar yfirmats til vefengingar á niðurstöðu hennar. Frestur í þessu skyni er í bréfinu gefinn til 15. mars 1969.

Bréfi þessu er svarað með bréfi Húsatrygginga Reykjavíkur 16. maí 1969. Í því bréfi er til þess vitnað, að undirmat og yfirmat hafi farið fram vegna brunans. Jafnframt, að samkvæmt mati yfirmatsmanna hafi tjónið numið kr. 13.100.000.00, sem Húsatryggingar Reykjavíkur hafi greitt til Iðnaðarbankans h/f sem endanlegar bætur, bankinn hafi tekið við greiðslunni með fyrirvara um fjárhæð, en án annarra athugasemda.

Segir síðan í bréfinu, að Húsatryggingar Reykjavíkur álíti, að yfirmat það, sem fram hafi farið á brunatjóni stefnenda, sé endanlegt mat þess og síðara matinu sé því mótmælt sem þýðingarlausu og málinu algerlega óviðkomandi. Ekkert hafi komið fram, er hnekkt hafi getað yfirmatinu í sérstökum greinum, og reyndar engin tilraun verið gerð til að gagnrýna það með rökum, heldur sé gripið til þess ráðs að hálfu öðru ári liðnu að láta fara fram nýtt mat gagnstætt lögum og réttarvenju. Þá er til þess vitnað, að stefnendur virðist álíta, að formsatriða hafi eigi gætt við framkvæmd undir- og yfirmats. Þessu er eindregið mótmælt og bent á, að Iðnaðarbanki Íslands h/f hafi jafnan komið fram sem húseigandi gagnvart Húsatryggingum Reykjavíkur. Talsmönnum bankans hafi borið að benda matsmönnum á, ef þeir teldu sig ekki hafa umboð annarra húseigenda í þessu efni eftir brunann eins og fyrir hann. Það hafi og ekkert komið fram, sem bendi til þess, að matsmennirnir hafi að einhverju leyti unnið starf sitt miður en ella fyrir þá sök, að Landssamband iðnaðarmanna telji sig ekki hafa átt kost á að gæta hagsmuna sinna við matið, en Félagi íslenskra iðnrekenda muni hafa verið vel kunnugt um framkvæmd þess og matsmennirnir jafnvel leitað til þess um upplýsingar.

Þá er í bréfinu farið nokkrum orðum um hið nýja mat, er stefn-

endur byggja kröfugerð sína á. Er til þess vitnað, að matsmenn hafi stuðst við frásögn Halldórs H. Jónssonar arkitekts, trúnaðarmanns húseigenda, um ástand hússins fyrir og eftir brunann svo og um allar breytingar, sem gerðar hafi verið á húsinu. Við samanburð lýsingar arkitektsins og niðurstöðu matsmanna komi í ljós, að ekki hafi verið tekið tillit til ýmissa endurbóta og breytinga, er á húsinu hafi verið gerðar, sem síðar í bréfinu eru nánar raktar. Jafnframt er á það bent, að grundvöllur matsins að öðru leyti virðist eingöngu vera reikningar þeirra aðilja, sem unnið hafi að viðgerð, endurbótum og breytingum hússins eftir brunann. Reynt sé að draga út úr reikningum þessum það, sem ekki komi brunatjóninu við, en ekki verði þó séð, að það sé gert á sannfærandi hátt. Síðan eru talin upp í bréfinu nokkur atriði, sem mótmælt er í lýsingu Halldórs H. Jónssonar arkitekts og niðurstöðu matsmannanna. Sagt er, að þarna séu aðeins nefnd nokkur atriði, sem geri matið tortryggilegt, en því fari fjarri, að um tæmandi upptalningu sé að ræða og engin viðurkenning á matinu felist í þessari upptalningu.

Þann 22. júlí 1969 skrifar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, matsmanninum Braga Þorsteinssyni verkfræðingi bréf, þar sem hann segir, að hann telji óhjákvæmilegt að fara þess á leit við matsmennina, að þeir ljúki fyrri þætti í matsbeiðninni, þannig að fyrir liggi nógu glöggur samanburður á undir- og yfirmati vegna brunatjónsins. Segir í bréfinu, að til þess að hægt sé að bera saman undir- og yfirmat, þurfi yfirmatsmenn að gefa sams konar sundurliðun og gerð sé við undirmatið. Færist yfirmatsmenn undan slíkum skýringum, sé sú leið til að fara nú þegar í matsmál og láta þá gefa þær skýringar fyrir dómi.

Jafnframt er með bréfi þessu sent ljósrit af fyrrgreindu bréfi Húsatrygginga Reykjavíkur og þess beðið, að í væntanlegri viðaukaskýrslu við matsgerð séu gefin svör við þeirri gagnrýni, sem komi fram á matinu.

Þann sama dag skrifar Bragi Þorsteinsson fyrir hönd þeirra matsmanna yfirmatsmönnunum Magnúsi Árnasyni, Magnúsi K. Jónssyni og Ríkharði Steinbergssyni bréf, þar sem þeim er kynnt, að þeir, er bréfið rita, hafi verið dómkvaddir samkvæmt beiðni stefnenda til þess að bera saman undirmat og yfirmat með hliðsjón af ósamræmi þeirra og enn fremur að meta sjálft brunatjónið. Af ofangreindu tilefni óska bréfritarar eftir því að fá sundurliðun á mati yfirmatsmannanna á sama hátt og undirmatsmenn hafi sundurliðað sitt mat svo og að þeir gefi í stuttu máli skýr-

ingar á því, hvers vegna mat þeirra víki svo verulega frá mati undirmatsmanna, þ. e. hvaða liði þeir telji þar ofmetna.

Hinn 2. október 1969 höfðuðu stefendur mál á hendur stefnda. Var það bæjarþingsmálið nr. 1238/1969. Í því máli byggðu stefnendur dómkröfur sínar á hendur stefnda á matsgerð þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Braga Sigurbergssonar húsasmíðameistara og Jóns Ólafssonar húsgagnaarkitekts. Í því máli fóru fram ítarlegar yfirheyrslur yfir öllum framangreindum matsmönnum. Hafa staðfest endurrit þeirra verið lögð fram í þessu máli.

Hinn 22. október 1971 ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður Braga Þorsteinssyni verkfræðingi bréf, þar sem hann minnir á hið „sérlega" mat hans o. fl. og getur þess, að alveg sé nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, að frá þeim komi greinargerð og viðaukamatsgerð.

Hinn 29. október 1971 er lögð fram greinargerð og viðauki við matsgerð frá framangreindum þrem matsmönnum. Er viðaukamatsgerð þessi dagsett 28. október 1971. Segir í henni svo:

„Eins og mat okkar ber með sér, höfum við lagt til grundvallar framlagða reikninga vegna viðgerðar á húsinu Lækjargötu 12, Reykjavík.

Við höfum síðan leitast við að meta þá verðmætisaukningu, sem orðið hefur á húsinu vegna aukins og að nokkru leyti vandaðri búnaðar. Þar höfum við stuðst við reikninga og fylgiskjöl og að nokkru leyti við kostnaðarútreikninga, sem við höfum gert til hliðsjónar.

Framlagðir reikningar vegna viðgerðarkostnaðar nema alls um kr. 24.000.000.00. Mat okkar á tjóni er kr. 18.485.414.00.

Samkvæmt þessum tölum hefir verðmæti þess hluta hússins, sem endurnýjaður var, vaxið um 30%.

Sé aftur á móti miðað við yfirmat, virðist þessi verðmætisaukning vera 83%.

Húsið var fyrir brunann fullgert og hið vandaðasta að gerð, og erum við sammála um, að 83% verðmætisaukning geti ekki staðist.

Að öðru leyti viljum við vísa til meðfylgjandi yfirlits, þar sem leitast er við að gera samanburð á helstu kostnaðarliðum í hinum ýmsu mötum, og er þá, hvað snertir yfirmat, stuðst við sundurliðun kostnaðar á réttarskjali nr. 22 (þ. e. sundurliðun sú, sem rakin er hér að framan). Þá er einnig sýnt, í hvaða kostnaðarliðum mismunur sá, sem er á yfirmatinu og sérstöku mati, einkum liggur.

Í öllum helstu atriðum virðist vera samræmi milli undirmats og mats okkar."

Greinargerð þessari fylgir svo yfirlit um samanburð á hinum mismunandi mötum svohljóðandi:

„Yfirlit um samanburð á hinum mismunandi mötum.

	Undirmat	Yfirmat	Sérstakt mat
Trésmíði allskonar	9.910.000.00	4.800.000.00	7.215.000.00
Múrvinna	1.826.000.00	1.440.000.00	1.513.000.00
Málning og veggfóður	480.000.00	1.000.000.00	1.450.000.00
Lyftur	2.200.000.00	1.400.000.00	943.000.00
Raflagnir	1.760.000.00	900.000.00	1.500.000.00
Hitalagnir	1.880.000.00	1.030.000.00	2.400.000.00
Hreinsun	940.000.00	500.000.00	1.486.000.00
Annað		2.030.000.00	1.978.414.00
Mat samtals kr.	18.996.000.00	13.100.000.00	18.485.414.00

Í þessari upphæð eru álveggir og handrið með reiknuð.
Mismunur á yfirmati og sérstöku mati:

Trésmíði	2.415.000.00	eða	45%	af heildarmismun
Hitalagnir	1.370.000.00	—	25%	— —
Raflagnir	600.000.00	—	10%	— —
Hreinsun	986.000.00	—	17%	— —

Hinn 26. júní 1972 gekk dómur í bæjarþingsmálinu nr. 1238/1969, og urðu málalyktir á þá lund, að málinu var vísað frá dómi ex officio, en málskostnaður var felldur niður. Í forsendum bæjarþingsdómsins segir svo:

„Í máli þessu er eingöngu deilt um upphæð bóta vegna brunatjóns stefnenda, þar sem greiðsluskylda er viðurkennd.

Telja verður, að nægilega sé fram komið, að hinir reglulegu matsmenn, Tómas Vigfússon og Jón Bergsteinsson, hafi verið stefnendum það háðir, að rétt hafi verið að dómkveðja aðra í þeirra stað, sbr. 139. gr., 1. mgr., laga 85/1936.

Samkvæmt 140. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936 á að tilkynna aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, hvar og hvenær matsgerð fari fram. Vátryggingarskilmálar Húsatrygginga Reykjavíkur þykja ekki geta vikið frá þessu lagaákvæði. Stefndi fór í matsbeiðnum sínum ekki fram á það, að stefnendum væri tilkynnt um matið,

en í raun var einum þeirra, Iðnaðarbanka Íslands h/f, tilkynnt, hvar og hvenær það skyldi fram fara. Iðnaðarbankinn var í upphafi einn tryggingartaki, enda átti hann þá allt húsið, eigendaskipti voru aldrei tilkynnt stefnda. Iðnaðarbankinn greiddi ætíð iðgjöld af tryggingunni og kom annars fram gagnvart stefnda f. h. allra húseigenda. Af hálfu Iðnaðarbankans var við hvorugt matið þess getið, að þeir kæmu ekki fram vegna allra húseigenda, og samkvæmt framburðum bæði undir- og yfirmatsmanna var þeim sýnt allt húsið, og allt húsið var tekið til mats, og þannig er á málum haldið af hálfu stefnenda sem Iðnaðarbanki Íslands h/f hafi tekið á móti greiðslum þann 5. nóvember 1968 fyrir alla stefnendur. Enginn stefnenda tilkynnti brunann né fór fram á mat, og þannig gættu stefnendur ekki ákvæða 20. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. og 21. gr. laga nr. 20/1954. Af framburðum má ráða, að þeir stefnenda, sem ekki var formlega tilkynnt um mötin, vissu eða hlutu að vita, að verið var að framkvæma þau, og komið hefur í ljós, að framkvæmdastjóri annars þessara aðilja lét í té teikningu af húsnæði því, sem hann hafði til umráða, og formaður stjórnar hins á einnig sæti í stjórn Iðnaðarbankans h/f. Þessi vitneskja varð þeim þó ekki tilefni mótmæla, og er það ekki fyrr en um haustið 1968, er upp úr slitnar samningaviðræðum milli Iðnaðarbankans og Húsatrygginga og beðið er um sérstaka matið, að athugasemd kemur fram um, að þeim hafi ekki verið tilkynnt, hvar og hvenær matið skuli fara fram. Það hefur ekki verið leitt í ljós, að skortur á formlegri tilkynningu um framkvæmd undir- og yfirmats til þessara aðilja hafi breytt einhverju um niðurstöðu matanna, að því er varðar sérstaklega húsrými þessara stefnenda. Af framantöldu þykir leiða, að skortur á tilkynningu til stefnenda eigi ekki ein út af fyrir sig að leiða til þess, að yfirmatinu verði hrundið.

Í beiðnum þeim, sem lágu til grundvallar undir- og yfirmati, var ekki farið fram á, að matsmennirnir gættu ákvæða 24. gr. vátryggingarskilmálanna, enda þykir á skorta, að matsmenn hafi gert lýsingu á skemmdunum. Samkvæmt framburði eins yfirmatsmannsins, Magnúsar K. Jónssonar, var ein höfuðforsenda mats þeirra lýsing skemmda á dómsskj. nr. 23, og greinargerð yfirmatsmannanna á dómsskj. nr. 21 verður heldur ekki skilin á annan veg en svo hafi verið. Samkvæmt framburði Ara Guðmundssonar, fulltrúa Húsatrygginga við mötin, átti hann þátt í samningu þess. Telur hann, að hér sé um minnispunkta að ræða, en ekki neina tæmandi talningu á skemmdunum. Nú eftir á er þannig ekki auðvelt

að dæma um gildi hvort heldur er undir- eða yfirmats, hvað fólgið sé í hverri tölu.

Matsgerð yfirmatsmanna var, eins og hún kom fyrst fram, algerlega ósundurliðuð og sundurliðun sú, sem síðar kom fram af þeirra hálfu, ófullkomin og ekki til þess fallin að vera borin saman við undirmatið.

Samkvæmt greinargerð yfirmatsmanna og framburðum þeirra höfðu þeir hliðsjón af brunabótamati hússins við gerð mats síns, enda má segja, að greinargerð sú, sem fylgdi matsbeiðninni, gæfi tilefni til þess. Telja verður, að samkvæmt matsbeiðninni sjálfri, svo og með hliðsjón af 40. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 22. gr. vátryggingarskilmálanna, að verkefni þeirra hafi átt að vera óháð brunabótamatinu.

Þegar öll þau atriði eru virt, sem hér hafa verið upptalin, þykja á yfirmatsgerðinni vera þeir gallar, að hún verði ekki látin skera úr um hæð bóta stefnda til stefnenda. Þessa niðurstöðu þykja styrkja greinargerð og viðauki matsmannanna Braga Þorsteinssonar o. fl. svo og sjálf matsgerð þeirra.

Verður þá litið til matsgerðar Braga Þorsteinssonar o. fl., sem stefendur byggja á kröfur sínar.

Matsgerð þessi er byggð á reikningum varðandi endurbyggingu hússins, svo sem fram kemur í greinargerð og viðauka við matsgerð þessa (dómsskj. 25). Fram hefur komið í yfirheyrslum, að matsmennirnir hafa ekki athugað reikninga þessa með það í huga, að þar kynni eitthvað að hafa orðið dýrara en vera þyrfti, svo sem vegna eftir- og næturvinnu, tvísmíði o. fl. Komið hefur fram í framburði Halldórs H. Jónssonar arkitekts, að hitakerfi hússins var ekki í því lagi, sem það átti að vera fyrir brunann. Þá kom fram hjá honum, að framkvæmdaáætlun var ekki gerð, áður en verkið hófst, og verklýsing og efnisval var unnið svo til jafnhliða framkvæmdum. Af þeirri matsaðferð, sem hér er beitt, kemur ekki fram, hvort þessi atriði horfðu til kostnaðarauka, og ekki verður séð, að matsmenn hafi tekið þetta atriði til sérstakrar athugunar.

Þrátt fyrir greinargerð og viðauka við matsgerð (dómsskj. 25) verður ekki talið, að matsmenn þessir hafi framkvæmt fyrri hluta matsbeiðnar stefnenda að fullu. Á þykir skorta sérfræðilega umsögn um fyrri möt svo og að sérfræðilega séu raktir gallar yfirmatsins, svo sem farið er fram á í matsbeiðni.

Í matsgerð þessari er ekki tekið tillit til þess, að nýtt kemur fyrir gamalt, og ekki til verðbreytinga frá þeim tíma, er húsið brann, og til þess, er verkið var unnið, en sbr. 37. gr., 1. mgr.,

laga nr. 20/1954 skal miða við verðlag, er síðast var á vátryggðum hlut, áður en vátryggingaratburðurinn gerðist.

Allt það, er hér hefur verið talið, þykir leiða til þess, að endanlegar tjónbætur verði ekki byggðar á þessu mati frekar en yfirmatinu. Þar sem hvorugur aðilinn byggir á undirmatinu og að því má finna marga þá sömu hluti, sem að yfirmatinu, verður ekki talið, að taka þurfi það til sérstakrar athugunar. Þar sem dómurinn getur þannig ekki byggt á matsgerðunum, er fyrir liggja, verður, eins og mál þetta liggur hér fyrir, að vísa því frá dómi ex officio."

Eigi var þessum frávísunardómi skotið til Hæstaréttar, heldur höfðuðu stefnendur nýtt bæjarþingsmál á hendur stefnda með stefnu, birtri 15. febrúar 1973, svo sem fyrr getur. Stefendur byggja enn dómkröfu sína gegn stefnda á framangreindu mati og viðbótarmati þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Braga Sigurbergssonar húsasmíðameistara og Jóns Ólafssonar húsgagnaarkitekts, þar sem brunatjónið er metið samtals kr. 18.484.414.00.

Hinn 30. apríl 1970 fór framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda fram á það við lögmann stefnenda, að talið yrði með brunatjóninu verðmæti eldhúsinnréttingar o. fl., kr. 174.200.00, sem Félag íslenskra iðnrekenda kveðst hafa greitt, og hafi kvittanir því ekki verið með þeim fylgiskjölum, sem matsmennirnir skoðuðu. Þess vegna er kröfufjárhæð stefnenda í máli þessu miðuð við, að upphafleg heildarskuld sé kr. 18.484.414.00 + 174.200.00, eða samtals kr. 18.659.614.00. Frá þessari fjárhæð hafa stefnendur dregið það, sem stefndi hefur þegar greitt þeim, en bætt við vöxtum, er þeir telja, að stefnda beri að greiða. Fá þeir þannig út stefnufjárhæð málsins, kr. 7.364.461.00.

Eftir að frávísunardómur gekk í bæjarþingsmálinu nr. 1238/1969, ritaði lögmaður stefnanda, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, Halldóri H. Jónssyni arkitekt bréf hinn 23. október 1972. Þar vitnar hæstaréttarlögmaðurinn til framangreinds frávísunardóms og bendir á það, að frávísunin virðist byggjast á eftirfarandi atriðum:

„1. Matsmennirnir hafi ekki athugað reikningana með það í huga, að það kynni eitthvað að hafa orðið dýrara en vera þyrfti, svo sem vegna eftirvinnu, næturvinnu, tvísmíði o. fl.
2. Komið hafi fram í framburði Halldórs H. Jónssonar, að hitakerfi hússins hafi ekki verið í því lagi, sem það átti að vera fyrir brunann.
3. Komið hafi fram hjá sama vitni, að framkvæmdaáætlun hafi

ekki verið gerð, áður en verkið hófst, og verklýsing og efnisval verið unnið svo til jafnhliða framkvæmdum.

4. Ekki komi fram eftir þessari matsaðferð, sem beitt var, hvort ofantalin atriði horfðu til kostnaðarauka, og ekki verði séð, að matsmenn hafi tekið þetta atriði til sérstakrar athugunar.
5. Á þyki skorta sérfræðilega umsögn matsmanna um fyrri mötin svo og að sérfræðilega séu raktir gallar yfirmatsins.
6. Matsgerð taki ekki tillit til þess, að nýtt komi fyrir gamalt og ekki til verðbreytinga frá þeim tíma, er húsið brann."

Í þessu bréfi bendir hæstaréttarlögmaðurinn á það, að hið sérlega mat framangreindra þremenninga hafi að nokkru leyti verið byggt á umsögn Halldórs H. Jónssonar arkitekts, og því eru það eindregin tilmæli hæstaréttarlögmannsins, að hann láti í ljós fyllri skýringar varðandi viðgerð og mat.

Halldór H. Jónsson arkitekt svarar þessum fyrirspurnum Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns með bréfi, dags. 1. febrúar 1973. Í því bréfi arkitektsins segir m. a. svo:

„Í sambandi við lið 1 í bréfi yðar vil ég taka það fram, að veigamesta atriðið var að hraða endurbyggingunni þannig, að bankinn gæti tekið til starfa á ný, og svo var einnig um skrifstofuhúsnæði landssambandanna. Þess vegna var eftirvinna og næturvinna óhjákvæmileg. Aftur á móti var ekki um neina tvísmíði að ræða.

Í sambandi við lið 2 staðfesti ég, að hitakerfi hússins var ekki í því lagi fyrir brunann, sem það hefði þurft að vera, þannig að upphitun var ekki nógu góð, en hvað var að eða hvort endurbyggingin leiddi til kostnaðarauka, get ég ekki um sagt.

Varðandi lið 3 verð ég að segja, að samkvæmt mínu mati var ekki hægt að vinna verkið öðruvísi en að taka ákvörðun um verktilhögun og efni jafnhliða framkvæmdum. Fyrirfram gerð verklýsing var óraunhæf við þær aðstæður, sem þarna voru fyrir hendi. Brunaskemmdirnar komu í mörgum tilfellum ekki að fullu í ljós, fyrr en endurbygging kom til framkvæmda og þá jafnóðum. Önnur framkvæmdaáætlun en sú, sem gerð var, að koma húsinu aftur sem allra fyrst í fullt lag, var ekki raunsæ.

Að beiðni yðar hef ég nú litið á dómsskjal nr. 9 og þær athugasemdir, sem þar eru gerðar í bréfi borgarlögmanns frá 16. maí 1969. Um það hefi ég þetta að segja:

1. Talað var um, að þurft hafi að endurnýja glugga. Ég tel réttara að segja endurbyggja. Til þess að fá nákvæmlega tölu þeirra glugga, sem þurfti að endurbyggja leyfi ég mér að vísa til Jóns Bergsteinssonar, múrarameistara, en í sambandi við múr-

un á útveggjum vil ég sérstaklega á það benda, að í mörgum tilfellum var múrhúðunin eyðilögð vegna hita, og í öðrum tilvikum skemmdist múrhúðunin, þegar gluggakistur voru rifnar. Viðvíkjandi endurnýjun á þaki hússins þá vil ég á það benda, að það þurfti að endurnýja alla einangrun þaksins. Óhjákvæmilegar aðgerðir varð að gera á sjálfu þakinu vegna brunaskemmda. Viðvíkjandi gluggabúnaðinum tel ég ekki, að nýi gluggabúnaðurinn hafi verið vandaðri eða dýrari en sá fyrri.

2. Þá vil ég benda á, að þrátt fyrir að dýrari spónn hafi verið settur á þiljur og hurðir en áður var, þá voru áður fleiri hurðir, sérstaklega á 3. hæð og einnig á 5. hæð og fleiri veggir en áður, en allt sést þetta á teikningum, sem matsmenn höfðu fyrir sér.
3. Ég tel, að veggir hlaðnir úr vikurplötum kosti minna en veggir úr tré.
4. Ég bendi enn á, að veggfletir á 3. hæð. voru mjög miklu minni en veggfletirnir áður.
5. Vísa um þetta til skýrslu matsmanna.
6. Ég votta, að hreinsun á brunastað var gífurlega mikil.
7. Ég hefi hér að framan gefið svar um hitakerfið."

Lögmaður stefnenda hefur einnig beint sömu fyrirspurnum til matsmannanna þeirra Braga Þorsteinssonar verkfræðings, Braga Sigurbergssonar húsasmíðameistara og Jóns Ólafssonar húsgagnaarkitekts. Með bréfi, dagsettu 6. febrúar 1973, svara þeir þessum fyrirspurnum hæstaréttarlögmannsins á eftirfarandi hátt:

„1. Okkur virðist liggja í augum uppi, að hraða hefði þurft endurbyggingu, þar sem verulegur hluti hússins var notaður fyrir bankaþjónustu, og eins og vinnumarkaði var háttað, var eftir- og næturvinna efalaust óhjákvæmileg í nokkuð ríkum mæli. Við höfum því ekki talið ástæðu til að gera frádrátt á matsupphæðinni af þessum ástæðum. Hinsvegar vitum við ekki til, að um tvísmíði hafi verið að ræða.

Svo sem fram hefur komið, gerðum við fulltrúa Húsatryggginga aðvart, þegar fyrsti fundur okkar var haldinn á vettvangi, og mætti hann þar. Hann lýsti því þá yfir, að því er okkur skildist, að hann myndi ekki leggja fram nein gögn frá hendi Húsatryggginga og láta matið afskiptalaust. Slík mótmæli, þ. e. varðandi tvísmíði og næturvinnu, teljum við, að fram hefðu átt að koma fram við matið frá hendi matsþola.

2. Í minnisgreinum okkar matsmanna, sem við höfum varðveitt, segir, að verðmætaaukning vegna pípulagna og lagna í hreinlætisherbergi sé talin kr. 200.000.00, en um þetta atriði vorum við ekki sérstaklega spurðir, og engin athugasemd lá fyrir um það, að kerfið í heild hafi í endurbyggingunni orðið dýrara en vera þyrfti, vegna þess að það hafi ekki verið í fullkomnu lagi áður, né í hverju það hafi verið fólgið, þar sem ekki lá neitt fyrir um þetta, t. d. í athugasemdum frá matsþola, þá sjáum við ekki, hvernig við hefðum átt að meta þetta á annan hátt en gert var.
3. Hér er um að ræða endurbyggingu á brunastað, og eins og fram kemur í matsgerð okkar, þá teljum við ekki, að neitt óeðlilegt hafi verið við kostnaðarliðina hvern um sig með hliðsjón af því, sem unnið var. Fyrirfram áætlun, þótt gerð hefði verið, hefði trauðla breytt neinu, enda ekki fyrirfram ljóst, fyrr en við niðurrif, hverjar brunaskemmdirnar voru á hverjum stað.
4. Vísast til þess, sem áður er sagt.
5. Varðandi samanburð á hinum ýmsu mötum skal þess getið, að örðugt er að gera hann svo tæmandi sé. Við höfum þó leitast við að gera þessu nokkur skil eftir því sem unnt er, eins og fram kemur í greinargerð og viðauka við matsgerð, dags. 28. okt. 1971.

   Samkvæmt þessu teljum við enn sem fyrr niðurstöðu undirmatsmanna í aðalatriðum rétta.

   Við teljum, að yfirmatsmenn hafi einkum vanmetið trésmíði allskonar svo og kostnað vegna hita-, hreinlætis- og raflagnar, þótt í minna mæli sé.
6. Að sjálfsögðu er, eins og fram kemur í matsgerð, matið miðað við þann tíma, er verkið var unnið, en okkur virðist hafa komið fram, að því hafi verið hraðað eftir föngum, eftir að bruninn varð.

   Um það, að nýtt hafi komið fyrir gamalt, kemur greinilega fram í matsgerð okkar, að við metum til frádráttar, þegar um vandaðri smíði var að ræða eftir brunann en áður var.

   Húsið var nýlegt, og verður ekki með sanngirni séð, að um slíkt slit hafi verið að ræða á innviðum hússins, að frádrátt ætti að gera vegna þess eins, að nýtt efni var sett í stað þess eldra.

   Í minnisgreinum okkar, sem áður eru nefndar, sést, að við höfum ekki talið neina verðmætaaukningu hafa orðið vegna

sólbekkja, verðmætaaukning vegna eikarparketts var taliin kr. 45.000.00, vegna eldvarnarhurða kr. 120.000.00, vegna palisanderþilja kr. 105.000.00.

Ennfremur töldum við ekki óeðlilegt skv. minnispunktum, að kostnaður vegna eftirlits og ráðgefandi aðila væri þegar á allt væri litið kr. 400—500 þús.

Það orkar að sjálfsögðu tvímælis, hvað telja skuli hreinsun og hvað annarskonar vinnu, mörkin geta verið óljós.

Þetta hefur þó ekki áhrif á heildarupphæð matsins.

Að lokum þetta:

Við fáum ekki séð, að hægt sé að vinna mat þetta á annan eða nákvæmari hátt en við gerðum, við sjáum í forsendum frávísunardóms, að yfirmatsgerð var álitin ónothæf vegna galla og þau ummæli m. a. rökstudd með þessum orðum:

„Þessa niðurstöðu þykja styrkja greinargerð og viðauki matsmannanna Braga Þorsteinssonar o. fl. svo og sjálf matsgerð þeirra.““

Halldór H. Jónsson arkitekt hefur komið fyrir dóminn og staðfest, að efni framangreinds bréfs síns sé rétt.

Matsmenn þessir komu allir fyrir réttinn hinn 11. desember 1973 og staðfestu þar, að efni framangreinds bréfs væri rétt. Þeir voru allir inntir eftir því, hvort þeir gætu borið um það, hversu mikill tími hefði farið í eftir- og næturvinnu við lagfæringu á brunaskemmdum, en enginn þeirra treysti sér til þess að bera um það.

Að yfirheyrslu lokinni þennan dag var málinu frestað til næsta dags til munnlegs flutnings. Sama dag hafði lögmaður stefnda samband við formann dómsins og tjáði honum, að hann mundi setja fram frávísunarkröfu í málinu við flutning þess daginn eftir. Tjáði hann lögmanni stefnenda þetta þennan sama dag. Hinn 12. desember 1973 var málið síðan flutt um frávísunarkröfu af hálfu stefnda.

Frávísunarkröfu sína rökstuddi stefndi með því, að með dómi hinn 26. júní 1972 hefði bæjarþingsmálinu nr. 1238/1969 milli sömu aðilja verið vísað frá dómi vegna þess, að matsgerð framangreindra þremenninga hafi verið talin ófullnægjandi, svo sem getur í forsendum þess dóms. Stefnendur hafi ekki látið fara fram nýtt mat, heldur hafi þeir gripið til þess ráðs að rita fyrirspurnir til matsmannanna þriggja og Halldórs H. Jónssonar arkitekts. Svör þessara manna séu ekki fullnægjandi og hafi ekki bætt úr þeim annmörkum, er dómurinn taldi vera á mati þeirra og leiddi til

frávísunar. Eins og málið liggi nú fyrir, sé það ekki dómtækt, þar sem engin fullnægjandi matsgerð hafi verið lögð fram í málinu og fyrirspurnir og yfirheyrslur yfir matsmönnunum hafi ekki bætt úr ágöllum matsgerðarinnar. Þessi dómur sé bundinn af frávísunardómi bæjarþingsins frá 26. júní 1972, þar sem málatilbúnaður af hálfu stefnenda sé enn haldinn sömu ágöllum. Beri af þessum sökum einnig að vísa þessu máli frá dómi sem krafist sé. Vitnaði lögmaður stefnda sérstaklega til 195. gr. og 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 þeirri kröfu til stuðnings. Þá var því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að málið væri enn af hálfu stefnenda mjög vanreifað, og raunverulega hafi matsmennirnir aldrei lokið því verki, sem þeir hafi hinn 22. nóvember 1969 verið dómkvaddir til þess að vinna.

Að endingu krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnenda krafðist þess, að frávísunarkröfu stefnda yrði hrundið, þar sem hún væri of seint fram komin. Stefndi hafi frá upphafi mátt sjá, hvernig stefnendur ætluðu sér að sækja þetta mál í síðara sinnið. Allt að einu hafi eigi verið sett fram frávísunarkrafa af hálfu stefnda í greinargerð hans. Þá héldu stefnendur því fram, að þessi dómur væri ekki bundinn af fyrri frávísunardóminum, enda þótt um hliðstæða dómstóla væri að ræða, þar sem nú væri búið að bæta úr göllum þeim, sem kunni að hafa verið á málinu, er dómurinn gekk í því hinn 26. júní 1972. Þá var því einnig haldið fram af hálfu stefnenda, að þessi dómur væri ekki bundinn af forsendum dómsins frá 26. júní 1972, heldur einungis niðurstöðu hans.

Niðurstaða dómsins.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 26. júní 1972, í málinu nr. 1238/1969, er var milli sömu aðilja út af sömu kröfu, byggðri á sömu matsgerð og í þessu máli, var því máli vísað frá dómi ex officio. Þessi dómur er bundinn af fyrri frávísunardóminum, ekki einasta dómsorðinu, heldur einnig þeim röksemdum, er frávísunin var byggð á, og koma þær ekki til endurmats í þessum dómi. Það, sem kemur til álita hér, er einungis það, hvort tekist hafi að bæta úr þeim ágöllum, er fyrri dómurinn taldi hið „sérstaka mat“ (mat Braga Þorsteinssonar, Braga Sigurbergssonar og Jóns Ólafssonar) vera haldið og lét varða frávísun. Þeir ágallar hafa áður verið raktir, þegar vitnað var til forsendna fyrri dómsins hér að framan. Þykir ekki ástæða til að endurtaka það hér. Og þar sem rétturinn getur ekki fallist á það með stefnendum, að

bætt hafi verið úr þeim ágöllum, er þar greinir, þá er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi sem res judicata, svo sem stefndi hefur krafist, enda verður ekki á það fallist með stefnendum, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin, enda þótt henni hafi ekki verið hreyft í greinargerð stefnda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnendur in solidum til að gjalda stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Þykir þessi málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurði Oddssyni byggingatæknifræðingi og Snorra Haukssyni innanhúsarkitekt.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögu, stafar af jólaleyfi og miklum önnum dómsformanns.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnendur, Iðnaðarbanki Íslands h/f, Félag íslenskra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, greiði in solidum stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs vegna Húsatrygginga Reykjavíkur, kr. 30.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 21. mars 1974.

Nr. 74/1973: **Rithöfundasamband Íslands f. h. Benedikts Gíslasonar**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Náttúrulækningafélagi Íslands
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. maí 1973. Krefst hann þess, „að handrit að bók um Jónas Kristjánsson lækni eftir Benedikt Gíslason rithöfund verði tekið úr umráðum stefnda“ og honum fengin umráð þess. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í máli þessu er um það deilt, hvort stefndi hafi með samningum við áfrýjanda öðlast eignarrétt eða aðeins útgáfurétt að handriti því, sem um er fjallað í málinu. Eru því ekki skilyrði til að beita innsetningargerð.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rithöfundasamband Íslands f. h. Benedikts Gíslasonar, greiði stefnda, Náttúrulækningafélagi Íslands,

kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. apríl 1973.

Gerðarbeiðandi, Rithöfundasamband Íslands, hefur krafist þess f. h. Benedikts Gíslasonar rithöfundar, að handriti að bók um Jónas Kristjánsson lækni verði tekið úr umráðum gerðarþola, stjórnar Náttúrulækningafélags Íslands, og Rithöfundasambandinu fengin umráð þess. Er málskostnaðar krafist úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að gerð þessi nái fram að ganga. Er þess og krafist, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að borga málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 29. mars s.l.

Svo er frá skýrt af hálfu gerðarbeiðanda, að á árinu 1958 hafi stjórn Náttúrulækningafélags Íslands beðið Þorstein Valdimarsson rithöfund að skrifa æfisögu Jónasar læknis Kristjánssonar, en Jónas var forgöngumaður um stofnun félagsins og mestur ráðamaður. Eftir að Þorsteinn hafði skrifað einn til tvo kafla, hætti hann að starfa að bókinni. Að frumkvæði Péturs Gunnarssonar, stjórnarmanns í félaginu, hafi Benedikt Gíslason frá Hofteigi verið fenginn til verksins, en þeir Þorsteinn Valdimarsson og Jónas Kristjánsson hafi báðir verið því samþykkir. Hafi þannig stofnast venjulegur útgáfusamningur milli aðilja fógetamáls þessa, að vísu munnlegur, en jafngildur fyrir því, og hafi ekki verið sannað, að nein frávik frá almennum reglum höfundalaga hafi um samist. Samkvæmt 63. grein laga nr. 73/1972 sé sagt, að ákvæði laganna skuli taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafi orðið fyrir gildistöku þeirra. Í 33. gr. segi nánar um útgáfusamninga á þá lund, að það sé útgáfusamningur, er höfundur veiti tilteknum aðilja rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki og gefa þau út. Samkvæmt 35. grein sömu laga sé útgáfurétthafi skyldur að gefa verkið út innan hæfilegs tíma eftir aðstæðum og því, sem venja segi til.

Nú hafi Benedikt Gíslason lokið ritinu á 7 mánuðum. Hann hafi fengið greitt fyrir útgáfuréttinn smátt og smátt, sbr. kvittanir í málinu og yfirlýsingu á rskj. 13, og sé það alls ekki óvenjulegt fyrirkomulag. En er hann hafði afhent gerðarþola handritið, hafi það orðið ofan á, að verkið skyldi ekki gefið út, og viti Benedikt

ekki, hvað veldur. Hér sé um að ræða brýnt brot á útgáfuskyldu samkvæmt 35. gr. Hafi Benedikt því verið í sínum fulla rétti, er hann krafðist þess að fá handrit sitt afhent, en gerðarþoli hafi ekki viljað verða við því. Sé um þann misskilning að ræða hjá gerðarþola, að Benedikt hafi gert verksamning við gerðarþola og sé verkið eign síðarnefnds. En gerðarþoli hafi ekki sannað, að um sé að ræða slíkan samning né að ritverk Benedikts falli utan sviðs höfundalaga, ef slíkt hafi verið ætlunin, yrði gerðarþoli að færa fullar sönnur á það. Og nú segi 2. mgr. 33. greinar laga nr. 73/1972, að útgáfusamningur veiti útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirferðar, nema svo sé um samið sérstaklega. Ekki hafi verið sannað, að svo hafi verið samið sérstaklega, og heldur ekki hafi verið samið um lengri tíma fram að útgáfu en efni standi til eða eðlilegan megi telja.

Þess er loks getið, að Rithöfundasamband Íslands sé stéttarfélag rithöfunda og hlutverk þess sé að gæta hagsmuna félagsmanna og sé eðlilegt, að það fari með mál þetta fyrir Benedikt Gíslason samkvæmt ósk hans.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að Benedikt Gíslason hafi gengið inn í verk Þorsteins Valdimarssonar. Þetta verk allt hafi verið hafið að tilhlutan gerðarþola til upplýsingasöfnunar um Jónas Kristjánsson með það fyrir augum að verða grundvöllur að ritverki. Benedikt Gíslason hafi ráðist í verkið sem starfsmaður gerðarþola, hann hafi fengið greitt fast mánaðarkaup, ferðakostnað o. þ. h. Verkið hafi orðið eign gerðarþola eftir því sem því miðaði. Á það beri að líta, að samkvæmt lögum, sem þá giltu, hafi Benedikt getað afsalað sér höfundarétti. Hann eigi heldur engan hlutbundinn rétt til þessa eintaks, gerðarþoli hafi t. d. borgað fyrir pappír og vélritun og eigi handritið fullum eignarrétti. Það eina, sem Benedikt geti gert til þess að gera gerðarþola óhægt fyrir um notkun handritsins, sé lögbann gegn slíkri notkun, en það sé ella algerlega á valdi gerðarþola, hvort og hvenær útgáfa eigi sér stað, og er á það bent, að Jónas Kristjánsson hafi haft mjög á móti því, að svo yrði, sbr. framburð dóttur Jónasar, Guðbjargar Birkis, hér fyrir réttinum.

Pétur Gunnarsson, Sólvallagötu 36, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Hann var í stjórn gerðarþola árin 1955—72. Hann skýrði svo frá, að stjórn gerðarþola hafi fengið Þorstein Valdimarsson til þess að taka saman ævisögu Jónasar Kristjánssonar og hafi Þorsteinn byrjað á verkinu, en hætt því síðan, og kveðst Pétur

ekki vita, hvort eða hvernig honum hafi verið borgað eða hve mikið hann vann að verkinu. Þá hafi gerðarþoli ráðið Benedikt Gíslason til þessa verks. Um það hafi ekki verið gerður skriflegur samningur, en ljóst hafi verið, að Benedikt hafi verið í þjónustu gerðarþola, sem eignaðist verkið eftir því sem það gekk fram og handritum var skilað. Hafi Benedikt líka verið borgað mánaðarlega og fyrir hann greiddur ferðakostnaður o. þ. h. Pétur kvaðst ekki vita, hvort það, sem Þorsteinn hafði saman tekið, hafi svo gengið til Benedikts.

Árni Ásbjarnarson, til heimilis í Hveragerði, mætti í máli þessu. Hann kvaðst hafa tekið við stjórn heilsuhælisins, er gerðarþoli rekur í Hveragerði, árið 1958 og þar með stjórn gerðarþola. Þá hafi Þorsteinn Valdimarsson verið hættur að starfa að ævisögunni, en það muni hafa verið Pétur Gunnarsson, sem fékk því ráðið, að Benedikt Gíslason var fenginn til verksins. Hann kveðst hafa verið áheyrandi að því, að Jónas Kristjánsson sagði við Benedikt, að hann vildi ekki, að Benedikt skrifaði um sig.

Eins og drepið er á hér að framan, hefur Benedikt Gíslason fengið greiðslu frá gerðarþola smátt og smátt, og eru þar að lútandi kvittanasamrit lögð fram í málinu. Þá hefur hann fengið greidda vélritunarreikninga nokkra, og liggja einnig fyrir samrit af kvittunum þeirra vegna. Þann 18. janúar 1961 hefur Benedikt svo gefið heildarkvittun, sem lögð er fram sem rskj. 13 og er á þessa leið:

„KVITTUN

Náttúrulækningafélag Íslands í Reykjavík hefur greitt mér umsamið kaup fyrir að semja ævisögu Jónasar læknis Kristjánssonar á síðasta ári, 7 mánaða vinnu á kr. 4.000.00 pr. mán. = *kr. 28.000.00*. Upphæðin er að fullu greidd og kvittast hér með fyrir greiðslunni.

Reykjavík, Sigtúni 31, 18. jan. 1961
Benedikt Gíslason frá Hofteigi".

Þegar litið er á skjal þetta, verður ekki betur séð en Benedikt hafi sjálfur talið sig vinna að ritverki sínu sem starfsmaður gerðarþola gegn föstu mánaðarkaupi, sem hann hefur fengið greitt. Hefur hann og afhent gerðarþola handrit eitt, og verður að telja, að sú afhending hafi verið til eignar, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga 73/1972, en falli ekki undir ákvæði laganna um útgáfusamning, þar eð þess er ekki getið í þessu skjali né í öðrum, sem þeim Benedikt

og gerðarþola hefur farið á milli. Af þessari ástæðu þykir ekki unnt að verða við þeirri kröfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli verði sviptur umráðum margnefnds handrits.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. mars 1974.

Nr. 83/1973: **Gísli Magnússon f. h. ólögráða sonar síns, Magnúsar Gíslasonar,**
(Einar Sigurðsson hdl.)
gegn
Ólafi Helga Árnasyni, Fjólu Einarsdóttur og Einari Ólafssyni
(Sigurður Hafstein hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. maí 1973. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.515.258.00 með 7% ársvöxtum frá 25. mars 1973 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.018.420.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1965 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri

eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. maí 1973.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en þau höfðu gjafvörn í héraði og fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 3. október 1973. Til vara krefjast stefndu þess, að bætur verði felldar niður eða lækkaðar mjög verulega og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Slys það, sem um er fjallað í máli þessu, varð 12. maí 1962. Gísli Magnússon, faðir áfrýjanda, tilkynnti um slysið sama dag til rannsóknarlögreglu, sem tók þegar skýrslu af honum. Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af stefnda Einari Ólafssyni 15. s. m. að viðstöddum föður hans, stefnda Ólafi Helga Árnasyni. Síðan var ekkert aðhafst vegna slyssins fyrr en lögmaður áfrýjanda ritaði stefnda Ólafi Helga kröfubréf 18. apríl 1969. Héraðsdómsstefna í málinu var birt 1. desember 1969. Áfrýjandi gaf skýrslu fyrir dómi um málið 14. desember 1971 og kvaðst þá ekkert muna eftir atvikum slyssins. Stefndi Einar Ólafsson kom fyrir dóm 15. mars 1973 og kvað atvik slyssins algerlega sér úr minni liðin. Eru því eigi önnur gögn um atvik máls þessa en skýrsla stefnda Einars frá 15. maí 1962, sem því verður að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að sýkna stefndu Ólaf Helga og Fjólu af kröfum áfrýjanda.

Einar Ólafsson var 10 ára og 7 mánaða gamall, er slysið varð, og er ekki annað fram komið en þroski hans hafi verið eðlilegur. Honum mátti vera ljóst, að bogi og ör getur verið hættulegt leiktæki, og hann hefur viðurkennt, að móðir hans, stefnda Fjóla, hafi bannað honum að hafa bogann undir höndum og sagt honum að fara með hann út og eyðileggja. Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur stefndi Einar lýst því,

að þegar hann kom út með bogann, hafi börn hópast utan um hann, og í þeim hópi var áfrýjandi, sem var þá rúmlega 5 ára að aldri. Stefndi Einar kveðst hafa lagt ör á bogann og „rétt aðeins dregið hann upp, er ég missti óvart örina af boganum, og hún lenti í litlum strák", er stóð rétt hjá. Leggja verður til grundvallar, að slysið hafi orðið að óvilja Einars, en vegna ógætni hans við meðferð bogans og örvarinnar verður að leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi hefur orðið fyrir vegna slyss þessa.

Aðalkröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1.	Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 1.265.258.00
2.	Bætur fyrir lýti, miska og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
		Kr. 1.515.258.00

Varakröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1.	Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 763.420.00
2.	Bætur fyrir lýti, miska og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
3.	Kostnaður vegna örorkumats o. fl.	— 5.000.00
		Kr. 1.018.420.00

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur hinn 15. febrúar 1974 reiknað út af nýju tjón áfrýjanda vegna örorku þeirrar, er hann hlaut af slysinu. Er miðað við sömu forsendur og áður, en tillit tekið til þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því að tryggingastærðfræðingurinn gerði síðast reikning sinn. Telur hann, að heildartjón áfrýjanda miðað við slysdag og meðaltekjur iðnaðarmanna, sjómanna og verkamanna nemi kr. 763.420.00, en kr. 711.662.00, ef aðeins sé miðað við meðaltekjur verkamanna. Sé hins vegar miðað við 16 ára afmælisdag áfrýjanda, séu samsvarandi fjárhæðir kr. 1.515.488.00 og kr. 1.412.733.00.

Þegar litið er til atvika allra, þykir mega ákveða örorku-

tjón áfrýjanda alls kr. 530.000.00 og ófjárhagslegt tjón hans kr. 60.000.00.

Í héraðsdómi er lýst, hvernig boginn og örin, sem meiðsl áfrýjanda hlutust af, voru úr garði gerð. Má af þeim lýsingum ráða, að boginn hafi verið afllítill og ekki sérstaklega skaðvænlegur af slíku tæki að vera. Með hliðsjón af þessu, aldri stefnda Einars og atvikum að slysinu að öðru leyti verður sök hans ekki talin stórvægileg. Leitt er í ljós, að stefndi Einar var efnalaus, og foreldrar hans höfðu eigi keypt ábyrgðartryggingu vegna hans. Er rétt, eins og hér stendur á og með lögjöfnun frá 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947, að lækka verulega bætur úr hendi stefnda Einars. Þykja heildarbætur, er honum verður dæmt að greiða áfrýjanda, hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 27. nóvember 1969.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað skulu vera óröskuð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja, kr. 80.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Stefndu Ólafur Helgi Árnason og Fjóla Einarsdóttir eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Gísla Magnússonar f. h. ólögráða sonar míns, Magnúsar Gíslasonar, í máli þessu.

Stefndi Einar Ólafsson greiði áfrýjanda kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Alllur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir

Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja, Einars Sigurðssonar og Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanna, kr. 80.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., höfðaði Gísli Magnússon, Gnoðarvogi 62, Reykjavík, f. h. ólögráða sonar, Magnúsar Gíslasonar, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóvember 1969, á hendur Ólafi Helga Árnasyni og Fjólu Einarsdóttur persónulega og f. h. ólögráða sonar þeirra, Einars, til heimilis að Skálagerði 3, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefndu því yfir, að Einar Ólafsson væri þá orðinn fjárráða og tæki því sjálfstæða aðild að málssókninni, að því er hún beindist að honum. Var heiti málsins breytt með tilliti til þess.

Dómkröfur stefnanda nú eru því þær, að stefndu verði inn solidum dæmd til greiðslu á kr. 1.515.258.00 með 7% ársvöxtum frá 12. maí 1962 svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. september 1969, var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi.

Stefndu hafa aðallega krafist algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. janúar 1970, var þeim veitt gjafvörn. Til vara krefjast þau þess, að bætur verði alveg felldar niður, en málskostnaður dæmdur að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Til þrautavara krefjast þau þess, að stefnukrafa verði lækkuð mjög verulega, sök skipt og málskostnaður dæmdur gjafvarnarhöfum, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hinn 12. maí 1962 hafi það hörmulega slys orðið, að drengurinn, stefndi Einar Ólafsson, þá 10 ára gamall, skaut ör af boga í auga drengsins Magnúsar Gíslasonar, sem þá var 5 ára að aldri. Afleiðingar slyssins hafi orðið þær, að drengurinn Magnús hafi misst sjón á hinu skaddaða

auga, og samkvæmt örorkumati hafi varanleg örorka drengsins af völdum slyssins talin vera 20%.

Stefnandi Gísli tilkynnti lögreglunni um slysið hinn sama dag. Leifur Jónsson lögreglumaður fór heim til Gísla, og í skýrslu rannsóknarlögreglunnar segir Leifur Jónsson svo:

„Ég fór þegar á staðinn og hafði tal af Gísla. Hann skýrði mér frá því, að um kl. 17.30 í dag hefði sonur sinn Magnús, f. 25/3 1957, komið heim hágrátandi og hefði blóð runnið úr öðru auga hans og hefði það verið mikið skaddað.

Gísli kvaðst þegar hafa farið með barnið til læknis og hefði það verið flutt á sjúkrahús og hefði Kristján Sveinsson augnlæknir skorið augað upp og hefði hann talið litla von um, að barnið héldi fullri sjón á auganu. Eftir uppskurðinn hefði sér verið leyft að fara með drenginn heim, þar sem talið hefði verið, að hann yrði rólegri þar, en mikið væri undir því komið með bata, að augað yrði ekki fyrir hnjaski.

Gísli kvaðst hafa farið að grennslast eftir því, hver valdur hefði verið að meiðslunum á Magnúsi litla, er hann kom heim af sjúkrahúsinu, og hafi hann fengið þær upplýsingar hjá börnum, að þar hefði verið að verki 10 ára drengur, Einar Ólafsson, er ætti heima í Skálagerði 3. Hann kvaðst hafa farið til Einars og spurt hann um þetta og hefði hann viðurkennt það fyrir sér, að það hefði verið hann, er skaut örinni, er lenti í auga Magnúsar litla, en það hefði verið óviljaverk. Gísli kvaðst hafa farið heim að Skálagerði 3 til að láta foreldra Einars vita um þetta, en þá hefði enginn verið heima. Gísli kvaðst hafa krafið Einar um að láta sig hafa bogann, er hann skaut örinni af, en Einar hefði sagt sér, að hann hefði eyðilagt hann strax eftir slysið."

Hinn 15. sama mánaðar tók framangreindur lögreglumaður skýrslu af Einari Ólafssyni hjá rannsóknarlögreglunni. Þar skýrði stefndi Einar svo frá, að um hádegið slysdaginn hafi hann smíðað sér boga úr íslenskum trjávið. Hafi hann farið að leika sér með bogann og skotið nokkrum örvum af honum niðri á túni, þar sem enginn var nálægur honum. Um klukkan 1600 um daginn hafi hann farið með bogann inn til sín og hafi þá móðir sín séð bogann og sagt svona við sig: „Einar minn, ég vil ekki, að þú sért með boga, farðu út og skemmdu hann." Kvaðst Einar svo hafa farið út með bogann og er hann hafi komið út, hafi krakkarnir hópast í kringum sig til að sjá bogann hjá sér. Krakkarnir hafi sagt við sig: „Skjóttu mig, skjóttu mig", en hann kvaðst ekki hafa viljað gera það. Hann kvaðst hafa verið með ör á boganum og

hafði rétt aðeins dregið hann upp, er hann hafi óvart misst örina af boganum. Hafi hún lent í litlum dreng, er stóð rétt hjá honum, og hafi drengurinn hlaupið grátandi í burtu. Einar kvaðst ekki hafa þekkt drenginn neitt, en hann hafi vitað, að hann ætti heima í stóra fjölbýlishúsinu við Grensásveginn. Einar kvaðst ekki hafa þekkt neitt af krökkunum, sem þarna voru við, en kvaðst halda, að eitthvað af þeim hafi átt heima í sama fjölbýlishúsinu og drengurinn, er meiddist. Ekki kvaðst Einar hafa vitað, hvað drengurinn, sem fékk örina í sig, hafi meitt sig mikið, þar sem hann hafi hlaupið strax í burtu.

Að þessari yfirheyrslu lokinni bókar lögreglumaðurinn, að faðir Einars, stefndi Ólafur Helgi, hafi verið viðstaddur hana og ekki hreyft neinum mótmælum. Hafi hann skýrt svo frá, að umræddur bogi hefði verið eyðilagður strax eftir slysið og hefði hann lagt á það ríka áherslu við son sinn, að hann mætti aldrei leika sér með boga, þar sem það gæti haft í för með sér slysahættu, svo sem komið hefði í ljós.

Stefndi Ólafur Helgi kom hér fyrir dóm hinn 6. apríl 1972. Skýrði hann svo frá, að hann hafi umræddan dag farið í vinnu að morgni og því ekki vitað um gerðir sonar síns þann dag. Kvaðst hann ekkert hafa vitað um atburðinn, fyrr en hann hafi verið boðaður með syni sínum til rannsóknarlögreglunnar hinn 15. maí. Hafi hann þar samþykkt framburð sonar síns, þar sem hann kvaðst ekki hafa getað borið sjálfstætt um atvikið. Gat hann þess, að hann hafi frá fæðingu varað börn sín við hættulegum hlutum, hnífum og skærum, og þar á meðal myndunar boga eða annarra þeirra tækja, sem hætta gæti stafað af. Aðspurður um það, hvort hann hafi haft samband við foreldra hins slasaða barns eftir slysið, kvað hann sig ekki hafa gert það. Hins vegar hafi faðir drengsins talað við sig, þá fyrir um það bil tveimur árum (1970), og spurt sig, hvort hann hefði heimilistryggingu. Kvaðst hann hafa svarað því neitandi, en spurt um ástæðu fyrir fyrirspurninni. Hafi stefnandi sagt ástæðuna vera umrætt slys. Þetta samtal sé það eina, sem hann viti um slysið, auk framangreindrar yfirheyrslu með syni hans hjá rannsóknarlögreglunni.

Stefnandi Gísli kom hér fyrir dóm í desember 1971. Eftir að hafa heyrt framangreinda skýrslu rannsóknarlögreglumannsins, kvað hann þar vera rétt eftir sér haft. Gísli kvaðst hafa reynt að ná til foreldra stefnda Einars, en það hafi gengið illa, þar sem þeir hafi virst vera lítið heima. Hafi því liðið nokkur tími, þar

til hann náði tali af stefnda Ólafi Helga á vinnustað hans. Kvað hann sér hafa virst sem Ólafur Helgi hefði ekki vitað neitt um atburðinn. Kvaðst hann hafa skýrt Ólafi Helga frá því, hvað sonur hans hafði gert. Hafi Ólafur Helgi lítið svarað þessu, en stefnandi kvaðst hafa tjáð honum, að hann mundi leita til lögfræðings til könnunar á því, hver réttarstaða sín væri út af atvikinu. Allnokkur tími hafi þó liðið, þar sem hann kvaðst hafa verið að vonast eftir því, að stefndi Ólafur Helgi mundi hafa tal af sér.

Í þessu sama þinghaldi kvaðst Magnús Gíslason ekki þá muna neitt eftir atvikinu, en hann stundaði þá nám við Vogaskóla á gagnfræðaskólastigi. Hann kvað ástand augans vera óbreytt frá því, er segir í ályktun Stefáns Guðnasonar læknis.

Í þinghaldi 15. mars þ. á. skýrði stefndi Einar svo frá, að hann myndi eftir því að hafa verið boðaður til rannsóknarlögreglunnar vegna umrædds atviks, en hann kvað atvikið sér algerlega vera úr minni. Hann kvaðst á árunum 1971 til 1972 hafa verið nemandi í Búnaðarskólanum að Hólum. Þær tekjur, sem hann hafi unnið fyrir á þessum árum, hafi verið svo litlar, að þær hafi á engan hátt nægt fyrir skólakostnaði. Eignir kvaðst hann engar eiga.

Stefán Guðnason læknir mat örorku stefnanda af völdum slyssins hinn 26. september 1969, en í vottorði hans, dags. 3. nóvember 1969, segir svo:

„Fyrir liggur vottorð Guðmundar Björnssonar, augnlæknis, Reykjavík, dags. 16/10 1969 svohljóðandi:

„Magnús Gíslason, fæddur 25/3 1957, til heimilis að Gnoðarvogi 62, Reykjavík, varð fyrir slysi 12. maí 1962. Ör af boga lenti í hægra auga með þeim afleiðingum, að hornhimna augans sprakk og augasteinn eyðilagðist. Sárið var saumað saman á spítala. Vegna hins mikla áverka á auganu má það teljast blint, þar eð mikil örmyndun er á hornhimnu augans, og leifar af augasteini hindra sjón. Augnbotn sést ekki, svo ekki verður ráðið, hvort sjónhimna er sködduð. Von um aukna sjón við skurðaðgerð er hverfandi lítil vegna fyrrgreindra áverka, og má augað því teljast ónothæft. Sjón á vinstra auga er góð (6/6)."

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 26/9 1969. Skýrt er frá atburðum slyssins, eins og að framan greinir. Slasaði lá í sjúkrahúsi að sögn um tíma eftir slysið. Hægra auga hans er blint að öðru leyti en því, að slasaði sér mun myrkurs og birtu. Slasaði hefur fulla sjón á vinstra auga.

Ályktun: Um er að ræða 12 ára dreng, sem missti sjónina á

hægra auga af slysförum, er hann var 5 ára. Augnlæknir telur augað nú ónothæft og hverfandi litlar líkur fyrir því, að sjón á því gæti aukist við aðgerð.

Samkvæmt framanskráðu verður að lykta, að hið slasaða barn hafi hlotið varanlega örorku vegna afleiðinga framannefnds slyss, allt frá slysdegi, og telst sú örorka hæfilega metin 20%."

Á grundvelli þessa örkumats reiknaði Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur út örorkutjón drengsins Magnúsar. Í útreikningum tryggingafræðingsins, síðast dagsettum 12. mars 1973, miðar hann framtíðartekjur með tilliti til meðalatvinnutekna verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Á þeim grundvelli reiknast tryggingafræðingnum verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps nema á slysdegi kr. 637.368.00, á 12. afmælisdegi drengsins kr. 965.259.00 og á 16. afmælisdegi hans kr. 1.265.258.00. Ef hins vegar vinnutekjuáætluninni væri breytt þannig, að eingöngu væri miðað við meðalatvinnutekjur verkamanna, þá reiknast verðmæti vinnutekjutapsins nema á slysdegi kr. 594.440.00, á 12. afmælisdegi drengsins kr. 900.242.00 og á 16. afmæisdegi hans kr. 1.180.034.00. Krafa stefnanda í málinu nú er m. a. byggð á hæsta verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps, eða kr. 1.265.258.00. Samkvæmt því er krafa stefnanda sundurliðuð þannig:

1.	Bætur samkvæmt örorkuútreikningi	kr. 1.265.258.00
2.	Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á stöðu og högum	— 250.000.00
		Samtals kr. 1.515.258.00

Stefnandi byggir kröfu sínar á því, að stefndu séu skaðabótaskyld á tjóni því, er drengurinn Magnús varð fyrir við umrætt slys. Stefndi Einar hafi verið á 11. ári, er slysið skeði, og megi því ætla, að hann hafi þá öðlast þann þroska og skynsemi, að hann hafi gert sér grein fyrir því, hversu hættulegt leikfang boginn var og hverjar afleiðingar leikur með hann gat haft í för með sér. Foreldrum hans, stefnda Ólafi Helga og stefndu Fjólu, hafi verið kunnugt um, að stefndi Einar hafði bogann í fórum sínum, en létu þó undir höfuð leggjast að svipta hann umráðum bogans. Af þeim sökum sé bótakröfunni einnig beint gegn þeim persónulega.

Sýknukrafa stefndu er studd þeim rökum, að slys það, er málið er risið af, hafi verið hrein óhappatilviljun, en ekki orsakast af

gáleysi stefnda Einars. Bogi sá, sem hann hafði með höndum, hafi verið gerður af honum sjálfum úr trjáviðargrein og ör sú, er hann var með, hafi verið önnur trjágrein minni og ótálguð, því hníf hafi hann ekki haft yfir að ráða. Slík tæki séu mjög algeng meðal drengja á vissum aldri, enda hafi um það leyti, er slysið varð, verið mikil „bogaalda", sem gengið hafi yfir hverfi það, er hann bjó í. Umræddur bogi hafi verið harla ófullkominn, ef miðað sé við fullkomin tæki sömu tegundar. Dragi það úr því, að drengurinn hafi gert sér grein fyrir því, að hann væri með leiktæki, er reynst gæti hættulegt öðrum. Virðist sama skoðun koma fram hjá barnahópi þeim, er hvatti hann til að skjóta á sig. Tækið sé því ekki þess eðlis, að þau hræðist það á nokkurn hátt. Samkvæmt atvikalýsingu í lögregluskýrslu hafi stefndi Einar haft bogann með höndum í um fjórar klukkustundir, er móðir hans, stefnda Fjóla, verður þess vör. Hún áminnir hann um að eyðileggja bogann og þar sem hún hafi verið því vön, að drengurinn hlýddi því, er hún áminnti hann um, hafi hún talið sig geta treyst því einnig í þetta sinn. Er drengurinn hafi hins vegar komið út, hafi hópast að honum börn, er hvetja hann til að skjóta á sig úr boganum. Það séu þessi atvik, sem verði til þess, að slysið skeður. Þegar drengurinn, hvattur af öðrum börnum umhverfis, ætlar að sýna þeim, að hægt sé að spenna bogann, hleypur örin þá af vegna slysni og lendir í einu umræddra barna, drengnum Magnúsi. Ekki sé minnsti vafi á því, að sú staðreynd, að börnin egna drenginn, eigi verulegan þátt í slysinu. Þá virðist, að drengurinn, er fyrir slysinu varð, hafi verið í hópi þeirra, er að hvatningunni stóðu, og því sé eigin sök hans þannig jafnframt fyrir hendi. Börn voru að leik og leikir barna séu flestir hættulegir, ef vel er að gáð. Í íslenskum rétti hafi ekki verið út í það farið að leggja fébótaábyrgð á börn yngri en 14 ára. Aðdragandi slyss þessa hafi verið þannig, að hin almennt hættulitla athöfn hafi verið 10 ára dreng svo eðlileg, að ekki sé með sanngirni eða gildum rökum hægt að gera hann bótaskyldan, jafnvel í því tilviki, að tjón hefði hent annan en þann, er hlut átti í að egna drenginn. Sé litið til fyrri atburðarásar, liggi ljóst fyrir, að tjónið verði að verulegu leyti af óvæntri og slysalegri tilviljun.

Að því er varðar persónulega ábyrgð stefndu Fjólu, þá er sýknukrafan á því byggð, að til þess að ábyrgð verði lögð á foreldri, þá þurfi vangæsla og sök þess að vera mjög mikil. Slíkt verði eigi talið í þessu máli, þar eð hún hafi varað son sinn strax við og tjáð honum, að hún vildi ekki, að hann hefði bogann með höndum. Hún

hafi mátt treysta því, að hann hlýddi henni, enda ætlaði hann svo að gera, en var stöðvaður af barnahópnum fyrir utan húsið, svo sem fyrr var að vikið.

Að því er varðar stefnda Ólaf Helga, þá er sýknukrafan á því byggð, að hann hafi farið til vinnu sinnar klukkan 0900 að morgni og eigi komið heim frá vinnu fyrr en kl. 1800 sama dag. Upphaf og endir þeirra atvika, er leitt hafa til máls þessa, hafi því allir skeð, meðan hann var við vinnu sína, og því sé ekki með nokkru móti hægt að áfellast hann um vangæslu í þessu efni.

Þá bendir stefndi á til stuðnings sýknukröfu sinni gagnvart öllum stefndu, að eins og atvikum sé háttað í málinu, hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til bóta vegna hins langvarandi aðgerðarleysis síns, þar sem hann aðhefst ekkert í málinu, fyrr en sjö árum eftir að umrætt slys varð.

Varakrafa stefndu er auk framangreindra raka byggð á tilvísun til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, en samkvæmt lögjöfnun frá þeirri grein telja þau, að fella eigi bætur niður með hliðsjón af aldri, efnaleysi og öðrum aðstæðum stefnda Einars, jafnvel þótt talið yrði, að um það mikla sök hefði verið að ræða af hans hálfu, að leitt hefði til bótaábyrgðar, ef eldri aðili hefði átt hér hlut að máli.

Þrautavarakrafa stefndu er byggð á því, að kröfufjárhæðir stefnanda séu allt of háar. Einnig mótmæla þau vaxtakröfu stefnanda fyrir 4. desember 1965 sem fyrndri.

Svo sem fram kemur hér að framan, þá bjó drengurinn Einar sjálfur til bogann og örina úr trjágrein um hádegisbilið umræddan dag, og var hann einn að leik með hann. En slíkt er alltítt með drengi á aldri drengsins Einars, en hann var þá 10 ára. Er vart að ætla, að hann hafi gert sér grein fyrir þeim hættumöguleikum, sem slíkt leiktæki gæti haft. Móðir hans, stefnda Fjóla, áminnir hann um að eyðileggja bogann, er hún verður þess vör, að drengurinn er með hann, og er eigi annað í ljós leitt en Einar hafi þá farið með bogann út gagngert í þeim tilgangi. Hittir hann þá barnahóp, sem hvetur hann til að skjóta að sér af boganum, en hann hafi eigi viljað það, en er þó með bogann eitthvað spenntan. Örin hrekkur þá af óviljun af boganum og í drenginn Magnús. Þegar litið er til þessa svo og með tilliti til hins unga aldurs drengsins Einars, þá þykja eigi skilyrði til að fella á hann fébótaábyrgð af völdum slyssins.

Að því er varðar stefndu Fjólu persónulega, þá áminnir hún drenginn um að eyðileggja bogann, er hún verður hans vör í fór-

um hans. Er eigi fram komið neitt gegn því, að hún hafi ekki mátt treyst drengnum að þessu leyti. Verður ekki talið, að hún hafi í umrætt sinn sýnt slíka vangæslu, að leggja beri á hana persónulega bótaábyrgð af völdum slyssins.

Að því er varðar stefnda Ólaf Helga, þá var honum alls ókunnugt um gerðir drengsins margnefndan dag. Þykir því bresta skilyrði til að fella á hann persónulega bótaábyrgð af völdum slyssins.

Samkvæmt þessu framanskráðu ber að sýkna öll stefndu af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda, sem hæfilega þykir ákveðinn kr. 72.000.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður hans, Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Málsvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 65.000.00, og renni hann óskiptur til talsmanns þeirra, Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanns.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregist fram yfir venju vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Ólafsson, Fjóla Einarsdóttir og Ólafur Helgi Árnason, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gísla Magnússonar f. h. ólögráða sonar, Magnúsar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda, kr. 72.000.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður hans, Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Málsvarnarkostnaður stefndu, kr. 65.000.00, greiðist úr ríkissjóði og renni hann óskiptur til talsmanns þeirra, Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanns.

Mánudaginn 25. mars 1974.

Nr. 36/1972: **Karl Sigurjónsson**
Lárus Hjaltested
Sigríður K. Jónsdóttir
Haraldur Axel Ólafsson
Ólafur Sigurjónsson
Viðar Bjarnason
Sigurjón Guðjónsson
Lárus Ágústsson
Dánarbú Einars Jónssonar
Halldór Gunnarsson
Einar Sigurðsson
Bárður Magnússon
Sigurbergur Magnússon
Ragnar Eyjólfsson og
Páll Magnússon
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Andrési Andréssyni
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1972. Krefjast þeir þess aðallega, að viðurkennt verði, að jörðinni Berjanesi í Austur-Eyjafjallahreppi, eignar- og ábýlisjörð gagnáfrýjanda, fylgi enginn veiðiréttur í Holtsósi og að gagnáfrýjanda sé óheimil öll veiði þar. Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að dæmt verði, að gagnáfrýjandi sem eigandi og ábúandi Berjaness eigi ekki veiðirétt í Holtsósi, þegar ósinn er við eðlilegar aðstæður og nær ekki að Berjaneslandi. Enn fremur krefjast aðaláfrýj-

endur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir höfðu gjafsókn í héraði og fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðuneytisins 26. febrúar 1973.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hafði gjafvarnarleyfi í héraði og fékk gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti 26. febrúar 1973.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Eru þeirra á meðal vottorð nokkurra manna um veiði gagnáfrýjanda í Holtsósi og skrá um uppistöðu Holtsóss á árunum 1970—1973, sem talin er gerð eftir dagbókum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt gögnum máls eru jarðirnar Vallatún, Ormskot, Efstagrund, Indriðakot, Syðstagrund og Efstakot eign ríkissjóðs. Leggja verður þann skilning í bréf jarðeignadeildar ríkisins 9. júlí 1969 og 24. júlí 1969, er frammi liggja í málinu, að ábúendur þessara jarða, aðaláfrýjendurnir Haraldur Axel Ólafsson, Ólafur Sigurjónsson, Karl Sigurjónsson, Lárus Ágústsson, Lárus Hjaltested, Sigurjón Gunnarsson og Viðar Bjarnason, hafi samþykki jarðeigenda til fyrirsvars í málinu vegna jarða þessara. Sama skilning verður að leggja í bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis 18. júní 1969, að því er varðar aðaláfrýjandann sr. Halldór Gunnarsson, sem sækir málið vegna kirkjujarðarinnar Holts.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er hæð vatnsborðs í Holtsósi, og þar með stærð stöðuvatnsins, mjög breytileg. Fer það eftir því, hvort afrennsli óssins er stíflað og hann stendur uppi, sem kallað er, eða ekki. Samkvæmt málsreifun aðaláfrýjenda þykir verða að skilja aðalkröfu þeirra þannig, að í henni miði þeir við veiði í Holtsósi eins og hann er, þegar afrennsli hans er teppt.

Það er ágreiningslaust, að við framangreindar aðstæður leggst vatn á land Berjaness. Aðaláfrýjendur hafa engin haldbær rök fært fyrir því, að gagnáfrýjanda skuli óheimilt að veiða í því vatni, sem á landi hans liggur, sbr. 2. gr. laga nr.

76/1970. Verður aðalkrafa þeirra þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Varakrafa aðaláfrýjenda varðar veiði gagnáfrýjanda í Holtsósi, „þegar ósinn er við eðlilegar aðstæður og nær ekki að Berjaneslandi". Verður samkvæmt málflutningi að skilja kröfugerðina svo, að með orðunum „eðlilegar aðstæður" sé átt við það, að Holtsós hafi óhindrað afrennsli til sjávar og liggi að engu leyti á landi Berjaness.

Samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970 ber það undir matsmenn, sem nefndir eru eftir fyrirmælum greinarinnar, að skera úr ágreiningi um ýmis nánar greind atriði í lögunum, þar á meðal um það, hvar séu takmörk vatns í merkingu laganna. Sú matsgerð hefur farið fram vegna máls þessa, eins og rakið er í héraðsdómi. Er niðurstaða yfirmatsmanna sú, að „takmörk Holtsóss séu í Berjaneslandi við 4 metra hæðarlínu samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941". Samkvæmt þessu og þegar þess er gætt, hveru breytilegur og sérstæður Holtsós er sem stöðuvatn, er hann leggst tímum saman á land Berjaness, þykir verða að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa, að Berjanes eigi land að Holtsósi í merkingu 1. mgr. 8. gr. laga nr. 76/1970 og þar með veiðirétt í vatninu utan netlaga, eins og þau eru ákveðin í 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur ekki verið sýnt fram á, að veiðiréttur utan netlaganna fylgi ákveðnum jarðeignum samkvæmt fornri venju. Hins vegar verður ekki á það fallist með gagnáfrýjanda, að hann eigi fyrir hefð eða af öðrum ástæðum rétt til veiði í netlögum jarða aðaláfrýjenda. Leiðir þetta þegar af því, að frá gildistöku laga nr. 15/1923 hefur verið bann við því í lögum, að veiðiréttur sé skilinn frá jörð, nema að fullnægðum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 121. gr. þeirra laga og nú síðast 4. tl. 2. gr. laga nr. 76/1970. Verður að skýra ákvæði þessi þannig, að þau m. a. banni stofnun veiðiítaks fyrir hefð.

Úrslit málsins verða samkvæmt framansögðu þau, að sýkna ber gagnáfrýjanda af öllum kröfum aðaláfrýjenda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðra talsmanna aðaláfrýjenda og gagnáfrýjenda, kr. 140.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Andrés Andrésson, á í máli þessu að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjenda, Karls Sigurjónssonar, Lárusar Hjaltesteds, Sigríðar K. Jónsdóttur, Haralds Axels Ólafssonar, Ólafs Sigurjónssonar, Viðars Bjarnasonar, Sigurjóns Guðjónssonar, Lárusar Ágústssonar, dánarbús Einars Jónssonar, Halldórs Gunnarssonar, Einars Sigurðssonar, Bárðar Magnússonar, Sigurbergs Magnússonar, Ragnars Eyjólfssonar og Páls Magnússonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um laun skipaðra talsmanna aðaláfrýjenda og gagnáfrýjanda er staðfest.

Allur gjafsóknarkostnaður og gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjenda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 140.000.00 til hvors.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 13. desember 1971.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 27. júní 1969, fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu, en að ósk aðilja málsins var það flutt hinn 2. október 1970 yfir í héraðsdóm Austur-Eyjafjallahrepps.

Stefnendur máls þessa eru: Karl Sigurjónsson, ábúandi Efstugrundar, Magnús Bjarnason, ábúandi Syðstugrundar, Sigríður K. Jónsdóttir, eigandi Miðgrundar, Haraldur Axel Ólafsson, ábúandi

Vallnatúns, Ólafur Sigurjónsson, ábúandi Ormskots, Viðar Bjarnason, ábúandi 1/2 Efstakots, Sigurjón Guðjónsson, ábúandi 1/2 Efstakots, Lárus Ágústsson, ábúandi Indriðakots, Einar Jónsson, eigandi Hellnahóls, og séra Halldór Gunnarsson, ábúandi Holts, Einar Sigurðsson, eigandi Varmahlíðar, allir í Vestur-Eyjafjallahreppi, og Bárður Magnússon, eigandi Steina III, Sigurbergur Magnússon, eigandi Steina I, og Ragnar Eyjólfsson, eigandi Steina IV, og Páll Magnússon, eigandi Hvassafells, allir í Austur- Eyjafjallahreppi.

Undir rekstri málsins hefur Magnús Bjarnason bóndi, Syðstugrund, sleppt ábúð á jörðinni, en við hefur tekið Lárus Hjaltested, sem hefur tekið við rekstri málsins, að því er þá jörð varðar.

Eftir að stefna var birt, lést Einar Jónsson, eigandi Hellnahóls, og hefur dánarbú hans tekið við rekstri málsins, að því er þá jörð varðar.

Stefndi er Andrés Andrésson bóndi, Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi.

Dómkröfur stefnenda í stefnu voru þær, „að viðurkennt verði með dómi réttarins, að Berjanesi fylgi enginn veiðiréttur í Holtsósi og stefnda Andrési Andréssyni verði því dæmd óheimil öll veiði í Holtsósi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins."

Við hinn munnlega málflutning, 26. nóvember 1971, voru af hálfu stefnenda gerðar eftirtaldar kröfur: „Aðallega, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að jörðinni Berjanesi í Austur-Eyjafjallahreppi fylgi enginn veiðiréttur í Holtsósi og stefnda, ábúanda og eiganda jarðarinnar, verði dæmd óheimil öll veiði í Holtsósi.

Til vara: Að ábúandi berjaness eigi ekki veiðirétt í Holtsósi, þegar ósinn er við eðlilegar aðstæður og nær ekki að Berjaneslandi.

Þá krefst ég málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að mér sem skipuðum talsmanni stefnenda verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði."

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins, svo sem málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi fékk gjafvörn í málinu með bréfum dómsmálaráðuneytisins, dagsettum 17. nóvember 1969 og 15. júlí 1971.

Dómurinn hefur gert ítrekaðar sáttaumleitanir með aðiljum, en án árangurs.

II.

Málavextir.

Á mörkum Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa í Ranárvallasýslu liggur stöðuvatn, er ber nafnið Holtsós. Nær vatnið, að norðan frá Steinafjalli og allt til sjávar. Á milli þess og sjávar er þó allbreitt sandmalarrif, sem nefnt er Eyjafjallasandur. Frá fornu fari hefur Holtsá runnið í Holtsós að vestan, en Svaðbælisá að austan, og á umliðnum öldum hafa ár þessar borið með sér föst jarðefni út í vatnið og breytt því. Svaðbælisá, sem kemur úr Svaðbælisheiði, hefur um langt skeið haft breytilegan farveg, og mun hún oft hafa runnið yfir land jarðarinnar Berjaness, sem er suðaustan við Holtsós. Fyrir um það bil 15 árum var grafinn nýr farvegur fyrir ána að tilhlutan ríkisins og henni veitt austur í Bakkakotsá, sem rennur til sjávar nokkru austar.

Holtsós hefur útrennsli til sjávar í gegnum Eyjafjallasand. Farvegur útrennslisins (óssins) hefur frá fornu fari legið á ýmsum stöðum í gegnum Eyjafjallasand. Allt frá manna minnum, að því er virðist, hefur farvegur þessi stíflast, einkum þegar mjög brimasamt hefur verið við ströndina. Þegar Holtsós hefur þannig ekki útrennsli til sjávar, leiðir það til þess, að vatnsborðið hækkar. Í mestu flóðum hefur Holtsós flætt yfir stór landsvæði beggja vegna, þar á meðal yfir allstóran hluta Berjaness. Í þessum flóðum hefur Holtsós oft valdið miklum spjöllum á engjum og beitilöndum í nágrenninu. Leiddi þetta til þess, að snemma á öldum voru reglugerðir settar og dómar dæmdir, sem gengu út á skyldu til þess að taka þátt í útmokstri óssins, þegar hann var innitepptur og olli tjóni.

Í málinu liggur frammi í endurriti „Héraðsdómur um útmokstur Holtsóss", og er það svohljóðandi:

„Anno 1645, þann 3 Maí, á Holti undir Eyjafjöllum dómsmenn tilnefndir af Bárði Gíslasyni, umboði kong(legar) magest. sýslumanns í Rangárþingi Vigfúsa Gíslasonar: Ámundi Þórmóðssonar, Árna Magnússonar lögréttumenn, Jón Sigurðsson, Snorri Þorsteinsson, Jón Jónsson og Hjalti Jónsson, um það málefni, er presturinn síra Þorsteinn Jónsson hér nú fram ber og dóms á beiðist, hverjir helstir vera skuli skyldir til að útmoka Holtsós, vetur eða sumar, nær til hindrunar horfir og nauðsyn er til. Item, hver þar er skyldugur til fyrir að gangast eða boð gjöra, svo framkvæmd fái. Í fyrsta lagi síra Þorsteinn fram gamla vitnisburði erlegra manna, sem ljóslega votta það lengi stóra nauðsyn verið hafa, sem vér allir ljóst vitum, að hann stór mikla hindrun gjörir, og

svo háttað, að ei er mögulegt í þessu Holtshverfi og fleirum jörðum hér að sjó að komast eður heyskap að hafa eður til annarra aflabragða, heldur með öllu vitum vér þann ós mörgum til baga, þegar hann uppi stendur úr máta, bæði innansveitarmönnum og þeim vegfarendi mönnum, sem hér eiga um að fara. Einnin (er) oss ljóst, að langur vani hefur verið að full skylda Haldin eptir lögsömdum dómum, að nær presturinn í Holti þeim til segir, skyldu allir svo margir bændur, sem hann boð gjörir þar til skyldast hann að út moka, sérdeilis þeim hér í þessu hverfi og þeim bæjum, sem hann mesta hindran gjörir, hver vani nú er að óvana orðinn, svo að allmargir, sjálfum sér og öðrum til skaða og baga, heima sitja og vilja ekki fylgi veita, beiðast að sjá þá gömlu dómaorðu eður skikkanir, sem þar um gengið hafa, hverja dóma presturinn segist ekki finna í kirkjunnar bréfum eður séð hafa, þó almenningsrómur þar um eitt hljóði, að þeir dómar hafi til verið og sökum þess, að vér, sem áður er áhrært vitum hérum stóra nauðsyn, fyrir sjálfs staðarins Holts beneficii með öllum þess hjáleigum, þar næst kóngsjarðarinnar Berjaness og jarðarinnar Steina, item öll sú Kirkjunnar þing (H)á, að undanteknu Sauðhúsi, Velli og Hala svo og um fleiri jarðir fá skaða af umferð, þegar ósinn hindrar þann veg, hver að vísu er miklu betri og ferðafólki hentugri. Athuguðum vér hér landslögin, sem er fyrst Farmannalögin 3. kap. þar stýrimaður vill skip sitt fram eður upp setja. Svo og einnin um atfarir allar, eður hvar helst þar er, sem nokkur maður þykist allra liðveizlu við þurfa og hann er ei sjálfur ein fær út að rétta, þá er allvíða í Lögbókinni umgetið, að sá, sem að leiðveizlu með þarf, megi granna sína og sveitarbændur þar til kalla, og sektir æ við lagðar, ef ei fara vilja, að oss virðist hér að hníga. Item Farmannalögin 12: Hvarvetna þar sem menn brjóta skip sitt og þykjast eigi sjálfir fá borgið sér, þá skeri þeir boð upp þeim, er næstir búa svo mörgum sem þeir þykjast þurfa. Því Guðs nafni, amen, fyrir þessarar greinir laganna og þær fleiri, hér að hníga, svo og þeim lögsömdum dómum, sem hér um gengið hafa, í allan máta ókrenktum, ef finnast kunna, virðist oss full skylda og þeir skyldir til vera ósmokstrinum, í fyrsta allir þeir menn í vertíð, sem þurfa til sjós að fara yfir um þann ós og hann skaða gjörir, svo vinnumenn sem búendur, og þeir húsbændur hindri það ekki, heldur fái þeim verkfæri. Item þeir sjófarandi menn, sem á þeim skipum róa, er þar af hindrun af fá og á þeim degi eru í vör og því við koma og þeirra formenn þá til kalla með sér. Svo og á sumartímanum allir þeir menn með sínum vinnumönnum, sem

hann skaða og baga gjörir og frá björguninni hindrar, nær presturinn í Holti þar um boð sker og hann þeim til segir, með þess nálægasta hreppstjóra ráði, og einn er af þeim fimm sem hafa ber stjórn og forsjá fyrir því, er hreppinn varðar. Item R.B.H.K. segir: Verið það landinu, sem lagt er og almuganum gagnlegast. Item, enn framar: Ef þeir, sem í greindri sókn eru, eða Holtshverfi, kunna ei að fá þann greindan ós út mokað virðist oss rétt, að presturinn í Holti og sá Hreppstjóri, sem nálægastur er, skeri upp svo langt og vítt um alla sveitina Eyjafjöll, sem þeim þykir nauðsyn til vera, og allir þeir skyldir það boð að bera eptir boðburði, og hver bóndi um vinnumann skyldugur til útmokstursins, sem til er kvaddur með því hinni til styrktar, ella sekur 2 aurum, eptir áður innfærðri lagagrein, Farmannatal 3. kap. En vilji hann ei sektina gjalda nær krafið er þá dæmum þann sama skyldugan um sektina og dómrof á ofan. Þó setjum vér allan þennan dóm til fullkominnar ályktunar og umbóta lögmannanna og lögréttunnar að næstkomandi Öxarár þingi.

2....

(Um útmokstur Holtsóss.)

Item í sama stað og dag var samþykktur dómur, genginn að Holti undir Eyjafjöllum, út nefndur af Bárði Gíslasyni í umboði Vigfúsar Gíslasonar sýslumanns, að því til lögðu, að þeir menn, sem þeim veita lið til að moka út ósinn, en fá þó engan skaða eða hindrun af ósnum uppgöngu, fæðist af þeim öllum, sem útmokstursins við þurfa og þeir leggi meira fæði til, sem von er á, meiri baga fái af ósnum og mestu löndin halda eður eiga við uppgönguna, svo sem Holtsstaður, og athugi hreppstjórar þetta."

Í endurriti úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, dskj. nr. 90, segir svo varðandi jörðina Berjanes:

„Yfir mestalt land jarðarinnar gengur Holtsós þegar brim og sandur lengi hamlar hans útrás, og vatnavextir koma, hefur hann þá heyskap á sumur grandað, jafnvel heygarð og hús tekið og so sæinn umflotið að fólk hefur ekki burt komist."

Einnig liggur frammi í málinu endurrit af „Reglugjörð fyrir útmokstur Holtsóss undir Eyjafjöllum", og er það svohljóðandi:

„1) Þareð reynslan hefir sýnt, að mikið tjón er af því búið þegar Holtsós verður inniteptur, skal sæta fyrsta tækifæri, sem gefst, að moka hann til útfalls.

2) Er það fyrst og fremst skylda allra þeirra er halda jarðir þær er að ósnum liggja, að hjálpa hvörr öðrum eptir megni til að koma honum út; en þessar jarðir eru: Holts staður og allar Holts-

kyrkjujarðir, nefnilega: Hellnahóll, Vallatún, Gerðakot, Grund, Indriðakot, Efstakot, Brenna, Ormskot, Varmahlíð, Vesturholt, Lambhúshóll, Lambhúshólskot og Nyibær, svo og bændajarðirnar: Berjanes, Berjaneskot, Steinar og Leirur; og skulu téðir menn ef þörf gjörist, vera skyldir til að láta allt þeirra fólk, sem þess er umkomið vinna að ósmokstrinum og leggja þar til nauðsynleg verkfæri.

3) Um vertíðina skulu og skipshafnir þær er róa til fiskjar úr Holtsvörum vera skyldar til að vinna að útmokstri óssins, bæði formenn og hásetar, hvört sem eru utansveitarmenn eða innan.

4) Þurfi fleira fólk enn að framan er talið skal biðja alla sveitarmenn að hjálpa til verksins, með því vandræði þau er af ósteppunni fljóta að nokkru leiti snerta alla sveitina og er vonandi, að þeir góðfúslega liðsinni nauðstöddum sveitúngum sínum, þegar þeir hafa sýnt ítrustu viðleitni til að hjálpa sér sjálfir og forða hér yfirvofandi hættu.

5) Þurfi að fara á flutningi til útmokstursins, eru þeir sem halda eða eiga ofannefndar jarðir, er einkum hafa baga af ósnum; — ef þeir ega hlut í bát eða skipi sem til verður náð — einnig skyldir að ljá það til flutningsins og géta þá ekki heldur aðrir, er kynnu að ega hlut í sama skipi, krafist neinnar borgunar fyrir það.

6) Til að sjá um að útmokstrinum verði framgegnt í tækann tíma skal tilsjónarmaður nefndur af sýslumanni og skal það vera hans skylda að hafa gát á, þegar ósinn teppist, hvenær fyrsta tækifæri sé til að koma honum út. Skal hann þá undir eins gjöra að álitum hvörsu marga menn muni þurfa til útmokstursins og síðan kveðja til verksins svo marga sem hann álítur að viðþurfi, útbúna með verkfærum, og halda því áfram hvörn daginn eptir annan, þegar tæki er á, þángaðtil ósinn er kominn út. Þeir sem minnst tjón hafa af ósnum ættu helst að njóta hlífðar, ef skeð gæti.

7) Tilsjónarmaður þessi skal og vera forgaungumaður fyrir mokstrinum og hafa vald á að skipa hvörjum fyrir sig til verka, svo og að nefna forverksmenn fyrir minni hópum. Einnig má hann láta einhvörn af fyrrnefndum mönnum kalla fólk saman til verksins.

8) Þareð Holts prestakall á flestar jarðir að ósnum skal presturinn í Holti vera skyldur til að aðstoða tilsjónarmanninn, með að láta kalla saman fólkið af Holts kirkjujörðum, svo og með skriftir.

9) Sömuleiðis er það embættisskylda hreppstjóranna að aðstoða hann eptir megni að hafa vakandi auga á, að þetta verk, sem er mikils umvarðandi fyrir alla sveitina, fari skipulega fram og fari sem best.

10) Ef nokkur af þeim sem halda framannefndar jarðir, eða þeim sem hafa útræði úr Holts vörum geignir ekki köllun skriflegri eða munnlegri til að fara eða láta fara til útmokstursins, eða fari þaðan fyrr en aðrir leyfislaust, skal hann ef það er húsbóndi, ellegar formaður fyrir skipi eða bát um vertíðina, bæta 2 ^{r} fyrir hvörn dag nema nauðsyn banni; og ef nokkurt vinnuhjú óhlýðnast (húsbónda sínum) að fara í ósinn, skal það bæta 1 ^{r} fyrir hvört skipti, og kemur það ekki að haldi til sýknu þó sendur sé liðléttur unglingur, ef duglegri maður er til. Sýni nokkur minna hirðuleysi, til að minda: koma ekki í tækann tíma, skal hann að vísu sektast, en sekt hans má þá lækka eptir kringumstæðum. Þessar sektir skal ef þörf gjörist taka með fjárnámi, eptir opnu bréfi frá 2^{rum} Apríl 1841. Það telst nausyn að róa til fiskjar þegar sjóveður er einsýnt.

11) Tilsjónarmaðurinn skal nákvæmlega uppskrifa, hvörjir hlýðnist og hvörjir óhlýðnist skipun hans og að hvað miklu leyti, og senda svo sýslumanni skýrslu um þá sem óhlýðnast hafa, og skal hann láta 2 votta undirskrifa með sér til sannindamerkis. Síðan gjörir Sýslumaður að álitum hvörjar sektir lúkast skuli, eptir þessari reglugjörð, og lætur krefja þeirra. Þykist þá hinir sektuðu hafa gyldar afsakanir, skal hann heyra þær og láta tilsjónarmanninn segja sitt álit þarum, og eftir nákvæma rannsókn, sem þó ekki þarf að vera á þingi eða fyrir rétti, fella úrskurð á sökina, en verði hlutaðeigendur óánægðir með þann úrskurð, skal þeim veitast tækifæri til að skjóta sök sinni til amtsins aðgjörða, áðurenn sektin sé tekin hjá þeim.

12) Sektunum skal safna í sjóð, nefndan Holts-óss-sjóð, er geymist af prestinum í Holti og skal verja honum til eflíngar útmokstri óssins, annaðhvört til að kaupa verkfæri, ef nauðsyn ber til, eða til útbytingar milli þeirra sem vinna að verkinu en hafa sjálfir engann baga af óssteppunni.

Kollabæ 31ta Juli 1844 E. O. Briem

Þessi reglugjörð er hérmeð samþykkt þó þannig:

a) Að það sé komið undir nákvæmari ákvörðun amtsyfirvaldsins, eptir Sýslumannsins uppástúngu, hvört ekki aðrir sveitarmenn enn þeir, sem til eru greindir í annari grein, einnig skuli sæta bótum fyrir óhlýðni við tilsjónarmanninn eða aðra hlutaðeig-

endur í þessu efni og hvört þeir þá egi að vinna að verkinu kauplaust.

b) Að tilsjónarmaðurinn hvört sinn, er moka á út ósinn, nafngreini þá menn, húsbændur og formenn eða vinnuhjú og háseta, sem hann til verksins kveður, og standi húsbændur á öllu ansvari héraðlútandi fyrir hjú sín, en gjöri sig þó skaðlausa af kaupi þeirra, en þeir svara sektum þeirra óhlýðnis vegna.

c) Að sektirnar að öðru leiti eptir 10^{du} og 11^{tu} grein séu ákveðnar fyrir hvörn mann eptir málavöxtum í hvört sinn frá 64^{sk} til 2 Rbd. fyrir hvörn þann dag er óhlýðni er sýnd og

d) Að árlegur reikningur sé saminn yfir tekjur og gjöld Holtsóss-sjóðs eptir 12^{tu} grein, sem sýslumaður sendi Amtmanni til yfirskoðunar ásamt öðrum árlegum Sýsluskírslum, og vænist Amtmaðurinn að Presturinn á Holti bæði taki reikninginn saman og að öðru leiti veiti tilsjónarmanninum alla þá liðveitslu, sem 12ta grein ræðir um.

Íslands Stiftamtshúsi 29da Augustmánaðar 1844.

Í S.T. Hra Kammerherra og Stiptamtmanns Hoppes fjærveru.

J. Johnsen.

Þannig rétt afskrifað vitnar

M. Stephensen."

Í málinu liggur frammi ljósmynd af bréfi, dskj. nr. 5, sem er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, sem höfum afnot af Berjanestorfu, teljum, að okkur beri engin lagaleg skylda til að moka Holtsós út, þar sem við eigum ekkert land að honum, þegar hann er með eðlilegum hætti, og teljum það heyra eingöngu til þeirra, sem eiga ósinn og veiðirétt í honum, og þeim sé rétt og skylt að koma honum út, þegar hann er okkur til meins og við klögum upp á það. Hinsvegar erum við fúsir til að bera kostnað af útmokstri í réttu hlutfalli við þá, sem ósinn eiga, ef það er þeirra vilji að gera okkur sér jafn réttháa til veiði í ósnum og veita okkur fulla heimild til þess. Sendum við því yður lista yfir Berjanesið, eins og við höfum komið okkur saman um, að hver hafi af því eftir síðasta jarðarmati.

Núpakoti 1/4 1948

Sigurður Guðjónsson — Andrés Andrésson

Bárður Magnússon — Sigurjón Þorvaldsson

RagnarEyjólfsson

Til Holtsósnefndar."

Á dskj. nr. 10 er yfirlit um skiptingu kostnaðar við mokstur óssins. Hefur skjali þessu ekki verið hnekkt, en það er svohljóðandi:

„*Ósmokstur*

með jarðýtu veturinn 1951. Samtals kr. 130.00
Skiptist á 619 jarðarhundr. Kr. 21.1 aur á hundr.

Berjanes I	37	hundr.	18.50	kr.	kr. 7.81
Berjanes II	37	hundr.	18.50	—	— 7.81
Berjaneskot	24	hundr.	12.—	—	— 5.06
Steinar I	82	—	41.—	—	— 17.30
— II	22	—	11.—	—	— 4.64
— III	12	—	6.—	—	— 2.53
Hvoltunga	28	—	14.—	—	— 5.91
Samtals	242	hundr.			kr. 51.06
Brenna	17	hundr.	8.50		kr. 3.59
Efsta-Grund	32	—	16.—		— 6.75
Efsta-Kot	13	—	6.50		— 2.74
Hellnahóll	16	—	8		— 3.38
Holt	100	—	50.—		— 21.10
Indriðakot	24	—	12		— 5.06
Mið-Grund	29	—	14.50		— 6.12
Ormskot	28	—	14		— 5.91
Syðsta-Grund	29	—	14.50		— 6.12
Vallnatún	26	—	13		— 5.49
Varmahlíð	63	—	31.50		— 13.29
	377				Kr. 79.65“

Í vottorði Ræktunarsambandsins Hjöleifs, dags. 9. júlí 1969, segir svo:

„Samkvæmt viðskiftamannabók Ræktunarsambands Eyfellinga og Mýrdælinga hefur Andrés Andrésson, Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi, borgað fyrir ósmokstur til Ræktunarsambandsins, sem hér segir.

Árið 1952:	Ósmokstur 1951	Kr. 9.64
	Do 1952 (TD14)	— 28.47
Árið 1953:	Ósmokstur 1952 og '53	— 103.68

Árið 1955:	Ósmokstur á árinu (98 jarðarhundr.)	kr. 346.92
Árið 1958:	Ósmokstur (1/90 á 98 jarða hundruð)	— 186.20
Árið 1959:	Ósmokstur 250 á jarðarhundrað	— 245.00
Árið 1962:	Ósmokstur 4/78 á jarðarhundrað	— 468.44
	Samtals	kr. 1.388.35"

III.

Hinn 15. mars 1969 stofnuðu stefnendur fiskiræktarfélag um Holtsós. Þar eð stefnendur töldu, að Berjanesið ætti ekki veiðirétt í Holtsósi, var stefnda ekki gefinn kostur á aðild að félaginu. Hins vegar mun hafa komið til tals hjá stefnendum að veita stefnda þátttökurétt í nefndu félagi, þó þannig, að þátttakan væri persónuleg fyrir hann, á meðan hans nyti við, en réttur jarðarinnar Berjaness til veiði yrði ekki viðurkenndur.

Varð framangreint til þess, að stefndi ritaði formanni fiskiræktarfélagsins, séra Halldóri Gunnarssyni í Holti, bréf, dags. 28. mars 1969, dskj. 6, svohljóðandi:

„Séra Halldór Gunnarsson í Holti hefur tjáð mér, að búið sé að mynda veiðifélag um Holtsós, og hafa þar aðeins verið mættir og ekki aðrir tilkvaddir en þeir, sem eiga eða hafa umráðarétt yfir landi, sem liggur að ósnum, þegar hann hefur útfall til sjávar, en við mig, sem á land að honum og undir honum, þegar hann er tepptur, hefir ekki þótt þörf á að ræða neitt við né boðin nein þátttaka í félaginu. Hlýt ég þá að hafa óbundnar hendur til hverskonar veiði í ósnum, þegar hann nær að mínu landi, bæði með lögn og ádrætti. Hefi ég oft gert það, þegar ósinn flæðir hér yfir, og það með góðum árangri, því þegar ósinn teppist, hefi ég orðið þess var, að silungurinn hnappar sig og fer með löndum, sennilega í leit að útfalli. En nú stendur víst til að láta ósinn aldrei teppast, það er máske eðlilegast að þeir, sem eru lítt kunnugir þessu, séu trúaðir á, að þetta sé hægt, en hinir, sem eru þessu kunnugir, ættu varla að láta blekkjast. Það gæti í það minnsta orðið fullkeypt hvert kíló í þeim silungi, er veiddist, þegar dæmið væri gert upp.

Væri ég útilokaður frá þessu veiðifélagi, sem ég held nú, að hljóti að reynast örðugt, sé farið að réttum lögum, þá mun ég þegar í stað banna, að ósinn væri nokkurn tíma látinn flæða yfir

mitt land og fylgja því vel eftir, ég hefi líka opna leið að leita dóms, sem áreiðanlega gæti opnað mér leið nær ósnum en mörkin eru talin í dag.

Það eru nú um 48 ár, síðan faðir minn fór frá Steinum, og hefi ég átt hér óslitið heimilisfang síðan, fyrst í Berjaneskoti og síðan í Berjanesi, öll þessi ár hefi ég óátalið stundað veiði í ósnum, og veit ég ekki betur en það sama hafi gilt um fyrirrenna mína í Berjanesi, enda enginn mátt þola meiri búsifjar af ósnum en Berjanesábúendur, ég stóð ætíð að ósmokstri og bar kostnað eftir jarðarstærð eins og aðrir, eftir að farið var að nota ýtur við ósmoksturinn, og marg oft kom ég honum einn út, eða þá með góðri aðstoð nágranna vinna. Nú er þetta liðin tíð og á víst ekki að endurtaka sig. En ætli það gæti ekki komið illa við þá, sem hafa nýtt og þurfa enn að nýta ósengið að tapa því með öllu, því þeir, sem til þekkja, vita það vel, að komi ósinn ekki yfir í eitt eða tvö ár, verður ósengið verra en sú útjörð, sem aldrei hefur áveitu notið. En þetta hlyti að fara svo, ef ég stæði utan við þessi samtök, annað kæmi aldrei til greina. Þetta vil ég gera ljóst í upphafi þeim, sem það kemur við og hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þetta, enda hafa þeir þetta mál í hendi sér ennþá, til farsællar lausnar á báða vegi. Nú vitum við það, að til eru lög um lax og silungsveiði, svo og um stofnun veiðifélaga.

Ég gerði nú ráð fyrir því, að þeir, sem stofna vildu veiðifélag, mundu kynna sér þau, en ég sé nú samt, að þeir, sem stofna þetta veiðifélag um Holtsós, hafa annað hvort hlaupið yfir eða þá ætlað að sniðganga veiga mikið atriði, sem ég tel, að varði mig nokkuð eða mína jörð, en í 8. gr. laga nr. 112 frá 9. okt. 1941 um lax og silungsveiði segir: „Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, og er hún þeim öllum jafnheimil. Sé forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landeignum, skal sú venja gilda eftirleiðis. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis."

Í VIII kafla um fiskiræktarfélög segir svo í 40. gr. „Þá menn, er veiði eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2 mg. 8. gr., er skylt að boða á fundinn, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, er það hefur verið stofnað."

Ég þori að fullyrða, að mín jörð fellur að öllu leyti undir þetta ákvæði, því frá því fyrsta, að ég man eftir, þótti það alveg sjálfsagt, að Berjanes bóndinn mætti veiða í ósnum, því bæði var það

eins og áður segir, var ósinn honum erfiðastur og mest kom það í þeirra hlut að koma honum út.

Ég kynni nú mikið betur við að stofnun og skipti mín við eða í þessu nýstofnaða veiðifélagi gæti gengið greiðlega og árekstralaust, sem það líka áreiðanlega gerir, ef gengið er að stofnun þess og framgangi að settum lögum og ekki sé troðið á rétti eins eða neins.

Ég hefi líka trú á því, að silungur af þeim seiðum, sem komi í minn hlut að greiða, ef ég geng í félagið, myndi svipa til hinna."

Með bréfi, dags. 13. apríl 1969, svaraði formaður fiskiræktarfélagsins framangreindu bréfi stefnda á þessa leið:

„Samkvæmt bréfi yðar, dagsettu 28-3-1969, rökstyðjið þér, að yðar dómi inntöku í Veiðifélag um Holtsós.

Í því sambandi viljum við taka fram:

Í fyrsta lagi hefur ekki verið stofnað veiðifélag um vatnasvæði Holtsós, heldur fiskiræktarfélag þeirra, sem veiðirétt eiga í Holtsós. Verði veiðifélag stofnað, verður yður vafalaust boðin þátttaka, sem og öðrum landeigendum vatnasvæðisins, með tilliti til lands yðar að vatnasvæðinu.

Í öðru lagi vitnið þér til 8. gr. laga nr. 112 frá 8. okt. 1941 um lax og silungsveiði, en þar sem þér hafið ekki stundað veiði í almenningi Holtsóss, nær þessi grein ekki til yðar, eða VIII. kafla um lax og silungsveiði (Um fiskiræktarfélög) að okkar dómi.

Í þriðja lagi talið þér um, að þér hafið „óbundnar hendur til hvers konar veiði í ósnum", þegar hann nær að yðar landi, „bæði með lögn og ádrætti". Samkvæmt vatnalögum frá 1923, 2. kafla, 4. gr. véfengjum við rétt yðar til veiði í ósnum, þegar hann nær að landi yðar, og teljum við rétt að úr því verði skorið lagalega.

Í fjórða lagi bannið þér, að ósinn verði nokkurn tíma látinn flæða yfir land yðar. Því miður er það ekki í mannlegu valdi að hindra, að ósinn komi upp, og því ekkert hægt að banna í þeim efnum að okkar dómi. Samkvæmt vatnalögum frá 1923, 2. kafla, 8. gr., getið þér vafalítið neytt réttar yðar og komið honum út á yðar kostnað, að jöfnum hlut við aðra landeigendur, sem skaða verða fyrir.

Fyrir hönd stjórnar Fiskiræktarfélags Holtsós."

Hinn 6. apríl 1969 ritaði stefndi veiðimálastjóra bréf, þar sem hann lýsti sjónarmiðum sínum og leitaði umsagnar veiðimálastjóra. Veiðimálastjóri svaraði með bréfi, dags. 16. júlí 1969, svohljóðandi:

„Vegna beiðni yðar um svar við fyrirspurn yðar bæði bréflega

og munnlega í vor um veiðimál við Holtsós vil ég taka eftirfarandi fram.

Ljóst er, að ágreiningur er um það, hvort að þér eigið sama rétt til veiði í Holtsós og þeir jarðaábúendur, sem nýlega hafa stofnað frjálsan félagsskap um fiskrækt og veiði. Það er ekki mitt að dæma í þessu ágreiningsmáli, og læt ég því vera að ræða frekar um það.

Það virðist liggja í augum uppi, að tímabundin aðstaða sé til veiði fyrir landi yðar, þegar rennsli úr Holtsós til sjávar hefur verið lokað vissan tíma. Eðlilegt er, að allir hlutaðeigendur, þ. e. allir, sem land eiga að sama fiskihverfi, séu í sama skipulagi og taki þátt í ræktun og öðrum umbótum, sem ráðist er í, enda er gert ráð fyrir því í lax- og silungsveiðilögunum, sbr. IX. kafla þeirra laga. Yrði slíkt veiðifélag stofnað, má telja víst, að þér yrðuð þar aðili að og fengjuð að njóta þeirra réttinda og gegna þeim skyldum, sem lög ákveða."

Stefnendur héldu fast við það, að stefndi ætti ekki veiðirétt í Holtsósi, og höfðuðu mál þetta því til viðurkenningar.

Í upphafi málarekstursins virtist ágreiningur vera um landamerki Berjaness að vestanverðu, þ. e. þeim megin sem veit að Holtsósi. Lúta mörg gögn málsins því að landamerkjum jarðarinnar. Með yfirlýsingu, dagsettri 25. janúar 1971, lýsti stefndi því yfir, að hann hyrfi frá ágreiningi um landamerki þessi. Er nú ágreiningslaust í málinu, að landamerki Berjaness að vestanverðu séu svo sem þau eru dregin inn á flugmynd á dskj. nr. 89 í málinu.

IV.

Með úrskurði, uppkveðnum 24. október 1970, gaf dómurinn aðiljum kost á að afla matsgerðar samkvæmt 107. gr. laga nr. 53/1957, sbr. nú 94. gr. laga nr. 25/1970. Varð það til þess, að stefnendur fengu dómkvadda tvo matsmenn, þá Guðmund Kjartansson jarðfræðing og Sigurjón Rist vatnamælingamann, sem hinn 18. ágúst 1971 skiluðu svohljóðandi matsgerð.

„Matsgjörð um Holtsós.

Hinn 29. mars 1971 vorum við undirritaðir dómkvaddir af sýslumanni Rangárvallasýslu til þess að meta, „hvar takmörk stöðuvatnsins Holtsóss séu gagnvart jörðinni Berjanesi", eins og komist er að orði í matsbeiðninni sjálfri. Matsbeiðandi er Egill Sigurgeirsson hrl.

Við höfum kynnt okkur:

1) Málskjöl varðandi málið: Egill Sigurgeirsson hrl. f. h. eigenda og ábúenda jarða, er liggja að Holtsós, gegn Andrési Andréssyni, Berjanesi.

2) Uppdrætti Landmælinga Íslands og flugmyndir af Holtsóssvæðinu á ýmsum tímum.

3) Uppdrátt 5717 U.S. Army 1945.

4) Uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar: Láglendi A.-Eyjafjalla, blað nr. 1, dagsett ág. 1941.

Við höfum kynnt okkur staðhætti við Holtsós, sem hér segir:

A) Hinn 10. júlí s.l., fór annar okkar, S. Rist undir leiðsögn Karls Sigurjónssonar, Efstu-Grund, og bræðranna Bárðar og Páls á Steinabæjum með vatninu að austan verðu og fjöruna allt vestur að útfalli.

Hinn næsta dag, 11. júlí, fór S. Rist undir leiðsögn Andrésar Andréssonar í Berjanesi um Berjanesland að hæstu flóðamörkum.

B) Hinn 14. ág. s.l. kl. 11.30 mættum við báðir að Steinum ásamt matsbeiðanda hrl. Agli Sigurgeirssyni. Þá voru þar mættir: Andrés Andrésson, Berjanesi, Karl Sigurjónsson, Efstu-Grund, og Páll Magnússon, Hvassafelli. Fengum við frá þeim upplýsingar um staðhætti. Ekið var að landamerkjum milli Steina og Berjaness, eins og þau eru sýnd á flugmynd, málskjali nr. 89. Ekið var einnig austur um það svæði, sem ósinn flæðir yfir, þegar hann stendur uppi.

Páll S. Pálsson hrl. var forfallaður, en við ræddum við hann á skrifstofu hans 17. s. m.

Staðhættir

Holtsós er stöðuvatn af þeirri gerð, sem landfræðingar nefna *lón,* öðru nafni *hóp,* þ. e. skilið frá sjó af mjóum granda, en hefur þó oftast útfall til sjávar um ós í gegnum grandann eða fyrir enda hans.

Það er rótgróin málvenja undir Eyjafjöllum (og einnig í Mýrdal, sbr. Dyrhólaós) að nefna slík vötn *ósa,* grandann framan við þau *fjöru* og ósinn *útfall.* Þeirri málvenju verður hér fylgt.

Sá er háttur Holtsóss, eins og margra annarra lóna, að útfallið lokast iðulega í brimum af flutningi malar og sands með ströndu fram. Hækkar þá í ósnum af vatni því, sem til hans rennur, langmest úr Holtsá. Er þá kallað, að ósinn *standi uppi.* Hækkunin getur numið allt að 4 metrum frá lægstu stöðu samkv. uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar. Þegar vatnsstaðan nær jafnt fremstu graslendis bökkum er kallað, að ósinn sé bakkafullur. Við hæstu stöð-

ur flæðir hann langt upp á bakka, yfir engjar og jafnvel tún.

Þessari vatnsborðshækkun eru þau takmörk sett, að hún hættir þegar:

1) leki frá ósnum út í gegnum fjörukambinn er orðinn jafn aðrennsli áa og lækja í ósinn.
2) fjörukamburinn grefst sundur af vatnsþunganum.
3) menn grafa ósinn út.

Af þessum staðháttum leiðir, að austurmörk Holtsóss færast ýmist austur eða vestur yfir landamörk jarðarinnar Berjaness, eins og þau landamörk voru okkur sýnd og hafa verið merkt á flugljósmynd (málskjal nr. 89).

Bæði flugmyndir og landabréf sýna austurmörk óssins talsvert mismunandi, ýmist öll vestan við landamörk Berjaness eða — á syðsta kaflanum — alllangt austan þeirra, og mun þetta stafa af mishárri vatnsstöðu, þegar land var mælt hverju sinni.

Svo lengi sem menn hafa áreiðanlegar spurnir af, hefur ósinn staðið uppi um einhvern tíma og oft hvað eftir annað á hverju ári og jafnoft grafist út, stundum af sjálfsdáðum og stundum af manna völdum.

Ef ekki væri gripið inn í þessa náttúrlegu hringrás með því að grafa ósinn út með verkfærum, er einsætt, að uppistöðutími hans yrði lengri og útfallstími styttri en verið hefur að undanförnu. En engin tök eru á að áætla, hver yrði tímalengd hvors ástands um sig.

Þó má telja fullvíst, að án inngrips af manna hálfu, mundi ósinn iðulega, naumast sjaldnar en árlega, grafast fram af sjálfsdáðum, svo að vatnsborð hans lægi nálægt lágmarki vikum eða mánuðum saman. Það ástand óssins er hið sama og í málskjölum er kallað „með eðlilegum hætti", og verður einnig að líta svo á, að sé hið sama sem í Vatnalögum er nefnt „lágflæði" og skýrgreint sem „venjulegt lægsta vatnsborð".

Niðurstaða

Í vatnalögum, 2. kafla, 4. gr., 5. tölulið, kveður svo á, að „jafnan skal miða við lágflæði í vatni". — Samkvæmt því er afstaða Holtsóss og landamerkja Berjaness sú, að eins og þau landamerki eru sýnd á áðurnefndu málskjali nr. 89, þá nær Holtsós ekki að Berjaneslandi."

Hinn 1. september 1971 staðfesti matsmaðurinn Sigurjón Rist ofangreinda matsgerð fyrir dóminum. Jafnframt var fært til bókar:

„Lögmaður stefnda spyr: „Telur matsmaður, að það sé rangt,

að Berjanesbóndi geti veitt í sínu landi, þegar ósinn er uppi"? Matsmaðurinn kveður þá matsmenn hafa kynnt sér málsskjölin og í þeim sé að finna bréf frá veiðimálastjóra, þar sem veiðimálastjóri taki afstöðu til þessa atriðis. Síðan segir matsmaður: „Ég bendi á, að þessi spurning sé utan við það verksvið, sem okkur var falið að framkvæma með dómkvaðningunni, en vísa til áðurgreinds bréfs veiðimálastjóra varðandi þetta atriði." — Lögmaður stefnda spyr: „Hefur matsmaður sannreynt, hversu lengi ósinn er í lægstu stöðu í hvert sinn"? Matsmaður vísar til matsgjörðar, en kveður engin tök á að áætla nákvæmar, hversu lengi þetta ástand vari í hvert sinn. Hann kveður það koma fram í matsgjörðinni, að óssins eðlilega ástand sé það, að hann er með lengsta stöðuga vatnsborð, þegar hann er opinn, þó gætir aðeins flóðs og fjöru. — Matsmaðurinn kveðst leggja áherslu á það, að vatnsborð óssins geti verið mjög breytilegt, þegar hann stendur uppi, „það er eðli vatnsborðsins að vera breytilegt, þegar ósinn stendur uppi." Aðspurður kveður matsmaðurinn þá matsmennina ekki hafa framkvæmt neinar botnsrannsóknir á leirusvæðinu við Holtsós, enda kveðst hann ekki geta séð annað en þeir hafi getað svarað spurningunni, sem fram kemur í matsbeiðninni án þess. — Matsmaðurinn er spurður að því, hvort hann geti sagt um, hvenær framburður féll út við austurtakmörk Holtsóss. Matsmaðurinn segir: „Áður fyrr hefur Svaðbælisá flutt aur inn á svæðið, nú er hún ekki til staðar. Varðandi upphleðslu á aurburði í Holtsós er rétt að vekja athygli á, að hreyfingar á vatni eru hægari og dempaðri, ef útfallið liggur svo vestarlega sem nú er, svo að aurinn, sem berst í ósinn nú, kemst síður út. Og ennfremur má benda á í þessu sambandi, að nú er það minna vatn, sem rennur út, þar sem Svaðbælisá er ekki lengur til staðar, og er því hæfileiki svæðisins minni til þess að flytja aurburð til hafs. — Matsmaðurinn tekur fram, að þeim matsmönum hafi verið sagt, að 1947 hefði sest mikill Hekluvikur í Holtsós, og kveður hann mjög auðvelt að kanna það með botnsrannsóknum. — Matsmaðurinn er spurður að því, hvort hann hafi skoðað Svaðbælisá og rannsakað hana með tilliti til framburðar. — Matsmaðurinn kveðst enga rannsókn hafa gert á Svaðbælisánni varðandi aurmagn, heldur aðeins gengið með henni. Hann kveður hinsvegar hægt að rannsaka þetta, en þær rannsóknir séu umfangsmiklar. — Matsmaðurinn kveður þeim hafa verið sagt, að Holtsós hafi grynnkað í seinni tíð. Hann kveður, að eftir því sem ósinn sé grynnri berist meira af sandi og leir botnsins með vindöldum, þ. e. vindaldan hafi meiri

áhrif til að bera botnefnið. Matsmaðurinn getur ekki sagt frekar um áhrif vinda við að flytja til efni úr botni og bökkum. — Upplesið, játað rétt bókað með eftirfarandi athugasemd: „Í matsgjörðinni á bls. 2 er sagt, að vatnsborðshækkunin (vatnsborðsbreyting) hættir, þegar atriði nr. 1 á bls. 2 er fyrir hendi, þá er komið á jafnvægi, en í hinni síkviku og breytilegu veðráttu, sem er hér á landi, lít ég svo á, að það ástand haldist ekki nema skamma stund og geti því á engan hátt talist lágflæði vatnsins, þ. e. eðlileg staða vatnsins.““

Matsmaðurinn Guðmundur Kjartansson kom fyrir dóminn hinn 1. september 1971 og staðfesti matsgerðina.

Þá var jafnframt fært til bókar:

„Aðspurður kveður matsmaðurinn, að víðáttumörk Holtsóss séu við lægsta vatnsborð nær því að vera stöðug en við hæsta vatnsborð, enda þótt hvorug mörkin séu stöðug. — Aðspurður kveður matsmaðurinn mjög ólíklegt, að botnsrannsóknir á Svaðbælisá mundu leiða til svars við þeirri spurningu, hver áhrif aurframburður árinnar hefur haft á stærð Holtsóss. — Matsmaðurinn kveður yfirgnæfandi líkur til þess, að efnið í leirnum við suðausturströnd Holtsóss, sbr. ljósmyndina á dskj. nr. 89, sé að langmestu leyti úr Svaðbælisá. — Aðspurður kveðst matsmaðurinn ekki vita, í hve langan tíma Svaðbælisá hefur runnið í Holtsós, en á meðan hún hefur runnið í ósinn, hefur hún að sjálfsögðu jafnt og þétt borið leir og sand í ósinn.“

Með bréfi, dagsettu 16. september 1971, skaut stefndi ofangreindu mati til yfirmats, sbr. 3. tl. 94. gr. laga nr. 25/1970.

Yfirmatsmennirnir, þeir Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari, Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri og Sigurður Sigurðsson bóndi, skiluðu yfirmati, sem dagsett er 9. nóvember 1971, og er það svohljóðandi:

„Yfirmat.

Hinn 29. mars 1971 voru þeir Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur og Sigurjón Rist vatnamælingamaður dómkvaddir af sýslumanninum í Rangárvallasýslu til að meta „hvar takmörk stöðuvatnsins Holtsóss séu gagnvart jörðinni Berjanesi.“ Þeir kváðu upp mat sitt 18. ágúst 1971, og er niðurstaða þeirra þessi:

„Í vatnalögum, 2. kafla, 4. gr., 5. tölulið, kveður svo á, að „jafnan skal miða við lágflæði í vatni“. — Samkvæmt því er afstaða Holtsóss og landamerkja Berjaness sú, að eins og þau landamerki

eru sýnd á áðurnefndu málskjali nr. 89, þá nær Holtsós ekki að Berjaneslandi".

Með bréfi, dags. 16. september 1971, mótteknu sama dag, skaut Páll S. Pálsson hrl. f. h. Andrésar Andréssonar, bónda í Berjanesi, framangreindu undirmati til yfirmats samkvæmt 94. gr. laga nr. 76/1970.

Hinn 31. október 1971 fóru undirritaðir yfirmatsmenn austur að Holtsós og könnuðu staðhætti. Með þeim voru í vettvangsgöngu Páll S. Pálsson og Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmenn, Andrés Andrésson bóndi, Berjanesi, Karl Sigurjónsson bóndi, Efstu-Grund, Bárður Magnússon bóndi, Steinum, og Páll Magnússon bóndi, Hvassafelli.

Undirmatsgerðin geymir skilmerkilega lýsingu á Holtsós, eðli hans og háttum, og er vísað til hennar í þessu efni.

Úrlausnarefni í máli þessu er það, hvar eru takmörk Holtsóss sem veiðivatns gagnvart jörðinni Berjanesi.

Auðsætt er af gögnum máls þessa, að ósinn nær, þegar hann stendur uppi, alllangt upp á land Berjaness, þannig að telja má, að takmörk hans fylgi 4 metra hæðarlínu á uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941. Telja verður, að ábúandi Berjaness hafi aðstöðu til að veiða fisk í ósnum í óumdeildu Berjaneslandi, þegar ósinn er uppi.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að kveða svo á, að takmörk Holtsóss séu í Berjaneslandi við 4 metra hæðarlínu samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings, dags. í ágúst 1941."

Við hinn munnlega málflutning mótmæltu stefnendur yfirmatsgerðinni sem rangri, óstaðfestri og þýðingarlausri fyrir málið. Jafnframt voru lögð fram af þeirra hálfu bréf lögmanns þeirra til matsmannsins Sigurjóns Rists, dagsett 16. nóvember, og svarbréf matsmannsins, dags. 26. nóvember 1971.

Eru bréf þessi svohljóðandi:

„Hr. Sigurjón Rist
Reykjavík

Holtsós — mat.

Í matsgerð ykkar Guðmundar Kjartanssonar segir um vatnshækkun í Holtsós, að hækkunin geti numið allt að 4 metrum frá lægstu stöðu samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar.

Vinsamlegast látið mér í té svör við eftirfarandi spurningum:

1) Hvaðan eru þær upplýsingar, að hækkunin geti numið 4 metrum?
2) Hver er hin lægsta staða, sem átt er við?
3) Hvað skeður það oft á ári eða árabili, að ósinn fari í 4 metra?
4) Hvað mun ósinn venjulega fara hátt, áður en hann er mokaður út eða opnast aftur?
5) Hafið þér sjálfur framkvæmt mælingar á vatnshækkun Holtsóss?

Þætti mér vænt um, ef ég gæti fengið ofangreindar upplýsingar við fyrstu hentugleika."

„Egill Sigurgeirsson
hæstaréttarlögmaður
Ingólfsstræti 10 R.

Varðar matsgjörð við Holtsós

Sem svar við bréfi yðar 16. þ. m. vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Kort Ásgeirs L. Jónssonar gefur hæðarlínur í landslaginu og sé það lagt til grundvallar og athugað, hvert vatnsborðið náði samkvæmt athugunum og upplýsingum fengnum á vettvangsgöngu, þá er mesta hækkun nálægt 4 metrum, þ. e. a. s. frá venjulegri stöðu (þegar ósinn er úti).
2. Lægsta staða er hér notað yfir hið sama og ósinn sé úti.
3. Engin heilsteypt skráning hefur fundist, sem getur sýnt, hve oft á ári ósinn stíflast að meðaltali.
4. og 5. Get ekki svarað þessum spurningum í bréfi yðar. Til þess að svar fáist, þarf að framkvæma mælingar um nokkurt tímabil og þá fengist jafnframt nákvæmni varðandi atriðin í spurningum nr. 1 til 3.

Til fróðleiks um staðsetningu vatnshæðarmælistöðva á Íslandi læt ég hér með fylgja teikn. Fnr. 9750."

V.

Stefnandinn Einar Sigurðsson hefur ásamt Þórði Tómassyni safnverði og Sigurjóni Sigurðssyni frá Ormskoti undirritað yfirlýsingu, sem dagsett er 18. júní 1969, dskj. nr. 4, svohljóðandi:

„Síðsumars 1949, að okkur minnir, fórum við þrír undirritaðir, Sigurjón Sigurðsson bóndi, Ormskoti, Þórður Tómasson Vallnatúni og Einar Sigurðsson bóndi Varmahlíð til móts við Andrés Andrésson, bónda í Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi, sem þá var við veiðiskap með fyrirdráttarneti í Holtsósi, austast á Holtsfjöru,

ásamt Kolbeini Gissurarsyni í Selkoti. Bentum við Andrési á, að hann væri þarna við veiðiskap í heimildarleysi í annarra landi og kröfðumst þess, að hann færi brottu."

Stefnandinn Einar Sigurðsson kom fyrir dóminn 7. nóvember 1969 og kvað þá rétt frá greint í framangreindri yfirlýsingu. Aðspurður af lögmanni stefnda: „Hvenær telur mætti, að Andrés Andrésson hafi fyrst stundað veiðar í Holtsósi, svo að hann reki minni til?", svaraði Einar: „Þessu get ég alls ekki svarað, því að hann veit það best sjálfur." Frekar aðspurður: „Vissi mætti til þess, að Andrés stundaði veiðar í Holtsósi fyrir þann tíma, sem í vottorðinu greinir", svaraði Einar: „Mér datt það svona í huga, en það er engin vissa fyrir því."

Stefnandinn Karl Sigurjónsson hefur hér fyrir dómi hinn 7. nóvember 1969 skýrt svo frá, að hann hafi átt heima að Núpakoti til ársins 1958, en það ár flust að Efstugrund og búið þar síðan. Jafnframt var fært til bókar „Mætti segir aðspurður, að hann telji, að það byggist á gömlum reglum eða reglugerð, að þær jarðir, sem tilgreindar eru á dómskjali nr. 10, og jafnvel allir hreppsbúar taki þátt í ósmokstrinum og jafnvel þeir menn, sem áttu þar leið um, er mokstur stóð yfir." — „Lögmaður stefnda spyr: „Á hverju byggist kostnaðarniðurjöfnun á dskj. nr. 10?" — Mætti svarar: „Þegar ósinn kemur upp, nær hann yfir land þeirra jarða, er nefndar eru á dskj. nr. 10 eða að landi sumra þeirra jarða, en ekki allra, en þegar ósinn teppist, nær hann að landi allra jarðanna". — Lögmaður stefnda spyr: „Hvaða jarðir nefndar á dskj. nr. 10 eiga ekki land að ósnum, þegar hann er opinn?". — Mætti svarar: „Ekki Berjanes. Indriðakot o. fl. áttu land að ósnum og eiga veiði í ósnum, sbr. nýleg landskipti". — Aðspurður um, hvort stefnendur hafi allir stundað veiði í ósnum, eða hvernig veiðiskap stefnenda á Holtsós hafi almennt verið háttað, segir mætti, að sumir þeirra stundi nær aldrei veiðiskap í Holtsós, en hjá öðrum falli úr ár og ár. — Er mætti er spurður um, hvernig veiðiskap ábúenda Efstu-Grundar í Holtsósi sé og hafi verið háttað, kveðst hann geta svarað því með sömu orðum og áður, að fallið hafi úr ár og ár og stundum hafi veiðin verið svo lítil, að ekkert hafi veiðst, þótt reynt væri. Mætti upplýsir einnig, að veiðifangið, silungurinn, sé eingöngu notaður til heimilisþarfa, en ekki seldur. — Mætti kveður aðspurður ósinn svo grunnan, að hægt sé að vaða hann og sé veiðiskapur því ekki stundaður með bátum. — Lögmaður stefnda spyr: „Hvað veit mætti um veiði Andrésar í Berjanesi í Holtsósi fyrr eða nú?" — Mætti svarar: „Ég veit, að 1948 kom Andrés

heim að Núpakoti, vegna þess að faðir minn hafði átt hlut í Berjanesi, og þá ræddu þeir um, sérstaklega Andrés, að reyna að fá veiðirétt í Holtsósi, en þeim var það báðum ljóst þá, að þeir ættu ekki veiðiréttinn. Frá því ég kom að Efstu-Grund 1958, hef ég aldrei hitt Andrés í Berjanesi við veiðiskap í Hotlsós, en haft grun um, að hann stundaði þar veiði, enda hefur hann látið orð falla í þá átt. Ég tel mig vita um það, að Andrés í Berjanesi hefur beðið um það eða viljað fá leyfi til þess að mega stunda veiði í Holtsósi, en „þó aldrei beðið mig um það"". — Mætti kveðst aldrei hafa stundað veiði í Holtsósi, þegar hann er tepptur, og almennt sé það ekki gert, enda flýti menn sér að taka netin upp, þegar ósinn er að teppast."

Stefnandinn Bárður Magnússon, sem er fæddur 10. október 1911 í Steinum, hefur hér fyrir dómi hinn 7. nóvember 1969 skýrt svo frá:

„Aðspurður kveðst mætti hafa átt heima í Steinum alla tíð að undanskildum 12—14 árum frá 1943—1955 eða 6, en þá kveðst mætti hafa átt heima í Hlíð og síðan í Berjaneskoti. — Mætti kveðst aðspurður ekki geta sagt um, hvenær Andrés í Berjanesi byrjaði að stunda veiði í Holtsósi."—„Lögmaður stefnda óskar bókað: „Þar eð stefndi heldur því fram, að hann hafi stundað veiði í Holtsósi um eða yfir 40 ára skeið, óska ég, að mætti, stefnandi málsins, sé um það spurður, hvort hann telji þetta rangt, og ef svo er, hve lengi hann telji, að stefndi Andrés hafi stundað þennan veiðiskap". — Lögmaður stefnanda óskar bókað: „Mótmæli með vísun til þess, að mættur hafi nú þegar svarað hluta þessarar spurningar, en annars mótmæli ég því, að spurningin sé lögð fyrir mættan og krefst úrskurðar um það atriði." Lögmaður stefnda óskar bókað, að hann telji ekki úrskurðar þörf og spurningin megi hvíla."

Í skýrslu, sem dagsett er 10. desember 1969, hefur Bárður Magnússon m. a. skýrt svo frá:

„Vegna þess, sem skeði í réttarhaldi 7. nóv.... vil ég upplýsa eftirfarandi. Um minn eigin veiðiskap er það að segja, að Berjaneskot hefur aldrei átt veiðirétt í Holtsós, en í þau fáu skifti, sem ég fór í ósinn að veiða, fór ég með bræðrum mínum í Steinum, en aldrei með Andrési í Berjanesi eða neinum öðrum. 1948 kaupi ég Steina II og byrja að nýta þá jörð 1952 og nota veiðiréttinn þá um leið. Um veiðiskap Andrésar veit ég ekki annað en að eftir að ég flyt að Steinum 1955, er hann farinn að veiða í ósnum, en fyrir þann tíma er mér alls ókunnugt um, að hann hafi veitt í ósnum."

Stefnendurnir Sigurbergur Magnússon, Einar Sigurðsson, Halldór Gunnarsson og Haraldur A. Ólafsson hafa í yfirlýsingu, dagsettri 13. október 1970, skýrt svo frá:

„Yfirlýsing.

Samkvæmt framkomnum óskum, viljum við undirritaðir veiðiréttarhafar í Holtsós undir Eyjafjöllum taka fram eftirfarandi um veiðiskap okkar undanfarin ár:

Ef aðstæður hafa leyft, hefur veiði hafist í apríl og lokið í september ár hvert. Veiðin var stunduð að mestu með lagnetum, en af einstökum með ádrætti, þannig þó, að eigendur jarða í Austur-Eyjafjallahreppi veiddu eingöngu austan hreppamarka, og eigendur jarða í Vestur-Eyjafjallahreppi veiddu vestan hreppamarka. Veiðiskapurinn var og er misjafnlega stundaður eftir ástæðum hvers og eins. Þegar Holtsós teppist á veiðitímanum, er frekari veiði nær óframkvæmanleg vegna dýptar ósins við þær aðstæður.

Eldri menn muna eftir góðri veiði í Holtsós áður fyrr, en eftir Heklugos 1947 fór veiði ört minnkandi, þannig að s.l. 20 ár hefur veiði einstakra landeigenda verið lítil og þá eingöngu til heimilisþarfa. Þessvegna ákváðu allir landeigendur að Holtsós þann 15. mars 1969 að stofna með sér félagsskap til að auka fiskigegnd í ósnum. Settar voru sérstakar reglur til veiðitakmörkunar, t. d. bannaður ádráttur, bönnuð veiði á vissum svæðum og lágmarksstærð möskva í lagneti ákveðin. Einnig var stefnt að því, að árlega yrði sett í ósinn um 5—7 þúsund silungaseiði.

Það hefur verið gert undanfarin tvö sumur."

VI.

Stefndi Andrés Andrésson hefur í aðiljaskýrslu, dags. 18. september 1969, dskj. nr. 30, m. a. skýrt svo frá:

„Á þeim tíma, sem vottorðið á dskj. 5 var gefið, þ. e. á árinu 1948, þá var ég ekki eigandi að Berjaneslandi. Ég var þá ábúandi að jörðinni að hálfu. Ég vildi að sjálfsögðu losna við amstur og greiðslur vegna ósmoksturs, því ég vissi ekki, hvað þung kvöð þetta yrði á mér sem einyrkja, þá með fullt hús af börnum. Ég var þá ekki jarðeigandi og gerði mér að sjálfsögðu ekki eins ljóst og nú, þegar ég er málum kunnugri, hve mikinn rétt Berjanes á til veiði í ósnum og að þeim rétti verður ekki afsalað. Hinsvegar hefur lögfræðingnum sést yfir seinni hluta vottorðsins á dskj. nr. 5, því að þar segir, að við sem undirritum skjalið, séum reiðubúnir að bera kostnað af útmokstri í réttu hlutfalli við þá, sem

ósinn eiga, ef það sé þeirra vilji að gera okkur sér jafnrétthäa til veiði í ósnum og veita okkur fulla heimild til þess. Tökum við fram, að við sendum lista yfir Berjanesið, eins og við höfðum komið okkur saman um, að hver ætti af því eftir síðasta jarðarmati. — Með þessum orðum gáfum við kost á því að taka því aðeins þátt í útmokstri, að viðurkennt væri, að við hefðum veiðirétt í ósnum. Ég leyfi mér hér með að vitna til skjala, sem lögmaður minn hefur lagt fram í réttinum nr. 10, 11 og 12, svo og til kvittunar Ræktunarsambandsins frá 9. júlí 1969, þar sem fram kemur, hver hefur verið hlutur minn sem bónda í Berjanesi til greiðslu á kostnaði vegna ósmoksturs í Holtsósi. Frá árinu 1951 til ársins 1962. Þar sést, að miðað er við jarðarhundruð, og mun svo hafa verið um þátttöku allra jarða, sem land eiga að ósnum. Þetta tel ég sönnun þess að minnsta kosti um þetta tímabil þá hafi það verið viðurkennt og játað af öllum aðilum, einnig stefnendum máls þessa, að Berjaneslandið á land að Holtsósi ásamt öllum þeim réttindum, sem því fylgja.

Ég vil taka fram strax til þess að forðast allan misskilning, að ég tel tvímælalaust, að jörð mín Berjanes eigi land að Holtsósi .....

Þegar mér varð þetta ljóst, sá ég, að Berjanes hafði ætíð haft og átt eignarrétt að Holtsósi. .....

Við nánari athugun verður mér einnig ljóst, að hvernig svo sem landamerkjalínan hefur verið ranglega túlkuð á síðari áratugum, að þá sýna aðstæður, að Berjanes liggur að Holtsósi. Uppdráttur Íslands, sem ég hefi í höndum, síðast endurskoðaður 1950, sýnir þetta vel. Ég lít svo á, að taka verði með í reikninginn, hvernig árnar, sem að Holtsósi liggja, hafa smátt og smátt grynnt hann, síðan kortið var gert, og tel ég ekki, að það eigi á nokkurn hátt að skerða rétt jarðar minnar til veiði í ósnum. .....
Þá vil ég ræða nokkuð um veiðiréttinn í Holtsósi. Ég fullyrði, að svo langt sem elstu menn muna, þeir er til þekkja, þá hefur Berjanes veitt í Holtsósi. ..... Ég læt hér nægja að segja mína sögu. Ég er fæddur 1901, og ég fluttist að Steinum 1903. Frá því að ég man fyrst eftir mér, stunduðu Berjanesbændur veiði í Holtsósi. Lagnet voru lögð frá fjörunni út í ósinn. Einnig var stunduð dráttarveiði úti í almenningi vatnsins og með fjörulandinu. Ég var hjá föður mínum í Berjaneskoti frá 1921 til 1932, að ég fór að búa í Berjanesi. Ég hef búið þar síðan. Ég hef ætíð stundað veiði óátalið í ósnum síðan. Að vísu hefur verið lagt fram skjal í málinu, eins konar yfirlýsing frá þremur mönnum, Þórði Tómas-

syni, Einari Sigurðssyni og Sigurjóni Sigurðssyni, um það, að þeir hafi síðsumars 1949 komið að mér, þar sem ég var við veiði, og bent mér á, að ég væri að veiðiskap í heimildarleysi í annarra landi. Þetta vottorð er uppspuni einn. Því til sönnunar aflaði ég mér vottorða, sem lögð hafa verið fram í málinu sem dskj. nr. 16 og 17, en þau eru gefin af hreppstjóra Vestur-Eyjafjallahrepps nú í sumar. Í öðru vottorðinu segir, að Ólafur Sigurjónsson hafi byggt jörðina Ormskot frá árinu 1950—1960, en í hinu að Sigurjón Sigurðsson hafi verið ábúandi að Miðskála 1 frá 1928 til 1952. Þá spyr ég, hvernig þessir sömu menn gátu komið til mín árið 1949 sem ábúendur þarna í nágrenninu. Ég leyfi mér þess vegna að mótmæla þessu vottorði sem röngu og krefst þess, að vottorðsgefendur verði látnir staðfesta það fyrir rétti, ef mark á að taka á því.

Hitt er sannast mála, og það er það eina, sem ég man eftir, að mótmælt hafi verið, að einhvern tíma á árinu 1951 rakst ég á Sigurjón Sigurðsson af tilviljun. Sigurjón var þá bóndi að Miðskála, þegar ég var í veiði á Holtsfjöru og lentum við í orðasennu. Þá kann að vera, að Sigurjón hafi m. a. verið að bera mér á brýn, að ég væri að veiða, þar sem ég átti ekki að vera. Mun hann ef til vill hafa tekið upp þykkjuna fyrir son sinn, sem þá bjó í Ormskoti. Hinsvegar tel ég mótmæli sem þessi þykkjuorð voru að engu hafandi, enda sýndi ég það í verki alla tíð síðan.... Ég hefi lagt fram bréf mitt til veiðimálastjóra frá 6. apríl s.l. og vil enn undirstrika, að ég var þá eigi nógu fróður um það, að land mitt liggur ætíð að Holtsósi, hve langt sem vatnið nær. .....

Þá vil ég einnig undirstrika, hvaða sérstöðu Holtsós svonefndur hefur með tilliti til framburðar ánna, sem ég hefi minnst á, og að honum liggja. Hér er um að ræða einskonar stöðuvatn, er suma tíma er dýpra á einum staðnum en öðrum, og tel ég, að ekkert ákvæði vatnalaga eða annarra laga um það, að slíkar tímabundnar breytingar eyðileggi veiðirétt einnar jarðar eða annarrar frá einum tíma til annars, fái staðist."

Á dskj. nr. 92 er svofellt bréf frá stefnda:

„Með tilvísun til samnings frá 15. júlí 1945 um bann við útmokstri Holtsóss, innritað í veðmálabækur Rangárvallas. 31. júlí 1945 til þinglesturs, svo og með tilvísan til samnings, gjörðan að Holti 20. jan. 1946, um útmokstur Holtsóss, sem á að vera í vörslu prestsins í Holti, geri ég kröfu til þess, að ósinn sé mokaður út nú þegar. Og liggja til þess margar ástæður, er nú skal greina: Þetta var og er enn áreiðanlega besti og fengsælasti tími til veiða, sér-

staklega með ádrætti svo og lögn, ef vel er passað fyrir fugli, ósinn kreppir mjög að högum hjá mér og liggur yfir landi, er ég þarf að nota til beitar, tel ég líka síður en svo til bóta að fá mikinn vöxt af grasi á beitilandið, sem fellur þá æfinlega fyr, ef vöxtur er mikill, svo er alltaf fyrir hendi flæðihætta á fénaði, þegar ósinn er yfir og skepnur í haga og misflæði myndast vegna vinda, stendur og oft æðimikill kuldi af ósnum, þegar hann flæðir svo hátt og nærri, mætti og líka hafa í huga allan þann fjölda hreiðra varp fugla, sem að vísu er mikið þegar eyðilagt, þótt enn sé mikið eftir, og síðast en ekki síst horfir nú svo óvænlega, að garðlönd mín eru í hættu og gæti vel svo farið að þar yrði tjón á ef ósinn fær að vaxa og ekkert er að gjört.

Að þessu öllu athuguðu vona ég, að ósnefnd taki þessi rök gild og telji óskir mínar sanngjarnar og taki því kröfur mínar til greina, en í fyrrnefndum samningi frá 20/1 1946 er lofað að virða sérstakar sanngjarnar óskir Berjanesbóndans, og á ósnefndin þar um ákvörðun í hvert skipti.

Virðingarfyllst,
Berjanesi 9. júní 1970
Andrés Andrésson.

Til formanns Ósnefndar
prestsins að Holti."

Stefndi hefur hér fyrir dómi hinn 7. nóvember 1969 gefið skýrslu í málinu og var þá fært til bókar:

„Mætta er sýnt dskj. nr. 5, og kannast hann við að hafa undirritað það og segir sig einnig hafa skrifað það. Mætta er þá sýnt dskj. nr. 6, og kveður hann sig hafa ritað það og undirritað, en kveður það hafa átt að vera stílað til fiskiræktarfélags um Holtsós, en ekki veiðifélags. Þá er mætta sýnt dskj. nr. 14, og kveðst hann hafa skrifað veiðimálastjóra það bréf. Þá er mætta sýnt aðiljaskýrsla á dskj. nr. 30, og viðurkennir hann að hafa skrifað hana og nafn sitt undir hana. Þá er mætta kynnt yfirlýsing á dskj. nr. 4 og hann spurður um atburð þann, sem þar er greindur, þ. e. tíma og orðaskipti. Mætti svarar: „Ég var þarna við veiði sumarið 1951 ásamt Kolbeini Gizurarsyni, og vorum við hættir að veiða og á leið heim. Mættum við þá Þórði Tómassyni, Einari Sigurðssyni og Sigurjóni Sigurðssyni, og aðalorðaskiptin voru milli mín og Sigurjóns, en þá var hann bóndi á Miðskála, og lentum við í orðasennu út af veiðinni, en mér fannst honum ekkert koma málið við." Mætti kveðst aðspurður hafa í umrætt sinn verið

að veiða frá Holtsfjöru, enda virtist það vera þegjandi samkomulag, að þeir, sem ættu land að Holtsósi eða veiðirétt í honum, mættu veiða, hvar sem þeir komu að honum. — Stefnandi spyr, hvort mætti hafi alltaf veitt fyrir vestan hreppamörkin, og stefndi svarar: „Oftast nær, en ekki alltaf". — Mætti kveðst aðspurður hafa veitt eins og aðrir, þar sem veiði var að hafa og vatnið tilkippilegt. Mætti kveðst aðspurður alveg jafnt hafa veitt, hvort sem ósinn var opinn eða tepptur. — Stefnandi spyr, hvort menn flýti sér að taka upp netin, er ósinn teppist. Mætti svarar: „Já, menn flýta sér að taka þau upp eða færa þau á grynnra vatn, en oft hefi ég veitt í túninu hjá gamla bænum og í mýrinni, þegar ósinn var tepptur og mikið komið í hann". Mætti kveðst aðspurður ávallt hafa stundað veiði í Holtsósi, frá því að hann fyrst man eftir sér. Fyrst með föður sínum frá Steinum og síðan frá Berjanesi og Berjaneskoti. Mætti kveðst aðspurður aldrei hafa beðið um leyfi til að fá að fara í ósinn. — Aðspurður segir mætti, að nágrönnum sínum hljóti að hafa verið kunnugt um veiði sína í Holtsósi og margir hafi farið með honum af öðrum bæjum, enda hafi hann þótt fiskinn. — Stefnandi spyr: „Var Berjanesið í eyði fyrir 1950, t. d. 1948 og 1949?" — Mætti svarar: „Fardagaárið 1948 og 1949 bjó enginn í húsunum, en ég nytjaði jörðina og hafði ábúð á henni og leigði slægjur og stundaði veiði í ósnum eins og vant var". — Mætta er kynntur framburður stefnanda Karls Sigurjónssonar um heimsókn mætta til föður Karls að Núpakoti á árinu 1948 og hann spurður, hvort hann muni eftir heimsókn þessari og orðræðum þar. Mætti svarar: „Ég hefi ekki nokkurt minni til þess og tel ólíklegt, að svo hafi verið, enda var ég þá búinn að veiða í Holtsósi yfir 20 ár, eða frá því ég kom suður úr.""

VII.

Árni Sæmundsson, hreppstjóri Vestur-Eyjafjallahrepps, hefur gefið svohljóðandi vottorð:

„Samkvæmt Hreppaskilaþingbók Vestur-Eyjafjallahrepps er Sigurjón Sigurðsson talinn vera ábúandi á Elliðaskála I hér í hreppi frá árinu 1928 til ársloka 1952.

Þetta vottast hér með

Stóru Mörk 2. júní 1969"

Lúðvík J. Hjörtþórsson hefur hinn 10. júlí 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Lúðvík Hjörtþórsson, Miðstræti 30, Vestmannaeyjum, sem var ráðsmaður hjá þáverandi leigutökum að

Berjanesi, Ólafi Hvanndal, prentsmiðjustjóra, Reykjavík, og Lárusi H. Bjarnasyni, skólastjóra, á fyrristríðsárunum og eftir það, þ. e. frá 1914—1920, að sumrinu til á jörðinni Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, get vottað það, að þessir jarðarábúendur sendu mig oft og iðulega í veiðiskap í Holtsós undir Eyjafjöllum, og var ég aldrei var við, að neinn fyndi að þessu. Jörðina mun hafa átt Þorvaldur Björnsson á Þorvaldseyri. Hafði hann vinnumann á Þorvaldseyri, Magnús á Orustustöðum í Öræfum, og sendi hann hann til veiða í Holtsós, þegar honum þótti heppilegast, og gerði hann það í skjóli eignarréttar síns að Berjanesinu. Var aldrei neitt að þessu fundið, og gerðu engir athugasemdir við þetta í þá daga.

Þetta er ég reiðubúinn að staðfesta fyrir dómi, ef þess gerist þörf."

Séra Jón M. Guðjónsson hefur hinn 2. janúar 1970 gefið svofellt vottorð:

„Með tilvísun til samtals okkar í síma s.l. haust varðandi veiðirjett í Holtsósi u. Eyjafjöllum skal nú endurtekið brjeflega það, er jeg sagði þá, að tilmælum þínum.

Þau 12 ár (1934—1946), sem jeg var í Holti, var mjer ekki vitanlegt annað en að þau býli, sem heyrðu undir Holtstorfuna, hefðu ein veiðirjett í Holtsósi svo og Steinar. Heyrði jeg engan bera brigður á, að svo væri. — Hins vegar ljetu ýmsir, sem bjuggu í nálægð óssins, í það skína, að ósanngjarnt væri, er amast var við, að þeir fengju að skreppa í hann stöku sinnum til að fá sjer í soðið. — Til að fyrirbyggja nokkra ágengni í þessu efni varð það að ráði með okkur búendum í Holtshverfi, Einari, bónda í Varmahlíð, og Magnúsi, bónda í Steinum, að við sömdum og undirrituðum allir plagg þar um, að engum óviðkomandi skyldi leyft að veiða í ósnum, nema með leyfi og í samfloti við einhvern okkar. — Það, sem að baki lá þessari samþykkt, var, að undirstrika rjettinn til veiðinnar, og í annan máta að mæta nágrönnum með nokkurri tillitssemi. Ekki er mjer kunnugt um annað en að friðlega gengi til með veiðina eftir þessa ráðstöfun."

Anna Jónsdóttir, Seljavöllum, hefur í vottorði, dagsettu 23. nóvember 1969, skýrt svo frá:

„Ég undirrituð lýsi því hérmeð yfir, að er ég bjó með manni mínum Óskari Ásbjörnssyni í Berjanesi á árunum frá 1928—1937, átti Berjanesið engan rétt til veiði í Holtsós."

Sigurgeir Ingvarsson, Eyrarvegi 9, Selfossi, hefur í vottorði, dags. 1. desember 1969, skýrt svo frá:

„Út af fyrirspurn frá Bergi Magnússyni, Steinum.

Þegar ég bjó í Berjanesi, Austur Eyjafjallahreppi, árin 1938—39, var mér vitanlega ekki heimilt, eða notfærði mér veiði í Holtsós.

Hafi sú heimild verið til, var hún án minnar vitundar."

Séra Halldór Gunnarsson hefur hinn 4. desember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Holtsprestakall.

Vottorð.

Samkvæmt sóknarmanntali Holtsprestakalls, sem nær yfir árin 1934—1953, að undanskildum árunum 1937 og 1949, vottast eftirfarandi um ábúð Andrésar Andréssonar, nú bónda að Berjanesi, Austur-Eyjafjallahreppi:

Árin 1934—1936: Ábúandi að Berjanesi II.
— 1938—1942: Ábúandi að Berjanesi II.
— 1943—1947: Ábúandi að Berjanesi
Árið 1948 : Ábúandi að Efstu-Grund, Vestur-Eyjafjallahr.
Árin 1950—1953: Ábúandi að Berjanesi."

Tómas Ól. Ingimundarson, Gnoðarvogi 20, Reykjavík, hefur gefið svohljóðandi vottorð, ódagsett:

„Ég undirritaður Tómas Ólafur Ingimundarson fæddur að Ysta-Bæli 22. júlí 1919, votta hér með að hafa farið í ádráttarveiði í Holtsós með Andrési Andréssyni, bónda í Berjanesi, allt frá 14 ára aldri, þar til ég fluttist til Reykjavíkur 1945."

Kjartan Tómas Guðjónsson, Skólastíg 26, Bolungarvík, hefur hinn 4. maí 1970 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Kjartan Tómas Guðjónsson, sem er fæddur í Hlíð Austur-Eyjafjöllum 29. 3. 1907 og var þar til 1935, get vottað það, að frá því að Andrés Andrésson, Berjanesi, flutti frá Steinum árið 1921 og til þess tíma, er ég flutti frá Hlíð, fór ég oft og árlega með Andrési til veiða í Holtsósi að sunnanverðu.

Aldrei varð ég var við, að hann færi neitt leynt með sínar veiðiferðir. Aldrei heyrði ég getið um annað en að Berjanesið og Berjaneskotið ættu fullan veiðirétt í ósnum jafnt að sunnanverðu sem að austanverðu, og er það fyrst nú, að ég heyri það véfengt."

Þórður Tómasson safnvörður, Skógum, hefur hinn 26. júní 1966 gefið svofellt vottorð:

„Úr örnefnaskrá Berjaness:

Sigurður Jónsson í Eyvindarhólum, sem ólst upp í Berjanesi og var bóndi þar, ætlar, að Nesaskákar séu kenndar við Berjanes, sem bærinn er heitinn eftir. Gamlar sagnir munu um það, að hálent

nes, vaxið berjum, hafi verið á þeim slóðum á fyrri öldum. Sjórinn og Holtsós ganga þarna á landið og gera enn."

Sveinbjörn Ingimundarson, Ysta-Bæli, hefur hinn 8. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Ég undirritaður Sveinbjörn Ingimundarson, Yzta-Bæli, fæddur 1. sept. 1926, get vottað, að svo langt sem ég man er mér kunnugt um, að Andrés Andrésson, bóndi í Berjanesi, hefir stundað veiði í Holtsós bæði með lagnet og fyrirdrátt og hefi ég þó nokkrum sinnum farið með honum í ósinn, bæði fyrr og síðar, enda eftirsótt að fara með honum í ósinn, því það orð lá á, að hann væri öðrum fisknari og kunnugri þar. Ég var á engan hátt var við, að Andrés færi dult með þessar veiðiferðir sínar í Holtsós."

Ólafur Long, Grensásvegi 58, Reykjavík, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður dvaldi í Steinum frá því 1936 til 1940, að ég fór þaðan. Frá þeim tíma minnist ég þess, að það var á vitund allra þar, bæði mín og annarra, að Andrés Andrésson, bóndi í Berjanesi, stundaði veiði í Holtsós, bæði með lagnet og fyrirdrátt. Eftir að ég fór frá Steinum, dvaldi ég undir Austur-Eyjafjöllum til ársins 1942. Á þeim tíma kom það oft fyrir, að ég fór með fyrrnefndum Andrési til veiða í Holtsós með fyrirdrátt og einnig síðar einstaka sinnum."

Jón Sigurðsson, Eyvindarhólum, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið vottorð, svohljóðandi:

„Ég undirritaður votta það, að ég fór til veiða með fyrirdrátt í Holtsós með Andrési Andréssyni, bónda í Berjanesi, einhvern tíma laust eftir árið 1949 og veiddum við ágætlega vel."

Guðlaug Guðjónsdóttir, Skógum, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Ég undirrituð votta það, að ég fór einu sinni til veiða í Holtsós með fyrirdráttarnet með Andrési Andréssyni, bónda í Berjanesi, og fengum við ágæta veiði. Þetta mun hafa verið fyrir eða um árið 1928."

Ingimundur Brandsson, Ysta-Bæli, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Ingimundur Brandsson, sem byrjaði búskap í Yzta-Bæli árið 1914 og hefi dvalið hér síðan í nágrenni Berjanes, get vottað það, að mér er kunnugt um, að Andrés Andrésson, bóndi í Berjanesi, hefur árlega stundað veiði í Holtsós síðan hann flutti á Berjanestorfuna, fyrst að Berjaneskoti og síðar að Berjanesi, enda hefur hann aldrei farið neitt dult með þann veiðiskap, og

áreiðanlega öllum kunnugt um það hér í sveit, enda margur notið góðs af."

Sigurjón Sigurðsson, Skógum, hefur hinn 9. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður, Sigurjón Sigurðsson frá Eyvindarhólum, fór eitt sinn til veiða í Holtsós með fyrirdrátt sumarið 1947 með Andrési Andréssyni, bónda í Berjanesi. Hafði hann boðið mér með sér. Veiddum við ágætlega, og varð ég á engan hátt var við, að hann færi neitt dult með hvorki afla né veiðiskap. Á þessu tímabili unnum við báðir við byggingu Skógaskóla ásamt mörgum öðrum sveitungum okkar, og seldi Andrés mötuneyti skólabyggingarinnar af veiðinni í umrætt sinn."

Árni Jónasson, Kópavogi, hefur hinn 10. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Það vottast hér með, að mér er kunnugt um, að Andrés Andrésson, bóndi í Berjanesi í Austur-Eyjafjallahreppi, stundaði veiði í Holtsós þau ár, sem ég var í Skógum undir Eyjafjöllum. Fór ég eitt sinn með honum þangað til veiða, það var annað hvort sumarið 1951 eða 1952. Þá var mér ekki kunnugt um, að veiðiréttur hans í Holtsósi væri umdeildur."

Í bréfi, dags. 2. júní 1970, til lögmanns stefnenda hefur Árni Jónasson skýrt svo frá:

„Sem svar við fyrirspurn yðar í símtali í dag vil ég upplýst þetta.

Það mun hafa verið mjög fljótlega eftir veiðiferð mína með Andrési Andréssyni, bónda í Berjanesi, í Holtsós, sem átti sér stað annaðhvort sumarið 1951 eða 1952, sem mér varð ljóst, að veiðiréttindi hans í Holtsós voru umdeild, en ég treysti mér ekki til að tímasetja það nánar."

Ólafur Daðason, Rauðalæk 4, Reykjavík, hefur hinn 10 nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður votta hér með, frá árinu 1934 hef ég árlega komið að Berjanesi til Andrésar Andréssonar, og er mér fullkunnugt um, að hann hefur stundað lagnetaveiðar í Holtsósi öll þessi ár, enda hef ég verið með honum oft við lagnir og umvitjanir, og var ég á engan hátt var við, að hann færi leynt með þessar ferðir sínar."

Helgi Hjálmarsson, Reykjavík, hefur hinn 11. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Árið 1938—1943, eða í fimm ár, bjó ég í Berjanesi undir Austur-Eyjafjöllum. Á þessum árum, er ég bjó þar, stundaði Andrés

Andrésson, bóndi í Berjanesi, veiði í Holtsós, og fór ég iðulega í ósinn með honum til veiða. Var aldrei neitt amast við veiði hans þar af neinum og að engu farið neitt dult að við þann veiðiskap, hlaut það því að vera á vitorði allra þar í kringum ósinn svo og annarra, að hann stundaði veiði í Holtsós bæði með lagnet og fyrirdrátt, enda hittust menn oft í þessum veiðiferðum, hlaut það líka að vera öllum, sem nærri ósnum bjuggu sjáanlegt á björtum vornóttum, er menn voru þar við fyrirdrátt, sem ætíð var stundaður í Holtsós að kvöldlagi — annað virtist ekki bera árangur.

Síðan ég flutti til Reykjavíkur 1943, hefi ég oftast á hverju sumri komið austur undir Eyjafjöll og þá alltaf gist hjá Andrési í Berjanesi, er mér því vel kunnugt um, að hann hefur stundað veiðar áfram í ósnum, síðan ég flutti í burtu, og hefi ég margoft í þeim ferðum farið með Andrési til umvitjunar í lagnet í ósnum og oft notið góðs af."

Erlingur Ingimundarson, Nesvegi 62, Reykjavík, hefur hinn 11. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður var vikapiltur hjá Andrési Pálssyni, bónda að Berjaneskoti undir Austur-Eyjafjöllum, frá 1925 til 1930. Ég kom þangað um miðjan maí 1925 og var þar til hausts, kom þangað aftur um miðjan maí 1926 og var þar stöðugt til júnímánaðar 1930. Á þessum árum fór Andrés, sonur Andrésar, oft með ádráttarnet í „ósinn", sem kallað var (Holtsós), og fékk þá einhvern með sér, t. d. Kjartan í Hlíð, Svein á Nýlendunni eða Pál, bróður sinn.

Ég fór nokkrum sinnum með Andrési í „ósinn". Þegar Andrés var ekki heima, fór ég sjálfur og fékk með mér Svein á Nýlendunni. Eitt sinn, er ég fór ásamt Sveini, fórum við þrjú kvöld í röð og fengum 246 stk. fyrsta kvöldið, 248 stk. seinna kvöldið, en á að giska eitt til tvö stykki þriðja kvöldið. Þetta hefur verið sumarið 1928."

Árni Gíslason, Höfðaborg, hefur hinn 11. nóvember 1969, gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður Árni Gíslason, fæddur 17. maí 1894 að Þorvaldseyri undir Austur-Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu, dvaldi á Þorvaldseyri til átta ára aldurs. Flutti ég þá til foreldra minna, sem þá bjuggu í Berjanesi í sömu sveit, og var ég þar hjá þeim næstu átta ár æfi minnar. Svo fljótt sem ég hafði þrek til, fór ég að stunda veiðar í Holtsós, enda veiðar í Ósnum þá stundaðar af öðrum búendum í Berjanesi einnig, og var svo, meðan ég var þar. Eftir að ég var fluttur til Vestmannaeyja, var ég oft kaupamaður í Berjanesi og stundaði þá jafnan veiði í Holtsós, þetta

var á árunum frá 1916 til 1927. Einnig fór ég oft með Andrési Andréssyni, nú bónda í Berjanesi, til veiða í Ósnum, eftir að hann flutti á Berjanestorfuna 1922. Aldrei var farið neitt laumulega við þessar veiðar, og ætíð voru þær stundaðar frá fjörunni. Aldrei komu fram nein mótmæli frá öðrum varðandi þessar veiðar, enda ekki annað vitað en Berjanesið ætti veiðirétt til jafns við aðra. Ég man líka, að er Magnús frá Orustustöðum stundaði selveiðar í Holtsósi að vorinu svo og silungsveiði vor og sumar. Tók ég það svo, að þessi veiði hans byggðist á eignar- og notkunarrétti Þorvaldar Björnssonar á Berjanesi, en Magnús var vinnumaður hjá Þorvaldi."

Jón Ó. Vigfússon, Boðaslóð 12, Vestmannaeyjum, hefur hinn 17. nóvember 1969 gefið svofellt vottorð:

„Með þessu bréfi staðfesti ég undirritaður, Jón Ólafur Vigfússon, Boðaslóð 12 Vestmannaeyjum, að ég hafi á árunum 1956 til 1965 oft farið til silungsveiða í Holtsós undir Eyjafjöllum. Fór ég þessar ferðir með Andrési Andréssyni, A-Eyjafjöllum."

Ísleifur Ingvarsson, Hvítingavegi 3, Vestmannaeyjum, hefur hinn 17. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður votta hér með að hafa farið nokkrar veiðiferðir í Holtsós með Andrési Andréssyni í Berjanesi, Austur-Eyjafjöllum, sumarið 1927, þegar við vorum vinnufélagar í Holti, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Þá var prestsetrið endurbyggt, og stendur sú bygging enn, eins og kunnugt er."

Karl Guðmundsson, Urðavegi 11, Vestmannaeyjum, hefur í vottorði, dagsettu 18. nóvember 1969, skýrt svo frá:

„Árið 1930 dvaldi ég undirritaður nokkra daga í Austur-Eyjafjallahreppi. Einn daginn bauð hr. Andrés Andrésson (hann var þá til heimilis hjá foreldrum sínum í Berjaneskoti) mér til silungsveiða í Holtsósi, og veiddum við þar með ádráttarneti fram eftir kvöldi.

Afi var sæmilegur, enda var þetta fyrri part sumars."

Ólafur Vigfússon, Vestmannaeyjum, hefur hinn 22. nóvember 1969 gefið svohljóðandi vottorð:

„Í ágústmánuði 1924 fór ég með Andrési Andréssyni veiðitúr í Holtsós, það var skemmtilegur túr. Við fórum á laugardagskvöldi og komum austur að Berjanesi, þegar sólin var komin fram fyrir fjöllin á sunnudagsmorgni."

Kristinn Sigurðsson, Urðarvegi 40, Vestmannaeyjum, hefur í vottorði, dagsettu 25. nóvember 1969, skýrt svo frá.

„Ég undirritaður votta hér með að hafa farið nokkrar veiðiferðir í Holtsós með Andrési Andréssyni í Berjanesi, Austur-Eyjafjöllum, á tímabilinu 1945 og fram til ársins 1967."

Gunnlaugur Loftsson, Brávallagötu 14, Reykjavík, hefur í vottorði 15. ágúst 1970 skýrt svo frá:

„Er ég var kaupamaður í Berjanesi hjá O. J. Hvanndal á árunum 1921—23, fór ég oft og mörgum sinnum til silungsveiða með fyrirdráttarnet í Holtsós svo sem aðrir þeir, er í Berjanesi og Berjaneskoti voru. Fór ég þessar veiðiferðir þá í fullu trausti þess, að Berjanesið ætti óskoraðan rétt til að veiða þar, enda aldrei annars var en svo væri."

Sigurður Jónsson, Eyvindarhólum, hefur hinn 2. júlí 1970 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirritaður lýsi því yfir, að á þeim tíma, sem ég var í Berjanesi, það er frá 10. september 1888 til 1920, átti sú jörð engan veiðirétt í Holtsósi."

Guðrún Hafliðadóttir hefur hinn 18. júlí 1971 gefið svohljóðandi vottorð:

„Ég undirrituð, Guðrún Hafliðadóttir, Fossi á Rangárvöllum, votta hérmeð, að er ég var um tvítugsaldur, en ég er fædd árið 1904, dvaldi ég um þriggja ára skeið að Núpi undir Eyjafjöllum. Á hverju hausti dvaldi ég nokkra daga að Berjaneskoti hjá Andrési Pálssyni og konu hans. Erindi mitt þar var að aðstoða son bónda, Andrés sem nú býr í Berjanesi, við að veiða silung í Holtsósi.

Við veiddum silunginn með ádrætti, og var veiði oft ágæt. Það kom veiðihrota á þessum tíma árs, og þurfti að nota hana, á meðan hún gafst. Silungurinn var síðan verkaður og saltaður niður til vetrarins.

Einn atburður úr þessum veiðiskap mun mér seint úr minni líða. Við Andrés vorum langt komin með að draga upp netið, er ég sá einhverja dökka veru fyrir framan Andrés og held fyrst, að þetta sé maður. En brátt er mér ljóst, að þetta er selur, er reisir sig upp úr vatninu og ræðst að Andrési með því að slengja hreifunum framan á brjóst hans.

Andrés hrópaði til mín að gæta netsins, um leið og hann tók að slást við ófreskjuna.

Lauk þeim átökum svo, að Andrési tókst að rota selinn með hnefunum.

Við vorum heldur hreykin, er við komum heim með alla veiðina, 60 silunga, marga væna og sel að auki.

Ég hefi ætíð heyrt síðan, að Andrés dragi björg í bú úr Holtsósi, enda hefi ég alltaf haldið, að Berjanes og Berjaneskot ættu land að Holtsósi, a. m. k. var enginn vafi á því talinn, að Berjaneskot átti land að Holtsósi, þegar ég hjálpaði Andrési við veiðarnar."

VII.

Í málinu liggur frammi endurrit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, að því er varðar upplýsingar um Berjanes og Berjaneskot. Eigi er í yfirliti þessu getið um silungsveiði sem hlunnindi þessara jarða.

Einnig liggur frammi endurrit úr sömu jarðabók, að því er varðar „Holt, kirkjustaður og Beneficium". Þar segir m. a.: „Selveiði og silungsveiði hefur fyrrum nokkur verið, nú minni og næsta að engu gagni, því silungsgengdin þverrar og þar fyrir er hún ekki svo tíðkuð."

Á dskj. nr. 121 er ljósrit úr jarðabók fyrir Rangárvallasýslu 1803. Þar er getið um aðstöðu til sjóróðra, en ekki er getið um silungsveiði, að því er jörðina Berjanes varðar.

Í málinu liggur frammi vottorð, dags. 19. júní 1970, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að samkvæmt fasteignamatsskýrslu um jörðina Berjanes 1930 stendur eftirfarandi sem svar við spurningu um hlunnindi jarðarinnar:

„Jörðin á reka og rjett til silungsveiði í Holtsós."

Skýrsla þessi er undirrituð þannig:

„Berjanesi 7. nóv. 1929

Sveinn Ó. Ásbjörnsson."

Þjóðskjalasafn Íslands
Gunnar Sveinsson
Skjalavörður."

Í málinu liggur frammi svohljóðandi vottorð:

„Það vottast hér með, að samkvæmt fasteignamatsskjölum 1942 er strikað undir orðið *silungsveiði* þar, sem hlunnindi eru talin, við eftirtaldar jarðir í Austur-Eyjafjallahreppi:

Berjanes I	Eigandi:	Ólafur Hvanndal, Reykjavík.
	Ábúandi:	Bjarni Guðmundsson.
Berjanes II	Eigandi:	Ólafur Hvanndal.
	Ábúandi:	Andrés Andrésson.
Berjaneskot	Eigandi:	Ólafur Hvanndal.
	Ábúandi:	Helgi Hjálmarsson.

Einnig er orðið *silungsveiði* auðkennt á sama hátt við jörðina Steina III í Austu-Eyjafjallahreppi og Vallnatún í Vestur-Eyjafjallahreppi.

Þjóðskjalasafn Íslands
Gunnar Sveinsson
skjalavörður."

Í málinu liggur frammi vottorð Hannesar Pálssonar, fulltrúa í fjármálaráðuneytinu, dags. 11. júní 1970, svohljóðandi:

„Samkvæmt jarðalýsingu 1940 og aðalmati, er tók gildi 1942, er veiði í á eða vatni ekki talin til hlunninda Berjanesi né Berjaneskoti, Austur-Eyjafjallahreppi."

Þá liggur frammi vottorð Hannesar Pálssonar, dags. 23. júní 1970, svohljóðandi:

„Í tilefni af áður gefnu vottorði varðandi hlunnindi á jörðunum Berjanesi og Berjaneskoti í Austur-Eyjafjallahreppi skal þetta fram tekið:

Samkvæmt lýsingu héraðsnefndar 1940 eru engar tekjur taldar af veiði né öðrum hlunnindum á þessum jörðum, og eru því hlunnindi ekki tekin með, þegar fasteignamat jarðanna er ákveðið.

Hinsvegar er það rétt, sem á hefur verið bent, að héraðsnefnd hefur með daufu blýantsstriki strikað undir orðin silungsveiði og reki á báðum þessum jörðum. Má því e. t. v. segja, að þessi hlunnindi séu til staðar, þó þau virðist ekki hafa verið nýtt til arðs."

Í málinu liggur frammi sem dskj. nr. 107 ljósrit af fasteignamati 1942 fyrir Berjanes II. Þar kemur fram, að hlunnindaliðirnir: silungsveiði og reki eru undirstrikaðir með bleki. Er skjal þetta vottað af Gunnari Sveinssyni, skjalaverði Þjóðskjalasafns.

IX.

Í málinu hafa verið lagðir fram uppdrættir Íslands, svonefnd herforingjaráðskort, þ. á m. blað nr. 59 samkvæmt mælingu frá 1907, með endurskoðun 1935, og blað nr. 59 samkvæmt mælingu 1906, með endurskoðun frá 1950. Hið fyrra kort er í mælikvarða 1:100.000, en hið síðara í mælikvarða 1:50.000.

Þá liggur frammi uppdráttur af láglendi A-Eyjafjalla, blað 1 í mælikvarða 1:5000, mælt í ágúst 1941 af Ásgeiri L. Jónssyni, sbr. yfirmatsgerð.

Á dskj. nr. 89 liggur frammi ljósmynd af Holtsósi og umhverfi.

Inn á flugmynd þessa hafa verið merktar tvær landamerkjalínur jarðarinnar Berjaness.

X.

Stefnendur styðja kröfur sínar fyrst og fremst þeim rökum, að Berjanesið eigi ekki land að Holtsósi og enginn veiðiréttur í Holtsósi fylgi þeirri jörð. Það sé forn regla í íslenskum lögum, að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörðu, og hafi sú regla verið staðfest með ákvæðum vatnalaga og laga um lax- og silungsveiði. Stefndi hafi sjálfur á dskj. nr. 5 viðurkennt, að jörðin Berjanes ætti ekki land að ósnum, og sé hann bundinn af þessari yfirlýsingu samkvæmt 123. gr. laga nr. 85/1936. Stefndi hafi hins vegar veitt í ósnum í heimildarleysi, enda þótt honum hafi verið og mátt vera ljóst, að Berjanesinu fylgdi enginn veiðiréttur í Holtsósi. Í því sambandi leggja stefnendur áherslu á yfirlýsinguna á dskj. nr. 4, þar sem stefnda hafi árið 1949 verið gert ljóst, að hann stundaði veiðiskap í heimildarleysi. Jafnframt halda stefnendur því fram, að stefndi hafi reynt að leyna þá veiðiskap sínum og veiðarnar hafi hann oft stundað að næturlagi. Allt sýni þetta, að stefnda hafi verið ljóst, að hann átti ekki veiðiréttinn. Stefnendur mótmæla niðurstöðu yfirmatsgerðarinnar, enda líta stefnendur svo á, að tímabundinn veiðiréttur geti ekki fylgt jörðu, svo sem yfirmatsmenn geri ráð fyrir. Taka stefnendur fram í því sambandi, að yfirmatsmenn vísi í matsgerðinni hvorki til lagaákvæða né annarra réttarheimilda ályktunarorðum sínum til stuðnings.

Stefnendur mótmæla því, að stefndi hafi unnið hefð á veiðirétti í Holtsósi, Berjanesinu eða stefnda persónulega til handa, þar sem öll skilyrði skorti til þess. Í fyrsta lagi hafi stefndi ekki sannað, að hann hafi óslitið í hefðartíma fullan stundað veiði í Holtsósi. Í öðru lagi hafi hann stundað veiðina gegn betri vitund, enda hafi veiðin oft verið stunduð að nóttu til. Í þriðja lagi hafi veiðin verið stunduð ýmist austan eða vestan hreppamarkanna og því ekki fyrir landi ákveðinnar jarðar, allra síst fyrir landi Berjaness. Þá halda stefnendur því fram, almennt séð, að stefndi geti ekki unnið hefð á veiðirétti. Samkvæmt þessu líta stefnendur svo á, að stefndi eigi engan veiðirétt í Holtsósi, hvorki tímabundinn né með öðrum hætti.

Að því er varðar varakröfuna, þá leggja stefnendur áherslu á, að stefndi hafi enga hefð unnið á veiðirétti í löndum Steinajarða í Austur-Eyjafjallahreppi eða í löndum Holtstorfunnar í Vestur-Eyjafjallahreppi, og komi þá heldur ekki til mála, að hann eigi

rétt til veiði í almenningi vatnsins. Varakrafa stefnenda virðist því við það miðuð, að réttur stefnda til veiði í Holtsósi geti a. m. k. aldrei gengið lengra en að honum sé veiði heimil á sínu landi, þegar ósinn stendur uppi.

XI.

Stefndi styður kröfur sínar þeim rökum fyrst og fremst, að frá því að elstu skjöl greini hafi Berjanes talist eiga land að Holtsósi og að frá því að elstu menn muni, hafi Berjanesbændur stundað veiði í vatni þessu. Þessu til sönnunar vísar stefndi á áðurgreindan héraðsdóm frá 3. maí 1645, sbr. kafla II hér að framan, og reglugerð frá 29. ágúst 1844 um útmokstur, sem rakinn hefur verið í sama kafla. Hann skírskotar til örnefnaskrár, sem um getur hér að framan í VI. kafla. Jafnframt vitnar hann til ummæla í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem rakin hafa verið í kafla II hér að framan. Þá bendir hann á, að Berjanesbændur hafi jafnan tekið þátt í kostnaði við útmokstur óssins bæði fyrr og síðar. Hann leggur áherslu á, að í fasteignamati 1930 sé silungsveiði tilgreind sem hlunnindi fyrir Berjanes og skjöl varðandi fasteignamat 1942 tilgreini slík hlunnindi einnig. Hann bendir á, að í bréfi veiðimálastjóra, sem rakið hefur verið hér á undan, komi fram það álit veiðimálastjóra, að tímabundin aðstaða sé til veiði fyrir Berjaneslandi. Þá komi fram viðurkenning í bréfi séra Halldórs Gunnarssonar vegna Fiskiræktarfélags Holtsóss á því, að Berjanesið sé eitt af landeigendum vatnasvæðisins. Stefndi vitnar til dskj. nr. 79, sem er bréf til alþingismanna Suðurlandskjördæmis. Bréf þetta sé undirritað af honum og þeim, sem nú vilji dæma hann frá öllum rétti til þess að eiga land að Holtsósi og hafa þar veiðirétt, en bréfið hefjist á þessum orðum:

„Vér undirritaðir ábúendur þeirra jarða, er slægju og nytjalönd eigum að Holtsósi í Vestur-Eyjafjallahreppi, leyfum oss hérmeð að leita til yðar um eftirfarandi erindi.

Það er öllum kunnugt, er til þekkja, að eignarlönd þau, er liggja að Holtsósi, hafa frá fornu og allt til þessa dags verið höfuðnytjalönd þeirra jarða, er þar eiga hlut að máli, einkum til slægna og jafnframt til beitar, enda land þröngt og þéttbýlt umhverfis ósinn.“ Stefndi vitnar til eftirfarandi úr undirmatsgerð: „Af þessum staðháttum leiðir, að austurmörk Holtsóss færast ýmist austur eða vestur yfir landamörk jarðarinnar Berjaness, eins og þau landamörk voru sýnd okkur og hafa verið merkt á flugljósrit.“ Og enn fremur:

„Svo lengi sem menn hafa áreiðanlegar spurnir af, hefur ósinn staðið uppi um einhvern tíma og oft hvað eftir annað á hverju ári og jafnoft grafist út, stundum af sjálfsdáðum og stundum af mannavöldum."

Enn síðar:

„... en engin tök eru á að áætla, hver yrði tímalengd hvors ástands um sig." Það hefði því mátt ætla, að ofangreint hefði verið nægar skýringar af hálfu matsnefndar, sem sagt, ef ekki sé gripið inn í af manna völdum, þá sé Holtsós langtímum saman yfir landi Berjaness. Niðurstaða undirmatsmanna í matsgerðinni fái því engan veginn staðist.

Stefndi heldur því fram, að hann eigi rétt samkvæmt venju til þess að veiða eins og aðrir þar í vatninu, sem veiði er og þar sem unnt er að stunda hana á hverjum tíma. Hin ýmsu gögn málsins gefi glöggt til kynna, að veiðiréttur hafi fylgt Berjanesinu frá alda öðli, og jafnvel þótt rétturinn teldi einhver áhöld um þann veiðirétt, þá kveðst stefndi sjálfur hafa stundað reglubundnar veiðar, sem til hefðarhalds leiði, í meira en 40 ár, svo sem hin fjölmörgu vottorð sanni. Þá kveðst hann eiga rétt til veiði í almenningi vatsnins samkvæmt ákvæðum laga um lax- og silungsveiði. Hann skírskotar til skýrslna sinna, bæði í bréfum, sem lögð hafa verið fram í málinu, og aðiljaskýrslu þeirrar, er hann gaf hér fyrir dóminum. Hann heldur því ákveðið fram, að hann hafi ekki stundað veiðiskapinn með neinni leynd, og mótmælir þeim ávirðingum, sem felist í ummælum að þessu leyti, sem fram hafa komið af hálfu stefnenda, enda séu ummæli þessi röng og að engu hafandi.

XII.

Hér að framan hafa verið rakin þau helstu gögn, sem málsaðiljar byggja kröfur sínar á.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Það er álit dómsins, að stöðuvatnið Holtsós sé sérstætt að því leyti, hversu vatnsborð þess er breytilegt. Samkvæmt gögnum málsins hefur útfall óssins iðulega lokast á umliðnum öldum á þann hátt, sem lýst er í undirmatsgerð. Samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar frá ágúst 1941 getur hækkun vatnsborðsins numið allt að 4 metrum frá lægstu stöðu vatnsins, en þá er ósinn yfir landi Berjaness.

Að svo vöxnu máli verður með vísan til yfirmatsgerðar, sem ekki hefur verið hnekkt, að líta svo á, að jörðinni Berjanesi fylgi veiðiréttur í Holtsósi í óumdeildu Berjaneslandi, þegar ósinn er

uppi. Leiðir þetta til þess, að stefndi á þá einnig rétt til veiði í almenningi vatnsins, enda verður eigi á það fallist með stefnendum, að undirskrift stefnda undir bréfið á dskj. nr. 5, en stefndi er þá ekki eigandi, heldur aðeins ábúandi jarðarinnar, breyti þar nokkru um.

Gegn mótmælum stefnenda hefur stefndi ekki sannað, að sú venja sé um veiðiskap í Holtsósi, að hverjum, sem veiðirétt á þar, sé heimilt að veiða hvar sem er í vatninu, enda verður að líta svo á samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja, að hverri jörð eða jarðartorfu fylgi sérréttur til veiði innan netlaga fyrir landi hverrar jarðar eða jarðartofu.

Samkvæmt málflutningi stefnda má ráða, að hann hafi stundað veiðar á þann hátt, sem hann telur venju standa til, eins og lýst hefur verið hér að framan, þ. e. a. s. á hinum ýmsu stöðum í vatninu, bæði í Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppi. Virðist stefndi því hafa veitt ýmist í netlögum jarða bæði í Austur-Eyjafjallahreppi og Vestur-Eyjafjallahreppi eða í almenningi vatnsins. Þykir þessi veiðiskapur stefnda hafa verið með þeim hætti gagnvart hinum einstöku jörðum, sem lönd eiga að ósnum, að ekki er unnt þegar af þeirri ástæðu að fallast á það með honum, að hann hafi með hefð unnið rétt til veiði innan netlaga hinna einstöku jarða.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður aðalkrafa stefnenda ekki tekin til greina.

Þegar virt er kröfugerð aðilja og málflutningur hér fyrir dómi, þykir samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, bera að taka varakröfu stefnenda til greina þannig, að stefndi telst eiga veiðirétt í Holtsósi í landi Berjaness, þegar ósinn stendur uppi, svo og í almenningi vatnsins utan netlaga.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun talsmanna aðilja hér fyrir dómi, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar, umboðsmanns stefnenda, og Páls S. Pálssonar, umboðsmanns stefnda, kr. 140.000.00 til hvors, greiðast úr ríkissjóði.

Rúnar Guðjónsson, settur sýslumaður í Rangárvallasýslu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bjarna K. Bjarnasyni borgardómara og Klemenz K. Kristjánssyni, fyrrverandi tilraunastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Andrés Andrésson, skal vera sýkn af aðalkröfu stefnenda, Karls Sigurjónssonar, Lárusar Hjaltesteds, Sigríðar

K. Jónsdóttur, Haralds Axels Ólafssonar, Ólafs Sigurjónssonar, Viðars Björnssonar, Sigurjóns Guðjónssonar, Lárusar Ágústssonar, dánarbús Einars Jónssonar, Halldórs Gunnarssonar, Einars Sigurðssonar, Bárðar Magnússonar, Sigurbergs Magnússonar, Ragnars Eyjólfssonar og Páls Magnússonar, í máli þessu.

Varakrafa stefnenda er tekin til greina, svo sem lýst er í kafla XII hér að framan.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun talsmanna aðilja, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssoar og Páls S. Pálssonar, kr. 140.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 26. mars 1974.

Nr. 174/1974: **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Heiðberg.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur 21. mars 1974 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Hafnarfjarðar, er kveðinn var upp sama dag. Bárust kærugögn Hæstarétti 22. s. m. Í máli þessu hefur verjandi vernaraðilja, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður, krafist þess, að Sigurður Hallur Stefánsson aðalfulltrúi víki sæti við framhaldsrannsókn vegna hæstaréttarmálsins nr. 174/1973: Ákæruvaldið gegn Jóni Heiðberg. Kæru varnaraðilja verður að skilja svo, að hann krefjist þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið.

Greinargerð hefur ekki borist frá saksóknara ríkisins.

Saksóknari ríkisins hefur ekki veitt leyfi til kæru þessarar, sbr. 1. tl. 171. gr. laga nr. 73/1973, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Krafa sú, er að framan greinir, er fjarri sanni. Ber að víta Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmann fyrir löglausa kæru úrskurðarins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Hafnarfjarðar 21. mars 1974.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum mánudaginn 7. maí 1973, var Jón Heiðberg, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði, dæmdur til að sæta varðhaldi 15 daga og sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dómsins. Dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Með bréfi, dagsettu 15. mars 1974, til dómsins hefur saksóknari ríkisins beiðst framhaldsrannsóknar í málinu. Segir í bréfinu: „Óskast lögreglumenn, varðstjóri og rannsóknarlögreglumenn, sem stóðu að rannsókn málsins, kallaðir fyrir dóm og yfirheyrðir um málsatvik svo og ákærði, ef þörf þykir."

Klukkan 1400 í dag hófst réttarhald í málinu að viðstöddum fulltrúa saksóknara og verjanda ákærða, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni. Í upphafi réttarhaldsins lét dómarinn bóka eftirfarandi: „Ákærði var ekki boðaður, þar sem dómari leit svo á, að ekki væri séð fyrir um þörf þess, fyrr en lögreglumenn hefðu verið yfirheyrðir. Einnig taldi hann, að verjandi hans mundi boða hann, sæi hann sérstaka ástæðu til. Ákærði er ekki mættur, en hins vegar lögreglumenn þeir allir, sem greinir í bréfi saksóknara ríkisins, dskj. nr. 1. Í samræmi við kröfu fulltrúa saksóknara ákveður dómarinn, að yfirheyrslur hefjist nú yfir lögregluþjónunum."

Að ósk verjandans var eftirfarandi bókað: „Tilgangur minn með beiðni um framhaldsrannsókn er eingöngu sá, að ákærði komi fyrir dóm og svari spurningum um efnisatriði þau, sem greinir í bréfi, dags. 11. 3. s.l. Var ég í þeirri trú, að dómarinn boðaði ákærða í þessu skyni, enda ekki séð dskj. nr. 1 fyrr en nú í réttinum. Ég geri ákveðna kröfu til þess, að ákærði sé fyrst yfirheyrður um þessi atriði, enda tel ég mig ekki geta ákvarðað, til dæmis um spurningar til lögreglumannanna, nema hafa fyrst heyrt framburð ákærða.

Þá tel ég mig hafa ástæðu til að ætla, að andstaða væri yfirleitt gegn því, að ákærði komi aftur fyrir dóm, sbr. dskj. nr. 1, og þá afstöðu, sem fram hefur komið hjá rannsóknardómaranum í þessu þinghaldi, og tel mig því ekki hafa neina tryggingu fyrir því, að ákærði komi aftur fyrir dóminn. Hlýt ég því að mótmæla því, að lögreglumennirnir verði yfirheyrðir nú af tilefni af beiðni minni um framhaldsrannsókn, og tel ég nú rétt að gera kröfu til þess, að rannsóknardómarinn víki sæti með tilvísun til fyrri afskipta hans af málinu svo og með tilvísun, sem að ofan greinir í bókun þessari.

Verjandi tekur þó fram, að krafa hans sé tengd því atriði, hvort rannsóknardómarinn verði við kröfu hans um það, að ákærði komi fyrst fyrir dóminn og falli frá ákvörðun sinni um að yfirheyra lögregluþjónana fyrst. Lýsir verjandi sig reiðubúinn að falla frá kröfu um sætisvikningu á ofangreindum grundvelli."

Ekkert hefur komið fram, sem bendir til andstöðu rannsóknardómarans gegn því, að ákærði komi fyrir dóminn, þótt honum hafi ekki að svo komnu þótt ástæða til að eiga frumkvæði að því. Að öðru leyti verður ekki talið, að rannsóknardómarinn hafi með því, sem fram hefur farið í þessu réttarhaldi, eða með afskiptum af málinu að öðru leyti gert sig óhæfan til að fara áfram með málið. Brestur því algerlega grundvöll fyrir því, að framangreind krafa verjandans verði tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa um, að rannsóknardómarinn, Sigurður Hallur Stefánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, víki sæti, er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 26. mars 1974.

Nr. 45/1973: **Sigurður A. Magnússon**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra og saksóknara ríkisins f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. mars 1973. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 150.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til 1. júní 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en áfrýjandi nýtur gjafsóknarkjara fyrir Hæstarétti í máli þessu samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi hér fyrir dómi var því lýst, að ríkissjóður hafi „greitt að fullu málskostnað áfrýjanda í héraði" samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961.

Héraðsdómur út af sakarefni þessu var fyrst kveðinn upp hinn 27. október 1971, en sá dómur var ómerktur með dómi Hæstaréttar 9. febrúar 1973. Í dómsstefnu í héraði í því máli var stefnufjárhæð kr. 75.000.00, en hún er kr. 150.000.00 í máli þessu, sem höfðað var í héraði hinn 13. febrúar 1973. Stefndi hefur eigi hreyft andmælum gegn greindri hækkun.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi. Opinbert mál hefur eigi verið höfðað gegn áfrýjanda vegna háttsemi hans.

Samkvæmt gögnum máls var löggæslumönnum heimilt samkvæmt 1. tl. 61. gr. laga nr. 82/1961 að handtaka áfrýj-

anda og fjarlægja hann af handtökustað, enda vildi hann ekki hlíta lögmætu umferðarbanni lögreglu, en hafði uppi svigurmæli við nafngreindan lögreglumann, sem var að skyldustörfum á vettvangi, þar sem uggvænt var um upphlaup. Áfrýjandi var ásamt fleiri mönnum hafður í haldi í lögreglubifreið, en síðan í vörslu lögreglu að Síðumúla í Reykjavík, alls um það bil eina klukkustund og tuttugu mínútur, uns hann var látinn laus. Verður ekki talið, að með þessum hætti hafi áfrýjanda verið haldið föngnum það lengi, að hann eigi af þeim ástæðum rétt til bóta úr hendi stefnda. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu, að áfrýjandi var látinn laus, áður en hann hafði verið yfirheyrður um sakargiftir, enda var það fullheimilt, og skýrsla um atburði var síðar tekin af áfrýjanda í sakadómi Reykjavíkur 6. janúar 1969.

Samkvæmt framanrituðu og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms verður ekki talið, að bótakrafa áfrýjanda hafi stoð í ákvæðum 151. gr., sbr. 150. gr. laga nr. 81/1962, nú lögum nr. 73/1973, eða öðrum réttarreglum. Ber því að staðfesta héraðsdóminn. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973, ber að dæma stefnda til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og Einars Arnalds.

Samkvæmt gögnum máls þykir löggæslumönnum hafa verið heimilt samkvæmt 1. tölulið 61. gr. laga nr. 82/1961 að handtaka áfrýjanda og fjarlægja hann af handtökustað, enda

hafði hann uppi svigurmæli um nafngreindan lögreglumann, sem var að skyldustörfum, á vettvangi, þar sem uggvænt mátti þykja um upphlaup. Áfrýjandi var hafður í haldi í lögreglubifreið um 20 mínútur, en síðan var honum ekið ásamt nokkrum öðrum mönnum, sem handteknir voru þar á vettvangi, að fangageymslu í Síðumúla í Reykjavík. Var áfrýjanda haldið þar föngnum um eina klukkustund, en sleppt að svo búnu. Ráða má af gögnum máls, að varðstjóri hefur fært nafn áfrýjanda til bókar, en ekki var hann yfirheyrður á þessum tíma um sakagiftir á hendur honum. Af hálfu stefnda skortir mjög skýrslur um það, í hvaða skyni áfrýjandi var sviptur frelsi jafnlengi og raun varð á. Er ósannað, að þörf hafi verið á frelsissviptingu svo lengi. Af þessum sökum þykir áfrýjandi eiga rétt til bóta samkvæmt 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 73/1973. Við ákvörðun þeirra ber að taka tillit til framferðis áfrýjanda, sem ekki var vítalaust. Þykja fébætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00, og ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú 154. gr. laga nr. 73/1973, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Sigurði A. Magnússyni, kr. 20.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Sigurður A. Magnússon ritstjóri, Felli, Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. febrúar 1973, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og saksóknara ríkisins f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta og miskabóta að fjárhæð kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. desember 1968 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál samkvæmt 154. gr. laga nr. 82/1961.

Stefndi hefur aðallega krafist algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsin, en til vara verulegrar lækkunar á fjárkröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Tildrögum að kröfum stefnanda er þannig lýst í stefnu: „. . . . að hinn 21. desember 1968 í lok fundar í Tjarnarbúð í Reykjavík, þegar stefnandi hugðist ganga heimleiðis, en hann átti brýnt erindi heim, þá veittust lögreglumenn að honum á tröppum fundarhússins, en hann var með þeim fyrstu fundarmanna, sem út komu, var honum bannað að halda leiðar sinnar og gefið í skyn, að hann hygðist taka þátt í óspektum og ólöglegri hópgöngu. Urðu nokkur orðaskipti milli Sigurðar og lögreglumannsins, en síðan skipti engum togum, að Sigurður var handtekinn og settur inn í lögreglubíl með öðru fólki, látinn bíða þar drykklanga stund í lögreglubílnum, en síðar ekið til fangageymslunnar við Síðumúla og án skýringar látinn vera þar fangi í fangaklefa ásamt 7 öðrum föngum, synjað þráfaldlega um það að hringja heim til sín, en að lokum hringdi lögreglumaður heim til Sigurðar og tilkynnti skýringarlaust um handtöku hans og með mjög villandi hætti. Sigurður hafði þó skýrt frá mjög viðkvæmum aðstæðum á heimili sínu. Að klukkustund liðinni var Sigurði þó sleppt án skýringa. Þennan sama dag lét yfirlögregluþjónninn í Reykjavík, sem haft var samband við, í embættisnafni hafa það eftir sér í fjölmiðlum, að Sigurður hefði verið eins konar forsprakki af þeim óeirðum, sem urðu, og bendlaði hann nafn Sigurðar við þessa atburði þannig með mjög ótilhlýðilegum hætti.“

Út af atburði þeim, sem mál þetta er sprottið af, fór fram ítarleg rannsókn í sakadómi Reykjavíkur. Verða framburðir úr þeirri rannsókn nú raktir til upplýsinga á málsatvikum og þá sérstaklega að því er stefnanda máls þessa varðar. Að öðru leyti snerist rannsóknin að átökum milli hóps fundarmanna og lögreglu.

Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn skýrði þar svo frá: „að laugardaginn 21. desember s.l. hafi lögreglustjóra borist bréf frá Félagi róttækra stúdenta og Æskulýðsfylkingunni, þar sem greind félög tilkynna hópgöngu og blysför um borgina kl. 17 greindan dag. Í bréfinu var jafnframt greint frá þeirri leið, sem gengin yrði. Á fundi, sem haldinn var í yfirstjórn lögreglunnar, var samþykkt að leyfa ekki göngu þá leið, sem félögin tilkynntu, þar sem slíkt yrði til mikillar truflunar á umferð. Var vitninu falið að reyna að hafa samband við forráðamenn göngunnar og fá þá til að fara aðra leið. Náði vitnið ekki sambandi við neinn fyrr en Leif Jóelsson á skrifstofu Æskulýðsfylkingarinnar um kl. 1440. Hann kvaðst ekki geta samið um eitt né neitt í því sambandi, en gaf vitninu samband við Ragnar Stefánsson. Skýrði vitnið Ragnari frá ákvörðun yfirstjórnar lögreglunnar og ástæðum hennar og óskaði eftir samkomulagi um aðra leið. Sagði Ragnar þá: „Þetta eru pólitískar ofsóknir, og við göngum, þar sem okkur sýnist, án þess að biðja ykkur um leyfi. Við höfum tilkynnt ykkur, hvar við ætlum að fara, og það er nóg.“ Ekki kvaðst Ragnar mega vera að frekari umræðum um málið, og lauk viðtali þeirra með því, að vitnið bað Ragnar um skilaboð til Hafsteins Einarssonar, sem undirritað hafði bréfið til lögreglustjóra. Voru skilaboðin þess efnis, að Hafsteinn hefði samband við vitnið. Ekki hafði Hafsteinn samband við vitnið, og þegar dró að fundarlokum í Tjarnarbúð, hélt vitnið þangað í því skyni að hafa tal af greindum Hafsteini. Náði vitnið tali af honum. Taldi hann í fyrstu tormerki á því að breyta gönguleið, þar sem hún hefði verið samþykkt á fundinum, eins og í bréfinu greindi, og jafnframt hefði verið samþykkt að brjótast í gegn, ef reynt yrði að hindra það. Hafsteinn samþykkti að gera sitt til þess að fá þessu breytt, og í því skyni gengu hann og vitnið út úr húsinu. Sá vitnið þá, hvar verið var að handtaka Ragnar Stefánsson. Rétt á eftir frétti vitnið, að Sigurður A. Magnússon hefði einnig verið handtekinn. Vitnið heyrði, að Ragnar hrópaði til fólksins: „Allir út á Austurvöll.“ Vitnið segir, að lögreglumenn hafi verið til staðar fyrir utan húsið, og reyndu þeir að fá fólkið til þess að bíða, á meðan reynt væri að semja um aðra gönguleið. Margir hlýddu þessu ekki og voru þegar komnir á stað út á Austurvöll með logandi kyndla og mótmælaspjöld. Virtust menn hlýða kalli Ragnars, og þyrptist fólkið út á Austurvöll. Stöðvuðu lögreglumenn fólkið þar. Vitnið kveðst hafa gengið með Hafsteini út á Austurvöll, og voru þá byrjuð átök þar. Vitnið sá að inni í mannþrönginni voru átök, en getur ekki borið um hverj-

ir þar áttust við..... Síðan varð samkomulag við Hafstein um að breyta gönguleiðinni, og bað Hafsteinn fólkið að hlýða, og var það gert. Einu tafirnar á leiðinni urðu á mótum Pósthússtrætis og Skólabrúar, er göngumenn köstuðu blysi undir lögreglumótorhjól, er þar stóð. Síðan stöðvaðist gangan á Skálholtsstíg við Laufásveg, en þaðan átti sendinefnd göngumanna að fara með fundarsamþykkt að bandarískа sendiráðinu, en úr því varð ekki, þar sem fundarsamþykktin var í höndum Ragnars Stefánssonar, sem handtekinn hafði verið."

Yfirlögregluþjónninn tók það fram í framburði sínum, að hann hefði ekki séð annað af handtöku stefnanda en fætur hans, er hann var færður inn í lögreglubifreiðina, en verið tjáð síðar, að það hafi verið stefnandi málsins.

Guðmundur Kristján Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn staðfesti í rannsókn sakadóms skýrslu, er hann ritaði lögreglustjóra um „handtökur Sigurðar A. Magnússonar og Ragnars Stefánssonar" (dskj. nr. 11), en skýrsla þessi hljóðar svo:

„Laugardaginn 21. des. 1968 kl. 17.00 hafði verið boðuð hópganga og blysför um miðborgina frá Tjarnarcafé að sendiráði Bandaríkjanna við Laufásveg, sbr. skýrslu yfirlögregluþjóns, Bjarka Elíassonar. Undirritaður var staddur við Tjarnarcafé og lögreglumenn í þrem lögreglubifreiðum vegna þess, að lögreglustjórnin hafði neitað hlutaðeigendum um leyfi fyrir göngunni um þær umferðargötur, sem tilteknar voru í tilkynningu. Þá stóð yfir fundur í Tjarnarcafé. Ég fékk fréttir frá fundinum, að samþykkt hafi verið að virða að vettugi bann lögreglunnar og ganga umræddа leið. Yfirlögregluþjónn fór inn í Tjarnarcafé til viðræðna við þann, er tilkynnt hafði bréflega um gönguna. Áður en hann kom út aftur, kom út hópur fólks með spjöld og virtist ætla í átt að Austurvelli. Ég gekk í veg fyrir fólkið, bað það að fara ekki lengra, skýrði fyrir því, að neitað væri um leyfi fyrir göngu þess í hóp um miðborgina, en verið væri að semja um aðra leið. Maður, sem ég þekki fyrir Sigurð A. Magnússon, spurði þá strax mjög hvassyrtur, hvort ég ætlaði að meina sér að ganga um borgina. Ég sagði honum, að samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar væri lögreglunni heimilt að banna mannsöfnuð á almannafæri, þegar ætla mætti, að af honum leiddi óspektir. Auk þess væri umferð takmörkuð í miðborginni vegna jólanna. Er hér var komið, reiddist Sigurður mjög og var æstur og hávær, er hann sagði við fólkið, sem með honum var, að hlusta ekki á mig. Hann sagði því, að ég væri „kraftaidiot, sem þekktur væri um allt land fyrir ofbeldi."

Ég fann, að Sigurður æsti fólkið upp gegn lögreglunni, gekk því til hans og bað hann að endurtaka stóryrðin, og gerði hann það. Á meðan leiddi ég hann að lögreglubifreið, sem var nokkra metra frá, og setti hann þar inn. Ekki veit ég, hvort Sigurður hefir haft það hlutverk að veita þessum hópi forustu eða hvort það hefur gerst óvart, en ég tel, að með þeim stóryrðum, sem hann lét falla, hafi hann kvatt til óhlýðni við lögregluna. Ég hirði ekki um að nefna öll lýsingarorðin eftir Sigurði.

Stuttu síðar kom Ragnar Stefánsson út úr Tjarnarcafé og hafði gjallarhorn meðferðis. Hópur manna fylgdi honum. Ég gekk í veg fyrir hann og ætlaði að ræða við hann, en hann vildi ekki hlusta á mig. Ég tók í hann, til að hann veitti mér athygli og áheyrn, en hann sleit sig lausan og hljóp í átt að Austurvelli. Ég hljóp á eftir honum og náði honum, áður en hann kom að Kirkjustræti. Færði ég hann að lögreglubifreiðinni, sem fyrr getur, en þar tóku lögreglumenn við honum. Hallgrímur Jónsson varðstjóri og Indriði Jóhannsson lögrþj. brugðu handjárnum á hann og settu hann í lögreglubifreið. Á meðan þessu fór fram, hrópaði Ragnar til fólksins í sífellu: „Farið út á Austurvöll."

Sigurður A. Magnússon var færður ásamt fleirum að lögreglustöðinni við Síðumúla, en Ragnar Stefánsson að lögreglustöðinni við Pósthússtræti. Um einni klst. síðar var þeim báðum leyft að fara leiðar sinnar."

Síðan er framburður Guðmundar Kristjáns á þessa leið: „Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan Tjarnarbúð ásamt fleiri lögreglumönnum, um það leyti sem fundi var að ljúka þar þann 21. desember s.l. Þar var einnig staddur í bifreið Bjarki Elíasson, yfirlögregluþjónn. Vitnið hitti þarna á staðnum mann, sem verið hafði á fundinum, og sagði hann vitninu, að fundinum væri að ljúka og að þar hefði verið samþykkt að ganga þá leið, sem fyrirsvarsmenn fundarins höfðu áður boðað. Sagði vitnið Bjarka frá þessu, og fór hann inn í húsið til að hafa tal af Hafsteini Einarssyni til að semja við hann um aðra gönguleið. Á meðan Bjarki var inni í húsinu, kom hópur fólks út úr því með spjöld. Gekk vitnið ásamt Hallgrími Jónssyni, varðstjóra, í veg fyrir fólkið og bað það að bíða, þar sem verið væri að reyna að semja um aðra gönguleið. Hópur þessi mun hafa verið í kringum 20—30 manns, og í miðjum hópnum var maður, sem vitnið þekkti fyrir Sigurð A. Magnússon, en hafði þá aldrei talað við hann áður. Vitnið heyrði einhverjar óánægjuraddir í hópnum, og Sigurður A. Magnússon sneri sér að vitninu og spurði það, hvort það ætlaði að meina sér að ganga um

borgina. Endurtók þá vitnið ósk um, að fólkið dokaði við. Sigurður spurði vitnið, hvaðan því kæmi heimild til að stoppa sig af. Tjáði vitnið honum, að samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar væri lögreglunni heimilt að banna mannsafnað á almannafæri, þegar ætla mætti, að af honum leiddi óspektir. Einnig tjáði vitnið Sigurði, að umferð væri takmörkuð vegna jólanna. Spurði Sigurður þá: „Ætlar þú að fara að kenna mér stjórnarskrána, fíflið þitt." Síðan beindi Sigurður orðum sínum að fólkinu og sagði því að hlusta ekki á þennan asna, hann væri kraftidiot og þekktur um land allt fyrir ofbeldi. Þegar hér var komið, fann vitnið, að Sigurður var að æsa fólkið upp gegn lögreglunni. Gekk vitnið því til hans og spurði hann, hvort hann vildi endurtaka ummælin um sig, og gerði hann það, um leið og vitnið leiddi hann að lögreglubifreið, sem var þarna rétt við. Fór Sigurður inn í bifreiðina mótþróalaust, og lauk þar með afskiptum vitnisins af Sigurði."

Hallgrímur Jónsson lögregluvarðstjóri skýrði svo frá í framburði sínum í sakadómsrannsókninni, að því er stefnanda varðar, á þessa leið:

„Vitnið segir, að Guðmundur Hermannsson hafi ávarpað hóp manna, sem komnir voru út úr húsinu, og beðið þá um að fara ekki niður í miðborgina fyrirhugaða gönguleið. Vitnið segir, að Sigurður A. Magnússon hafi orðið fyrstur til að andmæla Guðmundi. Heyrði vitnið, að hann sagði við Guðmund, að hann væri kraftaidiót og landskunnur ofbeldismaður. Heyrði vitnið, að Guðmundur spurði Sigurð, hvort hann vildi endurtaka þetta, og gerði Sigurður það, a. m. k. að því er snertir fyrri hluta ummælanna. Að öðru leyti fylgdist vitnið ekki með orðaskiptum þeirra, þar sem það var upptekið við önnur störf á staðnum. Hins vegar sá vitnið, að Guðmundur færði Sigurð að lögreglubifreiðinni. Í framhaldi af handtöku Sigurðar handtóku aðrir lögreglumenn fleiri fundarmanna."

Einar Halldórsson lögreglumaður segir svo frá í rannsókn sakadóms:

„Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan fundarstaðinn við Tjarnarbúð ásamt fleiri lögreglumönnum. Vitnið kvaðst hafa verið statt skammt frá Guðmundi Hermannssyni og heyrði, að hann átti í hörðum deilum við mann, sem vitnið bar ekki kennsl á í fyrstu. Vitnið kveðst hafa fært sig nær þeim og heyrði þá orðaskil. Heyrði vitnið Sigurð fullyrða, en vitnið tekur fram, að það hafi séð, að um var að ræða Sigurð A. Magnússon, að hann hefði fullan rétt á að fara, hvar sem hann vildi, þar sem hann hefði verið gestur

fundarins, en bæri ekki ábyrgð á honum. Þá heyrði vitnið Sigurð segja, að Guðmundur væri kraftaidiót. Annað þorir vitnið ekki að fullyrða um viðræður þeirra."

Helgi Sigurður Jónsson lögreglumaður skýrði þar svo frá m. a.:

„Vitnið kveðst hafa verið statt fyrir utan Tjarnarbúð, þegar fundinum var að ljúka þar. Vitnið stóð álengdar þar, sem Guðmundur Hermannsson var að ræða við Sigurð A. Magnússon. Heyrði vitnið Sigurð fara niðrandi orðum um Guðmund og taldi hann ekki geta heft för sína. Ekki telur vitnið sig geta fullyrt orðrétt, hvað þeim fór á milli."

Hafsteinn Einarsson, stud. jur., skýrði frá því við sakadómsrannsóknina, að hann væri einn af þremur í stjórn félags róttækra stúdenta og einnig vera í sjö manna framkvæmdanefnd Æskulýðsfylkingarinnar, en hún hafi staðið einnig að greindum fundi og fyrirhugaðri göngu. Síðan skýrði Hafsteinn svo frá á þessa leið:

„Mætti kannast við að hafa undirritað bréf það, sem lögreglustjóra var sent, þar sem fyrirhuguð gönguleið var tilkynnt. Mætti segir, að gönguleiðin hafi verið ákveðin á fimmtudeginum eða föstudeginum fyrir fundinn. Mætti kveðst ekki hafa rætt við Bjarka Elíasson um þá ósk lögreglunnar, að gönguleiðinni yrði breytt, fyrr en að loknum fundi eða í þann mund, sem gangan skyldi hefjast. Mætti kveðst hafa frétt það á fundinum, að lögreglan hefði óskað eftir því, að gönguleiðinni yrði breytt, en segir, að það hafi verið almennt samkomulag fundarmanna að fara fyrirhugaða gönguleið. Mætti kveðst hafa álitið, að fundarmenn fengju að ganga fyrirhugaða leið þrátt fyrir tilmæli lögreglunnar um annað, og ekki kveðst hann hafa skilið tilmæli hennar á þann veg, að til banns myndi koma. Segist hann hafa fyrst heyrt það á Bjarka Elíassyni í lok fundarins, að um bann yrði að ræða við fyrirhugaðri gönguleið. Kveðst mætti þá hafa lofað Bjarka Elíassyni að ræða við félaga sína um breytta gönguleið, en þegar þeir Bjarki komu út úr fundarhúsinu, var búið að handtaka Ragnar Stefánsson. Segir mætti, að það hafi ekki bætt aðstöðuna til að ræða við forustumenn samtakanna.

Mætti kveðst hafa fylgst með Bjarka Elíassyni langleiðina út á Austurvöll, og þegar þangað var komið, kveðst hann hafa gert sitt til þess að fá fólkið til að fara aðra gönguleið, eftir að til nokkurra átaka var komið."

Þá var í sakadómsrannsókninni einnig tekin skýrsla af stefnanda. Þar segir orðrétt svo:

„Mætti kveðst hafa verið að koma út af fundinum í Tjarnar-

búð og hafa verið kominn nokkurn spöl frá tröppum hússins, þegar Guðmundur Hermannsson gekk í veg fyrir mætta. Mætti var einn á ferð, en kunningi hans rétt á eftir. Ekki man mætti til þess, að neinn hafi verið í kringum þá, en lögreglumenn rétt á næstu grösum. Mætti segir, að Guðmundur hafi sagt við sig, að hann færi ekki út á Austurvöll. Kveðst mætti hafa spurt Guðmund að því, hvaða heimild hann hefði til að hefta ferðir sínar. Vísaði Guðmundur í því efni til ákveðinnar greinar í stjórnarskránni, sem heimilaði lögreglunni að hefta ferðir manna, ef hætta væri á óspektum. Þá svaraði mætti Guðmundi á þann veg, að hann væri kraftidiót, ef hann héldi, að hann gæti túlkað stjórnarskrána á þann veg, að hann gæti heft ferðafrelsi mætta án nokkurs tilefnis. Ekki kannast mætti við það að hafa sagt við Guðmund, að hann væri landskunnur ofbeldismaður. Síðan bað Guðmundur mætta að endurtaka ummæli sín, og gerði hann það, og var hann síðan færður í lögreglubifreið af Guðmundi og öðrum lögreglumanni til."

Það kemur fram í framburði Ragnars Kristjáns Stefánssonar í sakadómsrannsókninni, að áformuð gönguleið fundarmanna skyldi vera um Aðalstræti og Austurstræti að bandarísku sendiráðinu, og skyldi gangan hefjast frá Austurvelli.

Í bréfi til lögmanns síns, dags. 18. mars 1969, lýsir stefnandi ítarlega atburðarás, að því er sig varðar. Þó þar sé að sumu leyti endurtekning á því, sem fram kemur í skýrslu hans í sakadómsrannsókninni, þá þykir rétt til frekari upplýsinga í málinu að rekja þá skýrslu, en þar segir svo:

„Umræddan dag fór ég á fund um Víetnammálið í Tjarnarbúð, sem haldinn var að tilhlutan Æskulýðsfylkingarinnar og Félags róttækra stúdenta. Aðalræðumaður var bandarískur stúdentaleiðtogi, sem skýrði frá baráttunni gegn Víetnam-stríðinu í heimalandi sínu. Með mér á fundinum var þýskur maður, Peter Behrens auglýsingateiknari, sem nú er kennari norður í Miðfirði. Í fundarlok skýrði Ragnar Stefánsson viðstöddum frá því, að fyrir stundarfjórðungi hefði borist bann lögreglunnar við fyrirhugaðri mótmælagöngu um ákveðnar götur í miðbænum, en hvatti menn til að virða það að vettugi, þar eð hér væri um að ræða pólitíska ofsókn. Kvað hann gönguna mundu hefjast frá Austurvelli strax að fundi loknum.

Síðan var fundi slitið, og fólk gekk af fundarstað. Við Peter vorum innarlega í salnum, þannig að við lentum einhvers staðar

nálægt miðri þvögunni, sem kom út úr Tjarnarbúð, og urðum við-skila í anddyrinu. Þegar ég hafði gengið nokkra metra frá tröpp-um Tjarnarbúðar, varð fyrir mér Guðmundur Hermannsson lög-regluþjónn og einhverjir samstarfsmenn hans. Guðmundur lagði blátt bann við því, að ég legði leið mína út á Austurvöll. Ég spurði, með hvaða rétti hann hefti ferðafrelsi friðsamra borgara um borg-ina. Hann kvaðst gera það samkvæmt 74. grein stjórnarskrárinn-ar, sem heimilaði lögreglunni að banna mönnum að safnast sam-an, ef hætta væri á óspektum. Ég þóttist hvorki ætla að efna til óspekta né taka þátt í óspektum, og voru því viðbrögð mín við yfirlætisfullri og gikkslegri framkomu lögregluþjónsins þau, að ég kallaði hann *kraftidiót* (sem hann mun hafa tekið fyrir kraft-aidiót), ef hann teldi sig geta heft ferðir mínar á þeirri fáránlegu forsendu, að hann hefði afráðið, að ég hygðist hvetja til, efna til eða taka þátt í óspektum. Lögregluþjónninn bað mig endurtaka þessi orð, sem ég gerði fúslega, og skipti þá engum togum, að ég var gripinn af Guðmundi og félaga hans og færður í nálægan lög-reglubíl. Þar varð löng bið, meðan verið var að fylla vagninn, en um síðir var ekið inn í Síðumúla, þar sem fangarnir, átta talsins, voru lokaðir inni í klefa, þar sem einungis voru sæti fyrir fimm. Hin þrjú urðu að sitja á gólfinu eða standa. Við reyndum að fá upplýsingar um sakargiftir, en fengum þau svör ein hjá viðstödd-um lögregluþjónum, að þeir vissu ekkert um málavexti. Þá báðu þrír bandingjanna um leyfi til að hringja, en var synjað um það, enda þótt enginn vissi, hve lengi okkur yrði haldið. Svo vildi til, að konan mín lá á fæðingardeildinni og fjögur börn, sem áttu að vera í gæslu ömmu sinnar fram að kvöldmat, og sennilega hafa þessar aðstæður valdið því, að varðstjórinn varð við ítrek-uðum tilmælum mínum og hringdi heim til mín. Þar varð tengda-móðir mín fyrir svörum og fékk þær upplýsingar einar, að ég væri í haldi hjá lögreglunni, en var synjað um allar frekari skýr-ingar. Hinsvegar var henni tjáð, að hún gæti fengið nánari upp-lýsingar á lögreglustöðinni. Þar var fyrir svörum Axel Kvaran varðstjóri og veitti þær upplýsingar, að „kommalýður", „Tjarn-argötuskríll" og annar óþjóðalýður hefði staðið að óspektum í miðbænum, og því væri ég í haldi. Morguninn eftir hringdi hún í Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og kvartaði yfir munnsöfnuði varðstjórans, en fékk þau svör, að hann væri kurteis og siðprúður starfsmaður. Lögreglustjóri lét þess getið, að full ástæða hefði verið til að handtaka mig, enda hefði hann fjölda vitna um fram-

ferði mitt við Tjarnarbúð. Ef ég hefði málssókn í huga, kvaðst hann geta upplýst, að hún væri vitavonlaus, og mundi ég ekki hafa betra af að leggja út í málaferli.

Þegar við bandingjarnir höfðum verið í haldi um klukkustund og nöfn okkar, fæðingardagar og heimilisföng skráð hjá varðstjóranum, var okkur sleppt skýringarlaust — eins og ekkert væri eðlilegra eða sjálfsagðara en svipta óbreytta borgara frelsi, þegar einstökum lögregluþjónum byði svo við að horfa.

Í sjónvarpsfréttum að kvöldi 21. desember og í Morgunblaðinu daginn eftir lét Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hafa það eftir sér, að ég hefði komið út úr Tjarnarbúð í broddi fundarmanna og hvatt til óspekta, og þess vegna hefði ég verið tekinn. Þessum framburði breytti yfirlögregluþjónninn svo í útvarpsþættinum „Daglegt líf", þegar við leiddum saman hesta okkar um viðburðina 21. desember. Þá sagði hann, að ég hefði verið handtekinn vegna þess, að ég hefði tekið þátt í mótmælagöngunni, sem hefði hafist við dyrnar á Tjarnarbúð. Hann viðurkenndi þó, að gangan sjálf hefði ekki verið bönnuð, heldur einungis för hennar um tilteknar götur, þannig að þessi skýring hans virðist á veikum stoðum reist, auk þess sem ég og allir, sem ég hef talað við um málið, telja það fjarstæðu, að gangan hafi hafist við Tjarnarbúð. Hún átti að hefjast á Austurvelli og var ekki hafin, þegar ég og fleiri vorum sviptir ferðafrelsi."

Bréf þetta staðfesti stefnandi hér fyrir dómi og kvað þar rétt skýrt frá atburðum. Í sama þinghaldi skýrði hann einnig svo frá, að hann hefði ekki vitað um fyrirhugaða göngu, er hann fór á fundinn, en kveðst hafa frétt um hana á fundinum sjálfum. Um fundinn kvaðst hann ekki hafa vitað með neinum fyrirvara. Kvaðst hann hafa verið með nokkrum kunningjum sínum í veitingahúsinu Nausti um kaffileytið umræddan dag, þ. á m. Thor Vilhjálmssyni, og kvaðst hann muna, að enginn þeirra manna hafi vitað um fundinn. Hann kvaðst telja, að hann hafi hitt Peter Behrens í miðbænum eftir fundinn með kunningjum sínum og farið með honum á margnefndan fund. Thor Vilhjálmsson rithöfundur skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi verið með nokkrum kunningjum sínum á fundi í veitingahúsinu Nausti um eftirmiðdag nefndan dag. Tók hann það fram, að á þeim fundi hafi ekki verið um það rætt milli þeirra félaga, að fundur um Víetnam-mál yrði í Tjarnarbúð þá um daginn. Hann kvað þá félagana hafa farið hvern í sínu lagi eftir þann fund, sem þeir áttu saman í veitingahúsinu. Kvaðst

hann sjálfur ekki muna eftir því, að hann hafi þá vitað um fundinn í Tjarnarbúð.

Peter Behrens tamningamaður hefur komið hér fyrir dóm. Staðfesti hann þá bréf sitt til lögmanns stefnanda, dags. 28. mars 1968 (sic), en það hljóðar svo:

„Við Sigurður A. Magnússon hittumst að kvöldi 21. des. 68 í Tjarnarbúð. Ég sat einn við borð í salnum, þegar Sigurður kom inn og settist hjá mér. Samtal okkar snerist um persónulegt mál, þangað til fundurinn byrjaði. Á meðan á fundinum stóð, spurði ég eitt og annað í sambandi við ræðumennina, sem ég kannaðist ekki við. Ekki var mér kunnugt um, er ég fór á fundinn, að nein kröfuganga ætti að vera að honum loknum. Ég var óákveðinn, hvort ég skyldi taka þátt í göngunni, og beið með nokkurri forvitni, hvort Sigurður mundi ekki tala um, hvort hann ætlaði að taka þátt eða ekki. En Sigurður minntist ekki á það. Nokkur þrengsli sköpuðust, þegar fólk fór fram í anddyrið til þess að ná í yfirhafnirnar. Ég sá Sigurð taka frakkann sinn, rétt áður en ég kom að fatahenginu. Mundi ég svo, að ég hafði gleymt tösku við borðið í salnum, og fór að ná í hana. Þegar ég gekk svo úr húsinu, sá ég, að á götunni úti var allt á ringulreið. Voru þar lögregluþjónar og fólk á hlaupum, hávaði nokkur, hróp og köll, og heyrði ég einhvern segja, að S.A.M. hefði verið handtekinn. Ég átti bágt með að trúa því, spurði næsta mann og fékk staðfestingu á því, að svo væri. Ákvað ég þá að reyna að finna Sigurð til þess að komast að því, hvað skeð hafði. Við lögreglubíl, sem stóð rétt hjá, var lögregluþjónn að berja mann, sem lá að hálfu leyti í bílnum. Aðrir lögregluþjónar stóðu þar aftan við bílinn. Spurði ég þá, hvort Sigurður A. Magnússon væri í bílnum. Því var neitað. Ég fór á varðstöð lögreglunnar í Pósthússtræti, spurði þar eftir Sigurði, en fékk engar upplýsingar. Hringdi ég þá í lögreglustöð Síðumúla, og var mér synjað svars við spurningu minni. Seinna um kvöldið hringdi ég heim til Sigurðar, og var hann þá kominn heim til sín."

Vitnið Grímur A. S. Engilberts ritstjóri hefur skýrt frá hér fyrir dómi á þessa leið:

„Vitnið kveðst hafa verið að koma úr vinnu sinni milli kl. 4 og 6 laugardaginn 21. desember. Kveðst vitnið hafa ætlað sér á fund þennan, en um það leyti sem hann hafi að komið, hafi fundinum verið að ljúka. Kveðst vitnið hafa komið Vonarstrætismegin að Tjarnarbúð, og er hann hafi þar að komið, hafi hann séð, að lögregluþjónar voru við inngang hússins. Segir vitnið, að þarna hafi

verið menn að koma út úr húsinu með áletruð spjöld, sem vitnið kveðst ekki muna nú, hvað á stóð, en er mennirnir hafi komið út með spjöldin, hafi lögregluþjónarnir rifið spjöldin af mönnunum og brotið.

Vitnið segir, að hann hafi tekið eftir, að stefnandi málsins hafi verið í „pexi" við lögregluþjóna við dyrnar. Segir vitnið, að það hafi séð, að stefnandi hafi verið í „pexi" við Guðmund Hermannsson, lögregluþjón, sem að áliti vitnisins hafi verið í fyrirsvari fyrir lögreglumennina á staðnum. Vitnið kveðst muna, að lögregluþjónninn hafi tekið í öxl stefnanda, en kveðst þó ekki geta fullyrt um það, hvort stefnandi hafi verið færður inn í lögreglubíl, en lögregluþjónninn hafi farið með stefnanda út úr hópnum á staðnum, enda hafi verið í sundinu við staðinn mikið uppnám.

Vitnið segir, að þá er hann hafi komið á staðinn, hafi fundarmenn verið að koma út af fundinum. Hafi þeir verið með spjöld og fána, en lögreglusveit hafi rifið af þeim spjöldin og brotið, eins og áður segir. Vitnið segir, að lögreglumennirnir hafi verið all margir og segir, að þeir hafi verið við dyrnar, er fundinum lauk, en síðan hafi fleiri lögreglumenn bæst við frá lögreglubifreiðum, sem að áliti vitnisins hafi verið í námunda við húsið. Vitnið segir, að af þessari ástæðu hafi orðið átök í sundinu við húsið. Tekur vitnið fram, að honum hafi verið ógnað af lögreglumönnunum og hafi honum verið skipað að koma sér burtu, en vitnið segir, að lögreglumennirnir hafi verið með kylfur á lofti og því hafi sér skilist, að með ógnuninni fælist hótun um barsmíðar eða handtöku."

Ásta Jónasdóttir, tengdamóðir stefnanda, hefur gefið vottorð í málinu, dags. 10. janúar 1969, en það hljóðar svo:

„Milli klukkan 5 og 6 mánuaginn 23. desember 1968 hringdi síminn á heimili dóttur minnar, Svanhildar Bjarnadóttur, og tengdasonar, Sigurðar A. Magnússonar, að Kleppsvegi 2, en ég var þar stödd við gæslu fjögurra barnabarna minna, því Svanhildur var rúmliggjandi á fæðingardeildinni eftir að hafa alið fimmta barn sitt. Í símanum var varðstjóri lögreglunnar í Síðumúla og tjáði mér, að Sigurður „sæti inni", eins og hann orðaði það. Þegar ég bað um frekari skýringar, kvaðst hann ekki geta veitt þær, en benti mér á að hringja niður á lögreglustöð, ef ég vildi fá nánari upplýsingar. Ég hringdi þangað, og þar varð fyrir svörum Axel Kvaran varðstjóri. Þegar ég bað hann veita mér upplýsingar um handtöku Sigurðar, fór hann fyrst undan í flæmingi, en sagði svo að lokum, að það væri þetta venjulega: kommalýður og Tjarn-

argötuskríll hefði staðið fyrir óspektum í miðbænum, og auðvitað hefði Sigurður tekið þátt í þeim.

Morguninn eftir, þriðjudaginn 24. desember, hringdi ég í Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra og bar mig upp undan svörum varðstjórans og þeirri óvirðingu, sem hann hefði sýnt aðstandendum Víetnamfundarins í Tjarnarbúð, meðan hann gegndi embættisstörfum. Lögreglustjórinn svaraði því til, að Axel Kvaran væri kurteis og siðprúður maður, og hann sagði mér ennfremur í löngu og mjög óhefluðu máli, að full ástæða hefði verið til að handtaka Sigurð A. Magnússon, enda hefði hann fjölda vitna að framferði Sigurðar fyrir utan Tjarnarbúð. Sigurður hefði viljað fá óeirðir og fengið þær, hann hefði viljað fá að fara í Steininn og fengið það, enda hefði hann átt það fyllilega skilið. Hann gat þess sérstaklega, að ef Sigurður hefði í huga málssókn, þá gæti hann upplýst mig um það, að hún væri vitavonlaus. Sigurður mundi ekki hafa betra af að leggja út í málaferli. Öll framkoma lögreglustjóra var að mínu viti fruntaleg og ósamboðin opinberum embættismanni. Eftir samtalið við lögreglustjóra hef ég ekki haft önnur afskipti af þessu máli."

Vottorð þetta staðfesti Ásta hér fyrir dómi að vera rétt skýrt frá atburðum með þeirri athugasemd þó, að í stað þess, að í vottorðinu er getið mánudagsins 23. desember 1968, eigi að vera laugardaginn 21. það ár.

Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hefur komið fyrir dóm. Skýrði hann svo frá, að hann kvaðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi átt þátt í boðun margnefnds fundar eða framkvæmd hans að öðru leyti. Gat hann þess, að afskipti sín sem embættismanns af fundinum hafi eingöngu verið að ákveða leið fundarmanna að bandarísku sendiráðinu utan við sjálfan miðbæinn, sem í upphafi var ákveðið að farin yrði af fundarboðendum. Lögmaður stefnanda óskaði Bjarka spurðan þessarar spurningar: „Veit vitnið til þess, að stefnandi hafi með einhverjum hætti tekið þátt í eða vitað um undirbúning og framkvæmd umrædds fundar og mótmælagöngu?" Þessari spurningu svaraði Bjarki neitandi. Bjarki tók fram, að leiðin frá húsinu hafi verið greið í Vonarstræti, þannig að hverjum fundarmanni hefði verið auðvelt að fara frá húsinu til Vonarstrætis án þess að mæta hindrun lögreglumanna. Undir Bjarka voru borin ummæli, sem eftir honum eru höfð í Morgunblaðinu 24. desember 1968, en þau hljóða svo:

„...Er við komum út úr Tjarnarbúð, þá var verið að handtaka Sigurð A. Magnússon, ritstjóra, og Ragnar Stefánsson. Sig-

urður hafði komið út og var stöðvaður eins og aðrir. Hvatti hann fólkið til þess að sinna ekki tilmælum lögreglunnar, og svo gerði einnig Ragnar. Loks lenti Sigurður í orðaskaki við Guðmund Hermannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón, sem hann kallaði „landsþekktan kraftidiot og ofbeldismann". Endurtók Sigurður þetta og hvatti enn fólk til að sinna ekki tilmælum lögreglunnar."

Bjarki kvaðst ekki vefengja, að eftir sér séu höfð ummæli þessi, en gat þess, að hann hefði við blaðamanninn byggt á lögregluskýrslu Guðmundar Hermannssonar, sem áður getur, (dskj nr. 11).

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn kom og hér fyrir dóm. Fyrir hann var lesin lögregluskýrslan á dskj. nr. 11, en hann kvaðst hafa samið skýrsluna og taldi sig nokkuð öruggan um það, að hann hafi samið skýrsluna að kvöldi 21. desember 1968.

Lögmaður stefnanda lagði síðan orðrétt bókaðar spurningar fyrir Guðmund, en hann svaraði og orðrétt. Þykir af þeim sökum rétt að taka það allt í heild, en það hljóðar svo:

„Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Telur vitnið að stefnandi hafi verið forsprakki eða fyrirsvari fyrir fólkið þarna á staðnum?"

Vitnið svarar: „Ég held ekki, enda hef ég ekki tilefni til að álíta svo."

„Veit vitnið um það, hvort stefnandi var einn á ferð í umrætt sinn eða ásamt öðrum?"

„Ég veit ekki til þess."

„Kom það fram í umrætt sinn, hvort stefnandi ætlaði þessa leið til þess að taka þátt í hópgöngu eða hvort hann var í öðrum erindum, t. d. á heimleið?"

„Það kom ekki fram, en ég álít, að hafi hann ætlað einn eitthvað annað en hópurinn, hafi engin fyrirstaða verið til slíks.

„Hver var ástæða, að vitnið handtók stefnanda í umrætt sinn?"

„Ég fann, að hann hvatti hóp fólks til að óhlýðnast skipunum mínum og að sú hvatning bar árangur."

„Í hverju var sú hvatning fólgin, og beindi stefnandi hvatningum eða orðum til annarra en vitnisins í umrætt sinn?"

„Hvatningin var sögð til fólksins um að taka ekki mark á orðum mínum, og henni var fylgt með áherslu á, að ég væri kraftidiot og þekktur fyrir ofbeldi."

Lögmaður stefnanda spyr: „Hver var tilgangur vitnisins með því að biðja stefnanda að endurtaka ummæli sín í umrætt sinn?"

„Ég gerði það til þess að leiða hug hans frá því, að ég væri að fara með hann að lögreglubifreiðinni.“

„Taldi vitnið ekki hættu á því, að endurtekin ummæli hefðu hvetjandi áhrif á þá, sem til heyrðu?“

„Ég hugsaði ekki út í það, mat það meira að þurfa ekki að beita harðræði við handtöku, enda hættulegt í hópi fólks.“

„Var nokkur ástæða til þess að ætla, að stefnandi myndi sýna líkamlegan mótþróa við handtöku eða geta gert það með nokkrum árangri?“

„Nei, en hann var umkringdur af fólki.“

„Er það mat vitnisins, að nauðsynlegt hafi verið að fangelsa stefnanda?“

Svarar vitnið þessu neitandi.““

Matthías Sveinbjörnsson lögregluvarðstjóri skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi á hér umræddum tíma verið varðstjóri í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla. Síðan á sama við um þetta vitni um spurningar og svör eins og getið er, að því er Guðmund Hermannsson varðar, og verður framburðurinn orðrétt upptekinn, en hann hljóðar svo:

„Lögmaður stefnanda spyr vitnið: „Hver gaf fyrirmæli um það, að stefnandi skyldi settur í klefa?“

Vitnið kveður þá varðstjórana í fangageymslunni ekki taka ákvörðun um réttmæti geymslu á mönnum á staðnum, heldur taki þeir við þeim án þess að kanna sérstaklega réttmæti gæsluvistar.

„Hver gaf fyrirmæli um það, að stefnandi skyldi látinn laus?“

Vitnið segir, að fyrirmæli um slíkt hafi komið símleiðis frá aðalstöð lögreglunnar.

„Minnist vitnið þess, að stefnandi bæði um að fá að hringja heim til sín, áður en hann var settur í fangaklefann eða á meðan hann var í fangaklefanum?“

Vitnið segir, að fólk það, sem flutt var til fangageymslunnar, hafi ekki verið sett í fangaklefa, heldur hafi það verið í sérstöku biðherbergi, en það sé þó lokað til útgöngu. Kveðst vitnið telja sig muna, að stefnandi hafi beðið um að fá að hringja til þess að láta vita, hvar hann væri niður kominn, þar sem kona sín væri um það leyti að ala barn. Telur vitnið sig minna, að hann hafi leyft stefnanda að hringja í símann.

Sérstaklega aðspurður kveður vitnið vel geta verið, að hann hafi sjálfur hringt á heimili stefnanda, enda segir vitnið, að það sé venja varðstjóra fangageymslunnar, að varðstjórinn hringi í slíkum tilvikum, en ekki sá, sem færður er til geymslu. Hafi vitn-

ið sjálft hringt, þá muni hann hafa neitað stefnanda að hringja sjálfum."

Vitnið Sveinn Aðalsteinsson námsmaður kvaðst hafa verið á fundi í Tjarnarbúð, þegar „Vietnamfundur" var haldinn þar hinn 22. (sic) desember 1968. Undir lok fundarins kvaðst vitnið hafa heyrt, að farið yrði í mótmælagöngu af fundinum, og skyldi safnast saman við styttu Jóns Sigurðssonar á Austurvelli. Sagði vitnið, að það hafi ekki viljað taka þátt í slíku og því yfirgefið fundinn í lok hans og ætlað sér til innkaupa í miðborginni. Tók vitnið fram, að þá er hann hafi komið út, hafi hann séð fylkingu lögreglumanna mynda hálfhring í porti við húsið. Hafi sér komið þetta á óvart, þar sem vitnið kvaðst ekki hafa heyrt inni á fundinum, að boð eða bönn hefðu verið gerð af hálfu lögregluyfirvalda í sambandi við fundinn eða þá göngu, sem vitnið hafði frétt um á fundinum, að fyrirhuguð væri. Gat vitnið þess, að hann hafi verið með þeim fyrstu til að yfirgefa fundarsalinn í þeim tilgangi að losna við þrengsli og hafi stefnandi verið á undan sér út úr húsinu, og kvaðst vitnið hafa haft sjón á stefnanda út. Sagði vitnið, að Guðmundur Hermannsson lögregluvarðstjóri hafi staðið aftan við lögreglufylkinguna, þá er hann hafi komið út úr húsinu. Er stefnandi hafi birst á tröppum hússins, hafi Guðmundur Hermannsson olnbogað sig fram fyrir lögreglufylkinguna og gefið sig á tal við hann. Hafi þetta verið rétt við útgang hússins, enda hafi fundarmönnum verið meinuð brottför af lögregluliðinu. Ekki kvaðst vitnið muna orðaskipti þeirra stefnanda og Guðmundar Hermannssonar, en einhver orðaskipti hafi farið fram milli þeirra. Hafi Guðmundur Hermannsson síðan tekið stefnanda höndum og fært hann burt að lögreglubifreið, sem staðið hafi í Vonarstræti, og tveir lögregluþjónar verið með Guðmundi við þær aðgerðir. Hafi stefnandi ekki sýnt mótþróa við þær aðgerðir lögreglumannanna.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, á almennu skaðabótareglunni, á reglum íslensks réttar um bótaábyrgð hins opinbera á skaðaverkum og gáleysi starfsmanna sinna, lögum nr. 11/1954 um fullgildingu Evrópuráðs-samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 5. gr., 5. mgr., sbr. 1. mgr., sbr. 1. mgr. B, sbr. 2. mgr., 4. gr. og 10 gr. tilkynningar lögreglustjórans í Reykjavík, nr. 4/1968, reglum fyrir lögreglumenn og fangaverði og að lokum þeim almennu reglum, sem gilda um framkvæmd og auglýsingu á ákvörðunum lögreglunnar í Reykjavík um sérstaka umferðatálma. Engin ákæra hafi verið gerð á hendur þeim aðiljum, sem til marg-

nefnds fundar hafi boðað, eða öðrum þeim, sem kynnu að hafa æst til mótþróa gegn lögreglumönnunum á staðnum. Sjálfur hafi hann á engan hátt átt þátt í slíku. Hann hafi farið til fundarins eingöngu til áheyrnar sem aðrir borgarar. Að fundinum loknum hafi hann ætlað að hraða sér til heimilis síns skemmstu leið, sem var yfir Austurvöll, en ekki taka þátt í mótmælagöngunni, enda hafi hann þurft að hraða sér þangað af persónulegum ástæðum. Er hann hafi verið kominn nokkra metra frá tröppum hússins, hafi hins vegar Guðmundur Hermannsson lögreglumaður heft ferð sína og neitað sér að halda áfram hina ætluðu leið. Hafi hann eingöngu viljað fá skýringu lögreglumannsins á aðgerðum hans. Þótt lögregluyfirvöld hafi heimild undir vissum kringumstæðum til þess að stemma stigu við mannsöfnuði á almannafæri eða kröfugöngum, þá verði að gera þá kröfu til þeirra yfirvalda, að slíkt bann sé birt skiljanlegum hætti fyrir þeim, sem slíku banni eiga að hlýða. Slíkt bann hafi eigi verið gert í hér umræddu tilviki, og alls ekki gagnvart stefnanda, enda ljóst af skjölum málsins, að lögregluyfirvöld voru í samningum inni í húsinu við fundarboðendur um að hafa aðra gönguleið en fundarboðendur höfðu fyrirfram ákveðið. Hafði því bann lögregluyfirvaldanna eigi legið fyrir hendi, er stefnandi yfirgaf fundarstað. Þessum spurningum stefnanda hafi eingöngu verið svarað með þjósti af hálfu lögreglumannsins. Hafi þeir tveir lítillega karpað um þessi atriði, en þá hafi engum togum skipt, að lögreglumaðurinn hafi fært sig að lögreglubifreið, sem skammt frá stóð, hann verið settur inn í hana ásamt nokkrum öðrum fundarmönnum, látinn dvelja þar nokkra stund og sér síðan ekið í bifreiðinni til fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla. Hafi sér og þar verið meinað að hringja til heimilis síns til að láta vita um dvalarstað sinn. Hafi öll þessi meðferð á sér verið gerð með eins móðgandi hætti og unnt var af hálfu lögreglunnar. Í fangageymslunni hafi sér verið haldið föngnum án nokkurra skýinga. Þá hafi síðari aðgerðir lögreglunnar með því að gefa í skyn í sjónvarpi og dagblöðum, að stefnandi hafi verið hvatamaður að umræddum atburðum, mjög skert æru hans og valdið honum álitshnekki. Eigi stefnandi því skilyrðislaust rétt til skaðabóta samkvæmt framangreindum lagaákvæðum vegna hinnar ólögmætu handtöku, harðræða af hálfu lögreglunnar, þegar honum var stungið inn í lögreglubifreið, geymslu í lögreglubifreið, þar sem m. a. áttu sér stað hættuleg átök milli lögreglu og annarra fanga, vistunar og frelsisskerðingar í fangaklefa ásamt fjölda annarra fanga, synjunar varðstjóra fangageymslunnar um

það að fá sjálfur að tilkynna aðstandendum um fangelsun sína, móðgandi og ærumeiðandi tilkynningar varðstjóra lögreglunnar til heimilis hans og meiðyrða og móðgandi aðdróttana yfirlögregluþjónsins í Reykjavík, sem hann gaf í embættisnafni til fjölmiðla.

Sýknuástæður stefnda eru þessar: Stefnandi tekur þátt í fundinum. Hann er þar ekki af tilviljun. Stefnandi hlustar á umræður og ályktanir. Hann veit, hvað til stendur og að hundsa á með góðu eða illu fyrirmæli lögreglunnar. Stefnandi reynir ekki að skilja sig frá fundarmönnum, hann er þvert á móti í miðri fylking kröfugöngumanna, þegar farið er út úr húsinu. Þrátt fyrir löglegt (og nauðsynlegt) bann lögreglunnar varðandi umferðarleiðir vildi stefnandi ekki sætta sig við þá greiðu og hindrunarlausu leið, sem lögreglan benti honum á (um Vonarstræti). Hann krafðist að fara sömu leið og kröfugöngumenn og gerðist þannig í verki hluttakandi í mótþróa þeim og samblæstri, sem þarna var í uppsiglingu. Auk þessa mótþróa stefnanda hafði hann í frammi alls óviðeigandi orðbragð gagnvart lögreglumönnunum, sem var i senn móðgun og storkun gagnvart þeim í starfi sínu og hlaut auk þess að vera til þess fallið að æsa til áframhaldandi óeirða. Ef stefnanda var svo mikið í mun sem hann lætur að komast sem fyrst heim eða vera heima af einkaástæðum á heimilinu, þá átti hann annað hvort a) ekkert að fara á fundinn (fyrst hann taldi sig ekki vera þar í neinum erindum) eða b) að fara sem fyrst heim, og þá að sjálfsögðu þá leið, sem greiðust var og fljótförnust, sbr. 4. lið. Hér er því augsýnilega um tylliástæðu eina að ræða. Stefnandi var alls ekki fangelsaður, heldur færður af óeirðastað og tepptur um stundarsakir á biðstofu lögreglunnar, meðan öldurnar lægði. Annað gerðist ekki. Því er algerlega neitað, að lögreglan hafi í nokkru orðið offara í starfi. Ummæli þau, sem höfð eru rétt eða ranglega eftir einstökum lögreglumönnum utan starfstíma þeirra og starfsmarka eru málssókn þessari óviðkomandi. Lögreglan var í sínum fyllsta rétti, eins og á horfðist, samblástur kröfugöngumanna var að komast á viðsjárvert stig og stefnandi þekktur og mikilsháttar áhrifa- og áróðursmaður, sem hún hlaut að skoða sem einn forgöngumannanna. Það átti og eftir að koma fram, að lögreglan ætti í fullu fangi, óeirðirnar færðust í aukana, og voru lögreglumenn barðir og hraktir, þ. á m. sparkað undir kvið þeirra, og raunar mildi að ekki hlutust slys af eða áverkar.

Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar má lögreglan banna eða hafa eftirlit með mannsafnaði og mannfundum, ef „uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir". Þetta ákvæði væri óvirkt og einskis-

virði, ef hægt er eftir á að elta lögreglumenn eða ríkisvaldið þeirra vegna með málssóknum og skaðabótakröfum, og það út af svo óverulegu hnjaski og töfum, sem hér var um að ræða og hlutaðeigandi mátti fyrst og fremst sjálfum sér um kenna.

Varakrafan um lækkun á bótafjárhæð er studd sömu rökum og sýknukrafan.

Eins og fram er komið hér að framan, tilkynntu félög þau, sem að margnefndum fundi stóðu í Tjarnarbúð, lögregluyfirvöldum, að þau ætluðu að hafa hópgöngu og blysför að honum loknum um tilgreindar götur í miðborginni, nánar tiltekið um Aðalstræti og Austurstræti að bandarískа sendiráðinu, og skyldi gangan hefjast frá Austurvelli. Eigi fengu þó fundarboðendur sérstakt leyfi lögregluyfirvalda til þessarar ráðstöfunar. Á fundi í yfirstjórn lögreglunnar fundardaginn var samþykkt að leyfa ekki þá gönguleið, sem fundarmenn boðuðu, og var reynt að ná til fyrirsvarsmanna þeirra til að ákvarða aðra leið. Náðist þó eigi til þeirra til viðræðna um ákvörðun lögreglunnar, svo að til árangurs mætti verða, fyrr en í lok fundarins. Jafnframt því að reyna að ná samkomulagi við fyrirsvarsmennina í þessu skyni fóru lögreglumenn á fundarstað til að fylgja eftir samþykkt lögreglunnar, ef nauðsyn krefði. Sú varð raunin á, enda hluti fundarmanna kominn út úr húsinu og ætlaði að fara hina fyrirhuguðu leið.

Þessi ákvörðun og framkvæmd lögreglunnar að banna mönnum hina fyrirhuguðu leið fundarboðenda og beina þeim á aðra braut var lögreglunni heimil samkvæmt 10. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930 og var eigi brot gegn 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Stefnandi málsins hugðist leggja leið sína í átt að Austurvelli, er hann kom af fundinum, en var stöðvaður af lögreglunni.

Taldi stefnandi sér heimilt að fara þá leið um götur borgarinnar, sem sér hentaði, og lögreglumanninn skorta heimild til að aftra sér slíks. Lentu þeir tveir í orðasennu af þessu tilefni. Var stefnanda þó greið önnur leið frá fundarstað.

Það er ósannað í málinu, að stefnandi hafi hvatt aðra fundarmenn á staðnum til að virða bann lögreglunnar að vettugi. Synjun hans um að fara eftir fyrirmælum lögreglumannsins og orðasenna við hann fól hins vegar í sér mótþróa gegn lögmætu banni og var til þess fallin að hafa áhrif á aðra fundarmenn í sömu átt. Var því lögreglumanninum heimilt að fjarlægja stefnanda frá hópnum og halda honum þaðan frá, meðan ókyrrð var.

Eigi liggur ljóst fyrir, hvar lögreglubifreiðin var staðsett, en

talið er, að hún hafi staðið á bifreiðastæði vestan við Alþingishúsið á bak við Vonarstræti 8, og eru lögmenn aðilja sammála um, að svo hafi verið. Stefnandi var ekki beittur líkamlegu valdi, er hann var fluttur í lögreglubifreiðina, enda sýndi hann ekki mótþróa við því. Hann var eigi látinn í fangaklefa, þótt honum væri haldið föngnum. Sú vist hans varaði í eina klukkustund, en þá var honum leyft að fara. Þessi vistun hans þykir hafa verið lögreglunni heimil af sömu ástæðu og hadtaka stefnanda svo og einnig það að meina honum sjálfum að hafa samband við heimili sitt.

Með vísan til alls þess, er hér að framan hefur verið rakið, þykir, eins og atvikum öllum er háttað, bresta næg skilyrði til skaðabóta til handa stefnanda úr hendi stefnda vegna handtöku hans í margnefnt skipti. Þá þykja ummæli, sem eftir Bjarka Elíassyni eru höfð, við fjölmiðla, þau er áður getur, eigi skapa stefnanda sjálfstæðan bótarétt úr hendi stefnda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. mgr. 154. gr. laga nr. 82/1961 greiðist málssóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði, þar á meðal málssóknarlaun talsmanns hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, sem hæfilega ákveðast kr. 155.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, saksóknari ríkisins og fjármálaráðherra, báðir f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar A. Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málssóknarlaun talsmanns hans, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Fimmtudaginn 28. mars 1974.

Nr. 111/1973: **Brynhildur Magnúsdóttir**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Arnari Axelssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Synjað innsetningargerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. júlí 1973. Krefst hún þess, að sér „verði veittur aðgangur að tveimur geymslum í eignarhluta stefnda í húsinu Framnesvegi 14 í Reykjavík, til að Robert Bender rafvirkjameistari á vegum“ hennar „geti athugað loftdós fyrir rafleiðslur og kannað með því, hvernig raflögn í húsinu er háttað“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, telur áfrýjandi sér nauðsynlegt að fá aðgang að umræddum geymslum stefnda til að kanna raflagnir hússins, þar sem hún hyggst tengja raflagnir vegna sameiginlegra ljósa í húsinu við sérmæli. Engin lýsing eða teikning af raflögnum í húsinu hefur verið lögð fram í málinu, og kemur þó fram, að tveir rafvirkjameistarar hafa unnið að viðgerðum á þeim.

Áfrýjandi hefur í máli þessu ekki leitt sönnur að því, að nauðsyn beri til að athuga „loftdós“ þá, sem um er fjallað í málinu, til þess að unnt sé að gera tillögur um breytingar á þeim raflögnum, sem eru notaðar sameiginlega af málsaðiljum. Verður áfrýjanda eigi veittur aðgangur að nefndum geymslum stefnda með innsetningargerð.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 5. júní 1973.

Gerðarbeiðandi, Brynhildur Magnúsdóttir, Framnesvegi 14, hefur krafist þess, að sér verði veittur aðgangur að geymslu í kjallara hússins, svo Róbert Bender rafvirkjameistari geti kynnt sér loftdós fyrir rafleiðslur vegna rafverka, sem hann vinnur að í nefndu húsi. Hún krefst málskostnaðar úr hendi gerðarþola, Arnars Axelssonar, Framnesvegi 14.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að innsetningargerð þessi nái fram að ganga. Hann krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðuð til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 15. þessa mánaðar.

Það hefur komið fram í málinu samkvæmt framlögðum veðbókarvottorðum, að gerðarbeiðandi, Brynhildur Magnúsdóttir, er eigandi að rishæð og efri hæð í húsinu nr. 14 við Framnesveg , samtals 58.1% af eigninni, en gerðarþoli, Arnar Axelsson, er eigandi neðri hæðar, 41.9%. Ekki er upplýst í málinu um skipti á kjallaraplássi.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá málavöxtum, að hún hafi nú um nokkurt skeið óskað eftir ýmsum framkvæmdum vegna sameignarhluta hússins, en gerðarþoli hafi brugðist lítt við og enga samvinnu viljað hafa um þá hluti.

Í sambandi við þetta hafi gerðarþola verið sent bréf, er lagt er fram sem rskj. 2 í málinu. Þar er gerðarþola tjáð, að gerðarbeiðandi telji nauðsyn bera til að setja upp dyrasíma og ef nauðsyn krefji vegna þess, að skipta um útidyrahurð. Enn fremur, að sett verði á stigagang ljós með sjálfvirkum rofum og verði þau á sérgrein og sérmæli. Það sé tillaga gerðarbeiðanda, að Róbert Bender rafvirkjameistari verði fenginn til verksins og leggi hann til efni og tæki og vinnukraft og fái borgað samkvæmt reikningi.

Dyrasímatæki verði tvö, staðsett eftir óskum hvors eiganda, og auk þess vilji gerðarbeiðandi fá enn eitt símtæki fyrir rishæðina og beri hún allan kostnað af því tæki, en að öðru leyti skiptist kostnaður í samræmi við þinglýst eignarhlutföll eigenda. Þess er beiðst í bréfi þessu, að gagntillögur gerðarþola, ef nokkrar séu, komi fram í síðasta lagi 12. febrúar 1973, en bréf þetta er dagsett þann 5. sama mánaðar og tjáist hafa verið sent í hraðábyrgðarbréfi. Réttarskjali þessu fylgir ljósrit af umslagi, árituðu til gerðarþola, og er stimplað á það, að þess hafi ekki verið vitjað. Móttökustimpill pósthússins er dagsettur 6. febrúar 1973.

Þann 15. febrúar 1973 er gerðarþola svo ritað annað bréf varðandi sama málefni, rskj. 3. Þar er gerðarþoli látinn vita, að þar eð engar tillögur varðandi efni bréfsins á rskj. 2 hafi frá honum komið, hafi gerðarbeiðandi ákveðið, að þær aðgerðir, sem í nefndu bréfi greinir, verði látnar fram fara, og eru þær rifjaðar upp stuttlega. Er jafnframt vísað til 11. greinar laga nr. 19/1959 og bent á, að gerðarbeiðandi eigi 58.1% af eigninni. Bréfið á rskj. 3 tjáist einnig hafa verið sent gerðarþola í hraðábyrgð, og fylgir ljósrit af umslagi, en svo er frá skýrt af gerðarbeiðanda hálfu, að gerðarþoli hafi ekki vitjað þessa bréfs.

Gerðarbeiðandi hefur ráðið Róbert Bender rafvirkjameistara til þess að vinna hér umrædd rafverk. Hann hefur lýst því yfir, að sér sé nauðsyn að fá aðgang að geymslu í kjallara, sem fylgir íbúð gerðarþola, til þess að athuga loftdós fyrir rafleiðslur og kanna með því, hvernig raflögn er háttað. Hann segir, að gerðarþoli hafi varnað sér aðgangs að geymslunni. Það liggur fyrir í málinu, að raflagnareikningur varðandi hús þetta er ekki í safni Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfur sínar í málinu með því, að ljósafyrirkomulag í sameign hússins sé óviðunandi, t. d. sé ljós á kjallaragangi á hennar mæli, en ljós á stigagangi og við útidyr á mæli gerðarþola. Kveðst hún ekki skyld til að þola, að gerðarþoli geti ráðið því, hvort hægt sé að kveikja ljós á þessum stöðum, og hafi raunar komið fyrir, að hann hafi tekið af ljósin. Sé það að sjálfsögðu ólögmætt af honum. Það sé allra hluta vegna æskilegast, að sameiginleg ljós séu á sérstökum mæli, en ekki á mælum íbúðanna. Með því að gerðarþoli hafi aldrei verið til viðtals um breytingar á þessu fyrirkomulagi, gefið óglögg svör og ekki viljað taka við bréfum þar að lútandi, kveðst gerðarbeiðandi hafa neyðst til að taka einhliða ákvörðun um breytingar. Vísar hún til 11. greinar laga 19/1959 svo og til 13. gr. sömu laga og bendir á,

að hún eigi 58.1% eignarinnar. Kveðst hún enga ástæðu sjá til að vefengja álit rafvirkjameistarans og vegna stirfni gerðarþola sé ekki um annað að ræða en leita fógetaaðstoðar.

Af gerðarþola hálfu er því mótmælt, að nauðsyn beri til að breyta því fyrirkomulagi, sem nú sé á lýsingu sameignar. Ekki liggi fyrir samþykkt rafmagnsteikning og megi ekkert aðhafast fyrr en svo sé komið. Gerðarþoli mótmælir því, að þessi breyting nái fram að ganga. Í máli þessu liggur ekki fyrir lögmæt ákvörðun í skilningi laga nr. 19/1959 og fyrirætlanir gerðarbeiðanda séu ekki bindandi. Jafnvel þó um væri að ræða knýjandi nauðsyn til einhverra breytinga, gæti gerðarbeiðandi aldrei fengið fógetaaðstoð til þess að komast inn í sérhúsnæði annarra.

Ekki verður talið, að það beri undir fógetarétt að veita gerðarbeiðanda þann aðgang í geymsluherbergi gerðarþola, sem farið er fram á í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 28. mars 1974.

Nr. 132/1973: **Ólafur Unnsteinsson**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. borgarsjóðs
(Hákon Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. september 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér kr. 606.500.00 með 7% ársvöxtum frá 19. mars 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi hefur lýst því hér fyrir dómi, að hann vefengi ekki, að áfrýjanda sé rétt að beina kröfum sínum að honum.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Áhaldageymslur Íþróttahallarinnar voru ekki fullgerðar. Áfrýjandi var gerkunnugur aðstæðum og vissi, að þar gengu margir um, en hirðusemi um röðun áhalda og umgengni var áfátt. Hann hugðist sjálfur leita að íþróttatækjum, sem kynnu að vera í annarri geymslunni. Skýrslur hans sjálfs um atvik að slysinu eru eigi glöggar. Verður ekki talið, að hann hafi fært sönnur á, að slysið hafi orðið með þeim atvikum, er fellt geti fébótaábyrgð á stefnda.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Hinn 18. maí 1973 og 24. maí s. á. voru á bæjarþingi Reykjavíkur teknar skýrslur af áfrýjanda og nokkrum vitnum í máli þessu. Það, sem gerðist í þinghöldum þessum, var ekki skráð í þingbók, en aðeins tekið á segulbönd. Var síðan vélritað af segulböndunum. Eru óstaðfest endurrit af hinu vélritaða felld í dómsgerðir. Lög nr. 85/1936 veita eigi beina heimild til, að skýrslur aðilja eða vitna séu teknar á segulbönd, þannig að sú upptaka komi í stað skráningar skýrslu að efni til í þingbók, svo sem brýnt er boðið um vitnaskýrslur í 3. mgr. 133 gr. nefndra laga. Aðiljar andmæltu ekki þessari aðferð og vefengja ekki efni skýrslnanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 7. þ. m., hefur Ólafur Unnsteinsson íþróttakennari, Safamýri 52, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. október 1972, á hendur borgarsjóði Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 606.500.00 með 7% ársvöxtum frá 19. mars 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi vaxtakröfu sína upp í 9% ársvexti frá 1. maí 1973 til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt í málinu, stefnukröfur stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til réttargæslu í málinu, en sjálfstæðar kröfur eru ekki gerðar á hendur félaginu. Stefndi hafði ábyrgðartryggingu hjá nefndu vátryggingarfélagi.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Af hálfu stefnanda er skýrt frá málavöxtum á þessa leið:

Tilefni málsins er slys, sem stefnandi varð fyrir í svonefndri

Íþróttahöll í Laugardal í Reykjavík hinn 19. mars 1969, klukkan 1800. Stefnandi er íþróttakennari að starfi og hafði umrætt sinn nýlokið íþróttakennslu á vegum Menntaskólans í Hamrahlíð. Að lokinni kennslu þurfti stefnandi sem endranær að ganga frá áhöldum í áhaldageymslunni. Jafnframt hugðist hann finna þar íþróttatæki, sem nota átti við fyrirhugaða íþróttakeppni nemenda hans tveimur dögum síðar. Stefnandi kveikti ljós í geymslunni og gekk inn í hana. Geymslan var þá ekki fullgerð, hún var ómáluð, og í henni voru einungis vinnuljós. Inni í áhaldageymslunni er komið byrir „badmintonstatífum", netum og ýmsum áhöldum, sem notuð eru fyrir frjálsar íþróttir og fleira. Að þessu sinni segir stefnandi, að „badmintonstatífin" hafi verið í gangveginum innan við dyr. Kubbar, spýtur og gólfrenningsrúlla hafi líka verið á miðju gólfi geymslunnar. Stefnandi fór inn í þessa geymslu að þessu sinni til þess að athuga, hvort hann fyndi þar planka, sem nota mætti fyrir langstökk án atrennu, og startkubba fyrir spretthlaup. Frjálsíþróttakeppni innanhúss var fyrirhuguð fyrir Menntaskólann í Hamrahlíð tveimur dögum seinna, og kveðst stefnandi hafa verið að undirbúa hana. Er hann var að bogra yfir spýtum og kubbum í geymslunni, kveðst hann hafa hrasað og fallið aftur yfir sig yfir „statíf" og gólfrenningsrúlluna. Kveðst hann hafa fallið á „badmintonstatíf", er legið hafi í gangveginum. Hafi hann borið hendur rétt fyrir sig, en orðið fyrir því slysi að detta þannig, að fótur á „statífi", sem lá á gólfinu, hafi gengið upp í lófa vinstri handar. Stefnandi fann strax til stingandi sársauka í hendinni og tognunar í baki. Hann kveðst hafa farið til húsvarðar Íþróttahallarinnar, Sigurgeirs Eiríkssonar, og þjálfara í salnum og nokkurra nemenda sinna og sagt þeim frá slysinu.

Þeir íþróttakennarar, Guðmundur Þorsteinsson og Guðmundur Þórarinsson, svo og baðvörður Íþróttahallarinnar, Sigurgeir Eiríksson, hafa komið fyrir réttinn og gefið skýrslu. Hafa þeir allir staðfest lýsingu stefnanda á ástandinu í áhaldageymslum Íþróttahallarinnar. Hins vegar voru engin vitni að sjálfu slysinu.

Eftir slysið fór stefnandi í leigubíl á slysavarðstofuna í Borgarspítalanum, þar sem gert var að meiðslum hans.

Við læknisrannsókn reyndust meiðsli stefnanda vera mikil bólga og eymsli um grunnlið vinstri vísifingurs og hreyfingar sárar. Röntgenmyndir sýndu mjög slæmt brot fremst í miðhandarbeini, og gekk það inn í liðinn. Veruleg skekkja var á brotstaðnum. Búið var um brotið með gipsumbúðum.

Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda af völd-

um slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 21. apríl 1970. Í niðurlagi þess segir svo:

„*Ályktun:* Um er að ræða þrítugan íþróttakennara, sem meiddist í vinstri hendi fyrir rúmu ári. Hann hlaut brot á öðru vinstra miðhandarbeini, og eru afleiðingar nokkur hreyfingarhindrun í liðamótum vinstri vísifingurs og miðhandarbeinsins og dálítil stytting á miðhandarbeininu. Þetta hefur bagað slasaða dálítið við handartiltektir og gerir enn, og verður svo sennilega framvegis og tæpast að vænta frekari bata á þessu en fenginn er. Tímabært þykir því að meta nú örorku slasaða af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í tvær vikur	100%
Eftir það í tvær vikur	75%
Eftir það í tvær vikur	50%
Eftir það í fjóra mánuði	25%
Eftir það varanlega	5%“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Útreikningur tryggingafræðingsins er dagsettur 20. apríl 1971. Í útreikningnum segir m. a. svo:

„Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 48.478.00
Vegna varanlegrar örorku	— 357.505.00
Samtals	kr. 405.983.00

Verðmæti tapsins vegna tímabundinnar örorku skiptist þannig, að kr. 6.436.00 eru vegna 5% örorku það tímabil, en kr. 42.042.00 vegna örorku umfram 5%.

Við umreikning vinnuteknanna var gert ráð fyrir, að stundakennsla hækkaði í sama mæli og fastakaup héðan í frá. Hins vegar mun enn ekki ákveðið, hvaða háttur verður hafður á því. Ef gert væri ráð fyrir óbreyttri greiðslu fyrir stundakennslu héðan í frá, mundi verðmæti vinntekjutapsins lækka um kr. 16.333.00.“

Stefnandi sundurliðar fjárhæð stefnukröfunnar þannig:

1. Örorkutjón kr. 500.000.00
2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 100.000.00
3. Útlagður kostnaður kr. 6.500.00.

Svo sem fram kemur, hefur stefnandi hækkað kröfuliðinn fyrir örorkutjón frá útreikningi tryggingafræðingsins. Stefnandi hefur hækkað kröfuliðinn með tilliti til verulegra launahækkana, er orðið hafa frá því útreikningur var gerður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu á grundvelli þess, að hann sé eigandi Íþróttahallarinnar og annist rekstur hennar og hafi því veg og vanda af því, að öll vinnuaðstaða í húsinu og öryggisráðstafanir séu í réttu horfi. Ástæður að öðru leyti fyrir fébótaábyrgð telur stefnandi þær, að vinnuaðstaða fyrir íþróttakennara í húsinu hafi verið ófullnægjandi og hættuleg. Hér komi það til, að veggir í geymslu íþróttaáhalda hafi verið ómálaðir á umræddum tíma, birta þar léleg, en geymslan full af alls konar íþróttatækjum og ýmiss konar drasli. Engin aðstaða hafi verið til að koma íþróttaáhöldum skipulega fyrir vegna þrengsla. Allt hafi þarna verið í einum hrærigraut. Það liggi í augum uppi, að þess sé brýn þörf, að gott skipulag sé á hlutunum á slíkum stað, þar sem margir gangi um, bæði kennarar og nemendur. Menn verði að geta athafnað sig greiðlega og rekið erindi sín án slysahættu. Stefnandi hafi verið kennari við skóla í Reykjavík, sem hafi haft afnotarétt að húsnæði í Íþróttahöllinni til leikfimiiðkana. Stefnandi hafi verið að gegna starfi sínu umrætt sinn og hafi átt eðlilegt erindi í áhaldageymsluna. Hann hafi hrasað þarna vegna hinnar ófullkomnu og hættulegu aðstöðu, sem þar hafi verið boðið upp á. Í íþróttaáhaldageymslum sem þessum verði hver hlutur að eiga sinn stað og að ekki sé hægt að ætlast til þess, að einstakir íþróttakennarar taki sig fram og komi reglu á hlutina í slíkri geymslu í önn starfs síns við íþróttakennslu. Slíks hafi heldur ekki verið kostur á umræddum tíma, þótt íþróttakennarar hefðu viljað leggja sig alla fram í því efni, þar eð engri reglu var á komið sökum þrengsla. Þessi skylda húsráðenda hafi verið mjög illa rækt eða réttara orðað órækt á þeim tíma, sem hér um ræðir. Telur stefnandi, að sú vanræksla leiði lögum samkvæmt til fébótaábyrgðar húsráðenda á slíku slysi, sem hér um ræðir og öllum afleiðingum þess.

Þá telur stefnandi það einnig þungt á metunum, að engar ráðstafanir voru gerðar til þess að rannsókn færi fram á orsökum slyssins, svo sem skylt sé að lögum, og hafi því stefnandi sjálfur

orðið að gera sínar ráðstafanir eftir á til að reyna að leiða í ljós með ljósmyndum og vottorðum, hvernig aðstaðan í áhaldageymslunni hafi verið á þeim tíma, er umrætt slys varð.

Að endingu heldur stefnandi því fram, að engin rök séu til að sakast við hann sjálfan um slysið.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slys stefnanda verði aðeins rakið til óaðgæslu hans sjálfs eða óhappatilviljunar en á því geti stefndi ekki borið ábyrgð. Jafnframt er því mótmælt, að aðstæður og umgengni á slysstað hafi verið með þeim hætti, að varði stefnda fébótaábyrgð. Stefnandi hafi verið lærður íþróttakennari með mikla starfsreynslu og gegnt störfum sem slíkur, er slysið varð. Hann hafi verið gerkunnugur aðstæðum á slysstað og vanur að umgangast hin ýmsu íþróttatæki við ýmsar aðstæður og því þekkt glögglega þær hættur, sem almennt séu samfara íþróttaiðkunum og íþróttatækjum. Að sögn stefnanda hafi slysið viljað til með þeim hætti, að hann hafi hrasað á geymslugólfinu, þegar hann var að bogra þar í leit að áðurnefndum planka og startkubbum. Ekki komi annað fram en stefnandi hafi fallið um sjálfan sig, sem sé óhappatilviljun, en hafi hann fallið um íþróttatæki eða gólfrenningsrúlluna, sé um óaðgæslu að ræða af hans hálfu, þar eð honum hafi verið fullkunnugt um þau tæki og dót, sem að hans sögn lágu í gangveginum á gólfinu, og hefði því átt hægt með að færa þau til hliðar, um leið og hann gekk inn í geymsluna. Þessi óaðgætni stefnanda hafi einnig verið orsök afleiðinga slyssins, sem ella hefðu litlar eða engar orðið, þar sem stefnandi hafi komið höndum rétt fyrir sig í fallinu. Verði og sú tilviljun, að laus hlutur á geymslugólfinu, sem stefnandi vanrækti að færa úr vegi, lendi undir hendi hans, ekki talin fyrirsjáanleg eiganda eða starfsmönnum Íþróttahallarinnar.

Fallist dómarinn ekki á framangreind sjónarmið, byggir stefndi varakröfu sína á því, að meginorsök slyssins sé óhappatilviljun og gáleysi stefnanda, og beri að skipta sök og lækka bætur í samræmi við það.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi lauk íþróttakennaraprófi árið 1961 og hafði stundað íþróttakennslu í Íþróttahöllinni í Laugardal um tveggja ára skeið, er slysið vildi til. Honum var því kunnugt um aðstæður í íþróttaáhaldageymslu þeirri, þar er hann slasaðist. Rétturinn telur það hafa verið í verkahring stefnanda að ganga frá íþróttaáhöldum að lokinni æfingu eða að hafa yfirumsjón með þeim frágangi. Staða hans að því leyti er sama eðlis og staða verkstjóra. Stefnanda bar

því að taka til eða láta taka til í geymslunni, ef honum þótti aðstæður þar hættulegar.

Af hálfu stefnda er því ekki mótmælt, að lýsing stefnanda á aðstæðum í geymslunni, er slysið varð, sé rétt. Hins vegar er um það deilt, hvort slysið sé vávæn afleiðing af þessum aðstæðum. Og verður rétturinn að fallast á það með stefnda, að svo sé ekki, heldur hafi slysið orðið vegna óhappatilviljunar, en á slíku ber stefndi ekki skaðabótaábyrgð, og rétturinn telur, að vinnuaðstæður þær, er stefndi ber ábyrgð á, hafi ekki verið slíkar, að þær felli á hann bótaskyldu. Ekki leiðir það út af fyrir sig heldur til skaðabótaábyrgðar fyrir stefnda, þótt hann hafi eigi hlutast til um rannsókn á orsökum slyssins, þar sem atvik að því eru ekki deiluefni í málinu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Það styður og þessa niðurstöðu, að það er dómvenja hér á landi (sbr. t. d. hæstaréttardóm í XXXI. bindi, bls. 243), að ekki er það skaðabótaskylt slys, þótt háseti á fiskiskipi detti vegna hálku á slorugu þilfari og slasist.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Ólafs Unnsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. mars 1974.

Nr. 117/1973: **Hreppsnefnd Helgafellssveitar f. h. hreppsins**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Júlíusi Stefánssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1973. Hann gerir þær dómkröfur, að hin áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu útburðargerð. Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný gögn.

Fram er komið, að eigendur jarðarinnar Borgarlands voru tveir, þá er gerðir voru þeir kaupsamningar, sem um er getið í hinum áfrýjaða úrskurði. Voru það Þorgrímur Bjarnason og fóstusystir hans Dagbjört Davíðsdóttir. Hafa þau bæði gefið vottorð, er lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, um efni leigusamnings, sem gerður var við stefnda haustið 1971. Segir um samninginn í vottorði Dagbjartar, að stefnda hafi aldrei verið byggð jörðin til ábúðar, en um það verið samið, að hann fengi íbúðarhúsið á leigu gegn 3.000 króna mánaðarleigu. Hafi leigumálinn átt að gilda fram í maí 1972. Í vottorði Þorgríms segir, að leigusamningurinn hafi átt að gilda til 31. maí 1972. Hann hafi verið um afnot íbúðarhússins á Borgarlandi

„og ef til vill um einhverja aðstöðu með skepnur í gripahúsum". Engin afnot af túni eða jörð hafi verið nefnd í samningnum. Enn fremur segir um nytjar túnsins í vottorðinu, að stefndi hafi fengið leigða um það bil 9 ha af túninu vorið 1972 og hafi af því heyjað rúma 6 ha. Annað tún hafi Þorgrímur sjálfur heyjað nema um það bil 2.5 ha, sem leigðir hafi verið nafngreindum manni. Eintak jarðareiganda af samningi þessum er talið glatað.

Stefndi hefur ekki borið brigður á, að þá er hann flutti að Borgarlandi, hafi hann gert skriflegan samning við eigendur jarðarinnar. Glöggar skýrslur stefnda sjálfs eru ekki komnar fram um það, hvað orðið hafi af samningseintaki hans, en það hefur ekki verið lagt fram í málinu. Umboðsmaður stefnda hefur þó lýst greindum samningi svo í bréfi til áfrýjanda 3. nóvember 1972, að hann hafi verið gerður 6. nóvember 1971 og hafi að efni verið „bráðabirgðasamningur til 31. mars s.l. vegna afnota húsa, en formlegur ábúðarsamningur að öðru leyti ekki gerður".

Eftir að stefndi flutti heimili sitt að Borgarlandi, stundaði hann fulla atvinnu í Stykkishólmi, eins og hann hafði áður gert, en hafði engan teljandi bústofn á Borgarlandi, aðeins 25 sauðkindur og 3 hross, að sjálfs sín sögn. Veturinn 1972—1973 var bústofn að vísu nokkru stærri, en þó óverulegur sem fyrr.

Af því, sem nú hefur verið rakið, og eins og gögnum máls er farið, þykir verða að leggja til grundvallar, að stefndi hafi með framangreindum samningi einungis stofnað til tímabundins afnotaréttar sér til handa af húsum á jörðinni, en ekki fengið jörðina til ævilangrar ábúðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 36/1961, svo sem hann hefur haldið fram.

Stefndi og annar nafngreindur aðili gerðu kaupsamning um jörðina við eigendur hennar 7. mars 1972. Samningsaðiljar buðu áfrýjanda ekki að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt lögum nr. 40/1948, og felldu þeir samninginn úr gildi með nýjum kaupsamningi 22. júlí 1972. Neytti þá áfrýjandi forkaupsréttarins og fékk afsal fyrir jörðinni 15. ágúst 1972. Verður ekki heldur á það fallist með stefnda, að fyrir greinda

samninga ásamt dvöl sinni á jörðinni hafi hann öðlast rétt til lífstíðarábúðar á jörðinni.

Eftir að áfrýjandi eignaðist jörðina, sinnti stefndi ekki tilmælum hans um, að stefndi gengi til samninga við hann um afnot húss á jörðinni, og ekki hefur stefndi goldið áfrýjanda leigu fyrir afnot sín. Liggja frammi í málinu bréf til stefnda vegna þessa, dags. 28. september 1972, 15. desember 1972 og 15. febrúar 1973. Virðist stefndi telja, að vegna ævilangs ábúðarréttar hafi hann hvorki þurft að semja við áfrýjanda né gjalda honum leigu, uns áfrýjandi hefði látið úttektarmenn ákveða landskuld. Af þeim ástæðum, sem áður eru greindar, verður ekki á þetta fallist, og þar sem ekki verður litið svo á, að ákvæði 30. gr. laga nr. 36/1961 eigi hér við, ber að fallast á beiðni áfrýjanda um útburð.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að bera stefnda, Júlíus Stefánsson, út af jörðinni Borgarlandi í Helgafellssveit.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 13. júlí 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 11. maí 1973 að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi, Helgafellssveit, eigandi jarðarinnar Borgarlands í Helgafellssveit, krefst þess, að gerðarþola, Júlíusi Stefánssyni, „ásamt öllu, sem honum fylgir og tilheyrir, verði gert að víkja úr húsi því á Borgarlandi, sem hann hefir dvalist í undanfarið, og jafnframt af téðri jörð, að því leyti sem hann teldist hafa hana í umráðum eða ábúð".

Gerðarþoli gerir þær dómkröfur, að kröfum gerðarbeiðanda verði hrundið.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að haustið 1971 gerði þáverandi eigandi jarðarinnar Borgarlands, Þorgrímur Bjarnason, samning við gerð-

arþola um afnot jarðarinnar. Þann 7. mars 1972 gerðu þessir sömu aðiljar með sér kaupsamning um jörðina. Annan kaupsamning um jörðina gerðu þeir síðan með sér þann 22. júlí 1972, og var hreppsnefnd Helgafellssveitar f. h. sveitarsjóðs boðinn forkaupsréttur að jörðinni samkvæmt þeim samningi. Hreppsnefndin ákvað að neyta forkaupsréttar og keypti jörðina. Þann 28. september 1972 ritaði oddviti Helgafellssveitar gerðarþola bréf, þar sem hann gaf honum frest til 10. október n. k. til þess að ganga frá samningum um íbúðarhús jarðarinnar og fleira, að öðrum kosti verði hann að víkja af jörðinni. Þann 3. nóvember s. á. ritar Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður hreppsnefnd Helgafellssveitar til svars ofangreindu bréfi og mótmælir þar uppsögninni og skorar á hreppsnefndina að hlutast til um, að úttektarmenn ákveði landskuld af jörðinni, svo byggingarbréf megi gefa fyrir henni. Þessu bréfi svaraði Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður með bréfi, dags. 15. febrúar 1972 (misritun fyrir 1973), þar sem mótmælt er, að gerðarþoli sé ábúandi á Borgarlandi, og til vara er ábúðinni sagt upp frá næstu fardögum.

Gerðarbeiðandi rökstyður kröfur sínar með því, að ekki sé um ábúð að ræða í merkingu ábúðarlaga, heldur tímabundin leiguréttindi yfir íbúðarhúsi, enda hafi þess ekki verið getið í kaupsamningi um jörðina, að hún væri í ábúð. Samkvæmt ákvæðum ábúðarlaga sé leigulíða skylt að búa á ábúðarjörð sinni, nytja hana og reka þar bú, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað. Samkvæmt vottorði forðagæslumanns sveitarinnar hafi ásetningur gerðarþola haustið 1972 aðeins verið 40 kindur, 2 kálfar og 5 hestar. Gerðarþoli hafi og sjálfur viðurkennt að hafa unnið fulla vinnu í Stykkishólmi s.l. vetur, en eiginkona hans hirt um skepnurnar. Það sé því augljóst, að um búrekstur í venjulegri merkingu sé ekki að ræða hjá gerðarþola, og því geti dvöl hans á jörðinni ekki talist ábúð. En þó svo að talið yrði, að um ábúð væri að ræða, þá hefði henni verið sagt upp með bréfi oddvita Helgafellssveitar til gerðarþola, dags. 28. september 1972. Gerðarbeiðandi rökstyður kröfur sínar enn fremur með því, að gerðarþoli hafi enga leigu greitt fyrir afnotin, og þar með hafi hann fyrirgert öllum leigurétti af sinni hálfu.

Gerðarþoli rökstyður kröfur sínar með því, að hann hafi haft ábúð á jörðinni frá því um haustið 1971 og hafi sá ábúðarréttur orðið ótvíræður við gerð kaupsamningsins 7. mars 1972, þar sem öll jörðin Borgarland sé seld sér ásamt gögnum og gæðum að engu undanskildu. Ábúðinni hafi ekki verið sagt löglega upp, þ. e. fyrir

jól, og því sé uppsögnin frá 15. febrúar 1973 marklaus. Þá sé og á það að líta, að engin ástæða sé til þess að segja ábúðinni upp, og ekki liggi fyrir, að byggja eigi jörðina öðrum ábúanda. Leigugjald kveðst gerðarþoli ávallt hafa verið, og sé enn, reiðubúinn til þess að greiða, en hann hafi ekki verið krafinn um landskuld og gerðarbeiðandi hafi ekki hlutast til um, að úttektarmenn ákvæðu landskuldina lögum samkvæmt, eins og gerðarþoli hafi þó skorað á hann að gera. Það sé því ekki hægt að bera sig út vegna vanskila.

Eftir gerð kaupsamningsins frá 7. mars 1972 og vegna undanfarandi nytja sinna af húsum og landi jarðarinnar mátti gerðarþoli réttilega líta svo á, að hann hefði fullan ábúðarrétt á jörðinni. Þetta mátti gerðarbeiðanda einnig vera ljóst. Gerðarþola bar því engin skylda til þess að hlíta samningum um takmörkun á ábúðarrétti. Eins og atvikum var háttað og lýst er hér að framan, verður það ekki talin sök gerðarþola, að landskuld hefur ekki verið greidd. Gerðarþoli hefur því ekki fyrirgert ábúðarrétti sínum.

Það, sem hér hefur verið rakið, leiðir því til þeirrar niðurstöðu, að synja ber kröfu gerðarbeiðanda um útburð.

Samkvæmt þeim úrslitum ber gerðarbeiðanda að greiða gerðarþola málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Úrskurðinn kvað upp Jón S. Magnússon fulltrúi. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna mikilla anna við embættið.

Því úrskurðast:

Krafa gerðarbeiðanda, Helgafellssveitar, um útburð gerðarþola, Júlíusar Stefánssonar, af jörðinni Borgarlandi í Helgafellssveit er ekki tekin til greina.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1974.

Nr. 5/1974: **Haraldur Árnason og Skarphéðinn Pálsson**
gegn
Gunnlaugi Karlssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Haraldur Árnason og Skarphéðinn Pálsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Gunnlaugi Karlssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 10.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1974.

Nr. 116/1973: **Gunnar Pálsson**
gegn
Örlaugi Björnssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Pálsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Örlaugur Björnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. apríl 1974.

Nr. 174/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Heiðberg
(Jón E. Ragnarsson hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn var háð í máli þessu í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 27. mars 1974. Kom ákærði þá fyrir dóm og fjórir lögreglumenn, sem afskipti höfðu af máli hans, svo og maður sá, sem gerði lögreglumönnum viðvart um akstur hans hinn 1. september 1972, en tilkynning hans varð efni til lögregluaðgerða gegn ákærða. Er ákærði kom fyrir dóm við framhaldsrannsókn, tók hann aftur þann framburð sinn, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis við akstur bifreiðar greindan dag. Eigi tók hann þó aftur skýrslu sína um áfengisneyslu þann dag, en sú skýrsla er rakin í héraðsdómi.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu hinn 2. september 1972, sem staðfestur var í sakadómi Hafnarfjarðar hinn 11. desember 1972, gekkst ákærði við að hafa neytt nokkurs magns af áfengi frá því klukkan 2 e. h. hinn 1. september 1972, uns hann ók bifreiðinni R 519 milli klukkan 7 og 8 e. h. þá akstursleið, er greinir í héraðsdómi. Eftir það telur hann sig hafa neytt áfengis heima hjá sér, en liðið hafi um 45 mínútur, frá því að akstri lauk, uns lögreglumenn komu á heimili hans og tóku hann höndum.

Með framangreindum framburði ákærða um áfengisneyslu hinn 1. september 1972 og vætti lögreglumanna og stoð þeirri, er blóðrannsókn veitir, þykir ákærði sannur að sök um brot það, sem hann er sakaður um í ákæru. Til viðbótar ber að geta þess, að ekki verður mark tekið á framangreindri afturköllun

ákærða á játningu um, að hann hafi kennt áfengisáhrifa við ofangreindan bifreiðarakstur.

Háttsemi ákærða varðar við refsiákvæði þau, sem greind eru í ákæruskjali. Ákærði gekkst hinn 19. október 1971, þá 21 árs að aldri, undir sátt í sakadómi Hafnarfjarðar, fyrir brot á „2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga". Skyldi hann greiða 4.000 kr. sekt, og sviptur var hann ökuleyfi í 4 mánuði frá 19. október 1971. Í dómssáttinni greinir, að hún hafi „ítrekunarverkun". Sátt þessi hefur því ítrekunaráhrif á brot þau, sem hér er dæmt um, sbr. 5. málsgr. 81. gr. laga nr. 40/1968, 71. gr. laga nr. 19/1940 og 1. málsgr., 2. tölulið, 112. gr. laga nr. 82/1961, er þá giltu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sviptur ævilangt ökuleyfi sínu samkvæmt þeim lagaheimildum, er greinir í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði dómsins um greiðslu sakarkostnaðar er einnig staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, kr. 18.000.00.

Það athugast, að framburður ákærða fyrir rannsóknarlögreglu hinn 2. september 1972 var eigi borinn undir ákærða á dómþingi 11. september 1972 jafnskýrlega sem skyldi eftir því sem bókað er í þingbók.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Heiðberg, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 18.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 7. maí 1973.

Ár 1973, mánudaginn 7. maí, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 177/1973: Ákæruvaldið gegn Jóni Heiðberg.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl s.l., er með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 12. febrúar 1973, höfðað á hendur Jóni Heiðberg vélvirkja, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði, „fyrir að aka, föstudaginn 1. september 1972, undir áhrifum áfengis bfreiðinni R 519 frá Sjónarhóli við Reykjavíkurveg heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði er sakhæfur, fæddur 25. júní 1950 í Reykjavík, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1966 6/10 Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 157. gr. hegningarlaga.

1971 19/10 Hafnarfirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 19 október 1971.

Málavextir.

Föstudaginn 1. september 1972, klukkan 2020, er lögreglumenn voru í eftirlitsferð í lögreglubifreið, var þeim tilkynnt um talstöð lögreglubifreiðarinnar, að rétt í því hefði bifreiðinni R 519 verið ekið frá Sjónarhóli og norður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Lögreglumennirnir fóru þegar að leita að nefndri bifreið, en klukkan um 2040 var þeim tilkynnt, að skráður eigandi bifreiðarinnar væri Andri Heiðberg, Arnarhrauni 16, Hafnarfirði. Fyrir utan það hús stóð bifreiðin R 519 mannlaus. Lögreglumennirnir knúðu dyra, og er þeir spurðu eftir ökumanni bifreiðarinnar, kom ákærði í máli þessu til dyranna. Hann neitaði hins vegar að hafa ekið bifreiðinni frá Sjónarhóli, en kvaðst hafa fengið Friðþjóf Bragason til að aka fyrir sig og hafi verið ekið yfir svæði Einars Þorgilssonar & Co. og Stefán Hjartarson, Hraunbæ 8, Reykjavík, verið með þeim. Haft var samband við Friðþjóf Bragason, sem í fyrstu kvaðst hafa ekið nefndri bifreið, en tók þann framburð til baka við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, sem fram fór strax þá um

kvöldið. Farið var með ákærða á lögreglustöðina í Hafnarfirði til yfirheyrslu hjá varðstjóra, og læknir var fenginn til að taka honum blóð til alkóhólrannsóknar.

Í skýrslu varðstjóra er útliti og öðrum einkennum ákærða lýst svo, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti, augu vot, rauð og blóðhlaupin, andlit rjótt, jafnvægi stöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar skýrt, framburður ruglingslegur, framkoma þannig, að hann var æstur, ósvífinn og þrætugjarn.

Í blóðsýni því, sem ákærða var tekið í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 0.86‰ af alkóhóli.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann hefði verið við áfengisdrykkju umræddan föstudag, 1. september, frá klukkan 1400 og þar til hann var handtekinn. Hann kvaðst hafa verið á Sjónarhóli frá klukkan 1700, en á því tímabili og til þess tíma, er hann var tekinn, hafi hann ekki drukkið mikið áfengi og fundið aðeins til áfengisáhrifa, er hann ók bifreiðinni R 519 frá Sjónarhóli að heimili sínu yfir Einarsbræðrareitinn, sem er bakló í beinni stefnu milli nefndra staða.

Ákærði kvað lögregluna hafa komið um 45 mínútum síðar og á þeim tíma hafi hann verið við drykkju ásamt Stefáni Hjartarsyni og drukkið tvo sopa af óblönduðu wiskey og eitt glas af wiskeyblöndu. Hann kvaðst, áður en hann fór með lögreglunni, hafa beðið Stefán Hjartarson að fara til Friðþjófs Bragasonar og biðja hann að taka á sig að hafa ekið bifreiðinni.

Vitnið Stefán Hjartarson, Hraunbæ 8, Reykjavík, kvaðst hafa komið umræddan dag nokkru eftir klukkan 1700 til Vals Hólms að Sjónarhóli, Hafnarfirði, og drukkið með honum áfengi í herbergi hans, en síðar, sennilega klukkan um 1900, hafi ákærði komið þar einnig. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið eftir, hvort ákærði neytti þar áfengis. Það kvaðst hafa farið með honum í bifreið frá Sjónarhóli heim til hans, en ekki veitt því athygli, hvort hann var undir áhrifum áfengis, enda vitnið sjálft ölvað. Heima hjá ákærða hafi þeir síðan neytt einhvers áfengis, þar til lögreglan kom. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hafa farið til Friðþjófs Bragasonar og beðið hann að segjast hafa ekið bifreiðinni R 519 í umrætt sinn, en það minnisleysi stafi sjálfsagt af ölvunarástandi þess. Vitnið vann eið að vætti sínu.

Friðþjófur Bragason, Smyrlahrauni 27, Hafnarfirði, kvað við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu pilt nokkurn, Stefán, sem hann þekkti ekki nánar, hafa komið heim til hans klukkan um 2030

umræddan dag, sagt sér, að lögreglan hefði skömmu áður tekið ákærða vegna ölvunaraksturs og beðið hann að segja lögreglunni, að hann hefði ekið bifreið þeirri, sem ákærði ók, frá Sjónarhóli við Reykjavíkurveg að Arnarhrauni 16 þá rétt áður. Hann kvaðst hafa lofað Stefáni að gera þetta. Hann hafi viljað koma ákærða, sem var heitbundinn systur hans, út úr þeim ógöngum, sem hann var í.

Niðurstaða alkóhólrannsóknarinnar verður ekki lögð til grundvallar í máli þessu við ákvörðun sektar eða sýknu, enda verður ekki hrakinn framburður ákærða um að hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Á hinn bóginn er sannað með játningu ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann föstudaginn 1. september 1972 ók bifreiðinni R 519 frá Sjónarhóli við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði heim til sín. Þykir ákærði hafa gerst brotlegur við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr 82/1969. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Heiðberg, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1974.

Nr. 50/1974: **Halldóra Gunnarsdóttir sjálf og vegna ófjárráða barna sinna, Þorbjargar, Guðbjargar og Auðar Árnadætra,**

gegn

Magnúsi Fr. Árnasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Lögmannsþóknun. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, formanni stjórnar Lögmannafélags Íslands, og stjórnarmönnunum Sveini Hauki Valdemarssyni hæstaréttarlögmanni, Hákoni Árnasyni hæstaréttarlögmanni og Skúla Pálssyni héraðsdómslögmanni. Einn stjórnarmanna, Jóhannes L. L. Helgason hæstaréttarlögmaður, skilaði sératkvæði í málinu.

Samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973, hafa sóknaraðiljar skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. febrúar 1974, sem Hæstarétti barst 7. mars s. á. Krefjast þeir þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim oftekin málflutningslaun og kostnað, kr. 185.439.00, og kærumálskostnað.

Með bréfi til Hæstaréttar 18. mars 1974, sem barst Hæstarétti 19. s. m., gagnkærir varnaraðili fyrrgreindan úrskurð Lögmannafélags Íslands. Krefst hann sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu og kærumálskostnaðar úr þeirra hendi.

Gagnkæra þessi hefur eigi komið fram innan lögmælts frests samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973, og er henni því vísað frá Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum kærða úrskurði, fór varnaraðili með mál af hendi sóknaraðilja til heimtu bóta vegna banaslyss Árna Tómassonar, eiginmanns Halldóru Gunnarsdóttur og

föður dætra þeirra. Sóknaraðiljar fengu gjafsókn í héraði vegna máls þessa með bréfi dómsmálaráðuneytis 11. júní 1971, og var varnaraðili skipaður talsmaður þeirra í málinu. Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Árnessýslu með stefnu 22. júní 1971. Kröfðust sóknaraðiljar bóta samtals að fjárhæð kr. 4.447.973.00 auk 7% ársvaxta frá 15. febrúar 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Dómur gekk í máli þessu 16. desember 1972. Heildartjón sóknaraðilja var ákveðið kr. 3.020.000.00, og skyldu þeir fá tjón sitt bætt að 3/5 hlutum, eða kr. 1.812.000.00, auk vaxta. Þá var dómþola dæmt að greiða kr. 165.000.00 í málskostnað, er renna skyldi í ríkissjóð. Málflutningslaun til varnaraðilja, sem ákveðin voru kr. 175.000.00, skyldu greiðast úr ríkissjóði svo og útlagt fé hans vegna málsins, kr. 29.439.00. Dómþoli greiddi dómskuldina til varnaraðilja. Samkvæmt skilagrein varnaraðilja 25. apríl 1973 færði hann sóknaraðiljum til gjalda kr. 160.000.00 í málflutningsþóknun og kr. 25.439.00 vegna fjár, er hann hefði lagt út í sambandi við málið. Hélt hann fé þessu, samtals kr. 185.439.00, eftir við uppgjör við sóknaraðilja. Varnaraðili mun hafa fengið það fé greitt úr ríkissjóði, sem honum var dæmt með fyrrgreindum dómi.

Um gjafsókn og gjafvörn er fjallað í XI. kafla laga nr. 85/1936. Í 173. gr. eru greind þau hlunnindi, er gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi fái. Í 3. tl. 173. gr. er boðið, að gjafsóknar- eða gjafvarnarhafa skuli skipaður talsmaður, nema þess þyki engin þörf. Þá segir í greininni, að ríkissjóður greiði talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun þess dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri standi, sem gjafsókn nær til. Hæstaréttarlögmönnum er yfirleitt skylt að taka við starfi sem talsmenn í gjafsóknar- eða gjafvarnarmálum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 61/1942, en í 2. gr. þeirra laga segir, að fyrir flutning gjafsóknar- eða gjafvarnarmála skuli ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Samkvæmt lagaákvæðum þessum skulu málflutningslaun talsmanns gjafsóknar- og gjafvarnarhafa ákveðin með dómi, og talsmaðurinn á ekki rétt til meiri málflutningslauna. Get-

ur varnaraðili því ekki krafist frekari málflutningslauna eða kostnaðar af málinu en honum hefur þegar verið dæmt. Ber varnaraðilja að greiða sóknaraðiljum hið umdeilda fé, kr. 185.439.00.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri gagnkæru er vísað frá Hæstarétti.

Varnaraðili, Magnús Fr. Árnason, greiði sóknaraðiljum, Halldóru Gunnarsdóttur sjálfri og vegna ófjárráða barna sinna, Þorbjargar, Guðbjargar og Auðar Árnadætra, kr. 185.439.00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars

og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Sóknaraðiljar leituðu úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um rétt varnaraðilja til að krefja þá um kr. 160.000.00 í málflutningslaun umfram kr. 175.000.00, sem héraðsdómur dæmdi varnaraðiljum í þóknun úr ríkissjóði vegna flutnings gjafsóknarmáls fyrir sóknaraðilja.

Ágreiningsefni aðilja er samkvæmt þessu það, hvort ákvæði 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 beri að skýra svo, að laun talsmanns gjafsóknarhafa, sem dómur ákvað, beri að telja fullnaðarþóknun fyrir flutning gjafsóknarmáls eða ekki. Þegar gætt er tilgangs 8. gr. laga nr. 61/1942 svo og þess, að ákvæði þetta er sérregla, þykir ákvæðið ekki verða skýrt svo, að úrlausn framangreinds ágreiningsefnis beri undir stjórn Lögmannafélags Íslands. Af þessu leiðir, að hin kærða úrlausn stjórnarinnar verður einungis skoðuð sem álitsgerð, en ekki úrskurður, er kæru sætir samkvæmt nefndri 8. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.
Samkvæmt þessu verður dómsorð okkar svo:

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 13. febrúar 1974.

Sóknaraðili lagði mál þetta fyrir stjórn L. M. F. Í. með bréfi, dags. að Selfossi hinn 22. maí 1973. Í bréfinu er þess getið, að hún og dætur hennar, Þorbjörg, Guðbjörg og Auður Árnadætur, hafi fengið dæmdar bætur úr hendi Fosskrafts s/f o. fl., samtals með vöxtum kr. 2.335.215.00. Málflutningsmaður sinn hafi verið hæstaréttarlögmaður Magnús Fr. Árnason og hafi hann fengið tildæmdan málskostnað, kr. 175.000.00, sem gjafsóknarlaun og hafi sóknaraðili talið, að ekki yrði um greiðslu af sinni hálfu að ræða af þessum ástæðum. Við uppgjör hafi Magnús hins vegar haldið eftir kr. 160.000.00 sem málflutningsþóknun og kr. 25.439.00 fyrir kostnaði o. fl.

Sóknaraðili kveðst telja, að Magnús hafi með tildæmdum málskostnaði verið búinn að fá sína þjónustu greidda, og óskar eftir úrskurði stjórnar L. M. F. Í. um réttmæti þeirra gerða Magnúsar að halda kr. 185.439.00 eftir við uppgjör til viðbótar þeim kr. 175.000.00, sem hann var áður búinn að fá.

Eftir móttöku bréfs þessa var ákveðið á fundi í stjórn L. M. F. Í. að senda Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni í ljósriti kærubréfið ásamt reikningsyfirliti lögmannsins, er bréfinu fylgdi, svo og að senda honum í endurriti úrskurð stjórnar L. M. F. Í. frá 10. nóvember 1966. Þetta var gert með bréfi, dags. 6. júní s.l. Svarbréf varnaraðilja, dags. 25. september 1973, barst félagsstjórn, og hljóðar það svo:

„Hinn 7. júlí 1971 höfðaði ég f. h. frú Halldóru Gunnarsdóttur, Selfossi, og þriggja ófjárráða dætra hennar skaðabótamál gegn Fosskraft sf. til greiðslu fébóta fyrir missi framfæranda. Atvik málsins voru þau, að eiginmaður Halldóru beið bana í febr. 1969, er hann var að vinna á skurðgröfu austur við Búrfellsvikjun. Árni heitinn Tómasson vann einn á gröfunni, þegar slysið skeði, og engir sjónarvottar

voru að því. Lögreglurannsókn fór fram í málinu, eins og lög gera ráð fyrir, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gegnum Dómsmálaráðuneytið fékkst engin frekari rannsókn af opinberri hálfu, og varð því málið allt erfiðara viðfangs, eins og að líkum lætur.

Síðan tóku við langar samningsviðræður við Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f., en það félag var umboðsaðili Interbroke Schmid í Sviss, sem Fosskraft sf. hafði tryggt sig hjá. Skjöl öll þurfti að senda út og þýða á ensku, og langur tími fór í að reyna að ná samkomulagi um hæfilegar bætur. Allt þetta vafstur endaði síðan með því, að hinir erlendu aðiljar neituðu allri skaðabótaskyldu, og framangreint mál var höfðað.

Ég tók það algjörlega upp hjá sjálfum mér að sækja um gjafsókn fyrir stefnendur, þar sem málið var mjög tvísýnt og mjög skorti sönnunargögn. Því var haldið fram af umbm. stefnda, að Árni heitinn Tómasson hafi farið mjög ógætilega að í starfi sínu og hafi því sjálfur átt höfuðsök á því, hvernig fór.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja málflutning og málsgögn frekar, því þau er öll að finna í skjölum málsins og dómi fulltrúa sýslumanns Árnessýslu, sem dæmdi mál þetta, en hann var skipaður ad hoc til að fara með mál þetta. Úrslit málsins urðu þau, að stefndi var dæmdur til að greiða umbj. mínum kr. 1.812.000.00, en sök var skipt þannig, að Árni heitinn var talinn hafa valdið slysinu að 2/5 hlutum og ekkjunni og börnum þeirra aðeins tildæmdar 3/5 hlutar heildarfébóta.

Málið tapaðist þannig að 2/5 hlutum og málsvarnarlaun mín voru ákveðin í samræmi við það kr. 175.000.00 auk útl. kostnaðar.

Nú er komið að kjarna þessa máls, þ. e. hvað skuli teljast hæfileg málflutningsþóknun fyrir flutning svo viðamikils og vandasams máls. Málið vinnst að 3/5 hlutum, og sýnir það strax, að vel hefir verið á málum haldið af minni hálfu, ef miðað er við allar aðstæður.

Í lögum um málflytjendur segir orðrétt: „Fyrir flutning gjafsóknar og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu". Í sömu grein segir ennfremur: *„Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af*

fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Hér er það fastákveðið í lögum ísl. lýðveldisins, að lögmenn megi taka borgun fyrir störf sín. Það eru ekki allar stéttir, sem geta státað af svo hátíðlegum yfirlýsingum löggjafans, kannske er lögmannastéttin sú eina, sem það getur.

En það eru gallar á gjöf Njarðar, ekki einn, heldur margir. Ef lögmaður sækir um gjafsókn fyrir skjólstæðing sinn, gerir hann það fyrst og fremst til að tryggja, að umbj. hans verði ekki fyrir allt of miklum útlátum, ef mál skyldi tapast, sem oft vill henda, því lögmanni er heimilt að áskilja sér „hæfilegt endurgjald", jafnvel þótt hann tapi málinu, enda mundi honum verða ákveðin „hæfileg laun" fyrir starfa sinn einnig í því tilfelli. En ef við lítum hlutlaust á málin, og þar getur hver lögmaður litið í sinn eigin barm, þá vaknar spurningin, fáum við nokkurntíma „hæfilegt endurgjald" fyrir störf okkar, þegar dómarar ákveða laun okkar í gjafsóknarmálum og opinberum málum. Svari nú hver fyrir sig. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar í lögum, þá eru það alltof oft aðrir aðilar, sem ákveða laun lögmanna, og oft í litlu samræmi við þá vinnu, sem lögð hefir verið fram. Mál, sem tapast að einhverju eða öllu leyti, og lögmönnum eru dæmdar skóbætur í laun fyrir, eru oft á tíðum vandasömustu málin, sem mest vinna hefir verið í lögð. Upplögð mál þarf varla á aðstoð lögmanna að halda (sic), aðiljarnir gætu í mörgum tilfellum flutt þau sjálfir með góðum árangri.

Ákvæði um gjafsókn eru í XI. kafla einkamálalaganna frá 1936. Þar segir í 173. gr., 3. tl., *„að gjafsóknarhafa sé skipaður talsmaður, og ríkissjóður greiði talsmanni ferðakostnað og þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til."*

Þessi regla á ef til vill rétt á sér í þeim tilfellum, þegar mál tapast að miklu eða öllu leyti og gjafsóknarhafi hefði orðið að greiða talsmanni sínum þóknun og jafnvel gagnaðila málskostnað, ef hann hefði ekki notið þessara hlunninda, en þegar mál vinnst í öllu verulegu og gjafsóknarhafi fær sér tildæmdar stórar fjárfúlgur, ef til vill að nokkru vegna góðrar frammistöðu lögmanns síns, finnst mér málið horfa öðruvísi við. Ég sé ekki, að grundvallarhugmyndir þær, sem veiting gjafsóknar byggist á, leiði til þess, að lögmaðurinn verði að láta sér lynda að fá miklu lægri þóknun fyrir störf

sín, einungis vegna þess að hann var svo forsjáll að útvega skjólstæðingi sínum gjafsókn í málinu, jafnvel óumbeðið, eins og átti sér stað í hér umræddu máli.

Skaðabótamál eru einhver stærsti flokkur einkamála hér á landi. Þar er oft teflt um mikilvæga hagsmuni þeirra, er bóta krefjast. Þó að slík mál séu sjaldan höfðuð beint gegn tryggingarfélögum, er reyndin samt sú, að venjulega reka þau málin fyrir þann, sem krafinn er um bætur. Þetta kemur skýrt fram í máli því, er ég fór með fyrir hönd Halldóru Gunnarsdóttur og barna hennar. Þar voru aðilarnir annarsvegar sterkt alþjóðlegt tryggingarfélag, en hinsvegar ung ekkja með þrjú smábörn norður á Íslandi. Aðstöðumunur aðilanna er hér eins augljós og orðið getur. Það hefði í þessu tilfelli verið algjörlega óforsvaranlegt, hefði ég ekki sótt um gjafsókn f. h. umbj. minna, eins og hér stóð á. Engir sjónarvottar að slysinu, ummerki á vettvangi óljós, málið illa rannsakað (framhaldsrannsókn fékkst ekki), vitni dreifð út um lönd og álfur og hagsmunir umbj. minna svo miklir, að um framtíðarvelferð þeirra var að tefla.

Það þarf ekki langt mál til að útskýra fyrir lögmönnum, á hvorum aðilanum hiti og þungi dagsins hvíli í skaðabótamáli sem þessu. Lögmaður stefnda lagði aðeins fram eitt skjal í því, og það var greinargerð hans. Það var ágæt greinargerð, og málflutningur hans var góður. Hann þurfti ekki á gjafvörn að halda og hefir sjálfsagt fengið „hæfilegt endurgjald" fyrir vinnu sína samkvæmt taxta L. M. F. Í. þrátt fyrir það, að hann þurfti margfalt minna á sig að leggja, eins og augljóst er af framansögðu.

Ég held því hér ákveðið fram, að „endurgjald" það, sem ég hef áskilið mér fyrir störf mín í áðurgreindu máli, sé í fyllsta máta „hæfilegt" samkvæmt ákvæði því í lögum um málflytjendur, sem ég vitnaði í áður. Þau lög eru frá árinu 1942, en reglurnar um gjafsókn einkamálal. frá 1936, og virðist vera kominn tími til, að Lögmannafél. Ísl. gangist fyrir því, að hástemmdar yfirlýsingar löggjafans í lögum um málflytjendur verði meira en orðin tóm.

Einkamálalögin voru samin á kreppuárunum miklu, og er pólitískur litur á reglum þeirra um gjafsókn, en eins og allir vita, voru lögmenn þá taldir „yfirstétt", og hefir löggjafanum fundist tilhlýðilegt að láta slíka stétt manna vinna í þarfir lítilmagnans fyrir lítið. En nú er öldin önnur. Ég

sé enga ástæðu til þess fyrir lögmenn að láta skammta sér laun lengur, sem eru í algjörðu ósamræmi við störf þau, sem þeir ynna af hendi, sérstaklega þegar þau störf eru vel af hendi leyst og árangur af þeim góður. Því síður eiga laun lögmanna að ákvarðast af því, fyrir hvern er unnið, sterkan aðila eða veikan, gjafsóknaraðila eða ekki gjafsóknaraðila, opinberan aðila eða einkaaðila, eða því, hvort um opinbert mál eða einkamál er að ræða.

Ég krefst þess, að núverandi stjórn L. M. F. Í. telji sig ekki bundna af úrskurði frá í nóv. 1966, sem mér var sent ljósrit af, enda var þar um smámuni að tefla miðað við mál það, sem hér er til umræðu.

Annars er ég til viðræðu um mál þetta við háttvirta stjórn L. M. F. Í., þegar hún óskar þess.

Virðingarfyllst,
Magnús Fr. Árnason.

Til stjórnar Lögmannafélags Íslands, Rvk. 25. sept. 1973".

Fyrrgreint reikningsyfirlit frá varnaraðilja til sóknaraðilja hljóðaði svo:

„*Skilagrein* til fr. Halldóru Gunnarsdóttur vegna aukadómþingsmálsins: Halldóra Gunnarsdóttir og fl. gegn Fosskraft sf. og fl.

1 9 7 3.

Apr. 25. Innheimt alls hjá Fosskraft sf:		
Vegna Halldóru Gunnarsdóttur		kr. 1.017.000.00
— Þorbjargar Árnadóttur		— 240.000.00
— Guðbjargar Árnadóttur		— 255.000.00
— Auðar Árnadóttur		— 300.000.00
Vextir alls		— 523.215.00
Málflutningsþóknun	kr. 160.000.00	
Mót, ferðakostn. útl. kostn. dagpen. og fl.	— 25.439.00	
Gr. 5. apr. 73	— 100.000.00	
Gr. 13. 4. 73	— 200.000.00	
Gr. 17. 4. 73	— 50.000.00	
Eftirstöðvar	— 1.799.776.00	
Samt.	kr. 2.335.215.00	kr. 2.335.215.00"

Hinn 10. október s.l. sendi félagsstjórn sóknaraðilja samrit af bréfi varnaraðilja frá 25. september, og var varnaraðilja gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir fyrir stjórnarfundinn 24. október. Fyrir þann tíma átti yfirfjárráðandi barnanna, Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, viðtal við formann félagsstjórnar og tilkynnti, að eigi mundi að vænta skriflegrar svargreinargerðar af hálfu sóknaraðilja, er treystu því, að stjórn L. M. F. Í. mundi kveða upp úrskurð í málinu eftir bestu vitund.

Á þeim tíma, er síðan er liðinn, hefur málið nokkrum sinnum verið tekið til meðferðar og umræðu á stjórnarfundum og nú hlotið endanlega afgreiðslu. Á þessu tímabili hefur sóknaraðili, Halldóra Gunnarsdóttir, nokkrum sinnum haft símasamband við formann félagsstjórnar og óskað eindregið eftir því, að málið yrði tekið til úrskurðar hið allra fyrsta.

Ágreiningurinn er um þóknun til lögmanns fyrir málflutningsstörf í skaðabótamáli í héraði. Ávallt er nokkur vandi í slíkum málum að ákveða, við hvaða fjárhæð á að miða þóknun málflutningslauna, því að venjan er, að stefnufjárhæðin sé allrífleg, einkum fyrir kröfuliðinn miskabætur og röskun á stöðu og högum og þegar um missi framfæranda er að ræða. Kemur og til álita, hve stóran frádrátt á að gefa vegna skattfrelsis og eingreiðslu, og fylgja dómstólarnir þar oft á tíðum ekki sömu reglu.

Í umræddu tilviki var niðurstöðu héraðsdóms ekki áfrýjað. Því verður að ætla, að dómstólnum hafi tekist að kveða á um bótafjárhæð, sem báðir aðiljar hafa talið viðunanlega.

Sök var skipt, og samkvæmt kærubréfi fékk sóknaraðili og börn hennar í sinn hlut kr. 2.335.215.00 sem 3/5 fjárins, og kemur það heim við reikningsyfirlit varnaraðilja. Raungildi þeirrar fjárhæðar, sem varnaraðili sótti úr hendi stefndu í héraði, hefur þá verið kr. 3.892.025.00.

Þó að varnaraðili, sem er fastur starfsmaður hjá bankastofnun, hafi ekki málflutningsstörf að aðalatvinnu, þá er hann félagsmaður í L. M. F. Í., en það félag hefur sem kunnugt er lágmarksgjaldskrá, sem ætlast er til, að félagsmenn fari eftir þannig, að þeir áskilji sér ekki lægra gjald en lágmarksþóknun segir til um.

Samkvæmt gildandi lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. bar lögmanninum, þ. e. varnaraðilja, í lágmarksþóknun fyrir mál þetta samkvæmt framannefndri deilufjárhæð kr. 306.760.00 auk útlagðs kostnaðar. Eigi hafa verið færð fram í málinu gögn, er leiða til þess, að ætla megi, að langdregnar vitnaleiðslur eða önnur slík

tímaeyðsla og fyrirhöfn umfram það, sem venja er í skaðabótamálum, hafi mætt á varnaraðilja í máli þessu.

Því telur félagsstjórnin rétt, að lögmanninum hafi borið að fá framangreinda fjárhæð í þóknun fyrir störf sín við málið.

Fallast verður á þá skoðun varnaraðilja, að lögmönnum sé heimilt að áskilja sér fulla þóknun fyrir störf sín, um hvaða mál sem er að ræða og hvaða einstaklingar eða stofnanir það eru, sem hann starfar fyrir. Það er talin skylda lögmanns að taka að sér starf sem skipaður talsmaður gjafsóknar- eða gjafvarnarhafa í einkamálum og sem skipaður verjandi eða réttargæslumaður í opinberum málum. Hann getur ekki neitað því að taka þessi störf að sér, og þá á hann fyrir þau fullt gjald samkvæmt lágmarksgjaldskrá stéttarfélags síns eða samkvæmt reikningi, þegar hann hefur verið lagður fram í málinu, sbr. niðurstöður dóma um sama efni, að því er varðar þóknun dómskipaðra matsmanna.

Því er það, að ef dómstólar gera ríkissjóði að greiða í málflutningslaun í gjafsóknarmáli lægri fjárhæð en efni standa til samkvæmt eðli málsins og gildandi lágmarksgjaldskrá lögmanna, þá hlýtur hlutaðeigandi lögmaður að hafa frjálsar hendur um það að krefja skjólstæðing sinn um mismuninn. Annað væri brot gegn viðurkenndu persónu-, athafna- og atvinnufrelsi, og sniðgengin væri með því einnig ákvæði í lögum um málflytjendur, er veita lögmönnum rétt til að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls.

Stjórn L. M. F. Í. er kunnugt um, að öndverðs skilnings hefur gætt oft á tíðum, og má þar benda á úrskurð stjórnar L. M. F. Í. frá 1966, er lagður hefur verið fram í málinu. En sá úrskurður svo og ríkjandi misskilningur um málið hjá almenningi getur ekki ráðið úrslitum þessa máls, sem lagt er á herðar núverandi stjórnar L. M. F. Í. að úrskurða um.

Lykilinn að þessum misskilningi má eflaust finna við samanburð á íslensku og dönsku réttarfarslögunum, en þessi skoðun hefur skolast hingað frá Danmörku, því að almennt er álitið, að sömu réttarfarslög gildi þar og hér. En þó svo sé í mörgum greinum, þá er það ekki, að því er þetta atriði snertir. Tekið er fram í „retsplejeloven" frá 11. apríl 1916 og með síðari breytingum í 31. kafla, 331. gr., að við „fri process" fái hlutaðeigandi fjárhagsaðstoð, með því að honum sé skipaður talsmaður (lögmaður), er sæki eða verji málið án endurgjalds úr hendi gjafsóknar- eða gjafvarnarþegans, svo fremi sem sú hjálp sé ekki álitin ónauðsynleg eða að

hlutaðeigandi hafi fallið frá kröfu um slíkt. Skarið er alveg tekið af í 336. gr., 4. mgr., sömu laga: „Advokaten er uberettiget til at modtage, fordre eller lade sig tilsige noget vederlag udover det af retten fastsatte for det i henhold til beskikkelsen udførte arbejde, jfr. straffelovens paragraf 144, medmindre han under sagen frafalder krav på vederlag af det offentlige."

Í lögum um einkamál í héraði nr. 85/1936, 11. kafla um gjafsókn, er ekki á þetta minnst. Þessu atriði er alveg sleppt úr og hins vegar talað um, að hinum skipaða talsmanni sé greitt úr ríkissjóði þóknun fyrir málflutning eftir ákvörðun dómara. Það fer sem sagt eftir duttlungum dómarans, hve mikið sé talið rétt, að ríkissjóður greiði, en lagastafurinn bindur á engan hátt lögmanninn um kröfur til þóknunar úr hendi skjólstæðings síns, enda væri slík takmörkun óeðlileg. Segjum svo, að aðilinn hafi átt lítil fjárráð, þegar farið var í málið, en að máli loknu kemur í ljós, að hann hefur unnið allverulegar fjárhæðir við málssóknina. Hví skyldi honum þá ekki vera rétt og skylt að greiða lögmanni sínum það, sem á vantaði, að hann hlyti hæfilega umbun fyrir starfann, eftir að hafa fengið greitt frá gagnaðiljanum tildæmda fjárhæð?

Hér kemur enn til, að sjálft dómsmálaráðuneytið íslenska virðist hafa litið svo á, að gjafsóknar- og gjafvarnarlaun væru í raun og veru styrkur, en ekki fullnaðargreiðsla, og hefur stundum fært þá hugmynd út í reynd, þannig að binda gjafsóknar- eða gjafvarnarfjárhæðina við ákveðna upphæð. Þetta hafa dómstólarnir látið sér lynda og tildæmt styrkfjárhæðina, en ekki full málflutningslaun, sem vera ætti, ef ákvæði 173. gr., 3. tl., væru tekin bókstaflega í þrengsta skilningi.

Það er aðfinnsluvert, að svo virðist sem varnaraðili hafi þrátt fyrir ákvæði héraðsdóms um, að ríkissjóður skyldi greiða honum útlagðan kostnað í málinu, kr. 29.439.00, reiknað skjólstæðingi sínum í útlagðan kostnað o. fl. kr. 25.439.00, án þess að fyrir þessu sé gerð nokkur sérstök grein í kærumáli þessu, og verður þessi krafa því ekki tekin til greina. Þá er og ámælisvert, að í yfirlitsreikningi lögmannsins til skjólstæðings hans kemur ekki fram, svo að séð verði, til glöggvunar fyrir skjólstæðinginn, hver er heildarmálflutningsþóknunin og hve miklu hann hafi þegar tekið á móti upp í greiðslu hennar, heldur er aðeins tilnefndur mismunurinn, kr. 160.000.00, sem málflutningsþóknun.

Að ofangreindu athuguðu og með samanburði á því, sem lögmaðurinn fékk greitt úr ríkissjóði, og því, sem lögmaðurinn átti rétt

á að fá greitt samkvæmt framansögðu, verður niðurstaðan þessi:

Málflutningsþóknun	kr. 306.760.00
Þar af greitt úr ríkissjóði	— 175.000.00
Mismunur	kr. 131.760.00
Í vörslu varnaraðilja eru	— 185.439.00
þar frá dregst skuld sóknaraðilja	— 131.760.00
Mismuninn	kr. 53.679.00

ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja.

Úrskurðarorð:

Varnaraðilja, Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni, ber að endurgreiða Halldóru Gunnarsdóttur, Selfossi, vegna sjálfrar sín og þriggja ófjárráða dætra sinna kr. 53.679.00.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns.

Ég er ósammála meiri hluta stjórnar L. M. F. Í. í máli þessu. Samkvæmt 3. tl. 173. gr. laga nr. 85/1936 fer um þóknun fyrir málflutning í gjafsóknarmálum eftir ákvörðun dómara, er fyrir dómsathöfn þeirri stendur, sem gjafsókn nær til. Þessi ákvörðun liggur fyrir í dómi í aukadómþingsmáli Árnessýslu nr. 58/1971, þar sem varnaraðilja voru ákveðin málflutningslaun, kr. 175.000.00. Varnaraðili á ekki kröfu til frekari launa úr hendi sóknaraðilja.

Úrskurðarorð:

Varnaraðilja, Magnúsi Fr. Árnasyni hæstaréttarlögmanni, ber að endurgreiða Halldóru Gunnarsdóttur, Selfossi, vegna hennar og þriggja ófjárráða dætra hennar kr. 185..439.00.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. apríl 1974.

Nr. 171/1972: **Sementsverksmiðja ríkisins**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Jóni E. Vestdal og gagnsök.
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1972. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1973. Er aðalkrafa hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3.643.781.05 auk 1% mánaðarvaxta af kr. 2.937.689.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 3.643.781.05 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 2.977.416.05 auk 7% ársvaxta af kr. 2.271.324.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 2.977.416.05 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að krafist er málskostnaðar í héraði, en að auki er krafist í þessu tilviki málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu launa, er hann telur sér vangoldin. Stafa þau annars vegar frá tímabilinu 1. júlí 1963 til 1. september 1968, meðan gagnáfrýjandi gegndi starfi forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins, og hins vegar frá tímabilinu, er hófst 1. september 1968, eftir

að stjórn aðaláfrýjanda veitti honum lausn um stundarsakir frá starfi að ósk hans, og fram til 15. janúar 1970.

Gögn máls um launakjör gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda eru allsendis ófullnægjandi, þ. á m. um launakjör, sem hann skyldi njóta fyrir 1. júlí 1963, er Kjaradómur skipaði starfi hans í launaflokk í launakerfi ríkisstarfsmanna. Yfirlýsingar málsaðilja um þessi efni eru eigi glöggar. Einnig skortir fræðslu um skipti aðilja út af launamálum gagnáfrýjanda eftir 1. september 1968. Rækilega bókhaldskönnun hefði átt að framkvæma á launagreiðslum aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda og leggja fyrir dóm sundurliðaða skýrslu um mismunandi launaþætti. Þá hefur launaágreiningur eigi verið borinn undir Kjaranefnd, sbr. 2. og 3. tölulið 24. gr. laga nr. 55/1962, er þá giltu. Málið er í heild sinni svo vanreifað af hálfu beggja málsaðilja, að það er eigi dómhæft. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi, sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 15. nóvember 1972.

Mál þetta, sem fyrst var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. ágúst s.l., en endurupptekið og frestað og endanlega tekið til dóms á ný 16. október s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. janúar 1970, af dr. Jóni E. Vestdal, Reykjavík, gegn Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, til greiðslu kr. 3.643.781.05 með 1% mánaðarvöxtum af kr. 2.937.689.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 3.643.781.05 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning lagði lögmaður stefnanda fram sundurliðaðan málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 310.000.00.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður, en til ýtrustu vara,

að stefnukröfur verði lækkaðar til verulegra muna og málskostnaður þá látinn niður falla. Lögmaður stefnanda hefur einnig lagt fram málskostnaðarreikning, kr. 305.000.00.

Ítrekaðar sáttatilraunir setudómarans urðu árangurslausar.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 35 frá 1948 var Sementsverksmiðja ríkisins stofnuð, og kaus sameinað Alþingi þrjá menn til að skipa stjórn hennar. Það voru Helgi Þorsteinsson, Sigurður Símonarson og stefnandi máls þessa. Samkvæmt 5. gr. laganna skyldi stjórn þessi ráða framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar, sem hafi prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlíti að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum. Á 88. stjórnarfundi verksmiðjunnar 17. febrúar 1955 var ákveðið, að stefnandi yrði ráðinn sem framkvæmdastjóri, en síðar yrði samið um launagreiðslur. Var verksmiðjustjórnin og sammála um, að stefnandi segði sig ekki úr stjórninni þrátt fyrir ráðningu þessa. Hinn 7. maí þá um vorið gerði meiri hluti stjórnarinnar síðan ráðningarsamning við stefnanda, svohljóðandi:

„Meiri hluti stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins, Helgi Þorsteinsson og Sigurður Símonarson annars vegar og dr. Jón E. Vestdal, verkfræðingur, hins vegar gera með sér svofelldan

ráðningarsamning:

1. gr.

Jón E. Vestdal ræður sig sem framkvæmdastjóri hjá Sementsverksmiðju ríkisins og tekur að sér að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar, þegar hún hefur tekið til starfa. Meðan byggingarframkvæmdir standa yfir, skal hann hafa umsjón með þeim. Hann hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og hlítir að öðru leyti ákvæðum þessa samnings. Þar á meðal ber honum að:

a) Annast fjárreiður verksmiðjunnar, bankaviðskipti og annað það, sem með þarf á því sviði, að svo miklu leyti sem stjórnin sjálf annast ekki þessi störf.
b) Hefur yfirumsjón með bókhaldi verksmiðjunnar og skrifstofuvinnu, launagreiðslum og peningavörslu. Skal hann sjá um, að reikningum sé lokið í tæka tíð til þess að fullnægja settum reglum í þessu efni.
c) Annast innkaup á öllu, sem þarf til verksmiðjurekstursins.

Skal hann kappkosta að ná sem hagkvæmustum kjörum við slík innkaup. Hann skal sjá um, að fasteignir, vörubirgðir og annað lausafé verksmiðjunnar séu jafnan vátryggð fyrir sannvirði, hvort sem er á landi eða í flutningum.

d) Annast sölu á framleiðsluvörum verksmiðjunnar í samráði við stjórn hennar.

e) Sér um alla flutninga á vegum verksmiðjunnar, og ber honum að gæta þess, að þeir séu framkvæmdir á sem hagkvæmastan hátt.

f) Annast ráðningu starfsfólks í samráði við verksmiðjustjórnina.

g) Framkvæmdastjóra ber að gæta réttinda og hagsmuna verksmiðjunnar í hvívetna og er sjálfkjörinn málsvari hennar, án sérstaks umboðs, í fjarveru stjórnarinnar.

2. gr.

Framkvæmdastjóra er skylt að verja kröftum sínum óskiptum til þeirra starfa, sem honum eru falin með samningi þessum og stjórnin síðar kann að tiltaka. Skal hann rækja störfin af trúmennsku og hagsýni í hvívetna. Hann má ekki reka verslun né aðra atvinnugrein, sem ósamrýmanleg er starfi hans. Hann má engin laun eða hlunnindi taka sjálfum sér til handa í neinni mynd af kaupanda eða seljanda þeirra vara, sem hann fer með. — Ákvæði þessarar greinar ná til hvers þess starfsmanns, sem ráðinn er til að vinna að ofangreindum störfum.

3. gr.

Laun framkvæmdastjórans fara eftir samningi Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina.

Af launum skv. 1. málsgr. þessarar greinar greiði verksmiðjan iðgjald til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir sömu reglum og greitt er af launum opinberra starfsmanna, enda greiði framkvæmdastjórinn iðgjald til sjóðsins eftir sömu reglum.

4. gr.

Um lausn úr starfi, orlof og veikindaleyfi gilda ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins."

Samningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina rann út árið 1961, án þess að nýr væri gerður, og gerðu verkfræðingar verkfall. Stjórn verksmiðjunnar samþykkti á fundi sínum 6.

nóvember það ár að greiða forstjóra hálfönnur laun það tímabil, sem verkfall verkfræðinga stæði. Upplýst hefur verið, að forstjórinn hafi fengið fyrir venjulegan dagvinnutíma laun yfirverkfræðings samkvæmt kjarasamningi félags þessa með 25% álagi. Árið 1963 stóðu verkfræðingar enn í kjaradeilu, og settu þeir einhliða ráðningarskilmála í júní 1963. Hinn 1. júlí 1963 hófst verkfall verkfræðinga. Þann dag var haldinn stjórnarfundur verksmiðjunnar, og þar skýrði stjórnarformaður m. a. viðhorf vegna verkfallsins. Þá var bókað:

„Var málið rætt og þess farið á leit við forstjóra, að hann héldi rekstri verksmiðjunnar áfram. Lofaði hann að halda rekstri verksmiðjunnar áfram eftir bestu getu viku til viðbótar frá deginum í dag að telja."

Auk þessa var svohljóðandi bókun gerð sama dag:

„Formaður skýrði frá því, að með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og B. S. R. B. hefði forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins verið skipað í 26. launaflokk ríkisstarfsmanna. Kvað hann slíka ákvörðun vafasama, þar sem verksmiðjustjórnin ætti lögum samkvæmt að ráða forstjóra verksmiðjunnar og þá sennilega jafnframt að semja um kjör hans. Var málið rætt og formanni falið að fá því framgengt við ráðherra, að ofangreindri skipan forstjóra verksmiðjunnar í launaflokk verði breytt."

Með dómi Kjaradóms, uppkveðnum 3. júlí 1963, var forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins skipað í 26. launaflokk. Stefnandi lýsti því yfir við stjórn verksmiðjunnar, að hann mundi ekki starfa á þessum kjörum. Stjórnarformanni var falið að semja við stefnanda um kjör hans, og kvaðst stefnandi reiðubúinn til slíkra samninga. Það dróst þó, að nýr samningur yrði gerður við stefnanda þrátt fyrir það, að stefnandi vekti oft máls á þessu við stjórnarformanninn. Tilraunir stjórnarformanns til þess að fá breytt ákvörðun Kjaradóms um laun forstjórans báru heldur ekki árangur þrátt fyrir viðræður við Kjaradóm um þessi efni og yfirlýstan vilja stjórnarinnar að ákveða sjálf launakjör og fríðindi forstjórans. Af þessum sökum vissi stefnandi ekki nákvæmlega, hver kjör hans voru. Hann gat því ekki gert upp laun sín frá ári til árs, en reyndi að eigin sögn að haga launagreiðslum til sín þannig, að hann mætti gera ráð fyrir inneign hjá verksmiðjunni, þegar endanlegt uppgjör færi fram. Leit hann þannig á allar launagreiðslur til sín sem „a — conto greiðslur". Þannig gekk fram á árið 1968.

Yfirverkfræðingur, kallaður framleiðslustjóri, var upphaflega ráðinn til verksmiðjunnar. Hann varð að leggja niður vinnu, þeg-

ar Stéttarfélag verkfræðinga fór í verkfall, tvívegis. Þá var um tvennt að ræða, að hætta framleiðslu eða að stefnandi tæki starfið að sér. Verksmiðjustjórnin valdi síðari kostinn. Hið sama gilti, þegar Pétur Sigurjónsson framleiðslustjóri hætti störfum á árinu 1965. Eftir eindregnum tilmælum verksmiðjustjórnarinnar tók stefnandi við starfi hans og bætti við sitt eigið. Þetta átti aðeins að vera um stundarsakir, en stefnandi hafði starf þetta á hendi þar til í ágústlok 1968. Vegna starfsins þurfti stefnandi að vera tiltækur alla daga ársins, hvenær sem var sólarhringsins. Hann kvartaði æ ofan í æ undan þessu við verksmiðjustjórnina. Á þessum árum, einkum árið 1964 til ársins 1967, voru verkefni verksmiðjunnar miklu meiri en endranær, aðallega vegna undirbúnings og smíði m/s Freyfaxa svo og undirbúnings og smíði mannvirkja verksmiðjunnar í Ártúnshöfða. Við þetta lögðust mikil aukastörf á stefnanda og aðra starfsmenn.

Með bréfi, dags. 30. ágúst 1968, bað stefnandi um lausn frá starfi sínu sem forstjóri, meðan opinber rannsókn á skattamálefnum verksmiðjunnar færi fram. Stefnandi fór einnig fram á það við verksmiðjustjórnina, að gengið yrði frá kjaramálum hans, og var ákveðin sú tilhögun á fundi stjórnarinnar að fela tveim mönnum með sérþekkingu, öðrum tilnefndum af stefnanda, en hinum tilnefndum af stefnda, að láta uppi álit sitt á því, hver væru eðlileg laun forstjórans á tímabilinu 1. júlí 1963 til 31. ágúst 1968, en álitið skyldi þó ekki vera bindandi fyrir aðilja. Stefnandi tilnefndi Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóra verkfræðingafélagsins, og verksmiðjustjórnin tilnefndi af sinni hálfu Hauk Jónsson hæstaréttarlögmann. Þeir skiluðu áliti sínu 14. nóvember 1968, og er það hér í málinu á dskj. nr. 3 ásamt 12 fylgiskjölum. Þeir Hinrik og Haukur urðu sammál um margt, en greindi á um annað, og skiluðu hvor sinni niðurstöðu. Stefnandi og stjórnarformaður ræddu álit þetta sín í milli, og fór stefnandi fram á, að endanlegt uppgjör færi fram. Ákveðið var að halda fund til þess að kanna, hvort unnt væri að ná samkomulagi um launamál stefnanda. Fundurinn var haldinn 3. apríl 1969 á heimili stjórnarformannsins í Borgarnesi, og hittust þar stefnandi, stjórnarformaður og stjórnarmennirnir Jón Árnason og Guðmundur Sveinbjörnsson. Kjaramál stefnanda voru ítarlega rædd og reynt að ná samkomulagi með því að fara bil beggja álitsgefendanna. Mál þetta var ekki rætt á stjórnarfundi í verksmiðjunni, en 9. október 1969 lagði stjórnarformaður álitsgerðina fram á stjórnarfundi og lét þess jafnframt getið, að eðlilegast væri, að dómstólar skæru úr

þessum ágreiningi. Mánuði áður, 9. september 1969, hafði málshöfðun verið hafin á hendur stefnanda og fleiri starfsmönnum verksmiðjunnar fyrir skattsvik og fleiri skyld brot. 15. janúar 1970 sagði stefnandi starfi sínu lausu að fullu, en höfðaði mál þetta, eins og áður greinir, með stefnu, útgefinni 17. sama mánaðar.

Ásgeir Pétursson, stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar frá árinu 1960, hefur hér fyrir dóminum borið, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi jafnan lagt á sig mikla vinnu í þágu verksmiðjunnar umfram það, sem ætla mætti, að væri eðlilegur vinnutímafjöldi opinberra starfsmanna. Þó hafi vinnuálag stefnanda aukist sérstaklega á árunum 1966 til 1968, enda hafi stefnandi þá verið eini framleiðsluverkfræðingurinn við verksmiðjuna. Einnig hefur stjórnarformaður borið, að sér hafi þótt ákvörðun Kjaradóms árið 1963 varðandi starf stefnanda óeðlileg, bæði að laun forstjórans skyldu koma undir launalög og einnig að um óeðlilega lágan launaflokk væri að ræða. Einnig hefur stjórnarformaður borið, að hann teldi, að staða stefnanda, eins og henni var háttað á sínum tíma hjá Sementsverksmiðjunni, hafi ekki verið sambærileg við starf verksmiðjustjóra hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, þar sem þar hafi á þessum tíma starfað tveir framkvæmdastjórar að lausn sama verkefnis. Aðspurður kvaðst stjórnarformaður ekki telja, að stefnandi hafi með kvittunum eða á annan hátt fallið frá launakröfum sínum fyrir umrætt tímabil.

Ingi Ragnar Helgason hæstaréttarlögmaður kom fyrir dóminn sem vitni, en hann var í stjórn Sementsverksmiðjunnar á árunum 1961 til 1969. Vitnið bar, að stefnandi hafi á umræddu tímabili unnið mjög langan vinnudag og í sumum tilfellum verið á vakt allan sólarhringinn. Vandkvæði hafi skapast vegna ákvörðunar Kjaradóms 1963 og hafi stjórnarformaður og stjórnin haft uppi mótmæli við iðnaðarráðuneytið á sínum tíma og greint frá því, að aðstaða verksmiðjunnar væri stórum skert, ef ekki mætti bjóða verkfræðingum hennar kjör, sem verkfræðingar í einkarekstri nytu. Einnig minnti vitnið, að stjórn Sementsverksmiðjunnar hefði ákveðið að halda í verkfræðinga á hennar vegum, þótt fara yrði fram úr ákvörðun Kjaradóms um launakjör þeirra, og að ráðuneytinu hefði verið kunnugt um þessa afstöðu verksmiðjustjórnarinnar. Þetta hafi orðið ljóst, þegar verksmiðjustjórnin réð Pétur Sigurjónsson framleiðslustjóra, að stjórnin hafi orðið að ætla honum önnur ráðningarkjör en samkvæmt fyrirmælum Kjaradóms til þess að fá hann í starfið. Vitnið bar og, að stefnandi hafi kvartað yfir

því, að launamál hans væru ófrágengin, og að hann þyrfti að taka laun mánaðarlega án þess að vita, hvað hann endanlega ætti að fá, og stefnandi hafi hvað eftir annað ítrekað óskir sínar um, að frá þessum málum yrði gengið. Fullt samkomulag hafi orðið í stjórninni að fela tveim mönnum að kanna þessi mál til hlítar á grundvelli gamla ráðningarsamningsins og nýrra gagna málinu viðkomandi. Þegar álitsgerðinni hafi verið skilað, hafi komið í ljós, að höfundar hennar hafi ekki orðið sammála um greiðslufjárhæðir, en sú meginhugsun hafi fæðst í stjórninni, að reyna skyldi sættir, þar sem farið yrði bil beggja. Vitnið hafi heyrt, að samkomulagsgrundvöllur hafi náðst á fundinum á heimili stjórnarformanns, og hafi vitnið tjáð sig í meginatriðum sammála þeirri niðurstöðu og beðið þess, að málið yrði lagt fyrir stjórnina, en það hafi aldrei orðið. Einnig sagði vitnið aðspurt, að það teldi stöðu stefnanda hvergi sambærilega eða hliðstæða stöðu verksmiðjustjóra hjá Áburðarverksmiðjunni, og enn fremur, að það teldi ekki, að stefnandi hafi fallið frá kröfum sínum um laun á umræddu tímabili með kvittunum eða á annan hátt.

Jón Árnason, stjórnarmaður í stjórn Sementsverksmiðjunnar frá byrjun árs 1969, hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Vitnið bar, að fundurinn í Borgarnesi hafi verið haldinn til þess að finna grundvöll fyrir hugsanlegu samkomulagi í þessu máli. Hafi vitnið þá áður kynnt sér það, að fyrrverandi stjórnarmenn verksmiðjunnar hafi verið sammála um þá skipun í sambandi við rannsókn þessa máls að tilnefna tvo menn til að reyna að finna, hverjar væru sanngjarnar og eðlilegar kröfur, sem stefnandi ætti á hendur verksmiðjunni. Hafi vitnið talið sér skylt sem stjórnarmanni að vinna að lausn þessa vandamáls. Að áliti vitnisins hafi það verið ætlun þeirra stjórnarmannanna, sem hittu stefnanda í Borgarnesi, að fengnum viðræðum, að ræða það innan stjórnarinnar, hvort þær tillögur, sem þeir vildu leggja fram til lausnar málinu, næðu samþykki stjórnarinnar. Þegar svo til þess hafi komið, að þeir hafi farið að ræða þetta innan verksmiðjustjórnarinnar, hafi strax komið í ljós, að ekki væri um það að ræða að koma á slíku samkomulagi, sem hlyti einróma samþykki stjórnarinnar. Þá hafi ekki verið um annað að ræða en að dómstólar fjölluðu um málið.

Daníel Ágústínusson, stjórnarmaður í stjórn Sementsverksmiðjunnar frá hausti 1967, hefur komið fyrir dóminn sem vitni. Hefur vitnið borið, að það hafi ekki orðið vart við, að launakjör eða laun stefnanda væru rædd á stjórnarfundum þar til í ágúst 1968. Þá hafi sú tillaga komið frá stefnanda, þegar hann hafi sagt, að

launakjör sín væru ófrágengin, að hann mundi tilnefna framkvæmdastjóra verkfræðingafélagsins og stjórnin mann á móti til að athuga ofan í kjölinn launakjör stefnanda. Vitnið kveðst hafa orðið hissa á þessu, þar sem það hafi ekki vitað annað en launakjör stefnanda væru í ákveðnum og föstum skorðum. Vitnið hafi setið hjá í atkvæðagreiðslu um þessa ákvörðun, þar sem það hafi talið sig vera ókunnugt um málið. Aðspurt sagði vitnið, að það hafi ekki talið, að verksmiðjan ætti að gera nokkuð með álit tvímenninganna, þar sem upplýst hafi verið, eftir að álitið kom fram, að stefnandi og Sigurður Sigurðsson höfðu skipt á milli sín verkfræðingalaunum fyrrverandi verkfræðings við verksmiðjuna, Péturs Sigurjónssonar, án alls samráðs við stjórnina. Einnig sagði vitnið aðspurt, að vinnutími stefnanda hafi verið eins og vinnutími forstjóra almennt.

Vitnin Ólafur Magnús Vilhjálmsson, Eggert Magnússon og Knútur Ármann hafa fyrir dóminum staðfest vottorð sitt á dskj. nr. 3, fskj. nr. 12, en þar greinir frá vinnutíma stefnanda, þegar hann hefur verið á Akranesi, og sambandi hans við verksmiðjuna um helgar og á öðrum frídögum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sínar alfarið á niðurstöðu Hinriks Guðmundssonar í álitsgerðinni á dskj. nr. 3, en lokatala hans að öllu meðtöldu fyrir tímabilið 1. júlí 1963 til 31. ágúst 1968 er kr. 5.695.-268.00. Ágreiningslaust sé, að stefnandi hafi fengið greitt upp í laun á tímabilinu kr. 2.757.578.70 og sé inneign stefnanda samkvæmt áliti Hinriks því kr. 2.937.689.30, auk þessa reikni stefnandi sér full mánaðarlaun frá 1. september 1968 til 15. janúar 1970, þ. e. kr. 863.445.00, en frá þeim dragist inngreiðslur frá 1. september 1968 til 20. október s. á., kr. 157.353.25, og komi þannig út stefnukrafan, kr. 3.643.781.05.

Í málinu liggi ljóst fyrir, hvernig krafa þessi sé til orðin. Hreinn misskilningur hafi verið að setja stefnanda í 26. launaflokk í Kjaradómi árið 1963, enda hafi stefnandi strax mótmælt því og ekki sagst mundu starfa upp á það. Samkvæmt gagnályktun frá 3. tl. 5. gr. laga nr. 55 frá 1962 og sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 38 frá 1954 hafi stefnandi ekki þurft að hlíta þessu, þar sem hann hafi haft hagkvæmari ráðningarsamning. Ráðningarsamningurinn hafi hins vegar þurft endurskoðunar við, þar sem viðmiðun hans um laun, þ. e. kjarasamningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina, hafi fallið niður. Launakjör stefnanda hafi þannig verið ófrágengin á þessum tíma og lausnin hafi loks verið að fá tvo

menn til að rannsaka þetta ofan í kjölinn og koma með álit, sem unnt væri að hafa til hliðsjónar. Síðan hafi ekkert verið gert, en viðurkennt sé af stjórnarformanni og stjórn verksmiðjunnar, að stefnandi eigi laun inni. Spurningin sé eingöngu: Hve mikið? Stefnandi telji sannað, að álit Hinriks sé réttlátt og sanngjarnt miðað við það, að bæði sé viðurkennt og sannað, hve mikinn vinnutíma stefnandi hafi unnið, og vitað sé, að hér hafi verið um mikið starf að ræða, sem tveir menn gegni nú eftir stefnanda. Í öllu falli megi líta svo á, að upplýst sé og sannað, að stjórn stefnda hafi talið sig skuldbundna eftir samkomulaginu, sem gert hafi verið í Borgarnesi. Þar hafi orðið samkomulag um, í fyrsta lagi, að farið skyldi eftir öllum atriðum í áliti Hinriks og Hauks, sem þeir væru sammála um; í öðru lagi, að miða skyldi eftir-, nætur og helgidagavinnutímalengd við álit Hinriks, en greiðslu pr. klukkustund við álit Hauks; og í þriðja lagi, að greiðslur fyrir gæsluvaktir færu eftir áliti Hauks varðandi taxta, en eftir áliti Hinriks varðandi tímalengd. Stefnandi geri því þá varakröfu, að honum verði greitt samkvæmt þessu samkomulagi, sem reiknað hefur verið út hér í málinu á dskj. nr. 19, og sé varakrafa þessi gerð í því tilfelli, að dómurinn fallist ekki á, að sannað sé af stefnanda hálfu, að miða eigi við álit Hinriks Guðmundssonar óskert.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að álitsgerðin á dskj. nr. 3 hafi aldrei átt að vera annað en tilraun til málamiðlunar án allra skuldbindinga af stefnda hálfu og engin krafa verði á henni byggð. Mergurinn málsins sé sá, að stefnanda hafi á löglegan hátt með ákvörðun Kjaradóms verið skipað í 26. launaflokk ríkisstarfsmanna, og þess vegna hafi launakjör hans í raun og veru aldrei verið óljós. Þessu hafi stjórn stefnda ekki getað fengið breytt þrátt fyrir tilraunir í þá átt. Tilgangur laganna frá 1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafi einmitt verið sá að raða öllum starfsmönnum hins opinbera í flokka og stefnandi sé óumdeilanlega í þeim hópi. Í 1. gr. laganna sé skírt tekið fram, til hverra þau taki og til hverra ekki. Stefnandi hafi hins vegar fengið hærri laun en nefndur launaflokkur segir til um og gefið fullnaðarkvittun fyrir. Stefnandi geti ekki hvort tveggja neitað að taka laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna, en jafnframt byggt kröfur sínar um greiðslu fyrir gæsluvaktir á því sama kerfi. Þegar athuguð sé álitsgerðin á dskj. nr. 3, komi í ljós, að stefnandi hafi fengið hærri laun fyrir árin 1963, 1964 og 1965 en Haukur Jónsson reikni honum í álitsgerðinni. Mismunurinn komi fyrst fram á árinu 1966 og virðist hann fyrst og fremst

fólginn í eftirvinnu, sem stefnandi reikni sér, svo og hinum svonefndu gæsluvöktum. Alltaf sé erfitt að meta eftirvinnu forstjóra fyrirtækis og vottorð undirmanna um slíkt séu lítils virði. Einnig er því mótmælt af stefnda hálfu, að forstjóri fyrirtækis geti komið eftir mörg ár og krafist annarra og hærri launa en hann hefur veitt viðtöku og kvittað fyrirvaralaust fyrir, eins og sýnishorn af launakvittunum hér í málinu beri með sér. Einnig mótmælir stefndi því, að stefnandi eigi rétt á fullum launum frá 1. september 1968 til 15. janúar 1970, þar sem stefnandi eigi aðeins rétt á hálfum launum, meðan rannsóknin fór fram. Stefndi bendir á, að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laganna nr. 38 frá 1954 sé ríkisvaldinu ávallt heimilt að breyta launakjörum, hafi það ekki verið bundið við annað. Því sé ekki mótmælt í þessu máli, að stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, en hitt sé víst, að viðmiðun ráðningarsamningsins, þ. e. kjarasamningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina, hafi ekki verið lengur til og þess vegna hafi Kjaradómur ekki gengið í berhögg við ráðningarsamning stefnanda varðandi laun hans.

Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst, að laun stefnanda hjá stefnda fóru eftir samningi Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina og að þetta var ákveðið með samningi milli stefnanda og stjórnar stefnda, gerðum 1955. Samningur Stéttarfélags verkfræðinga við ríkisstjórnina var ekki til frá 1961, en ljóst er þó, að ráðningarsamningur stefnanda var ekki niður fallinn, og ekki var honum sagt upp. Vegna röskunar þessarar var full ástæða fyrir stefnanda og stjórn stefnda að ræða á ný um launakjör stefnanda, og er upplýst, að það stóð alltaf til að gera það. Stefnandi var með dómi Kjaradóms frá 3. júlí 1963 settur í 26. launaflokk ríkisstarfsmanna og ákveðið þar með, að hann skyldi fá kr. 17.890.00 í mánaðarlaun. Kjaradeila verkfræðinga var leyst hinn 28. október 1963 með uppkvaðningu gerðardóms, en samkvæmt honum hefði stefnandi átt að fá kr. 18.830.00 í mánaðarlaun. Hins vegar er upplýst, að með samkomulagi við stjórn stefnda hafi stefnandi fengið fyrir venjulegan dagvinnutíma laun yfirverkfræðings samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga með 25% álagi, og er þessi grundvallartala notuð í áliti tvímenninganna á dskj. nr. 3 og hefur ekki sætt andmælum. Þeir telja þannig t. d., að stefnanda beri fyrir júlímánuð 1963 kr. 18.830.00 með 25% álagi, eða kr. 23.538.00. Þegar þessar tölur eru virtar, verður að telja, að slíkur munur sé á, að samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 38 frá

1954 og 3. tl. 5. gr. laga nr. 55 frá 1962, e contrario, hafi stefnandi ekki þurft að hlíta þeim breytingum á launakjörum sínum, sem ákveðin voru í Kjaradómi. Þegar þetta er virt, verður á það fallist með stefnanda, að launakjör hans hafi ekki verið bundin með Kjaradómi 1963.

Fullt samkomulag var milli stjórnar stefnda og stefnanda að hafa þá tilhögun, að tveir kunnáttumenn skyldu athuga gaumgæfilega, hvaða laun hann hefði réttilega átt að fá greidd á umræddu tímabili. Álitsgefendur urðu sammála um, hvaða laun stefnanda bæri í dagvinnu, en þá greindi bæði á um lengd eftir-, nætur- og helgidagavinnu og taxta fyrir slíka vinnu svo og um lengd svonefndra gæsluvakta.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að álit Hinriks Guðmundssonar sé eðlileg og sanngjörn niðurstaða og þannig bindandi fyrir stefnda.

Þá er að athuga þá fullyrðingu stefnanda, að stjórn stefnda hafi bundið sig með samkomulagi, sem gert hafi verið í Borgarnesi á fundi stefnanda og þriggja stjórnarmanna. Með framburðum vitnanna Jóns Árnasonar og Inga R. Helgasonar verður að telja nægilega í ljós leitt, að þarna á fundinum hafi náðst samkomulag um meginlínur, en gegn mótmælum stefnda er ekki unnt að telja, að þar sé um bindandi ákvörðun fyrir stjórn stefnda að ræða.

Þegar þetta er virt svo og framburðir aðilja og vitna hér fyrir dóminum, sérstaklega um vinnutímalengd stefnanda og samningaumleitanir um kjör hans, en einnig virt, að sönnunarbyrði um fjárhæð kröfu stefnanda hlýtur að liggja á honum sjálfum, verður að telja, að leggja beri til grundvallar þá niðurstöðu í áliti tvímenninganna, sem er stefnanda í óhag, þ. e. niðurstöðu Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns, enda er unnt að telja, að hún sé í heild sanngjörn. Að áliti Hauks Jónssonar átti stefnandi inni hjá stefnda hinn 31. ágúst 1968 kr. 1.394.006.30, og verður stefnanda dæmd sú fjárhæð.

Stefnandi krefst fullra launa frá 1. september 1968 til 15. janúar 1970, kr. 863.445.00. Stefndi mótmælir þessari kröfu sérstaklega, og bendir á, að samkvæmt 9. gr. laga nr. 38 frá 1954 eigi stefnandi einungis rétt á hálfum launum þetta tímabil. Á þetta sjónarmið stefnda verður fallist. Þar sem talan 863.445.00 er óumdeild, eru hálf laun stefnanda á þessum tíma kr. 431.772.50. Frá þessari fjárhæð dregst inngreiðsla á laun, kr. 157.353.25, þannig að eftirstöðvar verða kr. 274.369.25. Samkvæmt þessu á stefnandi að fá greiddar kr. 1.394.006.30 + kr. 274.369.25, eða kr. 1.668.375.55,

og verður honum dæmd þessi fjárhæð með vöxtum frá þeim dögum, sem krafist er í stefnu, en vextir þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir.

Eftir þessari niðurstöðu verður málskostnaður látinn niður falla.

Garðar Gíslason setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Jóni E. Vestdal, kr. 1.668.375.55 með 7% ársvöxtum af kr. 1.394.006.30 frá 31. ágúst 1968 til 15. janúar 1970 og af kr. 1.668.375.55 frá þeim degi til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. apríl 1974.

Nr. 46/1973: **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson fulltrúi saksóknara ríkisins, sbr. 181. gr. laga nr. 73/1973)
gegn
Gunnari Helga Ólafssyni
(Jónas Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skipsstrand. Brot í opinberu starfi. Ákæra. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu.

Við framhaldspróf kom m. a. fyrir dóm Guðmundur Kjærnested, skipherra á varðskipinu Ægi, og skýrði frá reynslu sinni af stjórn Ægis. Taldi hann, að þegar aðeins önn-

ur vél skipsins sé í gangi, þá hafi það „þau áhrif á stýringu skipsins, að 0 punktur stýrisvísisins færist um 4—7 gráður í þá átt, sem að vélinni veit, sem notuð er hverju sinni...". Þá skýrði hann svo frá, að hann teldi ekki ráðlegt að sigla skipinu á mikið minni hraða en 7 sjómílum miðað við klukkustund, án þess að stjórnhæfni skips skertist. Hann taldi ekki taka meira en þrjár mínútur að setja bakborðsvél skipsins í gang, þó að sú vél væri ekki gangbúin. Þetta gæti þó tekið skemmri tíma. Enn skýrði hann svo frá, að yfirleitt standi stýrimaður, sem á verði sé, við ratsjá, ef siglt sé undir stjórn vitnisins. Ef siglt er um þrönga siglingaleið eða þegar vænta megi snöggrar stefnubreytingar, kveðst vitnið annað tveggja standa við skiptistangir vélanna eða við ratsjá.

Þá voru þeir Hermann Sigurðsson stýrimaður og Pétur Lúðvíksson háseti samprófaðir við framhaldsrannsókn málsins. Varðar framburður þeirra útsýn þeirra, stöðu í stýrishúsi og viðbrögð, næst áður en varðskipið tók niðri. Eigi náðist samræmi í framburði þeirra.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Skipasmíðastöðvar Álaborgar 6. janúar 1972 til Landhelgisgæslu Íslands ásamt fylgigögnum, en að þeim gögnum er vikið í IV. þætti héraðsdóms.

Helsta gagnið er skoðunargerð, sem fram fór í Reykjavík 21.—23. desember 1971, og var hún framkvæmd af verkfræðingi og vélstjóra, sem voru trúnaðarmenn tveggja nafngreindra danskra skipasmíðastöðva, sem smíðað höfðu varðskipið Ægi eða lagt til stýrisbúnað í það. Segir m. a. svo í skoðunargerðinni: „Brotfletirnir á stýrissveifinni virðast sýna, að um nýtt brot sé að ræða, þar sem fletirnir eru hreinir og án málmfellingar („oxideringar"). Enga vísbendingu um steypugalla í efninu var að sjá".

Meðal nýrra gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er enn fremur siglingavottorð ákærða frá 1958—1972, en þann tíma hefur hann verið óslitið á varðskipum ríkisins með venjubundnum hléum vegna sumarleyfa o. fl., og ávallt skipherra nema hluta fyrsta ársins.

Sakarefni er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

I.

Hér á eftir verða einstök ákæruefni rakin í þeirri röð, sem gert er í ákæruskjali. Ákæran er greind í upphafi héraðsdóms. Samkvæmt ákæruskjali 7. júní 1972 var c liður hennar svofelldur: „Að hafa, er skipið var í um 0.5 sjómílna fjarlægð frá Selskeri, um kl. 18.20, þegar skall á mjög dimmt él, sem byrgði sýn til Selskersvita, um sama leyti og Selsker sátst ekki lengur í radar, haldið fullri ferð í stað þess að slá af ferð eða stöðva ...“. Með framhaldsákæru 20. nóvember 1972 var ákæru breytt svo, að í stað orðanna „Selsker sást ekki lengur í radar“ í greindum c lið skyldi koma „hætt var að fylgjast með siglingu skipsins og fjarlægð til Selskers í radar“. Er ákæruskjal tekið upp í þessu horfi í héraðsdómi, en nákvæmara hefði verið að geta þar upphaflegrar gerðrar ákæru svo og framhaldsákæru. Breyting sú á ákæru, sem hér er gerð grein fyrir, er heimil samkvæmt 2. tölulið 1. málsgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, er þá giltu, og stendur ákvæði 2. málsgreinar sömu greinar því eigi í vegi.

II.

Ákæruefni samkvæmt a lið ákæru.

Fallast verður á það mat héraðsdóms, sem skipaður er siglingafróðum samdómsmönnum, að val ákærða á siglingaleið, svonefndri grunnleið, vestan Selskers á Húnaflóa hinn 14. desember 1971 verði eigi virt ákærða til refsingar. Hitt er ljóst, að siglingaleið þessi var varhugaverð og krafðist árvekni og aðgæslu á siglingu skipsins. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af því ákæruefni, er greinir í a lið ákæru.

III.

Ákæruefni samkvæmt b lið ákæru.

Samkvæmt gögnum máls um siglingu skips er það of sagt í ákæruskjali, að ákærði hafi látið siglingu skips afskiptalausa, „einkum eftir að nálgaðist Selsker“. Hins vegar fylgdist ákærði ekki jafngaumgæfilega sem skyldi með störfum III. stýrimanns, sem var nýliði í starfi, á þessari viðsjárverðu siglingaleið, þar sem sjór var þungur og á gekk með dimmum éljum öðru hverju. Fyrirmæli hans til stýrimanns um

stefnubreytingu voru allmenns eðlis, en eigi nógu nákvæm miðað við allar aðstæður. Fallast ber á það mat héraðsdóms, að ófullnægjandi skipan hafi verið á varðstöðu í stýrishúsi v/s Ægis um og eftir klukkan 1800 hinn 14. desember 1971, miðað við þær ríku kröfur til aðgæslu og nákvæmni í siglingu skipsins, sem gera verður, eins og hér stóð á, þar sem nauðsyn bar til að beita öllum siglingatækjum, sérstaklega ratsjá, og gæta ýtrustu varkárni.

Í héraðsdómi eru raktar álitsgerðir Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um siglingu og stefnubreytingar v/s Ægis á tímabilinu frá klukkan 1800 hinn 14. desember 1971, uns það tók niðri klukkan 1823. Með vísan til þeirra álitsgerða og mats héraðsdóms ber að fallast á, að stefnu á vitann á Selskeri hafi verið haldið of lengi og að stefnubreytingin í 0.8 sjómílna fjarlægð frá Selskeri hafi verið of lítil. Ákærða bar að hafa virkt eftirlit með því, að stefnubreyting væri framkvæmd nægilega tímanlega og að réttu lagi.

Með háttsemi þeirri, sem lýst er í III hér að framan, hefur ákærði gerst sekur um yfirsjónir og vanrækslu í skipstjórnarstarfi, og ber að dæma honum áfall vegna þess samkvæmt b lið ákæru.

IV.

Ákæruefni samkvæmt c lið ákæru.

Skýra verður héraðsdóm svo, að ákærði sé sýknaður af því ákæruatriði, að hann hafi vanrækt að hægja ferð skips, er skipið var í um 0.5 sjómílna fjarlægð frá Selskeri um klukkan 1820. Hins vegar er ákærða dæmt áfall fyrir að láta undir höfuð leggjast að setja í gang bakborðsvél skipsins, þegar komið var í nánd við Selsker, og draga síðan úr ferð skipsins að gættum varúðarráðstöfunum. Í ákæruskjali er ákærði eigi saksóttur fyrir að hafa vanrækt að setja í gang greinda vél skipsins, og kemur þetta atriði því eigi til álita í málinu, sbr. upphaf 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 73/1973. Þegar sakargögn eru könnuð og virt er umsögn hinna siglingafróðu samdómsmanna í héraðsdómi og þess gætt, að henni hefur ekki verið hnekkt með álitsgerð eða öðrum gögn-

um af ákæruvaldsins hálfu, þykir varhugavert að sakfella ákærða fyrir þann verknaðarþátt í c lið ákæru, er lýtur að hraða skipsins.

V.

Í héraðsdómi eru reifaðir framburðir Hermanns Sigurðssonar stýrimanns og ákærða um bilun í stýri skips, þegar beita skyldi stýri, er skipið var komið fast að Selskeri. Þeir framburðir fá þó eigi stoð í öðrum gögnum máls. Á því tímamarki, sem þeir ákærðu og Hermann telja, að stýri hafi bilað, var komið í fullkomið óefni, og varð þá eigi umflúið, að skipið steytti á skerinu. Á þessu bar ákærði ábyrgð.

VI.

Háttsemi ákærða, sem hann er sakfelldur fyrir samkvæmt framansögðu, varðar við 1. málsgrein 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og 29., sbr. 32. gr. tilskipunar nr. 79/1965, sem stoð á í lögum nr. 66/1963, en sýkna ber hann með vísan til II hér að framan af ákæru fyrir brot á 16. gr. sömu tilskipunar, sbr. 2. tölulið viðauka við siglingareglur hennar. Ákærði er opinber starfsmaður, sbr. 5. gr. laga nr. 25/1967, og gegndi skyldustörfum, er honum urðu á framangreindar yfirsjónir. Þykir háttsemi hans því einnig varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar ákvarða skal ákærða refsingu samkvæmt framangreindum refsiheimildum, ber að líta til áfallalauss skipstjórnarferils hans um 13 ára skeið, áður en sjóslys þetta varð, svo og til þess, að hann hafði fyrirmæli um að sækja sjúkling og koma honum til læknis. Á hinn bóginn ber að gæta þess, að v/s Ægir var búinn fullkomnum siglingatækjum og að mikið fjárhagstjón varð af sjóslysinu. Refsing ákærða samkvæmt framangreindum refsiheimildum þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sviptingu skipstjóraréttinda ákærða svo og ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Helgi Ólafsson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu skipstjórnarréttinda ákærða svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 100.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 19. febrúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 7. júní s.l., og framhaldsákæru, dags. 20. nóvember f. á., gegn Gunnari Helga Ólafssyni skipherra, til heimilis að Hjarðarhaga 42, Reykjavík.

Samkvæmt ákæruskjali er ákærða gefið að sök, „að hafa með stórfelldri yfirsjón og vanrækslu í skipstjórnarstörfum á varðskipinu Ægi orðið valdur að því, að skipið tók niðri við Selsker á vestanverðum Húnaflóa um kl. 18.23 þriðjudaginn 14. desember 1971 á leið til Norðurfjarðar með því:

a) Að velja, eins og veðri og skyggni var háttað, siglingaleiðina vestan Selskers.

b) Að láta siglingu skipsins, einkum eftir að nálgaðist Selsker, og eins og veðri var þá háttað, í NA 7—9 vindstigum, þungum sjó og dimmum éljum, afskiptalausa, þar til í óefni var komið, en fela aðeins einum manni, III. stýrimanni, nýliða í starfi, öll stjórntök, og þar með hvort tveggja í senn að fylgjas með ferð skipsins í radar og jafnframt að stýra skipinu.

c) Að hafa, er skipið var í um 0,5 sjómílna fjarlægð frá Selskeri, um kl. 18.20, þegar skall á mjög dimmt él, sem byrgði sýn til Selskersvita, um sama leyti og hætt var að fylgjast með siglingu skipsins og fjarlægð til Selskers í radar, haldið fullri ferð í stað þess að slá af eða stöðva —

allt með þeim afleiðingum, að skipið tók harkalega niðri um kl. 18.23 við vestanvert Selsker. Mikill leki kom þegar að skipinu, svo vélarrúm nær fylltist af sjó, og aflvélar stöðvuðust. Skipið rak síðan fyrir sjó og vindi, uns varpað var legufærum í 0,7 sjómílna fjarlægð frá Selskeri, þar sem skipið lá, þar til togskipið Dagný SI 70 kom til hjálpar um kl. 22.00 og dró varðskipið inn á Reykjarfjörð. Á varðskipinu urðu mjög verulegar skemmdir svo og á vélum og vélabúnaði af sjó."

Telur ákæruvaldið, að ákærði hafi gerst brotlegur við 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963, a lið 16. gr., sbr. 2. tölulið viðauka við siglingareglurnar og 29. gr., sbr. 32. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó nr. 79/1965 og 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. En þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir brot á nefndum lagaákvæðum og sviptur skipstjórnarréttindum, skipstjóra- og stýrimannsréttindum, samkvæmt 2. mgr. 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Loks er þess krafist, að ákærða verði dæmt að greiða allan kostnað sakarinnar.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 16. apríl 1928. Hann hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði sætt kr. 200.00 sekt fyrir umferðalagabrot árið 1964.

I.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 14. desember 1971 var varðskipið Ægir statt skammt vestan Galtarvita á Vestfjörðum. Klukkan 1351 fékk ákærði, sem þá var skipherra á varðskipinu, fyrirmæli um það að fara til Árness á Ströndum og taka þar sjúkling, sem sennilega hefði fengið botnlangakast, og fara með hann til Blönduóss eða Skagastrandar. Ákærði varð þegar við þessum fyrirmælum og hélt af stað beinustu leið til Trékyllisvíkur. Vegna leka með skutpípu bakborðsvélar, sem síðar verður nánar getið, var bakborðsvél ekki höfð í gangi, en stjórnborðsvélin keyrð á fullri ferð, 14—14,5 sjómílur.

Um klukkan 1600 var farið fram hjá Hornbjargi. Var vindur þá A-6 og talsverður sjór, en veðurspá fyrir Vestfirði: „NA kaldi, þegar líður á daginn, hvass í nótt, snjókoma." Sigld var leiðin of-

an við Óðinsboðasvæðið og Eiríksgrunn, þ. e. utanvert við Þaralátursgrunn og Strandabreka, og því næst suður eftir miðinu Reykjaneshyrnu ber yfir Selsker. Ferðin gekk greiðlega. Þegar á daginn leið, snerist vindur til NA með mjög dimmum snjóéljum, og herti vindinn. Siglt var, að sögn ákærða, eftir miðunum með ratsjá, en fjöll á þessari leið eru sæbrött og góð til ratsjármiðunar.

Klukkan 1800 tók þriðji stýrimaður, Hermann Sigurðsson, varðstöðu. Var v/s Ægir þá út af Drangaskörðum, og sást Selsker vel í ratsjá skipsins.

Ákærði var einnig í stjórnklefanum. Fylgdist hann, svo sem nánar verður rakið síðar, með siglingu skipsins og gaf stýrimanninum fyrirmæli um það, hvernig siglingu skyldi hagað á leiðinni, þ. á m. hvernig siglt skyldi fram hjá Selskeri.

Klukkan um 1820 í um það bil 0.6—0.8 sm fjarlægð frá Selskeri dimmdi, svo að ljósið frá Selskersvita hvarf alveg sjónum, en í þann mund, er élinu létti, tók skipið harkalega niðri. Það festist þó ekki á skerinu, en dreif undan veðrinu, sem þá var NA 7—8 vindstig. Mátti greina, að skipið mundi vera stórlaskað. Þegar það var um 0.7 sm frá Selskeri í r/v 221°, var bakborðsakkerið látið falla. Lá skipið þá allvel og rak aðeins lítils háttar. En þar sem festing á stýrissveif hafði brotnað, slóst stýrið með miklu afli borða á milli. Þá kom og í ljós, að sjór streymdi úr smurningsolíugeymi í botni vélarrúms upp í gegnum smurningsolíurör og gegnum aðalvélarnar inn í vélarrúmið. Voru fastar og lausar dælur strax teknar í notkun. Þegar sjór fór að hækka í vélarrúminu, hreyfðist sjórinn það mikið, að hann stöðvaði fastadælur í vélarrúmi. Síðan stöðvaðist 60 tonna rafmagnsdæla, og reyndist ekki unnt að lagfæra hana. Var þá ekki lengur hægt að halda sjónum í vélarrúminu í skefjum með þeim dælum, sem eftir voru.

Klukkan 1830 var Landhelgisgæslan í Reykjavík látin vita, hvernig komið var, og skömmu síðar var tilkynnt til Norðurfjarðar, að ekki væri hægt að sækja sjúklinginn.

Klukkan 1922 þótti auðsætt, að varðskipið mundi ekki geta komist af staðnum með eigin vélarafli, þar sem stýri var bilað og ekki hægt að hreyfa aðalvélar. Var þá kallað í íslensk skip á Húnaflóasvæðinu. Svaraði b/v Kaldbakur EA 1, samstundis og sagði, að b/v Sléttbakur, EA 4, væri mun nær.

Klukkan 1932 var haft samband við b/v Sléttbak, sem var 30 sm austur af Horni. Áætlaði hann siglingatíma sinn 3 klukkustundir. Klukkan 1935 kallaði Dagný, SI 70. Kvaðst vera út af Kálfshamarsvík og halda fullri ferð til Ægis. Einnig kallaði m/b

Hafnarnes, SI 77, sem var á Kálfshamarsvík, og kvaðst mundu halda á fullri ferð til v/s Ægis.

Þar sem ákærði taldi haldbotn harðan, og veðrið var vont, voru þessi skip beðin að koma til varðskipsins, en aðstoð annarra skipa, er fjær voru, afþökkuð.

Um klukkan 2100 var b/v Dagný komin í nánd við v/s Ægi, og þar sem veður hafði ekki batnað, var ákveðið, að b/v Dagný tæki varðskipið í tog. Var ákveðið að farið skyldi til Reykjarfjarðar. Um klukkan 2246, er gengið hafði verið frá festingunum, var haldið af stað. Litlu seinna kom b/v Sléttbakur á vettvang, og sigldi hann þétt með varðskipinu, uns komið var í landvar við Gjögur. Þar hvarf hann á brott með samþykki ákærða.

Laust fyrir klukkan 0400 hinn 15. desember var lagst við akkeri um 150 faðma undan bryggjunni í Djúpavík.

Þennan dag var unnið við að dæla úr skipinu og skemmdir athugaðar. Kom þá í ljós, að 21/2 faðma löng rifa var við kjöl skipsins.

Klukkan 1800 um daginn var að mestu búið að þurrka vélarrúmið.

Hinn 16. desember, um klukkan 0225, kom varðskipið Þór á vettvang. Var unnið að því að koma ástandi v/s Ægis í það horf, að v/s Þór gæti dregið skipið til Reykjavíkur.

Klukkan 2320 hófst sú ferð, og komu skipin til Reykjavíkur 18. desember, klukkan 1410. Hafði ferðin gengið með eðlilegum hætti. Ekki varð neinn skaði á mönnum við sjóslys þetta.

II.

Ástand bakborðsvélar og val siglingaleiðar vestan Selskers.

Hinn 15. september 1971, þegar v/s Ægir var í venjulegri eftirlitsferð, varð I. vélstjóri, Lárus Lúðvík Magnússon, þess var, að sjór kom inn um skutpípu bakborðsvélar. Gerði hann Landhelgisgæslunni þegar viðvart um þetta, og kom v/s Ægir inn til Reykjavíkur hinn 22. september af þessu efni. Ástæðan til þessa leka var sú, að bilað hafði þétting í bakborðsskrúfuás. Til þess að hægt væri að skipta um þéttingar, en varaþéttingar voru í skipinu, hefði þurft að taka varðskipið í þurrkví. Þetta var þó ekki gert. Var látið við það sitja að færa ásrafaldsdrifreimina af bakborðsskrúfuás yfir á stjórnborðsskrúfuás, en v/s Ægir er búinn tveimur vélum. Þrátt fyrir nefnda bilun á ásþéttingum bakborðsvélar mátti gangsetja hana, en þar sem sjór blandaðist olíunni, þurfti að gæta

sérstakrar varúðar, ef vélin var í gangi. Segir I. vélstjóri, Lárus Lúðvík Magnússon, að eftirlitsmaður Landhelgisgæslunnar hafi lofað sér því, að bakborðsvélin yrði ekki notuð nema við brottför og komu í höfn og hafi aðeins öðru hverju verið gripið til hennar eftir þetta þessa þrjá mánuði, sem liðu til atburðarins við Selsker, án þess að skipt væri um ásþéttingar. Lárus segir, að þegar ferðin til Trékyllisvíkur hafi verið ákveðin, hafi hann og ákærði rætt um það, hvort ræsa skyldi bakborðsvélina. Kveðst hann hafa frekar færst undan því, en sagt, að hann mundi ræsa hana, ef það yrði talið nauðsynlegt. Hins vegar væri óvíst, hve lengi væri hægt að láta hana ganga. Hafi það vakað fyrir sér, að hægt væri að nota hana síðar í ferðalagi þessu.

Ákærði, sem var skipherra á varðskipinu Ægi, þegar ásþéttingarnar biluðu í septembermánuði 1971, og fór samfellt með skipstjórn v/s Ægis, þar til skipið tók niðri í desember f. á., vissi að sjálfsögðu, hvernig á stóð um bakborðsvélina.

Þegar hann fékk fyrirmæli um að fara strax til Trékyllisvíkur til að sækja sjúkling, kveður hann, að ákveðið hafi verið að nota aðeins stjórnborðsvélina. Hafi I. vélstjóri ekki talið ráðlegt að beita bakborðsvélinni nema stutta stund í einu vegna áðurnefndrar bilunar, þar sem hún gæti ella verið orðin óvirk, þegar á leiðarenda kæmi. Á það vildi ákærði ekki hætta, þar sem hann gerði ráð fyrir að þurfa að beita bakborðsvélinni, er hann kæmi til Norðurfjarðar að taka sjúklinginn, og svo aftur, er hann væri settur á land á Blönduósi, en bakborðsvélin, segir hann, að hafi aðeins verið notuð við komu til hafnar eða brottför.

Í rannsókn málsins hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi sem skipherra á björgunarskipi, sem sé að svara neyðarkalli, talið það skyldu sína að velja þá siglingaleið, sem hann fór, til þess að geta sem fyrst náð til sjúklings þess, sem sækja átti, og komið honum um borð, áður en ófært yrði, en veðurútlit hafi farið versnandi. Hann hafi, eins og framlögð símskeyti sýna, fengið viðbótarskeyti um það að fara með sjúklinginn til Blönduóss. Þetta hafi hann talið benda til þess, að sjúklingnum hefði hrakað, og því sérstök ástæða til að hraða förinni. Ákærði kveðst vera þaulkunnugur siglingaleið þeirri, er hann valdi, og því ekki hikað við að fara hana, er hann taldi, að um það væri að ræða, að bjarga mannslífi. Hann segir, að þegar hann klukkan 1600 þennan dag valdi sjóleiðina vestan Selskers, hafi vindur verið austan 6, og í því veðri geti verið vont sjólag út af Óðinsboðasvæðinu og þess vegna varhugavert að beygja út af grunnleiðinni, eftir að komið var suður fyrir

Óðinsboða. Telur ákærði, að miðað við veður þennan dag hafi verið betra sjólag á leið þeirri, sem valin var.

III.

Sigling v/s Ægis frá klukkan 1530 að Selskeri og niðurtaka skipsins.

Klukkan 1800 urðu varðstöðuskipti á v/s Ægi. Fór II. stýrimaður, Pálmi Hlöðversson, af verði, en III. stýrimaður, Hermann Sigurðsson, tók við stjórn.

Samkvæmt skýrslu Pálma hóf hann varðstöðu sína klukkan 1530. Hann segir, að skipherrann, ákærði, hafi komið á stjórnpall um svipað leyti og verið þar allan þann tíma, er vitnið var á verði. Um stefnu skipsins segir hann, að það hafi frekar sótt yfir í stjórnborða og hafi hann af því efni gert tvær stefnubreytingar eftir klukkan 1718. Hafi breytingin verið því sem næst 2° á bakborða og svo 1° í stjórnborða til að rétta skipið af. Hann kveðst hafa gert staðarákvarðanir á um það bil 5 mínútna fresti eða jafnvel oftar, sérstaklega þó meðan skipið var í grennd við Wandelsboða. Hafi mælingar sýnt, að skipið héldi alveg fyrirhugaðri siglingaleið. Siglt hafi verið með sjálfstýringu og skipherrann fylgst með siglingunni og leið skipsins án þess að gera nokkrar athugasemdir við hana. Vitnið kveðst hafa verið við ratsjána, meðan hann var á verði, og fylgst með stefnu skipsins í henni. En þegar hann hafi þurft að víkja frá til athugunar á sjókortum, hafi skipherrann verið við ratsjána, þannig að stöðugt hafi einhver fylgst með ferð skipsins í henni. Siglt hafi verið á sama hraða allan tímann, sem vitnið var á verði. Um dýptarmælingar skýrir vitnið frá því, að í skipinu séu tveir dýptarmælar. Gefi annar merki með vísi, en hinn sé sjálfritandi. Þeir verði ekki báðir notaðir í senn, en vitnið kveðst hafa beitt þeim á víxl. Minnir vitnið, að dýptarmælirinn hafi verið stilltur á vísinn, þegar hann fór af verði. Þegar III. stýrimaður, Hermann Sigurðsson, tók við varðstöðu, kveðst vitnið hafa gefið honum upp stað skipsins og siglingaleið og vakið athygli hans á 7 metra grunninu, er þá var skammt suður af skipinu.

Hermann Sigurðsson, III. stýrimaður, skýrir svo frá varðstöðu sinni og siglingu skipsins, að hann hafi komið á stjórnpall klukkan 1800 og þá leyst II. stýrimann, Pálma Hlöðversson, af verði. Hann hafi sýnt sér stað skipsins og stefnu þess, sem hafi verið 157° réttvísandi, eða beint á Selsker. Hermann segir, að það hafi borið á góma milli þeirra, hvernig siglt yrði fram hjá Selskeri,

þ. e. hvort sigld yrði bein stefna eða boglína tekin fyrir skerið. Hafi skipherrann, ákærði, valið síðarnefnda kostinn, nokkru eftir að II. stýrimaður fór af verði, án þess að sérstakar umræður yrðu um það milli ákærða og vitnisins, og hann gefið sér þau fyrirmæli um siglinguna að fara ekki nær Selskeri en 0,5 sm og ekki fjær en 0,7 sm með skerið á bakborða, þ. e. að sveigja vestur fyrir það.

Hermann kveðst að fyrirmælum skipherrans hafa athugað hina hreyfanlegu fjarlægðarhringi á ratsjánni, þ. e. borið saman fasta og færanlega fjarlægðarhringi hennar, og hafi þeir reynst réttir.

Um breytingar og leiðréttingar á stefnu skipsins hefur Hermann borið, að hann hafi fyrst tvisvar sinnum leiðrétt stefnuna, til þess að hún héldist á Selsker, og hafi hvor leiðréttingin numið um það bil 2—3°. Þessar breytingar gerði hann fyrst, þegar skipið var í um það bil 3 sm fjarlægð frá skerinu og svo þegar það var í um það bil 2.5 sm fjarlægð.

Í tilefni af umsögn Siglingamálastofnunarinnar hefur Hermann talið, að samkvæmt henni sé leið v/s Ægis talin liggja austar en verið hafi, og út af umsögn Jónasar Sigurðssonar skólastjóra segir Hermann, að það hafi verið ætlun ákærða að fara ekki yfir þær grynningar, sem orðið hefðu á leið v/s Ægis, ef valin hefði verið sú stefna og leið vestan við Selsker, sem merkt sé frá stað B á dskj. 45.

Hermann segir, að skipið hafi rásað mikið, en siglt var með sjálfstýringunni.

Þegar fjarlægðin til Selskers var 1.6 sm, kvaðst Hermann hafa breytt stefnu á sjálfstýringunni um 5° í stjórnborða og nálægt 2 mínútum síðar hafi vitinn sést beint framundan. Hafi þeir ákærði og hann þá stafnsett vitann, þ. e. borið saman miðun á vitann og stefnulínu í ratsjá og hafi hún reynst rétt. Hann segir, að þegar stafnsett var, hafi skipið verið á bakborðsróli.

Þá segir Hermann, að enn hafi verið breytt um stefnu 5° á stjórnborða, þegar fjarlægðin í Selsker hafi verið 1.1 sm. En þegar fjarlægðin til Selskers hafi verið komin í 0.8 sm, segist Hermann hafa byrjað að beygja og sett stýrið 20° í stjórnborða samkvæmt stýrisvísi, sem sýnt hafi þá stýrisbreytingu. Jafnframt kveðst hann hafa fylgst með stefnubreytingunni í ratsjánni og hafi sér virst hún vera eðlileg. Hann hafi og í þann mund tekið sjálfstýringuna af og stýrt með handstýri sjálfstýringarinnar, þ. e. rafmagnsstýrinu. Hermann segir, að það hafi verið að fyrirlagi ákærða að breyta stefnu á þessum stað, þ. e. í 0,8 sm fjarlægð frá

Selskeri, en hins vegar hafi það verið eigin ákvörðun sín, hversu mikil beygjan var, þ. e. 20°.

Hermann kveðst, eins og áður er greint, hafa stillt hina færanlegu hringi ratsjárinnar á 0.5 og 0.7 sm og hafi það verið ætlan sín að halda skipinu í 0.5—0.7 sm fjarlægð frá Selskeri. Hafi það gengið vel í fyrstu, en þó hafi skipið aðeins færst inn fyrir 0.5 sm mörkin að skerinu. Þá segist hann enn hafa haldið áfram að beygja og hafi stýrið legið í 20° á stjórnborða. Hann skýrir frá því, að það hafi verið nokkrum vandkvæðum bundið fyrir sig að þurfa bæði að stýra og gæta stefnu skipsins í ratsjánni.

Hermann hefur lýst veðri svo, að snjókoma muni hafa verið allan tímann, frá því að hann kom á vörð klukkan 1800, en ekki meiri en svo, að greina hafi mátt Selskersvita gegnum élin, og nógu bjart til þess að stafnsetja vitann, eins og áður er getið. En þegar skipið hafi verið í um það bil 0.5—0.8 sm fjarlægð frá Selskeri, hafi skollið yfir blindbylur. Þar sem skipið leitaði inn fyrir 0.5 sm mörkin, eins og áður segir, kveðst Hermann enn hafa haldið stýrinu 20° í stjórnborða og hafi skerið að lokum verið komið 45° á bakborða eftir athugun hans í ratsjá, en fjarlægðin til skersins þá verið innan við 0.5 sm. Hann hafi þá ekki lengur fylgst með stýrisvísinum, heldur hafi athygli hans beinst að því að sjá vitann með berum augum. Gætti hann því hvorki að stefnu skipsins í áttavita né ratsjánni. Þegar svo allt í einu hafi sést til vitans, hafi hann verið því sem næst beint framundan, en þó frekar á bakborða. Er það ágiskun Hermanns, að á þriðja blossa, frá því hann sá vitann, hafi hann verið kominn aftan við þvert á bakborða, en vitinn leiftrar með 30 sekúndna millibili.

Hermann segir, að það muni hafa verið Pétur Lúðvíksson háseti, sem fyrstur tók eftir vitanum. Er það ágiskun Hermanns, að fjarlægðin til vitans hafi þá verið um það bil 0.2 sm, en erfitt sé þó, segir hann, að geta sér til um vegalengdina, þar sem það hafi aðeins verið leiftrið sem sást, en hvorki skerið né vitinn sjálfur.

Þegar vitaleiftrið sást í élinu, kveðst Hermann hafa verið með hönd á stýrisstönginni (rafmagnsstýrinu). Hafi það þá gerst í sama vetfangi, að skipherrann (ákærði), sem stóð við hlið hans, hafi gripið stýrisstöngina og lagt hart í stjórnborða. Þá hafi komið í ljós, að skipið lét ekki að stjórn, en hélt áfram að sveigja til bakborða. Hermann kveðst þá hafa rofið strauminn á fjarstýringuna, en það handtak hafi sett handstýrið í samband. Í sama bili muni skipherrann hafa kallað „að stýrinu". Varð Hermann fyrri til en Pétur. Segist hann hafa gripið handstýrið og lagt því hart í stjórn-

borða, en stýrisvísir hafi ekki fylgt með. Hann segir, að ekki hafi verið þungt að snúa stýrishjólinu.

Hermann kveður, að bæði hann og ákærði hafi mjög fljótt áttað sig á því, að skipið lét ekki að stjórn. Hafi það bæði verið ljóst af hegðun skipsins sjálfs og svo af stýrisvísinum, en hann getur ekki gert sér grein fyrir því, hvenær stýrið varð óvirkt.

Hermann telur, að nærri samstundis því, að hann lagði handstýrinu eins mikið á stjórnborða og hann gat, hafi ákærði breytt skurði skrúfunnar í aftur á bak. Telur hann, að ákærði hafi fyrst tekið stöngina í rykk í miðstillingu, en því næst hægt aftur á bak. Þegar stöngin hafi verið tekin alveg aftur og skipið snerist, hafi hann heyrt skruðning, sem gæti að hans áliti hafa orsakast af því, að stýrið hafi slegið yfir í bakborða, en svo þegar skurði skrúfunnar var breytt, hafi það slegist yfir í stjórnborða. Er það álit Hermanns, að það stjórntak ákærða að taka aftur á bak hafi orðið til þess, að skipið fór ekki beint upp á skerið, heldur meðfram því. Hann telur einnig, að ferð skipsins, er það tók niðri, eftir það, sem kalla mætti fyrsta högg, hafi eiginlega verið áfram og út á hlið. Ekki kveðst hann hafa orðið var við neinn hnykk, fyrr en eftir að hann var kominn að handstýrinu. Hermann segir og, að vél skipsins hafi verið stöðvuð, eftir að skipið hafði einu sinni tekið niðri, en man ekki, hvort það tók einu sinni eða tvisvar niðri eftir það.

Um ratsjána segir Hermann nánar, að búið hafi verið að stilla hana í 1.5 sm radíus, en vitinn og skerið hafi komið óglöggt fram í élinu. Hafi það helst verið brimbrotið, sem sást vegna þess, að þurft hafi að beita ratsjártruflanadeyfinum. Segir hann, að ratsjárdeifirinn á ratsjá v/s Ægis hafi verið slæmur að því leyti, að ekki hafi verið nægilegt að beita honum einum, heldur hafi og þurft að minnka orkuna til að fá sem skýrasta mynd. En eigi að síður hafi vel mátt greina vitann eða skerið í ratsjánni.

Hermann segir, að ákærði hafi ekki vikið úr stjórnklefanum, eftir að hann kom á vörð klukkan 1800. Þá kveðst hann á siglingu skipsins hafa gefið ákærða upp breytingar á fjarlægðum til Selskers, fyrst með 0.5 sm millibili, en svo tíðar, og hafi ákærði verið við ratsjána í hvert sinn, er hann (Hermann) fór að athuga kortin.

Hermann segir það sitt álit, að öruggara hefði verið að hafa báðar vélar skipsins í gangi, og mundi skipið þá hafa látið betur að stjórn, enda sé hægt, að hans áliti, að stýra skipinu með báðum aðalvélunum með því að breyta skurði skrúfanna.

Hann segir og, að eins og á stóð, hafi hann ekki talið sig hafa vald eða leyfi til að breyta hraða skipsins, en sér hefði liðið betur við ratsjána á siglingu þessari, ef annar maður hefði verið við stýrið. Hafi það hvarflað að sér að kalla hásetann að handstýrinu, eftir að rafmagnsstýringin hafði verið sett í samband, en hann hafi ekki talið sig hafa heimild til þess án leyfis ákærða og þá ekki heldur leitað leyfis hans. Hann segir, að það hafi ekki borið á góma milli hans og ákærða, hvort rétt væri að setja bakborðsvélina í gang.

Í þinghaldi 19. janúar s.l. skýrði Hermann frá því, að skýrslu sína til skipherrans, dags. 20. desember 1971, hefði hann skrifað þann dag heima hjá sér eftir minni og þá ekki haft nein gögn við hendina. Séu fjarlægðir þær, sem þar greinir, settar eftir minni og geti þar einhverju skakkað til eða frá. Skýrði hann þá einnig frá því, að þegar hann nú athugaði þessa skýrslu sína og miðað væri við það, að búið væri að breyta stefnunni þrisvar sinnum um alls 9—11°, en vitinn samt framundan og frekar til bakborða, þá yrði það ekki samræmt því, að haldin stefna hefði verið 157°. Þetta útiloki þó ekki, að hans áliti, að haldin stefna hafi verið 157°. Þá segir Hermann og í þessu þinghaldi, að ekki sé útilokað, að stafnsetning vitans hafi verið gerð, fyrr en greinir í frumskýrslu hans frá 20. desember 1971.

Í tilefni af uppdrætti þeim, sem ákærði hefur gert af leið v/s Ægis að Selskersvita (dskj. nr. 36), segist Hermann ekki geta gefið aðra skýringu á stefnu v/s Ægis milli punktanna F og G á nefndum uppdrætti en þá, að það hafi verið stýrið, sem annað hvort varð laust eða lagðist hart í bak, auk þess sem stjórnborðsskrúfan, sem ein var í gangi, hafi orkað í þá átt að beina stefnu skipsins á bakborða.

Miðað við sama uppdrátt segir Hermann, að hann hafi ekki horft í ratsjána á leiðinni milli punktanna F og G, þ. e. þegar skipið var komið í minna en 0.5 sm frá Selskeri, vegna þess að þá hafi hann þurft að hafa hönd á rafmagnsstýrinu og verið bundinn við það, eins og aðstæður voru. Hins vegar segist hann hafa séð skerið í ratsjánni, þegar það var nálægt F punktinum, þ. e. í 0.5 sm fjarlægð frá skerinu, sem þá hafi verið 45° á bakborða, og hafi þá allt verið eðlilegt um siglinguna. Ekki segist Hermann vita til þess, að skipherrann hafi fylgst með ferð skipsins í ratsjánni á leið þess frá F til G á sama uppdrætti. Hermann segir, að svokallaður blossadýptarmælir, þ. e. neistadýptarmælir, hafi

verið í gangi. Honum sé komið fyrir í bakborðsframhorni stjórnklefans, en ekki segist Hermann hafa gefið honum neinar gætur. Annar dýptarmælir sé aftan við þilið við kortaborðið, en hann hafi ekki verið í gangi, enda geti báðir þessir dýptarmælar ekki verið í notkun samtímis.

Hermann segir, að ástæðan til þess, að stefna skipsins í gráðum, þ. e. eftir áttavita, var ekki skráð, eftir að hann tók við varðstöðu klukkan 1800, hafi verið sú, að skipherrann hafi gefið honum þau fyrirmæli að halda vissri fjarlægð frá Selskeri, meðan siglt væri fram hjá því, en ekki fara í beinni línu vestan við það. Hafi skipherrann ekki gefið sér neina ákveðna stefnu og hann þannig getað valið sér þá leið, sem hann taldi heppilegasta.

Ekki kveðst Hermann hafa veitt því athygli, áður en hann byrjaði að breyta stefnu 0.8 sm frá Selskeri, hve mikið stýrisvísirinn þyrfti að vera til stjórnborða, til að skipið héldi réttri stefnu sinni, enda hefði stýrisvísirinn ekki verið kyrr, þar sem skipið „svansaði" til og frá.

Fram er komið í málinu, að Hermann Sigurðsson, sem er fæddur 15. apríl 1948, byrjaði sem viðvaningur á v/s Ægi 17. september 1965. Því næst var hann háseti á því skipi og bátsmaður til septemberloka 1967. Hann fékk hið meira stýrimannsskírteini 30. nóvember 1971 og hafði þá verið háseti á ýmsum skipum milli þess, er hann sat í Stýrimannaskólanum. En III. stýrimaður á v/s Ægi hafði hann verið frá 3. desember 1971, þegar skipið tók niðri 14. sama mánaðar.

Pétur Lúðvíksson háseti kom á vakt klukkan 1800, og var hann á útsýnisverði. Segir Hermann Sigurðsson, að Pétur hafi staðið við gluggann bakborðsmeginn fremst í stjórnpalli og hafi hann, eins og áður er rakið, fyrstur komið auga á vitaljósið í bylnum.

Pétur skýrir svo frá, að hann hafi verið á útsýnisverði allan tímann, frá því hann kom á vörð klukkan 1800. Kveðst hann af sjálfsdáðum hafa tekið við varðstöðu af háseta þeim, er þá hafi verið á útsýnisverði, og hafi sá háseti gefið sér upp stefnu skipsins 157°. Hins vegar kveðst Pétur ekki hafa fylgst með breytingum þeim, sem gerðar voru á stefnu, eftir að hann kom á vörð, og hann hafi ekki litið á áttavita á siglingu þessari. Pétur segist ekki hafa fylgst með orðaskiptum ákærða og stýrimannsins um siglingaleið fram hjá Selskeri, enda hafi hann þá verið ókunnugur á þessum slóðum. Hann hafi þó vitað, að hér var um þrönga siglingaleið að ræða, og hafi skipherrann gefið sér sérstök fyrirmæli um það

að hafa gát á vitanum og láta sig vita um stöðu hans. Aftur á móti kveðst hann nú í haust (1972) hafa stundað sjó á Húnaflóa og þá kynnst Selskeri og umhverfi þess nánar.

Pétur segir, að éljagangur hafi verið umræddan dag. Hann kveðst hafa séð Selskersvita, er hann kom á vörð klukkan 1800, og hafi þá aðeins verið snjókoma, en nokkru síðar, um það bil 10 mínútum, hafi skollið á blindbylur og hafi hann ekki séð vitaljósið fyrr en eftir nokkra stund, rétt áður en skipið tók niðri, og hafi það þá virst fram undan skipinu, aðeins til bakborða. Pétur segist ekki hafa fylgst með athöfnum eða stjórntökum ákærða eða Hermanns stýrimanns, en rétt í þessum svifum hafi skipið „hoppað" þrisvar sinnum. Þegar við fyrsta „hoppið" kveðst Pétur hafa farið að hliðarglugga bakborðsmegin, opnað hann og stungið höfðinu út um gluggann til að svipast um. Sá hann þá vitahúsið, stangirnar og stögin greinilega, eins og hann orðar það. Var skipið þá, að hans sögn, á fullri ferð áfram, en í þessum svifum, meðan Pétur er enn með höfuðið út um gluggann, kveður hann, að skipherrann hafi kallað „að handstýrinu" og tekið aftur á bak og hafi skipið þá, en það hafi þá þegar verið nærri þvert af vitanum, snúist ennþá meira til stjórnborða.

Pétur kveðst oftar en einu sinni hafa heyrt stýrimanninn gefa ákærða upp fjarlægð til Selskers, er þeir voru komnir í námunda við það, en getur ekki nefnt neinar tölur í því sambandi. Hann kveðst ekki hafa heyrt stýrimann eða ákærða minnast á það, að stýrisvélin væri biluð. Pétur segist ekki hafa veitt því eftirtekt, að þeir ákærði og stýrimaðurinn stafnsettu vitann, en vegna veðurhljóðs og véla hafi þeir þurft að tala nokkuð hátt í stjórnklefanum til þess að heyra hver til annars. Pétur telur, að mikið hafi kveðið að öðru „hoppi" skipsins. Hafi það þá lyfst upp að aftan, lagst mjög á bakborða og alla ferð tekið af því.

Í tilefni af dskj. nr. 36, sem lagt var fyrir Pétur, er hann kom fyrir Siglingadóm, tók hann fram, að stefnan að Selskeri hefði að hans áliti verið nálægt 157°. Að vísu hafi einhver breyting getað orðið á stefnunni. Hann hafi ekki orðið var við neina breytingu á vindstöðu, en eftir henni mundi hann hafa tekið og geti tilfinning hans fyrir vindstöðunni ekki samrýmst þeim sveig á stefnu skipsins frá F til skersins, sem fram komi á nefndu dómskjali.

Rétt þykir að geta þess, að skýrsla Pétur Lúðvíkssonar fyrir sjóréttinum, þegar sjópróf fóru fram, var stutt. Vegna fjarveru Péturs við sjóróðra úti á landi kom hann ekki fyrir Siglingadóm

fyrr en 29. desember s.l., er málið var að loknum munnlegum málflutningi tekið til rannsóknar að nýju.

Í tilefni af skýrslu Péturs hér fyrir dómi nefndan dag kom Hermann Sigurðsson enn fyrir dóm 16. janúar s.l. Voru honum þá sýndar ljósmyndir af Selskeri, og taldi hann, að v/s Ægir mundi nafa tekið niðri þar, sem skerið skagar lengst til vesturs.

Vegna framburðar Péturs sagði Hermann í þessu þinghaldi, að hann hefði ekki, er v/s Ægir tók niðri, séð vitann né þann umbúnað, sem á honum er, og dró í efa, að vitinn hefði sést, enda hefðu élin haldist, eftir að skipið tók niðri.

Þá sagði Hermann og, að þegar ákærði kallaði „að handstýrinu", muni Pétur hafa staðið við horngluggann og ekki verið búinn að opna hliðargluggann. Ekki vildi hann þó fullyrða þetta, en minnti, að svona hefði það verið. Lýsti Hermann glugga þeim, er Pétur opnaði, svo, að hann sé festur með þeim hætti, að losa þurfi 4 eða 5 þvingur, til að hægt sé að renna rúðunni niður, og muni það taka nokkurn tíma að losa hana. Hermann sagði það þó rétt, að Pétur hefði opnað rúðuna og stungið höfðinu út, en taldi, að það hefði gerst, þegar vitinn var kominn þvert á bakborða. Hann vildi þó ekki fullyrða þetta og sagði, að verið gæti, að Pétur hafi opnað gluggann aðeins fyrr.

Í þessu þinghaldi endurtók Hermann fyrri framburð sinn, að ákærði hefði kallað „að handstýrinu", áður en hann tók aftur á bak, og staðhæfði, að hann hefði ekki orðið var við neinn hnykk, fyrr en hann var kominn að handstýrinu.

Hermann kvaðst ekki hafa veitt athygli breyttri vindstöðu, rétt áður eða um leið og skipið tók niðri, en segir, að hægt hefði verið þaðan, sem hann stóð, að verða var breyttrar vindstöðu, ef gætur hefðu verið gefnar að því. Hefði mátt athuga vindstöðuna með því að horfa í bjarmann af siglingaljósinu í frammastrinu. Hann hafi hins vegar horft meira til bakborða, þar sem hann hafi átt von á vitanum í þeirri stefnu.

Þess skal getið, að Pétur Lúðvíksson fór út á land til sjóróðra að nýju eftir skamma dvöl í Reykjavík og áður en samprófun yrði komið við.

Ákærði, Gunnar Helgi Ólafsson, sem var í stjórnklefanum, þegar Hermann Sigurðsson kom á vörð klukkan 1800, og dvaldist þar áfram allan tímann, þar til skipið tók niðri, hefur skýrt svo frá afskiptum sínum af siglingu v/s Ægis í þetta sinn, að hann hafi eins og alltaf á grunnleiðum dregið stefnustrikið á vinnukortin, lesið sjálfur stefnuna og tekið fjarlægðir þvert á þá stefnu.

Hann hafi líka látið stýrimanninn taka stefnuna og þeir skipst á um að fylgjast með leið skipsins í ratsjánni.

Ákærði segir, að klukkan 1800, er III. stýrimaður hóf varðstöðu, hafi Selsker sést vel í ratsjánni og hafi það sést í meira en 9 sm fjarlægð. Hann kveðst nokkru síðar hafa athugað lausu fjarlægðarhringina og borið þá saman við hina föstu og hafi stýrimaður einnig framkvæmt slíka athugun. Hann kveðst og hafa bent stýrimanninum á að fylgjast vel með skerinu, þannig að það gæti ekki horfið með sjótruflanaeyði. Þá kveðst ákærði hafa stillt annan lausa fjarlægðarhringinn á 0.5 sm og sagt stýrimanni, að hann mætti alls ekki fara nær Selskeri en það. Hins vegar mætti hann ekki fara fjær en 0.7 sm vestan við skerið og sigla samkvæmt þessu í 0.6 sm fjarlægð frá því. Eftir að ljósin í Selskersvitanum sáust, hafi hann stafnsett vitann milli staða D og E á dskj. 36, er síðar getur, og prófað stefnislínu þannig, að hann hafi staðið við áttavitann og gefið merki, þegar ljósið á vitanum bar í mastrið. Hafi hann þannig tekið virkan þátt í stjórn skipsins alla leið frá Horni, er hann tók ákvörðun um siglingaleiðina. Hann segir, að siglt hafi verið með sjálfstýringu allan tímann, enda sé það yfirleitt gert, nema um mjög þröngar siglingaleiðir sé að ræða og í höfnum.

Ákærði heldur því fram, að skipið hafi ekki borið austur, a. m. k. ekki að ráði, í mesta lagi innan við 1/10 úr mílu. Hafi leiðréttingar þær, sem III. stýrimaður gerði á stefnu skipsins, er það var í um það bil 3 sm og svo 2 sm frá Selskeri verið eðlilegar, en skipið hafi leitað í bakborða, þar sem vindur stóð aftan við þvert á bakborða. Telur ákærði, að ef um meira frávik hefði verið að ræða, mundi hann hafa séð það miðað við fjarlægðina til Drangafjalls og 6 metra brotanna á bakborða (sbr. dskj. 36), er hafi sést mjög vel og auðgreind hafi verið frá öðrum brotum. Til skýringar á stefnu og siglingu v/s Ægis við Selsker hefur ákærði fært hana í sjókort, dskj. 36, eins og hann telur hana hafa verið. Kveðst hann þar styðjast við minni sitt með stuðningi af vinnukortum þeim, er lögð voru fram í málinu, svo hafi hann einnig stuðst við skýrslu Hermans Sigurðssonar. Í því sambandi hefur hann bent á, að enda þótt hann hafi gefið III. stýrimani þau fyrirmæli um siglingu fram hjá Selskeri að fara ekki nær en 0.5 og ekki fjær en 0.7 sm, hafi frávik frá þessum mörkum verið hættulaus, þar sem hér hafi verið um 0.6 sm breytt sund að ræða til öruggrar siglingar. Ákærði segir í skýrslu sinni, að um klukkan 1820 hafi ljósið á vitanum sést um það bil 5° á bakborða. Var skipið þá, að

hans áliti, í 0.8 sm fjarlægð frá skerinu, staður E á nefndum uppdrætti hans. Stýrimaður hafi þá lagt stýrinu um 20° í stjórnborða eftir stýrisvísi og jafnframt fylgst með stefnubreytingunni í ratsjánni. Í því sambandi kveðst ákærði ekki muna, hvort stýrimaðurinn hafi farið frá stýrinu til að líta í ratsjána eða aðeins snúið sér við til þess, en hjálmurinn hafi ekki verið yfir ratsjánni. Sjálfur kveðst ákærði hafa staðið við hliðina á stýrimanninum eða við hornið á stjórnborðinu stjórnborðsmegin. Hafi hann þaðan haft yfirsýn yfir stýrisvísinn og fylgst með siglingu skipsins bæði í áttavita og ratsjá og getað tekið í stýrið (rafmagnsstýrið) eða skiptistöngina, þaðan sem hann stóð.

Ákærði segir, að í þann mund, er stýrimaðurinn tók 20° stýrisbreytinguna, hafi skollið á mjög dimmt snjóél. Hann segir, að meðan á því stóð, hafi athygli hans aðallega beinst að því að svipast um eftir vitanum, en hann hafi ekki gefið gætur að ferð skipsins í ratsjánni. Þegar vitin sást aftur í élinu, staður G á dskj. 36, hafi hann verið nær beint framundan. Ákærði kveðst þá hafa gripið stýrissveifina (rafmagnsstýrið) og lagt hart í stjórnborða. Hafi stýrisvísir, sem þá sýndi stýrið miðskips, ekkert breyst. Ekki kveðst ákærði geta fullyrt, hvað langur tími leið frá því, að hann lagði stýrinu hart í stjórnborða og þar til hann áttaði sig á því, að skipið lét ekki að stjórn. Hann kveðst þá hafa gefið skipun: „Takið þið stýrið“ — „hart í stjórn“. Hafi stýrimaðurinn strax gert það og lagt því í stjórnborða, en stýrisvísir hafi ekki breyst við það. Ákærði kveðst þá hafa sett á fulla ferð aftur á bak og hafi skipið þá snarsnúist yfir í stjórnborða, þannig að hann hafi séð vitaljósið vel aftan við þverskipsstefnu bakborðsmegin, en mjög nærri. Giskar hann á 0.3 sm fjarlægð. Hann kveðst ekki hafa tekið skiptistöngina hart aftur af ótta við, að skrúfan biti ekki, en haldið áfram að taka hana aftur, þangað til skipið hafði snúist það mikið, að hann sá vitann á að giska 100—110° á bakborða. Þá gaf ákærði slag áfram, þar sem hann óttaðist, að hann mundi setja afturstafn skipsins í skerið. En í því fannst honum skipið fá smáhögg, og nokkrum augnablikum síðar tók það harkalega niðri og virtist höggva tvisvar-þrisvar sinnum. Var skipið þá enn á ferð áfram. Fannst honum sem kjölurinn tæki fyrst niðri og hafi skipið þá oltið yfir á bakborðshlið, en því næst á hina hliðina undan vindinum. Leið ekki lengra á milli niðurtakanna en lyftingar á öldu. Þegar hér var komið, kveðst ákærði hafa stöðvað vélina með sérstökum neyðarrofa til þess að forða frá frekari skemmdum og kallað um talkerfi skipsins að loka öllum vatnsheldum hurðum.

Ákærði segir, að mikil alda og kröpp hafi verið við skerið vegna breytilegs dýpis og veðurs og því erfitt að átta sig á aðstæðum þarna.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið eftir því á siglingu skipsins frá F punktinum á dskj. nr. 36, að breytingar yrðu á vindi eða sjólagi, og ekki kveðst hann hafa orðið var við, að vindur og sjólag kæmi fram fyrir þvert, enda þótt stefna skipsins væri samkvæmt nefndum uppdrætti orðin sú, að vindur ætti að koma fram fyrir þvert. En hann kveðst mundu hafa veitt því eftirtekt, ef vindur hefði farið mikið fram fyrir þvert. Segir hann, að þegar hvasst sé, geti myndast þess konar vindsveipir, þegar bylur er, að erfitt sé að greina af stjórnpalli, hvernig vindur standi í það og það skiptið. Telur hann eðlilegt, að hvorki hann né Pétur og Hermann tækju eftir breyttri vindstöðu þrátt fyrir breytta stefnu til bakborða.

Um stefnu skipsins frá punktinum F á dskj 36 heldur hann því fram, að hún muni hafa verið mjög nálægt því, sem gert er ráð fyrir á nefndum uppdrætti. Heldur hann, að stýrið hafi þá verið komið miðskipa, en sveigjan geti hafa verið krappari eða víðari en dregið sé á kortið. Hann segir, að siglingastefnan samkvæmt áttavita hafi ekki verið tekin, þegar vitinn var samkvæmt dskj. 36 45° á bakborða, því 45° hornið hafi verið tekið í því skyni að leiðbeina sér, í hvaða átt hann ætti að horfa eftir vitaljósinu.

Í tilefni af þeim framburði Péturs Lúðvíkssonar, að skipið hafi tekið „hopp", áður en ákærði tók aftur á bak, þá neitar hann því algerlega, að skipið hafi tekið neitt slíkt „hopp", sem til niðurtöku geti talist, áður en skurði skrúfu var breytt í aftur á bak. Skipið hafi fyrst tekið niðri eftir þá breytingu á skurði skrúfunnar.

Ákærði segir, að Pétur hafi komið hlaupandi að stýrinu, þegar hann kallaði að því, en Hermann orðið fyrri til, enda hafi hann átt skemmri leið að fara. Hins vegar kveðst ákærði ekki geta sagt neitt um hreyfingar Péturs eða hegðan hans í þennan mund, t. d. hvort hann hafi opnað gluggann eða þá hvenær, hvort hann hafi stungið höfðinu út um gluggann eða yfirleitt hvernig staðið hafi á fyrir honum, þegar kallað var að stýrinu.

— o —

Svo sem áður greinir, festist skipið ekki á skerinu, en dreif undan veðrinu, sem var NA 7—9 vindstig, í SV átt frá skerinu,

og þegar það var í 0.7 sm fjarlægð í r/v 220°, gaf ákærði skipun um að láta akkeri falla.

Áður hefur verið greint frá því, að á siglingu þessari var aðeins notuð stjórnborðsvél skipsins, og ástæðum fyrir því.

Samkvæmt skýrslu ákærða var stjórnborðsvélin „keyrð fulla ferð, með 14—141/2 sm ferð". Segir hann, að siglt hefði verið með meiri ferð, ef báðar aðalvélar hefðu verið í lagi. Full ferð vélarinnar muni vera 400 snúningar, en í þetta sinn hafi hraðinn verið 350 snúningar, sem sé það venjulega, enda sé ásrafallinn gerður fyrir 350 snúninga.

Ákærði segir, að tvennt hafi valdið því, að ekki var dregið úr siglingahraða við Selsker. Í fyrsta lagi það, að á tveggja skrúfu skipum hafi skrúfuvatnið ekki í sama mæli áhrif á stýrisfjöðrina og á einnar skrúfu skipum. Hér hafi stjórnborðsskrúfan ein verið notuð, sem valdi því, að skipið leiti meira til bakborða. Vindur hafi staðið á skipið á aftanverða bakborðshlið þess, en þá láti skip einna verst að stjórn. Þess vegna hafi hraðinn þurft að vera meiri, því að við slíkar aðstæður hafi hann mest áhrif á stýrishæfnina.

Í öðru lagi segist ákærði ekki mundu hafa falið öðrum að vera við stjórn, ef draga ætti úr hraða við þessar aðstæður. Hann mundi sjálfur hafa tekið stjórnina og farið hægt í það að draga úr ferð, þar sem ella hefði getað verið hætta á því, að hann missti um tíma stjórn á skipinu. Af þessum ástæðum hefði það dregið úr öryggi að hægja ferð skipsins. Ákærði segir, að stjórn skipsins hafi verið erfiðari fyrir þá sök, að stjórnborðsvélin var ein í gangi, því bæði hafi skipið verið almennt stirðara í stjórn og auk þess hafi áhrifa veðursins einnig gætt að þessu leyti. Þannig sé stjórn skipsins með eina vél í gangi, t. d. á „lensi", erfið, ef hraðinn fari undir 12 mílur og því erfiðari sem hraðinn minnki. Ákærði kveðst ekki með neinni vissu geta um það sagt, hvort það hefði einhverju breytt, þótt báðar aðalvélar hefðu verið í gangi, en skipið eigi þó að geta komist allra ferða sinna með því að nota báðar vélar, þótt stýri sé óvirkt, ef það sé laust eða í miðstillingu.

Það er skoðun ákærða, að ekki sé eins öruggt að sigla með annarri vél af tveimur, ef báðar séu í lagi. En sé önnur í ólagi velji hann þann kostinn að nota aðeins þá heilu. Það hefði að vísu, að sögn ákærða, verið mögulegt að sigla með báðar vélar í gangi fram hjá Selskeri, en hins vegar hefði það, að hans áliti, getað valdið stórskemmdum að beita bakborðsvélinni.

Ákærði segir, að ástæðan til þess, að sjálfritandi dýptarmælir-

inn var ekki notaður á siglingunni að Selskeri, hafi verið sú, að neistamælirinn liggi vel við notkun og sé reyndar alltaf notaður. Sjálfritandi dýptarmælirinn sé þá helst notaður, þegar athuga þurfi sérstaklega dýpi á einhverjum stað og varðskipsmenn vilji hafa í sínum fórum sérstaka vitneskju um það.

Ekki kveðst ákærði geta gert sér neina grein fyrir því, hvers vegna stýrið varð óvirkt, en slíkt tilvik hafi einu sinni komið fyrir sig á varðskipinu Óðni, en þá hafi verið um handstýringuna að ræða.

Það er mat ákærða, að miðað við aðstæður hafi verið nægilegt öryggi í því að haga stjórn skipsins eins og gert var í þetta sinn.

IV.

Skemmdir á bol og stýri v/s Ægis og skýrslur skipverja um breytingar á skurði skrúfu og niðurtöku skipsins.

Skemmdum á v/s Ægi vegna niðurtökunnar við Selsker er lýst svo samkvæmt skýrslu II. stýrimanns, Pálma Hlöðverssonar:

Rifa undir smurolíuhylki, 5 metra löng, og auk þess rifur undir ljósavél og í skuthylki, allar við kjölinn.

Kjölurinn víða snúinn til stjórnborða og brotinn um það bil frá bandi 47 og aftur úr.

Veltikjölur hefur rifnað og bognað um þrjá faðma framan sjóinntaka bakborðsaðalvélar. Um það bil einn faðmur rifinn frá og boginn inn undir botninn. Þar er dæld í skrokkinn.

Neðan á miðju stýrisblaðinu stjórnborðsmegin á um hálfs meters kafla hefur málning skrapast af og stálið skaddast lítils háttar.

Skrúfurnar virtust óskemmdar.

Guðmundur Björnsson verkfræðingur hefur gert álitsgerð um orsakir brots á stýrisvél v/s Ægis 14. desember 1971. Er álitsgerðin dags. 4. apríl f. á. og hljóðar svo:

„Hinn 6. janúar 1972 óskaði Pétur Sigurðsson, forstjóri, eftir athugunum undirritaðs á orsökum brots stýrisvélar m/s Ægis. Hafði skipið verið á siglingu skammt undan Galtarvita á Vestfjörðum fyrrnefndan dag. Er breyta skyldi stefnu skipsins, lét stýri þess skyndilega ekki að stjórn með þeim afleiðingum, að skipið tók niðri og skemmdist verulega.

Undirritaður ræddi við forstjóra og starfsmenn Landhelgisgæslunnar hinn 7. jan. 1972. Látin voru þá í té nauðsynleg gögn um stýrisvél skipsins ásamt ljósmyndum af skemmdum og öðrum ummerkjum varðandi stýri og stýrisvél. Þann dag fór undirritaður

ennfremur á vettvang, en skipið var þá statt í dráttarbraut Slippfélagsins í Reykjavík. Voru skemmdir og áverkar kannaðir af undirrituðum við það tækifæri.

Hinn 18. febrúar skoðaði undirritaður ennfremur stýrisblað, stýrisás og legur stýrisáss, en þessir hlutir voru þá staddir á verkstæðum Vélsmiðjunnar Héðins h/f til skoðunar og viðgerðar.

Ekki verður fjallað nánar um athuganir undirritaðs í smáatriðum, en niðurstöður þeirra eru eftirfarandi.

1. Brotsár í stýrispinna eru ný og engin merki um efnisgalla. Ekki hefur verið um þreytubrot að ræða. Gerð brots og staðsetning bera með sér, að stýrispinni hefur orðið fyrir einu brotátaki. Óhugsandi er, að umrætt brot hafi getað orðið með öðrum hætti en þeim, að skyndilegt átak hafi komið á stýrisblað skipsins.
2. Mjög greinilegur áverki er á stýrisblaði skipsins. Stafar hann af höggi, sem stýrisblaðið hefur orðið fyrir á þeim sama stað.
   Högg eða skyndilegt átak á þennan stað stýrisblaðsins hefur getað valdið umræddu broti stýrispinna, sbr. lið 1. Áverki á stýrisblað gefur til kynna, að högg eða átak hafi verið nægilega mikið til að valda broti stýrispinna.
3. Áverki á stýrisblað sýnir, að stýrisblað hefur verið á hreyfingu fram á við og niður, er það varð fyrir höggi.
4. Mikill yfirþrýstingur hefur myndast í vökvaleiðslum við stýrisvél, og hefur hann valdið þenslu eirröra (við hné, en þar hafa rör verið afglóðuð við lagningu þeirra, og hefur efnisstyrkur þess vegna verið minnstur þar.) Slíkur yfirþrýstingur í umræddum rörum er óhugsandi að orðið hafi með öðrum hætti en þeim, að stýrisblað skipsins hafi orðið fyrir skyndilegu og miklu átaki á svipuðum eða sama stað, og áverkinn á því er."

Hér fyrir dómi hefur Guðmundur staðfest þessa skýrslu sína. Hann segir, að athugun sín hafi aðeins beinst að hugsanlegum orsökum brots á stýrisvél og verði ekki af álitsgerð sinni dregin sú ályktun, að ekki hafi verið um stýrisbilun að ræða, áður en skipið tók niðri. Álitsgerð sín fjalli aðeins um hugsanlegar orsakir brotsins, en ekki að neinu leyti um hugsanlegar bilanir á stýrisvél. Hann kveður, að ekki verði fullyrt við skoðun á stýrisblaðinu, hvað valdið hafi áverkanum á því, hvort það hafi verið botnfastur klettur eða botnfast flak eða t. d. rekald, það gæti m. a. farið eftir stærð þess. Hins vegar sé óhugsandi, að áverkinn hafi getað hlotist af snertingu við timbur. Guðmundur bendir á, að við það högg,

sem varð, hafi stýrisvél látið undan, þannig að tiltekinn hluti hennar hafi brotnað, og telur hann líklegt, að slíkt högg geri ekki vart við sig á sambærilegan hátt við það, að fastur hluti skips, kjölur eða síða, verði fyrir höggi. Treystir hann sér ekki til þess að fullyrða neitt um það, hvort skipverjar hefðu átt að verða varir við högg, sem veitti stýrisblaði áverka, jafnan þeim, sem hér var um að ræða.

Í tilefni af þeirri skýrslu ákærða og III. stýrimanns, að stýrið hafi verið óvirkt, áður en skipið tók niðri, segir Guðmundur, að vökvakerfi sem það, er hér um ræðir, séu viðkvæm fyrir óhreinindum inni í kerfinu eða lofti. En nú eftir á sé ógerlegt að fá nokkra vissu um það, hvernig þessu var farið, þegar atburðurinn átti sér stað. Guðmundur kveðst ekki hafa kannað, hve mikið átak þurfi til að brjóta stýrisvélina, enda sé vandkvæðum bundið að fá niðurstöðu um það. Hins vegar sé stærð og staður áverka þess, er hér átti sér stað, fullnægjandi skýring á broti stýrisvélarinnar.

Guðmundur skýrir svo frá, að einhver skoðun muni hafa farið fram á stýrisbúnaði og prófun á vökvakerfi stýrisvélarinnar, áður en til hans kasta kom um álitsgerð. Hyggur hann, að sú prófun muni hafa verið framkvæmd af fulltrúa framleiðanda stýrisvélarinnar.

Eigi hafa fengist neinar upplýsingar um könnun þessa eða árangur hennar.

Leitast hefur verið við að kanna, hvort skipverjar yrðu þess varir, að skipið fengi högg eða viðkomu, áður en vart varð stýrisbilunar þeirrar, er þeir ákærði og Hermann Sigurðsson stýrimaður telja, að orðið hafi, áður en skurði skrúfu var breytt í aftur á bak.

Lárus Magnússon, I. vélstjóri, segist hafa verið staddur í matsal skipsins ásamt öðrum skipverjum, þegar skipið tók niðri. Þeir hafi í fyrstu aðeins fundið eins og fyrir einhverjum skruðningi og þá litið hver á annan eins og í spurnartón, hvað væri um að vera. En er skipið tók svo niðri aftur, hafi þeim orðið ljóst, að eitthvað var á seyði, og þá sprottið upp til sinna verka. Lárus segist ekki hafa veitt því athygli, að skurði skrúfunnar væri breytt, og hann hafi ekki heldur tekið sérstaklega eftir öðrum hreyfingum skipsins og ekki orðið var við neitt óeðlilegt, áður en skipið tók niðri.

Pálmi Hlöðversson, II. stýrimaður, fór að verði klukkan 1800. Hélt hann þá til borðsalarins og var þar, þangað til skipið tók niðri. Hann segist hafa orðið var við breytingu á hljóði vélarinn-

ar, rétt áður en skipið tók niðri. Gerði hann ráð fyrir því, að verið væri að breyta skurði á skrúfu í því skyni að hægja á ferð skipsins, áður en bakborðsvélin væri sett í gang, en hann kveðst hafa búist við, að svo yrði gert, skömmu áður en komið væri til Norðurfjarðar til þess að taka sjúklinginn. Pálmi kveðst ekki geta sagt neitt ákveðið um það, hve langur tími leið, frá því að hann tók eftir álagsbreytingunni á vélina og þar til skipið tók niðri, giskar á 2 mínútur. Segir hann, að þegar álagsbreytingin varð, hafi þeir, sem þarna voru, haft orð á því, að nú væri líklega verið að setja bakborðsvélina í gang, vegna þess að farið væri að styttast til Norðurfjarðar, en rétt í því hafi höggið komið. Hann hafi þá strax farið upp í stjórnklefann. Hafi þá skipið verið laust.

Þór Vignir Steingrímsson, II. vélstjóri, kveðst hafa verið í borðsal skipsins, þegar það tók niðri. Hann segist ekki hafa heyrt eða orðið var við neitt óvenjulegt, áður en skipið tók niðri, og ekki veitt gangbreytingu vélar athygli að öðru leyti en því, að breytingar hafi orðið á ljósum, þannig að þau urðu bjartari. Hann getur ekki gert sér grein fyrir því, hve langur tími leið, frá því er nefnd breyting varð á ljósunum og þar til skipið tók niðri, en telur þó, að ekki verði sagt, að þetta hafi gerst í sömu andrá. Þór kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvað á seyði væri, er hann varð var við fyrsta höggið, datt í hug, að skipið hefði rekist á rekadrumb. En þegar næsta högg kom, þóttist hann vita, að eitthvað sérstakt mundi vera á seyði, og hljóp rakleitt til stjórnklefans. Hann telur, að gangbreytinga verði lítið vart í borðsal skipsins.

Ingólfur Kristmundsson, III. vélstjóri, var einnig staddur í borðsal v/s Ægis, er skipið tók niðri. Það fyrsta, sem hann veitti athygli í því sambandi, var, að hann heyrði einhvern skruðning og datt honum þá fyrst í hug, að skipið kynni að hafa rekist á eða komið við annað skip, en hann minnist þess ekki að hafa orðið var við breytingar á ljósum eða gangi vélar. En andartaki eftir fyrsta skruðninginn hafi komið annar. Kveðst Ingólfur þá hafa gert sér ljóst, að eitthvað væri á seyði, og farið á sama stað í vélarrúmið.

Sigurður Kristinn Sigurðsson, IV. vélstjóri, var staddur í stjórnklefa vélanna aftur í skipinu yfir vélarrúminu, þegar skipið tók niðri. Virtist honum það gerast í sama mund, að breytingar urðu á ljósum og skipið tók niðri, en fyrr varð hann ekki var við neitt óeðlilegt. Hann veitti ekki athygli gangbreytingu vélar, áður en

skipið tók niðri, og minnist þess ekki að hafa orðið þess var í þessum stjórnklefa, þótt breytt sé skurði skrúfunnar, en hins vegar komi það fram á mælum, sem þar séu. Hann telur þó, að gangbreyting, sem hlustað væri sérstaklega eftir, mundi heyrast.

V.

Athugun á siglingaleið v/s Ægis eftir klukkan 1800 og fleiri rannsóknaratriði.

Samkvæmt 41. gr. laga nr. 52/1970 leitaði saksóknari ríkisins umsagnar siglingamálastjóra um mál þetta, áður en saksókn var ákveðin. Í umsögn siglingamálastjóra segir m. a., að sjá megi, „að skipið hafi sífellt borið austur á siglingu þess frá því kl. 1800", og samkvæmt uppdrætti (dskj. nr. 6), er fylgdi umsögn hans, hefur stefna skipsins, að hans áliti, verið 218° og vitinn (skerið) í um það bil 173°, þegar skipið samkvæmt framburði III. stýrimanns var komið aðeins inn fyrir 0.5 sm fjarlægðarhringinn í ratsjánni og vitinn 45° á bakborða. Bæði ákærði og III. stýrimaður, Hermann Sigurðsson, hafa gagnrýnt þessa niðurstöðu siglingamálastjóra og telja, að hann setji skipið of austarlega. Hefur ákærði sjálfur af þessu efni gert uppdrátt af siglingaleið v/s Ægis, frá því er skipið var í 3 sm fjarlægð frá vitanum (dskj. nr. 36), sem áður hefur verið vísað til.

Að tilhlutan dómsins kom málið aftur til umsagnar siglingamálastjóra. Í framhaldsumsögn hans, dags. 31. júlí s.l., segir m. a.:

„Uppdráttur minn, sem fylgir dskj. 6, byggist á upplýsingum, sem fyrir liggja um stefnubreytingu frá kl. 1800—1820 og tilsvarandi fjarlægðum skipsins frá skerinu. Kl. 1800 er stefnan á skerið 157° rv. og fjarl. 5 sm. þegar fjarl. er u. þ. b. 3 sm, er breytt um 2—3°. Þegar fjarl. er u. þ. b. 2,5 sm, er breytt um 2—3°. Þegar fjarl. er 1,6 sm, er breytt um 5°. Þegar fjarl. er 1,1 sm, er breytt um 5°, vitinn beint framundan. Samtals er þetta breyting um 14—16°.

Eftir að fjarlægð er orðin 0,8 sm frá skerinu, er mér ógerlegt að fylgjast með áframhaldandi siglingu skipsins að öðru leyti en því, að stefna þess hefur verið um 218°, þegar vitinn sást 45° á bb., en ekki verður ráðið, hver fjarlægðin frá skerinu var þá, nema það, að hún var minni en 0,5 sm."

Að fengnum þessum gögnum óskaði dómurinn þess við Jónas Sigurðsson, skólastjóra Stýrimannaskólans, að hann, samkvæmt gögnum málsins, setti út í sjóuppdrátt siglingu v/s Ægis frá klukkan 1800 og þar til það tók niðri og léti jafnframt í té álitsgerð um

það, hvort stefnuréttingar þær, sem gerðar voru á þessari leið, hefðu verið eðlilegar eða gerðar á réttum tíma miðað við aðstæður.

Í álitsgerð skólastjórans, dags. 28. ágúst s.l., segir svo:

„Útsetningar:

Í meðfylgjandi sjókort nr. 64 hef ég sett út umræddа siglingu samkvæmt útdrætti úr leiðarbók v/s Ægis og framburði III. stýrimanns í skýrslu til skipherrans, dags. 20/12 '71. Þá hef ég einnig sett út siglinguna í meðfylgjandi bráðabyrgðakort íslensku sjómælinganna, sem er í stærri mælikvarða en sjókort nr. 64. Merkingar staðanna eru þær sömu í báðum kortunum.

Samkvæmt leiðarbókinni var staður skipsins kl. 1800 í 5,0 sml. fjarlægð frá Selskeri og í 3,5 sml. fjarlægð frá Drangaskörðum. Kl. 1820 sást Selsker u. þ. b. 5° um bakb., og var stýrinu þá lagt u. þ. b. 20° í stb., síðan gerir dimmt él. Nokkru síðar sést vitinn því nær beint framundan, og var stýrið þá sett hart í stb. Skipið lét ekki að stjórn og virtist fremur síga í bb. Þá var bakkað á fulla ferð til að snúa skipinu í stb., og snerist skipið, svo vitinn var aftan við þverskipsstefnu. Kl. 1823 tekur skipið niðri.

Samkvæmt skýrslu III. stýrimanns var stefnan frá stað kl. 1800 157° rv., eða beint á Selsker. Stefnan frá stað kl. 1800 beint á Selsker er í kortinu um 155°, en þar sem stýrimaðurinn miðar breytingar sínar á stefnunni eftir kl. 1800 við 157°, hef ég miðað við þá stefnu í útsetningunum.

Fyrsta breyting á stefnunni eftir kl. 1800 er í 3ja sml. fjarlægð frá skerinu, 2—3° í stb., á stað *A* í kortinu. Önnur breyting í 2.5 sml. fjarl. 2—3° í stb., á stað *B*. Þriðja breytingin í 1,6 sml. fjarl., 5° í stb., á stað *C*. Þá er stefnan orðin 167°. 2 mín. seinna sést vitinn beint í 1,1 sml. fjarl. á stað *D*. Á stað *D* er stefnu enn breytt 5° í stb. eða 172°. Þegar fjarl. er 0,8 sml. á stað *E*, sem mun vera um kl. 1820, er stýrið sett 20° í stb., og stefnan samkv. því verður þá 192°.

Þá segir III. stýrimaður við framhaldsrannsókn málsins, að eftir að stýrinu var lagt 20° í stb. í 0,8 sml. fjarl. frá skerinu, hafi skerið að lokum verið komið 45° á bakb., eftir athugun á radar, og hafi þá fjarl. verið orðin tæpl. 0,5 sml., staður *F*. Staður *F* virðist koma nokkuð vel heim við stefnuna frá stað *E*. Þegar skipið færðist inn fyrir 0,5 sml. hringinn, kveðst stýrimaðurinn hafa haldið áfram að beygja, en ekki fylgst með stýrisvísinum.

Þetta virðist vera síðasta athugunin í radarnum, því eftir það beinist athygli beggja yfirmanna að því að sjá vitann með berum augum í stað þess að fylgjast með siglingunni í radarnum.

Þegar vitinn loks sést með berum augum, er hann bent framundan og skipið komið mjög nálægt.

Eftir að skipið var í stað F, virðist erfitt að gera sér grein fyrir, hvernig sigling þess hefur verið. Hafa ber í huga, að frá því skipið var í um 0,5 sml. fjarl. og þar til það tekur niðri, líður mjög stuttur tími (um 2 mín.). Helst virðist sem stefnan hafi verið að breytast smám saman til bakb. einhverra orsaka vegna, því, ef stefnan hefði verið 192°, þegar vitinn sást með berum augum beint framundan í 0,2—0,3 sml. fjarl. eftir ágiskun yfirmanna, hefði skipið átt að vera norðan við skerið, sem ekki fær staðist miðað við rek skipsins frá strandstaðnum, þar til akkeri var látið falla.

Upplýsingar um stefnuna, þegar vitinn sást aftur, er ekki að finna í málsskjölunum, og stýrimaðurinn skýrir svo frá við framhaldsrannsókn, að hann hafi ekki gefið fullar gætur að stefnu skipsins í radarnum né heldur samkvæmt áttavitanum, meðan bylurinn var.

Stefnuréttingar:

Eins og sést af útsetningunum hefur skipið greinilega borið til bakborða á siglingunni frá kl. 1800. Þær stefnuréttingar, sem gerðar voru, áður en skipið er komið á stað *E*, virðast fyrst og fremst gerðar til þess að halda stefnunni á vitann. Verður ekki annað séð en að stefnu á vitann hafi verið haldið of lengi.

Ég tel, að eðlilegast hefði verið að setja stefnu frá stað *B* 0,6 sml. frá skerinu. Fylgjast síðan með siglingunni í radarnum og kortinu og breyta stefnu eftir því, sem tilefni gafst. Stefnan frá *B* 0,6 sml. frá skerinu er dregin í kortin og mælist 185° rv.

Þá verður og að telja, að þegar farið var að breyta stefnu að ráði í *E* (20° til stb.), hafi sú stefnubreyting verið allt of lítil. Sú stefna liggur 0,3—0,4 sml. frá skerinu, og auk þess mátti gera ráð fyrir, miðað við það, sem á undan var gengið, að skipið leitaði til bakb. og þar með nær skerinu. Þá álít ég, að þegar skipið var komið inn fyrir 0,5 sml. hringinn, hefði athyglin fyrst og fremst átt að beinast að radarnum eins og skyggni var háttað."

Vegna ítarlegri upplýsinga, er fram komu við rannsókn málsins, eftir að Jónas Sigurðsson skólastjóri samdi framanritaða álitsgerð, tók hann hana til endurskoðunar og gerði eftirfarandi framhaldsálitsgerð dags. 15. janúar þ. á.

„Í útsetningum og álitsgerð í máli þessu, dags. 28. ág. s.l., gerði ég ráð fyrir 20° stefnubreytingu frá stað *E*, 0,8 sml. frá Selskeri, og dró samkv. því stefnu frá stað *E* í 192°.

Við framhaldsrannsókn málsins h. 7. nóv. s.l. taka skipherra

og III. stýrimaður fram, að 20° breytingin hafi verið 20° breyting samkv. stýrisvísi, en ekki 20° stefnubreyting. Stefnan, sem dregin er frá stað *E* í 192°, er því á misskilningi byggð.

Þá tekur III. stýrimaður ennfremur fram, að siglingin vestan skersins hafi ekki verið hugsuð sem bein lína, heldur hafi ætlunin með því að leggja stýrið 20° í stb. verið sú að sigla í sveig þannig, að fjarlægðin í skerið yrði ekki minni en 0,5 og ekki meiri en 0,7 sml.

Í fyrri framburði sínum sagði stýrimaðurinn, að eftir að stýrinu var lagt 20° í stb. í 0,8 sml. fjarlægð, hafi skerið að lokum verið komið 45° um bakb. eftir athugun á radar og hafi þá fjarl. verið orðin tæpl. 0,5 sml. Þar sem ekki er gefin upp nein stefna, þegar vitinn var 45° um bakb, er ekki hægt að setja þann stað út (stað *F*, sem í útsetningum mínum var miðaður við, að skerið hafi verið 45° um bakb. á stefnu 192°).

Að því er varðar siglinguna frá E að öðru leyti, verður ekki séð annað en að breytingin á stýri, 20° í stb., hafi verið of lítil og að skipið hafi stöðugt borið nær skerinu, þar sem það er komið inn fyrir 0,5 sml. fjarlægðarhringinn, þegar vitinn er aðeins 45° um bakb., í stað þess, að þá átti hann að vera orðinn þvert, því ekki átti að fara nær en 0,5 sml. Þegar svo var komið, var full ástæða til að beygja enn meir til stb. og fylgjast vel með fjarlægðinni í radarnum.

Hvað snertir framburð III. stýrimanns við framhaldsrannsókn h. 7/11 '72 um siglingaleið frá stað B á dskj. nr. 45, vil ég geta þessa:

Stýrimaðurinn tekur fram, að það hafi einmitt verið ætlun skipherra að fara ekki yfir þær grynningar, sem hefðu orðið á þeirri leið.

Ég fæ ekki séð, að sú leið liggi yfir neinar grynningar, og vísa til útsetningarinnar á dskj. nr. 45. Að sjálfsögðu hefði átt að fylgjast með þeirri siglingu í radarnum og gera nauðsynlegar breytingar á stefnu, ef tilefni gafst, eins og líka er tekið fram í fyrri álitsgerð."

Þriðjudaginn 31. október s.l. fór Siglingadómur í siglingu með v/s Ægi, og voru þá gerðar eftirfarandi athuganir:

1. Siglt var að ljósdufli nr. 6 í Faxaflóa. Við allar athuganir var eingöngu stjórnborðsvél skipsins notuð og sjálfstýringin höfð á. Athuguð var stýring skipsins, og er ljósdufl no. 6 var framundan í 0.8 sm fjarlægð, var stýri skipsins sett 20° í stjórnborða eftir stýrisvísi. Gerði Hermann Sigurðsson stýrimaður það með raf-

magnshandstýri. Vindur var SV 3 og sjór 1—2. Hraði skipsins var 14.5 sm/klst með 350 sn/mín.

Athuganir þessar leiddu í ljós, að á beinni siglingu þurfti stýrið að liggja 6° í stjórnborða til að vinna á móti vélinni. Er stýri skipsins var sett 20° í stjórnborða í 0.8 sm fjarlægð frá duflinu, var duflið 6—7° á bakborða og skipið í stjórnborðsróli. Fylgst var með duflinu í ratsjá skipsins, og mældist fjarlægðin í það 0.5 sm, er það var 90° um bakborða. Hagað var siglingu að duflinu á þann veg, að vindur var á bakborðsafturhorn skipsins.

2. Siglt var með fullri ferð áfram og síðan skurði skrúfunnar breytt í fullan skurð aftur á bak. Um leið var kannað, hvort vart yrði gangbreytingarinnar í borðsal yfirmanna og stjórnklefa vélarrúms.

3. Siglt var aftur að ljósdufli no 6 og þá á móti vindi með sama hraða. Er duflið var í 0.8 sm fjarlægð, var stýrið sett 20° í stjórnborða eftir stýrisvísi. Stöðugt var fylgst með duflinu í ratsjá skipsins, og er það (duflið) var 90° um bakborða, var það nú í 0.55 sm fjarlægð.

4. Siglt var með 8.0 sm/klst undan vindi og stýri skipsins sett hart í stjórnborða. Tók það 2.5 mínútur að snúa skipinu 90°.

5. Þegar siglt var inn í Reykjavíkurhöfn, kom í ljós, að ratsjá skipsins sýndi hafnargarðanna rétt við skipshliðina.

Samkvæmt vætti Pálma Hlöðverssonar, II. stýrimanns, var staðarákvörðun sú, sem fram fór, eftir að skipið tók niðri, er það var í r/v 221° og 0.7 sm fjarlægð frá Selskeri, gerð með ratsjármælingum. Var þá miðað við fjarlægðir til fleiri staða, þ. á m. Selskers, sem sást í ratsjánni. Hann vill ekki fullyrða, að Selsker hafi komið fram á 1.5 sm skalanum, en fjarlægðin í Selsker hafi verið tekin á lægsta, ¾ sm skalanum, og hafi Selsker þá komið vel fram við sérstaka athugun, sem Pálmi kveðst þá hafa gert.

VI.

Mál þetta var samkvæmt 242. gr. siglingalaga nr. 66/1963 sent samgöngumálaráðuneytinu til umsagnar og jafnframt dómsmálaráðuneytinu í samræmi við 21. gr. laga nr. 82/1961. Báðir þessir umsagnaraðiljar töldu rétt, að málið yrði borið undir dómstóla.

Samkvæmt skrá um íslensk skip er v/s Ægir 927 rúmlestir.

Vátryggingarverð hans var:

Húftryggingarverð £ 620.000.

Hagsmunatrygging £ 155.000.

Samkvæmt upplýsingum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum

nemur kostnaður vegna tjóns þess, er varð á v/s Ægi, alls tæpum 28 millj. króna. Þar af eru um tvær milljónir króna kostnaður vegna viðgerðar á bol skipsins. En vegna þess að vélarrúm skipsins fylltust af sjó, urðu miklar skemmdir á vélum og rafkerfi. Þá varð kostnaður vegna björgunar rúmlega 10 milljónir króna.

VII.

Um ákæruatriðin.

1) Í leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland, útgefinni af vita- og hafnarmálaskrifstofunni árið 1950, er þess meðal annars getið um siglingaleiðir um Húnaflóa, að boðar og grunn nái langt frá landi, og dæmi tekin af Óðinsboða og Eiríksgrunni. Segir þar, að algengasta leiðin sé fyrir utan (austan) þessi grunn, en í björtu veðri sé einnig greið leið fyrir innan (vestan) þau. Þá segir þar enn fremur, að siglingaleiðin fyrir utan Óðinsboða sé öruggasta leiðin fyrir hafskip, og þó sérstaklega í dimmviðri. Leiðin sé þó varasöm vegna þess, að suður með grunninu sé oft mjög harður innstraumur, og geti skip því lent sunnar en þau ætla.

Eftir að þessi lýsing var gerð, hefur siglingatækni tekið miklum stakkaskiptum og þá ekki síst, er upp var tekin notkun ratsjárinnar. Er nú hægt að velja siglingaleiðir með meira öryggi og meiri nákvæmni en áður var og sigla þröngar og varasamar leiðir þrátt fyrir dimmviðri og erfiðar aðstæður. Og t. d. mun leiðin vestan Selskers vera orðin mun tíðfarnari nú en var í þann mund, er nefnd leiðsögubók kom út árið 1950.

Þegar ákærði ákvað að sigla innri leiðina, var veðurútlit að vísu ekki gott, er spáð var norðaustan snjókomu og hvassviðri með nóttunni, enda fór veður versnandi, er á daginn leið. Hins vegar ber á það að líta, að aðstæða til staðarákvörðunar eftir ratsjá er góð á siglingaleið þeirri, sem ákærði valdi, með sæbrött og há fjöll á vesturströnd Húnaflóa og því góðir möguleikar fyrir hendi til að velja þar færa siglingaleið, þótt dimmviðri sé. Rétt er að hafa í huga, að ákærði var að sinna kalli til sjúkraflutnings, og var eðlilegt, að það hvetti hann til að velja þá leið, er hann ætlaði, að skemmstan tíma tæki að komast til ákvörðunarstaðar. Að vísu gerði þetta leiðarval hans siglinguna áhættusamari, þar sem ekki var nema önnur vél v/s Ægis í gangi, en það orkaði í þá átt, eins og ákærði hefur gert grein fyrir, að skipið varð erfiðara í stjórn, og að sigla þurfti með meiri hraða, að mati ákærða en ella, ef báðar vélar hefðu verið í gangi. Þetta ástand aflvéla skipsins hafði þá einnig í för með sér, að gæta þurfti sérstakrar

árvekni um varðgæslu og stjórntök á siglingu Ægis í þetta sinn á siglingaleið þeirri vestan Selskers, sem valin var. En með tilliti til siglingatækjabúnaðar v/s Ægis og þeirra siglinga hafskipa, sem nú munu tíðkast undan vesturströnd Húnaflóa, verður ekki talið, að dæma eigi ákærða áfall, þótt hann í þetta sinn veldi siglingaleið vestan Selskers, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði.

Einn dómenda, Jón Björnsson, telur þó, að eins og veðri og aðstæðum var háttað í þetta sinn, hafi leið sú, er ákærði valdi, verið svo varhugaverð, að dæma eigi ákærða áfall fyrir val hennar.

2) Samkvæmt því, sem áður er rakið, var ákærði í stjórnklefa v/s Ægis, þegar III. stýrimaður, Hermann Sigurðsson, hóf varðstöðu sína, og dvaldist hann þar allan tímann, þar til eftir að skipið hafði steytt á Selskeri.

Fram er komið, að ákærði gaf á þessu tímabili fyrirmæli um leið þá vestan Selskers, sem farin skyldi. Samkvæmt vætti Péturs Lúðvíkssonar háseta gaf hann honum fyrirmæli um að fylgjast vel með Selskersvita. Ákærði gerði og, að eigin sögn, staðarákvarðanir, dró stefnustrikið á vinnukortið, las stefnuna og tók ratsjárfjarlægðir þvert á hana. Þegar komið var í nálægð Selskersvita, stafnsettu þeir III. stýrimaður og hann vitann í því skyni að bera saman stefnulínu ratsjárinnar við stefnulínu skipsins. Segir ákærði, að hann og stýrimaðurinn hafi skipst á um að fylgjast með leið skipsins í ratsjánni, og hefur ekkert komið fram, er hnekki þessum framfurði ákærða um samstarf þeirra Hemanns III. stýrimanns við athugun á sigldri leið skipsins. Þá fór það og eftir fyrirmælum ákærða, hvenær III. stýrimaður byrjaði að beygja, þegar skipið var í 0.8 sm fjarlægð frá Selskeri, en ákærði hafði annars áður gefið Hermanni stýrimanni nánari fyrirmæli um það, hvernig siglingu fram hjá Selskeri skyldi hagað.

Eins og áður er rakið, var í þetta sinn siglt með stjórnborðsvélinni einni. Þá var og hvass vindur af norðaustri, og stóð hann, eins og stefnu skipsins var háttað, aftan við þvert á bakborðshlið þess. Leiddi þetta hvort tveggja til þess, eins og fram kemur í skýrslum III. stýrimanns og ákærða, að skipið leitaði eftir klukkan 1800 í vaxandi mæli til bakborða, en vindur af NA fór vaxandi, og áhrifa sjógangs gætti í ríkara mæli eftir því sem nær dró Selskeri, vegna þess hvernig dýpi til austurs og norðausturs er háttað á þessum slóðum. Voru stefnuréttingar þær, sem III. stýrimaður hefur skýrt frá, í því skyni gerðar að vinna á móti bakborðshverfu skipsins. Er ljóst, að bæði ákærði og Hermann

stýrimaður hafa gert sér grein fyrir því, að taka þurfti tillit til þessa atriðis við siglingu skipsins. Þrátt fyrir þetta kemur ekki fram, að staður skipsins hafi eftir klukkan 1800 verið mældur nákvæmlega né heldur stefna þess samkvæmt áttavita. Er stefna sú, 157°, sem II. stýrimaður gaf upp, er hann fór af verði klukkan 1800, síðasta áttavitastefnan, sem vitað er um, þar til eftir að skipið tók niðri um klukkan 1823.

Stefnubreytingar þær, sem Hermann III. stýrimaður framkvæmdi og skráðar eru í skýrslu hans, sem gerð er 20. desember 1971, á 6. degi eftir sjóslysið, eru, eins og í skýrslunni greinir, ekki nákvæmar og skráðar eftir minni án hjálpargagna.

Með umsögn siglingamálastjóra og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra um haldna stefnu v/s Ægis, en þær eru byggðar á skýrslu Hermanns Sigurðssonar, III. stýrimanns, og öðrum gögnum málsins, verður að telja sannað, að v/s Ægir hafi borið meira til austurs á sigligunni eftir klukkan 1800 en skipstjórnarmenn gerðu sér grein fyrir, þegar framkvæmdar voru þær stefnuleiðréttingar, sem um getur í skýrslu Hermanns Sigurðssonar. Þetta frávik frá ætlaðri siglingaleið hefði ekki þrátt fyrir veður og stjórnhæfni skipsins, eins og þeim var háttað í þetta sinn, átt sér stað, ef fullri aðgæslu á þessari varasömu sigligaleið hefði verið beitt með sjálfsagðri notkun þeirra siglingatækja, sem völ var á, áttavita, ratsjá og dýptarmæli. En rík ástæða var til þess, eins og aðstæður voru, að gætt væri ýtrustu varfærni á þessari leið.

Að sögn III. stýrimanns lagði hann stýrinu 20° í stjórnborða samkvæmt stýrisvísi, þegar skipið var í 0.8 sm fjarlægð frá Selskeri. Miðaðist sú stýrisbreyting við mat hans á því, hve mikið þurfti að leggja stýrinu í stjórnborða á þessum stað til þess að ná þeirri beygju vestur fyrir Selsker, sem ákærði hafði gefið fyrirmæli um, þ. e. að sigla ekki fjær en 0.7 sm og ekki nær en 0.5 sm. Við þessa stýrisbreytingu þurfti að taka fyllsta tillit til þess, að stjórnborðsvélin ein var í gangi, en samkvæmt athugun í framangreindri ferð Siglingadóms 31. október s.l. þarf stýrið að liggja a. m. k. 6° í stjórnborða miðað við ferð í sléttum sjó til þess að vinna á móti áhrifum stjórborðsvélarinnar. Hér var auk þess um 7—9 stiga vindhraða að ræða, er stóð á skipið aftanvert á bakborða og orkaði mjög í þá átt að sveigja stefnu þess til bakborða. Gat of lítil stýrisbreyting orðið því afdrifaríkari sem skipið var austar, er það kom í næstu nánd við Selsker á fyrirhugaðri leið sinni vestur fyrir það.

Þegar tekið er tillit til allra þessara atriða, veðurs, siglingaleiðar og þeirra áhrifa, sem það gat haft á stefnu og stjórn skipsins, að einungis stjórnborðsvél þess var í gangi, átti ákærða að vera ljóst, að hér var þörf ýtrustu aðgæslu. Telja hinir sérfróðu dómendur, að eins og á stóð í þetta sinn, hefði það verið rétt og sjálfsagt að haga varðstöðum svo, að hásetinn hefði verið við stýrið, skipherrann við ratsjána, en stýrimaðurinn á útsýnisverði. Verður samkvæmt þessu að telja það allsendis ófullnægjandi skipun af hálfu ákærða, að einum manni, III. stýrimanni, væri bæði ætlað að stýra skipinu og hafa gát á stefnu þess og stað í ratsjá, en hún er aftanvert við rafmagnsstýrið, svo að sá, sem við það stendur, þarf að líta aftur fyrir sig til að sjá á hana. Kemur það og fram í vætti stýrimannsins, að hann taldi sér óhægindi í því að gæta bæði stýris og ratsjár. Kveður hann, að það hafi hvarflað að sér, eftir að sjálfstýringin var tekin af, að kalla hásetann að handstýrinu, en ekki talið sig hafa heimild til þess án leyfis ákærða. Sýnir þetta og hver afstaða stýrimannsins, sem var ungur og hafði nýlega fengið stýrimannsréttindi, var til skipherrans, sem var í stjórnklefanum og hafði, eins og greint er, tekið fullan þátt í stefnumörkun skipsins og leiðarvali.

Telja verður, að ákærði hafi borið ábyrgð á þessari ófullnægjandi skipan á varðstöðum í stjórnklefa, meðan siglt skyldi á mjög viðsjárverðri leið í byljóttu hvassviðri að Selskeri og fram hjá því, og hefur hann með vangæslu í þessum efnum gerst sekur um stórfellda yfirsjón og vanrækslu í skipstjórnarstarfi sínu.

3) Skýrslum ákærða, Hermanns Sigurðssonar stýrimanns og Péturs Lúðvíkssonar háseta ber ekki alveg saman um það, hvernig éljum og skyggni hafi verið háttað eftir klukkan 1800, en öruggt má telja, að blindbylur hafi tekið fyrir allt skyggni, þegar v/s Ægir var í 0.6—0.8 sm fjarlægð frá Selskeri.

Samkvæmt framburði Hermanns skipti hann af sjálfstýringunni og yfir á rafmagnsstýringuna, þegar v/s Ægir var í 0.8 sm fjarlægð frá skerinu, og er bylurinn var skollinn á, fylgdist hann með fjarlægðinni til skersins í ratsjánni, uns skipið, sem stöðugt leitaði til bakborða, var komið inn fyrir bogalínu þá í 0.5 sm fjarlægð frá skerinu, sem átti að vera innri mörk leiðar þeirrar, sem siglt skyldi eftir fram hjá Selskeri. Segja þeir ákærði og Hermann, að samkvæmt ratsjárathugun hafi Selsker þá verið 45° á bakborða, staður F á dskj. 36. Eins og áður er rakið, er ekkert fram komið um stefnu samkvæmt áttavita eftir klukkan 1800, og staður F er ekki heldur ákveðinn með slíkri athugun, enda segir

ákærði, að nefnd 45° athugun hafi verið í því skyni gerð að leiðbeina sér um það, í hvaða stefnu hann ætti að leita eftir Selskersvita. Er svo að sjá, að þetta hafi verið síðasta ratsjárathugun, sem gerð var, áður en skipið tók niðri. Eftir það láta þeir ákærði og stýrimaður lönd og leið um ratsjána og beindu athygli sinni að því að sjá Selskersvita berum augum. Var þó siglt áfram með sama vélarhraða og áður í blindbyl án athugunar í ratsjá, sem á þeirri stundu var það siglingatæki, sem mest valt á. Er sýnt, að rekja má þetta andvararleysi m. a. til þess, hve varðstöðuskipan var áfátt, svo sem að framan greinir, enda segir Hermann Sigurðsson, að hann hafi ekki horft í ratsjána vegna þess, að hann hafi þurft að hafa hönd á rafmagnsstýrinu.

Í málinu hefur ekki komið fram neitt, sem leiði líkur að því, að athugun í ratsjá hefði verið haldlaus eða haldlítil. Stýrimaðurinn sá Selsker í ratsjánni í minna en 0.5 sm fjarlægð, og samkvæmt vætti Pálma Hlöðverssonar, II. stýrimanns, var staður skipsins eftir niðurtökuna ákveðinn með ratsjárviðmiðun. Var fjarlægðin í Selsker tekin á lægsta, 3/4 skalanum, og kom skerið þá vel fram að hans sögn. Og á siglingu dómsins 31. október s.l. leiddi athugun í ljós, að ratsjá v/s Ægis sýndi hafnargarðana rétt við skipshliðina. Þykir mega byggja á því, að hægt hefði verið að sjá í ratsjánni, hver afstaða skipsins til skersins var, þótt það væri komið mjög nálægt því, ef fyllstu aðgæslu hefði verið beitt. Samkvæmt þessu verður, eins og aðstöðu ákærða var háttað, að meta honum til stórfelldra mistaka, að ekki var varðstaða við ratsjána, þegar útsýn til Selskers, sem vitað var, að var rétt í nánd, var með öllu byrgð.

Að því er það atriði varðar, hvort rétt hefði verið, þegar bylurinn byrgði fyrir alla útsýn til Selskers, að draga úr ferð eða stöðva skipið, er það álit hinna sérfróðu dómenda, að það hefði eins og leið og veðri var háttað, verið sjálfsögð ráðstöfun, þegar komið var í nánd við Selsker, að setja bakborðsvél v/s Ægis í gang til þess að auka stjórnhæfni skipsins, en gangsetning hennar telja þeir hafa verið með öllu áhættulausa, ef góð gát var höfð á henni. Hefði mátt draga úr ferð skipsins jafnframt því að gætt var annarra varúðarráðstafana, svo sem nákvæmrar ratsjárgæslu. Hins vegar er það mat þeirra, að varhugavert hefði verið, eins og vélbúnaði, veðri og sjólagi var háttað, að slá af ferð eða stöðva skipið, er það í svörtu éli var komið innan 0.5 sm fjarlægðar frá Selskeri, þar sem minni hraði hefði getað dregið svo mjög úr

stjórnhæfni skipsins, að skipstjórnarmenn hefðu átt á hættu að missa tök á stjórn þess.

4) Samkvæmt vætti Hermanns Sigurðssonar, III. stýrimanns, setti hann stýrið 20° í stjórnborða samkvæmt stýrisvísi, þegar v/s Ægir var í 0.8 sm fjarlægð frá Selskeri, og var þetta byrjun á sveig þeim, sem sigldur skyldi vestan við Selsker. Lá stýrið, að sögn Hermanns, 20° í stjórnborða, og átti þessi stýrisbreyting að hans dómi að nægja til þess að koma skipinu á bilið 0.5—0.7 sm frá skerinu. Skipið bar þó inn fyrir 0.5 sm mörkin, og kom eigi fram, að stýrisbúnaði þess væri þá í nokkru áfátt. En þegar ljós Selskersvita birtist allt í einu fram undan, aðeins til bakborða, og ákærði greip til rafmagnsstýrisins og lagði því hart í stjórnborða, segja þeir ákærði og Hermann, að stýrisvísirinn hafi ekki sýnt breytingu á stýrisstöðunni og skipið ekki látið að stjórn. Sama máli gegndi, þegar ákærði kallaði „að handstýrinu", og Hermann stýrimaður lagði því hart í stjórnborða. Telja þeir, hann og ákærði, að á þessari stundu hafi stýri skipsins verið óvirkt. Kom það að sögn þeirra í ljós bæði af stýrisvísinum, sem legið hafi því sem næst miðskipa, og svo hegðun skipsins sjálfs.

Þegar hér var komið, kveðst ákærði hafa gripið skiptistöngina og sett hana í aftur á bak, þó ekki hratt, þar eð hann hafi óttast, að skrúfan biti þá ekki. Hafi hann haldið áfram að taka aftur á bak, þar til skipið hafi snúist það mikið, að hann sá vitann 100—110° á bakborða. Þá kveðst hann hafa gefið slag áfram, þar sem hann hafi óttast að setja afturstafn skipsins í skerið. Í sama bili fannst honum skipið fá smáhögg og nokkrum augnablikum síðar hafi skipið tekið harkalega niðri og höggvið tvisvar-þrisvar sinnum. Var skipið þá ennþá á ferð áfram.

Hermann Sigurðsson lýsir þessu á svipaða lund. Segir hann, að þegar skiptistöngin hafði verið tekin alveg aftur og skipið snerist, hafi hann heyrt skruðning, sem að hans áliti hafi getað orsakast af því, að stýrið hafi slegið yfir í bakborða, en svo, þegar skurði skrúfunnar var breytt, hafi það slegist yfir í stjórnborða. Segist hann ekki hafa orðið var við neinn hnykk, fyrr en hann var kominn að handstýrinu, en svo hafi hins vegar orðið smámillibil, þangað til aðalskruðningurinn kom.

Pétur Lúðvíksson var á útsýnisverði, og virðist hann fyrstur hafa séð vitablossann framundan skipinu, en aðeins til bakborða. Er atburðaröðin samkvæmt skýrslu hans sú, að rétt í þeim svifum sem hann sér vitann blossa, hafi skipið „hoppað". Hann hafi þá

farið að hliðargluggunum bakborðsmegin, opnað hann og séð vitahúsið greinilega. En í þeim svifum, er Pétur var með höfuðið út um gluggann, hafi skipherrann kallað „að handstýrinu“ og svo tekið aftur á bak og hafi skipið þá, er það var nærri þvert af vitanum, snúist enn meir á stjórnborða. Ekki varð Pétur var við, að ákærði eða stýrimaður létu í ljós, að stýrið væri bilað. Hermann minnir, að Pétur hafi enn staðið við horngluggann og ekki verið búinn að opna hliðargluggann, þegar skipherrann kallaði „að stýrinu“, en kveður það rétt vera, að Pétur hafi opnað rúðuna og stungið höfðinu út. Hann vill þó ekki fullyrða, á hvaða stundu það hafi gerst.

Ákærði segist ekki geta sagt neitt um hreyfingar Péturs í stjórnklefanum í þetta sinn, en neitar því algerlega, að skipið hafi tekið neitt það hopp, sem til niðurtöku geti talist, áður en tekið var í aftur á bak.

Samkvæmt skýrslu Guðmundar Björnssonar verkfræðings telur hann óhugsandi, að stýrisbrot það og yfirþrýstingur sá, er um ræðir í skýrslu hans, hafi orðið með öðrum hætti en þeim, að stýrisblaðið hafi orðið fyrir skyndilegu og miklu átaki á svipuðum eða sama stað og áverkinn á því var. Hann bendir á, að við högg það, er stýrið hafi fengið, hafi stýrisvél látið undan þannig, að tiltekinn hluti hennar hafi brotnað. Slíkt högg geri ekki vart við sig á sambærilegan hátt við það, að fastur hluti skips, kjölur eða síða, verði fyrir höggi, en hann treystir sér ekki til þess að segja neitt til um það, hvort skipverjar hefðu átt að verða varir við högg, sem veitti stýrisblaði áverka, jafnan þeim, sem hér var um að ræða. Um það atriði, að stýrið hafi verið óvirkt, áður en skipið tók niðri, segir Guðmundur, að vökvakerfi það í stýrisbúnaði, sem hér sé um að ræða, sé viðkvæmt fyrir óhreinindum inni í kerfinu eða lofti, en nú eftir á sé ógerlegt að fá nokkra vissu um það, hvernig þessu var farið, þegar umræddur atburður átti sér stað.

Af skýrslum þeirra skipverja, sem voru í borðsal skipsins og stjórnklefa vélanna og komið hafa fyrir dóm, verður ekki ráðið, að skipið hafi orðið fyrir hnykk eða höggi, sem hefði getað valdið stýrisbilun, áður en skurði skrúfu var breytt í aftur á bak. En athygli vekur, hve lítið þessir skipverjar taka eftir því, þegar tekið var aftur á bak. Í könnunarferð dómsins 31. október s.l. virtust áhrif slíks stjórntaks þó mjög áberandi eins og þeirri siglingu var háttað, en að áliti hinna sérfróðu dómenda hefði þessa stjórntaks ekki síður átt að gæta greinilega við þær veðuraðstæður,

sem um var að ræða, þegar niðurtaka v/s Ægis framangreindan dag átti sér stað.

Þau atriði, er nú hafa verið rakin, þykja leiða til þeirrar niðurstöðu, að ekki sé sannað, að stýri v/s Ægis hafi á leið skipsins að Selskeri eða við skerið orðið fyrir áfalli vegna niðurtöku skipsins, áður en ákærði tók aftur á bak. Verður þá ekki heldur talið, að hnekkt hafi verið þeirri staðhæfingu ákærða og Hermanns Sigurðssonar, III. stýrimanns, að eigi hafi orðið breyting á stýrisvísi né skipið látið að stjórn, þegar stýrinu var lagt hart í stjórnborða, er ljós Selskersvita birtist í élinu, svo sem lýst hefur verið.

Þetta atriði ræður þó ekki að áliti dómsins úrslitum um sök eða sýknu í máli þessu.

Því er áður lýst undir liðum 2 og 3, að ákærða hafi orðið á mikil mistök um skipun varðgæslu á siglingu v/s Ægis, er það var komið í nánd Selskers, og einnig látið undir höfuð leggjast að gæta sjálfsagðra varúðar- og öryggisráðstafana eins og á stóð um siglingaleið og veður. Með umsögn siglingamálastofnunarinnar og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra, en þær eru byggðar á skýrslum Hermanns Sigurðssonar og ákærða um siglingu skipsins í þetta sinn, verður, eins og áður er getið, að telja sannað, að skipið hafi borið meira til bakborða (austurs) á leið sinni eftir klukkan 1800 en skipstjórnarmenn gerðu sér grein fyrir, að nákvæmar athuganir og útsetningar af þeirra hálfu hefðu leitt í ljós. Er það álit Jónasar Sigurðssonar, að stefnunni á vitann hafi verið haldið of lengi. Eru hinir sérfróðu dómendur sammála þessari niðurstöðu svo og þeirri ályktun skólastjórans, að 20° stýrisbreytingin, sem gerð var í 0.8 sm fjarlægð frá Selskeri, hafi verið of lítil og beygja hefði þurft meir til stjórnborða, eins og raun ber vitni um. Í framangreindri könnunarferð dómsins 31. október f. á. kom það fram, að lega stýrisfjaðrar þurfti að vera 6° á stjórnborða til þess eins að vinna á móti hverfu skipsins til bakborða, þegar stjórnborðsvélin ein var í gangi í sléttum sjó og 3 stiga vindi aftan til á bakborða. Telja hinir sérfróðu dómendur ljóst, að 20° stýrisbreyting til stjórnborða hafi, eins og á stóð, gert lítið meira en að vinna á móti áhrifum vinds og stjórnborðsvélar í þá átt að sveigja stefnu skipsins til bakborða. Þá sé það og athugandi, að breyting á stýrisfjöður sýni engan veginn stefnubreytingu skipsins, enda hafi ekki verið athugað, hver stefnan væri samkvæmt áttavita, né heldur hafi staðarákvörðun verið gerð. Sé 45° viðmiðunin við Selsker, sem gerð var, er skipið var komið í minna en 0.5 sm fjarlægð frá skerinu, þannig eingöngu

miðuð við stefnulínu skipsins, miðlínu, án þess að vitað sé, hver stefna þess samkvæmt áttavita var þá. Verði því engan veginn byggt á stað F á dskj. nr. 36 sem réttum stað skipsins, þegar 45° afstaðan til skersins var tekin.

Framangreind atriði leiða til þeirrar niðurstöðu, að stefna v/s Ægis hafi lítið breyst þrátt fyrir 20° stýrisbreytinguna og hafi leið skipsins þannig orðið í stefnu meðfram Selskeri vestanverðu, mjög nálægt því með hverfu að skerinu. Kemur það heim við vætti Péturs Lúðvíkssonar, er hann segir, að skipið hafi verið nærri þvert af vitanum, þegar ákærði tók aftur á bak, og einnig þá umsögn Hermanns Sigurðssonar, að það stjórntak ákærða að taka aftur á bak hafi leitt til þess, að skipið fór ekki upp á skerið. Þessi leið skipsins og stefna samrýmist og vel þeim framburði ákærða, að hann hafi gefið „slag áfram", af því hann óttaðist að setja afturstafn skipsins í skerið.

Aftur á móti telja hinir sérfróðu dómendur, að jafnvel þótt miðað væri við stað F á dskj. nr. 36 sem stað skipsins, en eins og áður getur, er þetta skjal hluti af skýrslu ákærða hér fyrir dómi, þá fengi sú leið, sem mörkuð er frá F að skerinu, ekki staðist. Ef leið skipsins var eins og hún er dregin á nefndan uppdrátt, hefði vindurinn, sem var 7—8 vindstig af norðaustri í éljunum, að lokum verið kominn framan við þvert. Sé það mjög ólíklegt, að þeir þrír menn, sem í stjórnklefanum voru, ákærði, Hermann og Pétur, hefðu ekki tekið eftir slíkri breytingu á vindstöðu, meðan þeir biðu þess að sjá vitaljósið framundan, en þeir eru samsaga um það, að þeir hafi ekki orðið þess varir, að vindur kæmi fram fyrir þvert. Segist Pétur þó hafa opnað bakborðsgluggann, er þá hefði átt að snúa gegn vindáttinni. Væru mestar líkur fyrir því, að v/s Ægir hefði verið kominn með stefnið upp á skerið, áður en áhrifa skurðbreytingar skrúfu í aftur á bak fór að gæta, ef stefna skipsins að skerinu var sú, sem sýnd er á dskj. nr. 36.

5) Með vísan til þeirra atriða, sem nú hafa verið rakin um mikla yfirsjón ákærða við skipan varðgæslu og stjórnar og stórfellda vanrækslu á, að gætt væri nauðsynlegrar varúðar og öryggisráðstafana á siglingu v/s Ægis að Selskeri og í nánd þess, telur dómurinn, að skipið hafi verið komið í þá hættu, þegar ljós Selskersvita birtist að kalla framundan því í mikilli nálægð, sem leiddi til niðurtöku þess með þeim afleiðingum og því tjóni, sem áður getur. Hefur ákærði með nefndri háttsemi gerst brotlegur við ákvæði 1. mgr. 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963 svo og a lið 16. gr., sbr. 2. tölulið viðauka við siglingareglurnar og 29. gr.,

sbr. 32. gr. tilskipunar um reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Þá ber og að heimfæra brot ákærða undir 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 25/1967.

VIII.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 45.000.00 sekt, er renni í ríkissjóð, og komi varðhald 30 daga, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði hefur hinn 24. janúar 1958 öðlast rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins af hvaða stærð sem er.

Með vísun til 2. mgr. 239. gr. siglingalaga nr. 66/1963 er ákærði sviptur skipstjórnarréttindum 15 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. En fallast má á, að hann haldi stýrimannsréttindum sínum.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 55.0000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 55.000.00.

Formaður Siglingadóms, Hákon Guðmundsson, kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Einari Thoroddsen, Jóni Björnssyni, Guðmundi Hjaltasyni og Guðmundi Péturssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Helgi Ólafsson, greiði kr. 45.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur skipstjórnarréttindum í 15 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, kr. 55.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í málinu, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 55.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. apríl 1974.

Nr. 163/1971: **Þorvaldur Jónasson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Sigurbjörgu Guðjónsdóttur
og Sveini Árnasyni
(Sveinn Árnason, eiginmaður stefndu, Sigurbjargar Guðjónsdóttur).

Dómendur:
hæstarattardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Vinnulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 29. mars 1971, en útivist varð í málinu hinn 3. maí 1971, er það skyldi þingfest. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 22. október 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. september s. á.

Í málflutningi hér fyrir dómi féll áfrýjandi frá kröfum á hendur stefnda, Sveini Árnasyni, en af hans hendi eru engar kröfur uppi hafðar gegn áfrýjanda.

Kröfur áfrýjanda í málinu eru þær, að stefnda, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, verði dæmd til að greiða honum kr. 9.695.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 10. júlí 1969 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar, þar með talinn löghaldskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningslaust er, að Sveinn Árnason, sem stefnt var í málinu í héraði, kom fram í umboði stefndu, Sigurbjargar Guðjónsdóttur, einkaeiganda verslunarinnar Fiskbúrsins, við kaup á bifreiðinni R 8685 svo og í skiptum sínum við áfrýjanda.

Seljandi bifreiðarinnar R 8685, Guðmundur Einarsson, færði bifreiðina til viðgerðar hjá áfrýjanda, eftir að stefnda festi kaup á henni. Hann hefur eigi verið krafinn vættis um

það, í hvers nafni hann bað um viðgerðina, eða um önnur skipti við málsaðilja. Afsalið fyrir bifreiðinni bendir til þess, að viðgerðin hafi ekki átt að vera fyrir reikning Guðmundar. Sveinn Árnason eða starfsmenn hans fylgdust með viðgerðinni fyrir hönd stefndu, og Sveinn veitti bifreiðinni viðtöku að lokinni viðgerð og skoðun. Hann hefur viðurkennt, að hann hafi greitt að einhverju leyti efnisreikninga vegna viðgerðarinnar. Gögn máls gefa ekki til kynna, að Sveinn hafi gert áfrýjanda ljóst, að hann teldi viðgerðina ekki fara fram á vegum stefndu. Þykir áfrýjandi samkvæmt þessu hafa mátt treysta því, að hann gæti krafið stefndu um greiðslu fyrir viðgerðina. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina, en ágreiningur er ekki um fjárhæð kröfunnar eða vexti.

Dæma ber stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, greiði áfrýjanda, Þorvaldi Jónassyni, kr. 9.695.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 10. júlí 1969 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. desember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 17. þ. m., hefur Þorvaldur Jónasson bifreiðaviðgerðarmaður, Hátúni 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. desember 1969, á hendur þeim Sigurbjörgu Guðjónsdóttur, Huldulandi 14, og Sveini Árnasyni, Laugarnesvegi 44, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 10.095.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. júlí 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, þar með talinn löghaldskostnaður að fjárhæð kr. 1.852.00.

Jafnframt krafðist stefnandi staðfestingar á löghaldi, er lagt var

á bifreiðina R 8685 hinn 5. desember 1969 til tryggingar framangreindum dómkröfum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 400.00 og lýsti því jafnframt yfir, að þýðingarlaust væri að krefjast staðfestingar á framangreindu löghaldi, þar sem bifreið þessi hefði verið seld á nauðungaruppboði, eftir að löghaldið var á hana lagt.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. júní 1969 keypti verslunin Fiskbúrið hér í borg bifreiðina R 8685, sem er Ford vörubifreið, smíðuð árið 1959, en einkaeigandi verslunarinnar er stefnda, Sigurbjörg. Seljandi bifreiðarinnar var Guðmundur Einarsson. Í afsali fyrir bifreiðinni segir, að hún seljist í núverandi ástandi, sem kaupandi hafi þegar kynnt sér. Stefndi, Sveinn, unnusti stefndu, Sigurbjargar, kom fram fyrir hönd framangreindrar verslunar við kaup þessi. Hefur hann borið fyrir réttinum, og sá framburður er studdur vætti eins vitnis, að seljandi bifreiðarinnar, Guðmundur Einarsson, hafi við söluna lofað að koma bifreið þessari í skoðunarhæft ástand, en bifreiðin var án skoðunar, þegar kaupin fóru fram.

Seljandi bifreiðarinnar, Guðmundur Einarsson, flutti bifreiðina til stefnanda máls þessa, sem er bifreiðaviðgerðarmaður. Stefnandi hefur borið fyrir réttinum, að hann hafi ekki verið heima, þegar Guðmundur þessi kom með bifreiðina, en hafi það eftir konu sinni, að það hafi verið Guðmundur, sem kom með bifreiðina. Daginn eftir segir stefnandi, að stefndi, Sveinn, hafi komið og beðið um viðgerð á bílnum þannig, að hann kæmist í gegnum bifreiðaskoðun. Kveðst stefnandi hafa tekið þetta að sér og jafnframt að sjá sjálfur um að koma bifreiðinni í gegnum skoðun. Það helsta, sem gert hafi verið við á bílnum, hafi verið kveikjan, bremsurnar, enn fremur hafi verið stillt millibilið á framhjólunum og framkvæmd á honum ljósastilling. Þá hafi verið settir tveir speglar á hliðar bifreiðarinnar og ný stefnuljós. Mesta vinnan hafi hins vegar farið í það að lagfæra bremsurnar. Hafi alveg verið skipt um bremsuborða og tvær bremsuskálar hafi verið renndar. Þurft hafi að fræsa upp bremsudælurnar, setja í þær nýtt gúmmí og þvo þær allar upp, þar sem þær hafi verið allar útataðar í feiti.

Meðan á viðgerð stóð, segir stefnandi stefnda, Svein, hafa greitt suma reikninga í sambandi við viðgerðina, og er það vegna efniskaupa.

Hinn 4. júlí 1969 fór fram skoðun á bifreiðinni. Var bifreiðin skoðuð tvisvar sinnum þann dag, vegna þess að í fyrra sinnið, sem hún var skoðuð, mun skoðunarmönnum eigi hafa þótt hún í það góðu lagi, að skoðunarfær væri. En í síðara sinnið, sem bifreiðin var skoðuð þann dag, var henni veitt skoðunarvottorð. Stefnandi hefur borið, að þann dag, sem skoðun bifreiðarinnar fór fram, hafi hann ásamt starfsmanni frá stefnda, Sveini, farið með bifreiðina að verkstæði rétt hjá athafnasvæði Bifreiðaeftirlitsins við Skúlagötu. Hafi þetta verið í því skyni að fá þar lánaða borvél til þess að festa númer á bifreiðina. Meðan þeir hafi verið í porti þessa verkstæðis, kveður hann stefnda, Svein, hafa komið þar að og boðist til þess að aka sér heim. Jafnframt hafi stefndi, Sveinn, sagt við sig, að hann skyldi fara að taka saman reikningana, en á meðan hafi Sveinn sagst ætla að sækja peninga. Hins vegar hafi Sveinn aldrei komið að greiða reikninginn.

Stefndi, Sveinn Árnason, hefur komið fyrir réttinn til skýrslugjafar. Neitar hann því að hafa beðið stefnanda að framkvæma viðgerð þá, sem stefnt er um í máli þessu. Hins vegar kveðst hann hafa sent tvo starfsmenn sína til þess að aðstoða stefnanda við viðgerðina, þar eð sér hafi verið farið að þykja hún dragast á langinn. Kveðst hann hafa viljað hafa hönd í bagga með framkvæmd viðgerðarinnar, þannig að hann fengi bílinn úr viðgerðinni í samræmi við þá munnlegu samninga, sem hann hefði gert við seljanda hennar, Guðmund Einarsson, þess efnis, að Guðmundur sæi um, að bifreiðin væri í skoðunarhæfu ástandi, þegar hann fengi hana. Sveinn kvað Guðmund Einarsson enn fremur hafa lofað að sjá um að koma bílnum í gegnum skoðun, en Sveinn kvaðst hafa tekið að sér í þessum samningum að greiða tryggingargjald, þungaskatt og skoðunarskatt af bílnum. Sveinn taldi sig hafa skýrt stefnanda frá þessu munnlega samkomulagi sínu við Guðmund Einarsson, um leið og hann afhenti stefnanda skjöl varðandi bílinn. Þó sagðist Sveinn ekki alveg þora að fullyrða þetta. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

Stefndi, Sveinn, sagðist ekki muna eftir því, að hann hefði greitt aðra reikninga í sambandi við viðgerð þessa heldur en fyrirkveikjuþræði. Þó geti vel verið, að um einhverja fleiri reikninga hafi verið að ræða, þótt hann myndi ekki að greina frá því nú. Hann kvaðst telja það rétt, að hann hefði ekið stefnanda heim til

sín frá verkstæðinu handan við athafnasvæði Bifreiðaeftirlitsins. Hins vegar kvaðst hann ekki minnast þess, að hann hefði sagt við stefnanda, að hann skyldi fara að taka saman reikningana, meðan hann sækti sjálfur peningana.

Stefndi, Sveinn, bar, að bæði hann og þeir starfsmenn hans, sem unnu að viðgerðinni með stefnanda, hafi veitt því athygli, að stefnandi hafi óeðlilega oft verið ölvaður við viðgerðina.

Vitnið Sævar Helgason, starfsmaður í efnaverksmiðjunni Eimur, hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi aðstoðað stefnanda við viðgerð á bílnum samkvæmt beiðni stefnda, Sveins, þar sem Sveini hafi þótt viðgerðin vera tekin að dragast á langinn. Kvað vitnið viðgerðina hafa farið fram á götunni fyrir framan hús stefnanda. Hafi sér þótt stefnandi heldur laus við viðgerðarstörfin og verið talsvert mikið inni við, enda þótt hann hefði getað verið við vinnu. Af þeim sökum hafi viðgerðin dregist á langinn. Vitnið kveðst stundum hafa fundið áfengisþef af stefnanda, meðan viðgerð stóð yfir. Kvaðst hann hafa skýrt stefnda, Sveini, frá þessu. Minnti vitnið, að það hafi unnið með stefnanda að viðgerð bifreiðarinnar tvo daga. Fyrri daginn frá hádegi til kvölds, en síðari daginn allan.

Vitnið Oddur Ragnarsson bifvélavirki hefur komið fyrir réttinn og borið, að hann hafi verið með stefnda, Sveini, á bílasölu þeirri, sem gengið var frá kaupunum á. Kvaðst vitnið þá hafa heyrt seljanda bifreiðarinnar við framangreint tækifæri lýsa því yfir við stefnda, Svein, að hann skyldi sjá um að koma bílnum í skoðunarfært ástand. Ekki kvaðst vitnið hafa heyrt neitt á það minnst, hver ætti að greiða þá viðgerð, sem nauðsynleg væri til að koma bílnum í gegnum skoðun. Hins vegar kvaðst vitnið hafa lagt þann skilning í framangreind ummæli seljanda bifreiðarinnar, að hann mundi á sinn kostnað sjá um að koma bílnum í skoðunarfært ástand.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndi, Sveinn, hafi beðið um viðgerð þá, sem stefnt er um í máli þessu. Hafi hann beðið um, að gert yrði allt við bifreiðina, sem til þyrfti, að hún fengi skoðun. Til stuðnings því, að stefndi, Sveinn, hafi beðið um framkvæmd þessarar viðgerðar, bendir stefnandi á það, að Sveinn hafi sjálfur greitt suma efnisreikninga viðvíkjandi viðgerðinni og enn fremur hafi hann sent starfsmenn sína til sín til þess að aðstoða við viðgerðina. Sveinn hafi í þessu efni komið fram fyrir hönd eiganda bifreiðarinnar, Fiskbúrsins, sem stefnda, Sigurbjörg, sé einkaeigandi að.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnanda hafi aldrei af þeirra hálfu verið falið að framkvæma hina umdeildu viðgerð á bifreiðinni. Munnlegt samkomulag hafi verið milli stefnda, Sveins, og seljanda bifreiðarinnar, Guðmundar Einarssonar, um það, að seljandi sæi um að koma bifreiðinni í skoðunarfært stand. Hafi hann fært bifreiðina til stefnanda og þar hafi viðgerðin á henni átt að fara fram á kostnað seljanda, enda hafi slíkt verið forsenda kaupanna af hálfu Fiskbúrsins. Stefnanda hafi verið um þetta kunnugt, enda hafi stefndu aldrei samið við hann um umrædda viðgerð né á nokkurn hátt beðið hann að framkvæma hana. Halda stefndu því fram, að þau hafi aldrei falið stefnanda að vinna slíkt verk sem þetta, enda hafi þau ekki þekkt hann. Hins vegar hafi verið kunningsskapur milli seljanda bifreiðarinnar og stefnanda. Hafi seljandi bifreiðarinnar m. a. unnið hjá stefnanda áður fyrr. Auk þess hafi stefnandi framkvæmt viðgerðir á bifreiðum Guðmundar Einarssonar áður fyrr. Sérstaklega er þess krafist af hálfu stefndu, að stefndi, Sveinn, verði sýknaður í máli þessu, þar sem umrædd bifreið sé honum óviðkomandi, enda eigandi hennar Fiskbúrið, en stefndi, Sveinn, sé ekki eigandi þess fyrirtækis.

Stefnandi hefur sönnunarbyrðina fyrir því, að stefndi, Sveinn, hafi beðið hann að framkvæma hina umdeildu viðgerð. Bendir ýmislegt til þess, að sú hafi verið raunin, en gegn eindregnum andmælum stefnda, Sveins, um þetta atriði þykir óvarlegt að telja það sannað.

Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurbjörg Guðjónsdóttir og Sveinn Árnason, eiga að vera sýkn í máli þessu af kröfum stefnandans, Þorvalds Jónassonar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 22. apríl 1974.

Nr. 77/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Helga Aðalsteinssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. apríl 1974, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu saksóknara ríkisins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1974.

Ár 1974, þriðjudaginn 9. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Laugardaginn 10. nóvember var kærði, Helgi Aðalsteinsson, úrskurðaður í allt að 45 daga gæsluvarðhald, en daginn áður hafði lögreglan í Höfn í Hornafirði sent hann með flugvél til Reykjavíkur. Á þessum tíma var ólokið rannsókn og meðferð eftirtalinna mála á hendur kærða og fleirum:

1. Kæra frá 15. mars 1973 fyrir ölvun við akstur.
2. Kæra frá 21. júní 1973 fyrir bílstuld og ölvun við akstur. Hin stolna bifreið stórskemmdist.
3. Kæra frá 26. júní 1973 fyrir innbrot í félagi við annan mann.
4. Kæra frá 2. ágúst 1973 fyrir bílstuld og ölvun við akstur.
5. Kæra frá 18. ágúst 1973 fyrir ökugjaldssvik.

6. Kæra frá 14. september 1973 fyrir þjófnað á peningum og myntsafni.
7. Kæra frá 10. október 1973 fyrir innbrot í skip á Akureyri og þjófnað á morfíni og lyfjum. Annar maður var einnig kærður fyrir hlutdeild í þessum verknaði.
8. Kæra frá 10. október 1973 fyrir bílstuld á Akureyri og ölvun við akstur. Annar maður var talinn meðsekur í þessu máli.
9. Kæra frá 9. nóvember 1973 fyrir bílstuld á Höfn í Hornafirði og ölvun við akstur.

Kærða var sleppt úr gæsluvarðhaldi 21. desember 1973, en þá var rannsókn mála hans að mestu lokið.

14. janúar 1974 var kærði handtekinn vegna gruns um stuld á sparisjóðsbók, ferðatékkum og peningum. Að lokinni skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var hann fluttur um borð í togara, þar sem hann hafði skipsrúm. Vera hans á togaranum varð mjög stutt.

S.l. nótt var kærði handtekinn vegna gruns um að hafa stolið bifreið og ekið henni ölvaður.

Kærði hefur viðurkennt öll þau brot, sem að ofan hafa verið greind.

Með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. janúar 1974, var lögreglustjórinn í Hafnarhreppi beðinn um að taka skýrslu af vitni fyrir dómi vegna ætlaðs hegningar-, áfengis- og umferðarbrots kærða á Höfn í Hornafirði 9. nóvember 1973. Sú skýrsla er enn ókomin. Að þessu undanskildu á aðeins eftir að rannsaka óveruleg atriði í sambandi við brot kærða.

Ætla má, að kærði haldi áfram brotum, ef hann verður látinn laus, áður en dómur gengur í málum hans. Reynsla er fyrir því, að kærði sinnir ekki kvaðningum dómsins. Samkvæmt framansögðu og með tilvísun til 2. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, þar til dómur gengur í málum hans, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kærði hefur viðurkennt háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Helgi Aðalsteinsson skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum.

Föstudaginn 26. apríl 1974.

Nr. 28/1972: **Skarphéðinn Veturliðason**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Erlingi Garðarssyni
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. febrúar 1972. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 64.772.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa matsmenn, er leystu af hendi mat það, sem rakið er í héraðsdómi, komið fyrir dóm. Staðfestu þeir undirskrift sína undir yfirlýsingu, er þeir gáfu sameiginlega hinn 8. mars 1973, þar sem lýst er ástandi vélar bifreiðarinnar og staðhæft, að „um úrbræðslu var ekki að ræða á viðkomandi vél." Þá kom áfrýjandi og fyrir dóm, og kvaðst hann hafa skipt að jöfnu á bifreið þeirri, R 22858, síðar R 1881, er mál þetta varðar, hinn 10. júlí 1971 og hafi verð bifreiðanna verið talið kr. 80.000.00—100.000.00.

Héraðsdómur var skipaður meðdómsmönnum, sem eru bifvélavirkjameistarar og sérfróðir um bifreiðar og bifreiðaviðgerðir. Áfrýjandi hefur eigi fyrir Hæstarétti aflað fyllri gagna um orsök vélarbilunarinnar en að framan greinir, þótt honum hafi verið veittur kostur á því, þ. á m. skýrslna starfsmanna bifreiðaverkstæðisins Ræsis, en þar var vélin tekin sundur og gert við hana. Þykir að svo vöxnu máli verða að miða við það, að vélin hafi eigi verið gölluð, er áfrýjandi veitti henni viðtöku, svo sem héraðsdómur telur, sbr. 44.

gr. laga nr. 39/1922. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir öllum atvikum máls þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Mál þetta var dæmt með samdómendum í héraði. Annar samdómandinn var kvaddur til setu í dómi hinn 10. júní 1970. Voru þá teknar dómskýrslur af matsmönnum, aðiljum máls og vitninu Hákoni Leifssyni. Á dómþingi 26. maí 1971, sem dómsformaður háði einn, kom fyrir dóm stefnandi í héraði og gaf skýrslu. Hinn samdómandinn var kvaddur til setu í dómi 19. nóvember 1971, þegar munnlegur málflutningur fór fram, og stóðu samdómendur ásamt dómsformanni að dóminum, sem kveðinn var upp á dómþingi 26. nóvember 1971. Kvaðning beggja samdómenda á að fara fram á sama tíma, sbr. 201. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við fyrir lögjöfnun, og gæta ber síðan ákvæða 205. gr. sömu laga, sem hér verður beitt fyrir lögjöfnun, um dómsetu þeirra. Eru þessir dómskaparannmarkar aðfinnsluverðir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Kópavogs 26. nóvember 1971.

Mál þetta, sem að afloknum munnlegum málflutningi var dómtekið þann 19. þ. m., hefur Skarphéðinn Veturliðason höfðað með stefnu, dags. 4. febrúar 1970 og birtri 10. s. m., gegn Erlingi Garðarssyni, Hávegi 7, Kópavogi, til greiðslu á kr. 64.772.00 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 1. desember 1969 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi hefur krafist sýknu, nema hvað hann viðurkennir kr. 750.00, sem er kröfuliður um afnotagjald útvarps. Hann krefst málskostnaðar að mati réttarins.

Sáttatilraunir hér fyrir réttinum hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Í októbermánuði árið 1969 ákvað stefndi máls þessa að selja bifreið sína R 22858, sem er af Benz 319 gerð, árgerð 1961. Fór hann í því skyni til nokkurra bílasala í Reykjavík. Laugardaginn 18. október höfðu tveir menn samband við stefnda út af bifreið-

inni. Voru það stefnandi málsins, Skarphéðinn Veturliðason, og Hákon Leifsson, samstarfsmaður hans. Skoðuðu þeir bifreiðina og leist þeim ágætlega á hana. Að kvöldi þessa dags ákvað stefnandi að festa kaup á bifreiðinni. Kaupverðið var ákveðið krónur 180 þúsund. Voru kr. 104 þúsund greiddar með tékka, kr. 20 þúsund með víxlum, og stefndi fékk jeppa upp í afganginn, sem var u. þ. b. kr. 60 þúsund.

Þremur dögum síðar voru málsaðiljarnir kvaddir á Bílasölu Guðmundar, og var þá gengið frá afsali og sölutilkynningu á ný, þar sem Guðmundur taldi sig eiga að fá sölulaun.

Um kvöldið þennan dag tók stefndi eftir því, að vélin var orðin tæp með olíu, þótt skipt hefði verið um olíu og síu þá um morguninn. Þegar vélin var athuguð í Ræsi, var stefnanda tjáð, að mjög varhugavert væri að aka bifreiðinni vegna ástands vélarinnar. Þann 31. október s. á. fór lögmaður stefnanda fram á útnefningu tveggja matsmanna. Voru þann sama dag kvaddir til matsins þeir Bent Jörgensen og Sigurgestur Guðjónsson bifvélavirkjameistarar. Þann 7. nóvember fór fram mat á göllum á vél bifreiðarinnar R 22858 á verkstæði Lárusar Guðmundssonar, Skúlagötu 59, Reykjavík, að viðstöddum lögmanni stefnanda og stefnda.

Í matsgerðinni er tekið fram, að vélin sé mjög slitin og sumir hlutir ónothæfir, svo sem sveifarás, stimplar mjög slitnir og hringir brotnir á þeim og legur mjög slitnar. Telja matsmenn, að endurbyggja þurfi vélina og muni sú viðgerð kosta kr. 49.572.00.

Stefnufjárhæðina sundurliðar stefnandi svo:

1. Viðgerðarkostnaður við endurbyggingu vélar samkvæmt matsgerð, kr. 49.572.00, en stefnandi telur, að vélin hafi verið gölluð, er hann tók við henni. Matskostnaður og dómkvaðning matsmanna kr. 4.450.00.
2. Afnotamissir bifreiðarinnar í 20 daga, kr. 10.000.00, þ. e. 500.00 krónur fyrir hvern dag.
3. Afnotagjald útvarps kr. 750.00, eða fyrir þann hluta ársins, sem stefndi átti bifreiðina.

Stefndi hefur viðurkennt kröfulið nr. 3 sem réttan, en krefst sýknu af öðrum kröfuliðum, en til vara, að matsgerðin verði ekki lögð til grundvallar.

Skýrslur aðilja og vitna.

Stefnandi máls þessa, Skarphéðinn Veturliðason, kom fyrir dóm þann 10. júní 1970. Skýrði hann svo frá, að hann hefði fengið upplýsingar um bifreiðina R 22858 hjá Guðmundi bílasala í Reykjavík. Hefði hann farið ásamt Hákoni Leifssyni að skoða bifreiðina.

Kveður stefnandi, að stefndi hafi aðspurður skýrt sér svo frá, að vél bifreiðarinnar væri u. þ. b. hálfslitin, væri hún að hans áliti keyrð ca. 60 þús. km og smyrði 20—30 í hægagangi, en 40—50 í akstri. Stefnandi kveður, að hann hafi eigi reynt bifreiðina í akstri, en hins vegar hafi vélin verið gangsett. Stefnandi kveður, að gengið hafi verið frá kaupunum að fullu mánudaginn 20. október 1969.

Stefnandi kveðst hafa notað bifreiðina í þrjá daga, en þá var gengið frá afsali og sölutilkynningu á ný hjá Guðmundi bílasala í Reykjavík. Að kvöldi þessa dags kvaðst stefnandi hafa tekið eftir því, að vél bifreiðarinnar var orðin tæp með smurolíu, en einmitt þennan sama dag um morguninn hefði verið skipt um smurolíu og síur. Varð stefnanda nú ljóst, að eitthvað alvarlegt hlyti að vera að vélinni, og kvaðst hafa haft samband við stefnda um næstu helgi, og var Hákon Leifsson með. Spurðu þeir stefnda nánar um vélina og hefði hann sagt þeim, að hann héldi, að vélin hefði verið yfirfarin í Ræsi og því væri best að snúa sér þangað. Aðspurður kveður stefnandi, að stefndi hafi alls ekki verið viss um, hvort vélin hefði verið yfirfarin eða ekki, en ef svo hefði verið, hélt hann, að það hefði verið gert í Ræsi. Stefnandi kveðst hafa lagt að stefnda, að kaupin gengu til baka, en stefndi kvaðst ekki geta það. Aðspurður kveðst stefnandi hafa verið sendibílstjóri í 12 ár, en hafi aldrei áður ekið dieselbifreið og hefði enga reynslu af þeim. Stefnandi kveðst alls ekki hafa misbeitt vélinni né reynt óeðlilega mikið á hana þessa þrjá daga, sem hann notaði bifreiðina. Mánudaginn eftir að rætt var við stefnda, kveðst stefnandi hafa farið með bifreiðina á verkstæði Ræsis og verkstjórinn þar tjáð sér eftir stutta skoðun, að mjög varhugavert væri að aka bifreiðinni nokkuð. Bifreiðin var þá skilin eftir við verkstæðið, en ekki var hægt að taka hana strax til viðgerðar.

Vitnið Hákon Leifsson, Mosgerði 11, Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og borið vitni. Það kveðst hafa farið með stefnanda að skoða bifreiðina R 22858 í október 1969. Vitnið kveðst hafa spurt stefnda, hvernig vélin smyrði, og stefndi svarað því til, að vélin smyrði 20—30 í hægagangi, en 40—60 í akstri. Við gangsetningu hefði þrýstingsmælir vélarinnar sýnt hæsta þrýsting, enda köld og nýgangsett. Vitnið kveðst ekki hafa merkt annað en að ganghljóð vélarinnar væri eðlilegt.

Vitnið kveður nánar aðspurt, að stefndi hafi tjáð þeim, að vélin væri nýkomin úr annarri bifreið og væri ekin u. þ. b. 60 þúsund km. Vitnið kveður, að þar sem þeim stefnanda leist vel á

bifreiðina og treystu orðum stefnda um ástand vélarinnar, hafi kaupin verið ákveðin, án þess að bifreiðin yrði reynd í akstri. Aðspurt kveðst vitnið vera sendibílstjóri að atvinnu og hafi átt og eigi reyndar nú bifreið af sömu gerð og R 22858. Vitnið kveður stefnanda hafa tekið við bifreiðinni milli kl. 2 og 4 síðdegis mánudaginn 21. október. Það kveðst vita, að Guðmundur bílasali kallaði aðiljana til sín nokkru síðar til þess að ganga frá nýju afsali vegna sölulauna, er hann átti að fá. Vitnið kveðst hafa talið kaupverðið kr. 180 þúsund sanngjarnt verð.

Stefndi kom fyrir rétt þann 10. júní 1970. Skýrði hann fyrst frá því, að stefnandi og vitnið Hákon Leifsson hefðu komið að skoða bifreið sína R 22858 á laugardegi í október 1969 með hugsanleg kaup í huga. Kveður stefndi, að stefnanda hafi litist svo vel á bifreiðina, að hann hafi helst viljað ganga frá kaupunum á staðnum, en þar sem stefndi vissi engin deili á þessum mönnum, hafi verið ákveðið, að þeir töluðust við daginn eftir. Stefndi kveður, að hann hafi verið spurður um vélina og hvernig hún smyrði og hann hafi svarað því til, að hún smyrði 10—15, en í bifreiðinni var þrýstingsmælir úr Dodge Weapon. Stefndi kveðst hafa skýrt frá því, að vél bifreiðarinnar hafi verið sett notuð í hana og hefði þá verið ekin um 25—30 þúsund km, að því er stefnda var tjáð, en síðan hefði hann ekið henni í u. þ. b. 8 mánuði. Stefndi kveður stefnanda ítrekað hafa spurt sig, hversu mikið bifreiðin væri keyrð, en hann hafi ekki getað skýrt frá því með neinum tölum, þar sem hraðamælirinn var óvirkur, en sagði, að sér hefði verið sagt, að hún væri ekin 25—30 þúsund km og síðan hefði hann notað hana í u. þ. b. 8 mánuði. Stefndi kveðst einnig hafa skýrt frá því, að hann hafi látið skipta um ventla og slípa ventlasæti hjá dieselverkstæðinu Boga í Reykjavík um 2 mánuðum áður. Tveimur til þremur dögum eftir að kaup þeirra stefnanda fóru fram, var stefndi staddur á Bílasölu Guðmundar í Reykjavík og var spurður, hvort maður hefði komið að athuga með Benz bifreiðina. Játaði stefndi því, og að beiðni bílasalans kallaði stefndi á stefnanda, og gengið var frá nýju afsali á bílasölunni.

Stefndi kveður, að u. þ. b. viku eftir að kaupin voru gerð, hafi stefnandi komið á bifreiðinni og kvartað um, að vatnið tyldi ekki á vélinni. Hefði hann viljað láta kaupin ganga til baka, en stefndi gat ekki gengið að því, þar sem hann hafði ráðstafað allmiklu af kaupverðinu. Hann kveðst hafa boðið stefnanda vél, sem hann átti og var ný, en sveifarásinn var brotinn í, eða þá kaupin gengju til baka með þeim hætti, að stefndi léti stefnanda fá víxla í stað

peninga, en á þetta hafi stefnandi ekki fallist. Stefndi kveður aðspurður, að vélin, er hann bauð stefnanda, hafi verið endurbyggð fyrir 40 þúsund krónur og verið sett í bifreiðina, en sveifarásinn hafi brotnað strax á fyrsta degi og þá hafi stefndi keypt þá vél, er fylgdi bifreiðinni í sölunni.

Mat og skoðun.

Hinn 31. október 1969 dómkvaddi Bjarni K. Bjarnason, borgardómari í Reykjavík, þá Bent Jörgensen bifvélavirkjameistara og Sigurgest Guðjónsson bifvélavirkjameistara til að meta, hvað kosta muni að gera við galla á vélinni, en þeir séu m. a. slitnar legur, ónýtur sveifarás, ónýtir stimplar og leki með headpakkningu.

Matsgerð matsmannanna er dagsett 10. nóvember 1969, og að loknum inngangsorðum hljóðar matsgerðin svo:

„Við skoðun kom í ljós, að vélin var mjög slitin og sumir hlutar hennar ónothæfir, svo sem sveifarás, sem búið var að renna áður, stimplar mjög slitnir og hringir brotnir á þeim og legur mjög slitnar.

Er skoðun fór fram, var búið að bora mótorblokkina og setja í hana slífar, þar sem hún hafði verið boruð það mikið áður. Þarf því að endurbyggja vélina að fullu.

Mat yfir viðgerðina fer hér á eftir og sundurliðast þannig:

Efni	kr. 30.192.00
Vinna	— 19.380.00
Samtals	kr. 49.572.00“

Matsmenn komu fyrir dóminn þann 10. júní 1970 og skýrðu matið nánar og staðfestu það.

Vitnið Sigurgestur Guðjónsson bifvélavirkjameistari, Hrauntungu 47, Kópavogi, kvaðst staðfesta efni matsgerðarinnar sem rétt í alla staði eftir bestu þekkingu og samvisku. Aðspurt kveður vitnið, að þegar viðgerðinni, sem matið nær til, verði lokið, muni vélin verða nýuppbyggð (endurbyggð). Taldi vitnið, að slík vél gæti ekki talist sambærileg né jafngóð og ný vél. Vitnið kveður vélina hafa verið sundurtekna, er matsmenn skoðuðu hana. Vitnið kveðst ekki hafa séð nein merki þess, að vélin hafi verið nýyfirfarin eða nýuppgerð.

Vitnið Bent Jörgensen bifvélavirkjameistari, Háaleitisbraut 89, Reykjavík, kvaðst staðfesta efni matsgerðarinnar sem rétt í alla

staði eftir bestu þekkingu og samvisku. Aðspurt sagði vitnið, að sitt álit væri, að vélin yrði jafngóð og sambærileg vél, þegar viðgerð sú, sem í matsgerðinni greinir, hefði verið framkvæmd. Vitnið kveðst ekki hafa séð nein merki þess, að vélin væri nýyfirfarin.

Rökstuðningur.

Stefnandi styður kröfulið nr. 1, sem jafnframt er stærsti kröfuliðurinn, þeim rökum, að vélin hafi við kaupin verið gölluð og komin á síðasta snúning, enda hafi athugun á verkstæði sýnt, að hún var algerlega ónothæf.

Stefnandi telur, að hann eigi að fá greiddar skaðabætur, kr. 49.572.00, en það er viðgerðarkostnaður vélarinnar samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi ekki haft svik í frammi við söluna né leynt stefnanda neinu um ástand vélarinnar. Hann hafi þvert á móti sagt honum frá ástandi hennar. Auk þess hafi kaupandi haft bifreiðina undir höndum í 2—3 daga, áður en afsal var gefið út endanlega, og hlyti hann því að vera sérstaklega búinn að kynna sér ástand bifreiðarinnar. Eins hafi stefndi boðið stefnanda að láta kaupin ganga til baka eða láta notaða vél fylgja í kaupbæti. Hafi stefndi gert boð þetta umfram skyldu sína og án nokkurra síðari skuldbindinga.

Til vara mótmælir stefndi stefnufjárhæðinni sem allt of hárri, enn fremur mótmælir hann, að matsgerðin sé lögð til grundvallar, því þar sé gengið út frá því, að vélin verði sem ný, og telur stefnandi ekki sanngjarnt né hægt að ætlast til þess, að seljandi fái nýja vél með tíu ára gamalli bifreið.

Um kröfulið nr. 2 tekur stefnandi fram, að hann hafi misst afnot bifreiðarinnar, sem hann ætlaði sér að aka af sendibílastöð, í tuttugu daga, en það var tíminn, sem tók að gera við vélina. Tjón sitt af þessum sökum sé 10 þúsund krónur, þ. e. 500 krónur á dag, sem muni vera vægt reiknað.

Stefndi krefst sýknu af þessum kröfulið og styður þá sýknukröfu sína sömu rökum og hér að framan greinir um kröfulið nr. 1.

Um kröfulið nr. 3 er ekki ágreiningur, þar sem lögmaður stefnda hefur viðurkennt þennan kröfulið.

Álit dómsins.

Stefnandi málsins telur, að vélin hafi verið gölluð, er kaupin fóru fram. Hann þorir ekki að fullyrða, að svikum hafi verið beitt, en telur, að hér hafi verið um leyndan galla að ræða. Samkvæmt gögnum málsins telur dómurinn, að stefndi hafi eigi sagt rangt til um ástand vélarinnar, þannig að um svik sé að tefla.

Stefnandi málsins hefur sjálfur skýrt frá því fyrir réttinum, að hann hafi haft undir höndum og notað bifreiðina R 22858 í þrjá daga, áður en gengið var frá endanlegu afsali. Á þessum tíma virðist vélin ekkert hafa verið athugaverð, því stefnandi hafði engar athugasemdir fram að færa, er afsalið var undirritað á Bílasölu Guðmundar þann 21. október 1969. Vitnið Hákon Leifsson hefur borið, að það hafi eigi merkt annað en að ganghljóð bifreiðarinnar væri eðlilegt laugardaginn 18. október 1969, þegar það skoðaði bifreiðina. Eigi hefur komið fram, að bifreiðin hafi verið orðin tæp með olíu að morgni þriðjudagsins 21. október 1969, er skipt var um smurolíu og síur. Hins vegar hefur stefnandi skýrt frá því, að um kvöldið þennan dag, hafi vélin verið orðin tæp með smurolíu. Hafi honum þá fyrst orðið ljóst, að eitthvað athugavert og alvarlegt væri að vélinni.

Þá er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að ástand vélarinnar, er matið fór fram, hafi verið slíkt, að um svokallaða úrbræðslu væri að ræða og gallarnir á vélinni stafað frá úrbræðslu. Slík úrbræðsla gerist á skömmum tíma, en ekki mörgum dögum, og hafi hún því hlotið að eiga sér stað, eftir að stefnandi tók við bifreiðinni. Samkvæmt framansögðu þykir ljóst, að ósannað sé með öllu, að vél bifreiðarinnar R 22858 hafi verið gölluð, er stefnandi tók við henni.

Við munnlegan málflutning beindi lögmaður stefnanda þeirri fyrirspurn til hinna sérfróðu meðdómsmanna, hvort einhver efni, sem séu í smurolíu eða bætt sé á vél ásamt olíu, kunni að hafa áhrif á slit vélarinnar.

Fyrirspurninni svara meðdómsmennirnir svo, að þeir hafi séð dæmi þess, að bætiefni hafi áhrif á slit véla, og þeir telja ýmis bætiefni varhugaverð og nota þau ekki sjálfir. En þar sem engar upplýsingar eru fram komnar um, að slík efni hafi verið á vélinni, er eigendaskipti áttu sér stað, telja meðdómsmennirnir óþarft í þessu máli að tjá sig frekar um fyrirspurnina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður aðeins þriðji kröfuliður stefnanda tekinn til greina og stefndi sýknaður af öðrum kröfuliðum. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Hjalti Zóphóníasson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt Leifi Eiríkssyni bifvélavirkjameistara og Pétri Maack Þorsteinssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Erlingur Garðarsson, greiði stefnanda, Skarphéðni Veturliðasyni, krónur 750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 72/1974: **Jörundur Á. Guðlaugsson og Páll Ásgrímsson**
gegn
Herði Ólafssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Kærumál. Frestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1974, er barst dóminum 5. apríl s. á. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði frestur sá til yfirheyrslu varnaraðilja og vitna, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1, j, laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. febrúar s.l., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. og 28. september 1973, gegn Unnsteini Beck skiptaráðanda, Skólavörðustíg 11, fyrir hönd hlutafélagsins Festarfells, Reykjavík, sem úrskurðað var gjaldþrota 14. desember 1972, svo og gegn þeim Páli Ásgrímssyni, Sólheimum 36 í Reykjavík, og Jörundi Á. Guðlaugssyni, Hjallabrekku 7 í Kópavogi, til greiðslu in solidum á víxilskuldum samtals að fjárhæð kr. 400.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði af kr. 200.000.00 frá 3. október 1972 til greiðsludags, en af kr. 200.000.00 frá 10. nóvember 1972 til greiðsludags, með stimpilkostnaði að fjárhæð alls kr. 960.00, afsagnarkostnaði að fjárhæð alls kr. 360.00 og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Við þingfestingu málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur Festarfelli h/f.

Stefnandi segir víxlana vera hvorn um sig að fjárhæð kr. 200.000.00, báða samþykkta af Festarfelli h/f, útgáfudagur sé 3. september 1972, þeir séu útgefnir og framseldir af Friðþjófi Karlssyni með ábekingum þeim Jörundi Á. Guðlaugssyni og Páli Ásgrímssyni, annar í gjalddaga 3. október 1972, hinn 10. nóvember 1972. Víxlarnir hafi verið afsagðir 5. október 1972 og 13. nóvember 1972.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi málsins, Hörður Ólafsson, hafi komist yfir víxla þessa með ósæmandi hætti og að hann hafi í heimildarleysi ritað útgáfudag og gjalddaga á víxlana. Fyrir því hafi eigi lögmætur víxilréttur honum til handa stofnast á hendur stefndu Jörundi og Páli og beri því að sýkna þá og dæma þeim málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Þá er mál þetta var tekið fyrir 20. febrúar s.l., krafðist lögmaður stefndu þess, að málinu yrði frestað og ákveðinn tími til yfirheyrslu, en lögmaðurinn taldi nauðsynlegt að yfirheyra stefnanda og Valtý Guðjónsson, bankastjóra Samvinnubankans í Keflavík, Friðþjóf Karlsson, útgefanda víxlanna, og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmann. Um rökstuðning fyrir þessari kröfu sinni vísaði lögmaðurinn til greinargerðar sinnar í málinu og greinargerðar á dskj. nr. 7. Samkvæmt víxillögum og einkamálalögum sé heimilt að koma að vörnum í víxilmáli, er varði form og efni víxla.

Stefnandi neitaði frestun málsins og jafnframt að yfirheyrslur færu fram í málinu. Í málinu liggi frammi formlegir víxlar. Í þessu máli fái ekki komist að neinar varnir, er varði lögskiptin á bak við víxlana.

Stefnandi skoraði á lögmann stefndu að tilgreina einhverja eina varnarástæðu í málinu, sem leyfð sé samkvæmt 17. kafla laga nr. 85 frá 1936. Stefnandi skoraði á lögmann stefnda að bera nú eða við munnlegan málflutning þær spurningar fram, sem lögmaður stefndu hygðist spyrja stefnanda um form og efni víxlanna.

Lögmaður stefndu lýsti yfir, að hann teldi stefnanda þannig að víxlunum kominn, að víxilréttur hafi ekki skapast honum til handa.

Lögmaður stefndu krafðist úrskurðar um þá kröfu sína, að yfirheyrsla fari fram í málinu og málinu verði frestað í því skyni.

Stefnandi mótmælti fullyrðingu lögmanns stefndu um, að stefnandi hafi komist þannig yfir víxlana, að víxilréttur hafi ekki skapast honum til handa.

Ágreiningur lögmannanna um frestun málsins og heimild til yfirheyrslu er hér til úrskurðar.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál til greiðslu tveggja víxla, sem liggja frammi í málinu. Víxlarnir eru lögformlegir, sbr. 1. kafla laga nr. 93 frá 1933.

Í 17. kafla laga nr. 85 frá 1936 er fjallað um víxilmál. Ætlunin með þeim sérreglum, sem þar eru, virðist vera sú að gera víxilmálin sem einföldust og gera með því málssóknina greiðari fyrir sækjanda. Með reglum þessum er verið að girða fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxla liggja, verði dregin inn í víxilmál, og er með því verið að tryggja gildi víxilskuldar sem formskuldar.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki komið að í máli þessu öðrum vörnum en þeim, sem leyfðar eru samkvæmt 208. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið sýnt fram á, að það, sem ætlunin er að upplýsa við væntanlegar yfirheyrslur í málinu, sé þess eðlis, að því verði við komið sem vörn í víxilmáli.

Með vísan til framanritaðs þá verður krafa stefndu um frestun málsins og yfirheyrslu stefnanda og vitna ekki tekin til greina.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa stefndu um frestun málsins og yfirheyrslu stefnanda og vitna er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 82/1974: **Snorri h/f**
gegn
Kyndli h/f

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. apríl 1974, sem barst Hæstarétti 22. s. m.

Málsatvik eru þau, að hinn 1. apríl 1974 var háð þighald í fógetadómi Keflavíkur af Sveini Sigurkarlssyni, fulltrúa bæjarfógeta. Var tekin fyrir beiðni sóknaraðilja um, að lagt yrði löghald á eignir varnaraðilja til tryggingar skuld samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 297.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Af hálfu varnaraðilja var bent á til löghalds tvær bifreiðar, Ö 1174 og Ö 2126. Bókað er í fógetabók, að sóknaraðili krefjist „vörslusviptingar á bifreiðinni Ö 2126 . . .". Þá er bókað, að fógeti „lýsti yfir því, að hann gerði löghald í framangreindum bifreiðum til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallsins og áfallandi að geymdum betri rétti þriðja manns." Ekki var tekin afstaða til kröfu sóknaraðilja um vörslusviptingu.

Í kærubréfi sínu til bæjarfógetans í Keflavík lýsir lögmaður sóknaraðilja, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, kæru sinni og kröfum svo: „Í löghaldsgerð í dag í málinu Snorri h.f. gegn Kyndli h.f., sem fram fór til tryggingar greiðslu víxils að fjárhæð kr. 297.000.00 per 23. desember s.l., var gert löghald í bifreiðum gerðarþola nr. Ö 1174 og Ö 2126, og voru mér jafnframt fengnar vörslur bifreiðarinnar Ö 2126. Tók ég við bifreiðinni og bað um, að hún mætti standa, a. m. k. til kl. 18. í dag, fyrir utan skrifstofur yðar á Vatnsnesvegi 32 í Keflavík. Jafnframt bað ég fulltrúa yðar um að varðveita kveikjuláslykil bifreiðarinnar og afhenda hann ekki

nema samkvæmt leyfi mínu. Var þessu lofað af hans hálfu.

Umræddur fulltrúi, Sveinn Sigurkarlsson, hringdi til mín rétt í þessu og tilkynnti mér, að hann hefði þá fyrir stuttu tekið ákvörðun um að skila bifreiðinni í vörslu gerðarþola og afhent honum hana.

Umrædda ákvörðun fulltrúa yðar með eftirfarandi afhendingu bifreiðarinnar leyfi ég mér hér með að kæra til Hæstaréttar. Mun ég þar krefjast þess, að ákvörðuninni og afhendingunni verði hrundið og bifreiðin sótt til gerðarþola og mér fengnar vörslur hennar á nýjan leik.“

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Málsefni það, sem um er fjallað í kæru sóknaraðilja, sætir ekki kæru til Hæstaréttar samkvæmt lögum. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Víta ber kæru þessa, sem er andstæð lögum og tilefnislaus.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 37/1973: **Stjórnarnefnd ríkisspítalanna, Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Sigrúnu Arnbjarnardóttur og Kristjáni Ásgeirssyni sjálfum og vegna ólögráða sonar þeirra, Ásgeirs Ísaks Kristjánssonar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með vísan til 1. og 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja þess, að Læknaráð láti uppi álit á grundvelli læknisfræðilegra gagna málsins um það, hvort vanheilindi drengsins Ásgeirs Ísaks Kristjánssonar, svo sem þeim er lýst í sakargögnum, verði rakin til þess, að móðir hans fékk sjúkdóminn rauða hunda á meðgöngutíma barnsins 21. janúar 1964.

Ályktarorð:
Læknaráð láti í té álitsgerð samkvæmt framangreindu.

Þriðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 164/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Antoni Helgasyni
(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Brot gegn 263. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í héraðsdómi er rakinn framburður ákærða um atvik að skiptum hans við mann þann, er hann telur sig eigi hafa borið kennsl á og seldi honum veski.

Ákærði keypti allmikið magn af veskjum af manni þessum, veskin voru sérframleidd að því leyti, að á þau var letrað nafn tveggja kaupstaða hér á landi, og var kaupverð í skiptum þeirra ákærða allmiklu lægra en vænta mátti um almennt markaðsverð.

Atvik öll að skiptum þessum hlutu að vekja ákærða grun um, að eigi væri allt með felldu um heimildir seljanda að söluvarningi og líklegast væri, að varningur væri honum ófrjáls og fenginn með auðgunarbroti. Atferli ákærða við sölu veskjanna á Akureyri, sem lýst er í héraðsdómi, veitir og vísbendingu um, að hann hafi eindregið ætlað, að veski þessi væru illa fengin. Með vísan til þessa þykir eigi varhugavert að telja ákærða sannan að sök um brot á 263. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þegar virtur er framburður ákærða sjálfs um áfengisneyslu hans aðfaranótt 21. október 1972 svo og vættisburðir sumpart um áfengisneyslu hans þá nótt og sumpart um ölvunareinkenni á honum, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið

sinni, R 14745, undir áhrifum áfengis, svo að varði hann refsingu samkvæmt 2. málsgr., sbr. 3. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn fyrir því, að ákærði hafi þegar greitt að fullu fébætur til verslunarinnar Amaro á Akureyri og til Sigurðar Guðmundssonar í sama bæ, og hefur saksóknari ríkisins fallið frá kröfum á hendur ákærða að því leyti.

Samkvæmt framangreindum refsiákvæðum þykir refsing ákærða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða er staðfest með vísan til 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr. laga nr. 82/1969. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun talsmanns síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Helgason, sæti 25.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. júlí 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 26. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni saka-

dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 367/1973: Ákæruvaldið gegn Antoni Helgasyni, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 12. apríl s.l., gegn Antoni Helgasyni sjómanni, Holtsgötu 13 hér í borg, fæddum 25. júlí 1931 á Akureyri,

„fyrir eftirtalin brot:

I. Keypt sumarið 1972 100 veski á samtals kr. 10.000.00 af manni, sem hann ekki vissi deili á og sem reyndust vera stolin, en hluta veskja þessara seldi ákærði síðan tveim verslunum á Akureyri.

Telst ákærði hafa með þessum verknaði sínum brotið ákvæði 263. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Aðfaranótt laugardagsins 21. október 1972 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 14745 frá Mávahlíð 28 í Reykjavík heim til sín, þar sem hann var handtekinn af lögreglumönnum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu hefur verslunin Amaró, Akureyri, krafist þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fébóta, kr. 17.195.00, og Sigurður Guðmundsson, sem rekur klæðaverksmiðju á Akureyri, krefst þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu kr. 4.500.00.

Málsatvik.

I. Hinn 16. október 1972 tilkynnti Jónína Bjarnadóttir hjúkrunarkona, Bólstaðarhlíð 46, rannsóknarlögreglunni, að í maí 1972 hefði hún fengið sendingu af veskjum frá Danmörku, en pakkinn reynst upprifinn og um 300 stk. af vörunni hefði vantað í pakkann. Þá hefði hún í ágústmánuði pantað frá Danmörku sendingu af veskjum og síðan fengið tilkynningu um, að varan væri komin. Þegar hún hefði verið búin að greiða vöruna og toll af henni og ætlaði að vitja sendingarinnar, hefði hún ekki fundist í vöruskála Hafskipa h/f. Nú hefði henni borist til eyrna, að veski, sem hlytu að vera úr þessari sendingu, hefðu verið seld á Akureyri.

Rannsókn leiddi í ljós, að ákærði í máli þessu hafði selt versluninni Amaro á Akureyri 40 veski af tveimur gerðum (20 af stærri gerð og 20 af minni gerð). Þá hafði ákærði selt Sigurði Guðmundssyni, sem rekur minjagripaverslun á Akureyri, 13 veski, 3 af stærri gerð, en 10 af minni.

Veski þessi eru af sérstakri gerð, með áþrykktum myndum og áletrunum, á stærri gerðinni ÍSLAND, en á hinni minni AKUREYRI.

Ákærði kannaðist við, að hann hefði átt viðskipti við nefnda aðilja á Akureyri. Hann heldur fram, að hann sé þannig að veskjunum kominn, að í ágúst 1972 hafi kvöld eitt kvatt dyra hjá sér maður, sem boðið hafi veski til sölu. Hann hafi síðan keypt af honum 100 veski fyrir 10.000 kr. samtals. Ákærði telur sig engin deili vita á manni þessum. Hann kveðst hafa greitt manninum strax 3.000 kr. og síðar hafi hann komið og þá fengið eftirstöðvarnar greiddar, kr. 7.000.00.

Ákærði segir, að maðurinn hafi sagst heita Jónas Þór Pálsson og gefið upp símanúmerið 16952.

Ákærði kveðst svo hafa farið norður á Akureyri í september 1972 og þá tekið með sér nokkuð af veskjunum. Þar hafi hann selt Amaro 40 veski og Sigurði Guðmundssyni hafi hann einnig selt nokkur veski. Stærri veskin kveðst hann hafa selt fyrir 700 kr., en hin minni fyrir 400 kr. hvert.

Samkvæmt reikningi ákærða til Amaro seldi hann 20 veski fyrir 400 hvert og 20 fyrir 700 hvert, þ. e. samtals kr. 22.000.00, en veitti síðan 5% afslátt, kr. 1.100.00, þannig að hann hefur fengið greiddar hjá Amaro kr. 20.900.00.

Samkvæmt reikningi til Sigurðar Guðmundssonar seldi ákærði honum 10 veski fyrir 4.000 kr. og 3 fyrir 2.100 kr., en af samanlagðri fjárhæð virðist síðan hafa verið veittur afsláttur, 400 kr., þannig að Sigurður hafi greitt alls 5.700 kr. (talan er þó ógreinileg á reikningnum).

Ákærði skilaði rannsóknarlögreglu alls 50 veskjum (34 af minni gerð, en 16 af stærri gerð), er hann hafði í vörslu sinni.

Við rannsókn málsins var einnig lagt hald á það, sem Amaro og Sigurður Guðmundsson áttu óselt af veskjum. Amaro skilaði 19 veskjum af ódýrari gerð, en 15 af dýrari gerð. Fjárkrafa Amaro, er áður var lýst, er rökstudd þannig:

19 veski á 400 pr. stk.	7.600.00
15 veski á 700 pr. stk.	10.500.00
	18.100.00
÷ 5%	905.00
Samtals	kr. 17.195.00

Sigurður skilaði 6 veskjum af ódýrari gerð, en 3 af dýrari gerð. Í kröfu hans, kr. 4.500.00, er ekki gætt afsláttar þess, sem hann fékk. Ákærði hefur þó ekki mótmælt kröfu Sigurðar.

Þegar ákærði átti viðskipti við Sigurð Guðmundsson, gaf hann upp nafnið Jónas Þór Pálsson, og undirritaði hann nótu með því nafni. Í viðskiptum við Amaro skýrði ákærði aftur á móti rétt frá nafni sínu og heimili.

Jónína Bjarnadóttir hafði fengið tjón sitt bætt hjá Tryggingu h/f og framseldi félaginu tilkall sitt til veskja þeirra, sem upp á hafðist. Trygging h/f fékk veskin því afhent.

II. Klukkan 0620 að morgni laugardagsins 21. október 1972 hringdi á lögreglustöðina í Pósthússtræti Aðalheiður Bergsdóttir, Holtsgötu 13, eiginkona ákærða, og tilkynnti, að ákærði hefði komið heim í bifreið sinni og verið ölvaður. Lögregluþjónar fóru á staðinn og handtóku ákærða inni í íbúð þeirra hjóna, að því er telja verður gegn vilja hans, og færðu hann á lögreglustöðina. Samkvæmt skýrslu Sveins Hafdals lögregluþjóns kvaðst ákærði hafa verið við drykkju í húsi við Mávahlíð fram eftir nóttu, en var annars ruglingslegur í framburði. Samkvæmt skýrslu, sem varðstjóri, Axel Kvaran, hefur tekið af ákærða og skráð er á þar til gerð eyðublöð, kvaðst ákærði hafa drukkið talsvert mikið og finna greinilega til áfengisáhrifa. Við drykkjuna hefði hann verið í húsi við Mávahlíð ásamt Hönnu Ingvarsdóttur. Við spurninguna: „Hafið þér drukkið áfengi, síðan þér hættuð að aka?“ er ekkert svar skráð í varðstjóraskýrslunni, en neðst er bætt við: „ég lagði bifreiðinni við húsið heima hjá mér, áður en ég hóf að neyta áfengis.“

Ákærði hefur ritað nafn sitt undir skýrsluna.

Blóðsýni var tekið úr ákærða klukkan 0815. Við alkóhólákvörðun í blóðinu með gasgreiningu á súlu reyndist alkóhólmagn í því 1.49‰. (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Jóh. F. Skaftason).

Ákærði var settur í geymslu um morguninn og skýrsla tekin af honum klukkan 1530 sama dag hjá rannsóknarlögreglu. Skýrslan, sem ákærði játaði rétta í viðurvist skýrslutökumanns og eins votts, er á þessa leið:

„Í gærkveldi fór ég á samkomu í Ingólfscafé ásamt fleira fólki og þar á meðal Hönnu Ingvarsdóttur, sem á heima uppi í Mávahlíð, en ég man ekki númerið á húsinu. Þarna á nefndum stað neytti ég smávegis áfengis, en tapaði af samferðafólkinu og tók mér leigubifreið heim til mín og tók þar bifreið mína og ók henni upp í Mávahlíð, enda taldi ég mig ekki ölvaðan og ekki neitt til

fyrirstöðu, að ég æki bifreiðinni. Ég fór síðan í sama húsið í Mávahlíðinni og hitti þar fyrir samferðafólk mitt frá því um kvöldið. Þarna var ég fram eftir nóttinni og drakk smávegis áfengi, en ég held, að lítið hafi verið til af því. Ég fór síðan á bílnum heim til mín, og sá akstur gekk vel, enda tel ég, að ég hafi ekki verið ölvaður. Er ég kom heim, var sambýliskona mín, Aðalheiður Bergsdóttir, vakandi og var sár út í mig og við lentum þá í rifrildi. Ég átti áfengi heima og drakk nokkra sopa og háttaði svo, en fékk ekki frið til að sofna fyrir Aðalheiði, sem var að rífast í mér, og mun ég hafa verið búinn að vera um eina og hálfa klst. heima, er lögreglan kom. Ég vildi ekki fara með þeim og vildi ekki klæða mig, og fóru þeir með mig berfættan á náttfötunum niður á lögreglustöð."

Skýrsla var tekin af ákærða fyrir dómi 20. desember. Þar kvaðst hann hafa drukkið einn sopa áfengis í Ingólfscafé. Hann kvaðst hafa farið heim til sín í leigubíl, tekið með sér áfengisflösku og farið akandi í bifreið sinni upp í Mávahlíð og þá ekki kennt áfengisáhrifa. Í Mávahlíð hefði hann einskis áfengis neytt. Hann hefði svo ekið heim og komið þangað um klukkan 3. Heima hefði hann drukkið 2—3 glös af óblönduðu áfengi og farið síðan að sofa. Hann kvaðst svo hafa vaknað við það, er Aðalheiður var að berja hann, og síðan hefði hún kvatt til lögreglu.

Aðalheiður var yfirheyrð fyrir dómi sama dag, og var skýrsla hennar þessi í aðalatriðum: Ákærði sagði henni þennan dag, að hann hygðist fara á fyllirí, og fór hann síðan út um klukkan 18—1830. Hann kom heim um klukkan 2030 og sótti áfengisflösku, sem hann átti, og kvaðst ætla að fara upp í Mávahlíð 28. Bauð hann Aðalheiði með, en hún neitaði. Aðalheiður fór út um eða eftir klukkan 23, og var bifreið þeirra ákærða þá heima. Þegar Aðalheiður kom heim aftur, klukkan 04—0430, að hún telur, var bifreiðin horfin. Hún hringdi þá til lögreglu og kvað annað tveggja, að bifreiðinni hefði verið stolið eða ákærði væri með hana og væntanlega ölvaður. Ákærði kom síðan heim nokkru síðar og var þá, að því er Aðalheiður telur, með áfengisáhrifum, þótt ekki væri hægt að segja, að hann væri drukkinn. Þau lentu í rifrildi. Ákærði fékk sé áfengisblöndu í glas, þegar hann kom heim, og meðan á stælum þeirra stóð, tók hann einnig áfengisflösku og drakk drjúgt úr henni. Hann fór síðan að sofa, en Aðalheiður hringdi á ný til lögreglu og kveðst hún hafa gert það í reiði og til þess að gera ákærða bölvun.

Í síðari skýrslu fyrir dómi sama dag sagðist ákærði hafa verið

í Mávahlíð 28 um kvöldið og drukkið þar einn wiskysjúss um klukkan 22. Síðan hefði hann farið heim í leigubíl og viljað fá konu sína með sér á ball, en án árangurs, og því hafi hann farið á ný í Mávahlíð 28 og þaðan í Alþýðuhúsið um klukkan 23—2330 og verið þar til klukkan 2. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis í Alþýðuhúsinu. Að dansleiknum loknum hefði hann farið heim til sín og eiginkonan þá ekki verið þar. Hann kveðst þá hafa tekið bifreið sína og ekið upp í Mávahlíð. Ekki viðurkenndi ákærði það heldur í skýrslu þessari, að hann hefði neytt áfengis í Mávahlíð eða verið með áhrifum áfengis við aksturinn.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði lýst því yfir, að hann hafi bragðað lítils háttar áfengi heima hjá Hönnu Ingvarsdóttur, áður en farið var á dansleikinn, en eftir það hafi hann ekki bragðað vín, fyrr en eftir að akstri lauk. Ölvun hans við handtöku hafi einvörðungu stafað af áfengi því, sem hann drakk, eftir að hann kom heim.

Vitnið Hanna Ingibjörg Ingvarsdóttir, Mávahlíð 28, 39 ára að aldri, segir ákærða hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann kom heim til hennar, og heima hjá henni hefði hann neytt áfengis. Á dansleiknum hafi einnig verið haft vín um hönd, og minnir hana, að ákærði legði það til. Hún segir, að á dansleiknum hafi hún hitt Grím Hallgrímsson, Njarðargötu 7, sem hún þekkir, og hann hafi farið heim með henni á eftir. Ákærði hafi síðan komið þangað nokkru á eftir þeim. Þeim Grími hafi síðan lent saman út af áfengi, sem Grímur hafði meðferðis, enda hafi báðir verið ölvaðir. Ekki getur Hanna fullyrt, hvort ákærði fékk nokkuð úr áfengisflösku Gríms.

Vitnið Grímur Hallgrímsson, Njarðargötu 7, 53 ára að aldri, kveðst hafa haft meðferðis áfengisflösku, er hann kom heim með Hönnu Ingvarsdóttur þessa nótt. Nokkru síðar hafi ákærði guðað á glugga og verið hleypt inn ásamt tveimur mönnum, sem verið hafi í fylgd með honum, en farið brátt aftur. Grímur segir, að ákærði hafi viljað ná í flösku, sem hann var með, og hafi honum tekist að fá sér sopa úr henni, en Grímur kveðst þá hafa tekið hana af honum aftur og komið til illdeilna af þeim sökum, en Hönnu tekist að stilla til friðar. Grímur fullyrðir, að ákærði hafi verið ölvaður og hafi það komið fram í tali hans og framkomu.

Ákærði hefur þrátt fyrir vætti þeirra Hönnu og Gríms haldið við framburð sinn. Framburður ákærða hefur annars yfirleitt verið mjög óskýr og ruglingslegur.

Niðurstöður.

I) Ákærði þykir með kaupum sínum og ráðstöfun á veskjum, sem síðar reyndust vera stolin, hafa sýnt stórfellt gáleysi og bakað sér refsiábyrgð samkvæmt 263. gr. alm. hegningarlaga.

II) Ákærði var ölvaður, er hann var handtekinn á heimili sínu að morgni 21. október. Hann hafði ekið bifreið sinni frá Mávahlíð 28 heim síðla nætur. Hann heldur því fram, að ölvun hans við handtöku stafi einungis af drykkju hans að loknum akstri. Ekki þykir verða lagt upp úr skýrslu hans fyrir varðstjóra, sem tekin var að lokinni handtöku, sem mjög hæpið er að samrýmst hafi 66. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar er á það að líta, að bæði taldi kona hans, að ákærði hefði verið við skál, er hann kom heim, og Hanna Ingibjörg Ingvarsdóttir og Grímur Hallgrímsson segja hann hafa verið drukkinn um nóttina. Skýrslur ákærða fyrir rannsóknarlögreglu og dómi hafa verið ruglingslegar. Þegar á allt er litið, verður að telja, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við aksturinn úr Mávahlíð 28 heim til sín. Hins vegar verður, þegar litið er til þess, að gera verður ráð fyrir, að ákærði hafi bætt á sig áfengi eftir heimkomu, ekki talið sannað, að áfengi í blóði hans hafi náð 1.20‰, meðan á akstri stóð. Ber því að refsa ákærða samkvæmt 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga að þessu leyti.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

1950 16/12 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
1951 18/12 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
1963 16/8 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt.
1968 25/1 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Hann hefur tvívegis sætt sektum fyrir ölvun og einu sinni fyrir umferðarbrot.

Með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga verður refsing ákærða ákveðin 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði var undir rannsókn máls þessa sviptur ökuleyfi frá 27. október 1972 til 12. janúar 1973, eða alls 77 daga, en þá var bráðabirgðasviptingin felld úr gildi með dómsúrskurði. Telja verður, að með broti sínu gegn umferðarlögum hafi ákærði unnið til sviptingar ökuleyfis í 6 mánuði alls. Leiðir það til þess, að ákærði verður sviptur ökuleyfi sínu í 103 daga frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og lögum 73/

1973, 178. gr. i. f., ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða fébætur til verslunarinnar Amaro, kr. 17.195.00, og til Sigurðar Guðmundssonar, kr. 4.500.00.

Loks verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Helgason, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sæta sviptingu ökuleyfis síns 6 mánuði alls. Frá sviptingartíma dregst bráðabirgðasvipting ökuleyfis, 77 dagar, og skal ákærði þannig sviptur ökuleyfi sínu 103 daga frá birtingu dómsins. Áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði versluninni Amaro kr. 17.195.00 og Sigurði Guðmundssyni kr. 4.500.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 3. maí 1974.

Nr. 92/1973: **Dánarbú Lúðvíks Á. Jóhannessonar, Gunnar Björnsson, Ólafur Guðmundsson, Þorkell Pálsson og Theódór Marinósson**
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Vestfold Bil & Karosseri A/S.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, dánarbú Lúðvíks Á. Jóhannessonar, Gunnar Björnsson, Ólafur Guðmundsson, Þorkell Pálsson og Theódór Marinósson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Vestfold Bil & Karosseri A/S, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, kr. 5.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. maí 1974.

Nr. 66/1974: **Tímaritið Skák**
gegn
Ingólfsprenti h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, tímaritið Skák, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 7. maí 1974.

Nr. 85/1974: **Mosfellshreppur**
gegn
Borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hitaveitu Reykjavíkur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl., sbr. j lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. apríl 1974, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurði fógetadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 8. apríl 1974, „um frest til handa gerðarþola verði hrundið og verði fógetarétturinn skyldaður að taka málið til efnisúrskurðar". Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Í hinum kærða úrskurði greinir ekki aðilja máls, og málsatvikum og málsástæðum er ekki lýst. Þá er úrskurðurinn lítt rökstuddur. Hefur héraðsdómari ekki gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á úrskurðinum verður ekki hjá því komist að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. apríl 1974.

Lögmaðurinn (þ. e. lögmaður gerðarþola) telur sig ekki geta mætt til munnlegs málflutnings sökum embættisanna. Lögmaður gerðarbeiðanda mótmælir fresti þessum og krafðist efnisúrskurðar í málinu.

Eftir atvikum leit fógeti svo á, að rétt væri að veita lögmanni gerðarþola frest til að flytja mál sitt munnlega fyrir fógetaréttinum. Var þar haft í huga, að miklir hagsmunir gerðarþola eru við það bundnir, að mál hans verði munnlega flutt.

Þar sem algerlega er áskipað á tíma fógeta á morgun og miðvikudag, verður að fresta málinu til þriðjudags 16. apríl, klukkan 1330.

Því úrskurðast:

Munnlegur málflutningur í máli þessu skal fara fram þriðjudaginn 16. apríl 1974, klukkan 1300.

Miðvikudaginn 8. maí 1974.

Nr. 146/1973: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Viggó Sigurjónssyni
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Líkamsmeiðingar, 217. gr. alm. hegningarlaga. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni þau, er í héraðsdómi greinir, komið fyrir dóm og staðfest vætti sín með eiði. Ákærði

var þá einnig yfirheyrður. Kannaðist hann ekki við, að Hansína Kristrún Sigurðardóttir hefði skýrt honum frá því, að hún ætti erfitt með gang. Hún hafi aftur á móti lagt áherslu á að komast alveg að hliðinu við húsið, en það hafi ekki verið unnt, eins og í fyrri framburði hans getur.

Hansína Kristrún kvaðst við framhaldspróf ekki alveg geta gert sér grein fyrir því, hvað hún hafi sagt nákvæmlega við ákærða, er komið var að heimili hennar, þar eð svo langt væri um liðið, og vísaði um þetta atriði til fyrri framburða sinna.

Eins og í héraðsdómi getur, neitar ákærði því að vera valdur að áverkum þeim, sem Hansína Kristrún kveðst hafa hlotið, er ákærði færði hana út úr bifreiðinni, og honum er gefið að sök í ákæru.

Framburðir hennar um, hvernig hún hlaut áverka þessa, eru nokkuð á reiki. Í skýrslu Hrafns Marinóssonar lögreglumanns er haft eftir henni, að ákærði hafi fært hana nauðuga út úr bifreiðinni, hent henni í götuna og hún hafi þá hlotið áverkana. Í skýrslu rannsóknarlögreglu er skráð eftir henni: „Ekki get ég gert mér grein fyrir því, hvernig ég hef fengið höggið á andlitið, hvort það hefur verið af bílnum sjálfum eða ég hef lent á gangstéttinni við húsið". Fyrir dómi staðhæfir hún, að hún hafi, er ákærði dró hana út úr bifreiðinni, „rekið höfuðið í bifreiðina og hlotið þau meiðsl, sem í sjúkravottorði greinir".

Gegn mótmælum ákærða og þegar litið er til fyrri framburðar Hansínu Kristrúnar er ósannað, að hún hafi hlotið áverka þá, er í máli þessu greinir, við að falla í götuna, er ákærði dró hana út úr bifreiðinni, eins og í ákæru getur. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í máli þessu, sbr. og 3. mgr. 118. gr. laga nr. 73/1973.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Viggó Sigurjónsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. janúar 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 9. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2/1973: Ákæruvaldið gegn Viggó Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 27. september 1972, höfðað á hendur Viggó Sigurjónssyni leigubifreiðarstjóra, Stórageröi 10, Reykjavík, fæddum 15. janúar 1923 að Bræðrabrekku, Óspakseyrarhreppi, Strandasýslu, „fyrir að hafa laust eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 2. apríl 1972, þá er hann hafði ekið þremur farþegum frá Hátúni 8 að Eskihlíð 22 í Reykjavík, lagt þar hendur á einn farþeganna, Hansínu Sigurðardóttur, Eskihlíð 22, Reykjavík, eftir að orðahnippingar höfðu átt sér stað milli þeirra um, hvar skyldi stöðva bifreiðina, og dregið Hansínu út úr bifreiðinni, þar sem hún féll í götuna með þeim afleiðingum, að Hansína hlaut við þetta nokkra áverka á andlit, sem mikið blæddi úr, auk þess sem föt hennar ýmist skemmdust eða ónýttust.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1945 14/3 í Reykjavík: Sátt, 20 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1945 8/11 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

1946 11/1 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1946 15/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1947 7/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna.
1949 14/2 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 10. gr., sbr. 38. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1949 7/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1949 30/8 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1950 27/9 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
1950 3/11 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1951 4/7 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1951 19/7 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.
1951 22/11 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1955 31/3 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
1955 19/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.
1961 3/1 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 48. gr., 1. mgr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 31. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar.
1964 30/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt sunnudagsins 2. apríl 1972, klukkan 0045, var óskað aðstoðar lögreglu að Eskihlíð 22 hér í borg. Lögreglan fór á staðinn og hitti þar fyrir konu, sem var með mikinn áverka í andliti, er hún kvaðst hafa hlotið af völdum leigubifreiðarstjóra, sem ekið hefði henni að húsinu ásamt eiginmanni hennar og syni. Lögreglu virtist konan sem og þeir feðgar vera undir áhrifum áfengis. Hún var flutt á slysadeild Borgarspítalans til aðgerðar. Klukkan 0120 um nóttina hafði lögreglan tal af nefndum leigubifreiðarstjóra, ákærða í máli þessu, og segir þannig í lögregluskýrslu um framburð hans hjá varðstjóra: „... Hann kvaðst aðspurður aka leigubifreiðinni R 2818 og kannaðist við að hafa ekið konu og tveim mönnum frá Hátúni 8 að Eskihlíð 22. Þegar

þangað hefði verið komið, hefði konan óskað eftir, að hann æki að hliði, sem þarna væri við norðurhlið hússins. Hann kveðst hafa neitað að aka að hliðinu, enda ekki nema fáeinir metrar frá því að bifreiðinni. Hefði konan þá neitað að yfirgefa bifreiðina. Annar maðurinn hefði borgað ökugjaldið og farið ásamt hinum manninum inn í húsið og hefði konan ekki viljað fara með þeim. Hann kveðst þá hafa farið og dregið konuna út úr bifreiðinni og leitt hana að hliðinu og skilið hana þar eftir. Ekki hefði komið til frekari átaka með þeim og meðan hann sá til hennar, hefði hún ekki fallið á götuna. Hún hefði krafist þess, að hann segði sér númerið á bifreiðinni, en hann svarað því til, að hún gæti athugað það sjálf, og hefði hann séð það síðast til hennar, að hún hljóp út á gangstéttina að bifreiðinni, en hann kvaðst þá hafa ekið á brott...".

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Hildar Viðarsdóttur, aðstoðarlæknis slysadeildar Borgarspítala, dagsett 4. apríl 1972, um meiðsl þau, sem farþeginn í leigubifreið ákærða hlaut umrætt sinn. Segir í vottorði þessu meðal annars: „... Hún kvaðst hafa verið á leið heim til sín úr húsi nokkru hér í bæ. Með henni voru eiginmaður hennar og sonur. Óku þau í leigubifreið að sögn konunnar. Segir hún, að bílstjórinn hafi stöðvað bifreiðina við Eskihlíð 22 A og hafi feðgarnir stigið þar út, en hún hafi beðið bílstjórann að aka að hliðinu við Eskihlíð 22. Hafi hann neitað því og hún þá sagt, að hún færi ekki út úr bifreiðinni, nema hann gerði það. Segir konan, að þá hafi bílstjórinn farið út, opnað afturdyrnar, fleygt sér út og í götuna.

Við komu í Slysadeild Bsp. var lítilsháttar áfengislykt út vitum konunnar, en ekki var að merkja nein áfengisáhrif, og kom hún ágætlega fyrir.

Föt konunnar voru blóði drifin. Hægri kinn var stokkbólgin og hægra auga sokkið í bólgu. Á hægri kinn var grunnt fleiður, á að giska 1.0 x 2.0 cm að stærð. Blæddi frá því. Ekki var að sjá nein óhreinindi í fleiðri þessu. Aðra áverka var ekki að sjá, en nokkuð blæddi úr nefi.

Teknar voru röntgenmyndir af andlitsbeinum, sýndu þær engin brot. Settar voru umbúðir á hægri kinn. Sömuleiðis fékk konan með sér lyfseðil fyrir verkjatöflum, fúkkalyfi og nefdropum. Dvaldist konan hér þar til um morguninn, en var ráðlagt að koma síðar til eftirlits....".

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði greint sinn ekið konu og

tveim karlmönnum frá Hátúni 8 að Eskihlíð 22, og taldi hann, að þau hefðu öll verið talsvert undir áhrifum áfengis. Karlmennirnir hefðu greitt aksturinn og horfið úr bifreiðinni inn í húsið, en konan hefði harðneitað að stíga út úr bifreiðinni, nema ákærði æki alveg að hliði hússins, en slíkt hefði ekki verið unnt vegna annarra bifreiða. Ákærði kvaðst hafa tekið í vinstri handlegg konunnar og þá er hún streittist á móti, tekið undir báða handleggi hennar og þannig fært hana út úr bifreiðinni. Ákærði staðhæfði, að hann hefði leitt konuna að hliðinu, yfirgefið hana þar og ekki séð, að hún væri slösuð, og taldi hann fráleitt, að konan hefði meiðst við það, að hann tæki hana nauðuga úr bifreiðinni, en þó vildi hann ekkert um það segja, hvort marblettir hefðu myndast við það, að hann greip í handlegg hennar. Ákærði staðhæfði, að þá er konan hafði á orði að kæra hann, hefði hann gefið henni upp númerið á leigubifreið sinni. Hann fullyrti og, að konan hefði verið áverkalaus, þegar hann ók á brott og hefði hún þá staðið á gangstéttinni við grindverkið.

Vitnið Hansína Kristrún Sigurðardóttir blómaskreytingardama, Eskihlíð 22, Reykjavík, kvaðst hafa neytt lítils háttar áfengis greint sinn, en vart fundið til áfengisáhrifa. Vitnið staðhæfði, að engin hindrun hefði verið, þannig að ákærði hefði getað ekið alveg að hliðinu við heimili þess, en vitnið kvaðst hafa lagt á það áherslu að komast alveg að hliðinu, þar sem það væri með brjósklos í mjöðmum og því eiga erfitt með gang, þótt það ætti ekki vanda til að falla til jarðar. Vitnið fullyrti, að ákærði hefði rokið út úr bifreiðinni, þrifið vinstri afturhurð opna, gripið um vinstri handlegg vitnisins og dregið það með valdi út úr bifreiðinni, en það um leið rekið höfuðið í bifreiðina og hlotið meiðsl sín við það. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst vitnið ekki geta gert sér fulla grein fyrir öllum atvikum, þar sem það taldi sig hafa misst meðvitund smástund og því ekki geta borið, hvort það hefði fengið högg í andlitið af bifreiðinni sjálfri eða við það að hafna á gangstéttinni, en því fannst það vera að grína í númer bifreiðarinnar, í sömu mund og ákærði hraðaði sér á brott.

Vitnið Magnús Ármann Magnússon skrifstofumaður, Eskihlíð 22, Reykjavík, eiginmaður vitnisins Hansínu Kristrúnar, kvað þau hjónin og son þeirra hafa neytt lítils háttar áfengis á Hótel Sögu og síðar hjá kunningjafólki sínu, en taldi, að þau hjónin hefðu ekki verið undir áfengisáhrifum, en sonur þeirra eitthvað. Vitnið kvað þá feðgana hafa farið út úr bifreiðinni við Eskihlíð 22 og ekki gætt þess að taka Hansínu Kristrúnu með, en vegna brjósk-

eyðingar ætti hún örðugt með hreyfingar án þess þó að eiga vanda til að falla niður. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um samskipti ákærða og eiginkonu þess, en hún hefði komið inn í húsið blóðug og grátandi litlu síðar og staðhæft, að ákærði hefði misþyrmt henni.

Vitnið Orla Egon Nielsen hárskurðarmeistari, Hátúni 8, Reykjavík, kvað þau hjónin Hansínu Kristínu og Magnús Ármann hafa komið á heimili þess greint sinn ásamt syni sínum, þau öll neytt þar áfengis, en ekki verið undir áhrifum þess, er þau fóru. Vitninu kvað sér vera kunnugt um, að Hansína Kristrún væri líðagigtarsjúklingur, ætti örðugt með hreyfingar, væri óstöðug og ætti vanda til að falla.

Vitnið Ingibjörg Daníelsdóttir Nielsen húsmóðir, Hátúni 8, Reykjavík, kvað þau hjónin Hansínu Kristrúnu og Magnús Ármann sem og son þeirra hafa neytt einhvers áfengis á heimili þess, en þó ekki mikils. Vitnið kvaðst þekkja Hansínu Kristrúnu vel, hún hefði verið líðagigtarsjúklingur til margra ára, ætti örðugt með hreyfingar, og taldi vitnið, að lítið þyrfti til, þannig að hún yrði fyrir falli.

Vitnið Hrafn Marinósson lögreglumaður, Miklubraut 68, Reykjavík, kvað greinilegt, að þeir feðgarnir hefðu neytt áfengis, en taldi þá þó ekki tiltakanlega ölvaða, en örðugra væri að meta ölvunarástand konunnar, þar sem hún hefði verið í mikilli geðshræringu, en þó hugði vitnið, að hún hefði neytt áfengis. Vitnið kvaðst hafa verið nærstatt, þá er ákærði var yfirheyrður af lögregluvarðstjóra, og samtímis skráð efnislega niður frásögn hans og síðan fært hana inn í lögregluskýrslu sína, sem vitnið staðfesti rétta fyrir dómi. Vitnið staðhæfði, að engar bifreiðar hefðu verið við húshliðið, þegar það kom að, og ákærði hefði ekki minnst á nokkra hindrun við hliðið við yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Þá er litið er til heilsufars vitnisins Hansínu Kristrúnar, þykir varhugavert í refsimáli gegn ákærða og gegn eindreginni neitun hans að telja alveg nægar sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi valdið því, að Hansína Kristrún hafi fallið í götuna með þeim afleiðingum, sem í ákæru greinir. Hins vegar hefur ákærði játað, að hann hafi lagt hendur á konuna og tekið hana með valdi nauðuga úr bifreiðinni, en eins og á stóð, var honum slíkt óheimilt, og varðar þessi háttsemi hans við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin varðhald 30 dagar, en fresta þykir mega fullnustu refsingar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2

árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Hansína Kristrún Sigurðardóttir hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða, samtals að fjárhæð kr. 10.800.00. Var bótakrefjanda gefinn kostur á að rökstyðja kröfur sínar, en sinnti því ekki, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki dæmt um kröfurnar í máli þessu.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Viggó Sigurjónsson, sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. maí 1974.

Nr. 29/1973: **Þorvaldur Jónsson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Svanhildi Sigfúsdóttur
og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldabréf. Eindagi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1973 og krefst þess, að honum verði dæmd sýkna og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. maí 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m., og krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Við það verður að miða, að á gjalddaga vaxtagreiðslu 10. janúar 1972 hafi aðaláfrýjanda verið kunnugt um, að skuldabréf hans væri í vörslu Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibús, og að honum bæri að inna þar af hendi vaxtagreiðslu samkvæmt skuldabréfinu.

Aðaláfrýjandi innti ekki af hendi fyrr en 4. febrúar 1972 vaxtagreiðslu þá, er í gjalddaga kom 10. janúar s. á., og þá með þeim hætti, að hann greiddi fjárhæðina ásamt dráttarvöxtum í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, sem geymslufé. Er aðaláfrýjandi hafði sent lögmanni gagnáfrýjanda kvittanir bankans fyrir geymslugreiðslunni með bréfi 17. febrúar 1972, krafðist lögmaðurinn þess af aðaláfrýjanda með bréfum 23. febrúar og 27. mars s. á., að hann greiddi að auki alls kr. 1.128.00 í bankakostnað og innheimtulaun af framangreindri vaxtagreiðslu. Enn fremur áskildi hann

gagnáfrýjanda rétt til að krefjast greiðslu á öllum höfuðstól skuldabréfsins, ef þessari kröfu yrði ekki sinnt. Í kröfubréfum þessum lýsti hann því hins vegar ekki skýrlega, að gagnáfrýjandi teldi alla skuldina hafa fallið í gjalddaga fyrir það eitt, að greiðsludráttur varð á vöxtunum. Ekki bar hann þar heldur fram mótmæli af hendi gagnáfrýjanda gegn þeirri aðferð aðaláfrýjanda að leggja vaxtagreiðsluna í Landsbankann sem geymslufé. Hóf gagnáfrýjandi geymsluféð 17. mars 1972, án þess að hann hefði gert athugasemdir um þann greiðsluháttt.

Í skuldabréfi því, sem í málinu greinir, er kveðið svo á, að skuldin öll sé í gjalddaga fallin, ef skuldari standi ekki í skilum með greiðslu vaxta og afborgana. Hins vegar kveður skuldabréfið ekki sérstaklega á um það, að skuldareiganda skuli heimilt að krefjast endurgreiðslu skuldarinnar fyrir gjalddaga vegna þess, að skuldari greiðir ekki umkrafin innheimtulaun. Hefur gagnáfrýjandi ekki sýnt fram á heimild sér til handa til að krefja aðaláfrýjanda um greiðslu á höfuðstól skuldabréfsins gagngert sakir þess, að aðaláfrýjandi greiddi ekki hin umdeildu innheimtulaun. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þorvaldur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Svanhildar Sigfúsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. nóvember s.l., hefur Svanhildur Sigfúsdóttir, Hlíðarvegi 30, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 5. júní 1972, gegn Þorvaldi Jónssyni, Tómasarhaga 22, Reykjavík, til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi að fjárhæð kr. 51.600.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 10. janúar 1972 til greiðsludags og málskostnaðar af kr. 55.728.00 eftir mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda ríflegan málskostnað.

Stefnandi segir skuld þessa vera samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, sem stefndi hafi gefið út 13. janúar 1971. Skuldabréfið skyldi bera 8% ársvexti, sem greiðast áttu eftir á, í fyrsta sinn 10. janúar 1972. Afborganir af höfuðstól skyldu vera þann 10. janúar 1973 kr. 20.000.00, þann 10. jaúar 1974 kr. 20.000.00 og þann 10. janúar 1975 kr. 11.600.00. Þann 10. janúar s.l. hafi stefnda borið að greiða vexti af skuldabréfinu, kr. 4.128.00, en bréfið hafi þá verið til innheimtu í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi. Greiðsla þessi hafi ekki verið innt af hendi á réttum tíma til bankans. Samkvæmt heimild í skuldabréfinu hafi þá öll skuldin verið fallin í gjalddaga án fyrirvara.

Stefnandi hafi tekið skuldabréfið úr innheimtu hjá Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, þann 2. febrúar 1972 og hafi stefnandi samdægurs afhent bréfið lögfræðingi til innheimtu. Eftir að innheimtubréf hafi verið sent út þann 9. febrúar 1972, hafi komið tilkynning frá stefnda, bréf dags. 17. febrúar 1972, þess efnis, að búið væri að „deponera" fyrir kröfunni. Hafi stefnandi gert tilkall til greiðslu innheimtulaunanna með bréfi, dags. 23. febrúar 1972, og hafi um leið áskilið sér að halda uppi öllum rétti samkvæmt skuldabréfinu.

Við munnlegan málflutning rökstuddi stefnandi kröfur sínar með vísan til ákvæða skuldabréfsins. Skuldabréfið hafi verið sýnt til greiðslu fyrir gjalddaga. Eftir 10. janúar 1972 hafi greiðsludráttur verið vanefnd af hálfu stefnda. „Deponeringin" 4. febrúar sé ekki fullnaðargreiðsla, enda hafi „deponering" í þessu tilfelli ekki átt rétt á sér.

Af hálfu stefnda er sýknukrafan rökstudd með því, að greiðsla sú, sem innt var af hendi 4. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 8, hafi verið fullnægjandi, og er á það bent, að greiðslan hafi farið fram án nokkurra aðgerða af hálfu málflutningsmanns stefnanda.

Þeirri fullyrðingu lögmanns stefnanda, að skuldabréfið hafi verið sýnt til greiðslu fyrir gjalddaga, hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda. Samkvæmt ákvæðum bréfsins, sem lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 3, skyldu vextir greiðast í fyrsta sinn 10. janúar 1972. Þá er stefndi hafði ekki innt af hendi greiðslu þessa 2. febrúar 1972, var stefnanda rétt að fela bréfið lögmanni til innheimtu. Samkvæmt dskj. nr. 11 fól stefnandi lögmanni bréfið til innheimtu 3. febrúar 1972. Hinn 9. febrúar ritaði lögmaður stefnanda innheimtubréf, sbr. dskj. nr. 5. Með bréfi, dags.

17. febrúar 1972, dskj. 6, var lögmanni stefnanda tilkynnt um, að stefndi hefði greitt kr. 4.169.00 inn á sparisjóðsbók við Landsbanka Íslands.

Greiðslugeymsla á í vissum tilfellum rétt á sér, en undir rekstri þessa máls hefur ekki verið sýnt fram á nein þau tilvik, sem réttlæti þessa greiðsluaðferð, en samkvæmt dskj. nr. 8 fór greiðslan fram 4. febrúar 1972. Ekki var tilkynnt um greiðsluna fyrr en með bréfi, dags. 17. febrúar 1972. Stefnanda var rétt að fela skuldabréfið lögmanni til innheimtu, og eftir að lögmaðurinn hafði hafist handa um innheimtu kröfunnar, og það var áður en tilkynning barst um greiðsluna, sem innt var af hendi með áðurgreindum hætti, og 25 dögum eftir gjalddaga, þá bar stefnda að greiða innheimtuþóknun til lögmanns stefnanda.

Hinn 23. febrúar 1972 skrifaði lögmaður stefnanda lögmanni stefnda bréf, dskj. nr. 7, og krafði stefnda um kr. 115.00 vegna kostnaðar við innheimtu í banka og kr. 1.013.00 vegna innheimtukostnaðar, eða samtals kr. 1.128.00. Í bréfinu er tekið fram, að verði krafan ekki greidd fyrir 1. mars 1972, muni verða leitað aðstoðar dómstólanna í máli þessu og þá fylgt eftir rétti til þess að krefjast innheimtukostnaðar af öllu bréfinu, sbr. 11. gr., 2. mgr., gjaldskrár L. M. F. Í., og fullnaðargreiðslu á höfuðstól bréfanna. Hinn 27. mars 1972 skrifaði lögmaður stefnanda stefnda bréf, dskj. nr. 9, þar eru settar fram sömu kröfur og á dskj. nr. 7, en greiðslu krafist fyrir 10. apríl 1972.

Við þessum tilmælum stefnanda var ekki orðið.

Í skuldabréfinu er ekki kveðið á um greiðslustað. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið haldið fram, að greiðslustaður hafi verið honum ókunnur.

Í skuldabréfinu er svofellt ákvæði: „Standi ég ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af ofangreindri skuld, er hún öll í gjalddaga fallin án fyrirvara."

Við niðurstöðu málsins verður lagt til grundvallar, að stefnda hafi verið greiðslustaður kunnur og bréfið hafi verið sýnt til greiðslu fyrir gjalddaga. Greiðslan, sem innt var af hendi sem greiðslugeymsla, án þess að sú aðferð ætti rétt á sér, var ekki innt af hendi fyrr en 25 dögum eftir gjalddaga. Þegar greiðslan var innt af hendi, hafði stefnandi þegar falið lögmanni bréfið til innheimtu, og þá er lögmanni stefnanda var tilkynnt um greiðslugeymsluna, hafði hann þegar hafist handa um innheimtutilraunir, og bar stefnda að greiða þann kostnað. Það, að stefndi greiddi ekki áfallinn kostnað þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir,

þykir verða að jafna til vanskila af hálfu stefnda, og ber því samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins að gjaldfella allt bréfið.

Af hálfu stefnda hefur dómkröfum stefnanda ekki verið mótmælt tölulega og ekki heldur kröfunni um vexti. Verða því kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómari málsins var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvaldur Jónsson, greiði stefnanda, Svanhildi Sigfúsdóttur, kr. 51.600.00 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 10. janúar 1972 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1974.

Nr. 48/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)
gegn
Loga Ásgeirssyni
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa Guðmundur Stefán Jónsson lögregluvarðstjóri, Eggert Ólafur Jónsson lögreglumaður svo og Hreinn Hrafnkell Kjartansson, farþegi í bifreið ákærða aðfaranótt 25. mars 1973, komið fyrir dóm og staðfest skýrslur með eiði. Lögregluvarðstjórinn og lögreglumaðurinn staðfestu undirritun undir lögregluskýrslu og kveða ákærða hafa komið vel fyrir. Vitnið Hreinn Hrafnkell Kjart-

ansson skýrir svo frá, að þeir ákærðu hafi neytt áfengis á dansleik á Selfossi kvöldið 24. mars 1973 og aðfaranótt 25. mars. Héldu þeir frá Selfossi um klukkan 2 um nóttina áleiðis til Reykjavíkur. Telur vitnið sig ekki hafa fylgst með ákærða til hlítar allan þann tíma, er þeir dvöldust á Selfossi, en þó séð hann drekka „úr 2—3 glösum með áfengisblöndu." Vitnið kveður þá hafa drukkið áfengi í bifreiðinni, eftir að upp var lagt frá Selfossi. Vitnið telur ákærða hafa „ekið rólega og virst hafa fullt vald á bifreiðinni, enda hafi ekkert komið fyrir." Vitnið tekur fram, að það hafi verið töluvert ölvað, þegar þetta gerðist.

Háttsemi ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 2., sbr. 4. málsgrein 25. gr. og 1. málsgr. 27. gr., hvort tveggja samanborið við 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Um rökstuðning fyrir færslu háttsemi til síðastgreinds lagaboðs vísast til hæstaréttardóms 4. desember 1973. Ákærði ók langan veg, og alkóhólmagn í blóði hans sýnir, að hann hlýtur að hafa neytt talsvert mikils áfengis. Með vísan til þessa þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Eigi þykja sakfræðileg rök standa til þess að skilorðsbinda refsingu ákærða. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis ákærða og um, að hann greiði kostnað sakarinnar í héraði.

Saksóknari ríkisins hefur lýst því, að af hálfu ákæruvalds sé eigi höfð uppi krafa um, að felldur sé á ákærða kostnaður af áfrýjun sakarinnar, en ákærði vildi una héraðsdómi. Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Rannsókn máls þessa í héraði var eigi svo rækileg sem skyldi. Héraðsdómari hefur eigi talið rétt að beita refsiákvæðum áfengislaga, sem getið er í ákæruskjali, en enginn rökstuðningur er fyrir þeirri niðurstöðu. Héraðsdómara bar og að styðja þá niðurstöðu rökum, að refsivist skyldi skilorðsbundin, en slíkt gengur í berhögg við áratuga dómvenju. Fullnægir dómurinn að þessu leyti eigi boði 166. gr. laga nr. 73/1973.

Dómsorð:

Ákærði, Logi Ásgeirsson, sæti 15 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ríkissjóður greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 6. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 544/1973: Ákæruvaldið gegn Loga Ásgeirssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar saksóknari ríkisins með ákæru, dagsettri 17. október 1973, á hendur ákærða, Loga Ásgeirssyni iðnverkamanni, Urðarbraut 2, Reykjavík, fæddum 27. september 1947 í Borgarnesi, „fyrir að aka, aðfaranótt sunnudagsins 25. mars 1973, undir áhrifum áfengis og án þess að hafa ökuskírteini sitt meðferðis bifreiðinni R 15555 frá Selfossi áleiðis í Kópavog, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Vífilsstaðavegi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir:

Þegar lögregluþjónar nr. 4, 5 og 16 í Hafnarfirði voru staddir við Vífilsstaði í eftirlitsferð 25. mars s.l., klukkan 0415, veittu þeir þeir athygli bifreiðinni R 15555, sem ekið var vestur Vífilsstaðaveg, og vantaði á hana hægra afturljós. Stöðvuðu þeir akstur bifreiðarinnar og höfðu tal af ökumanni, sem reyndist ákærði í máli þessu. Frá honum lagði sterkur áfengisþefur, og var hann því fluttur á lögreglustöð til yfirheyrslu. Þar viðurkenndi hann áfengisdrykkju á Selfossi milli klukkan 0100 og 0200 þá um nóttina,

en hann kvaðst hafa farið af stað frá Selfossi um klukkan 0200. Viðurkenndi hann að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Fyrir dómi hinn 16. ágúst s.l. bar ákærði hið sama.

Ákærði var ekki með ökuskírteini sitt meðferðis greint sinn, og kvaðst hann hafa glatað því.

Rannsókn á blóði ákærða, er tekið var úr honum, sýndi alkóhólmagn, er nam 2.29‰.

Telja verður sannað með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem hann er ákærður fyrir. Brot hans telst varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði hefur hvorki sætt kærum né refsingum áður, svo kunnugt sé.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Fullnustu refsingarinnar skal þó fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Logi Ásgeirsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla eftir tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1965, haldið.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. maí 1974.

Nr. 71/1974: **Sigmund Jóhannsson**
gegn
Árna Ólafssyni & Co.
Árna Ólafssyni og
Íslenskum sjávarafurðum.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun. Gagnsök. Kröfusamlag. Aðiljasamlag.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Með kæru 19. febrúar 1974, sem barst Hæstarétti 5. apríl s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst sóknaraðili þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma um hina frávísuðu gagnsök að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Aðalsökin er höfðuð af Árna Ólafssyni & Co. gegn Sigmund Jóhannssyni.

Kröfur sóknaraðilja í gagnsökinni eru þessar:

„1) Að slegið verði föstu með dómi, að Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co. sé óheimilt að framleiða, selja eða á annan hátt hagnýta sér humarvélar, sem gagnstefnandi fann upp og framleiddar voru í félagi við stefnda Árna í fyrirtækinu Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f, og gagnstefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

2) Að slegið verði föstu með dómi, að gagnstefnandi eigi einkarétt á firmanafni sínu, SIMFISK, og Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co. sé óheimilt að nota firmanafn gagnstefnanda, SIMFISK, sem vörumerki eða á annan

hátt og verði gagnstefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

3) Að stefnda Árna Ólafssyni vegna Árna Ólafssonar & Co. verði dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 819.795.00, þ. e. kr. 491.877.00, stefnda Árna Ólafssyni persónulega dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 44.638.40, þ. e. kr. 26.783.04, og stefnda Árna Ólafssyni f. h. Íslenskra sjávarafurða dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 127.783.72, þ. e. kr. 76.673.23, allt með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, allt að áskildum rétti til að hafa uppi hærri kröfur en hér greinir, ef í ljós kemur við endurskoðun á bókhaldi Sigmunds fiskvinnsluvéla s.f., að hér sé eitthvað vantalið, og er réttur áskilinn til hækkunar krafna, hvenær sem er, hvort heldur málið væri þá rekið fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, ennfremur verði Árna Ólafssyni, Árna Ólafssyni & Co. og Íslenskum sjávarafurðum in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda kostnað að skaðlausu.

4) Að gagnstefnda Árna Ólafssyni & Co. verði dæmt að greiða gagnstefnanda skaðabætur vegna tapaðra markaða erlendis fyrir vélaframleiðslu sína og fyrir tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna hagnýtingar Árna Ólafssonar & Co. á firmanafni gagnstefnanda, SIMFISK, kr. 1.261.100.00 auk vaxta, 8% p. a., frá stefnudegi til greiðsludags og gagnstefnda verði dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað allan að skaðlausu."

II.

Kröfur sóknaraðilja á hendur Árna Ólafssyni & Co. í 1. tölulið eru af sömu rót runnar og aðalsökin. Heimilt er að heimta þær í gagnsök samkvæmt 49. gr. laga nr. 85/1936 og með hliðsjón af 28. gr., sbr. 24. gr. laga nr. 18/1949.

III.

Krafan, sem sóknaraðili ber fram í 2. tölulið, er ekki af sömu rót runnin og krafan í aðalsök. Ber að vísa henni frá héraðsdómi.

IV.

Kröfur samkvæmt 3. og 4. tölulið á hendur Árna Ólafssyni & Co. eru ekki samrættar kröfu í aðalsök og að engu leyti hafðar uppi til skuldajafnaðar. Verða þær því eigi heimtar í gagnsök.

V.

Aðrar kröfur sóknaraðilja beinast að tveim aðiljum, sem voru ekki málsaðiljar í aðalsök. Gegn mótmælum þeirra og Árna Ólafssonar & Co. brestur sóknaraðilja heimild til að sækja þessar kröfur í máli Árna Ólafssonar & Co. gegn sóknaraðilja. Ber að vísa þessum kröfum frá héraðsdómi.

VI.

Eftir þessum úrslitum verður varnaraðilja Árna Ólafssyni & Co. dæmt að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.00, en að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur að öðru leyti en sem hér segir:

Framangreindum kröfum sóknaraðilja Sigmunds Jóhannssonar á hendur varnaraðilja Árna Ólafssyni & Co. í III og IV hér að framan er vísað frá héraðsdómi.

Öllum kröfum sóknaraðilja í gagnsökinni á hendur varnaraðiljum Árna Ólafssyni og Íslenskum sjávarafurðum er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili Árni Ólafsson & Co. greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum, en að öðru leyti fellur kærumálskostnaður niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. janúar 1974, höfðaði Árni Ólafsson & Co., Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. september 1969, gegn Sigmund Jóhanns-

syni, Brekastíg 12, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta, miskabóta, lögfræðilegs kostnaðar o. fl., samtals að fjárhæð kr. 600.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 30. apríl 1969 til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómsins.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í aðalsök sem hér segir:

1.	Beint fjártjón Árna Ólafssonar & Co. vegna lögbannsaðgerða stefnda	kr. 376.910.00
2.	Lögmannskostnaður og útlagður kostnaður vegna lögbannsmáls	— 42.247.00
3.	Miskabætur	— 170.843.00
		Kr. 600.000.00

Samkvæmt kröfu Sigmunds Jóhannssonar, stefnda í máli þessu, var í fógetarétti Reykjavíkur 30. apríl s.l. kveðinn upp úrskurður þess efnis, að lögbann skyldi sett við tilteknum framkvæmdum Árna Ólafssonar & Co. og vélaverkstæðis Bernharðs Hannessonar gegn lögbannstryggingu að fjárhæð alls kr. 3.500.000.00. Undir rekstri lögbannsmálsins fyrir fógetaréttinum lagði gerðarbeiðandi að kröfu gerðarþola fram bankatryggingu að fjárhæð allt að kr. 500.000.00. Hins vegar lagði gerðarbeiðandi eigi fram kr. 3.000.000.00 trygginguna, en kærði úrskurð fógeta um tryggingarfjárhæðina til Hæstaréttar, en með dómi réttarins frá 30. maí s.l. var kærunni vísað frá Hæstarétti, þar eð lagaheimild brast til hennar. Hinn 9. júní s.l. fékk umboðsmaður gerðarbeiðanda málið tekið fyrir að nýju í fógetaréttinum og lét þar bóka kröfu um, að sér verði afhent lögbannstryggingin, sem er í formi bankaábyrgðar (símskeyti). Jafnframt lýsti hann yfir því, að lögbannsaðgerðir væru afturkallaðar. Kröfunni um afhendingu var andmælt af hálfu lögbannsþola, og í greinargerð, sem lögð var fram af hans hálfu, var því lýst yfir, að hafðar yrðu uppi fébótakröfur og miskabótakröfur vegna ólögmætra lögbannsaðgerða stefnda. Niðurstaða fógetaréttar Reykjavíkur varð sú, að framkominni kröfu um afhendingu lögbannstryggingar var hafnað að svo stöddu. Er tryggingin því enn í vörslu borgarfógetaembættisins í Reykjavík. Krefst stefnandi þess, að honum verði með dómi í máli þessu heimilað að gera fjárnám í áminnstri tryggingu til tryggingar dómsskuld, ásamt vöxtum og kostnaði, sem dæmd kann að verða í máli þessu,

svo að hann geti gengið að henni til lúkningar tildæmdum kröfum.

Stefnandi lýsir málavöxtum nánar svo í greinargerð, að með sameignarsamningi, dagsettum 20. september 1966, hafi þeir Sigmund Jóhannsson og stefnandi Árni Ólafsson orðið eigendur að fyrirtæki, sem þeir nefndu Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f, og hafi Sigmund átt 60% en Árni 40% fyrirtækisins, sbr. dskj. nr. 3, bls. 21—22, þar sem samningur þessi sé í heild, en síðar hafi þó verið gerðar á honum breytingar, að því er varðaði skiptingu kostnaðar. Samkvæmt nefndum samningi unnu aðiljarnir að framleiðslu og sölu á framleiðsluvörum fyrirtækisins, sem voru humarflokkunarvélar, garnahreinsunarvélar og bakkar, sem notaðir eru við humarflokkun. Skyldi Sigmund vinna að uppfinningum og framleiðslu, en Árni sjá um sölu, samningsgerð og bókhald. Vegna ágreinings eigenda var sameignarfélaginu slitið, og var firmað Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f afmáð úr firmskrá Vestmannaeyja með tilkynningu, dagsettri 21. mars 1969.

Með bréfi, dagsettu 20. apríl 1969, til fógetaréttar Reykjavíkur krafðist stefndi síðan lögbanns við framleiðslu og sölu Árna Ólafssonar & Co. á áðurnefndum vélum. Var lögbanninu einnig beint að vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar, sem tekið hafði að sér smíði vélanna. Lögbannskrafan var fyrst og fremst byggð á því, að gerðarbeiðandi, stefndi í máli þessu, hefði sótt um einkaleyfi á vélum þessum og væru þær umsóknir til athugunar hjá iðnaðarmálaráðuneytinu.

Upphaflega krafðist stefndi þess aðallega, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 13. maí 1970. Stefndi gerir þær dómkröfur nú, að hann verið algerlega sýkaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Með stefnu, birtri 18. september 1970, höfðaði stefndi, Sigmund Jóhannsson, gagnsök í málinu og gerir þær dómkröfur:

1) Að slegið verði föstu með dómi, að Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co. sé óheimilt að framleiða, selja eða á annan hátt hagnýta sér humarvélar, sem gagnstefnandi fann upp og framleiddar voru í félagi við stefnda Árna í fyrirtækinu Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f, og gagnstefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

2) Að slegið verði föstu með dómi, að gagnstefnandi eigi einkarétt á firmanafni sínu, SIMFISK, og Árna Ólafssyni í eigin nafni og Árna Ólafssyni & Co sé óheimilt að nota firmanafn gagnstefnanda, SIMFISK, sem vörumerki eða á annan hátt og verði gagn-

stefndu in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað að skaðlausu.

3) Að stefnda Árna Ólafssyni vegna Árna Ólafssonar & Co verði dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 819.795.00, þ. e. kr. 491.877.00, stefnda Árna Ólafssyni persónulega dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 44.638.40, þ. e. kr. 26.783.04, og stefnda Árna Ólafssyni f. h. Íslenskra sjávarafurða dæmt að greiða gagnstefnanda 60% af kr. 127.788.72, þ. e. kr. 76.673.23, allt með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. janúar 1969 til greiðsludags, allt að áskildum rétti til að hafa uppi hærri kröfur en hér greinir, ef í ljós kemur við endurskoðun á bókhaldi Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, að hér sé eitthvað vantalið, og er réttur áskilinn til hækkunar krafna, hvenær sem er, hvort heldur málið væri þá rekið fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti, enn fremur verði Árna Ólafssyni, Árna Ólafssyni & Co. og Íslenskum sjávarafurðum in solidum dæmt að greiða gagnstefnanda kostnað að skaðlausu.

4) Að gagnstefnda Árna Ólafssyni & Co. verði dæmt að greiða gagnstefnanda skaðabætur vegna tapaðra markaða erlendis fyrir vélaframleiðslu sína og fyrir tjón, er hann hefur orðið fyrir vegna hagnýtingar Árna Ólafssonar & Co. á firmanafni gagnstefnanda, SIMFISK, kr. 1.261.100.00 auk vaxta 8% p. a. frá stefnudegi til greiðsludags og gagnstefnda verði dæmt að greiða gagnstefnanda málskostnað allan að skaðlausu.

Af hálfu gagnstefnda Árna Ólafssonar & Co. eru þær kröfur gerðar í gagnsök, aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda, en til vara, að kröfur gagnstefnanda verði stórum lækkaðar, og hvernig sem gagnsökin verði dæmd, krefst hann málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda.

Af hálfu hinna gagnstefndu, Árna Ólafssonar og Íslenskra sjávarafurða, er krafist sýknu og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda að mati dómarans.

Málavaxtalýsing í gagnsök.

Rök gagnstefnanda eru þau, að Árni Ólafsson, Hraunbraut 30, Kópavogi, sem er annar aðaleigandi Árna Ólafssonar & Co. móti eiginkonu sinni, gaf sig á tal við gagnstefnanda í desember 1965, er gagnstefnandi hafði fundið upp og búið til fyrstu flokkunarvél sína fyrir humar, sem hann hafði sótt um einkaleyfi á 22. október 1965. Bauðst Árni til að gerast sölumaður fyrir gagnstefnanda. Taldi Árni sig þurfa að fá 15% af bráttóandvirði seldra véla í sölulaun. Ákveðið var, að hann gerðist sölumaður að vélafram-

leiðslu gagnstefnanda og fengi 40% af nettóhagnaði af vélasölunni. Var gengið frá firmatilkynningu til firmaskrár Vestmannaeyja um sameignarfélag, Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f.

Í janúar 1966 fengu þeir gagnstefnandi og Árni léða fyrstu flokkunarvél gagnstefnanda hjá Vinnslustöðinni h/f, Vestmannaeyjum, og sýndu hana með væntanlega sölu í huga í frystihúsi Hvamms h/f, Kópavogi.

Á sölusýningu þessari kveður gagnstefnandi hafa selst vélar fyrir tæpar 2 milljónir króna að bruttósöluverðmæti. Einu vélarnar, sem seldust á árinu 1966, voru þær vélar, sem seldust á þessari sýningu, en þær voru 21.

Á árinu 1966 vann gagnstefnandi að uppfinningu á garnahreinsivél fyrir humar. Var tilraunavél smíðuð og um haustið haldin sýning í Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Hafði gagnstefnandi sótt um einkaleyfi á vél þessari til iðnaðarmálaráðuneytisins áður með bréfi, dags. 15. júlí 1966. Á sýningunni voru strax gerðar 5 pantanir og greitt inn á þær, en þær skyldu afgreiðast vorið 1967, í maí.

Á árinu 1968 urðu sölur mun meiri en á árinu 1967 og 1966, þar sem opnuðust tækifæri til að selja framleiðsluna erlendis.

Í upphafi höfðu þeir Árni og gagnstefnandi ekki gert skriflega samninga, en er kom fram á árið 1966, varð að samkomulagi að gera sameignarsamning, dags. 20. september 1966, eftir uppkasti Árna með þeirri breytingu, að 1. töluliður varðandi sameiginlegan kostnað, er greiðist af bruttóandvirði seldrar framleiðslu, er hljóðaði á uppkasti Árna svo: „Erlendur sölu- og dreifingarkostnaður-“, var strikaður út, áður en samningur var gerður, og breytingin staðfest með upphafsstöfum beggja, árituðum á samninginn.

Þegar svo kom fram á árið 1967 og erlendar sölur komu til, var gerður viðbótarsamningur upp á, að allur erlendur sölukostnaður greiðist af Árna nema erlend umboðslaun.

Samningar bera með sér, að gagnstefnandi ynni að uppfinningum, sæi um framleiðslu, en Árni sæi um söluhliðina, innheimtur, bókhald og bankainnstæður undir umsjón löggilts endurskoðanda, sem aldrei var framkvæmt.

Ágóðaskipting var 60% til gagnstefnanda, en 40% í hlut gagnstefnda Árna Ólafssonar.

Fljótlega eftir að samstarf aðilja hófst, fór að bera á vanskilum af hendi Árna Ólafssonar, og m. a. gekk erfiðlega fyrir gagnstefnanda að fá uppgjör fyrir árið 1966.

Vorið 1967 fékk gagnstefnandi handskrifað plagg frá bókhaldara

Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, áritað: „Tekið saman með fyrirvara."

Á það voru aðeins færðar bráttósölur, en hvergi kom fram það, sem greitt hafði verið fyrirfram upp í kaup á garnahreinsivélum.

Eftir þetta fékk gagnstefnandi annað handskrifað plagg frá bókhaldara, er fullyrt var, að væri örugglega rétt. Kom þá í ljós, að Árni Ólafsson hafði tekið út frá Sigmunds fiskvinnsluvélum s/f handa sér og sínum fyrirtækjum, Íslenskum sjávarafurðum og Árna Ólafssyni & Co., samtals kr. 689.611.75, en ágóðahluti hans nam aðeins kr. 292.435.96, þannig að hann skuldaði orðið fyrirtækinu kr. 397.175.79, og á þriðju uppstillingu reiknings fyrir árið 1966, sem gagnstefnandi fékk frá Árna Ólafssyni, var niðurstaðan sú, að Íslenskar sjávarafurðir skulduðu kr. 293.823.72, en Árni Ólafsson & Co. kr. 97.961.00.

Til að girða fyrir, að Árni ráðstafaði þannig fé á bak við gagnstefnanda, var gerður viðbótarsamningur, dags. 31. maí 1967, þar sem m. a. er tekið fram, að hvorugum aðilja væri heimilt að taka lán úr sjóðum fyrirtækisins án samþykkis hins, eigendur skyldu ætíð fá greiðslur úr sjóðnum í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn, en allar greiðslur lagðar á sérstakan hlaupareikning á nafni fyrirtækisins, og allar greiðslur vegna sameiginlegra útgjalda skyldu greiddar úr sama bankareikningi.

Þegar svo var liðið fram yfir mitt ár 1968, fékk gagnstefnandi reikningsyfirlit fyrir árið 1967 eftir mikla eftirgangsmuni, og var þá, þrátt fyrir gerða samninga, Árna Ólafssyni & Co. ætlaðar kr. 207.724.67 í sölulaun og færður kynningar- og ferðakostnaður kr. 182.414.50. Þegar þessi samningsbrot lágu fyrir, athugaði gagnstefnandi bankareikning fyrirtækisins, og vantaði þá mikið upp á, að þar væri inni næg innstæða miðað við sölur á árinu 1968. Í nóvemberbyrjun 1968 áttu svo aðiljar viðræðufund og eftir það, án þess að ágreiningur yrði jafnaður, en lágmarkskrafa gagnstefnanda var, að Árni Ólafsson skilaði aftur fjármunum Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, er hann hafði dregið sér til sín og sinna fyrirtækja, og yrði þessum verðmætum skilað aftur fyrir áramót 1968/1969. Upp úr þessu slitnaði síðan félagsskapur aðiljanna, og með tilkynningu til firmaskrár Vestmannaeyja, dags. 21. mars 1969, var auglýst, að sameignarfélagið hefði hætt starfsemi frá 1. janúar 1969. Var þetta liður í að tilkynna alþjóð eins og viðskiptamönnum Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f, að Árni hefði ekki lengur söluumboð fyrir SIMFISK vélar. Samdægurs tilkynnti

gagnstefnandi, að hann ræki firma í Vestmannaeyjum til framleiðslu og sölu á SIMFISK vélum undir því firmanafni.

Skömmu síðar frétti gagnstefnandi á skotspónum, að Árni Ólafsson hefði gegnum Árna Ólafsson & Co. gert samning við Vélaverkstæði Bernharðs Hannessonar um framleiðslu á uppfinningum gagnstefnanda og hefði þegar gert sölusamninga um sölu á framleiðslunni, og hafði hann hafið undirbúning að þessu, áður en tilkynnt var um, að starfsemi Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f væri lokið. Leit gagnstefnandi svo á, að hér væri stórkostlega brotið gegn sínum rétti. Hafði Árni Ólafsson tekið að sér í samningum aðilja að Sigmunds fiskvinnsluvélum s/f að fylgja eftir einkaleyfisumsóknum gagnstefnanda, sem hann lét þó hjá líða að gera, svo að þær lágu enn óafgreiddar í ráðuneytinu. Gat hann ekki þegar af þeirri ástæðu hafið framleiðslu og sölu á vélunum. Hann gat ekki heldur sem sameiningaraðili í SIMFISK fiskvinnsluvélum s/f, sem sá um sölu og dreifingu, tekið að ófrjálsu út úr fyrirtækinu hugverk sameignarmannsins til að hagnýta sér og selja í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig og sitt firma, og hvað síst, er hann stóð enn í óbættri sök við sameignarmann fyrir að hafa dregið sér og sínum fyrirtækjum fé út úr sameignarfélaginu bak við sameigandann. Beiddist gagnstefnandi því lögbanns við þessum löglausu aðförum og lagði fram tryggingu, kr. 500.000.00, en aðalsök í þessu máli er sprottin af lögbannsaðgerðum. Hins vegar úrskurðaði fógeti, að setja skyldi tryggingu, kr. 3.000.000.00, sem gagnstefnandi ekki réð við, en lögbannið skyldi þá ganga fram. Er 1. liður kröfugerðar í þessu máli til viðurkenningar á því, að þessum aðiljum sé óheimilt að hagnýta sér hugverk gagnstefnanda eins og á stendur.

Aðalstefnandi lét þó ekki við það sitja að hefja framleiðslu og sölu á humarvélum gagnstefnanda, heldur hóf auglýsingaherferð í Morgunblaðinu, að firma hans framleiddi og seldi SIMFISK vélar. Birti hann til áréttingar í auglýsingunni mynd eftir myndmóti, sem Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f eiga, án leyfis gagnstefnanda, en myndin er af snurpunótahring, er gagnstefnandi fann upp og framleiddi. Og til að bíta höfuðið af skömminni auglýsi svo aðalstefnandi í Lögbirtingablaði nr. 38 5. júní 1969 SIMFISK sem sitt vörumerki og krafðist forgangsréttar samkvæmt 18. gr. laga nr. 47/1968. Þessu mótmælti gagnstefnandi, undir eins og honum var um það kunnugt, með bréfi til vörumerkjaskrárritara, dags. 21. júní 1969, og krafðist þess, að þetta nafn verði afmáð úr vörumerkjaskrá fyrir framleiðslu aðalstefnanda, þar sem þetta væri

firmanafn gagnstefnanda. Er 2. töluliður stefnukröfu til að fá dómsviðurkenningu fyrir einkarétti gagnstefnanda á firmanafni sínu og aðalstefnanda sé óheimilt að nota nafn hans.

3. töluliður stefnukröfu er endurheimtukrafa frá gagnstefnanda á fjármunum, sem honum tilheyra, er Árni Ólafsson hafði dregið sér til fyrirtækja sinna og sín frá sameignarfélaginu Sigmunds fiskvinnsluvélum s/f, eins og bókhaldið sagði til um pr. 1. maí 1969, byggt á staðfestu símskeyti bókhaldara, Árna H. Brandssonar. Krefur gagnstefnandi í samræmi við sameignarsamning aðeins um 60% af skuldunum, þ. e. sinn hluta. Þar sem gagnstefnandi telur hér vera langt frá því, að öll kurl séu komin til grafar og skuldirnar nemi mun hærri fjárhæðum, er réttur áskilinn á síðara stigi til hækkunar kröfugerða, hvenær sem er undir rekstri málsins, eða sækja í sérmáli það, sem á kynni að vanta fulla kröfugerð í þessu máli.

Með bréfum, dags. 14. maí 1969 og 21. júní 1969, fór gagnstefnandi fram á opinbera réttarrannsókn út af viðskilnaði Árna Ólafssonar við Sigmunds fiskvinnsluvélar s/f fyrir sakadómi Kópavogs. Þótt þar sé staðreynt það, sem að framan greinir, þótti saksóknara ríkisins ekki efni til frekari aðgerða af ákæruvaldsins hálfu. Bókhald Sigmunds fiskvinnsluvéla s/f afhenti sakadómur Kópavogs síðan Árna Ólafssyni án samráðs við gagnstefnanda, og mun Árni Ólafsson hafa komið því til varðveislu, einnig án samráðs við gagnstefnanda, hjá Gunnari R. Magnússyni, löggiltum endurskoðanda, Ármúla 6, Reykjavík. Hefur gagnstefnandi því ekki fengið bókhaldið afhent né samráð við hann haft um endurskoðun þess. Er hér skorað á aðalstefnanda að afhenda gagnstefnanda bókhaldið, svo að lögleg endurskoðun á því megi fram fara, og er gagnstefnanda geymdur réttur til að krefjast bókhaldsins með innsetningargerð, svo að fengin verði endanleg endurskoðun á því (sic).

Eins og fram er komið hér að frman, er aðalsök höfðuð til greiðslu skaðabóta vegna umrædds lögbanns af Árna Ólafssyni & Co. á hendur Sigmund Jóhannssyni. Gagnsökin hins vegar er höfðuð gegn Árna Ólafssyni & Co., Árna Ólafssyni persónulega og Íslenskum sjávarafurðum vegna meints einkaréttar á framleiðslu framangreindra véla svo og fyrrgreinds vörumerkis. Þá er og gagnsökin höfðuð gegn þeim aðiljum hverjum um sig til greiðslu peningafjárhæðar. Gagnsökin er þannig höfðuð gegn tveimur aðiljum, sem ekki voru aðiljar í aðalsök.

Þó að gagnsökin eigi rætur að rekja til viðskipta aðilja í aðal-

sökinni, þá þykir hún ekki fullnægja ákvæðum 70. gr. einkamálalaganna til höfðunar hennar gegn aðalsök. Ber því af þessum ástæðum að vísa gagnsökinni frá dómi ex officio, áður en efnisdómur verður lagður á aðalsök.

Afstaða til málskostnaðar verður tekin við væntanlegan efnisdóm í aðalsök. Uppsaga dóms þessa hefur dregist um venju fram vegna anna dómenda.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Emil Ágústssyni borgardómara og Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Föstudaginn 17. maí 1974.

Nr. 5/1973: **Atli Eiríksson s/f**
(Gústaf Ólafsson hrl.)
gegn
Karli K. Guðmundssyni og gagnsök
(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði „aðeins dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur gegn afhendingu hins gallaða glers“ og að málskostnaður verði látinn falla niður. Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. janúar

1973. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér bætur að fjárhæð kr. 26.900.00 auk 8% ársvaxta frá 16. september 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með kaupsamningi 21. nóvember 1968 keypti gagnáfrýjandi íbúð í fjölbýlishúsi að Dvergabakka 22 í Reykjavík af aðaláfrýjanda. Tók hann við íbúðinni sama dag, en fékk afsal fyrir henni 2. desember 1969. Í kaupsamningnum segir, að seljandi skuli „setja tvöfalt verksmiðjugler í alla glugga íbúðarinnar," en það hafði raunar verið gert, þegar kaupsamningur var undirritaður. Eins og í héraðsdómi greinir, komu fram nokkrir gallar á nefndu fjölbýlishúsi, m. a. í íbúð gagnáfrýjanda, auk þess sem ýmsum frágangi hússins þótti áfátt. Voru dómkvaddir matsmenn 13. febrúar 1970 til að skoða húsið og meta, m.a. til fjár kostnað við að bæta úr göllum á gluggum og rúðum. Í matsgerð 13. júní 1970 segir, að matsmenn hafi skoðað húsið 25. mars og 29. maí 1970. Við skoðun þessa kom fram galli á tvöföldu gleri í svefnherbergi hjóna í íbúð gagnáfrýjanda. Var galli þess, sem var móða á milli glerja, metinn á kr. 7.870.00, og greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda þá fjárhæð. Hinn 10. maí 1971 óskaði gagnáfrýjandi þess, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta galla, sem komið hefðu fram „í öllum gluggum íbúðarinnar". Sama dag tilkynnti gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um matsbeiðni þessa. Dómkvaddir matsmenn skiluðu matsgerð 1. júlí 1971. Segir þar, að móða sé á milli glerja í 5 rúðum í gluggum íbúðarinnar. Áætla matsmenn kostnað við að bæta úr göllum þessum kr. 26.900.00. Er það sú fjárhæð, sem gagnáfrýjandi sækir aðaláfrýjanda til greiðslu á í máli þessu.

Í héraðsdómi er lýst rökum þeim, sem aðaláfrýjandi færir fram fyrir sýknukröfu sinni.

Telja verður, að gagnáfrýjandi hafi samkvæmt ákvæðum kaupsamnings þess, sem að framan greinir, mátt treysta því, að hið tvöfalda verksmiðjugler væri ekki haldið þeim annmörkum, sem síðar komu í ljós og áður er lýst. Við það verður að miða, að gallar þeir, sem mál þetta er risið af, hafi ekki verið komnir í ljós, er íbúð gagnáfrýjanda var skoðuð af mats-

mönnum 29. maí 1970. Gallanna hefur því orðið vart á tímabilinu frá 29. maí 1970 til 10. maí 1971. Má ætla, að þeir hafi komið í ljós smátt og smátt á þessu tímabili. Gagnáfrýjandi sagði og fyrir dómi 2. maí 1972, „að rúðurnar séu stöðugt að versna". Verður ekki talið leitt í ljós, að gagnáfrýjandi hafi sýnt slíkt tómlæti, eftir að gallanna varð vart, að hann hafi firrt sig rétti til bóta úr hendi aðaláfrýjanda. Þá verður ekki talið, að bótarétturinn sé, eins og á stendur, fallinn niður vegna fyrningar eða af öðrum ástæðum.

Samkvæmt því, sem nú er lýst, þykir aðaláfrýjandi sem byggjandi og seljandi nefndrar íbúðar eiga að bæta gagnáfrýjanda tjón það, sem hann hefur beðið af þessum sökum, en fjárhæð bótanna, kr. 26.900.00, hefur ekki sætt andmælum. Ekki þykir fært að skylda gagnáfrýjanda til að skila aðaláfrýjanda hinum gölluðu rúðum, enda ekki í ljós leitt, að þær séu nokkurs virði.

Ársvextir ákveðast 7% frá 16. september 1971 til 16. maí 1973, en 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 30.000.00, og er þá tekið tillit til matskostnaðar.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Atli Eiríksson s/f, greiði gagnáfrýjanda, Karli K. Guðmundssyni, kr. 26.900.00 með 7% ársvöxtum frá 16. september 1971 til 16. maí 1973, 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls kr. 30.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. október 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. september 1972, hefur Karl Guðmundsson, Dvergabakka 22, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. september 1971, gegn Atla Eiríkssyni s/f, Hjálmholti 10, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjár-

hæð kr. 26.900.00 auk 8% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags svo og greiðslu málskostnaðar, þar með talinn kostnaður vegna matsgerðar.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnda gerð sú varakrafa, að stefndi verði aðeins dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur gegn afhendingu hins gallaða glers og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavöxtum er svo lýst í stefnu, að með afsali, dags. 2. desember 1969, hafi hið stefnda fyrirtæki selt stefnanda íbúð á 1. hæð til vinstri í húsinu nr. 22 við Dvergabakka í Reykjavík. Sitt hvað hafi reynst athugavert við frágang hússins og því hafi hinn 13. febrúar 1970 verið dómkvaddir matsmenn samkvæmt beiðni húsfélagsins í húsinu til að meta til fjár ýmislegt, sem ógert hafi verið við húsið, og jafnframt galla, sem fram höfðu komið á íbúðum hússins, einkum hafi það verið gluggar og frágangur þeirra svo og gallar á rúðum ásamt leka, sem óskað hafi verið mats á. Matsmenn hafi skilað matsgerð hinn 13. júní 1970 um íbúðir hússins, en þá hafi verið komnir fram í íbúð stefnanda galli í tvöföldu rúðugleri í svefnherbergi hjóna og hafi gallinn verið metinn á kr. 7.870.00. Annar galli hafi þá ekki verið kominn fram í íbúð stefnanda og hafi stefndi greitt framangreinda upphæð til stefnanda.

Nú kveður stefnandi það hins vegar hafa skeð, að fram hafi komið gallar á nær öllum gluggum íbúðarinnar, þannig að móða hafi sest á milli glerja. Þann 10. maí 1971 kveðst stefnandi því hafa farið fram á dómkvaðningu matsmanna, er skyldu skoða alla glugga íbúðarinnar og meta til peningaverðs, hvað kosta mundi að bæta úr göllum á gluggum. Matsmenn hafi skilað matsgerð, dags. 1. júlí 1971, og hafi kostnaðaráætlun þeirra verið kr. 26.900.00, þ. e. stefnufjárhæðin. Stefnandi kveður matsgerðina strax hafa verið senda stefnda, hann hafi ekki sinnt óskum um bætur og því sé mál þetta höfðað.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm í málinu og staðfest þar málavaxtalýsingu í greinargerð á dskj. nr. 2. Einnig hefur hann staðfest, að misritun hafi átt sér stað í dagsetningu kaupsamnings á dskj. nr. 12. Eigi ártalið að vera 1968, en ekki 1969.

Stefndi hefur komið fyrir dóm í málinu og skýrt svo frá, að gler það, sem um ræðir í máli þessu, hafi verið keypt af Fjöliðjunni

á Ísafirði og síðar á Hellu og sé um að ræða sams konar gler og notað hafi verið í fyrstu blokkirnar, sem byggðar hafi verið í Breiðholti á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar. Hann kveðst ekki hafa tekið ábyrgð á umræddu gleri gagnvart kaupendum, og ekki kveðst hann minnast þess, að minnst hafi verið á það, er kaupin gerðust um íbúðina, hvaðan glerið væri.

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína á dskj. nr. 8.

Matsmaðurinn Bragi Þorsteinsson verkfræðingur kveðst ekki minnast þess sérstaklega að hafa veitt athygli göllum á ísetningu glersins. Hann kveður móðu á milli glerja vera það mikla, að útsýnið gegnum glerið hafi verið mjög takmarkað, en sem svar við spurningu, hvort hann telji glerið vera það gallað, að það sé ónothæft, segir hann, að það varni veðri og vindi að komast inn í húsið. Matsmaðurinn kveðst telja, að best verði úr göllunum bætt með því að skipta algerlega um gler. Matsmaðurinn kveðst aðspurður telja hugsanlegt að bæta úr göllum glersins með því að bora gat á það, þannig að útiloft gæti leikið á milli, en tekur fram, að það sé þá ekki lengur sú vara, sem upphaflega hafi verið sett í húsið, þar sem búið sé að breyta eiginleikum glersins. Auk þess tekur matsmaðurinn fram, að hann viti ekki nein dæmi þess, að slíkt hafi verið gert.

Matsmaðurinn Indriði Níelsson húsasmíðameistari kveðst ekki geta tjáð sig um það, hvort gallar hafi verið á ísetningu glersins, en bætir því við, að hann telji svo ekki hafa verið. Aðspurður kveðst matsmaðurinn telja, að matsþoli eigi glerið, sem tekið verði úr, ef skipt verði um gler, en bætir því við, að hann telji hins vegar glerið sáralítils virði. Matsmaðurinn kveðst telja glerið ónothæft, þegar vatn sé komið á milli glerja, enda þótt það að sjálfsögðu gefi skjól. Hann telur, að best verði úr göllunum bætt með því að skipta algerlega um gler. Matsmaðurinn kveðst aðspurður ekki telja, að unnt sé að bæta úr göllum glersins með því að bora göt, þannig að útiloft gæti leikið á milli rúðanna. Hann kveðst ekki þekkja til þess, að slíkt hafi verið gert á verksmiðjugleri.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefndi beri tvímælalaust bótaábyrgð gagnvart honum á göllum, sem fram hafi komið á hinni seldu íbúð. Stefndi hafi bæði verið byggjandi og seljandi íbúðarinnar og beri því fulla ábyrgð á framkomnum göllum, enda sé hér um að ræða galla, sem enginn vafi sé á, að stefndi beri ábyrgð á. Samkomulagið, sem gert hafi verið í kjölfar fyrra matsins, hafi engin áhrif á bótarétt vegna galla, sem síðar hafi

komið fram, enda sé tekið fram í því samkomulagi, að með því sé lokið öllum kröfum húsfélagsins á stefnda „vegna matsmálsins".

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi enga ábyrgð tekið á glerinu, sem var í íbúðinni, og að stefnandi hafi engar athugasemdir gert út af glerinu. Kveður stefndi hvorki sig né starfsmenn sína eiga nokkra sök á göllum þeim, sem fram kunni að hafa komið á glerinu, enda geti stefnandi ekki nú, eftir hart nær 30 mánuði frá því að hann veitti íbúðinni viðtöku, gert skaðabótakröfu út af því, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922. Þá tekur stefndi og fram, að í matsgerðinni á dskj. nr. 4 komi fram, að matsmenn hafi metið galla á íbúð stefnanda á kr. 7.870.00. Fjárhæð þessa kveðst stefndi hafa greitt án skyldu, enda hafi hann talið, að með þessari greiðslu hafi hann til fullnaðar gert upp allar hugsanlegar kröfur stefnanda á hendur honum vegna íbúðarkaupanna.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað rúður þær, sem um ræðir í málinu, og sýndi sig við þá skoðun mjög greinilegur raki og rakataumar milli glerja.

Með því að umrædd íbúð, sem stefnandi keypti nýja, hefur að þessu leyti ekki reynst vera búin þeim gæðaeiginleikum, sem hann mátti ætla, er kaupin gerðust, líta dómendur svo á, að stefndi, sem bæði var byggjandi og seljandi íbúðarinnar, beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna umræddra galla.

Eins og áður er fram komið, reisir stefndi m. a. sýknukröfu sína á fyrningu samkvæmt reglum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Ekki verður talið, að í því efni sé afgerandi tímalengdin, frá því að stefnandi veitti íbúðinni viðtöku og þar til hann setur fram kröfur sínar, heldur hvenær hann varð umræddra galla var eða mátti verða þeirra var.

Eins og fram kemur í málinu, kom fyrst fram galli í tvöföldu rúðugleri í svefnherbergi hjóna í umræddri íbúð stefnanda. Var sá galli metinn og bættur af stefnda, sbr. matsgerð á dskj nr. 4. Í þeirri matsgerð kemur fram, að matsmenn og aðiljar hafi hinn 29. maí 1970 gegið um íbúðirnar í umræddu húsi og skoðað þær. Verður því að ætla, að þá hafi eigi verið komnir fram gallar í öðrum gluggum íbúðar stefnanda en þeim, sem að framan greinir. Hinn 10. maí 1971 biður stefnandi hins vegar um mat á göllum í þeim rúðum, sem um ræðir í máli þessu, og tilkynnir stefnda það með bréfi sama dag. Má af þessu ljóst vera, að stefnandi hefur ekki látið óhæfilega langan tíma líða, frá því að hann varð gallanna var og þar til hann kvartaði út af þeim, og eiga því fyrning-

arreglur lausafjárkaupalaganna ekki við í því tilviki, sem hér um ræðir.

Samkvæmt framanrituðu verða því kröfur stefnanda, sem ekki hefur verið hnekkt, teknar til greina að fullu, enda verði jafnframt hið gallaða gler eign stefnda. Vextir ákveðast 7% ársvextir frá 16. september 1971 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Kristni Sigurjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Atli Eiríksson s/f, greiði stefnanda, Karli K. Guðmundssyni, kr. 26.900.00 með 7% ársvöxtum frá 16. september 1971 til greiðsludags og kr. 9.000.00 í málskostnað, enda verði hið gallaða gler, sem um ræðir í málinu, jafnframt eign stefnda.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. maí 1974.

Nr. 30/1973: **Sigurður T. Sigurbjarnarson**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Nauðungaruppboð. Uppboðsbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1973. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað verði um framkvæmd nauðungaruppboðs og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar sér til handa fyrir Hæstarétti.

Auk varnarástæðna, er áfrýjandi hafði uppi fyrir uppboðsrétti, hefur hann fyrir Hæstarétti reist dómkröfur sínar á því, að stefndi sé ekki eigandi veðskuldabréfs þess, sem í málinu greinir, og því ekki réttur aðili málsins. Stefndi hefur með skírskotun til 45. gr. laga nr. 75/1973 mótmælt því, að tillit verði tekið til þessarar málsástæðu, þar sem hún var ekki höfð uppi fyrir héraðsdómi.

Stefndi krafðist hinn 21. mars 1972 nauðungaruppboðs á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Þórsgötu 19 samkvæmt uppboðsheimild í skuldabréfi, útgefnu 1. mars 1967, með 2. veðrétti í eignarhlutanum, til lúkningar á öllum eftirstöðvum veðskuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði. Með uppboðsbeiðninni fylgdi ljósrit veðskuldabréfsins, en hins vegar eigi veðskuldabréfið sjálft. Í greinargerð sinni til uppboðsréttar 11. september 1972 krafðist áfrýjandi þess, að uppboðsbeiðninni yrði synjað, m. a. af þessari ástæðu. Hafði áfrýjandi hinn 27. júní s. á. að fullu lokið við að greiða þá afborgun og vaxta-

greiðslu, sem fallið hafði í gjalddaga 1. mars s. á. og var tilefni uppboðsbeiðninnar. Stefndi lagði þó ekki enn fram veðskuldabréfið, hvorki á þessu uppboðsþingi né hinu næsta, en á uppboðsþingi 3. október s. á. er skráð í uppboðsbók, að frumrit veðskuldabréfsins sé til staðar í réttinum og í vörslu lögmanns stefnda. Var skuldabréfið loks lagt fram í málinu við munnlegan málflutning um uppboðskröfuna 12. janúar 1973.

Þá er nauðungaruppboðs er beiðst með heimild í veðskuldabréfi, skal samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1949 veðskuldabréfið fylgja uppboðsbeiðni. Verður að skýra ákvæði þetta svo, að átt sé við frumrit veðskuldabréfs. Á þessu varð sá misbrestur af hendi stefnda, sem að framan greinir. Að svo vöxnu máli verður krafa hans um nauðungaruppboð ekki tekin til greina gegn andmælum áfrýjanda, og ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi. Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, greiði áfrýjanda, Sigurði T. Sigurbjarnarsyni, kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 18. janúar 1973.

Þess er krafist af hálfu uppboðsbeiðanda, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, að fram fari nauðungaruppboð á hluta fasteignarinnar Þórsgötu 19 hér í borg, þ. e. þriggja herbergja íbúð á 2. hæð til hægri, ásamt því, sem henni fylgir, til lúkningar eftirstöðvum veðskuldabréfs, sem tryggt er með 2. veðrétti í eignarhluta þessum, kr. 120.000.00 auk 7% ársvaxta frá 1. mars 1971 til 1. mars 1972, en 1% dráttarvaxta af kr. 120.000.00 frá 1. mars 1972 til 23. mars 1972, af kr. 115.000.00 frá þeim degi til 27. mars 1972, af kr. 105.000.00 frá þeim degi til 27. júní 1972 og af kr. 90.905.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að uppboðið fari og fram til greiðslu kostnaðar við sjálfa uppboðsgerðina.

Enn fremur er krafist málskostnaðar vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Hér er um að ræða annað og síðasta uppboð, en fyrra uppboð fór fram hinn 27. apríl 1972.

Af hálfu uppboðsþola er þess krafist, að synjað verði um uppboðið. Er málskostnaðar krafist úr hendi uppboðsbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 12. þessa mánaðar.

Samkvæmt veðbókarvottorði á rskj. 4 er Sigurður T. Sigurbjarnarson eigandi að íbúð á 2. hæð til hægri í húsinu nr. 19 við Þórsgötu samkvæmt afsali 27. september 1969.

Í málinu liggur fyrir veðskuldabréf, útgefið 1. mars 1967 af Kristjáni Júlíussyni, Hrísateigi 13, er það að fjárhæð upphaflega kr. 200.000.00 og veitir handhafa 2. veðrétt í ofannefndri íbúð. Veðskuldin ber 7% ársvexti. Afborganir af skuldinni skal greiða með 20.000.00 kr. hinn 1. mars ár hvert ásamt vöxtum, og skal 1. greiðsla fara fram 1. mars 1968. Ef vanskil verða, skal skuldin teljast öll í gjalddaga fallin, og má þá láta selja hinn veðsetta eignarhluta á uppboði án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 1. grein laga nr. 57/1949.

Þessu veðskuldabréfi var athugasemdalaust þinglýst þann 7. mars 1967. Það hefur síðan verið í umsjá Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Það kemur fram á veðskuldabréfinu, að hinn 1. mars 1968 var greidd afborgun kr. 20.000.00 og kr. 14.000.00 í vexti. Afborgun sú, er greiða átti 1. mars 1969, var ekki greidd fyrr en 24. apríl 1969, og verður ekki séð, að nein athugasemd hafi verið gerð af hálfu sækjanda.

Greiðsla féll niður þann 1. mars 1970 og fór ekki fram fyrr en 15. janúar 1971. Enn verður ekki séð, að Sparisjóðurinn hafi hafst neitt að til að láta í ljósi óánægju með þennan greiðsludrátt.

Næsti greiðsludagur var 1. mars 1971, og aðhefst Sparisjóðurinn ekkert, svo séð verði, fyrri en 30. september 1971, þá krefst hann uppboðs á eignarhlutanum til lúkningar öllum eftirstöðvum veðskuldarinnar, sem þá námu kr. 140.000.00.

Var uppboðsþola tilkynnt um framkomna uppboðsbeiðni þann 25. október 1971, og var auglýsing send til birtingar í Lögbirtingablaðinu þann 11. nóvember. Hafði þá borist uppboðsbeiðni Landsbanka Íslands á sama eignarhluta. Var uppboðið tekið fyrir á skrifstofu uppboðshaldara 13. janúar 1972, og var síðar ákveðið,

að sala skyldi fara fram þann 25. febrúar, en þeirri sölu var frestað til 27. apríl.

Þann 25. febrúar 1972 greiddi uppboðsþoli loks það, er greiða átti þann 1. mars 1971, og afturkallaði Sparisjóðurinn uppboðsbeiðni sína þann 28. sama mánaðar. 2 dögum síðar, þann 1. mars, átti uppboðsþoli svo að greiða afborgun og vexti samkvæmt ákvæðum bréfsins. Þá barst ekki greiðsla frá honum, og bað Sparisjóðurinn um uppboð á nýjan leik þann 21. sama mánaðar.

Þann 23. mars borgar uppboðsþoli kr. 5.000.00 upp í afborgun og vexti, og þann 27. sama mánaðar, kr. 10.000.00. Voru þessar greiðslur færðar inn á reikning uppboðsþola hjá Sparisjóðnum, og hefur ljósrit þess verið lagt fram í málinu, sem rskj. 6 í máli þessu.

Uppboð fór fram á eigninni sjálfri þann 27. apríl 1972 að kröfu Landsbanka Íslands, sem um getur hér að framan. Þá hafði komið fram uppboðsbeiðni Gunnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 20. maí 1972. Kom 450.000.00 kr. boð í eignina frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, en uppboðsþoli bað um annað og síðasta uppboð á eigninni. Var síðar ákveðið, að það skyldi fara fram 29. júní s.l.

Þann 27. júní greiddi uppboðsþoli svo að fullu afborgun þá, er fram átti að fara 1. mars, ásamt vöxtum til greiðsludags, kr. 14.095.00. Kvittun fyrir þessari greiðslu er til staðar í máli þessu sem rskj. nr. 7.

Er uppboðið var tekið fyrir á eigninni Þórsgötu 19 þann 29. júní, svo sem ákveðið hafði verið, var mætt af hálfu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og þess krafist, að uppboðssala færi þegar fram, en uppboðsþoli mótmælti því, að svo yrði gert, og hefur sérstakt uppboðsréttarmál verið rekið um ágreining aðiljanna. Er það mál hér til úrskurðar.

Landsbanki Íslands og Gunnar Jónsson hæstaréttarlögmaður hafa nú afturkallað sínar uppboðsbeiðnir.

Hörður Þórðarson sparisjóðsstjóri skýrði svo frá hér í uppboðsréttinum, að áletranir, gerðar um innborganir uppboðsþola, eftir að uppboðs hafði verið beiðst, sbr. rskj. 6, hafi verið færðar til minnis og flýtisauka fyrir starfsfólk Sparisjóðsins, ef öll skuldin yrði gerð upp. Hann sagði, að gjaldkerar Sparisjóðsins fái enga vitneskju að tilhlutan sparisjóðsstjórnar um það, fyrir hvaða bréfum sé krafist uppboðs, og þeim sé ekki fyrirlagt að kvitta með fyrirvara fyrir innborgunum, þó svo sé komið.

Þess skal getið, að í þessu réttarhaldi, sem fram fór 3. október 1972, var frumrit veðskuldabréfsins til staðar, þó ekki væri það lagt fram sem réttarskjal að svo komnu máli. Svo var ekki gert, fyrr en málið var tekið til munnlegs flutnings þann 12. þessa mánaðar.

Því er haldið fram af uppboðsbeiðanda hálfu, að vanskil þau, er uppboðsþoli hafi gerst sekur um, séu svo stórfelld, að fyllilega réttlæti eindögun allrar veðskuldarinnar. Við hverja afborgun af bréfinu, nema þá fyrstu, hafi uppboðsþoli verið í vanskilum og hafi honum verið hlíft við uppboðsaðgerðum allt þar til árið 1971, er engin greiðsla hafi frá honum komið, þó komið væri til loka septembermánaðar. Er hann loksins hafi greitt, hafi honum verið gefið til kynna, að eftirleiðis yrðu honum ekki þoluð vanskil, og hafi þá raunar aðeins vantað 3 daga upp á, að næsta afborgun ætti að falla til. Samt hafi hann ekki látið skipast og fyrst byrjað að borga, eftir að enn hafi verið beðið um uppboð. Greiðslur uppboðsþola eftir það hafi aðeins verið innborganir upp í eftirstöðvar allrar skuldarinnar og hafi verið öldungis ástæðulaust að kvitta með fyrirvara.

Af hálfu uppboðsþola er það fært fram, að synja beri um uppboð þegar af þeirri ástæðu, að veðskuldabréf það, er krafan byggist á, var ekki lagt fram í réttinum fyrr en við munnlegan flutning málsins. Í öðru lagi er á það bent, að veðskuldin sé í fullum skilum. Afborgun, er átti að inna af hendi 1. mars 1972, hafi verið borguð að fullu, áður en til annars og síðasta uppboðs kæmi. Að vísu hafi orðið dráttur á greiðslu, en við öllum þrem innborgunum hafi verið tekið fyrirvararlaust af hálfu uppboðsbeiðanda. Þannig hafi uppboðsþoli haft alla ástæðu til að halda, að ekki yrði frekara aðhafst, og leiði almennar reglur kröfuréttar til þess, að uppboðsbeiðandi hafi vegna tómlætis að þessu leyti glatað rétti til þessara uppboðsgerða.

Ekki verður sú krafa uppboðsþola tekin til greina, að synja beri um uppboð þegar af þeirri ástæðu, að frumrit veðskuldabréfsins hafi ekki verið lagt fram, fyrr en gert var.

Uppboðsþoli átti að borga afborgun og vexti af veðskuldinni þann 1. mars 1972. Er hann hafði ekki borgað neitt þann 21. sama mánaðar, bað Sparisjóðurinn um uppboð til lúkningar eftirstöðvum skuldarinnar. Þá tók uppboðsþoli að borga og borgar kr. 5.000.00 þann 23. mars 1972 og kr. 10.000.00 þann 27. sama mánaðar. Verður ekki talið, að Sparisjóðurinn hafi haft ástæðu til þess að láta uppi fyrirvara í þar að lútandi kvittunum, þar eð uppboðs-

þoli hafði þá ekki nærri því borgað allt það, er honum bar, þó aðeins sé miðað við umsamda afborgun og vexti, sem greiðast áttu 1. mars.

Það er fyrst þann 27. júní, að uppboðsþoli borgar það, er eftir stóð af nefndri greiðslu pr. 1. mars, og var þá svo komið, að hann hafði gerst sekur um svo mikil vanskil, að fullkomlega réttlætti eindögun allrar veðskuldarinnar.

Fékk hann þá fyrirvaralausa kvittun af hálfu uppboðsbeiðandans. Verður á það að fallast að mestu, að þetta fyrirvaraleysi í kvittun hafi verið lagað til, að uppboðsþoli fengi þá trú, að Sparisjóðurinn hirti ekki um að aðhafast frekar um að koma fram uppboði til lúkningar öllum eftirstöðvum veðskuldarinnar.

Var þá, úr því sem komið var, brýn ástæða fyrir uppbosbeiðanda að láta uppboðsþola vita þegar í stað, eða a. m. k. án ástæðulausrar tafar, í orði eða verki, ef hann vildi ekki vera bundinn við afleiðingar þessa aðgerðarleysis, sem hin fyrirvaralausa kvittun gjaldkera sýndi. Verður talið, að uppboðsbeiðandi hafi brugðið nægilega fljótt við í þessu efni, er hann, eftir 2 daga, lét mæta á uppboðsþinginu og krafðist framgangs uppboðsins, eins og ekkert hefði í skorist.

Verður því að vísa á bug kröfu uppboðsþola um synjun hinnar umbeðnu uppboðsgerðar. Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð þetta fer fram að kröfu uppboðsbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 21. maí 1974.

Nr. 31/1972: **Sigurlilja Þórólfsdóttir, Pálína Margrét Reynisdóttir, Stefanía Diljá Reynisdóttir, Þorvaldur Reynisson og Sigurlilja Þórólfsdóttir vegna ófjárráða dóttur sinnar, Ernu Reynisdóttur,**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Jóni Kristni Valdimarssyni og
(Páll S. Pálsson hrl.)
Auðberg Óla Valtýssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 29. febrúar 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s. m. Krefjast áfrýjendur þess, að stefndu verði dæmt að greiða þeim óskipt skaðabætur að fjárhæð samtals kr. 3.499.666.00 auk 7% ársvaxta frá 1. september 1963 til greiðsludags og málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 26. mars 1973.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Pálína Margrét varð fjárráða, áður en héraðsdómur gekk í máli þessu, og hafði tekið sjálf við forræði þess.

Áfrýjendur Stefanía Diljá og Þorvaldur urðu fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hafa því sjálf tekið við forræði málsins hér fyrir dómi.

Áfrýjendur hafa hækkað kröfur sínar frá því, er greinir í héraðsdómi, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

I.

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst atvikum að slysi því, sem mál þetta er af risið. Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ökumaður bifreiðarinnar A 28, Auðberg Óli, eigi nokkra sök á slysi þessu. Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. og 1. og 3. mgr. 69. gr. laga nr. 26/1958, nú laga nr. 40/1968, bera stefndu óskipta bótaábyrgð á tjóni áfrýjenda, að því leyti sem ekki verður talið, að hinn látni sé meðvaldur að slysinu, samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958, nú laga nr. 40/1968.

Samkvæmt gögnum málsins virðist bifreiðinni A 28 hafa verið ekið um einn meter frá vinstri vegarbrún. Reynir mun hafa komið frá vinstri út á götuna, mjög skyndilega, í veg fyrir bifreiðina og lent á vinstra framhorni hennar. Telja verður ljóst, að Reynir hafi sýnt verulegt gáleysi í umrætt sinn og sé því meðvaldur að slysinu. Þykir hæfilegt að telja hann eiga 2/3 hluta sakar, þannig að stefndu beri að bæta áfrýjendum 1/3 hluta tjóns þeirra.

II.

Slys það, sem mál þetta er sprottið af, varð 1. september 1963. Með dómi sakadóms Keflavíkur 27. s. m. var stefnda Auðberg Óla dæmd refsing vegna atvika slyss þessa. Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað með líkindatölum tjón áfrýjenda vegna slyssins. Eru álitsgerðir hans dagsettar 5. nóvember 1963, 10. september 1964, 23. ágúst 1965, 29. júní 1967, 26. nóvember 1970 og 27. febrúar 1971.

Stefndi Jón Kristinn hafði keypt hjá Samvinnutryggingum lögboðna ábyrgðarvátryggingu vegna bifreiðarinnar A 28 að fjárhæð kr. 500.000.00. Hinn 28. janúar 1966 greiddu Samvinnutryggingar áfrýjendum kr. 560.000.00 vegna tjóns þessa. Af fjárhæð þessari er talið, að kr. 60.000.00 séu vextir og kostnaður.

Kemur þá fyrst til athugunar, hvort áfrýjendur hafi fengið þann hluta tjóns síns, sem þau gátu krafið úr hendi stefndu, að fullu bættan með þessari greiðslu.

Hinn 18. mars 1974 reiknaði Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur enn með líkindatölum tjón áfrýjenda. Meðal annars reiknaði hann tjón áfrýjenda með „tilliti til ástandsins, eins

og það var 1. febrúar 1966.". Telur tryggingastærðfræðingurinn, að tjón Sigurlilju vegna missis fyrirvinnu nemi þannig reiknað á slysdegi kr. 1.564.531.00, verðmæti vinnu hennar utan heimilis kr. 56.768.00, verðmæti mæðralauna kr. 98.387.00 og ekkjubætur kr. 22.943.00. Þá taldi hann, að á sama hátt reiknað næmi verðmæti barnalífeyris Pálínu Margrétar kr. 21.618.00, Stefaníu Diljár kr. 43.264.00, Þorvalds kr. 55.748.00 og Ernu kr. 103.588.00.

Þegar litið er til gagna um tjón áfrýjenda, lagasjónarmiða um ákvörðun dánarbóta, sakarskiptingar þeirrar, sem ákveðin er í I. kafla hér að framan, og annars þess, sem hér skiptir máli, verður að telja, að áfrýjendur hafi með fyrrgreindri greiðslu frá Samvinnutryggingum fengið að fullu goldinn þann hluta tjóns síns, sem þeir gátu krafið úr hendi stefndu þann dag. Eiga áfrýjendur því ekki rétt á frekari bótum úr hendi þeirra. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda í máli þessu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, sem ákveðast kr. 90.000.00.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 19. desember 1967. Á dómþingi 26. mars 1968 fengu lögmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Málið kom næst fyrir á bæjarþingi 21. janúar 1971. Lögðu lögmenn aðilja þá fram nokkur gögn, lýstu gagnaöflun lokið, og fór þá fram munnlegur málflutningur. Ber að átelja þennan drátt.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Kristinn Valdimarsson og Auðberg Óli Valtýsson, eiga að vera sýknir í máli þessu af kröfum áfrýjenda, Sigurlilju Þórólfsdóttur, Pálínu Margrétar Reynisdóttur, Stefaníu Diljár Reynisdóttur, Þorvalds

Reynissonar og Sigurlilju Þórólfsdóttur vegna ófjárráða dóttur sinnar, Ernu Reynisdóttur.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00.

Sératkvæði

Ármanns Snævars hæstaréttardómara.

Ég tel skiptingu sakar vegna bótaábyrgðar stefndu gagnvart áfrýjendum hæfilega ákvarðaða í héraðsdómi með vísan til raka hans. Ég er sammála þeim undirstöðusjónarmiðum, sem meiri hluti dómenda beitir við ákvörðun bóta til áfrýjenda úr hendi stefndu. Niðurstaða mín verður einnig sú, að með greiðslu Samvinnutrygginga 28. janúar 1966 sé áfrýjendum að fullu goldinn sá hluti heildarbóta, er þeir gátu krafið úr hendi stefndu þann dag, miðað við framangreinda sakarskiptingu.

Með þessari athugasemd er ég sammála niðurstöðu í dómi meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði frú Sigurlilja Þórólfsdóttir, Þórustíg 8, Ytri-Njarðvík, vegna sjálfrar sín, dánarbús Reynis Þorvaldssonar og fjögurra ófullveðja barna sinna, þeirra Pálínu Margrétar, Stefaníu Diljár, Þorvalds og Ernu Reynisbarna, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. desember 1967, á hendur Jóni Kristni Valdimarssyni, Mávabraut 10 D í Keflavík, og Auðberg Óla Valtýssyni, Kirkjufelli, Vestmannaeyjum, til greiðslu dánarbóta in solidum að fjárhæð kr. 2.128.334.50 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í þinghaldinu 25. janúar 1971 hækkuðu stefnendur fjárhæð dómkröfu sinnar með samþykki lögmanna stefndu án framhaldsstefnu í kr. 2.552.194.50 með vöxtum eins og í stefnukröfu svo og til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi fékk gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 19. janúar 1971.

Stefndu hafa hvor um sig aðallega krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr þeirra hendi, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en báðir stefndu hafa fengið gjafvarnarleyfi, takmarkað við kr. 80.000.00 kostnað, stefndi Jón Kristinn með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 27. febrúar 1969, og stefndi Auðberg Óli með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 13. mars 1969, en til vara stórlegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt sunnudagsins 1. september 1963 ók stefndi Auðberg Óli bifreiðinni A 28, eign stefnda Jóns Kristins, eftir Reykjanesbraut í Ytri-Njarðvík. Er bifreiðin kom að gatnamótum við afleggjara að samkomuhúsi Njarðvíkur, varð Reynir Þorvaldsson, Þórustíg 8 í Ytri-Njarðvík, fyrir bifreiðinni, og beið hann nær samstundis bana. Reynir Þorvaldsson var 39 ára að aldri og lét eftir sig ekkju og fjögur börn á aldrinum 2—13 ára, þ. e. stefnendur málsins, er nú gera skaðabótakröfu á hendur stefndu í máli þessu. Verða kröfur stefnenda sundurliðaðar síðar.

Skýrslur voru teknar af stefndu og vitnum um umræddan atburð í sakadómi Keflavíkur og af lögreglunni í Keflavík. Verða skýrslur þessar nú raktar að því leyti sem þær kunna að hafa þýðingu fyrir úrslit málsins.

Auðberg Óli Valtýsson skýrði svo frá, að hann og meðstefndi Jón Kristinn hafi skömmu fyrir miðnætti laugardagskvöldið 31. ágúst 1963 farið í ökuferð í Volkswagen bifreið stefnda Jóns Kristins, A 28, af árgerð 1963. Hafi þeir ekið um Keflavíkurkaupstað, en síðan til Sandgerðis og hafi Jón Kristinn ekið bifreiðinni. Á leiðinni til baka frá Sandgerði hafi Jón Kristinn kvartað undan höfuðverki og því falið sér að aka bifreiðinni til baka, sem hann kvaðst hafa verið fús til, þar sem hann sjálfur hafi átt bíl sömu tegundar og haft ökuréttindi frá því í janúar 1962. Hann kveðst síðan hafa ekið bifreiðinni um Keflavíkurkaupstað og Reykjanesbraut að samkomuhúsi Njarðvíkur, en þar hafi þeir verið staddir, er dansleik lauk. Hafi þá komið til þeirra stúlka að nafni Hrönn Þormóðsdóttir úr Keflavík, er þeir hafi kannast við, og beðið þá

að aka sér heim. Kvað Auðberg Óli stúlkuna hafa sest í aftursæti bifreiðarinnar. Kvaðst hann síðan hafa ekið frá samkomuhúsinu og til Keflavíkur, snúið þar við og ekið Reykjanesbraut í suður að Kaupfélaginu í Ytri-Njarðvík. Þaðan hafi hann síðan ekið til baka í átt til Keflavíkur. Dimmt hafi verið af nóttu, en veður hafi verið gott, ekki hafi rignt. Hann taldi götulýsingu á leiðinni ekki hafa verið sem besta, en hann kvaðst þó ekki hafa veitt því athygli, hvort ljós hafi logað á öllum götuljóskerum. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni með fullum ökuljósum, en kvaðst þó ekki geta munað, hvort þau hafi verið tendruð á lægri eða hærri ljósgeisla. Hann kvað sig minna að hafa ekið bifreiðinni í öðru ganghraðastigi, en bifreiðin sé fjórskipt, og telur ökuhraðann hafa verið 30 km eða rúmlega það. Taldi hann bifreiðaumferð í umrætt sinn hafa verið litla og mundi ekki til að hafa mætt bifreið nálægt slysstaðnum. Ekki kveðst hann hafa ekið fram úr neinni bifreið um þetta leyti og ekki muna eftir bifreiðum á undan sér á sömu leið. Hins vegar kvað hann bifreið hafa beðið við biðskyldumerki á gatnamótum Reykjanesbrautar og vegar þess, sem liggur að samkomuhúsinu, þar sem slysið varð. Skyndilega hafi hann séð mann á veginum og hafi sér virst hann koma á móti bifreiðinni. Taldi hann manninn hafa komið snögglega út á veginn í átt frá bíl þeim, sem við vegamótin stóð. Kvaðst hann samstundis hafa hemlað með fullu átaki, en engum togum hafi skipt, að bifreiðin rakst á manninn. Hann kvað mann þennan hafa verið dökkklæddan, en ekki kvaðst hann geta sagt til um, hvort maðurinn hafi ætlað að stöðva bifreiðina. Hann kvað ekkert hafa truflað akstur sinn fyrir slysið og ekki hafi hann verið að tala við farþegana. Hann kvaðst ekki hafa ekið eftir vegjaðri Reykjanesbrautarinnar, heldur nokkuð inni á veginum. Hann kvaðst strax hafa farið út úr bifreiðinni, en bifreiðarstjóri bifreiðar þeirrar, sem beðið hafi við gatnamótin, hafi kallað upp í talstöð bifreiðar sinnar um aðstoð lögreglu og læknis, sem komu á staðinn nokkru síðar.

Jón Kristinn Valdimarsson skýrði eins frá og Auðberg Óli um ferðir þeirra félaga. Hann taldi Auðberg Óla hafa ekið eðlilega, ekki hratt, og ekkert hafi truflað akstur hans. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, í hvaða ganghraðastigi bílnum var ekið fyrir slysið, en hélt, að honum hafi verið ekið í þriðja ganghraðastigi. Ekki treysti hann sér til að giska á um hraða bifreiðarinnar. Hann minnti, að Auðberg Óli hafi ekið með fullum ökuljósum, en treysti sér ekki til að muna, hvort hann hafi ekið með hærri eða lægri geisla tendraðan. Skyndilega kvaðst hann hafa séð dökka veru

stökkva í veg fyrir bifreiðina og „slangra“ út höndunum og hafi verið því líkast, að hún hafi ætlað að stöðva bifreiðina. Kvað hann Auðberg Óla hafa snögghemlað um leið, en engum togum hafi skipt, að maðurinn varð fyrir bifreiðinni. Hann kvað hemlaför eftir bifreiðina hafa verið 7 metra. Kvað hann ljós hafa verið á ljósastaurum, en myrkur á slysstaðnum. Hins vegar hafi veður verið gott.

Vitnið Hrönn Þormóðsdóttir skýrði eins frá um ferðir þeirra í bifreiðinni og báðir stefndu hér að framan. Sagði hún, að skömmu áður en þau hafi komið að afleggjaranum að samkomuhúsi Njarðvíkur, hafi maður snögglega komið út á akbrautina frá vinstri. Maður þessi hafi verið í mjög dökkleitum fötum og því mjög erfitt að greina hann í myrkrinu. Hún kvaðst ekki hafa séð mann þennan, fyrr en rétt í þann mund er slysið varð. Hún kvað bifreiðinni hafa verið ekið á hægri ferð, meðan hún var í henni, en ekki kvaðst hún hafa veitt hraðamæli bifreiðarinnar sérstaka athygli. Hún kvað mann þann, er fyrir bifreiðinni varð, hafa lent á vinstra frambretti hennar og kastast síðan á framrúðuna, sem hafi brotnað. Hann muni síðan hafa kastast til baka, þar sem hann lá skammt fyrir framan bifreiðina inni á afleggjaranum að samkomuhúsinu.

Vitnið Birgir Ólafsson kvaðst um klukkan 0230 umrædda nótt hafa verið staddur í leigubifreið sinni, Ö 431, við samkomuhús Njarðvíkur. Hann kvaðst síðan hafa ekið með fullum ökuljósum frá samkomuhúsinu í átt að Reykjanesbraut og þá hafi hann veitt athygli bifreið, sem ekið var norður Reykjanesbrautina, og hafi sú bifreið verið með fullum ökuljósum. Ekki kvaðst hann geta sagt til um hraða þeirrar bifreiðar, en er hún hafi verið komin á móts við bifreið sína, hafi hann skyndilega séð mann hendast frá þeirri bifreið í götuna og hafi þeirri bifreið verið hemlað um leið. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við mann þennan fyrir slysið. Kvaðst hann strax hafa kallað upp í talstöð í bifreiðinni og beðið um aðstoð lögreglu og læknis.

Vitnið Gylfi Þ. Ólafsson kvaðst hafa verið farþegi í Ö 431 og hafi hann setið í framsæti bifreiðarinnar. Er Ö 431 hafi átt eftir um eina bíllengd að Reykjanesbrautinni, hafi henni verið snögghemlað. Hafi sér þá verið litið til hægri og séð þá, hvar maður kom fljúgandi í átt að Ö 431 og hafi hann stöðvast skammt fyrir framan bifreiðina. Mun maður þessi hafa kastast um 2—3 metra, eftir að hann hafi veitt honum athygli. Hann kvaðst ekki hafa veitt A 28 athygli fyrir slysið, og ekki kvaðst hann hafa séð manninn lenda á bifreiðinni.

Vitnið Guðbrandur Kristjánsson, sem einnig var farþegi í Ö 431, staðfesti framburð Gylfa Ólafssonar sem réttan.

Vitnið Ingimundur Pétursson kveðst hafa ekið leigubifreið sinni norður Reykjanesbrautina rétt fyrir slysið, 40—50 metra fyrir aftan A 28. Kvaðst hann hafa ekið með 40—50 km hraða og hafi sér virst bilið á milli bifreiðanna haldast nokkuð jafnt. Þó hafi hann ekki litið á hraðamælinn. Hann kvaðst hafa ekið í þriðja ganghraðastigi bifreiðarinnar, sem hafi fjögur ganghraðastig. Hann kvað A 28 hafa verið ekið í um 1 meters fjarlægð frá vegjaðri Reykjanesbrautarinnar. Hann hafi ekki séð, er maðurinn varð fyrir A 28, en hann hafi þó séð hemlaljós frá bifreiðinni, er henni var hemlað.

Vitnið Albert Albertsson lögregluvarðstjóri kvaðst hafa verið við löggæslu í Samkomuhúsi Njarðvíkur umrætt laugardagskvöld. Í samkomuhúsinu kvaðst hann hafa veitt Reyni Þorvaldssyni athygli, en þó ekki það mikla, að hann gæti sagt um, hvort hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Að dansleiknum loknum kvaðst hann hafa séð Reyni, þar sem hann hafi gengið í átt að samkomuhúsinu, og hafi sér þá virst Reynir reika í spori.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem gerð var skömmu eftir slysið, er vettvangi lýst á þá leið, að yfirborð vegarins hafi verið malborið, laust og óslétt, myrkur hafi verið, birtan slæm, raflýsing. Veðri er lýst sem björtu, en færi hafi verið blautt.

Bifreiðin A 28, sem verið hafði í vörslu lögreglunnar, frá því er slysið varð, var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanni hinn 2. september 1963. Segir í vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins, að við skoðunina hafi bifreiðin reynst í lagi.

Krufning á líki Reynis Þorvaldssonar var framkvæmd þann 3. september 1963. Í krufningarskýrslu segir m. a., að alkóhólrannsókn í blóði hafi sýnt 1.10‰.

Opinbert mál var höfðað á hendur stefnda Auðberg Óla vegna slyssins fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 16. gr., sbr. 44. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu nr. 160/1943. Í forsendum dóms sakadóms Keflavíkur, uppkveðnum 27. september 1963, segir svo m. a.: „Orsök slyss þess, er hér er um fjallað, má telja samverkandi óvarkárni Reynis heitins, sem þarna var ölvaður einn á ferð, dökkklæddur úti á akbrautinni, og of hraðan akstur ákærða í máli þessu miðað við aðstæður.“ Varð niðurstaða sakadóms sú, að stefndi Auðberg Óli

taldist hafa brotið gegn fyrrgreindum refsiákvæðum, en við ákvörðun refsingarinnar var vísað til 51. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga og hann dæmdur til að greiða til ríkissjóðs kr. 3.500.00 í sekt, og kæmi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, og sviptur var hann ökuleyfi í 10 mánuði frá slysdegi að telja. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að stefndi Auðberg Óli eigi einn sök á slysinu. Hann hafi ekið bifreiðinni í margnefnt sinn án nægilegrar varkárni og of hratt miðað við aðstæður, í náttmyrkri og slæmu skyggni. Reisa þeir kröfur sínar á hendur stefndu á fébótaábyrgðarreglum umferðarlaga nr. 26/1958.

Stefndi Auðberg Óli styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slysið verði á engan hátt rakið til óaðgæslu hans við akstur bifreiðarinnar, heldur að öllu leyti til óaðgæslu Reynis Þorvaldssonar sjálfs. Auðberg Óli hafi ekið bifreiðinni undir hámarkshraða og eðlilega miðað við aðstæður. Hann hafi í alla staði verið vel fyrirkallaður til akstursins og ekki hafi hann truflast við aksturinn af farþegunum í bifreiðinni. Upplýst sé, að Reynir Þorvaldsson var ölvaður og kom skyndilega, dökkklæddur, út úr myrkrinu og í veg fyrir bifreiðina, svo nærri henni, að ógerningur hafi verið fyrir Auðberg Óla að stöðva hana á því færi. Komi það og í ljós af framburðum þeirra, sem um geta borið, að enginn varð var við Reyni, fyrr en hann birtist skyndilega fyrir framan bifreiðina. Jafnvel þótt stefnda Auðberg Óla yrði gefið einhver sök á slysinu, þá gæti sú sök aldrei verið nema mjög óverulegur hluti sakarinnar. Í því sambandi bendir stefndi Auðberg Óli á það, að stefnendum hafi verið greiddar kr. 560.000.00 frá Samvinnutryggingum hinn 28. janúar 1966, en sú fjárhæð á þeim tíma hafi verið nægilega há til að fullnægja hluta Auðbergs Óla á sök slyssins.

Varakrafa stefnda Auðbergs Óla er byggð á mótmælum á einstökum kröfuliðum sem allt of háum. Þar að auki sé ekki reiknað með því, að bæturnar séu skattfrjálsar, og heldur ekki sé gert ráð fyrir hagræðingu af því að fá bæturnar greiddar í einu lagi. Þá sé og ekki tekið tillit til greiðslna bóta frá almannatryggingum vegna fráfalls Reynis Þorvaldssonar. Þá mótmælir stefndi Auðberg Óli vaxtakröfum sem of háum og fyrndum að hluta.

Kröfur stefnda Jóns Kristins eru byggðar á sömu rökum og kröfur stefnda Auðbergs Óla, og mótmæli hans eru hin sömu á einstökum kröfuliðum svo og vöxtum. Þá mótmælir hann öllum kröfum stefnenda sem niðurföllnum vegna vangeymslu og held-

ur því fram, að stefnendur hafi fengið allt hugsanlegt tjón sitt að fullu bætt með greiðslu Samvinnutrygginga á umræddum kr. 560.000.00 hinn 28. janúar 1966.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður að svo miklu leyti sem unnt er nú. Vegurinn er malbikaður, en var, eins og áður greinir, malarborinn, er slysið varð. Vegurinn er láréttur, beinn og breiður, en göngubraut er ekki meðfram honum samkomuhússmegin. Leyfður hámarkshraði á veginum er 45 kílómetrar á klukkustund, og mun svo einnig hafa verið á slystímanum.

Stefnda Auðberg Óla minnti, að hann hafi ekið bifreiðinni með 30 kílómetra hraða eða rúmlega það, en vitnið Ingimundur Pétursson, sem ók á eftir A 28 og virtist bilið milli bifreiðanna haldast nokkuð jafnt, taldi sig hafa ekið sinni bifreið með 40—50 kílómetra hraða, en leit þó ekki á hraðamæli. Farþegar í A 28 hafa ekki getað borið um ökuhraðann. Stefndi Jón Kristinn taldi aksturinn hafa verið í alla staði eðlilegan, en treystir sér ekki til að bera um hraðann sérstaklega, og vitnið Hrönn kvað bifreiðinni hafa verið ekið á hægri ferð, meðan hún var í henni. Samkvæmt uppdrætti lögreglumanna af vettvangi, gerðum strax eftir slysið, eru hemlaför eftir A 28 7 metrar. Af þessu verður eigi séð, að ökuhraði A 28 hafi verið óeðlilegur við venjulegar aðstæður. Hins vegar var dimmt af nóttu, er slysið skeði, og götulýsing, að sögn stefnda Auðbergs Óla, ekki sem best. Auðberg Óli vissi, að dansleik var lokið í samkomuhúsinu þá rétt áður. Bar honum því að sýna sérstaka varúð við aksturinn, er hann nálgaðist samkomuhúsið, þar sem hann mátti ætla, að síðbúnir samkomugestir kynnu þar að vera á ferð. Verður því að telja, að hann hafi í umrætt sinn ekki sýnt nægilega aðgæslu í akstri bifreiðarinnar og orsök slyssins megi að nokkru rekja til þess aðgæsluskorts hans. Ber hann því fébótaábyrgð gagnvart stefnendum á því tjóni, sem þau hafa orðið fyrir vegna slyssins, að því leyti sem sök hans verður metin. Í sama mæli ber stefndi Jón Kristinn ásamt meðstefnda Auðberg Óla fébótaábyrgð gagnvart stefnendum samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Af framburðum þeirra, sem um hafa borið og raktir hafa verið hér að framan, verður eigi annað ráðið en að Reynir heitinn Þorvaldsson hafi, dökkklæddur, skyndilega komið úr náttmyrkrinu út á akbrautina í veg fyrir A 28, sem ekið var með fullum ljósum, er hún átti mjög skammt eftir að honum. Verður að telja, að til þeirrar háttsemi hans, sem var mjög varhugaverð, megi rekja

orsakir slyssins að töluverðu leyti. Af þeim sökum verða stefnendur að bera tjón sitt sjálfir að þeim hluta, sem sök Reynis heitins verður metin.

Þegar það allt er virt, sem hér að framan er rakið, þykir hæfilegt að leggja á stefnda Auðberg Óla 2/5 hluta sakar á slysinu, en 3/5 hluta hennar á Reyni heitinn Þorvaldsson.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur reiknað út tjón stefnenda fyrir missi framfæranda. Var fyrsti útreikningur hans gerður hinn 5. nóvember 1963, en síðan nokkrum sinnum að nýju vegna breytinga, sem orðið höfðu á kauplagi milli hinna ýmsu útreikninga. Hinn 26. nóvember 1970 reiknar tryggingafræðingurinn tjónið allt upp að nýju. Í þeim útreikningi getur tryggingafræðingurinn þess, að Reynir heitinn hafi verið 39 ára á slysdegi og ekkja hans 34 ára. Í útreikningi sínum umreiknar tryggingafræðingurinn tekjur Reynis heitins þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið, þ. e. árin 1960—1962, til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum þar frá. Miðað við það áætlar hann síðan vinnutekjur Reynis heitins 1. til 7. árið eftir slysið sérstaklega og síðan árlega. Út frá þessum grundvelli áætlar tryggingafræðingurinn tap stefnanda Sigurlilju. Gerir hann þá ráð fyrir, að börn Reynis heitins hefðu til 16 ára aldurs notið af tekjum hans sem svarar barnalífeyri, en Sigurlilja notið afgangsins til jafns við mann sinn. Reiknast tryggingafræðingnum verðmæti taps hennar nema á slysdegi kr. 2.067.799.00. Í annan stað reiknar tryggingafræðingurinn út þetta tap Sigurlilju, en byggir þá útreikninga sína á tekjum Reynis heitins fyrir 8 mánuði slysaársins eingöngu. Nemur verðmæti tapsins þá kr. 2.229.734.00. Í útreikningum sínum notar tryggingafræðingurinn lífrentu á líf beggja og gerir ráð fyrir starfhæfu lífi fyrir Reyni heitinn.

Það kemur fram í útreikningi tryggingafræðingsins, að Sigurlilja hafi lítillega unnið utan heimilis á þeim þrem árum, sem reiknað er með varðandi Reyni heitinn. Tryggingafræðingurinn umreiknar tekjur Sigurlilju þetta tímabil til kauplags á slysdegi á sama hátt og hann umreiknar tekjur Reynis heitins og síðan samkvæmt breytingum á kvennataxta Iðju. Áætlar hann síðan vinnutekjurnar á sama hátt og Reynis heitins, og reiknast hagnaður hennar á slysdegi nema kr. 80.994.00.

Þá getur tryggingafræðingurinn þess, að Sigurlilja eigi rétt á mæðralaunum frá Tryggingastofnun ríkisins, þar til yngsta barnið nær 16 ára aldri. Tekur hann síðan upp sundurliðuð mæðralaunin

fyrstu 12 árin eftir slysið og síðan árlega, og reiknast honum verðmæti mæðralaunanna nema á slysdegi kr. 134.353.00.

Að lokum reiknar tryggingafræðingurinn út verðmæti barnalífeyris fyrir börnin, sem reynist á slysdegi:

Fyrir	Pálínu Margréti	kr. 21.618.00
—	Stefaníu Diljá	— 47.992.00
—	Þorvald J.	— 63.019.00
—	Ernu	— 124.954.00

Þess er getið, að ekki hafi verið gerður í útreikningnum frádráttur vegna opinberra gjalda. Við útreikninginn notar tryggingafræðingurinn 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla og kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Hinn 19. janúar 1971 gerir tryggingafræðingurinn viðbótarútreikning. Samkvæmt þeim útreikningi hækkar verðmæti mæðralauna á slysdegi vegna breytinga á bótum almannatrygginga í kr. 135.604.00 og verðmæti barnalífeyris barnsins Ernu í kr. 130.738.00. Þá segir í útreikningi þessum, að samkvæmt lögum um almannatryggingar hafi Sigurlilja ekki átt rétt á neinum ekkjulífeyri vegna fráfalls manns síns. Hins vegar hafi hún rétt á ekkjubótum samkvæmt 19. gr. laganna og muni þess vegna hafa fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 23.734.00, en verðmæti þess nemi á slysdegi kr. 22.943.00.

Í kröfum sínum í málinu byggja stefnendur á þessum útreikningum tryggingafræðingsins (hærri tekjuviðmiðunartölu Reynis heitins), en kröfurnar sundurliða stefnendur þannig:

A. Krafa Sigurlilju Þórólfsdóttur persónulega:

1.	Bætur fyrir missi framfæranda	kr. 2.229.734.00	
	÷ áætlað verðmæti eigin tekna	— 80.994.00	
		Kr. 2.148.740.00	
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 500.000.00	kr. 2.648.740.00

B. Krafa Pálínu Margrétar Reynisdóttur:

1.	Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	21.618.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	25.000.00	kr.	46.618.00
C.	Krafa Stefaníu Diljár Reynisdóttur:				
1.	Bætur fyrir missi framfæranda	—	47.992.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	40.000.00	—	87.992.00
D.	Krafa Þorvalds J. Reynissonar:				
1.	Bætur fyrir missi framfæranda	—	63.019.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	50.000.00	—	113.019.00
E.	Krafa Ernu Reynisdóttur:				
1.	Bætur fyrir missi framfæranda	—	130.738.00		
2.	Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	60.000.00	—	190.738.00
F.	Krafa dánarbús Reynis Þorvaldssonar:				
	Útfararkostnaður			—	12.000.00
G.	Sameiginleg krafa ekkju og barna:				
1.	Endurrit dómsgerða í sakamálinu	—	187.50		
2.	Bótaútreikningur Þóris Bergssonar	—	12.900.00	—	13.087.50
			Samtals	kr.	3.112.194.50
			Frá dregst greiðsla Samvinnutrygginga	—	560.000.00
			Samtals	kr.	2.552.194.50

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til meðferðar.

Um kröfulið A.

1. Fjárhæð þessa kröfuliðs er byggð á útreikningi framangreinds tryggingafræðings, eins og áður greinir. Stefndu hafa mótmælt lið þessum tölulega sem allt of háum og órökstuddum.

Við ákvörðun bóta samkvæmt kröfulið þessum ber að hafa í huga skattfrelsi bóta þessara, það hagræði að fá þær greiddar í einu lagi, það, að ekkjan hafði fjögur börn á framfærslualdri og að hún hefur eigi gifst að nýju. Að öllu þessu athuguðu og öðru því, sem máli þykir skipta, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 1.225.000.00, og hafa þá verið dregin frá verðmæti hagnaðar eigin vinnu og samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna.

2. Það þykir ljóst, að ekkjan hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við fráfall manns síns. Með tilliti til aldurs hennar og hags hennar að öðru leyti þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 175.000.00.

Um kröfulið B.

1. og 2. Fjárhæðir þessara kröfuliða eru byggðar á útreikningi tryggingafræðingsins um barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og áætluðu tjóni fyrir röskun á stöðu og högum.

Stefndu mótmæla fjárhæðum þessara kröfuliða sem allt of háum og órökstuddum.

Telja verður, að barnið Pálína Margrét hafi orðið fyrir meira tjóni vegna missis framfæranda, sem fari fram úr hinu lögskipaða meðlagi frá almannatryggingum, enda verður að reikna með því, að verðmæti þeirrar framfærslu, sem hún hefði notið frá föðurnum, hefði numið hærri upphæð. Þykja bætur til hennar, þegar öll atriði eru virt, sem máli þykja skipta, hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum kr. 40.000.00.

Um kröfuliði C, D og E.

1. og 2. Sömu rök liggja til grundvallar bótum samkvæmt þessum kröfuliðum og sagt var um kröfulið B hér að frman. Þykja bætur til hér greindra barna með sama hætti hæfilega ákveðnar í einu lagi fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, til Stefaníu Diljár kr. 85.000.00, til Þorvalds J. kr. 100.000.00 og til Ernu kr. 175.000.00.

Um kröfulið F.

Fjárhæð kröfuliðs þessa hefur ekki tölulega verið mótmælt sérstaklega, og verður við hann að miða við niðurstöðu dómsins.

Um kröfulið G.

Þessum kröfulið hafa stefndu mótmælt sérstaklega, þar sem ástæðulaust hafi verið af stefnendum að láta reikna út tjón sitt svo oft sem orðið hefur.

Dómarinn telur rétt að afstaða til þessa kröfuliðs verði tekin við ákvörðun kostnaðar í málinu.

Samkvæmt þessu framansögðu nemur heildartjón stefnenda af völdum slyssins samtals kr. 1.812.000.00 (1.225.000.00 + 175.000.00 + 40.000.00 + 85.000.00 + 100.000.00 + 175.000.00 + 12.000.00). Stefndu bæru því með tilliti til þess, sem að framan er rakið 2/5 hluta þess, eða kr. 724.800.00.

Eins og fyrr er rakið, greiddu Samvinnutryggingar stefnendum kr. 560.000.00 upp í tjón þeirra hinn 28. janúar 1966. Á þeim tíma, er slysið varð, var ábyrgðarskyldutrygging fyrir bifreiðar samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 kr. 500.000.00. Með tilliti til þess var umrædd fjárhæð innt af hendi af vátryggingarfélaginu, en kr. 60.000.00 var til greiðslu vaxta og innheimtulauna.

Samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 27. febrúar 1971, svarar verðmæti kr. 500.000.00 þann 1. febrúar 1966 til kr. 942.000.00 útreikningardaginn og verðmæti kr. 560.000.00 til kr. 1.055.040.00.

Með tilliti til þessa og alls þess, er að framan er rakið, telur dómarinn, að bótaskylt tjón til stefnenda úr hendi stefndu hafi hinn 28. janúar 1966 með þeirri greiðslu, er þá var innt af hendi til stefnenda, verið að fullu greitt. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 79.087.50, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður þeirra, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Auðbergs Óla greiðist úr ríkissjóði, samtals kr. 55.000.00, og renni hann til Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, þótt Guðmundur Malmquist, cand. jur., hafi með leyfi dómsmálaráðuneytisins og samþykki lögmannsins flutt málið í upphafi hér fyrir dómi sem prófmál.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Jóns Kristins, samtals kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Auðberg Óli Valtýsson og Jón Kristinn Valdimarsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnenda, Sigurlilju Þórólfsdóttur vegna sjálfrar sín, dánarbús Reynis Þorvaldssonar

og barna sinna, Stefaníu Diljár, Þorvalds, Ernu og Pálínu Margrétar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnenda, kr. 79.087.50, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti skipaður talsmaður þeirra, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Auðbergs Óla, kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns.

Gjafsóknarkostnaður stefnda Jóns Kristins, kr. 55.000.00, greiðist úr ríkissjóði, og renni hann til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Föstudaginn 24. maí 1974.

Nr. 147/1972: **Vélsmiðjan Þrymur h/f**
(Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Skilanefnd Sænsk-íslenska frystihússins h/f
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi byggir kröfu sína í máli þessu á reikningi áfrýjanda

í viðskiptamannabók stefnda og kveður stefnufjárhæðina, kr. 24.616.68, vera eftirstöðvar af verði kraftblakkar, er áfrýjandi keypti af honum. Er ekki tölulegur ágreiningur milli aðilja um fjárhæð þessa.

Áfrýjandi byggir aftur á móti sýknukröfu sína á því, að hann hafi að beiðni stefnda og á kostnað hans unnið að viðgerð á v/s Andra, BA 100, fyrir kr. 82.621.03, og séu reikningsviðskipti þeirra því áfrýjanda í hag um kr. 58.004.35.

Áfrýjandi hefur eigi fært sönnur að því, að greind viðgerð á v/s Andra, BA 100, hafi verið framkvæmd eftir beiðni stefnda og á reikning hans, eins og nánar er rakið í atvikalýsingu héraðsdóms.

Að svo vöxnu máli ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til, þó þannig, að gegn andmælum áfrýjanda verða ekki dæmdir hærri vextir en 7% ársvextir frá 31. desember 1967 til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vélsmiðjan Þrymur h/f, greiði stefnda, skilanefnd Sænsk-íslenska frystihússins h/f, kr. 24.616.68 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1967 til 16. maí 1973 og frá þeim degi með 9% ársvöxtum til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí s.l., hefur Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, höfðað f. h. skilanefndar Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. mars 1970, gegn Vélsmiðjunni Þrym h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 24.616.66 með 1% dráttarvöxtum frá 31. desember 1967 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Við munnlegan málflutning breytti stefnandi bótakröfu þannig, að hann krafðist 1% vaxta á mán-

uði af stefnufjárhæðinni frá 31. desember 1967 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað samkvæmt mati dómara.

Stefnandi segir kröfu sína byggða á viðskiptamannabók stefnanda. Sé krafan eftirstöðvar verðs kraftblakkar, sem stefndi hafi keypt af stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi haft á hendi viðgerðir fyrir ýmsa vélbáta, er stefnandi hafi gert út eða haft samninga við til hráefnisöflunar fyrir sig, og hafi m/s Andri, BA 100, verið einn þessara báta. Verkstjóri hjá stefnanda, Ólafur Ólafsson, hafi beðið stefnda fyrir viðgerð á þessum báti og hafi viðgerðarkostnaðurinn numið kr. 82.621.03, sbr. dskj. nr. 4. Ef stefnufjárhæðin sé dregin frá þessari fjárhæð, sé r..ismunurinn kr. 58.004.35 stefnda í hag og hafi ekki fengist greiddur þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Vegna máls þessa hafa komið fyrir dóm til yfirheyrslu Ólafur Ólafsson verkamaður, fyrrverandi starfsmaður Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Björn Gíslason, stjórnarformaður stefnda, Magnús Rafn Magnússon, fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Haukur Leósson, fyrrverandi bókari hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu h/f, Gunnar Guðjónsson, fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins h/f, Björgvin H. Björnsson, fyrrverandi verkstjóri hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu h/f, Valdimar Friðbjörnsson, fyrrverandi verkstjóri hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, og Jónas Ásmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Drangs h/f.

Fyrir dómi sagði Björn Gíslason, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, að fyrirsvarsmaður hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, Magnús R. Magnússon, hafi hringt í sig og beðið um, að stefndi annaðist viðgerð á m/s Andra og hafi Magnús sagt, að hann mundi svo senda Ólaf Ólafsson til þeirra í Þrym og mundi hann segja þeim, hvað þyrfti að gera, og fylgjast með verkinu. Svo hafi Ólafur Ólafsson komið til þeirra og hafi menn frá stefnda farið með Ólafi um borð í m/s Andra og Ólafur sýnt þeim, hvað þurfti að gera. Stefndi hafi annast viðgerðir á ýmsum bátum fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið og hafi frystihúsið yfirleitt greitt fyrir þær viðgerðir, en í sambandi við viðgerðina á m/s Andra þá hafi því verið haldið fram af hálfu frystihússins, að þetta kæmi þeim ekki við, og hafi Magnús Magnússon sagt, að ekki hafi verið beðið um þessa viðgerð af hálfu frystihússins, en Björn sagði, að það hafi verið margbúið að krefja frystihúsið um greiðslu fyrir

þessa viðgerð og hafi það verið gert, áður en frystihúsið hætti störfum.

Ólafur Ólafsson bar fyrir dómi, að hann hafi unnið hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu í um það bil 2 ár og hafi hann unnið þar sumarið 1966. Verkefni hans hafi verið að sjá um ýmislegt í sambandi við viðhald á bátum og veiðarfærum. Ólafur staðfesti sem rétt vottorð á dskj. nr. 5 og sagði, að það að biðja um viðgerð á m/s Andra hafi verið í verkahring hans, en áður hafi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins, Magnús R. Magnússon, verið búinn að tala við forstjóra Þryms um þessa viðgerð. Suðurfjarðarhreppur hafi átt m/s Andra á þessum tíma, og hélt Ólafur, að eigendur hafi gert skipið út, en um tíma hafi skipið lagt upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, og hélt Ólafur, að frystihúsið hafi verið kaupandi afla skipsins. Þetta hafi verið um tveggja til þriggja mánaða skeið, en skipið hafi verið á trolli um sumarið. Í sambandi við það, að m/s Andri lagði upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu hafi verið gerður samningur á milli frystihússins og eigenda skipsins þess efnis, að frystihúsið greiddi kostnað af því að gera skipið hæft til trollveiða, en þannig veiðar höfðu ekki verið stundaðar af skipinu. Ólafur sagðist hafa fylgst með viðgerðunum og fullyrti, að viðgerðirnar hafi eingöngu verið til að gera skipið hæft til trollveiða. Ólafur sagðist hafa séð þennan samning, en sagðist ekki muna að segja efni samningsins nema það, að frystihúsið skyldi greiða kostnað af útbúnaði til trollveiða. Á þessum tíma muni hafa verið algengt, að eigendur frystihúsa, hjá hverjum bátar lögðu upp, hafi greitt viðgerðarkostnað skipanna, en ekki treysti Ólafur sér til að segja um, hvort af hálfu fiskkaupendanna hafi eigendur skipanna verið krafðir um viðgerðarkostnaðinn seinna, en Ólafur hélt, að í samningnum á milli Sænsk-íslenska frystihússins og eigenda Andra hafi verið gert ráð fyrir, að Sænsk-íslenska frystihúsið eignaðist gálga og annað slíkt, sem sett hafði verið í bátinn vegna trollveiðanna, þá er m/s Andri hætti trollveiðum og hætti að leggja upp hjá frystihúsinu. Ekki gat Ólafur fullyrt þetta, en hélt, að svo hafi verið. Samningurinn vegna m/s Andra muni ekki hafa verið neitt óvenjulegur á þessum tíma. Eftir að m/s Andri hætti að leggja upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu, hafi komið með bíl frá Bíldudal gálgar, rúllur og hlerar úr m/s Andra og til frystihússins. Ekki sagðist Ólafur vita til þess, að aðrir hlutir hafi komið, og sagðist ekki muna, hvað hafi verið samið um vörpu eða hver hafi átt að leggja hana til.

Gunnar Guðjónsson sagði fyrir dómi, að hann hafi verið for-

stjóri Sænsk-íslenska frystihússins fram til ársins 1964, síðan í stjórn þess, en hann sé hluthafi í félaginu. Eftir að hann hætti sem forstjóri frystihússins, hafi hann ekkert fylgst með daglegum rekstri og um samninga við eigendur báta á árinu 1966 sé sér algerlega ókunnugt, en ekki sagðist Gunnar almennt vita um samninga að því lútandi, að frystihúsið annaðist viðgerð og viðhald bátanna, en stundum hafi frystihúsið tekið báta á leigu og þá hafi verið um það samið, að bátunum yrði skilað við lok leigutímans eins og þeir voru, þegar þeir voru teknir á leigu, að frádregnu eðlilegu sliti.

Magnús Rafn Magnússon sagði fyrir dómi, að hann hafi verið forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins og jafnframt hluthafi í því. Ekki sagðist Magnús muna neitt um samninga á milli Sænsk-íslenska frystihússins og eigenda m/s Andra. Fyrir dómi var Magnúsi kynnt meginefni framburðar Ólafs Ólafssonar og Björns Gíslasonar, en sagðist samt ekki muna, hvernig þessu hafi verið háttað. Magnús sagðist oft hafa talað við framkvæmdastjóra stefnda, þar sem stefndi hafi almennt annast viðgerðir fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið. Hafi einhver samningur verið á milli Sænsk-íslenska frystihússins og eigenda m/s Andra, þá eigi eigendur m/s Andra að geta lagt þann samning fram. Magnús sagði, að hann muni ekki um þetta ákveðna tilfelli, en almennt hafi Sænsk-íslenska frystihúsið ekki gert samninga við eigendur bátanna þess efnis, að Sænsk-íslenska frystihúsið kostaði viðgerðir á bátunum og þá ekki heldur, að frystihúsið kostaði breytingar á þeim vegna t. d. trollveiða. Til hafi verið fast form fyrir samninga milli frystihússins og bátaeigenda um, að bátarnir legðu fisk hjá frystihúsinu og að frystihúsið legði til ís og svo ef til vill einhverju bætt inn á þennan samning, en um viðgerðir sagðist Magnús aðeins muna eftir einu tilfelli, en þá hafi frystihúsið tekið að sér að kosta upptöku mótors í einum báti, en það hafi verið á árinu 1963. Oft hafi aðalreddarinn eða verkstjórar beðið um viðgerðir á bátum þeim, sem lögðu upp hjá frystihúsinu, en svo hafi frystihúsið oft greitt fyrir þessar viðgerðir af þeim fjárhæðum, sem eigendur bátanna áttu inni á reikningi sínum hjá frystihúsinu. Magnús sagði, að fyrir utan forstjórann hafi verið tveir prókúruhafar, þeir Gunnar Guðjónsson og Haukur Leósson, og þeir hafi getað gert samninga þess efnis, að Sænsk-íslenska frystihúsið tæki að sér að kosta viðgerðir eða breytingar á bátunum. Ekki sagðist Magnús muna eftir að hafa hringt í framkvæmdastjóra stefnda vegna m/s Andra. En hann hafi oft átt tal við framkvæmdastjóra stefnda, þar sem

Sænsk-íslenska frystihúsið hafi átt mikil viðskipti við stefnda.

Haukur Leósson sagði fyrir dómi, að hann hafi verið bókari hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu og hafi hann hætt störfum þar 15. maí 1967. Haukur taldi, að hann hafi unnið þarna um þrjú ár, hvorki hafi hann verið hluthafi né prókúruhafi. Ekki hafi hann haft heimild til að gera samninga f. h. frystihússins. Ekki sagðist Haukur muna eftir samningum á milli Sænsk-íslenska frystihússins og hinna ýmsu eigenda báta þeirra, sem lögðu upp hjá frystihúsinu, þess efnis, að frystihúsið kostaði viðgerðir og viðhald bátanna. Ekki sagðist hann muna eftir samningum á milli frystihússins og Drangs h/f. Haukur sagðist muna eftir því, að staðið hafi til, að m/s Andri legði upp hjá frystihúsinu, en sagðist halda, að ekki hafi orðið af því. Haukur sagðist muna eftir viðskiptum frystihússins við stefnda og hafi oft af hálfu frystihússins verið beðið um viðgerðir á bátum hjá stefnda og hafi svo frystihúsið greitt fyrir viðgerðirnar til stefnda, en svo hafi þær fjárhæðir verið færðar á reikning hinna einstöku báta í frystihúsinu og verið dregnar frá við uppgjör til eigenda bátanna. Haukur sagði, að Ólafur Ólafsson hafi unnið hjá frystihúsinu á sama tíma og hann og hafi það verið í verkahring Ólafs að sjá um viðgerðir á bátunum. Ekki sagðist Haukur muna eftir því, að frá Bíldudal hafi komið gálgar, rúllur eða hlerar eða annað úr m/s Andra. Haukur sagði, að svona samningar eins og hér hefur verið rætt um, hafi getað verið til, án þess að honum væri um það kunnugt, og vel geti verið, að gálgar, rúllur og hlerar hafi komið úr m/s Andra, án þess að honum væri um það kunnugt.

Björgvin H. Björnsson sagði fyrir dómi, að hann hafi unnið hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu og hafi hann verið verkstjóri þar. Björgvin sagðist halda, að hann hafi unnið þarna á árunum 1966 og 1967 og muni hann hafa hætt störfum þarna í ágúst 1967. Björgvin sagði, að sér væri ókunnugt um samninga á milli frystihússins og hinna ýmsu eigenda bátanna, sem þar lögðu upp. Hann minnti, að m/s Andri hafi lagt upp hjá frystihúsinu á þessum tíma, en var ókunnugt um samninga á milli eigenda bátsins og frystihússins. Björgvin sagði að sig minnti, að á þessum tíma hafi komið gálgar, rúllur og hlerar einhvers staðar að, en ekki var hann viss um, hvort þetta var úr m/s Andra eða öðrum báti, en bátarnir hafi verið margir, sem lögðu upp hjá frystihúsinu. Það hafi verið í verkahring Ólafs Ólafssonar að sjá um viðgerðir á bátunum.

Valdimar Friðbjörnsson sagði fyrir dómi, að hann hafi unnið

hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu frá því í desember 1962 og þar til í október eða nóvember 1967 og hafi hann verið verkstjóri þar. Valdimar sagði, að honum væri ókunnugt um samninga frystihússins við eigendur bátanna og sagðist ekkert vita um samninga á milli frystihússins og eigenda m/s Andra. Valdimar sagðist muna eftir, að m/s Andri hafi lagt upp hjá frystihúsinu og að komið hafi til frystihússins gálgar, rúllur og hlerar úr m/s Andra. Ekki mundi Valdimar, hvort varpa kom líka. Ekki sagðist Valdimar muna eftir öðru tilfelli, þar sem svona hlutir út bátunum kæmu til frystihússins, eftir að þeir væru hættir að leggja upp þar.

Jónas Ásmundsson sagði fyrir dómi, að hann hafi verið framkvæmdastjóri Drangs h/f á árinu 1966, en hann hafi verið við þetta starf í mörg ár og hafi hætt á árinu 1970. Gerður hafi verið skriflegur samningur á milli Sænsk-íslenska frystihússins og Drangs h/f, vegna þess að frystihúsið ætlaði að gera m/s Andra út og hafi frystihúsið gert bátinn út um sumartíma. Samningurinn eigi að vera til hjá h/f Drang, en Jónas sagðist muna nokkuð af efni samningsins, en það hafi verið, að frystihúsið skyldi útbúa bátinn til togveiða og láta í bátinn m. a. tvo gálga. Frystihúsið skyldi leggja til ís, akstur, vissa hundraðstölu í viðbótarfiskverð og einnig skyldi frystihúsið greiða viðhaldskostnað. Ekki mundi Jónas eftir, að sent hafi verið frá Bíldudal ýmsir hlutir úr m/s Andra, eftir að báturinn hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, heldur taldi hann, að þessir hlutir hafi verið teknir úr bátnum, þegar hann hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, og sagðist Jónas muna eftir að hafa séð gálga úr m/s Andra í porti frystihússins. Jónas tók fram, að hann hafi skrifað bréfið á dskj. nr. 7 og það bréf mundi hann ekki hafa skrifað án þess að kynna sér áður samninginn á milli h/f Drangs og frystihússins og muni efni bréfsins vera í samræmi við samninginn. Jónas sagði, að alla samninga vegna m/s Andra við frystihúsið hafi hann átt við tékkneskan mann, sem hafi íslenskt nafn, og hélt Jónas að hann héti Magnús Magnússon og hafi sá maður undirritað samninginn af hálfu frystihússins, en Jónas af hálfu Drangs h/f.

Stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að reikningnum hafi ekki verið mótmælt tölulega. Samningur sá, sem haldið sé fram af hálfu stefnda, að hafi verið á milli Drangs h/f og Sænsk-íslenska frystihússins, hafi ekki verið lagður fram. Fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins h/f muni ekkert eftir samningnum, aðrir starfsmenn en Ólafur Ólafsson muni ekki heldur eftir honum. Á dskj. nr. 5 haldi Ólafur því fram, að hann hafi

sjálfur beðið um viðgerð á m/s Andra, en fyrir dómi hafi Ólafur haldið því fram, að Magnús Magnússon hafi beðið um viðgerðina. Ólafur haldi því fram, að gálgar o. fl. hafi komið frá Bíldudal, forstjóri Drangs haldi því fram, að gálgar o. fl. hafi verið tekið úr skipinu í Reykjavík. Dskj. nr. 4 og 7 sýni, að stefndi hafi ekki talið, að hann væri að vinna fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið h/f. Ef stefndi vildi byggja rétt á samningnum, þá verði hann að sanna tilvist hans og innihald. Eina, sem fram sé komið um samninginn, sé framburður forstjóra Drangs h/f og Ólafs Ólafssonar, en Ólafur Ólafsson hafi ekki haft prókúru og ekki getað skuldbundið Sænsk-íslenska frystihúsið.

Af hálfu stefnanda er tilvist samningsins mótmælt, og einnig er því mótmælt, að Sænsk-íslenska frystihúsið hafi beðið um viðgerðina. En jafnvel þótt samningurinn væri til, þá gæti stefndi ekki beint kröfum sínum að Sænsk-íslenska frystihúsinu vegna þessa samnings.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að 145. gr. laga nr. 85 frá 1936 eigi við í þessu sambandi, en lögmaður stefnanda hélt því fram, að áður en hann hafi höfðað mál þetta, hafi hann reynt að kanna, hvort þessi samningur væri til og ekki getað fengið það upplýst.

Af hálfu stefnda eru sýknukröfur rökstuddar með því, að beðið hafi verið um viðgerð af hálfu Sænsk-íslenska frystihússins, og með vísan til samningsins á milli Drangs h/f og Sænsk-íslenska frystihússins. Framburður Ólafs Ólafssonar styðji það, að samningurinn hafi verið til, en það sé einmitt maður eins og Ólafur, sem eigi að vita um svona samninga, það sé í samræmi við starf Ólafs. Það, að gálgar, rúllur og hlerar komu frá Bíldudal, sanni tilvist samningsins. Einnig benti lögmaður stefnda á framburði þeirra Björgvins, Valdimars og Jónasar hinn 10. maí s.l. Magnús Magnússon, fyrrverandi forstjóri, hafi sagt fyrir dómi, að hann myndi ekkert um þetta. Í þessu sambandi benti lögmaður stefnda á, að hann hafi tvisvar sinnum stefnt Magnúsi Magnússyni til þess að koma fyrir dóm til samprófunar við Björn Gíslason, framkvæmdastjóra stefnda, en Magnús hafi ekki komið. Lögmaður stefnda hafi engin tök á því að útvega samninginn, en hann hafi gert það, sem hann gat í því skyni. Samningurinn muni vera til, en það sé stefnanda óhagkvæmt að leggja hann fram. Stefndi hefði ekki tekið að sér viðgerðina á m/s Andra, ef Sænsk-íslenska frystihúsið h/f hefði ekki beðið um viðgerðina. Drangur h/f sé

nú gjaldþrota. Um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar lögmaður stefnda einnig til dskj. nr. 9.

Í máli þessu hefur stefnufjárhæðinni ekki verið mótmælt tölulega, en stefndi hefur krafist sýknu vegna þess, að stefndi eigi hjá stefnanda kr. 82.621.03, en sé stefnufjárhæðin dregin frá þessari fjárhæð, sé mismunurinn kr. 58.004.35 stefnda í hag.

Það er viðurkennt í málinu, að Sænsk-íslenska frystihúsið h/f hafi átt mikil viðskipti við stefnda, sem hafi annast viðgerðir á bátum, sem lögðu upp frá frystihúsinu, og jafnframt að frystihúsið hafi oft greitt fyrir þessar viðgerðir af þeim fjárhæðum, sem eigendur bátanna áttu inni á reikningi sínum hjá frystihúsinu. Það verður að teljast upplýst með framburði ýmissa þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið vegna máls þessa, að m/s Andri hafi lagt upp hjá Sænsk-íslenska frystihúsinu um tíma, og einnig að það hafi verið í verkahring Ólafs Ólafssonar að sjá um viðgerðir á bátum fyrir frystihúsið. Þannig, að ekki er ólíklegt, að stefndi hafi verið beðinn um af hálfu Sænsk-íslenska frystihússins h/f að annast viðgerð á m/s Andra. En fyrir dómi bar framkvæmdastjóri og stjórnarformaður stefnda, að stefndi hafi annast viðgerðir á ýmsum bátum fyrir Sænsk-íslenska frystihúsið og hafi frystihúsið yfirleitt greitt fyrir þær viðgerðir. Það virðist því ekki hafa verið skilyrði fyrir því, að stefndi annaðist viðgerðir á bátum, sem lögðu upp hjá frystihúsinu, að frystihúsið greiddi sjálft fyrir viðgerðirnar.

Þegar litið er á dskj. nr. 4, sem er reikningur frá stefnda vegna vinnu við m/s Andra, BA 100, að fjárhæð kr. 82.621.03, þá sést, að reikningurinn er stílaður á Drang h/f, Patreksfirði, og er reikningurinn dagsettur 3. ágúst 1966. Á reikningnum stendur fyrir ofan Drang h/f „Sænsk-ísl. frystih. h.f. Rvík.“, og virðist það skrifað á öðrum tíma en reikningurinn í heild. Dskj. nr. 7 er bréf frá Drangi h/f, dags. 20. október 1966, og var það lagt fram af lögmanni stefnda, en samkvæmt bréfi þessu þá virðist stefndi hafa krafið Drang h/f um viðgerðarkostnaðinn, kr. 82.621.03, og fengið greiddar kr. 30.000.00 inn á reikninginn.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá virðist stefndi hafa talið sig eiga viðskiptin í sambandi við vinnuna í m/s Andra við Drang h/f, en ekki Sænsk-íslenska frystihúsið h/f, hver sem hefur beðið um viðgerðina.

Eins og áður er rakið, hefur af hálfu stefnda um rökstuðning fyrir sýknukröfu m. a. verið vísað til samnings, sem á að hafa

verið gerður á milli Drangs h/f, eigenda m/s Andra, og Sænsk-íslenska frystihússins h/f. Samningurinn hefur ekki verið lagður fram í málinu, og af þeim átta mönnum, sem hafa verið yfirheyrðir vegna máls þessa, hafa einungis tveir sagst vita um tilvist samnings þessa, þeir Ólafur Ólafsson, fyrrverandi starfsmaður frystihússins, og Jónas Ásmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Drangs h/f. Ekki er framburður þeirra Ólafs og Jónasar að öllu leyti samhljóða. Ólafur bar, að Suðurfjarðarhreppur hafi átt m/s Andra á þessum tíma og hafi verið gerður samningur á milli frystihússins og eigenda skipsins. Jónas bar, að gerður hafi verið samningur á milli Drangs h/f og frystihússins. Ólafur sagði, að eftir að m/s Andri hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, hafi komið með bíl frá Bíldudal, gálgar, rúllur og hlerar úr m/s Andra til frystihússins. Ekki mundi Jónas eftir, að sendir hafi verið frá Bíldudal ýmsir hlutir úr m/s Andra, eftir að báturinn hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, heldur taldi hann, að þessir hlutir hefðu verið teknir úr bátnum, þegar hann hætti að leggja upp hjá frystihúsinu, og sagðist Jónas muna eftir að hafa séð gálga úr m/s Andra í porti frystihússins.

Af hálfu stefnda hefur með vísan til 2. mgr. 145. gr. laga nr. 85 frá 1936 verið skorað á lögmann stefnanda að leggja fram samning milli stefnanda og útgerðar m/s Andra, BA 100, sbr. dskj. nr. 7 og vitnaframburð Ólafs Ólafssonar þann 14. apríl 1971.

Lögmaður stefnanda hefur haldið því fram, að samningur þessi sé ekki í vörslu stefnanda.

Það er af hálfu stefnda sem vísað er til samnings þessa um rökstuðning fyrir kröfum, en samkvæmt 147. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber lögmanni stefnda að sanna, að samningurinn sé til og að hann sé í vörslu stefnanda. Það þykir lögmaður stefnda ekki hafa gert.

En hvernig sem samningum á milli frystihússins og eigenda m/s Andra hefur verið háttað, þá hefði stefndi átt að vera óbundinn af þeim samningum.

Þá er Magnús R. Magnússon, fyrrverandi forstjóri Sænsk-íslenska frystihússins, kom fyrir dóm til yfirheyrslu hinn 30. apríl 1971, lofaði hann að koma síðar fyrir dóm til samprófunar við Björn Gíslason, framkvæmdastjóra stefnda, og var málinu ítrekað frestað í því skyni að fá Magnús R. Magnússon aftur fyrir dóm, en án árangurs. Lögmaður stefnda hefur tvisvar látið birta vitnastefnu, þar sem Magnúsi var stefnt til að bera vitni í málinu, en

Magnús mætti ekki, en honum ætti starfs síns vegna að hafa verið kunnugast um mál þetta.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þá þykir verða að taka kröfur stefnanda til greina, en með tilliti til málsatvika allra þá þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómarans.

Dómari var Auður Þorbergsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Vélsmiðjan Þrymur h/f, greiði stefnanda, skilanefnd Sænsk-íslenska frystihússins, kr. 34.618.68 með 1% vöxtum á mánuði frá 31. desember 1967 til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 28. maí 1974.

Nr.195/1971: **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Árna Halldórssyni
(sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Barði Þórhallsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1971. Krefst hann þess, að lögtak fari fram í eignum stefnda til tryggingar skattskuld að fjárhæð kr. 10.908.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 31. desember 1969 til 1. júní 1973 og með 11/2% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar greiddi stefndi áfrýjanda kr. 8.699.00, og er lögtakskrafan hér fyrir dómi kr. 19.-607.00 ÷ kr. 8.699.00 eða kr. 10.908.00.

Stefndi skilaði skattframtali sínu fyrir skattárið 1968 eftir lok framtalsfrests 1969, en áður en skattskrá var lögð fram. Skattstjóri áætlaði honum tekjur á grundvelli skattframtals hans, sem metið var sem kæra, og bætti við hreinar tekjur hans 15%, sbr. 3. og 6. málsgr. 47. gr. laga nr. 90/1965. Vefengir stefndi, að slíkt sé heimilt, og telur, að hækkunarheimildina eigi að miða við skattgjaldstekjur. Er frá því greint í hinum áfrýjaða úrskurði, hverjar skattgjaldstekjur þessar eru, og telja málsaðiljar þeim réttilega lýst. Óvefengt er í málinu, að ef skattgjaldstekjur eru lagðar til grundvallar við

framangreinda 15% tekjuhækkun, þá hafi stefndi þegar goldið skatta sína að fullu. Er úrlausnarefnið í máli þessu því einskorðað við það, hvort hækkunarheimild samkvæmt framansögðu miðist við hreinar tekjur stefnda eða skattgjaldstekjur hans.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965, sem gilda um skattákvörðun þá, er í málinu greinir, eru nokkur ákvæði, er hér skipta máli. Í 37. gr., 2. málsgr., laganna segir svo: „Telji skattþegn eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 1. mgr. 35. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að vera í raun réttri, sbr. þó 47. gr.“ Í 3. málsgr. 47. gr. segir, að skattstjóri skuli bæta 25% við tekjur skattþegns og eignir, sem hann áætlar honum, sbr. 37. gr., 2. málsgr., ef hann telur eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 35. gr., 1. málsgr., enda berist framtalsskýrsla hans, áður en skattskrá er lögð fram. Enn segir svo í 6. mgr. 47. gr., að framtal, sem berst á því tímabili, er segir í 3. málsgr. 47. gr., skuli metið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattþegn kærir álagningu eða ekki, „og skal þá miða skattmat við þær tekjur og/eða eign, sem réttar virðast skv. þá framkomnum gögnum og rökum. Má þá lækka viðurlög þau, sem um ræðir í 3. mgr. þessarar gr., í 15% af þannig ákvörðuðum tekjum og/eða eign“.

Þegar virt er orðalag framangreindra ákvæða og tengslin milli þeirra, þykir sýnt, að þau verði eigi skýrð á annan veg en þann, að viðurlög séu miðuð við hækkun hreinna tekna, svo sem haldið er fram af hálfu áfrýjanda, og eigi við hækkun skattgjaldstekna, svo sem stefndi byggir málssókn sína á. Leitt er í ljós með gögnum, sem fram eru lögð í Hæstarétti, að skattalagaframkvæmd hefur verið með þessum hætti. Með vísan til þessa og með því að eigi er tölulegur ágreiningur um dómkröfur áfrýjanda, ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar kr. 10.908.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1970 til greiðsludags, sbr. 46. gr. laga nr. 90/1965, en heimildarlaust er að krefja stefnda um 11/2% drátt-

arvexti á mánuði frá 1. júní 1973 samkvæmt 8. gr. laga nr. 60/1973, sbr. gildistökuákvæði 11. gr. þeirra laga.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi, og ber fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda, Árna Halldórssyni, til tryggingar kr. 10.908.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1970 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Kópavogs 26. nóvember 1971.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. nóvember s.l., ber að með eftirfarandi hætti:

Þann 9. október 1969 var tekið fyrir í fógetarétti Kópavogs að gera lögtak hjá Árna Halldórssyni hæstaréttarlögmanni, Hlíðarvegi 2, Kópavogi, til tryggingar þinggjöldum ársins 1969, kr. 92.419.00, og eftirstöðvum þinggjalda ársins 1968, kr. 23.117.00, eða samtals kr. 115.536.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Gerðarþoli var mættur í réttinum og mótmælti lögtakinu og óskaði eftir fresti til framlagningar greinargerðar. Hafði hann þá fengið nokkra lækkun á tekju- og eignarskatti ársins 1969. Var málinu frestað.

Málið var aftur tekið fyrir í fógetaréttinum 6. mars 1970. Óskaði þá umboðsmaður ríkissjóðs eftir fresti til framlagningar greinargerðar. Gerðarþoli upplýsti þá, að hann hefði sent kæru án rökstuðnings til ríkisskattanefndar um þau efni, sem hann telur eiga að hamla framgangi lögtaksgerðarinnar.

Í þinghaldi í málinu 20. mars 1970 greiddi gerðarþoli þann hluta þinggjalda sinna árið 1969, sem ekki er um deilt, eða kr. 72.812.00, og eldri eftirstöðvar voru greiddar, þannig að eftir var þá kr. 19.607.00 af tekjuskatti gerðarþola árið 1969, en þá upphæð telur gerðarþoli sér ekki bera að greiða. Var málinu síðan frestað ótiltekið, þar sem upplýst var, að það væri til meðferðar hjá ríkisskattanefnd.

Í þinghaldi 27. október 1971 var lagt fram bréf ríkisskattanefnd-

ar, dags. 14. október 1971, þar sem upplýst er, að gerðarþoli hafi dregið kæru sína til baka og málið sé því ekki lengur þar til meðferðar. Var málinu þá enn frestað vegna forfalla umboðsmanns ríkissjóðs.

Þann 4. nóvember s.l. fór fram munnlegur flutningur málsins.

Af hálfu gerðarbeiðanda er þess krafist, að hin umbeðna lögtaksgerð nái fram að ganga til tryggingar eftirstöðvum af tekjuskatti gerðarþola árið 1969, kr. 19.607.00, og að gerðarbeiðanda verði úrskurðaður hæfilegur málskostnaður eða hann eftir atvikum felldur niður.

Gerðarþoli krefst þess aðallega, að ekki verði heimilað lögtak fyrir eftirstöðvum tekjuskatts síns fyrir árið 1969, en til vara, að allar lækkanir komi til frádráttar, áður en viðurlögum sé bætt ofan á. Krefst hann í báðum tilvikum hæfilegs málskostnaðar eða eftir atvikum niðurfellingu hans.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að tekjuskattur gerðarþola árið 1969 sé réttilega útreiknaður og álagður. Verði því algerlega að byggja á þeim útreikningum, meðan ekki sé sýnt fram á, að þeir séu rangir. Hins vegar megi vera, að ákvörðun viðurlaga sé í óbilgjarnara lagi.

Gerðarþoli byggir kröfur sínar á því, að tekjuskattur sinn árið 1969 sé ekki rétt álagður. Kveður hann skattframtal sitt hafa borist skattstjóra, eftir að framtalsfresti lauk, og hafi framtalið verið lagt til grundvallar álagningu með eftirtöldum breytingum:

1. Leiðréttingar voru gerðar á tekjuliðunum eigin húsaleigu, vaxtatekjum og fjölskyldubótum og gjaldaliðnum eignarútsvari. Kveðst gerðarþoli ekki gera ágreining um þau atriði.

2. Skattstjóri neitaði að viðurkenna gjaldaliði á rekstrarreikningi að fjárhæð samtals kr. 30.989.00, þ. e. strikaðir eru út gjaldaliðirnir „flugfargjöld og hótelkostnaður“, kr. 21.205.00, og „fagbækur og tímarit“, kr. 9.784.00. Kveðst gerðarþoli mótmæla þeirri breytingu.

3. Viðurlög, kr. 74.080.00, telur gerðarþoli ekki rétt ákvörðuð og mótmælir útreikningi á þeim lið.

Varðandi teknahækkun, kr. 30.989.00, samkvæmt 2. tl. á undan segir gerðarþoli, að bréf það, sem fylgi ljósriti af skattframtali sínu á dskj. nr. 3, hafi aldrei borist sér, þannig að hann hafi ekki fengið tækifæri til að gefa umbeðnar skýringar.

Gerðarþoli kveður þá skýringu vera á liðnum „flugfargjöld og hótelkostnaður“, að hann annist lögfræðistörf og framtalsaðstoð

hjá ýmsum fyrirtækjum austanlands. Sé hér um að ræða ferðakostnað til Hornafjarðar, tvær ferðir, á Djúpavog, Fáskrúðsfjörð og á Egilsstaði.

Kostnaðarliðinn „fagbækur og tímarit" kveður gerðarþoli vera vegna kaupa á skattskrá Reykjavíkur og bands á Hæstaréttardómum, Stjórnartíðindum og lögfræðilegum tímaritum og bókum.

Með vísun til áðurgreindra skýringa á kostnaðarliðum þessum krefst gerðarþoli, að þeir verði viðurkenndir frádráttarbærir. Í framhaldi af því telur hann, að ákveða beri nettótekjur sínar þannig: Tekjur af atvinnu kr. 484.811.00 að viðbættri eigin húsaleigu kr. 12.342.00, vöxtum kr. 31.431.00 og fjölskyldubótum kr. 13.463.00, en að frádregnum frádráttarliðum á framtali undir IV. lið, kr. 75.777.00, og lækkun samkvæmt 52. gr., kr. 60.300.00, og verði þær þá kr. 405.970.00, sem beri að lækka í kr. 405.900.00. Skattgjaldstekjur sínar verði þá kr. 405.900.00 að frádregnum persónufrádrætti fyrir hjón og þrjú börn, kr. 206.600.00, kr. 199.300.00, sem að viðbættum 15% viðurlögum geri kr. 229.100.00, en af þeirri fjárhæð beri að greiða í tekjuskatt kr. 50.858.00.

Telur gerðarþoli fráleitt að reikna viðurlög eins og gert hefur verið. Hafa verði í huga, að löggjafarvaldið hafi falið framkvæmdarvaldsaðilja að fara með refsivald í því tilviki, að framtali sé of seint skilað, án þess að kveða nægilega ljóst á um það, hvernig refsingin skuli ákveðin í peningum. Kveðst gerðarþoli því telja, að skýra verði refsiheimild þessa mjög þröngt.

Lögtaksúrskurður fyrir þinggjöldum árið 1969 í Kópavogi var kveðinn upp 1. ágúst 1969. Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti 9. október 1969 að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs í Kópavogi og hefur verið síðan í gangi við dóminn. Telst því lögtaksréttur enn í gildi, enda hefur gerðarþoli ekki mótmælt því.

Gerðarþoli skilaði skattframtali sínu, eftir að framtalsfrestur var útrunninn, en áður en skattskrá var lögð fram.

Með bréfi skattstjóra, dags. 24. júní 1969, til gerðarþola, dskj. nr. 3, er óskað skýringa á „Flugfargjöld og hótelkostnaði", og reikningum fyrir kostnaðarlið þessum svo og „fagbókum og tímaritum". Gerðarþoli kveðst ekki hafa fengið bréfið. Í lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/1965 er ekki tekið fram, að skattstjóra beri að senda framteljanda slíkt bréf í ábyrgðarpósti, enda er gert ráð fyrir því í skattalögunum, að framteljandi láti fylgja skattframtali skýringar og reikninga til stuðnings liðum þeim, sem hér um ræðir, 12. gr. skattalaga, C og E liður, sbr. reglugerð nr. 245/1963, 27. gr., F lið, og 35. gr., C lið. Verður því að álíta, að

framteljandi beri áhættuna af því, ef slíkt almennt bréf misferst í pósti.

Við þessar aðstæður verður því að telja rétt, að skattstjóri tæki ekki til greina sem frádráttarbæran kostnað þessa ósönnuðu og órökstuddu liði.

Vanræksla gerðarþola á því að skila skattframtali sínu varðar við 35. gr., sbr. 2. mgr. 37. gr. skattalaganna nr. 90/1965, sbr. og 3. mgr. og 6. mgr. 47. gr. sömu laga. Samkvæmt síðastnefnda ákvæðinu hefur skattstjóri samkvæmt þar tilgreindri heimild lækkað viðurlögin úr 25% í 15%. Virðist því hæð viðurlaganna vera eins lág og skattalögin frekast heimila.

Um það, hvort leggja beri viðurlögin á nettótekjur eða skattgjaldstekjur, er ekki sagt í skattalögunum né reglugerð. Í 6. mgr. 47. gr. skattalaganna nr. 90/1965 segir: „... skal miða skattmat við þær tekjur ..... sem réttar virðast skv. þá framkomnum gögnum og rökum. Má þá lækka viðurlög ..... í 15% af þannig ákvörðuðum tekjum ...“.

Ekki virðist vera til í skattalögunum heimild fyrir skattstjóra að miða greind viðurlög við annan grundvöll en þann, sem lægstur er, þ. e. skattgjaldstekjur. Byggist sá skilningur á því, að hér er framkvæmdarvaldsaðilja veitt refsivald, og verður þá eðli máls samkvæmt að túlka refsiheimildina þröngt.

Telja verður því, að mótmæli gerðarþola hafi við rök að styðjast varðandi þetta atriði og skattstjóra beri að miða viðurlög við skattgjaldstekjur, þar sem ekki er heimild fyrir öðru í gildandi skattalögum.

Af þessari ástæðu verður að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna starfsanna fógeta.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 28. maí 1974.

Nr. 43/1973: **Íslenskur markaður h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ferðaskrifstofu ríkisins
og gagnsök
(Óttar Yngvason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Ólafur Í. Hannesson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1973. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. október s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 2.933.238.00 með 7% ársvöxtum af kr.2.-131.647.00 frá 15. október 1971 til 15. nóvember 1971, af kr. 2.881.452.00 frá 15. nóvember 1971 til 15. desember 1971, af kr. 3.271.128.00 frá 15. desember 1971 til 15. janúar 1972, af kr. 3.655.155.00 frá 15. janúar 1972 til 15. febrúar 1972, af kr. 3.969.651.00 frá 15. febrúar 1972 til 15. mars 1972, af kr. 4.250.169.00 frá 15. mars 1972 til 13. apríl 1972, af kr. 3.312.-477.00 frá 13. apríl 1972 til 15. apríl 1972, af kr. 3.846.969.00 frá 15. apríl 1972 til 15. maí 1972, af kr. 4.384.821.00 frá 15. maí 1972 til 15. júní 1972, af kr. 5.116.818.00 frá 15. júní 1972 til 20. júní 1972, af kr. 2.933.238.00 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum af kr. 2.933.238.00 frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er rakið í hinum áfrýjaða dómi.

Hlutafélagið Íslenskur markaður var tilkynnt til hlutafélagaskrár hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli hinn 30. apríl 1970.

Í máli þessu sækir gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu á vangoldnum gjöldum samkvæmt 3. tölulið C í samningi milli utanríkisráðuneytisins og aðaláfrýjanda frá 9. júní 1970. Mælir það ákvæði aðaláfrýjanda þá skyldu að greiða gagnáfrýjanda „gjald af hverjum „transit" farþega, er nemi kr. 21". Skal greiðsla fram fara „mánaðarlega, þegar skýrsla flugvallarstjóra um farþegafjölda liggur fyrir".

Starfsemi aðaláfrýjanda á Keflavíkurflugvelli er talin hafa hafist 1. ágúst 1970.

Fyrsta skýrsla flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli til aðaláfrýjanda um farþegafjölda er dagsett 10. september 1970. Var hún tekin til meðferðar á fundi stjórnar aðaláfrýjanda sama dag. Eru nokkur atriði úr fundargerð tekin upp í héraðsdóm. Í skýrslunni er tala farþega liðuð í þrennt, svo sem hér segir:

„Farþegar	til Keflavíkur	9882
—	frá Keflavík	11859
—	um Keflavík	48510
		60369".

Síðar segir svo í framangreindri skýrslu flugmálastjórnar: „Þar sem nefskattur miðast við þá farþega, sem fara um „transit" svæði flugstöðvarinnar, ber Íslenskum markaði h/f að greiða Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir ágústmánuð 60369 x 21 kr., eða kr. 1.267.749.00".

Umkrafða fjárhæð sendi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda með bréfi 24. september 1970. Er í bréfi þessu vísað til skýrslu flugmálastjórnar um farþegafjölda. Síðan segir svo í bréfinu: „Vér viljum taka sérstaklega fram, að í samningi Utanríkisráðuneytisins og Íslensks markaðar h/f er skýrt tilgreint, að Íslenskum markaði h/f beri að greiða nefskatt kr. 21.00 af transit farþega. Í nefndu bréfi 10. sept. finnst oss ekki koma nógu skýrt fram, hverjir séu hinir raunverulegu transit far-

þegar né heldur teljum vér að athuguðu máli, að skýrsluhald um transit farþega sé í því lagi, sem æskilegt væri, þegar tölur eru notaðar sem gjaldgrunnur til Íslensks markaðar h/f. Af ofangreindum ástæðum er hjálögð greiðsla, kr. 1.267.-749.00, send yður með þeim fyrirvara, að leiðrétting fáist, ef annað reynist réttara".

Í bréfi aðaláfrýjanda, því sem síðast var greint, eru eigi gerðar athugasemdir við einstök sérgreind atriði í sundurliðun í skýrslu flugmálastjórnar, og eigi er sérstaklega sleginn varnagli við um gjaldskyldu af brottfararfarþegum, þótt skýrsla flugmálastjórnar beri með sér, hver tala þeirra var. Brýnt tilefni var þó til þess, að aðaláfrýjandi markaði afstöðu sína til þessa atriðis þegar á þessu stigi. Samkvæmt skilagrein gagnáfrýjanda, sem fram var lögð í Hæstarétti, galt aðaláfrýjndi honum 21 krónu gjaldið af öllum farþegum, sem fóru um Keflavíkurflugvöll á tímabilinu 1. ágúst 1970 til ársloka nema þeim, sem komu til Íslands og sættu vegabréfseftirliti, þ. á m. af brottfararfarþegum.

Í bréfi aðaláfrýjanda til varnarmáladeildar utanríkisráðuneytis 21. maí 1971 segir, að fljótlega eftir að aðaláfrýjandi hóf starfsemi sína á Keflavíkurflugvelli, hafi komið í ljós, „að nokkur skilningsmunur hefur verið á því, yfir hverja hugtakið „transit" farþegi nái". Er á það bent, að í framangreindu bréfi flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli 10. september 1970 sé „þeim skilningi haldið fram, að greiða beri hinn umrædda skatt af allri umferð um flugvöllinn að frádregnum þeim farþegum, sem eru að enda sitt ferðalag á Íslandi". Er því síðan lýst í bréfinu, að það fé, sem aðaláfrýjandi hafi að undanförnu greitt vegna farþega, sem eru að fara úr landi, sé ranglega krafið og sé sú innheimta eigi reist „á réttri túlkun samnings okkar".

Dómkröfur gagnáfrýjanda eru á því reistar, að aðláfrýjandi eigi ógoldið gjald vegna 139.678 farþega, sem farið hafi um Keflavíkurflugvöll samkvæmt skýrslum flugmálastjórnar á tímabilinu 1. janúar 1971 til 31. maí 1972, og nemi það kr. 2.933.238.00. Aðaláfrýjandi vefengir eigi dómkröfurnar tölulega, en reisir sýknukröfu sína á því, að farþegar þeir,

sem hér er um að ræða, séu brottfararfarþegar frá Keflavíkurflugvelli, og sé hann eigi gjaldskyldur af þeim samkvæmt ákvæði 3. töluliðs C í framngreindum samningi frá 9. júní 1970. Er það úrlausnarefni í máli þessu, hvernig skýra beri greint ákvæði að þessu leyti.

Í héraðsdómi eru rakin gögn um atvik að samningsgerð þessari og sérstaklega, hver aðdragandi var að mótun 3. tl. C. Sannað þykir, að gjald þetta sé fundið með þeim hætti í megindráttum að deila í áætlaðan hagnað gagnáfrýjanda árið 1969 af sölustarfsemi á Keflavíkurflugvelli með heildartölu farþega, sem um flugvöllinn fóru, að þeim undanskildum, sem fóru gegnum vegabréfaeftirlit inn í landið. Er talið af hálfu gagnáfrýjanda, að gjaldið hefði orðið að sama skapi hærra, ef miðað hefði verið við þrengri skýrgreiningu á hugtakinu „transit" farþegi, því að það hefði verið yfirlýst stefnumið að bæta gagnáfrýjanda það tap, sem honum hefði verið bakað með því, að hann varð af söluaðstöðu á flugvellinum. Þetta hafi forráðamönnum aðaláfrýjanda verið ljóst, enda hafi þeir fylgst með því, hvernig gjaldið var til komið.

Samkvæmt gögnum máls tók einn fulltrúi frá samtökum þeim, sem síðar mynduðu hlutafélagið Íslenskan markað, sæti í nefnd, sem utanríkisráðherra skipaði í janúar 1970 til að vinna að því að búa samtökum þessum aðstöðu til verslunar á Keflavíkurflugvelli. Benda gögn máls til þess, að fulltrúa þessum, sem varð síðar fyrsti stjórnarformaður í hlutafélaginu, hafi verið kynnt þau sjónarmið, sem til grundvallar lágu gjaldtökuákvæði 3. tl. C í framangreindum samningi. Aðilja máls skilur eigi á um, að brottfararfarþegar fari um transitsvæði flugvallar. Svo sem áður segir, greiddi aðaláfrýjandi gjald, m. a. af farþegum þeim, brottfararfarþegum, sem héldu upp frá Keflavíkurflugvelli á tímabilinu 1. ágúst 1970 til ársloka þ. á., án þess að slá sérstaklega við varnagla fyrr en með bréfi 21. maí 1971. Þegar alls þessa er gætt, verður að fallast á sjónarmið gagnáfrýjanda um greiðsluskyldu aðaláfrýjanda í máli þessu og dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum kr. 2.933.238.00, eins og krafist er og svo sem dæmt er í héraðsdómi. Upphafstímamark vaxta og vaxtahæð hafa

eigi sætt andmælum, og ber að dæma aðaláfrýjanda til greiðslu vaxta, svo sem gagnáfrýjandi krefst.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest, en rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 180.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Íslenskur markaður h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ferðaskrifstofu ríkisins, kr. 2.933.238.00 með 7% ársvöxtum af kr. 2.131.647.00 frá 15. október 1971 til 15. nóvember 1971, af kr. 2.881.452.00 frá 15. nóvember 1971 til 15. desember 1971, af kr. 3.271.128.00 frá 15. desember 1971 til 15. janúar 1972, af kr. 3.655.155.00 frá 15. janúar 1972 til 15. febrúar 1972, af kr. 3.969.651.00 frá 15. febrúar 1972 til 15. mars 1972, af kr. 4.250.169.00 frá 15. mars 1972 til 13. apríl 1972, af kr. 3.312.477.00 frá 13. apríl 1972 til 15. apríl 1972, af kr. 3.846.969.00 frá 15. apríl 1972 til 15. maí 1972, af kr. 4.384.821.00 frá 15. maí 1972 til 15. júní 1972, af kr. 5.116.818.00 frá 15. júní 1972 til 20. júní 1972 og af kr. 2.933.288.00 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum af kr. 2.933.238.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óraskað. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 180.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Keflavíkurflugvallar 14. febrúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. janúar s.l., er höfðað með stefnu, útgefinni 13. mars 1972, en birtri 27. apríl.

Endanlegar kröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiða kr. 2.933.238.00 auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 2.131.647.00 frá 15. október 1971 til 15. nóvem-

ber 1971, af kr. 2.881.452.00 frá þeim degi til 15. desember 1971, af kr. 3.271.128.00 frá þeim degi til 15. janúar 1972, af kr. 3.655.155.00 frá þeim degi til 15. febrúar 1972, af kr. 3.969.651.00 frá þeim degi til 15. mars 1972, af kr. 4.250.169.00 frá þeim degi til 13. apríl 1972, af kr. 3.312.477.00 frá þeim degi til 15. apríl 1972, af kr. 3.846.969.00 frá þeim degi til 15. maí 1972, af kr. 4.384.821.00 frá þeim degi til 15. júní 1972, af kr. 5.116.818.00 frá þeim degi til 20. júní 1972 og af kr. 2.933.238.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. miðað við upphaflega stefnukröfu, kr. 4.250.169.00, að viðbættum kr. 523.392.00, kr. 537.852.00 og kr. 731.997.00.

Stefndi krefst sýknunar og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi segir skuld þessa tilkomna vegna vanskila stefnda á gjaldi því, sem honum beri að greiða til stefnanda samkvæmt 3. tl. c liðs samnings milli utanríkisráðuneytisins og stefnda, dags. 9. júní 1970.

Sáttaumleitanir báru eigi árangur.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram í munnlegum málflutningi, að máli þessu beri að vísa frá, þar sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafi ekki verið beinn samningsaðili. Ekki verður fallist á þessa skoðun, þar sem skýrt er tekið fram í 3. tl. C liðs samningsins frá 9. júní 1970, að „... Markaður (skal) greiða Ferðaskrifstofu ríkisins gjald af hverjum „transit" farþega ...", og verður því að telja, að þar sem Ferðaskrifstofan hafi átt að sjá um innheimtu gjaldsins og hafa vörslu þess, þá beri henni að neyta allra ráða til að fá gjaldið greitt, ef talið er, að um vanskil sé að ræða. Það styður og þessa niðurstöðu, að krafa stefnda kom eigi fram fyrr en við munnlegan málflutning, svo og að þeir, er undirrituðu samninginn og í dóm komu, höfðu ekkert við málatilbúnaðinn að athuga. Þá hefur stefndi mótmælt allri kröfu stefnanda, þar sem hún sé fram borin án rökstuðnings, og sérstaklega mótmælir hann vöxtum.

Mál þetta snýst aðallega um, hvernig skilgreina skuli hugtakið „transit" farþegi, svo og um grundvöll gjalds þess, er Íslenskum markaði h/f ber að greiða Ferðaskrifstofu ríkisins samkvæmt samningi milli utanríkisráðuneytisins og Íslensks markaðar h/f, dagsettum 9. júní 1970.

Forsaga málsins mun vera sú, að um eða upp úr 1966 fóru nokkrir aðiljar að grennslast fyrir um aðstöðu í flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli til kynningar og verslunar á íslenskri fram-

leiðslu. Ekki komst þó skriður á málið fyrr en upp áramótum 1970, eftir að utanríkisráðherra skipaði nefnd til að gera tillögu í málinu. Félagið Íslenskur markaður h/f var svo stofnað 25. apríl 1970, byggingarframkvæmdir hafnar í maí sama ár, fyrrgreindur samningur undirritaður og verslunarreksturinn hafinn 1. ágúst 1970.

Í 3. tl. C liðs samningsins segir m. a.: „Fyrir þá aðstöðu, sem Markaði er veitt í samningi þessum, skal Markaður greiða Ferðaskrifstofu ríkisins gjald af hverjum „transit" farþega, er nemi kr. 21. Greiðsla fari fram mánaðarlega, þegar skýrsla flugvallarstjóra um farþegafjölda liggur fyrir."

Í 6. tl. C liðs segir: „Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal, fyrir hönd ráðuneytisins, sjá um framkvæmd á samningi þessum, en verði ágreiningur sker ráðuneytið úr." Í bréfi, er utanríkisráðuneytið, varnarmáladeild, ritaði Íslenskum markaði h/f þann 6. ágúst 1971, segir, að „transit" farþegar séu allir skráðir farþegar, „sem um flugvöllinn fara og ekki eru afgreiddir inn í landið af tolli og vegabréfaeftirliti." Ekki er hér um að ræða beinan úrskurð ráðuneytisins um þetta atriði, og í munnlegum málflutningi lýsti umboðsmaður stefnanda því yfir, að þótt hann telji hér um skýran úrskurð að ræða, þá sé þar ekki fyrir hendi dómur til að framfylgja. Ekki verður það metið til frávísunar, þótt úrskurður ráðuneytisins liggi eigi fyrir, þar sem telja verður hæpið, að annar samningsaðilinn geti úrskurðað einhliða um ágreining, er upp kynni að koma. Hvorugur málsaðilja hefur óskað eftir úrskurði ráðuneytisins, og með því að láta mæta fyrir sig í dómi, verður að telja, að þegjandi samkomulag sé um, að svo skuli ekki gert. Utanríkisráðuneytið sem annar samningsaðilinn hefur eigi mótmælt þessari meðferð málsins.

Þá skal litið nánar á skilgreiningu hugtaksins „transit" farþegi. Í bréfi frá International Civil Aviation Organization (ICAO), dags. 22. mars 1971, segir m. a.:

„. . . there is no official definition of the term „transit passenger."

Ráðuneytisstjóri samgönguráðuneytisins hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að honum sé ekki kunnugt um almenna skýringu á hugtakinu.

Flugvallarstjórinn í Reykjavík segir í bréfi, dags. 10. mars 1971: „Almenn skilgreining á orðinu „transit farþegi" er farþegi, sem fer um flugvöll viðkomandi lands „án þess að koma inn í landið," þ. e. farþeginn fer hvorki gegnum vegabréfsskoðun eða tollskoðun. Þetta getur gerst á eftirfarandi hátt: 1. Farþeginn „fer frá borði"

og gengur inn í flugstöðina og dvelur þar á svæði, sem afmarkað er sérstaklega í þessu skyni. 2. Farþeginn dvelur um borð í flugvélinni, meðan viðdvöl á flugvellinum stendur yfir. 3. Farþeginn er fluttur á milli flugvéla, án þess að farið sé um „transit" svæði flugstöðva."

Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur í dómi 30. nóvember s.l. lýst sig samþykkan framangreindri skilgreiningu starfsbróður síns á Reykjavíkurflugvelli, en segir, að þriðji liðurinn tíðkist þó ekki hér. Hann segir orðið „transit" eitt sér ekki til í alþjóðlegum reglum, en t. d. „direct transit."

Helstu forsvarsmenn samningsaðilja við samningsgerðina, þeir Páll Ásgeir Tryggvason, deildarstjóri í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, og Einar Elíasson, er við stofnun varð formaður stjórnar Íslensks markaðar h/f, hafa báðir lýst því yfir fyrir dómi, að í samningsviðræðum hafi ekki verið rætt um skilgreiningu á hugtakinu „transit."

Skilgreining þeirra, er fyrir dóm hafa komið, á framangreindu hugtaki hefur verið mjög á tvo vegu.

Páll Ásgeir Tryggvason skiptir flugfarþegum í tvo hópa, þ. e. komufarþega og aðra, og falli þeir síðarnefndu undir hugtakið „transit" farþegar. Hann segist telja, að hver sá farþegi, sem ekki er stimplaður inn í landið, sé „transit" farþegi. Brottfararfarþegi, sem hefur verið afgreiddur af vegabréfaeftirliti og kominn inn á „trasit" svæði, sé í raun og veru kominn úr landi.

Brynjólfur Eiríkur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, en þar undir heyrir Ferðaskrifstofa ríkisins, segist telja brottfararfarþega vera „transit" farþega samkvæmt samningnum, því þeir geti verslað hjá Íslenskum markaði h/f, en það geti komufarþegar aftur á móti ekki.

Þorleifur Þórðarson, forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins, segist telja „transit" farþega alla farþega, sem um „transit" svæði fara, þ. e. viðkomu- og brottfararfarþega.

Einar Elíasson segir, að túlka beri orðið „transit" farþegi þannig, að það sé hver sá farþegi, sem viðdvöl hefur í „transit" svæði flugstöðvarbyggingarinnar utan vegabréfa- og tollskoðunar íslenskra stjórnvalda. Hann segist telja, að „transit" farþegar séu þeir einir, er geti verslað við Íslenskan markað h/f, og verslunaraðstaða sé ekki fyrir hendi hjá brottfararfarþegum vegna verðlags og því séu þeir ekki „transit" farþegar.

Pétur Pétursson forstjóri, stjórnunarmaður í Íslenskum markaði h/f og einn af aðalsamningamönnum félagsins, segir sinn skilning

hafa verið og vera, að „transit" farþegar séu þeir, sem koma frá flugvél og verða af einhverjum ástæðum í einangruðu tollsvæði. Hann segir brottfararfarþega hafa aðstöðu til að versla hjá Íslenskum markaði h/f, en telji ekki líklegt, að þeir geri það vegna verðlagsins.

Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Íslensks markaðar h/f, segir, að brottfararfarþegar geti farið um „transit" svæði flugstöðvarinnar og verslað hjá Íslenskum markaði h/f, en segir kaup þeirra mjög lítil, þar sem vitað sé, að vörur séu mikið dýrari þar en annars staðar á Íslandi.

Í bréfi flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli til Íslensks markaðar h/f, dags. 10. september 1970, segir m. a.: „Þar sem nefskatttur miðast við þá farþega, sem fara um „transit" svæði flugstöðvarinnar, ber Íslenskum markaði h.f. að greiða Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir ágústmánuð 60.369 x 21 kr., eða kr. 1.267.749.00". Þá kemur og fram í bréfinu, að farþegatala þessi er fundin á þann hátt að leggja saman tölu farþega, er fóru frá Keflavík og um Keflavík.

Með bréfi Íslensks markaðar h/f til Ferðaskrifstofu ríkisins, dags. 24. september 1970, er vitnað í framangreint bréf flugmálastjórnarinnar, og síðan segir þar m. a.: „Í nefndu bréfi 10. sept. finnst oss ekki koma nógu skýrt fram, hverjir séu hinir raunverulegu transit farþegar, né heldur teljum vér að athuguðu máli, að skýrsluhald um transit farþega sé í því lagi, sem æskilegt væri, þegar tölur eru notaðar sem gjaldgrunnur til Íslensks markaðar h/f. Af ofangreindum ástæðum er hjálögð greiðsla, kr. 1.267.-749.00, send yður með þeim fyrirvara, að leiðrétting fáist, ef annað reynist rétt."

Fyrirvari þessi virðist tilkominn vegna umræðna, er fram fóru á 26. fundi Íslensks markaðar h/f, sem haldinn var 10. september 1970. Þar var rætt um farþegafjöldann í ágúst það ár, og segir svo m. a. í fundargerðinni: „Í þessum tölum eru smábörn talin með í farþegafjöldanum. Einnig farþegar með vélum, sem lenda hér, en hleypa farþegum ekki inn í flugstöðina."

Ekki er minnst á brottfararfarþega, hvorki í fundargerðinni né bréfinu, og verður því að telja, að fyrirvarinn í áðurnefndu bréfi frá 24. september 1970 eigi eingöngu við um þá farþega, er eigi yfirgefa flugvélar, sem hér hafa millilendingu.

Samkvæmt skilgreiningu flugvallarstjóranna í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli falla farþegar, sem ekki yfirgefa flugvélar,

undir hugtakið „transit" og hafa í skýrslum flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli ætíð verið taldir með öðrum viðkomufarþegum ósundurgreint.

Framkvæmdastjóri Íslensks markaðar h/f hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í gjaldalið rekstrarreiknings fyrirtækisins fyrir árið 1971, hvað greiðslur til Ferðaskrifstofu ríkisins við kemur, sé farið eftir túlkun Íslensks markaðar h/f, þ. e. miðað við viðkomufarþega, en farþegum úr landi sleppt.

Það er ekki fyrr en með bréfi Íslensks markaðar h/f til varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, dags. 21. maí 1971, að stefndi gerir athugasemdir við hina uppgefnu farþegatölu flugmálastjórnarinnar varðandi farþega úr landi.

Þá er að athuga grundvöllinn að gjaldi því, er Íslenskum markaði h/f ber að greiða Ferðaskrifstofu ríkisins samkvæmt samningnum, þ. e. kr. 21 af hverjum „transit" farþega.

Páll Ásgeir Tryggvason segir, að til grundvallar hafi verið lagður fjöldi flugfarþega, er fóru um Keflavíkurflugvöll árið 1969 og ekki voru stimplaðir inn í landið af vegabréfaeftirliti, og stuðst við upplýsingar flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli og hafi farþegafjöldanum verið deilt í áætlaðar tekjur Ferðaskrifstofu ríkisins með það fyrir augum, að Ferðaskrifstofan slyppi skaðlaus. Í bréfi, sem Páll Ásgeir skrifaði Íslenskum markaði h/f 6. ágúst 1971, segir svo m. a.: „Flugmálastjórinn á Keflavíkurflugvelli hefur ætíð haldið fast við þá skilgreiningu að telja til „transit" farþega alla þá skráða farþega, sem um flugvöllinn fara og ekki eru afgreiddir inn í landið af tolli og vegabréfaeftirliti. Það er skemmst frá því að segja, að þegar samningurinn frá 9. júlí (sic) 1970 var gerður og gjaldið skv. 3. grein ákveðið, þá var miðað við þessa skilgreiningu. Upphæðin, kr. 21, var fundin þannig út, að heildartölu „transit" farþega var einfaldlega deilt í nettótekjur Ferðaskrifstofu ríkisins af minjagripasölu á Keflavíkurflugvelli árið 1969. Ef farþegum úr landi hefði verið sleppt eða farþegum, sem ekki fara úr flugvélinni, meðan á viðdvöl stendur, eða hvort tveggja, hefði upphæðin orðið hærri en 21 kr. af farþega. Það, sem skiptir máli í þessu sambandi, er, að umræddur samningur hefði ekki fengist samþykktur, ef Ferðaskrifstofu ríkisins hefði ekki verið tryggðar hlutfallslega svipaðar tekjur á samningstímabilinu og hún hafði á árinu 1969."

Brynjólfur Eiríkur Ingólfsson segir, að deilt hafi verið með heildartölu brottfarar- og viðkomufarþega árið 1969, sem var tæp

307 þúsund, í nettóhagnað stefnanda það ár, um kr. 6.9 milljónir, og hafi þá komið út kr. 22.55 á farþega, en eigi hafi þar verið reiknað með stjórnunarkostnaði.

Þá segir í bréfi samgönguráðuneytisins til varnarmáladeildar, dags. 2. júní 1971, eftir að rætt hefur verið um framangreinda deiliaðferð, að „hefði deilitalan verið lægri, myndi gjaldið fyrir hvern farþega hafa orðið hærra. Framangreind atriði voru forsenda fyrir samþykki ráðuneytisins á þeirri breytingu, sem gerð var 1970 ...“

Þorleifur Þórðarson segir, að fjölda viðkomu- og brottfararfarþega hafi verið deilt í ágóða Ferðaskrifstofu ríkisins árið 1969. Í niðurlagi bréfs til varnarmáladeildar, dags. 20. janúar 1970, segir Þorleifur m. a.: „Lágmarkskrafa hlýtur að vera sú, að þeim yrði gert að greiða árlega þær milljónir króna, sem sannanlega hafa verið hagnaður minjagripaverslunar F. r. í Keflavík á s.l. ári.“

Í áliti nefndar, er utanríkisráðherra skipaði í byrjun árs 1970 og í voru Páll Ásgeir Tryggvason deildarstjóri, Pétur Guðmundsson flugvallarstjóri og Einar Elíasson, fulltrúi Sölufélags íslenskra framleiðenda, er síðar varð Íslenskur markaður h/f, segir svo m. a., en álitið er dagsett 23. janúar 1970: „Hagsmunir Ferðaskrifstofu ríkisins verði tryggðir með eftirfarandi hætti: 1) að ferðaskrifstofa hætti verslunarrekstri í flugstöðinni og félagið kaupi eignir hennar þar skv. nánara samkomulagi. Félagið greiði árlega í landkynningarsjóð, þannig að hann skaðist ekki við breytinguna.“

Pétur Guðmundsson, sem kveðst hafa verið sérfræðilegur ráðunautur Páls Ásgeirs við samningsgerðina, segir, að erfiðasta úrlausnarefnið hafi verið fjármál Ferðaskrifstofu ríkisins, sem rak verslun í flugstöðvarbyggingunni um árabil. Forsenda fyrir því, að Íslenskur markaður h/f fengi verslunaraðstöðu, hafi verið, að mál Ferðaskrifstofunnar leystist þannig, að hún skaðaðist ekki og fengi áfram samsvarandi tekjur og hún hafði haft af Keflavíkurflugvelli. Hann segir, að gjaldið hafi verið fundið með því að deila „transit“ farþegafjölda árið 1969 í 6.5 milljón krónur, en áætlaður nettóhagnaður af verslunarrekstri Ferðaskrifstofunnar hafi verið milli 6 og 7 milljónir króna. Hann segir, að hér sé átt við farþega, er afnot höfðu af svokölluðu „transit“ svæði í flugstöðvarbyggingunni, en það séu þeir farþegar, sem fara áfram og fara héðan. Hann segir deiliaðferðina hafa verið rædda við samningsgerðina.

Einar Elíasson segir, að rætt hafi verið í samningsviðræðunum um, að deilt skyldi með „transit“ farþegatölu upp í hagnað Ferða-

skrifstofunnar af verslunarrekstri í flugstöðinni, en að forsvarsmenn Íslensks markaðar h/f hafi aldrei fengið að sannreyna hagnaðinn. Þá hafi ekki komið fram, svo á væri byggjandi, við hvaða hagnaðartölu var miðað, er 21 kr. gjaldið var ákveðið. Hann kveður líklegt, að í samningsviðræðunum hafi legið fyrir tölur frá síðustu árum um brottfarar- og viðkomufarþega. Hann segir tölum um farþegafjölda yfirleitt skipt í þrennt, þ. e. komu- og brottfarar- og viðkomufarþega, og telur hann sundurgreininguna hafa verið þannig, er samningar stóðu yfir. Í bréfi til samgönguráðherra, dags. 27. janúar 1971, segir Einar m. a.: „En þar sem hið ákveðna gjald til Ferðaskrifstofu ríkisins á hvern farþega veltur á miklum upphæðum . . .“

Pétur Pétursson hefur skýrt svo frá, að uppkast að samningum hafi verið lagt fram af Páli Ásgeiri Tryggvasyni fyrri hluta árs 1970 og hafi þar verið gert ráð fyrir 23 kr. á „transit“ farþega, en síðan hafi þeirri tölu verið breytt í 21 kr. og hún sögð fundin þannig, að farþegafjölda hafi verið deilt í hagnað Ferðaskrifstofunnar árið 1969, án þess að hann gæti sannprófað, hvort þessi hagnaður væri réttur. Sem svar við því, hvort tölur um „transit“ farþega hafi legið fyrir í samningsviðræðunum, sagði Pétur, að hann telji, að slíkar tölur hljóti að hafa legið fyrir samkvæmt skilgreiningu stjórnvalda, hins vegar hafi láðst af stjórnvöldum að skilgreina orðið „transit“ farþegi. Aðspurður hvort fram hafi komið, að miða ætti við þá farþega, sem færu um „transit“ svæði flugstöðvarbyggingarinnar, segist hann telja, að alltaf hafi verið miðað við hina uppgefnu tölu stjórnvalda. Ekki kvaðst hann hafa ástæðu til að ætla, að uppgefnar hagnaðartölur Ferðaskrifstofunnar í flugstöðvarbyggingunni séu ekki réttar. Þorvarður Elíasson viðskiptafræðingur hefur lýst því yfir, að hann hafi verið ráðinn til að gera athuganir vegna væntanlegs rekstrar Íslensks markaðar h/f. Í drögum „að samningsuppkasti milli Íslensks markaðar og opinberra stjórnvalda“, sem Þorvarður hefur viðurkennt, að séu frá sér komin, segir svo í 3. tl.: „Íslenskur markaður greiði í Ferðamálasjóð sömu upphæð pr. farþega, sem fer um transit sal, og Ferðaskrifstofa ríkisins hefur haft í tekjur á síðast liðnum árum.“ Þá segir sami í tillögu „um meðferð samningsgerðar stjórnvalda við Íslenskan markað um söluaðstöðu á Keflavíkurflugvelli,“ dags. 13. apríl 1970, þar sem hann ræðir um „sanngjarna upphæð, sem Íslenskur markaður skal greiða árlega til eflingar íslenskri landkynningu“: „Greiðslan getur verið með þrennum hætti:

1. Föst krónutala á ári.
2. Ákveðið hlutfall af veltu.
3. Ákveðið gjald pr. farþega, sem fer um transit sal."

Aðalsamningamenn stefnda hafa lýst því yfir, að þeir minnist þess ekki, að um óútkljáðan ágreining hafi verið að ræða milli aðilja, og aðalsamningamaður stefnanda veit ekki um nokkurn misskilning milli sín og stefnda, meðan á samningum stóð.

Með yfirlýsingum flugvallarstjóranna í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli verður að telja, að viðkomufarþegar, sem ekki yfirgefa flugvélar, séu „trasit" farþegar.

Þá er ljóst af því, sem hér að framan hefur verið rakið, að farþegar, sem eru að fara úr landi og komnir eru í gegnum vegabréfaskoðun, hafa óskorðaðan aðgang að verslun Íslensks markaðar h/f sem viðkomufarþegar, enda komnir inn á „transit" svæði flugstöðvarbyggingarinnar. Það verður því að líta svo á, að samkvæmt samningnum frá 9. júní 1970 nái hugtakið „transit" farþegi yfir viðkomu- og brottfararfarþega.

Þegar undanfari útreiknings gjalds þess, er Íslenskum markaði h/f ber að greiða Ferðaskrifstofu ríkisins, er athugaður, þá kemur í ljós, að báðir samningsaðiljar hafa gert sér grein fyrir því, að Íslenskum markaði h/f bæri að bæta Ferðaskrifstofu ríkisins hagnaðartap miðað við reikningsuppgjör fyrir árið 1969. Viðmiðunarupphæðinni, 6.5 milljónum króna, hefur ekki verið mótmælt sem slíkri.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda að greiða stefnanda stefnufjárhæðina og á þann hátt, er að framan greinir, með þeirri breytingu þó, að vaxtafótur skal vera 7% á ári.

Með hliðsjón af því, að til málsins er stofnað aðallega vegna þess, að notað er hugtak, sem ekki er til skilgreint, svo og að það virðist ekki hafa verið skýrt nægjanlega samkvæmt samningnum sjálfum, þá er málskostnaður felldur niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa frá dómtöku, og stafar hann af embættisönnum, m. a. vegna brottfarar hins reglulega dómara í nokkurra mánaða frí.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenskur markaður h/f, greiði stefnanda, Ferðaskrifstofu ríkisins, kr. 2.933.238.00 með 7% ársvöxtum af kr. 2.131.647.00 frá 15. október 1971 til 15. nóvember 1971, af kr. 2.881.452.00 frá 15. nóvember 1971 til 15. desember 1971, af kr. 3.271.128.00 frá 15. desember 1971 til 15. janúar 1972, af kr.

3.655.155.00 frá 15. janúar 1972 til 15. febrúar 1972, af kr. 3.969.651.00 frá 15. febrúar 1972 til 15. mars 1972, af kr. 4.250.169.00 frá 15. mars 1972 til 13. apríl 1972, af kr. 3.312.477.00 frá 13. apríl 1972 til 15. apríl 1972, af kr. 3.846.969.00 frá 15. apríl 1972 til 15. maí 1972, af kr. 4.384.821.00 frá 15. maí 1972 til 15. júní 1972, af kr. 5.116.818.00 frá 15. júní 1972 til 20. júní 1972 og af kr. 2.933.238.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15. daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Föstudaginn 31. maí 1974.

Nr. 19/1973: **Ingimundur Bjarnason**
(Skúli J. Pálmason hrl.)
gegn
Halldóru Eyjólfsdóttur
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Lóðarleiga. Brottflutningur húss.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. janúar 1973. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefndu og málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi hennar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa komið fyrir dóm tveir menn og borið m. a. um flutning húss þess, sem mál þetta fjallar um, frá Hauksstöðum á Seltjarnarnesi og að

Bollagörðum. Samkvæmt þeim málsgögnum og málflutningi beggja aðilja fyrir Hæstarétti verður við það miðað í máli þessu, að húsið hafi verið flutt í land Bollagarða í júní 1946. Aðiljar eru sammála um, að hús þetta hafi þá verið um 26 fermetrar að flatarmáli. Eftir viðbætur áfrýjanda við húsið þá skömmu síðar var það orðið samtals 60 fermetrar og 156 rúmmetrar. Fasteignamat hússins er kr. 194.000.00. Aðiljar eru sammála um, að eigi hafi verið grafinn grunnur að húsinu, nema undir miðstöðvarherbergi, og að það standi á „ramma", sem festur sé við jörð með sérstökum tengingum.

Áfrýjandi fékk leyfi byggingarnefndar Seltjarnarneshrepps hinn 21. febrúar 1946 til að flytja hús sitt á lóð úr landi Bollagarða með því skilyrði, „að það komi ekki í bága við framtíðarskipulag vega né bygginga á því svæði, sem húsið er flutt til". Hinn 23. september s. á. veitti byggingarnefnd honum „leyfi til að byggja vestan við hús" hans, „enda fylgist byggingarfulltrúi með byggingunni". Annað kemur eigi fram í gögnum máls um leyfi byggingarnefndar Seltjarnarneshrepps um viðbyggingu við hús áfrýjanda eða til annarra mannvirkja á leigulóð hans, þ. á m. til byggingar bílskúrs þess, er í máli þessu greinir.

Samningur sá milli áfrýjanda og eiginmanns stefndu, er hann gerði í umboði hennar, en hún er þinglýstur eigandi Bollagarða, er tekinn upp í héraðsdóm. Eru aðiljar sammála um, að áfrýjandi hafi samið samning þennan. Samningur þessi sé næsta fábrotinn. Hvorki er þar ákvæði um leigutíma né leigugjald og þá eigi heldur um uppsögn á honum.

Eigi er í ljós leitt, að venjur séu þar í sveitarfélaginu um lengd leigutíma samkvæmt lóðarleigusamningum, enda benda gögn til þess, að þeir séu mjög fátíðir í þessu byggðarlagi.

Hús það, sem stefnda veitti áfrýjanda leyfi til að flytja á land sitt, var smáhýsi og að því er virðist eigi vandað að upprunalegri gerð. Sú staðreynd, að eigi var gert ráð fyrir leigugjaldi í hinum skriflega lóðarleigusamningi, styður þá staðhæfingu stefndu, að af hennar hálfu hafi aðeins verið til þess stofnað, að hús þetta fengi að standa á lóðinni um stutt-

an tíma, og mælir tilgreining á stærð lóðar því eigi í gegn. Til þess ber að horfa, að þegar hinn 2. október 1949 var byggingarnefnd Seltjarnarneshrepps ritað af hálfu stefndu og gerð skýrleg grein fyrir þeirri skoðun, að hér væri um bráðabirgðaafnot lands að ræða til handa áfrýjanda. Enn fremur hefur stefnda fylgt eftir þeirri skoðun með allmörgum bréfum til áfrýjanda, þar sem honum hefur verið sagt upp afnotum landsins, og er gerð grein fyrir efni bréfa þessara í hinum áfrýjaða dómi.

Svo sem greinir í héraðsdómi, telur heilbrigðisfulltrúi Reykjavíkurborgar í vottorði sínu 26. júní 1970, að hús áfrýjanda sé eigi íbúðarhæft „vegna lélegs ástands". Vottorði þessu er andmælt af hálfu áfrýjanda, en því er eigi hnekkt með gögnum um ástand hússins.

Þegar virt eru atvik að lóðarleigusamningi, efni samningsins, upprunaleg gerð hússins og stærð og ástand þess, verður að telja, að stefndi hafi eigi getað vænst þess, að lóðarleigusamningur stæði um lengra tímabil en orðið er, og styðja bréfaskipti aðilja enn þá niðurstöðu. Ber samkvæmt því að dæma áfrýjanda til að flytja burt húsið Skuld á Seltjarnarnesi af landi Bollagarða innan 4 mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til stefndu, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ingimundur Bjarnason, skal flytja burt hús sitt, Skuld á Seltjarnarnesi, af landi Bollagarða, eignar stefndu, Halldóru Eyjólfsdóttur, innan 4 mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til stefndu. Þá greiði áfrýjandi stefndu kr. 40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu

31. október 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. október 1972, hefur Halldóra Eyjólfsdóttir, Bollagörðum, Seltjarnarnesi, höfðað gegn Ingimundi Bjarnasyni, Vatnsenda, Villingaholtshreppi, Árnessýslu, á aukadómþingi, sem háð var í Seltjarnarneshreppi 2. apríl 1971, en þar var mætt af hálfu stefnda og fyrirtaka málsins samþykkt.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur að viðlögðum dagsektum, kr. 2.000.00 á dag, til að flytja húsið Skuld, Seltjarnarnesi, af lóð stefnanda úr landi Bollagarða. Auk þess er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Þann 26. mars 1946 var gerður svohljóðandi leigusamningur:

„Við undirritaðir, Einar Guðmundsson, skipstjóri, Bollagörðum, Seltjarnarnesi, og Ingimundur Bjarnason, Skuld, Seltjarnarnesi, gerum með okkur svofelldan

SAMNING:

Ég, Einar Guðmundsson, sel hér með Ingimundi Bjarnasyni á leigu lóð, sem er 900 fermetrar, undir hús, úr landi mínu Bollagörðum Seltjarnarnesi.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs, og skal leigutaki láta þinglesa og stimpla samninginn á sinn kostað."

Samningurinn var staðsettur í Reykjavík, dagsettur eins og að ofan greinir og undirritaður af Einari heitnum Guðmundssyni, eiginmanni stefnanda, og stefnda.

Stefnandi og Guðný Jónsdóttir, eiginkona stefnda, undirrituðu samninginn sem vottar.

Stefnandi var og er eigandi jarðarinnar Bollagarða.

Samningurinn var innritaður til þinglýsingar á manntalsþingi Seltjarnarneshrepps 29. mars 1946. Var þá ákveðið, að leigugjald skyldi vera kr. 100.00 á ári.

Á árinu 1945 hafði stefndi fest kaup á litlu timburhúsi, sem smíðað hafði verið í landi Ráðagerðis á Seltjarnarnesi með það fyrir augum að selja það til flutnings.

Eftir að stefndi hafði fest kaup á húsinu, hófst hann handa um að útvega lóð undir það. Leitaði hann um það mál til Einars Guðmundssonar í Bollagörðum. Varð að samkomulagi, að stefndi fengi að setja húsið niður í landi Bollagarða. Stefndi hóf þá vinnu við undirstöður hússins. Stefnandi kveðst hafa komið til hans, þar sem hann vann að þessu verki, og sagt honum, að hann mætti ekki hafa grunn undir húsinu. Samkvæmt framburði stefnanda hefur verið steyptur rammi undir húsið og það boltað á hann. Stefndi kveðst hafa grafið holu undir húsið fyrir miðstöðvarketil.

Af gögnum málsins verður helst ráðið, að stefndi hafi flutt húsið á lóðina 16. júní 1945 og sett það á grunninn 17. júní 1945.

Þann 6. febrúar 1946 sótti stefndi um leyfi byggingarnefndar til að flytja húsið á lóðina. Þann 19. febrúar 1946 samþykkti byggingarnefndin erindið.

Af stefnanda hálfu er því haldið fram, að stefndi hafi einungis fengið afnot af lóðinni til bráðabirgða, og kveðst hún hafa gert ráð fyrir, að hann flytti húsið burt, þegar efnahagur hans batnaði.

Hún kveður ástæðuna fyrir því, að stefnda var leigð lóðin, hafa verið þá, að þeim hjónum virtist hann vera dugnaðarmaður, en fátækur og að hann ætti ekki kost á annarri lóð. Kveðst hún hafa talið rétt að hjálpa honum.

Ekki kveður hún hafa verið gert ráð fyrir því upphaflega, að stefndi greiddi leigu í peningum, heldur að hann aðstoðaði heimili hennar með heimilishjálp.

Upphaflega kveður stefnandi ekki hafa verið gert ráð fyrir, að afmörkuð væri lóð. Samkomulag varð þó um, að hann fengi 900 fermetra lóð.

Stefndi flutti skúr á landið um leið og íbúðarhúsið og hafði fyrir fuglahús. Stefnandi segist hafa gert athugasemd við það og bent stefnda á, að hann hefði ekki leyfi til að flytja annað á landið en íbúðarhúsið.

Skömmu eftir að stefndi flutti hús sitt á landið, hóf hann að byggja við húsið. Byggði hann fyrst við vesturhlið hússins. Stefnandi kveðst þá hafa spurt hann, hvort hann hefði leyfi til þess. Hún kveður hann hafa sagt, að hann þyrfti ekki leyfis við. Síðan byggði stefndi inngang við húsið. Síðan byggði stefndi enn við húsið að vestan og þaðan álmu í norður. Stefnandi kveðst þá aftur hafa farið til stefnda og spurt, hvort hann hefði leyfi. Fuglahúsið kveður sefnandi stefnda hafa flutt til á lóðinni, stækkað það og gert úr því bílskúr. Hún kveðst hafa gert athugasemd við það.

Stefndi kveðst ekkert hafa haft saman við stefnanda að sælda um þessi mál, og ekki segir hann hafa orðið ágreining, þegar hann lagði grunn að húsinu.

Hann kveður viðbyggingar sínar ekki hafa valdið ágreiningi í fyrstu. Um fyrstu viðbyggingu sína, norðvestan við húsið, kveður hann eiginlega engan ágreining hafa orðið við Einar. Hann segir Einar og son hans hafa hjálpað sér við að járnklæða þakið á húsinu. Hann kveðst hafa orðið var við óánægju út af staðsetningu bílskúrsins. Hann kveðst af þeim sökum hafa fengið byggingarfulltrúa hreppsins til aðstoðar og flutt skúrinn í samræmi við tillögur hans.

Með bréfi, dags. 2. október 1949, mótmælti stefnandi því við byggingarnefnd Seltjarnarneshrepps, að stefnda yrði heimilað að byggja við bílskúrinn. Segir hún skúrinn byggðan í heimildarleysi og kveðst óska eftir, að hann verði fjarlægður. Kveður hún samninginn hafa verið gerðan í greiðaskyni sem bráðabirgðaráðstöfun, þar til Ingimundi tækist að útvega sér lóð til frambúðar, og því sé ekkert ákvæði um leigutíma eða leigugjald.

Þegar stefndi fór að afla sér lánsfjár til framkvæmdanna, kveðst hann hafa komist að því, að hann þyrfti að hafa þinglýst lóðarréttindi. Samdi hann þá leigusamninginn, og var hann undirritaður, eins og að ofan greinir. Stefnandi kveður skriflegan lóðarsamning aðeins hafa verið gerðan, til að stefndi gæti veðsett húsið.

Stefndi kveður aldrei hafa verið rætt um leigutíma og ekki um leigugjald, fyrr en kom að þinglýsingu. Ekki kveður hann hafa verið rætt um uppsagnarrétt eða uppsagnarfrest. Ekki kveður hann hafa verið rætt um, að lóðin væri leigð til bráðabirgða eða til skamms tíma. Hann kveðst hafa átt annarra kosta völ en að fá lóð hjá stefnanda. Vitnið Guðný Jónsdóttir, eiginkona stefnda, kveður meininguna hafa verið, að húsið fengi að standa, meðan það gæti staðið.

Á árunum 1948 til 1949 kveður stefndi sér hafa verið vísað burt af lóðinni. Á þeim tíma fól stefnandi lögmanni að segja upp lóðarsamningnum.

Gerði lögmaðurinn uppkast að samningi, sem stefndi vildi ekki fallast á. Í uppkastinu er gert ráð fyrir, að samningurinn gildi, meðan húsið stendur og það er eign stefnda og konu hans og þau búa í því. Þegar samningurinn félli niður, skyldu byggingar fjarlægðar, landeiganda að kostnaðarlausu, innan 6 mánaða.

Vitnið Guðný Jónsdóttir og stefndi hafa skýrt frá því, að stefndi hafi fengið afrit af lóðarsamningi og farið með það til Einars og

stefnanda sem samningsgrundvöll. Þessari tillögu var hafnað af hálfu stefnanda. Samkvæmt uppkastinu átti leigutími að vera 25 ár. Við lok leigutíma skyldi leigusali vera skyldur til að greiða leigutaka sannvirði húsa eftir mati, ef hann vildi þá ekki leyfa leigutaka að hafa húsin áfram á lóðinni.

Á árinu 1959 hóf stefndi byggingarframkvæmdir að nýju. Steypti hann þá sökkul að húsi, sem átti að vera áfast suðurhlið hins fyrra. Voru honum bannaðar þessar aðgerðir, og kveður stefnandi þær hafa verið stöðvaðar með fógetavaldi. Stefndi kveðst hvorki hafa orðið var við hreppstjóra né sýslumann, en játar að hafa tekið við stefnu.

Með bréfi, dags. 19. ágúst 1959 og birtu 26. ágúst 1959, var stefnda sagt upp leiguafnotum miðað við 1. desember 1959. Stefndi fór hvergi, en stefnandi neitaði að taka við leigugreiðslu eftir þetta. Var þá leigugjaldið lagt á geymslureikning í Landsbanka Íslands og Einari Guðmundssyni tilkynnt um það með bréfi, dags. 21. janúar 1960. Svaraði Einar þessari tilkynningu með bréfi, dags. 6. febrúar 1960, þar sem hann ítrekar uppsögnina og krefst þess, að mannvirki verði fjarlægð.

Þann 17. maí 1962 sendi stefndi Einari Guðmundssyni bréf, þar sem hann býður honum að neyta forkaupsréttar vegna kauptilboðs í hús hans og lóðarréttindi. Lýsir stefndi því yfir í bréfinu, að hann telji „grunnleigusamning“ sinn við Einar óuppsegjanlegan. Af hálfu stefnanda var tilboðinu svarað með uppsögn í bréfi, dags. 19. maí 1962 og birtu 22. maí 1962. Var stefnda veittur frestur til að fjarlægja mannvirki sín til 1. júlí 1962. Væntanlegum kaupanda var jafnframt tilkynnt um uppsögnina. Ekkert varð úr kaupunum.

Þann 20. júlí 1966 var stefnda enn sagt upp með bréfi, birtu 26. júlí 1966. Var uppsögnin miðuð við 1. febrúar 1967. Af hálfu stefnda var uppsögninni mótmælt sem markleysu með þeim rökum, að samningurinn væri óuppsegjanlegur.

Þann 14. september 1970 var stefnda enn sagt upp leigunni með bréfi, birtu 21. september 1970. Var honum nú veittur 6 mánaða uppsagnarfrestur miðað við 1. október 1970. Stefndi mótmælti uppsögninni, en bauð stefnanda að kaupa húsið ásamt lóðarréttindum. Eftir þetta var málið höfðað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi flutt úr húsinu, skömmu eftir að framkvæmdir hans voru stöðvaðar á árinu 1959. Kveður stefnandi húsið hafa staðið autt í langan tíma. Eftir að tilraunir stefnda til að selja húsið fóru út um þúfur, kveður

stefnandi hann hafa leigt húsið út. Frá því í júlí 1970 kveður stefnandi í stefnu, dags. 29. mars 1971, húsið hafa staðið autt.

Þegar dómarinn gekk á vettvang 10. apríl 1972 bjó fólk í húsinu á vegum stefnda.

Samkvæmt vottorði Þórhalls Halldórssonar, heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 26. júní 1970, gefnu samkvæmt beiðni sveitarstjóra Seltjarnarneshrepps, telst húsnæðið óíbúðarhæft vegna lélegs ástands.

Við vettvangsskoðun kom í ljós, að lóðin er ógirt og óhirt. Húsið er múrhúðað timburhús og stendur að nokkru leyti á steyptum ramma. Sunnan við það er steyptur rammi, sem ekki hefur verið byggt á. Húsið er mjög farið að láta á sjá. Bílskúr er á lóðinni, mjög illa útlítandi.

Samkvæmt vottorði sveitarstjóra Seltjarnarneshrepps, dags. 10. nóvember 1971, getur húsið ekki staðið til frambúðar samkvæmt gildandi skipulagi.

Samkvæmt vottorði sveitarstjóra Seltjarnarneshrepps, dags. 16. mars 1972, eru íbúðarhúsalóðir í hreppnum „undantekningarlaust" eignarlóðir.

Málsástæður.

Stefnandi leggur aðaláherslu á það, að samningur aðiljanna hafi verið gerður til bráðabirgða og því sé heimilt samkvæmt almennum reglum að segja honum upp með hæfilegum fyrirvara.

Telur stefnandi, að fyrst hafi verið um að ræða lán til afnota, en síðan leigu, eftir að aðiljar komu sér saman um leigugjald.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að samningur aðiljanna sé grunnleigusamningur og að samkvæmt þeim reglum, sem um þá samninga gilda, sé samningurinn óuppsegjanlegur, þar sem um annað hafi ekki verið rætt. Telur hann, að eðlileg túlkun á samningnum hljóti að leiða til þessarar niðurstöðu.

Stefndi bendir á, að ljóst hafi verið við samningsgerð, að hann yrði að leggja veg, vatnsleiðslu, frárennslislögn og raflögn að húsinu og að honum hafi verið heimil veðsetning, því verði ekki talið, að samningurinn hafi verið gerður til bráðabirgða.

Stefndi telur, að þar sem leigusamningur sé í gildi milli aðiljanna, sem ekki hafi verið hnekkt, beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Álit dómsins.

Kröfur stefnanda eru byggðar á þeirri forsendu, að samningur aðiljanna sé fallinn úr gildi. Það virðist ekki vera réttarfarsnauð-

syn að krefjast sérstakrar yfirlýsingar dómsins um lok samningsins.

Eftirtalin atriði koma einkum til álita:

Annars vegar:

1. Aðiljar virðast hafa verið sammála um, að samningur þeirra væri grunnleigusamningur.
2. Stefndi hafði heimild til veðsetningar, og hann varð að leggja vatn og rafmagn í húsið og gera frárennslislögn.

Hins vegar:

1. Stefnandi veitti stefnda afnot af lóðinni til að flytja á hana tilbúið hús, sem auðvelt var að flytja af lóðinni aftur.
2. Húsið var ekki líklegt til að endast lengi.
3. Eiginkona stefnda telur, að húsið hafi átt að fá að standa, meðan það gæti staðið.
4. Stefndi og fjölskylda hans virðast ekki hafa búið í húsinu um nokkurra ára skeið.
5. Húsið virðist vera orðið óhæft til íbúðar.
6. Stefnandi gerði stefnda ljósan vilja sinn til að binda enda á leigusamninginn 26. ágúst 1959 og hefur síðan margítrekað kröfu sína í því efni.
7. Þegar stefnandi sendi stefnda síðast uppsagnarbréf í september 1970, voru liðin full 25 ár, frá því að samningurinn tók gildi.

Þótt aðiljar hafi nefnt samning sinn grunnleigusamning og ekki sé kveðið á um leigutímann, verður ekki ályktað, að samningnum hafi verið ætlað að gilda um aldur og ævi.

Afnotaréttur stefnda yfir lóðinni virðist hafa verið bundinn við heimild hans til að flytja íbúðarhús sitt á hana. Lengd leigutímans hlaut því að vera háð því, hversu lengi stefndi gat haft not af húsinu sem íbúðarhúsi.

Með hliðsjón af aðstæðum við samningsgerð, þeim hagsmunum, sem réðu samningsgerðinni, gerð hússins og ástandi þess nú svo og af þeim tíma, sem liðinn er, frá því samningurinn tók gildi, verður að telja, að samningur aðiljanna sé fallin niður.

Samkvæmt 2. mgr. 193. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 ber að fallast á kröfu stefnanda um, að stefnda verði gert að flytja húsið Skuld af lóð stefnanda að viðlögðum dagsektum, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 350.00 fyrir hvern dag frá því 15 dagar eru liðnir frá birtingu dómsins.

Stefnda ber að greiða stefnanda kr. 25.000.00 í málskostnað.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Ingimundi Bjarnasyni, ber að flytja hús sitt, Skuld, af landi Bollagarða í Seltjarnarneshreppi að viðlögðum 350 króna dagsektum til stefnanda, Halldóru Eyjólfsdóttur, fyrir hvern dag, sem líður, frá því að 15 dagar eru liðnir frá lögbirtingu dómsins.

Stefndi greiði stefnanda kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. júní 1974.

Nr. 31/1973: **Árni Jóhannsson**
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Hjón. Sameignarfélag. Aðstöðugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Halldór S. Rafnar borgarfógeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu, útgefinni 12. febrúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að aðeins verði leyft lögtak til

tryggingar kr. 743.799.00. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. febrúar 1973. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Með bréfi 10. mars 1969 til firmaskrár Kópavogs tilkynntu aðaláfrýjandi og eiginkona hans, Ólöf Þórarinsdóttir, sem bæði eiga heima í Reykjavík, að þau ræku í Kópavogi sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Árni Jóhannsson s/f. Þá segir í tilkynningunni: „Firmað er sjálfstæður skattaðili". Tilkynning þessi birtist í Lögbirtingablaði, sem út kom 7. maí 1969. Sameignarfélag þetta hóf mannvirkjagerð í Kópavogi sem verktaki þegar á árinu 1969 og hélt þeirri starfsemi áfram fram á árið 1971. Aðaláfrýjandi og kona hans skiluðu skattframtali til skattstjórans í Reykjavík 1970. Í skattframtali þessu taldi aðaláfrýjandi fram laun frá sameignarfélaginu, kr. 300.000.00.

Árni Jóhannsson s/f sendi á árinu 1970 skattframtal til skattstjórans í Reykjanesumdæmi. Framtal þetta er skráð á skattframtalseyðublað fyrir félög. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi mun hafa litið svo á, að sameignarfélagið Árni Jóhannsson væri ekki sjálfstæður tekju- og eignarskattsgreiðandi, og sendi því framtal félagsins ásamt fylgiskjölum til skattstjórans í Reykjavík. Hinn 6. október 1970 ritaði skattstjórinn í Reykjanesumdæmi Árna Jóhannssyni s/f bréf og lýsti því, að hann teldi félagið aðstöðugjaldsskylt í Kópavogi vegna starfsemi þar á árinu 1969, og óskaði eftir upplýsingum um aðstöðugjaldstofn. Með bréfi 20. október 1970 tilkynnti endurskoðandi félagsins, að réttur aðstöðugjaldstofn þess væri kr. 11.692.250.29. Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi tilkynnti sameignarfélaginu 25. nóvember 1970, að aðstöðugjald til Kópavogskaupstaðar vegna starfsemi félagsins á árinu 1969 hefði verið ákveðið kr. 116.900.00. Var aðstöðugjald þetta greitt 15. desember 1970.

Skattstjórinn í Reykjavík tilkynnti aðaláfrýjanda með bréfum 3. mars og 22. mars 1971, að tekjur og eignir Árna Jóhannssonar s/f hefðu verið færðar á framtal hans árið 1970 og opinber gjöld hans yrðu hækkuð í samræmi við það. Með skattbreytingarseðlum 23. og 30. mars 1971 tilkynnti skattstjórinn í Reykjavík aðaláfrýjanda, að opinber gjöld hans fyrir árið 1970 hefðu verið hækkuð um samtals kr. 857.799.00, og er þar með talið aðstöðugjald til Reykjavíkurborgar, kr. 114.000.00. Aðaláfrýjandi kærði álagningu þessa með bréfi 30. mars 1971. Urðu lyktir málsins þær, að ríkisskattanefnd úrskurðaði 25. júní 1971, að tekjuskattur og eignarskattur áfrýjanda gjaldárið 1970 skyldi vera óbreyttur.

II.

Í máli þessu er það til úrlausnar, hvort sameignarfélag, er hjón, sem samvistum búa, eiga og reka ein með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð, geti verið sjálfstæður skattþegn.

Samkvæmt upphafsákvæðum 1. og 4. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1965 er aðalreglan sú, að tekjuskattar og eignarskattar skuli lagðir í einu lagi á samanlagðar tekjur og eignir hjóna, er samvistum búa. Ber að skýra ákvæði C liðs 5. gr. laga nr. 90/1965 þannig, að sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð geti eigi verið sjálfstæður skattgreiðandi, ef ekki eru í félaginu aðrir félagsmenn en hjón, sem greiða saman tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar um þetta efni.

III.

Svo sem áður var rakið, var Árna Jóhannssyni s/f gert að greiða aðstöðugjald til Kópavogskaupstaðar vegna atvinnurekstrar þar, og hefur það aðstöðugjald verið greitt. Þá var aðaláfrýjanda gert að greiða aðstöðugjald til Reykjavíkurborgar, og er eigi um það deilt, að það hafi verið lagt á sama gjaldstofn.

Um aðstöðugjald giltu á þessum tíma ákvæði III. kafla laga nr. 51/1964. Sameignarfélagið Árni Jóhannsson var skráð til heimilis í Kópavogi og hafði þar atvinnurekstur frá því á árinu 1969 og fram á árið 1971. Þegar til þessa er litið, var

hér um að ræða atvinnustofnun heimilisfasta í Kópavogi. Skattstjóranum í Reykjanesumdæmi var því heimilt að ákveða aðstöðugjald til Kópavogskaupstaðar vegna starfseminnar, sbr. 1. mgr. 8. gr. fyrrgreindra laga. Er óheimilit að krefja aðaláfrýjanda um aðstöðugjald til Reykjavíkurborgar af sama gjaldstofni.

Samkvæmt framangreindu ber að leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda til tryggingar kr. 743.-799.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 21. desember 1971 til greiðsludags.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Árna Jóhannssyni, til tryggingar kr. 743.799.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 21. desember 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. nóvember 1972.

Mál þetta var þingfest hinn 21. desember 1971, og gerði umboðsmaður gerðarbeiðanda þá þær réttarkröfur, að fógeti heimili lögtak hjá gerðarþola, Árna Jóhannssyni, Álfheimum 8 hér í borg, (nafnnúmer 0523–0578) til tryggingar ógreiddum eftirstöðvum opinberra gjalda, samtals að fjárhæð kr. 1.168.472.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Gjöld þau, sem framangreind lögtakskrafa nær til, eru þessi:

1970:

Tekjuskattur	hækkun 23. mars 1971	kr. 304.715.00
Eignarskattur	— — — — —	12.059.00
Kirkjugarðsgjald	— — — — —	6.604.00
Tekjuútsvar	— — — — —	315.100.00
Eignarútsvar	— — — — —	11.224.00
Aðstöðugjald	— — — — —	114.000.00

Iðnlánasjóðsgjald	hækkun 23. mars 1971	kr.	45.600.00
Slysatryggingagjald	— 30. mars 1971	kr.	6.314.00
Lífeyristryggingagjald ...	— - — — —		30.305.00
Atvinnuleysistryggingagjald	— - — — —		11.661.00
Launaskattur	— - — — —		217.00
		kr.	857.799.00

1971:

Tekjuskattur	—	65.157.00
Eignarskattur	—	7.118.00
Tekjuútsvar	—	108.275.00
Eignarútsvar	—	6.625.00
Kirkjugjald	—	700.00
Kirkjugarðsgjald	—	2.848.00
Iðnlánasjóðsgjald	—	30.000.00
Almanna tryggingasjóðsgjald	—	7.660.00
Aðstöðugjald	—	75.000.00
Sjúkrasamlagsgjald	—	7.290.00
	Kr.	310.673.00
	Samtals kr.	1.168.472.00

Hækkanir gjalda á gjaldárinu 1970 eru til komnar vegna breytinga, er skattstofa Reykjavíkur gerði á framtali gerðarþola þetta ár, og hafa þessar hækkanir verið staðfestar með úrskurði ríkisskattanefndar, og hefur sá úrskurður verið lagður fram í málinu.

Umboðsmaður gerðarþola gerði þær réttarkröfur, að synjað væri um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, nema hvað snertir kr. 191.930.00, og að umbjóðanda sínum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Mál þetta var þingfest hinn 21. desember 1971 og hefur síðan verið rekið hér fyrir réttinum, uns munnlegur málflutningur fór fram hinn 31. október s.l., og var málið þá flutt, samanber lög nr. 61 frá 1942 um málflytjendur, 14. gr.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerði þar þær réttarkröfur, að rétturinn heimilaði lögtak hjá gerðarþola, Árna Jóhannssyni, Álfheimum 8, til tryggingar ógreiddum eftirstöðvum opinberra gjalda 1970, samtals að upphæð kr. 857.799.00, samanber sundurliðun í greinargerð á rskj. nr. 1, ásamt 12% ársvöxtum frá 21. desember 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins. Umboðs-

maður gerðarbeiðanda tók fram, að fallið sé frá kröfu um lögtak hjá gerðarþola fyrir gjaldárið 1971, þar sem gjöld þessi hafi að hluta verið greidd og að hluta verið felld niður og sé því ekki lengur um þau deilt.

Umboðsmaður gerðarþola gerir nú þær réttarkröfur, að synjað verði um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins. Til vara gerir umboðsmaður gerðarþola þær réttarkröfur, að aðeins verði heimilað lögtak hjá gerðarþola fyrir kr. 740.899.00 og að gerðarbeiðandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins.

Málsatvik eru þau, að við reglulega álagningu opinberra gjalda árið 1970 var gerðarþola gert að greiða í opinber gjöld, sem innheimt eru af gerðarbeiðanda, kr. 178.773.00, og voru þau gjöld öll greidd, áður en mál þetta var þingfest, og hefur álagningu þessari eða greiðslu ekki verið mótmælt undir rekstri máls þessa.

Við munnlegan flutning málsins lagði umboðsmaður gerðarbeiðanda áherslu á eftirfarandi:

Að á árinu 1969, nánar tiltekið þann 10. mars, tilkynnir gerðarþoli til firmaskrár Kópavogs, að hann hafi stofnað sameignarfélag með konu sinni, Ólöfu Þórarinsdóttur, Álfheimum 8 í Reykjavík, og muni þau reka það með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu Árni Jóhannsson s/f. Þessi tilkynning var birt í Lögbirtingablaðinu, eins og fram kemur á rskj. nr. 8.

Framtali 1970 var skilað fyrir félag þetta til skattstofu Reykjanesumdæmis, og er það lagt hér fram sem rskj. nr. 24. Framtalið er ódagsett, en af áritun á framhlið þess sést, að það hefur komið í kærufresti. Það sé því ekki rétt, sem segi í greinargerð umboðsmanns gerðarþola, að framtali hafi verið skilað á lögmætum tíma. Enn fremur hafa starfsmenn skattstofu Reykjanesumdæmis ritað eftirfarandi á forsíðu framtalsins: „Árni Jóhannsson og Ólöf kona hans eiga þetta fyrirtæki sem einkaeigendur samkv. tilkynningu í Lögbirtingablaðinu 1968. (Tilk. dags. 15/11 '68). Fyrirtækið er ekki sjálfstæður skattaðili." Af þessum sökum er framtalið sent til Reykjavíkur, þar sem gerðarþoli átti lögheimili og er skattlagður sem einstaklingur.

Þá tekur hann fram, að aðalreglu um skattlagningu hjóna sé að finna í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 90/1965, sbr. 4. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Í 3. gr. laga nr. 90/1965 segir svo í upphafi, að tekjur hjóna, sem samvistum eru, skuli taldar saman til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, og

síðar í greininni segir, að telji hjón sér hagfelldara, að tekjur konunnar séu sérstaklega skattlagðar, geti þau krafist þess, að skattgjald sé sett á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 25. gr., og í lok greinarinnar segir svo, að eignir hjóna, sem samvistum eru, skuli lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgist bæði greiðslu.

Í ákvæðum þessum felst, að einungis sé heimilt að óska eftir að beita heimild til sérsköttunar á launatekjum eiginkonu, og væri það því óeðlilegt, ef unnt væri að sniðganga þetta ákvæði með stofnun sameignarfélags hjóna.

Þá getur hann þess, að samkvæmt lögum um fjármál hjóna nr. 20/1923 skapist við giftingu raunverulegur sameignarréttur hjóna að eignum hvors annars. Slík sameign geti varla orðið eðlilegur grundvöllur til skattlagningar í félagsformi, þó að formskilyrðum sé fullnægt um stofnun sameignarfélags.

Þá vekur hann athygli á ákvæðum C liðs 5. gr. laga nr. 90/1965, en þar segir, að séu ekki fleiri en þrír félagar í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, þá skuli skattar ekki lagðir á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi fram um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram. Slík tilmæli komu ekki fram, samanber rskj. nr. 24, enda hefði sjálfstæð skattlagning aldrei getað átt sér stað á því ári, þ. e. 1970, jafnvel þótt ekki væri um það deilt, að hjón hefðu getað stofnað sameignarfélag og gert það í fyllingu tímans að sjálfstæðum skattaðilja.

Þá mótmælir hann þeirri röksemdarfærslu umboðsmanns gerðarþola, að breyting sú, sem gerð var á tekjuskattslögunum 1971, þ. e. að taka berum orðum fram, að hjón hafi ekki rétt til að stofna félag og gera að sjálfstæðum skattaðilja, eigi að undirstrika það, að hjón hafi áður haft þennan rétt. Með þessu sé löggjafinn að taka af öll tvímæli um, að þetta sé og hafi verið óheimilt. Þá bendir umboðsmaður gerðarbeiðanda á, að hefði gerðarþoli verið sjálfum sér samkvæmur, hefði hann einnig árið 1971 átt að senda framtal félagsins Árna Jóhannssonar s/f til skattstofu Reykjanesumdæmis, meðan ekki var búið að úrskurða um skattskyldu þess. Þetta hafi ekki verið gert, heldur hafi bráðabirgðaframtal fyrir félagið verið sent til skattstofu Reykjavíkur, sbr. rskj. nr. 25, og síðan endanlegt framtal, sbr. rskj. nr. 26.

Í málflutningi sínum leggur umboðsmaður gerðarþola megináherslu á, að á þeim tíma, er hin umdeildu gjöld voru ákvörðuð af skattayfirvöldum, hafi engin þau ákvæði verið í þágildandi íslensk-

um lögum, er meinuðu hjónum að stofna til sameignarfélags, sem gæti orðið sjálfstæður skattaðili.

Með tilkynningu, sem birtist í 31. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 7. maí 1969, hafi umbjóðandi hans tilkynnt til firmaskrár Kópavogs stofnun sameignarfélagsins Árni Jóhannsson s/f og væri hann stofnandi þess ásamt eiginkonu sinni, Ólöfu Þórarinsdóttur. I tilkynningu þessari er þess m. a. getið, að félagið verði sjálfstæður skattaðili. Á árinu 1969 hafi félag þetta rekið verulega starfsemi í Kópavogi. Hafi félagið á lögmætum tíma árið 1970 skilað skattframtali sínu til skattstjórans í Reykjanesumdæmi, en skattstjórinn þar hafi synjað um að skattleggja félagið þar í umdæminu og sent skattframtal félagsins til skattstjórans í Reykjavík. Þó er lagt á félagið aðstöðugjald í Reykjanesumdæmi að fjárhæð kr. 116.900.00 vegna starfsemi félagsins í Kópavogi árið 1969, og er fjárhæð þessi greidd til bæjarsjóðs Kópavogs hinn 15. desember 1970, sbr. rskj. nr. 7. Síðan hafi það gerst í málinu, að skattstjórinn í Reykjavík hafi með úrskurðum, dags. 23. mars 1971 og 30. mars 1971, hækkað persónuleg gjöld Árna Jóhannssonar, Álfheimum 8, Reykjavík, um samtals kr. 857.799.00.

Hækkun þessi kom til af því, að skattstjórinn í Reykjavík sameinaði framtöl Árna Jóhannssonar s/f og Árna Jóhannssonar, Álfheimum 8. Þar sem Árni Jóhannsson vildi ekki una álagningu þessari, kærði hann álagninguna til skattstofu Reykjavíkur 30. mars 1971 og síðan til ríkisskattanefndar hinn 12. maí 1971. Var krafa gerð um, að úrskurðum þessum yrði breytt og allar hækkanir felldar niður, en kærum þessum var synjað. Skattstjóri lagði ekki efnislegan úrskurð á málið. Sama sagan hafði átt sér stað árið 1971.

Umboðsmaður gerðarþola heldur því fram, að skattayfirvöld hafi ekki farið eftir lögum, er þau sameinuðu skattframtöl félagsins Árna Jóhannssonar s/f og Árna Jóhannssonar, Álfheimum 8.

Rökstuddi hann mál sitt með því, að er félagið Árni Jóhannsson s/f hafi verið stofnað, hafi verið í gildi lög nr. 90 frá 7. október 1965 um tekju- og eignarskatt.

Í 1. mgr. C liðs (sic) laga þessara, eru ákvæði þess efnis, að sameignarfélag megi vera sérstakur skattaðili. Um þetta atriði þurfi þó að sækja, séu félagsmenn færri en þrír. Samkvæmt venju komu tilmæli um þetta fram í áður tilvitnaðri firmatilkynningu.

Ákvæðum laga, að því er þetta atriði snertir, hafi því verið fullnægt. Hann mótmælti þeirri skoðun ríkisskattanefndar, að hjón, sem eigi saman sameignarfélag, fái ekki að njóta þeirra réttinda

að láta sameignarfélag sitt vera sjálfstæðan skattaðilja. Mál þetta snúist því eingöngu um þetta atriði, það sé hvergi minnst á það í lögum, er giltu þá, að sameignarfélag hjóna geti ekki verið sjálfstæður skattaðili. Það sé fyrst með lögum nr. 68 frá 15. júní 1971 sem hjón séu svift þessum réttindum samkvæmt 5. gr. laga þessara, síðasta málsl. C liðs. En ákvæði laga þessara taka ekki gildi fyrr en á skattárinu 1971 og hafa því ekki áhrif á mál það, sem hér er fjallað um. Þá mótmælti hann skattálagningu þessari sem rangri og ólögmætri á þeim forsendum, að hún bryti í bága við þá almennu reglu í íslenskum lögum, að allir borgarar væru jafnréttháir fyrir lögunum, þar sem hún táknaði, að giftar konur hefðu minni rétt en aðrir borgarar. Einnig bryti hún í bága við þær almennu mannréttindayfirlýsingar, sem íslenska ríkið væri aðili að. Varakröfu sína rökstyður hann með því, að óheimilt sé lögum samkvæmt að gera skattborgurum að greiða aðstöðugjald í fleirum en einu skattumdæmi.

Fógeti hefur reynt sættir í máli þessu, en án árangurs.

Af skjölum málsins og því, sem komið hefur fram í málinu, má sjá, að aðdragandi þess hefur verið svo sem hér segir:

Við almenna skattálagningu 1970 var gerðarþola gert að greiða opinber gjöld í Reykjavík, og voru þau gjöld öll greidd, áður en mál þetta var þingfest.

Hinn 10. mars 1969 tilkynnir gerðarþoli til firmaskrár Kópavogs, að hann ásamt Ólöfu Þórarinsdóttur, Álfheimum 8, hafi stofnað sameignarfélagið Árni Jóhannsson s/f og muni þau reka það með ótakmarkaðri ábyrgð, og er þess óskað, að félagið verði sjálfstæður skattgreiðandi, sbr. rskj. nr. 9.

Framtali 1970 fyrir félag þetta var skilað til skattstofu Reykjanesumdæmis, sbr. rskj. nr. 24. Framtalið er ódagsett, en á framhlið þess hefur verið skrifað, að það hafi komið í kærufresti. Enn fremur hefur verið skrifað á framtalið: „Árni Jóhannsson og Ólöf Þórarinsdóttir, kona hans, eiga þetta fyrirtæki sem einkaeigendur samkv. tilkynningu í Lögbirtingablaði 1968 (Tilkynning dags. 15. nóv. '68). Fyrirtækið er ekki sjálfstæður skattaðili.“ Með bréfi skattstofu Reykjavíkur, dags. 3. mars 1971, er Árna Jóhannssyni tilkynnt, að eign og tekjur Árna Jóhannssonar s/f, kr. 1.117.388.00, hafi verið færðar til eignar og tekna á framtali hans 1970, þar sem sameignarfélagið sé ekki sjálfstæður skattaðili, sbr. rskj. nr. 20.

Með bréfi skattstofu Reykjavíkur, dags. 22. mars 1971, er gerðarþola tilkynnt, að honum verði gert að greiða aðstöðu- og iðnlánasjóðsgjald í Reykjavík fyrir árið 1970, sbr. rskj. nr. 21.

Tilkynningar skattstofu Reykjavíkur um álagningar þessar voru svo sendar gerðarþola hinn 23. mars 1971 og 30. mars 1971, sbr. rskj. nr. 2 og nr. 3, og nema skattbreytingar þessar samtals kr. 857.799.00.

Með bréfi til skattstjórans í Reykjavík og framtalsnefndar Reykjavíkur, dags. 30. mars 1971, kærir umboðsmaður gerðarþola áðurnefndar skattbreytingar til niðurfellingar, sbr. rskj. nr. 23.

Með bréfi skattstofu Reykjavíkur til gerðarþola, dags. 30. apríl 1971, er kærum þessum vísað frá, þar sem þær hafi borist of seint, sbr. rskj. nr. 22. Af úrskurði ríkisskattanefndar, dags. 25. júní 1971, má sjá, að umboðsmaður gerðarþola hefur kært skattbreytingar þessar til ríkisskattanefndar með bréfi, dags. 12. maí 1971. Í úrskurði ríkisskattanefndar segir: „Kærunni ber að vísa frá, þar sem gjaldandi kærði ekki í kærufresti til skattstjórans í Reykjavík. Eftir atvikum þykir hins vegar mega taka kæru umboðsmanns gjaldanda upp sem skattbeiðni samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 90/1965."

Í bréfi umboðsmanns til ríkisskattanefndar kemur m. a. eftirfarandi fram:

„Með úrskurðum skattstjórans í Reykjavík og framtalsnefndar Reykjavíkur, dags. 23. og 30. mars s.l., voru gjöld Árna Jóhannssonar, Álfheimum 8, Rvk., hækkuð um kr. 857.799.00.

Síðar í bréfinu segir umboðsmaður:

„Ég leyfi mér því f. h. umbj. míns að kæra framangreinda gjaldahækkun til ríkisskattanefndar og geri sömu kröfu og í kæru minni til skattstjóra og framtalsnefndar, að gjöld þessi verði felld niður með öllu . . ." Ákvæði 3. gr. laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt bjóða sem aðalreglu, að hjón, sem samvistum eru, skuli skattlögð saman. Bæði tekjur þeirra og eignir, jafnvel séreignir. Greiðsluábyrgð hvílir á báðum, og bæði skulu undirrita framtalið, þ. e. þau eru ein skattpersóna. Er hér um sérreglu að ræða, sem tekur af öll tvímæli um, hvernig hjón skuli skattlögð, og skapar annað viðhorf til skattlagningar en ella. Ákvæði greinarinnar um sérskattlagningu konu ná aðeins til launatekna hennar. Greiðsluábyrgð hvílir á báðum eftir sem áður og enn takmarkast réttindi, ef um atvinnurekstur hjónanna er að ræða. Verður því að telja, að hjónum sé eigi heimilt að nota sameignarfélagsformið til skiptingar eigna sinna og tekna til skattlagningar. Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta úrskurð skattstjóra frá 23. mars 1971 um tekju- og eignarskatt gjaldanda gjaldárið 1970.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1970 standi óbreyttur. Eignarskattur gjaldárið 1970 standi óbreyttur.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Gjaldheimtustjórinn f. h. Gjaldheimtunnar í Reykjavík krefst síðan lögtaks hjá gerðarþola fyrir vangoldnum opinberum gjöldum hans. Því er mótmælt og krafist úrskurðar fógetaréttar.

Hinn 21. desember 1971 er mál þetta þingfest hér fyrir fógetaréttinum og hefur síðan verið rekið hér fyrir réttinum, uns það var tekið til munnlegs málflutnings hinn 31. október s.l. Við þingfestingu málsins krafðist gerðarbeiðandi lögtaks hjá gerðarþola fyrir ógreiddum eftirstöðvum opinberra gjalda ársins 1970, kr. 857.799.00, og ársins 1971, kr. 310.673.00.

Við munnlegan málflutning var upphafleg lögtakskrafa lækkuð um kr. 310.673.00, en það svarar til gjalda þeirra, sem gerðarþola var upphaflega gert að greiða árið 1971. Þessi gjöld hafa að hluta verið greidd og að hluta verið felld niður, meðan rekstur málsins hefur staðið yfir. Rétturinn sér því ekki ástæðu til að rekja sögu álagningar gjaldanna fyrir árið 1971.

Við munnlegan flutning málsins gerði umboðsmaður gerðarþola þá varakröfu, að lögtak væri aðeins heimilað fyrir kr. 740.899.00, þ. e. a. s. kr. 857.799.00 að frádregnum kr. 116.900.00, sem gerðarþoli greiddi til bæjarsjóðs Kópavogos 15. desember 1970, sbr. rskj. nr. 7.

Af bréfi skattstofu Reykjanesumdæmis til gjaldheimtustjórans í Reykjavík, dags. 27. janúar 1972, sbr. rskj. nr. 10, má sjá, að aðstöðugjald var lagt á félagið Árna Jóhannsson s/f í Kópavogi árið 1970, og var álagningin, sem ekki var kærð, byggð á umbeðnu aðstöðugjaldsframtali félagsins, sem sent var skattstofu Reykjanesumdæmis frá umboðsmanni félagsins, löggiltum endurskoðanda.

Rétturinn verður að líta svo á, að í máli þessu sé ekki deilt um upphæðir gjalda. Það, sem um sé deilt, sé lögmæti skattbreytinga þeirra, er skattayfirvöld ákvörðuðu á opinberum gjöldum gerðarþola fyrir árið 1970. Það liggur fyrir í málinu, að gerðarþoli og Ólöf Þórarinsdóttir eru hjón með sameiginlegan og óskiptan fjárhag. Það liggur einnig fyrir í málinu, að þau eru og voru á þeim tíma, er hinar umdeildu skattbreytingar voru ákvarðaðar, búsett að Álfheimum 8 hér í borg. Einnig liggur fyrir í málinu, að þau ráku sem fullábyrgir einkaeigendur félagið Árna Jóhannsson s/f í Kópavogi. Lögmæti hinna umdeildu skattbreytinga ber að ákvarða samkvæmt ákvæðum laga nr. 90 frá 7. október 1965 um tekjuskatt

og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 245/1963. Í upphafi 3. gr. nefndra laga segir: „Tekjur hjóna, sem samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna. Ábyrgjast þau bæði skattgreiðslu og undirrita skattframtalið ...“ Í núgildandi lögum um sama efni nr. 68/1971 er ákvæði þetta með öllu óbreytt. Rétturinn fær því ekki annað séð en að það sé samkvæmt þessu litið á hjón sem eina juridiska skattpersónu að íslenskum lögum.

Ekki hefur rétturinn getað fundið neina undantekningu um þetta atriði í núgildandi skattalögum né skattalögum þeim, er voru í gildi, er skattbreytingar þessar áttu sér stað. Ekki verður litið svo á, að ákvæði í 2. mgr. laga nr. 90/1965 (sic) tákni neina undantekningu frá þessari meginreglu, það gefur ekki heimild til neinnar sérsköttunar, þar sem það hefur einungis áhrif á ákvörðun hinnar sameiginlegu skattupphæðar. Í 5. gr. beggja ofangreindra laga eru ákvæði um skattálagningu félaga og stofnana. Breyting sú, er fram kemur í C lið 5. gr. laga nr. 68/1971 um það, að hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geti ekki myndað sameignarfélag, er því breyting á reglum um skattlagningu félaga, og ber því ekki að líta á lagaákvæði þetta sem túlkunaratriði á hinni almennu reglu um samsköttun hjóna. Rétturinn lítur því svo á, að hjón geti ekki skipt tekjum sínum né eignum til sköttunar og skipti ekki máli, í hvaða formi það sé gert. Að þessu athuguðu verður rétturinn að líta svo á, að skattálagning sú, sem um er deilt í máli þessu, sé lögmæt og lögum samkvæm og því lögtakshæf. Rétturinn verður að líta svo á, að varakrafa umboðsmanns gerðarþola verði ekki tekin til greina, þar sem hún varðar skattálagningu og skattgreiðslu utan lögsagnarumdæmis hans. Að öllu þessu athuguðu verður rétturinn að líta svo á, að leyfa verði framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar fyrir vangoldnum opinberum gjöldum að upphæð kr. 857.799.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarþola sé gert að greiða kr. 40.000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 857.799.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 21. desember 1971 til greiðsludags. Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 40.000.00 í málskostnað.

Miðvikudagur 5. júní 1974

Nr. 90/1974: **Þorsteinn L. Þorsteinsson**
gegn
Guðlaugi Einarssyni.

Útivistardómur

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorsteinn L. Þorsteinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudagur 10. júní 1974.

Nr. 94/1973: **Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Jóhanni Jóhannessyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Opinberir starfsmenn. Aldurshámark. Eftirlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1973. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1935 um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna var kveðið á um það, að sérhver opinber starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau réðu yfir, skyldi leystur frá embætti sínu eða starfi, þegar hann væri orðinn fullra 65 ára. Þó var heimilt samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna, að þeir, sem þættu til þess nógu ernir til sálar og líkama, héldu störfum sínum, þar til þeir væru fullra 70 ára. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. mátti leysa starfsmenn frá starfi, hvenær sem var á tímabilinu frá 65 ára aldri til 70 ára, en þá urðu þeir að láta af starfi skilmálalaust. Enn sagði svo í 1. mgr. 2. gr. laga þessara, að þegar opinberum starfsmönnum væri veitt lausn frá störfum samkvæmt 1. gr., skyldi miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar, eftir að þeir urðu 65 eða 70 ára, nema ráðherra þætti annar tími á árinu hagkvæmari vegna mannaskipta.

Lög nr. 27/1935 héldust að mestu óbreytt, þar til aldursmark samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra var með 1. gr. laga nr. 5/1947 hækkað úr 65 árum í 70 ár, en starfsmanni veitt heimild til að láta af starfi með rétti til eftirlauna, þegar hann var orðinn fullra 65 ára. Með sömu lögum var felld úr gildi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1935, sem áður er greind. Við 1. mgr. 2. gr. var hins vegar ekki hróflað.

Er lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru sett, leysti 13. gr. þeirra lög nr. 27/1935 af hólmi, að því er varðaði þá starfsmenn, sem hin nýju lög náðu til. Samkvæmt ákvæði þessu var aldurshámark hið sama og verið hafði, en ekki kveðið sérstaklega á um það, frá hvaða degi lausn skyldi veitt, svo sem verið hafði í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1935. Þó má ætla, að tilgangurinn hafi ekki verið að víkja í því efni frá eldri reglum. Verður ótvírætt ráðið af greinargerð með frumvarpinu og af umræðum um það á Alþingi, að litið var svo á, að 13. gr. frumvarpsins væri að öllu leyti í samræmi við þær reglur, sem áður höfðu gilt.

Í yfirlýsingu fjármálaráðuneytis frá 4. febrúar 1972 segir m. a. svo: „Skv. ákv. 13. gr. l. nr. 38/1954 skal veita starfsmanni lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri. Um

árabil hafa lagaákvæði þessi verið framkvæmd á þann veg, að hafi starfsmaður sjálfur ekki leitað eftir lausn úr stöðu, hefur hann gegnt stöðunni til loka þess almanaksárs, er hann varð 70 ára á. Eftirlaunagreiðslur úr lífeyrissjóði hefjast ekki fyrr en stjórn lífeyrissjóðs hefur borist staðfesting þess efnis, að væntanlegur lífeyrisþegi sé hættur að taka föst laun". Samkvæmt þessu er leitt í ljós, að eftir gildistöku laga nr. 38/1954 hefur verið fylgt sömu reglu um lausn starfsmanna ríkisins fyrir aldurs sakir og sett var með 1. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1935. Að því er sérstaklega varðar starfsmenn Landsbanka Íslands, þá verður það enn fremur ráðið af vætti Einvarðs Hallvarðssonar, sem rakið er í héraðsdómi, að framkvæmdin hefur þar verið hin sama.

Samkvæmt aðdraganda 13. gr. laga nr. 38/1954, sem að framan er rakin, svo og þeirri framkvæmdavenju, sem greind var, þykir verða að skýra ákvæði þetta þannig, að heimilt sé að láta opinberan starfsmann gegna starfi sínu til loka þess árs, er hann nær sjötugsaldri. Gildir þetta um stefnda, þar sem telja verður, að lög nr. 38/1954 hafi tekið til starfs hans, sbr. og 6. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands frá 21. október 1960, en þar er skírskotað beint til 13. gr. laga nr. 38/1954.

Stefndi gegndi stöðu sinni frá því að hann náði sjötugsaldri til ársloka sama ár án nokkurra breytinga á starfsskyldum, svo að séð verði, og án sérstakrar lausnarveitingingar frá starfi eða endurráðningar hans sem lausráðins starfsmanns. Var þetta gert með fullu samkomulagi stefnda og starfsmannastjóra Landsbankans. Í 7. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands er það skilyrði sett fyrir rétti starfsmanns til eftirlauna úr sjóðnum, að sjóðfélagi hafi látið af starfi. Stefndi lét samkvæmt framansögðu af starfi í árslok 1968 og öðlaðist því ekki rétt til eftirlauna frá fyrri tíma að telja. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Jóhanns Jóhannessonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jóhann Jóhannesson, Melhaga 10 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 9. maí 1972, á hendur Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands til greiðslu á kr. 79.625.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi, er gefið hefur skýrslu fyrir dóminum, kveður málavexti þá, að hinn 14. ágúst 1968 hafi hann orðið sjötugur og hafi hann þá verið búinn að starfa óslitið í föstu starfi í Landsbanka Íslands frá 4. janúar 1928. Stefnandi kveður starfsmannastjóra Landsbanka Íslands, Einvarð Hallvarðsson, hafa spurt sig að því, hvort hann ætlaði ekki að starfa út árið sem lausráðinn, en á fullum launum, eins og venja hafi verið. Kveðst stefnandi hafa tekið þessu með þökkum. Ekki kveður stefnandi hafa verið minnst á eftirlaun í þessu sambandi. Hinn 6. desember 1968 ritaði stefnandi stjórn Landsbanka Íslands bréf og fór þess á leit, að sér yrði fyrst um sinn gefinn kostur á að vera áfram í starfi sínu sem lausráðinn með sömu launum og hann hafði haft. Stefnandi kveður starfsmannastjórann hafa borið sér þau boð frá stjórn bankans, að þetta væri því miður ekki hægt. Með bréfi, dags. hinn 5. febrúar 1969, bar stefnandi þau tilmæli fram við stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands, að sér yrðu greidd full eftirlaun frá 14. ágúst 1968 til ársloka, enda taldi hann sig eiga fullan og óskoraðan löglegan rétt til þeirra. Með bréfi stefnda, dags. hinn 28. mars 1969, var þessum tilmælum stefnanda hafnað á þeim grundvelli, að stefnandi hefði haldið stöðu sinni og fullum launum til ársloka 1968.

Í samræmi við ákvæði 20. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands var ágreiningsefnið lagt undir úrskurð bankaráðs Landsbanka Íslands. Kvað bankaráðið upp

þann úrskurð hinn 7. apríl 1972, að stefnda skyldi ekki skylt að verða við kröfu stefnanda. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta.

Einvarður Hallvarðsson, sem var starfsmannastjóri Landsbanka Íslands frá 1. maí 1956 til ársloka 1971, hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að það hafi verið samkvæmt venju hjá Landsbanka Íslands og sem hann telur, að hafi verið hjá fleiri aðiljum, að starfsfólk hafi fengið að starfa áfram til næstu áramóta, eftir að það náði 70 ára aldri, á óbreyttum kjörum. Kveðst Einvarður minnast þess, að hann og stefnandi hafi rætt við um það, að stefnandi starfaði áfram í þágu bankans, eftir að hann næði 70 ára aldri, en ekki kveðst hann muna nákvæmlega, á hvaða tíma það var. Ekki kveðst Einvarður muna nákvæmlega, hvort hann eða stefnandi átti frumkvæðið að þessum viðræðum þeirra, þó hann hyggi, að stefnandi hafi átt frumkvæðið. Kveðst Einvarður hafa samþykkt, að stefnandi starfaði áfram til áramóta, en ekki lengur, enda kveðst hann ekki hafa talið sig hafa heimild til að samþykkja framhald á því. Ekki kveður Einvarður hafa verið rætt um það, hver kjör stefnanda yrðu frá 14. ágúst 1968 til ársloka, og kveðst hafa talið, að þau yrðu óbreytt frá því, sem verið hafði. Ekki kveðst Einvarður minnast þess, að rætt hafi verið um eftirlaun stefnanda.

Krafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt 3. gr. reglugerðar um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands frá 24. október 1960 skuli allir fastráðnir starfsmenn bankans vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, á meðan þeir starfi í bankanum. Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar sé starfsmanni heimilt að láta af störfum með rétti til eftirlauna, hvenær sem er eftir 65 ára aldur, en skylt sé honum að láta af störfum, er hann hefur náð 70 ára aldri, sbr. og lög nr. 38/1954, 13. gr. Ef starfsmaður vinni áfram, eftir að hann hefur náð 70 ára aldri, geti hann ekki skoðast fastráðinn samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar, heldur lausráðinn, og breyti þar engu um, þótt starfsmaður hafi haldið fullum launum. Er því haldið fram, að starfsmannastjóri bankans hafi boðið stefnanda að starfa til ársloka 1968 og hafi stefnandi tekið því boði. Ekkert hafi þá verið minnst á eftirlaun eða önnur kjör stefnanda. Er því haldið fram, að stefnandi eigi rétt á fullum eftirlaunum frá 14. ágúst 1968 til ársloka, enda skipti engu máli, þótt stefnandi ynni á þessum tíma hjá Landsbanka Íslands, því ef stefnandi hefði ráðið sig til vinnu hjá öðrum aðilja frá 14. ágúst 1968 til ársloka, hefði stefndi orðið að

greiða honum eftirlaunin skilyrðislaust samkvæmt ákvæðum 6. gr. reglugerðarinnar, sbr. og ákvæði 13. gr. laga nr. 38/1954. Því sé stefnanda gert bótaskylt tjón, ef hann verði sviptur eftirlaunagreiðslum þeim, sem um er deilt. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að það sé fortakslaust skilyrði samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, að starfsmaður hafi látið af starfi, til þess að hann geti öðlast rétt til greiðslna úr sjóðnum og að þetta sé venjuhelguð réttarregla. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hugtakið fastráðinn starfsmaður sé ekki óljóst hugtak, heldur sé það skýrt markað með ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1954. Þá er því mótmælt, að það hafi verið lagabrot af hálfu fyrirsvarsmanna Landsbanka Íslands að láta stefnanda vinna áfram við bankann, eftir að hann náði 70 ára aldri, en ef svo sé, þá sé það sök fyrirsvarsmanna bankans, sem öllu hafi ráðið um þetta efni. Þá er mótmælt niðurstöðu úrskurðar bankaráðs Landsbanka Íslands, enda sé úrskurðurinn byggður á röngum grundvelli.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að hugtakið „eftirlaun" þýði greiðsla á launum, eftir að maður hefur látið af störfum. Um eftirlaun starfsmanna Landsbanka Íslands gildi ákvæði 7. gr. reglugerðar um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands. Stefnandi hafi fullnægt ákvæðum þeirrar greinar nema því, að hann hafi ekki látið af störfum. Það hafi verið að eigin ósk stefnanda, að hann hafi fengið að starfa áfram, eftir að hann náði 70 ára aldri, til ársloka 1968. Stefnandi hafi því ekki látið af starfi hjá Landsbanka Íslands fyrr en þá og því eigi hann ekki rétt á eftirlaunum úr sjóðnum fyrir tímabilið 14. ágúst til 31. desember 1968. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að það sé viðtekin regla sambærilegra lífeyris- og eftirlaunasjóða að greiða ekki eftirlaun, fyrr en starfsmaður láti af starfi. Þá er bent á það af hálfu stefnda, að samkvæmt 8. gr. reglugerðar sjóðsins geti enginn fengið örorkulífeyri, á meðan hann haldi fullum launum, þrátt fyrir örorkuna. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að um starfstíma og eftirlaun opinberra starfsmanna gildi sömu reglur og samkvæmt reglugerð Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka Íslands. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki borið fram kröfu um greiðslu eftirlauna, fyrr en eftir að hann lét af starfi, og megi fullyrða, að Landsbanki Íslands hefði ekki leyft stefnanda að starfa út árið 1968 á fullum launum, ef fyrirsvarsmenn hans hefðu haft hugboð um, að stefnandi mundi auk launa krefja stefnda um full eftirlaun.

Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands var stofnað-

ur með heimild í 49. gr. laga nr. 10/1928 um Landsbanka Íslands, og er fyrsta reglugerð sjóðsins frá 14. desember 1928. Hinn 7. júlí 1948 var sjóðnum sett ný reglugerð. Samkvæmt C lið 35. gr. laga nr. 63/1957 um Landsbanka Íslands, sem komu í stað laga nr. 10/1928, var sjóðnum sett ný reglugerð, sem staðfest var af bankaráðinu hinn 21. október 1960. Eftir gildistöku núgildandi laga um Landsbanka Íslands nr. 11/1961 og reglugerðar nr. 30/1962 hefur ekki verið sett ný reglugerð um Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbanka Íslands. Fer því um réttarstöðu stefnanda gagnvart stefnda eftir ákvæðum fyrrgreindrar reglugerðar frá 21. október 1960, og er það ágreiningslaust. Í 3. gr. reglugerðarinnar segir m. a. svo: „Allir fastráðnir starfsmenn bankans, að undanskildum framkvæmdastjórunum og þeim starfsmönnum, sem sinna ekki daglegum bankastörfum, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, meðan þeir starfa í bankanum . . .“ 6. gr. reglugerðarinnar er svohljóðandi: „Heimilt er starfsmanni að láta af störfum, með rétti til eftirlauna, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, en getur þó skv. 13. gr. laga frá 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verið áfram við störf, njóti hann nægilegrar starfsorku að dómi tryggingayfirlæknis, þó eigi lengur en þar til hann er fullra 70 ára að aldri, og unnið sér þar með viðbótar lífeyrisréttindi, hafi hámarki eigi verið náð, enda sé iðgjaldsgreiðslum haldið áfram, meðan hann starfar í bankanum (sbr. 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar)“.

Í 7. gr. greindrar reglugerðar segir m. a. svo: „Hver sjóðfélagi, sem lætur af starfi og greitt hefir iðgjald til sjóðsins í 10 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á árlegum eftirlaunum úr sjóðnum . . .“

Eigi er ágreiningur um það, að stefnanda sé heimilt að bera mál þetta undir almenna dómstóla með þeim hætti sem gert er, þrátt fyrir úrskurð bankaráðs Landsbanka Íslands. Í 13. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir m. a. svo: „Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri . . .“ Samkvæmt þessu getur maður ekki gegnt starfi sem skipaður, settur eða ráðinn venjulegri ráðningu samkvæmt lögum þessum, eftir að hann hefur náð 70 ára aldri. Verður því að líta svo á, að stefnandi hafi starfað hjá stefnda sem lausráðinn starfsmaður samkvæmt sérstökum samningi eftir 14. ágúst 1968 og eigi því rétt á eftirlaunum úr hendi stefnda fyrir hið umdeilda tímabil. Er og á það að líta, að fram er komið, að stjórn

stefnda hefur ekki afskipti af því, hvort starfsmenn, sem hættir eru störfum í þjónustu bankans og taka eftirlaun, taki að sér launuð störf fyrir aðra, enda hafi slíkar launagreiðslur ekki áhrif á greiðslur eftirlauna. Verður eigi talið í ljós leitt, að fyrir hendi sé venjuhelguð réttarregla, er hnekki þessari niðurstöðu. Verður eigi heldur fallist á það, að stefnandi hafi fyrirgert rétti til eftirlauna greint tímabil, þótt hann hefði ekki uppi kröfu um eftirlaunin fyrr en raun varð. Það er ágreiningslaust, að eftirlaun stefnanda fyrir hið umdeilda tímabil nemi stefnufjárhæðinni. Verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 79.625.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbanka Íslands, greiði stefnanda, Jóhanni Jóhannessyni, kr. 79.625.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1968 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. júní 1974.

Nr. 40/1973: **Gunnlaugur Karlsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands
(Axel Kristjánsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Hlutafjárloforð. Aðför. Nauðungaruppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 2. mars 1973. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að ársvextir verði aðeins dæmdir 6%. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og að málinu verði vísað frá héraðsdómi byggir áfrýjandi á því, að við þrjár af fjárnámsgerðum þeim, sem framkvæmdar voru af fulltrúa bæjarfógetans á Seyðisfirði 28. janúar 1969 hafi sonur bæjarfógetans sótt þing fyrir gerðarbeiðendur. Nauðungaruppboðið 2. september 1969 hafi bæjarfógeti haldið sjálfur, en þá hafi fulltrúi hans sótt þing fyrir einn uppboðsbeiðanda, en sonur hans fyrir annan. Hvort tveggja þetta sé andstætt ákvæðum 36. gr. laga nr. 85/1936. Eignarheimild stefnda á hlutafjárloforði áfrýjanda byggist því á ólögmætum réttargerðum og beri af þeim sökum að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu frá héraðsdómi.

Greindum fjárnámsgerðum og nauðungaruppboði hefur ekki verið áfrýjað. Koma því þessar kröfur áfrýjanda ekki til álita hér fyrir dómi.

II.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, voru hinn 2. september 1969 seldar á nauðungaruppboði í uppboðsrétti Seyðisfjarðar ógreiddar en gjaldfallnar eftirstöðvar hlutafjárloforða 6 hluthafa í Fjarðasíld h/f á Seyðisfirði, þar á meðal áfrýjanda, samtals að fjárhæð kr. 2.000.000.00. Fór nauðungaruppboðið fram til fullnustu á 5 fjárnáms- og lögtaksgerðum í hlutafjárloforðunum. Námu fjárnáms- og lögtakskröfur þessar „samtals allt að einni milljón króna", eins og segir í auglýsingu um nauðungaruppboðið. Hin ógreiddu hlutafjárloforð voru öll seld í einu lagi. Voru þau slegin stefnda sem hæstbjóðanda fyrir kr. 500.000.00. Greiddi hann uppboðsandvirðið ásamt innheimtulaunum til uppboðshaldara 15. september 1969.

Stefndi virðist telja, að sér sé heimilt sem uppboðskaupanda að innheimta sér til handa öll hin ógreiddu hlutafjárloforð með fullri fjárhæð þeirra. Krefur hann í máli þessu áfrýjanda um greiðslu á hlutafjárskuld hans, en hún nam kr. 500.000.00.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. hlutafélagalaga nr. 77/1921 er hver sá, er hefur skrifað sig fyrir hlut í hlutafélagi, skyldur að greiða hann á gjalddaga, og eru stofnendur eða stjórn hlutafélags, ef hún hefur verið skipuð, réttir sækjendur þess máls. Í 21. gr. laganna segir, að sömu aðiljar skuli gefa út bráðabirgðaskírteini fyrir greiddu hlutafé, en hlutabréf skulu undirrituð af félagsstjórn samkvæmt 22. gr., og er bannað að gefa þau út, fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Áfrýjandi hefur ekki verið leystur undan skyldu til að greiða lofað hlutafé til Fjarðasíldar h/f með þeim hætti, sem greinir í 26. gr. hlutafélagalaga. Það er ekki á valdi stefnda að gefa út til handa áfrýjanda hlutabréf samkvæmt 22. gr. eða bráðabirgðaskírteini samkvæmt 21. gr. laganna, ef hann vill innheimta hjá honum ógreitt hlutafé. Af þessum ástæðum verður að telja, að stefndi geti ekki sótt áfrýjanda til efnda

á hlutafjárloforði hans á grundvelli framangreindra réttargerða, enda verður að líta svo á með skírskotun til 3. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1887, að eigi hafi verið rétt að gera aðför í ógreiddu hlutafjárloforði áfrýjanda. Ber samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnlaugur Karlsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Útvegsbanka Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um höfnun á kröfu áfrýjanda um ómerkingu og frávísun málsins.

II.

Samkvæmt stofnsamningi Fjarðasíldar h/f 14. janúar 1966, sem áfrýjandi undirritaði, hefur hann skuldbundið sig til að kaupa hluti í félaginu fyrir kr. 1.000.000.00. Í niðurlagi 3. gr. stofnsamningsins segir, að helmingur hlutafjárins sé greiddur, „en eftirstöðvar kræfar, hvenær sem stjórn félagsins ákveður". Á hluthafafundi Fjarðasíldar h/f 23. maí 1967 var samþykkt „að skora á þá hluthafa, er ekki hafa þegar greitt inn hlutafjárloforð sín að fullu, að ljúka greiðslum eigi síðar en 1. júlí 1967, ella verði framlag þeirra innheimt eftir þeim leiðum, sem lög gera ráð fyrir". Með bréfi 26. maí 1967 var samþykkt þessi send þeim hluthöfum, sem eigi höfðu greitt hlutafjárloforð sín að fullu, þar á meðal áfrýjanda, sem auk þess var krafinn munnlega um greiðslu eftirstöðva hlutafjárins af stjórnarmönnum í Fjarðasíld h/f. Krafa Fjarðasíldar h/f á hendur áfrýjanda var því eindög-

uð, sbr. 20. gr. laga nr. 77/1921, þegar fjárnám voru gerð í henni 28. janúar 1969 samkvæmt ábendingu fyrirsvarsmanna hlutafélagsins. Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var hið fjárnumda hlutafjárloforð áfrýjanda ásamt öðrum hlutafjárloforðum selt á nauðungaruppboði 2. september 1969 og slegið stefnda sem hæstbjóðanda. Hvorki fjárnámsgerðum þessum né nauðungaruppboðinu hefur verið áfrýjað. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að ársvextir ákveðast 6% samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/1921 og reiknast frá 1. júlí 1967.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, kr. 500.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 70.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 22. desember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. þ. m., hefur Matthías Guðmundsson bankastjóri höfðað fyrir hönd Útvegsbanka Íslands, útibúsins á Seyðisfirði, á hendur Gunnlaugi Karlssyni, Hólabraut 7, Keflavík, með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 3. febrúar 1972.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 500.000.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 23. maí 1967 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þeir, að stefndi gerðist stofnandi að hlutafélaginu Fjarðasíld h/f. Dagsetning samþykkta félagsins er 14. janúar 1966, og með undirskrift sinni undir stofnsamning hlutafélagsins, dags. sama dag, skuldbatt stefndi sig til þess að leggja fram hlutafé að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Af þeirri fjárhæð greiddi stefndi strax kr. 500.000.00, eða helminginn, en eftirstöðvarnar skyldu vera kræfar, þegar stjórn félagsins ákvæði. Þann 23. maí 1967 ákvað hluthafafundur, að eftirstöðvar hlutafjárins skyldu kræfar, og var það tilkynnt stefnda með bréfi, dags. 26. maí 1967, og honum veittur frestur til 1. júlí sama ár til þess að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforðs síns.

Með fjórum aðfarargerðum, sem fram fóru í fógetarétti Seyðisfjarðar hinn 28. janúar 1969, var gerð aðför hjá Fjarðasíld h/f í ógreiddum hlutafjárloforðum, samtals að fjárhæð kr. 2.000.000.00, þar á meðal í hlutafjárloforði stefnda. Gerðarbeiðendur voru Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 150.000.00, þrotabú Kaupfélags Austfjarða, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 129.559.64, innheimtumaður ríkissjóðs, höfuðstóll lögtakskröfu kr. 71.904.00, Kjartan Ingvarsson, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 260.887.15, og Átak s/f, höfuðstóll fjárnámskröfu kr. 137.317.91, allt að viðbættum vöxtum og kostnaði, þar á meðal málskostnaði.

Hinn 2. september voru hin fjárnumdu hlutafjárloforð seld á nauðungaruppboði. Uppboðskauppandi var stefnandi í máli þessu, og keypti hann umrædd hlutafjárloforð, sem eins og áður greinir, námu samtals kr. 2.000.000.00, á kr. 500.000.00. Greiddi stefnandi þá fjárhæð ásamt uppboðskostnaði, að fjárhæð kr. 15.000.00, til bæjarfógetans á Seyðisfirði hinn 15. september 1969.

Við uppboðið var ekki mætt af hálfu stefnda í máli þessu, en hins vegar lagði uppboðshaldarinn fram símskeyti frá stefnda, dags. 29. maí 1969, svohljóðandi:

„Mótmæli fjárnámi og fyrirhuguðu uppboði á hlutafjárloforðum Fjarðasíldar h.f.
Umsamið var, að eftirstöðvar hlutafjár okkar greiddist með hráefni, eftir að verksmiðjan byrjaði rekstur, hlutafjárkrafan því

ekki gjaldfallin. Frekari tilkynningar vegna þessa máls óskast sendar mér.
F. h. Jóns Ingiberssonar, Óskars Ingiberssonar og Gunnlaugs Karlssonar.

Guðjón Steingrímsson."

Uppboðshaldarinn lagði einnig fram svarbréf sitt við umræddu símskeyti, og er bréfið dagsett 20. júní 1969:

„Eftir móttöku símskeytis yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 29. maí s.l., hefi ég rætt við stjórn Fjarðasíldar h.f. um þá fullyrðingu yðar, að umbjóðendur yðar, þeir Jón Ingibersson, Óskar Ingibersson og Gunnlaugur Karlsson, hafi samið um að greiða eftirstöðvar hlutafjárloforða sinna með hráefni, og er þá væntanlega átt við síld.
Stjórn Fjarðasíldar h.f. kveðst ekki viðurkenna að hafa gert slíkan samning við umbjóðendur yðar.
Með hliðsjón af því, að umbjóðendur yðar hafa ekki fært sönnur á, að þeim hafi verið veittur gjaldfrestur á hlutafjárloforðum, mun ég auglýsa uppboð á hlutafjárloforðum þeirra til Fjarðasíldar h.f. án frekari aðvörunar, nema hið ógreidda hlutafé verði greitt til mín fyrir 1. júlí næstkomandi eða uppboðsbeiðni verði afturkölluð á sama fresti.
Ef umbjóðendur yðar kjósa að greiða mér hlutafjárloforðin með bræðslusíld, er ég að vísu til viðtals um það, en án skuldbindingar að svo stöddu, ef þeir gera líklegt, að hægt sé að afhenda mér síldina innan skamms."

Í framlögðu endurriti úr uppboðsbók Seyðisfjarðar segir svo:

„Uppboð þetta hefir verið auglýst með uppfestum auglýsingum hér í bæ og á skrifstofu uppboðshaldara síðan 5. ágúst s.l., tilkynnt með ábyrgðarbréfum sama dag uppboðsþola, skuldurum hlutafjár og öllum aðfararhöfum, og tilkynning loks ítrekuð 30/8 s.l. með símskeytum til allra skuldara hlutafjár skv. uppboðsauglýsingu, en munnlega við uppboðsþola."

Með kröfubréfi, dags. 15. október 1969, hófst svo stefnandi í máli þessu handa um innheimtu á hlutafjárloforði stefnda og höfðaði hinn 8. júní 1970 mál á hendur stefnda. Málið var hinn 3. febrúar 1972 flutt í sjó- og verslunardóm. Kröfugerð er óbreytt og lögð fram öll hin sömu skjöl og í aukaþingsmálinu.

Stefndi heldur því fram, að óheimilt hafi verið að gera fjárnám í umræddum hlutafjárloforðum. Hlutafjárloforð séu að íslenskum rétti ekki lögmætt fjárnámsandlag. Bæði fjárnámið og uppboðið, sem fram fór í uppboðsrétti Seyðisfjarðar hinn 2. september 1969, séu því ógild. Stefnandi hafi því ekki orðið löglegur rétthafi að stefnukröfunni í máli þessu og beri því að sýkna stefnda sakir aðildarskorts stefnanda. Í þessu sambandi heldur stefndi því fram, að engin nauðsyn hafi knúið dómhafa til þess að ganga að hlutafjárloforðunum, þar sem um aðrar eignir hafi verið að ræða, sem hægt hafi verið að gera fjárnám í, svo sem verksmiðjubyggingu félagsins. Ef engar eignir hafi verið til, þá hafi stjórn félagsins borið að afhenda það til gjaldþrotaskipta.

Stefndi telur, að sú regla gildi tvímælalaust í íslenskum hlutafélagarétti, að óheimilt sé að framselja hlutafjárloforð eða ráðstafa slíkum loforðum á nokkurn hátt. Þessi regla komi beinlínis fram í 26. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög, en þar sé bannað að leysa áskrifendur undan greiðslu á lofuðum hlutafjárframlögum. Þessar reglur séu byggðar á því, að hlutafjárkapitalið eigi að vera bundið vegna hagsmuna allra lánardrottna félagsins. Bannig við framsali hlutafjárloforða leiði til þess, að skuldheimtumenn félagsins geti ekki gengið að kröfum félagsins á hendur einstökum félagsmönnum. Þá telur stefndi, að framsal eða fjárnám í hlutafjárloforðum sé brot á svokallaðri jafnréttisreglu, sem talin sé gilda í hlutfélagarétti allra þjóða, en í henni felist m. a., að sé ekki annað tekið fram í stofnsamningi, þá fylgi sami réttur öllum hlutum og einstakur hluthafi þurfi ekki að þola neitt, sem skerði þetta jafnrétti, hvort sem það felist í því að fá öðrum rétt, sem honum ber, eða veita öðrum rétt, sem hann fær ekki.

Þá heldur stefndi því fram, að það sé ósannað, að stjórn hlutafélagsins hafi gert reka að því að innheimta ógreidd hlutafjárloforð hjá öðrum félagsmönnum, þar á meðal hjá sjálfri stjórninni. Þá telur stefndi, að einstökum félagsmönnum hafi verið ívilnað, m. a. þannig, að þeir hafi fengið að samþykkja víxla fyrir framlögum sínum eða greitt framlög sín á annan ólöghæfan hátt, svo sem með því að taka að sér að greiða kröfur á hendur félaginu. Slíkt sé brot á jafnrétti hluthafa og þar sem einnig hafi átt sér stað ólögleg niðurfærsla hlutafjár, sbr. 26. gr. hlutafélagalaganna, þá telur stefndi, að loforð sitt um greiðslu hlutafjár sé niður fallið vegna brostinna forsendna.

Stefndi heldur því einnig fram, að svo hafi verið umsamið við stjórn félagsins, að hann fengi að greiða eftirstöðvarnar af hluta-

fjárframlagi sínu í bræðslusíld, eftir að verksmiðja félagsins tæki til starfa. Nú sé ljóst, að ekkert verði úr því, að verksmiðjan komist upp, og hafi því stjórninni borið skylda til að gera ráðstafanir til að láta slíta félaginu samkvæmt VI. kafla hlutafélagalaganna, eða a. m. k. að færa hlutafé niður um helming, þessi skylda hvíli enn á stjórninni og leiði til þess, að bæði framsöl hlutafjárloforða og aðför í þeim sé óheimil.

Loks telur stefndi, að greiðsluskylda sín samkvæmt hlutafjárloforðinu sé fyrnd. Félagið sé stofnað hinn 14. janúar 1966, eða 4 árum og 5 mánuðum tæpum áður en mál var höfðað til heimtu hlutafjárloforðsins. Samkvæmt 5. gr. i. f. hlutafélagalaganna geti stjórn félags ekki dregið að innkalla hlutafé eftir eigin geðþótta. Leiði þetta til þess, að greiðsluskylda stefnda samkvæmt hlutafjárloforðinu sé fyrnd samkvæmt 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu rökstyður stefndi með því, að engin lögleg ákvörðun hafi verið tekin um innköllun hins ógreidda hlutafjár. Í fyrsta lagi heldur hann því fram, að stjórn félagsins hafi ekki löglega getað framselt hluthafafundi það vald að innkalla hlutaféð. Í öðru lagi, að fundurinn hafi ekki verið löglega boðaður, og í þriðja lagi, að ákvörðunin hafi ekki verið löglega tekin á fundinum, og loks að stefnda hafi ekki verið löglega tilkynnt um ákvörðun fundarins, enda hafi honum verið ókunnugt um hana. Sé því greiðslan ekki enn í gjalddaga fallin gagnvart stefnda, en það leiði til þess, að sýkna beri hann að svo stöddu af stefnukröfum í máli þessu.

Að lokum bendir stefndi á ákvæði 20. gr. laga nr. 77/1921 um 6% vexti af gjaldföllnum hlutafjárloforðum og mótmælir vaxtakröfu stefnanda sérstaklega með vísan til þessa ákvæðis.

Fram hefur verið lagt í málinu endurrit úr fundargerðarbók Fjarðasíldar h/f, þar sem fram kemur, að á hluthafafundi hinn 23. maí 1967 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn samþykkir að skora á þá hluthafa, er ekki hafa þegar greitt inn hlutafjárloforð sín að fullu, að ljúka greiðslum eigi síðar en 1. júlí 1967, ella verði framlag þeirra innheimt eftir þeim leiðum, sem lög gera ráð fyrir."

Tillagan var samþykkt samhljóða, en á fundinum voru mættir 10 hluthafar. Ekki er getið um, að neinn þeirra hafi farið með atkvæði annarra hluthafa.

Framkvæmdastjóri Fjarðasíldar h/f, Pétur Blöndal, hefur borið fyrir dóminum, að fundurinn hafi verið boðaður með símskeyti. Stefnda í máli þessu var tilkynnt um samþykkt þessa með bréfi, dags. 25. maí 1967, sem sent var þeim, sem eigi höfðu að fullu greitt hlutafjárloforð sín.

Við aðiljayfirheyrslu hinn 19. nóvember 1970 var eftirfarandi m. a. bókað eftir stefnda varðandi aðgerðir Fjarðasíldar h/f til innheimtu á hlutafjárloforðunum:

„Hann segist hafa verið krafinn um eftirstöðvar hlutafjárloforðsins í pennigum, munnlega, en segist ekki þora að fara með það, hvort hann hafi fengið kröfubréf, fyrr en hann fékk tilkynningu frá bæjarfógeta á Seyðisfirði varðandi uppboð á hlutafjárloforðinu.

Aðspurður segist mættur minnast þess, að Ólafur hafi boðið sér að greiða eftirstöðvar hins lofaða hlutafjár í skuldabréfum. Mættan minnir, að það hafi borið á góma, að Ólafur ætti fé hjá hlutafélaginu, og segir mættur, að sér hafi skilist, að Ólafur ætlaði skuldabréfunum að ganga upp í þá kröfu.

Aðspurður segist stefndi minnast þess, að bæði Ólafur og Pétur Blöndal hafi rukkað sig um greiðslu á hlutafjárloforðinu. Hann minnist þess, að Pétur Blöndal hafi a. m. k. einu sinni hringt í sig af þessu tilefni.

Aðspurður segist mættur minnast þess, að Ólafur Ólafsson hafi sagt við sig, að fjárnám yrði gert í hlutafjárloforði hans, ef hann ekki greiddi."

Eins og áður er að vikið, þá hefur stefndi borið það fyrir sig, að svo hafi verið um samið við stjórn félagsins, að hann greiddi eftirstöðvarnar af hlutafjárframlagi sínu með bræðslusíld. Gegn mótmælum framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Fjarðasíldar h/f hefur stefnda ekki tekist að sanna, að svo hafi verið. Þegar af þeirri ástæðu kemur þessi málsástæða ekki frekar til álita.

Ekki verður heldur fallist á með stefnda, að umrædd krafa sé fyrnd, þar sem 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 á hér ekki við.

Eftir því sem fyrir liggur í máli þessu, verður því að byggja á því, að hlutafjárloforð stefnda til Fjarðasíldar h/f hafi verið gjaldkræft á þeim tíma, sem fjárnám og uppboð fór fram á því, en svo sem áður greinir, var gerð aðför í hlutafjárloforði stefnda hinn 28. janúar 1969, og á grundvelli þeirrar aðfarar var hlutafjárloforð hans boðið upp og selt hæstbjóðanda, stefnanda í máli þessu,

á nauðungaruppboði, sem fram fór hinn 2. september 1969. Hvorugri gerðinni var áfrýjað.

Kemur þá til álita, hvort stefndi í máli þessu geti borið það fyrir sig gagnvart stefnanda, að umræddar gerðir hafi eigi mátt fram fara. Ekki verður talið, að meginreglur laga nr. 77/1921 um hlutafélög feli í sér nægilega heimild til að víkja frá þeirri meginreglu, að fjárnámi megi taka hvers konar fjárhagsleg réttindi, enda verður fjárnámi í kröfu hlutafélags til ógreidds hlutafjár ekki að lögum fyllilega jafnað til niðurfærslu hlutafjár, sbr. 26. gr. nefndra laga. Verður því ekki hjá því komist að leggja til grundvallar, að fjárnám hafi mátt fara fram. Eins og sérstaklega stefndur á í máli þessu, þykir fjárnámið og eftirfarandi uppboðssala eigi fara í bága við 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/1921, sbr. 5. tl. 3. gr. og 12. tl. 12. gr. sömu laga. Er þess að gæta, að stefndi fékk tilkynningu um uppboðið í samræmi við 4. mgr. 38. gr. laga nr. 57/1949, án þess að hann af því tilefni fylgdi fram mótbárum sínum á uppboðsþingi eða við áfrýjun uppboðsgerðar. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykja sýknukröfur stefnda ekki hafa við nægileg rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda í málinu teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 7%. Þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum dr. Gauki Jörundssyni prófessor og Kristjáni Torfasyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnanda, Útvegsbanka Íslands, kr. 500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. maí 1967 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. júní 1974.

Nr. 110/1974: **Gísli Hafsteinsson**
og Sigríður Valdimarsdóttir
gegn
Þuríði Axelsdóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Barn. Framkvæmd innsetningargerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Briem Jónsson setufógeti kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa hinn 29. maí 1974 kært til Hæstaréttar úrskurð fógetaréttar Þingeyjarsýslu, uppkveðinn sama dag. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd fógetagerðar samkvæmt úrskurði sama dóms 25. maí s. á. verið frestað, uns dómur Hæstaréttar hefur gengið í því máli. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, með því að kæruheimild skorti, en til vara staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Heimilt er að kæra til Hæstaréttar framangreindan úrskurð fógetaréttar Þingeyjarsýslu 29. maí 1974 samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 75/1973.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, var kveðið svo á í úrskurði fógetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974, að barnið Herborg Gísladóttir, sem er fætt 23. desember 1968, verði fengið varnaraðilja í hendur með beinni fógetagerð. Herborg er dóttir varnaraðilja og hefur frá septembermánuði 1971 dvalist hjá sóknaraðiljum, föður sínum og eiginkonu hans. Úrskurðinum frá 25. maí 1974 var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. maí þ. á. og gagnáfrýjað með stefnu 4. júní s. á.

Varhugavert er, að hinum áfrýjaða úrskurði fógeta, sem

mælir fyrir um, að barnið verði afhent gerðarbeiðanda með beinni fógetagerð, sé veitt fullnusta, áður en dómur Hæstaréttar hefur gengið, enda getur slík fullnusta raskað högum barnsins, og er hún í brýnni andstöðu við meginreglur barnalöggjafar og barnaverndarlaga. Ákvæði 44. gr. laga nr. 19/1887 binda eigi dómstóla um þetta efni. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, og skal fógetagerð samkvæmt úrskurði fógetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974 eigi fara fram á þessu stigi málsins.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og skal fógetagerð samkvæmt úrskurði fógetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974 eigi fram fara á þessu stigi málsins.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Þingeyjarsýslu 29. maí 1974.

Hinn 25. maí 1974 var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Þingeyjarsýslu í fógetamálinu nr. 1/1974: Þuríður Axelsdóttir gegn Gísla Hafsteinssyni og Sigríði Valdimarsdóttur, og er úrskurðarorðið svohljóðandi:

„Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00."

Í réttarhaldi í máli þessu í dag krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda atbeina fógeta til þess að framkvæma úrskurðinn.

Umboðsmaður gerðarþola sýndi þá í réttinum áfrýjunarstefnu, áritaða um birtingu í dag, þar sem áðurnefndum úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar. Er endurrit þessarar stefnu lagt fram sem rskj. nr. 33, og vísast til þess.

Hann mótmælti því með tilvísun til þessarar áfrýjunar, að útburðarúrskurðinum yrði fullnægt.

Enn fremur krafðist hann þess, að gerðarbeiðanda yrði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu.

Umboðsmaður gerðarþola bendir á máli sínu til stuðnings, að enda þótt svo sé fyrir mælt í lögum nr. 19/1887, 44. gr. i. f., að eigi hindri áfrýjun framkvæmd úrskurðar, þá telji hann það eiga fara eftir atvikum hverju sinni, hvort rétt sé að beita þessari reglu um beinar fógetagerðir. Um töku barns af því heimili, þar sem það hefur dvalist alla ævi, telji hann fráleitt. Í þessu máli sé þess að geta, að barnið þekkir ekki móður sína lengur.

Framkvæmd beinnar fógetagerðar mundi brjóta í bága við álitsgerð sálfræðinganna, sem telja ýmis skilyrði fyrir vistaskiptum nauðsynleg, m. a. að þau séu undirbúin og framkvæmd af fyllstu nærgætni. Svo minnist þeir á 3—4 ár, er líða þurfi, uns barnið geti tjáð sig um aðaldvalarstað.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að enginn frestur yrði veittur á framkvæmd fógetaréttarúrskurðarins frá 25. maí s.l., og mótmælti öllum rökum gerðarþola fyrir því, að fresta skuli framkvæmd gerðarinnar vegna áfrýjunar. Þá krafðist hann fulls málskostnaðar úr hendi gerðarþola, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Máli sínu til stuðnings vísaði hann sérstaklega til 44. gr. i. f. laga nr. 19/1887 svo og til íslenskrar dómvenju.

Úrskurður hefur gengið í máli þessu um, að innsetningargerðin skuli fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Hefur gerðarbeiðandi þrátt fyrir áfrýjun þessa úrskurðar óskað þess, að úrskurðinum verði fullnægt.

Það verður að telja almenna réttarreglu, að því er varðar beinar fógetagerðir, að framkvæmdur verði úrskurður um innsetningargerð, þótt fram hafi farið málskot til Hæstaréttar.

Fógetarétturinn lítur því svo á, að úrskurðurinn frá 25. maí s.l. í framangreindu máli sé bindandi fyrir báða aðilja og að áfrýjun fresti ekki framkvæmd samkvæmt honum, þar sem slíkum úrskurðum megi jafnan framfylgja þegar í stað.

Verður því ekki hægt að taka frestbeiðni gerðarþola til greina gegn mótmælum gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, samtals kr. 25.000.00.

Því úrskurðast:

Frestbeiðni gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Úrskurði fógetaréttar Þingeyjarsýslu í máli þessu, upp-

kveðnum 25. maí 1974, skal fullnægt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Þriðjudaginn 25. júní 1974.

Nr. 40/1974: **Ákæruvaldið**
(saksóknari ríkisins Þórður Björnsson)
gegn
Guðna Óskarssyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa svipt Stefán Egilsson, Volaseli, A-Skaftafellssýslu, lífi með haglabyssuskotum árla morguns sunnudag 28. janúar 1973 að Miðtúni 23, Höfn í Hornafirði.

Sakargögn eru reifuð í héraðsdómi, og er sakarlýsing í samræmi við þau. Í Hæstarétti hefur verið lagður fram uppdráttur af herbergjaskipan að Miðtúni 23 og af næsta nágrenni svo og úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða til 29. júní 1974.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var gott vinfengi með Stefáni heitnum Egilssyni og ákærða og hafði staðið áratugum saman. Stefán heitinn kom til ákærða að kvöldi laugardags

27. janúar 1973 á heimili hans, Miðtúni 23 á Höfn í Hornafirði. Þá Stefán þar mat. Samkvæmt frásögn ákærða hófu þeir drykkju upp úr klukkan 1900. Er sýnilegt, að þeir neyttu mikils magns af sterkum drykkjum þá um nóttina. Við lögregluyfirheyrslu skýrði eiginkona ákærða svo frá, að hún hefði tekið á sig náðir um klukkan 0200 um nóttina og hefði þá allt verið með felldu um hagi þeirra félaga. Konan kveðst hafa vaknað um klukkan 0600 um morguninn. Hefði þá skipast svo milli þeirra félaga, að þeir voru farnir „að kýta og stimpast". Kveðst konan hafa reynt að stilla þá, en gengið illa. Hún telur, að ákærði hafi viljað koma Stefáni út úr húsinu, og kveður hún hann tvívegis hafa beðið sig að hringja til lögreglu, en ekki tókst henni að ná sambandi við nafngreindan lögreglumann, sem hún hringdi til. Barn þeirra hjóna mun hafa rumskað, og sneri konan sér þá að því að róa það. Telur hún ákærða hafa farið inn í svefnherbergi það, er barnið svaf í, sótt þangað haglabyssu og síðar skotfæri að því er vitnið telur. Skömmu síðar heyrði konan skothvell, einn eða fleiri. Kveðst hún litlu síðar hafa hringt til Ingólfs Waage lögreglumanns, og ræddu þau hjón við hann, svo sem rakið er í héraðsdómi. Lögreglumaðurinn kveður klukkuna hafa verið 0705, er síminn hringdi hjá honum. Þegar saman eru borin og virt vætti vitna, sem rakin eru í héraðsdómi, verður að leggja til grundvallar, að skotunum hafi verið hleypt af klukkan 0700, svo að eigi getur skeikað nema örfáum mínútum til eða frá.

Sannað er með játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, að ákærði skaut tveimur skotum úr haglabyssu sinni innan úr húsinu. Leggja verður til grundvallar, að fyrra skotinu hafi hann skotið gegnum krossviðarspjald í efri hluta útidyrahurðar úr anddyri fyrir innan hurðina. Vætti Tómasar Tómassonar og Eiríks Sigfinnssonar veita eindregna vísbendingu um, að það skot hafi eigi hæft Stefán Egilsson, og styðst það einnig við verksummerki. Eftir það telur ákærði líklegast, að Stefán Egilsson, er stóð fyrir utan húsið, hafi slegið inn krossviðarspjaldið, en annað veifið kveður ákærði sig þó hafa talið, að það væri einhver annar en Stefán Egils-

son, er stóð fyrir utan húsið. Telur ákærði líklegast, að maðurinn hafi verið alveg við opið eftir krossviðarspjaldið, þegar síðara skotið reið af. Ákærði telur, að þetta skot hljóti að hafa hæft manninn og hafi efri hluti líkama mannsins hallast inn um op þetta. Hafi manninum blætt inn um opið og sé það skýringin á því mikla blóði, sem var innan á hurðinni og í anddyrinu. Þessi skýring ákærða fær stoð í skýrslum lögreglumannanna Elíasar Jónssonar og Ingólfs Waage, sem setja einnig fram þessa tilgátu. Í krufningarskýrslu segir, að skotáverkar á líkinu bendi til þess, að skotið hafi verið á Stefán heitinn „úr mjög stuttri fjarlægð". Áverkar á lófa staðfesti, að vinstri hönd Stefáns hafi „verið rétt við byssuhlaupið, þegar skotinu var hleypt af, og sýni, að ekki hafi fjarlægðin frá innskotsopinu á brjóstkassa verið meiri en sem nemur handleggslengd". Lík Stefáns Egilssonar lá um 2 m frá húsinu, skáhallt við útidyrapall, er lögreglumenn og héraðslækni bar að. Ákærði telur sig enga skýringu geta gefið á því, að líkið var þetta langt frá dyrunum. Allt að einu verður með vísan til framanritaðs að leggja skýrslu ákærða um stöðu Stefáns, er hann varð fyrir skotinu, til grundvallar dómi í málinu.

II.

Svo sem áður greinir, kveðst eiginkona ákærða hafa vaknað um klukkan 0600 sunnudagsmorguninn 28. janúar 1973 við það, að þeir ákærði og Stefán hafi verið farnir að kýta og stimpast. Hún telur sig eigi geta gert grein fyrir því, hvað valdið hafi sundurlyndi þeirra né hvers efnis ögrunar- og skammaryrði voru, er féllu milli þeirra. Hér hafi verið um „marklaust hjal ölóðra manna" að ræða. Í héraðsdómi er rakinn framburður þessa vitnis, m. a. um tilraunir til að róa Stefán heitinn og fá hann til að sofna þar í íbúðinni svo og um átök þeirra ákærða, er mögnuðust upp úr því. Kveður hún ákærða hafa sagt, að Stefán hafi leitað á sig kynferðislega, svo sem síðar greinir. Þá kveður hún ákærða hafa hent Stefáni út og læst dyrunum, en Stefán hafi viljað komast inn „og barði látlaust á hurðina". Telur hún, að sú barsmíð hafi staðið „dálitla stund". Samkvæmt krufningarskýrslu voru

nokkur djúp húðfleiður á hnúum fingra hægri handar Stefáns heitins. Stúlkurnar fimm, sem fóru fram hjá Miðtúni 23, sennilega um 10 mínútum fyrir klukkan 0700, bera það allar, svo sem rakið er í héraðsdómi, að þær hafi séð mann inni í anddyrinu, sem þær flestar telja sig hafa borið kennsl á og hafi verið ákærði, liggja ofan á manni, er þær telja hafa verið Stefán Egilsson. Hafi þær heyrt ákærða spyrja Stefán, hvort hann ætlaði ekki út, en hann hafi svarað því neitandi. Staðfestir vætti þeirra, að átök hafi átt sér stað milli þeirra ákærða og Stefáns og að ákærði hafi viljað koma honum út úr húsinu með valdi. Langlíklegast er, að þá Tómas Tómasson og Eirík Sigfinnsson hafi borið að örlitlu síðar. Í vætti þeirra greinir, að þeir hafi báðir séð Stefán Egilsson á útidyrapallinum við húsið Miðtún 23 og hafi hann verið að reyna að komast inn í húsið, en þeir telja, að dyrnar hafi þá verið lokaðar. Bendir vætti þeirra, miðað við líklega atburðarás, til þess, að ákærða hafi tekist að koma Stefáni út úr húsinu.

Með vísan til framanritaðs er sannað, að Stefán Egilsson varð fyrir skoti úr haglabyssu, er ákærði skaut innan úr húsi sínu um klukkan 0700 sunnudag 28. janúar 1973, og hlaut Stefán bráðan bana. Báðir mennirnir voru mjög ölvaðir. Ákærði gerði sér samkvæmt eigin framburði grein fyrir, að Stefán eða e. t. v. annar maður var rétt við útidyrnar. Allt að einu skaut hann úr haglabyssu sinni út um op á hurðinni með þeim afleiðingum, er að framan greinir. Verður að virða honum háttsemi þessa og afleiðingar hennar til ásetnings, en ölvun hans leysir hann eigi undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til skýrslu um geðheilbrigði ákærða, sem rakin er í héraðsdómi, ber enn fremur að fallast á það mat héraðsdóms, að ákærði hafi verið sakhæfur, er hann framdi brot sitt. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Hgmyndir ákærða hafa vísast verið þokukenndar, og sýnt er, að hann var í mikilli hugaræsingu vegna átaka við Stefán

Egilsson. Óljóst er, hvað valdið hafi ágreiningi þeirra og síðar átökum aðfaranótt 28. janúar 1973, og yfirleitt um aðdraganda þessa verknaðar. Framburðir ákærða á dómþingum 28. janúar og 8. febrúar 1973 um þær hugrenningar, að Stefán Egilsson hafi leitað á hann kynferðislega, eru raktar í héraðsdómi svo og frásögn þeirra lögreglumannanna Guðmundar Svavarssonar og Ingólfs Waage um sama efni. Hér að framan er rakinn framburður eiginkonu ákærða um það, sem hún hefur eftir ákærða um þetta. Ákærði segir í þinghaldi 28. janúar 1973, að þessi hugmynd „hljóti að hafa verið einhver vitleysa í sér", og í þinghaldi 8. febrúar 1973 segir hann afdráttarlaust, að Stefán heitinn hafi eigi verið kynvilltur. Ákærði telur mann þann, sem var fyrir utan húsdyrnar, hafa reynt að brjótast inn í húsið og hafi það m. a. valdið því, að hjá honum myndaðist sá ásetningur að skjóta af haglabyssunni.

Eigi þykir unnt, eins og hér stendur á, að beita 75. gr. almennra hegningarlaga né 74. gr., 1. málsgr., 4. tölulið, sömu laga. Allt að einu ber að hafa í huga þau sérstæðu atvik að broti ákærða, sem hér hafa verið reifuð, þegar refsing er dæmd. Þykir refsing hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldsvist óslitið síðan 28. janúar 1973. Ber að ákveða, að gæsluvarðhaldsvist hans komi með fullri dagatölu til fádráttar refsingu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 130.000.00.

Á rannsókn og meðferð máls þessa eru nokkrir ágallar. Lögreglumaður sá, er fyrst kom á vettvang, hvarf þaðan stutta stund og skildi ákærða þar eftir einan. Þá var vettvangsrannsókn í upphafi eigi jafnrækileg sem skyldi. Eigi var ákærða tekið blóðsýni til ákvörðunar á ölvunarástandi hans. Héraðsdómari hefur látið ýmsa þá, sem skýrslur gáfu fyrir lögreglumönnum, staðfesta skýrslur sínar, án þess að þeir gæfu fyrst sjálfstæðar skýrslur í dómi um atvik máls,

og er það andstætt 73. gr. laga nr. 82/1961 og nú laga nr. 73/1973. Samprófa hefði átt lögreglumennina Guðmund Svavarsson og Ingólf Waage við ákærða svo og lögreglumennina innbyrðis. Þá hefði átt að taka skýrslur af því fólki á Höfn í Hornafirði, sem eiginkona ákærða hitti, þegar eftir að viðburðir þeir urðu, sem eru efni þessa máls.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, Guðna Óskarssonar, frá 28. janúar 1973 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 130.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skaftafellssýslu 6. nóvember 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 6. nóvember, var í sakadómi Skaftafellssýslu, sem haldinn var að Skólavörðustíg 9, Reykjavík, af Einari Oddssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 7/1973: Ákæruvaldið gegn Guðna Óskarssyni, sem tekið var til dóms 19. október s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins á hendur Guðna Óskarssyni bifreiðarstjóra, Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, fyrir manndráp með því að hafa svipt Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu, lífi með haglabyssuskoti árla morguns sunnudaginn 28. janúar 1973 að Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði.

Í ákæru telst verknaður þessi varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24.

júlí 1931 á Höfn í Hornafirði, hefur ekki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo vitað sé.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 28. janúar 1973, klukkan 0705, var barið að dyrum hjá Guðmundi Kristjáni Svavarssyni lögregluþjóni, Höfn, Hornafirði, sem hefur borið vætti í máli þessu.

Vitnið Guðmundur Kristján Svavarsson var þá nýkominn af næturvakt. Sá, sem kvaddi dyra, var Eiríkur Sigfinnsson, til heimilis Stóru-Lág, Nesjahreppi, sem einnig hefur komið fram sem vitni í máli þessu. Vitnið Eiríkur Sigfinnsson, sem í umrætt sinn kveðst hafa verið undir nokkuð miklum áhrifum áfengis, tjáði Guðmundi Kristjáni Svavarssyni lögregluþjóni, að hann hefði heyrt skothvell í húsinu nr. 23 við Miðtún og séð blóðugan mann þar fyrir utan. Vitnið Guðmundur Kristján Svavarsson ók þegar að húsinu nr. 23 við Miðtún og telur sig hafa verið kominn þangað um klukkan 0710. Vitnið fann þar á staðnum Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi, liggjandi í blóði sínu ca 2 metra frá húsinu, hægra megin við innganginn. Hann lá á bakinu, og var hægri fótur krepptur um hné og vinstri handleggur teygður út frá líkamanum. Vitnið laut niður að Stefáni, og fannst því hann vera látinn, enda alblóðugur og illa útleikinn.

Vitnið fór því næst inn í húsið, og er það kom inn í anddyrið, mætti það ákærða, Guðna Óskarssyni. Vitnið spurði ákærða, hvað hefði gerst, og samkvæmt frásögn vitnisins svaraði hann spurningu vitnisins þessum orðum: „Ég skaut dónann, hann nauðgaði mér."

Eftir að vitnið hafði gengið úr skugga um, að ekki væri fleira fólk í húsinu, fór vitnið og sótti Ingólf Waage lögregluþjón. Þeir fóru síðan á staðinn og handtóku ákærða, sem var ölvaður, en rólegur. Enn fremur var Kjartan Árnason héraðslæknir kvaddur á staðinn, og úrskurðaði hann Stefán Egilsson látinn. Þá kom Elías Jón Jónsson lögregluvarðstjóri á staðinn og tók myndir af vettvangi.

Samkvæmt framburði vitnisins Guðmundar Kristjáns Svavarssonar var þannig umhorfs á vettvangi:

Stefán heitinn Egilsson lá, eins og áður er sagt, ca 2 m frá húsinu. Hann var skólaus í skyrtu og buxum, og hafði blóð runnið úr vitum hans.

Við nánari athugun sást, að mikið blóð var á útidyrahurð hússins nr. 23 við Miðtún, utanverðri, og einnig á dyrapallinum fyrir utan. Einnig var blóð á innanverðri hurðinni og blóðpollur utan við þröskuldinn, og hafði blóðið sýnilega runnið niður hurðina

innanverða. Sýnilega hafði blóðið verið þurrkað af útidyrahurðinni innanverðri. Blóðslettur voru á millivegg inni í gangi hússins, en upp við hann var reist krossviðarspjald með gati á, en á því voru einnig blóðslettur. Í anddyrinu voru skór Stefáns Egilssonar, úlpa hans og peysa og búllyklar. Smáblóðslettur sáust sums staðar inni í húsinu, svo sem á gólfinu, í ganginum og í eldhúsinu.

Við eldhúsvaskinn lá armbandsúr Stefáns Egilssonar, alblóðugt, með slitnu armbandi, en í anddyrinu fannst hlekkur úr því.

Á borði í hornherbergi voru tveir diskar með matarleifum, tvö glös með áfengisblöndu í, reykjarpípa Stefáns og veski hans.

Á gólfinu lágu öskubakkar, aska, cigarettur og fleira drasl, sem benti til þess, að þarna hefðu ryskingar átt sér stað.

Samkvæmt frásögn vitnisins Ingólfs Arnar Jóhannssonar Waage lögregluþjóns var hringt til lögreglunnar sunnudaginn 28. janúar s.l. klukkan 0705, og var hún beðin að koma að húsinu nr. 23 við Miðtún vegna skotárásar.

Mun eiginkona ákærða, Hulda Sigurðardóttir, hafa gert það, en hún virtist mjög miður sín í símanum, og kom þá ákærði í símann og kvaðst hafa verið að skjóta mann. Vitnið hringdi til Kjartans Árnasonar héraðslæknis og bað hann að koma á staðinn. Síðan fór vitnið ásamt vitninu Guðmundi Kristjáni Svavarssyni lögregluþjóni í húsið nr. 23 við Miðtún, þar sem þeir handtóku ákærða og færðu í fangaklefa.

Samkvæmt framburði vitnisins Ingólfs Arnar Jóhannssonar Waage sat ákærði á stól í setustofu í Miðtúni 23, þegar þeir komu. Hann var greinilega ölvaður, en rólegur. Eiginkona ákærða var þá farin úr húsinu með barn þeirra.

Samkvæmt framburði síðastnefnds vitnis komst ákærði þannig að orði við þetta tækifæri: „Ég skaut þetta helvítis fífl". Í framhaldi af því talaði ákærði um, að sá, sem hann skaut, hefði leitað á sig kynferðislega. Sagðist ákærði fyrst hafa skotið aðvörunarskoti út um krossviðarspjald, sem var í útidyrahurðinni, en síðan hafi hann skotið manninn með haglabyssu, sem hann kvaðst eiga.

Vitnið hafði samband við eiginkonu ákærða, Huldu Sigurðardóttur, sem var stödd í mötuneyti Kaupfélags Austur-Skaftfellinga. Hún vísaði á fyrrnefnda haglabyssu, sem hún kvaðst hafa falið undir rúmi í herbergi sonar síns.

Þar fann vitnið byssuna, og var 1 tómt skothylki í henni af gerðinni Seller Belliot, cal 12, haglastærð nr. 4. Enn fremur fundust á heimili ákærða 3 rifflar, sem lögreglan tók einnig í sína

vörslu. Vitnið Ingólfur Arnar Jóhannsson Waage fann einnig tómt skothylki í gangi hússins af sömu gerð og það, sem í haglabyssunni var.

Útidyrahurð hússins var bráðabirgðahurð. Í henni var krossviðarspjald, sem var á bak við hurðina, þegar vitnið kom á staðinn. Greinilegt skotgat eftir haglabyssu var ofarlega á spjaldinu.

Lýsing vitnisins Ingólfs Arnar Jóhannssonar Waage af vettvangi er í meginatriðum samhljóða lýsingu vitnisins Guðmundar Kristjáns Svavarssonar, sem rakin hefur verið hér að framan.

Vitnið Elías Jón Jónsson lögregluvarðstjóri segir, að sunnudaginn 28. janúar s.l., um klukkan 0715, hafi lögreglan hringt til sín og sagt, að maður hefði verið skotinn til bana að Miðtúni 23, Höfn, og beðið sig að koma á staðinn.

Vitnið klæddi sig og fór þangað. Vitnið telur, að í mesta lagi hafi liðið 10 mínútur, frá því að lögreglan hringdi og þar til það var komið á staðinn. Þar hitti vitnið Kjartan Árnason héraðslækni, sem tjáði því, að ákærði mundi hafa skotið Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi.

Vitnið leit því næst á lík Stefáns, sem lá ca 2 m frá dyrum hússins, og sneri höfuðið í suðaustur. Héraðslæknirinn sýndi vitninu áverka á brjóstkassa líksins vinstra megin, og taldi hann, að maðurinn hefði látist samstundis. Mikið blóð var á dyrapalli við útidyr og á útihurð. Einnig gaf þar að líta litlar gráleitar flygsur, sem vitnið taldi vera lungnavef. Þá var einnig talsvert blóð á dyrunum sjálfum. Spjald, sem hafði verið í útidyrahurðinni að ofan, var farið úr, og virtist blóð hafa runnið bæði út og inn, líkt og Stefán hefði legið hálfur inn um gatið. Þá var og sýnilegt, að reynt hafði verið að þurrka blóð af hurðinni fyrir neðan gatið.

Síðan ljósmyndaði vitnið vettvang, m. a. krossviðarspjaldið, sem sýnilega hafði verið í útidyrahurðinni. Spjaldið var í ganginum á bak við hurðina, þegar hún opnaðist. Á spjaldinu var skotgat ofarlega, sýnilega eftir haglabyssu.

Varðandi tilraun þá, sem gerð hafði verið til þess að hreinsa blóð af útidyrahurðinni, getur vitnið þess, að einnig hafi því virst nokkur slík merki á gólfi í ganginum, líkast því að hætt hefði verið fljótlega við verkið.

Í herbergi inni af gangi var sýnilegt, að einhver átök höfðu átt sér stað. Húsgögnin sum voru í óeðlilegum stellingum, öskubakki og aska á gólfi. Þarna inni voru einnig tveir diskar með matarleifum, tvö glös með áfengisblöndu, reykjarpípa Stefáns og veski hans, tóm ölglös og áfengisflaska. Smáblóðslettur voru hingað og

þangað inni í húsinu, svo sem í gangi inn af anddyri, í eldhúsi og á snyrtingu.

Af þessu var reynt að ná ljósmyndum svo og legu líksins og vettvangi öllum.

Vitnið Kjartan Árnason héraðslæknir skýrði svo frá, að lögregla hefði hringt klukkan 0715 að morgni sunnudagsins 28. janúar s.l. og beðið hann að koma að Miðtúni 23, vegna þess að maður hafi verið skotinn.

Vitnið fór strax á staðinn og fann þar fyrir Stefán Egilsson frá Volaseli í Lóni. Við nánari athugun sá vitnið, að Stefán var látinn af völdum stórs skotsárs vinstra megin á brjósti, en afleiðingar þessa sárs hljóta að hafa verið mikil og skyndileg blæðing.

Telur vitnið, að Stefán hafi látist samstundis. Utan við útidyraþröskuld hússins og á honum sá vitnið mikið blóð.

Ákærði í máli þessu, Guðni Óskarsson bifreiðarstjóri, Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, var úrskurðaður í gæsluvarðhald sunnudaginn 28. janúar s.l. og hefur verið í gæsluvarðhaldi síðan. Hann kom fyrir rétt að kvöldi hins 28. janúar. Hann var þá spurður að því, hvort hann hefði orðið Stefáni Egilssyni að bana. Ákærði svaraði spurningunni með orðunum: „Það hlýtur að vera.“ Ákærði skýrði þá svo frá málavöxtum:

Að kvöldi hins 27. janúar s.l. sátu þeir að drykkju að heimili ákærða að Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, hann og Stefán Egilsson, Volaseli. Um nóttina fóru þeir út að labba, að því er ákærði telur. Síðan fóru þeir aftur heim í hús ákærða. Þar urðu þeir ósáttir, svo að til átaka kom á milli þeirra, fyrst inni, en síðan við útidyr hússins, að því er ákærði telur. Þeir voru báðir mikið drukknir og ákærði í svo ríkum mæli, að hann þekkti ekki Stefán Egilsson, en hélt, að það væri ókunnur maður. Ákærði segir, að maðurinn hafi farið upp á bak sér og fannst honum, að hann ætlaði að hafa mök við sig. Ákærði kveðst hafa hent manninum út, en þá byrjaði hann að berja á útidyrahurðina. Ákærði segir, að sér hafi þá fundist, að ókunnur maður væri að brjótast inn til sín. Þá kallaði ákærði til hans, að hann mundi skjóta, ef hann hætti ekki að berja og færi. Þegar maðurinn hélt áfram barsmíðinni, tók ákærði haglabyssu, sem hann átti, nr. 12, 5 skota pumpu, sem kölluð er, og hlóð hana.

Ákærði sagðist síðan hafa skotið 2 skotum í gegnum krossviðarspjald, sem var í útidyrahurðinni, til þess að hræða manninn í burtu.

Á krossviðarspjaldinu reyndist hins vegar ekki vera nema eitt

skotgat, eins og kemur fram í framburðum vitnanna Guðmundar Kristjáns Svavarssonar, Ingólfs Arnars Jóhannssonar Waage og Elíasar Jóns Jónssonar, sem raktir hafa verið hér að framan.

Ákærði kom aftur fyrir dóminn 8. febrúar 1973. Hann skýrir þá svo frá, að krossviðarspjaldið í útidyrahurðinni að Miðtúni 23 hafi verið fest á hornunum að innanverðu með 4 nöglum, og minnir hann, að þarna hafi verið um 1½ eða 2ja tommu nagla að ræða, sem ekki hafi verið kafreknir, heldur beygðir út af.

Segir ákærði þá, að Stefán heitinn hljóti að hafa slegið krossviðarspjaldið inn. Enn fremur segir ákærði síðan aðspurður, að hann hljóti að hafa skotið síðara skotinu í gegnum gatið á spjaldlausri hurðinni, enda þótt hann muni það ekki. Enn fremur segist ákærði ekki hafa áttað sig á því, að Stefán Egilsson hafi verið fyrir utan dyrnar, enda hafi verið myrkur. Hann segist álíta, að eiginkona sín hafi sagt sér frá því, að hann hafi skotið manninn.

Ákærði segir, að eiginkona sín, Hulda Sigurðardóttir, hafi komið heim um klukkan 8 síðdegis, að því er hann heldur, laugardaginn 27. janúar s.l. Þá sátu hann og Stefán Egilsson þar að drykkju, sem þeir höfðu byrjað um sjöleytið. Stefán Egilsson hafði komið milli klukkan 6 og 7 þennan dag. Heimsókn hans var ekki fyrirfram ákveðin, en ákærði segir, að Stefán hafi oft komið á heimili sitt til þess að spjalla og horfa á sjónvarp.

Þegar Stefán Egilsson kom, segist ákærði hafa átt ½ flösku af vodga. Stefán kom líka með vodga, en ákærði veit ekki, hve margar flöskur það voru. Hann segist muna, að Stefán hafi a. m. k. sótt 2 flöskur af pólskum vodga út í bifreið hans, sem stóð þar fyrir utan.

Þegar eiginkona ákærða kom heim, voru þeir að horfa á sjónvarpið. Að sjónvarpinu loknu héldu þeir áfram drykkju og ræddust við. Ákærði kveðst ekki muna, um hvað þeir töluðu, en telur, að tal þeirra hafi snúist um bíla, því að bílar voru sameiginlegt áhugamál þeirra beggja.

Ákærði segist ekki muna, hvort eiginkona hans, Hulda Sigurðardóttir, hafi farið að sofa eða verið með þeim um nóttina, en hann telur líklegra, að hún hafi farið að sofa, því að hún þurfti að vakna til vinnu um morguninn klukkan 8.

Ákærða minnir, að hann og kona hans hafi farið út að labba um morguninn. Ákærði heldur, að Stefán Egilsson hafi ekki farið með þeim, heldur hafi hann verið úti í bíl sínum á meðan. Ákærði segist ekki vita, hve langt hann og kona hans gengu um morguninn né hvert þau fóru, en hann segir, að Stefán Egilsson muni

hafa komið á eftir þeim, þegar þau fóru aftur inn í forstofu hússins. Þar finnst ákærða sem Stefán ráðist aftan að sér og komi sér niður á hnén og hendurnar. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt hann, en talið, að þetta væri ókunnur maður, og hugsað um það eitt að koma honum út. Hann, þ. e. ákærði, segir, að sér hafi fundist þetta vera kynvillingur, og kveðst hafa „umpólast" eða nánar útskýrt farið úr sambandi.

Ákærði segist vita það fyrir víst, að hann hafi komið manninum út og lokað hurðinni.

Þegar þetta hafði skeð, sótti ákærði haglabyssuna, eins og að framan er frá greint.

Eiginkona Ákærða, Hulda Sigurðardóttir, kom fyrir dóm í máli þessu sem vitni hinn 31. janúar 1973.

Vitnið segist hafa komið heim úr vinnunni klukkan 2015 laugardaginn 27. janúar 1973. Þá voru þar fyrir eiginmaður vitnisins, Guðni Óskarsson, sem er ákærði í máli þessu, og Stefán Egilsson, Volaseli. Vitnið segist ekki hafa séð, að þeir hefðu drukkið áfengi þá. Vitnið tók til matarbita og gaf þeim að borða. Um klukkan 2100 byrjuðu þeir Guðni og Stefán að drekka áfengi, og virtist vitninu mjög hóflega af stað farið í drykkjunni og allt vera eðlilegt þeirra á milli sem endranær, enda voru þeir mjög góðir vinir.

Um klukkan 0200 fór vitnið að sofa, en áður spurði vitnið þá ákærða og Stefán, hvort ekki væri allt í lagi, og sögðu þeir það vera. Vitnið bað þá að vera rólega og hafa ekki hátt, og virtist því þeir vera eðlilegir og rólegir. Síðan fór vitnið að sofa. Um klukkan 0600 um morguninn vaknar vitnið við, að þeir eru farnir að kýta og stimpast.

Vitnið segist þá strax hafa reynt að fá þá til að hætta þessu, vera rólega og fara að sofa. Vitnið tók síðan tvo svefnpoka og ætlaði að fá Stefán Egilsson til að sofa á þeim í herberginu, sem þeir höfðu verið í við drykkju um nóttina. Vitnið segir, að bæði það og ákærði hafi reynt að róa Stefán og koma honum í svefn, en hann hafi reynst ófáanlegur til þess, óviðráðanlegur með öllu og út úr drukkinn. Áður hafði ákærði beðið vitnið að spæla egg handa þeim. Vitnið spældi 4 egg og framreiddi þau á diska, 2 handa hvorum, Guðna og Stefáni. Vitnið segir, að ákærði hafi borðað sinn skammt af eggjunum, en Stefán hafi leift sínum skammti að langmestu eða öllu leyti. Vitnið segir, að skömmu eftir það hafi ákærði beðið það að hringja á lögregluna og biðja hana að fjarlægja Stefán, en þetta gerðist áður en þau reyndu að koma Stefáni í svefn.

Vitnið kveðst ekki hafa náð sambandi við lögregluna þá. Vitnið segir, að skömmu eftir að það og ákærði reyndu að koma Stefáni í svefn, eins og að framan greinir, hafi ákærði allt í einu kippt Stefáni úr stól og fram á gang, þar sem átök hófust aftur með þeim. Vitnið segir, að þeir hafi átt í orðasennu og hafi skammir farið á milli þeirra. Vitnið segist ekki muna, hvað þeir sögðu, enda hafi það talið, að um marklaust hjal ölóðra manna væri að ræða.

Vitnið segist þó muna örugglega eftir því, að ákærði hafi talað um, að Stefán hafi leitað á sig kynferðislega. Þetta var undir lokin í viðureign þeirra, og virtist vitninu þá sem algert æði hefði gripið ákærða. Vitnið reyndi eftir mætti að róa þá og fá þá til að hætta átökunum.

Vitnið segir, að ákærði hafi beðið það að ná í lögregluna aftur, tvisvar sinnum, að því er það telur, en síminn hjá lögreglunni svaraði ekki. Vitninu tókst þó eftir nokkrar tilraunir að ná í Ingólf Waage lögregluþjón í heimasíma hans, en þá var ákærði búinn að skjóta með þeim afleiðingum, sem fyrr er frá greint.

Eftir að átökin milli ákærða og Stefáns hófust frammi á ganginum, fór dóttir ákærða og vitnisins, 5 ára gömul, sem svaf í hjónaherberginu, að rumska. Vitnið fór þá til barnsins, reyndi að róa það og segist hafa hugsað um það fyrst og fremst að koma í veg fyrir, að barnið yrði vitni að viðureign þeirra.

Skömmu síðar kom ákærði inn í hjónaherbergið og tók haglabyssu, sem þar var. Vitnið spurði ákærða, hvað hann ætlaði að gera með byssuna, en hann svaraði því til, að hann ætlaði ekki að skjóta úr byssunni.

Þegar hér var komið sögu, var ákærði búinn að henda Stefáni út og læsa útidyrunum, en Stefán vildi komast inn aftur og barði látlaust á hurðina. Vitnið segist ekki geta gert sér grein fyrir því, hve lengi Stefán barði á hurðina, en segir, að það hafi verið dálitla stund.

Ákærði fór síðan aftur inn í svefnherbergi þeirra hjónanna, og virtist vitninu, að hann væri þá í æðisgengnu ástandi og að hann væri að leita að einhverju, og datt því í hug, að hann væri að leita að skotum. Hann æddi fram hjá vitninu, sem var þá frammi á gangi í svefnherbergisálmu hússins með fyrrnefnt barn þeirra hjóna, sem þá var vaknað, og til baka aftur. Ekki sá vitnið, að ákærði væri með skotfæri, en það kveðst þá hafa verið komið í svo mikið uppnám, að það hafi átt erfitt með að gera sér grein fyrir þeim hlutum, sem þá skeðu.

Rétt á eftir heyrði vitnið skot, það heldur, að um eitt skot hafi verið að ræða, en segir, að þau geti hafa verið fleiri en eitt og fleiri en tvö.

Vitnið segist þá hafa farið fram í forstofu til þess að hringja í símann. Þar frammi var haglabyssan, sem vitnið tók og faldi undir rúmi í herbergi sonar þeirra hjónanna, sem ekki var heima þessa nótt.

Þá var ákærði kominn inn í eldhús.

Þegar vitnið hafði náð í lögregluna í símann, tók það barnið og fór með það rakleiðis til mötuneytis Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, þar sem vitnið vann.

Vitnið segist hafa orðið þess vart, þegar það fór út úr húsinu, að lík Stefns Egilssonar muni hafa legið til hliðar við tröppurnar. Ekki tók vitnið eftir því, hvort blóð var þá í anddyri hússins, né heldur hvort krossviðarplatan, sem átti að vera í útidyrahurðinni, var horfin þaðan.

Vitnið veit ekki, út af hverju misklíðin reis á milli ákærða og Stefáns þá um nóttina, enda var það sofandi, er hún hófst.

Vitnið segir, að ákærði hafi farið til Reykjavíkur til lækninga í nóvember 1972 og komið heim skömmu fyrir jól. Eftir það segir vitnið, að sér hafi virst sem hann þyldi minna áfengismagn en áður og gleymdi sér fyrr, þegar hann neytti áfengis. Hann hafi ekki verið í eins miklu jafnvægi og áður og uppstökkari eftir heimkomuna.

Vitnið segist vita til þess, að ákærði hafi notað sterk meðul, meðan á læknismeðferðinni í Reykjavík stóð, en að hann hafi hætt að nota meðulin eftir síðustu áramót, að því er vitnið veit best.

Vitnið Hulda Sigurðardóttir, eiginkona ákærða, fædd 4. mars 1931, var kvödd aftur fyrir dóminn miðvikudaginn 18. apríl 1973.

Dómarinn skýrði Huldu Sigurðardóttur þá frá því, að hann teldi nauðsynlegt að spyrja hana frekar um ýmis atriði málsins. Hún skoraðist þá undan frekari vitnisburði í málinu samkvæmt 1. tl. 89. gr. laga nr. 82/1961.

Vitnið Tómas Tómasson, Lönguhlíð, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, skýrir svo frá, að aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar 1973 hafi það verið að aka bifreiðinni Z 844, eign Eiríks Sigfinnssonar, Stóru-Lág, Nesjahreppi, og var eigandinn farþegi í bifreiðinni. Milli klukkan 0600 og 0700 um morguninn ók vitnið á Höfn í Hornafirði áleiðis að Hótel Höfn. Ætlunin var, að Eiríkur Sigfinnsson færi að tala við Stefán Egilsson, sem hann vissi, að var

þá staddur hjá ákærða að Miðtúni 23, til þess að fá hjá honum, þ. e. Stefáni, áfengisflösku, sem Eiríkur átti hjá honum.

Þegar þeir voru komnir á móts við Miðtún 23, sáu þeir, hvar maður stóð á dyrapalli hússins, og virtist vitninu, að hann væri að reyna að komast inn í húsið, en dyrnar voru lokaðar.

Vitnið segist hafa séð kvenmann á hreyfingu inni í ganginum innan við útidyrnar, inn um glugga, sem er hægra megin við útidyrnar. Vitnið stöðvaði bifreiðina á móts við húsið, en Eiríkur fór út úr bifreiðinni og ætlaði að ná tali af Stefáni, sem átti að vera þarna inni. Eiríkur var undir áhrifum áfengis, en ekki mikið ölvaður, að því er vitnið telur. Eiríkur fór á milli tveggja rússajeppa, sem stóðu þarna fyrir framan húsið, og staðnæmdist þar.

Ekki vissi vitnið, hvað Eiríkur gerði, en hann kom til baka að bifreiðinni eftir fáein augnablik. Rétt í því heyrði vitnið skothvell og sá, að blossi kom upp undir þakskeggi hússins, og þegar það leit á útidyrnar, sá það, að komið var gat ofarlega á hurðina. Um leið og þetta skeði, var Eiríkur að setjast inn í bifreiðina. Vitnið sá manninn, sem fyrr er nefndur, standa á dyrapallinum, og var hann að rjála við hurðarhúninn á útidyrunum (sic), á meðan þetta gerðist, og sneri baki að vitninu.

Um leið og Eiríkur Sigfinnsson settist inn í bifreiðina, spurði vitnið hann, hvort þessi maður væri Stefán, og svaraði Eiríkur, að svo væri. Vitnið spurði þá Eirík, hvort hann hefði talað við Stefán, en Eiríkur kvaðst hafa kallað til hans og beðið hann að koma, en Stefán hafi sagt „bíddu við".

Síðan spurði vitnið Eirík um, hvort þeir ættu ekki að fara til lögreglunnar, því eitthvað væri að ske þarna. Þegar vitnið ætlaði að aka bifreiðinni aftur á bak, sá það, að gluggatjöldin hreyfðust í glugga, sem er vinstra megin við útidyrnar, næst hurðinni. Rétt í því heyrði það annan hvell, en sá engan blossa, og sá, að Stefán stóð enn á dyrapallinum.

Þegar vitnið hafði keyrt aftur á bak og út á götuna, fór bifreiðin ekki af stað vegna hálku. Ók vitnið þá lengra aftur á bak, og náði það þá bifreiðinni af stað. Vitnið telur, að þetta hafi tekið um 1 mínútu. Þegar bifreiðin var komin aftur á móts við hús ákærða, sá vitnið, að á efri helmingi útidyranna (sic) var komið stórt op og að maður stóð fyrir innan hurðina með byssu á lofti og sneri út og í áttina til þeirra, en Stefán stóð á pallinum, þar sem hann hafði staðið áður. Síðan heyrði vitnið þriðja hvellinn, og datt því þá í hug, að skot kynni að lenda í bifreiðinni, sem það var í. Það stöðvaði því ekki bifreiðina, en ók rakleiðis heim til Guðmundar

Svavarssonar, þar sem Eiríkur fór úr bifreiðinni, bankaði og tilkynnti Guðmundi, hvers þeir hefðu orðið varir. Eftir þetta ók vitnið sömu leið til baka, fram hjá húsinu nr. 23 við Miðtún. Þar sáu þeir engan, en útidyrahurðin var opin í hálfa gátt.

Eins og að framan greinir, segir vitnið Tómas Tómasson, að það hafi heyrt 3 skothvelli, þegar það var fyrir utan hús ákærða aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar 1973. Vitnið segir enn fremur, að það geti ekki sagt um það, hvort stóra opið hafi verið komið á útidyrahurðina, þegar það heyrði miðhvellinn.

Vitnið Eiríkur Sigfinnsson var farþegi í bifreiðinni Z 814, sem vitnið Tómas Tómasson ók aðfaranótt sunnudagsins 28. janúar s.l., eins og fyrr er frá greint.

Þegar þeir voru komnir á móts við Miðtún 23, sá vitnið Eiríkur Stefán Egilsson standa á dyrapalli hússins.

Þá bað vitnið Eiríkur vitnið Tómas að stöðva bifreiðina, því að það ætlaði að tala við Stefán. Fór vitnið Eiríkur þá út úr bifreiðinni og rétt frá henni. Heyrði það þá, að Stefán var að kalla í einhvern inni í húsinu, en heyrði ekki orðaskil. Vitnið kallaði þá til Stefáns og bað hann um að tala við sig. Sneri Stefán sér þá við, kallaði til vitnisins og bað það að bíða. Síðan sneri Stefán sér aftur að hurðinni, og heyrði vitnið hann þá kalla á ákærða og biðja hann að tala við sig. Sýndist vitninu, að Stefán væri blóðugur í framan. Gekk vitnið þá að bifreiðinni og ætlaði að fara að setjast inn í hana, þegar það heyrði skothvell. Ekki gerði vitnið sér grein fyrir því, sem skeð hafði, en þegar það leit við, telur það, að Stefán hafi staðið fyrir neðan dyrapallinn, en kveðst þó ekki geta fullyrt um, hvort hann stóð þá á dyrapallinum eða fyrir neðan hann. Síðan settist vitnið inn í bifreiðina og sagði vitninu Tómasi, að ekið skyldi til Guðmundar Svavarssonar lögregluþjóns. Það var mikil hálka í götunni, og um leið og lagt var af stað, heyrði vitnið Eiríkur annan skothvell. Voru þeir þá komnir það langt, að ekki sást inn í skotið, þar sem Stefán stóð við útidyrnar, að því er vitnið telur, en það var þá að tala við vitnið Tómas og sneri frá húsinu. Vitnin Eiríkur Sigfinnsson og Tómas Tómasson fóru síðan til Guðmundar Svavarssonar lögregluþjóns, og tilkynnti vitnið Eiríkur honum um það, sem fyrir vitnin hafði borið, eins og áður er frá skýrt.

Vitnið Eyrún Steindórsdóttir, starfsstúlka hjá Hótel Höfn, Hornafirði, hefur skýrt svo frá orðrétt: „Ég var á leið upp á hótel þ. 28. 01. 1973, og með mér voru systur mínar, þær Ragna, Guðný og Aðalbjörg. Einnig var með okkur Una Magnúsdóttir.

Ég veit ekki, hvað klukkan var, þegar við gengum fram hjá húsi nr. 23 við Miðtún, en þá sá ég, að útidyr hússins voru opnar, og lá Guðni Óskarsson á gólfinu í ganginum, og lá hann ofan á öðrum manni, sem ég áleit vera Stefán Egilsson, Volaseli, Bæjarhreppi, þar sem bíllinn hans var fyrir utan húsið. Enn fremur sá ég konu Guðna standa yfir þeim, og var hún með símtól í hendinni. Heyrði ég Guðna spyrja þann, sem undir var, hvort hann ætlaði ekki að fara út, en hinn svaraði því neitandi.

Ekki stoppuðum við neitt þarna og héldum síðan áfram upp á hótel, og vantaði þá klukkuna 10 mínútur í 07.00. Ekki heyrði ég neinn óvenjulegan hávaða á leiðinni upp á hótel."

Vitnið Guðný Steindórsdóttir, systir vitnisins Eyrúnar, hefur borið vætti um þennan síðastnefnda atburð, og er framburður þess mjög samhljóða framburði vitnisins Eyrúnar Steindórsdóttur, sem rakinn hefur verið hér að framan.

Vitnið Guðný Steindórsdóttir segist ekki hafa litið á klukku, þegar það kom upp á hótelið á Höfn að morgni sunnudagsins 28. janúar s.l., en segist hafa heyrt Aðalbjörgu systur sína segja, að klukkuna vantaði þá 8—10 mínútur í 0700. Vitnið Aðalbjörg Steindórsdóttir, starfsstúlka í frystihúsi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, var samferða vitnunum Eyrúnu Steindórsdóttur og Guðnýju Steindórsdóttur eftir Víkurbraut og upp á Hótel Höfn sunnudagsmorguninn 28. janúar.

Framburður vitnisins um atburð þann, sem þær systur urðu vitni að á móts við húsið nr. 23 við Miðtún, er mjög samhljóða framburði vitnanna Eyrúnar og Guðnýjar.

Þegar vitnin voru komin upp á Hótel Höfn, segir vitnið Aðalbjörg, að sína klukku hafi vantað 10 mínútur í 0700, en tekur fram, að klukkan hafi getað verið of sein, því að vitnið heyrði aðra systur sína segja klukkuna 0654.

Vitnið Una Magnúsdóttir, starfsstúlka á Hótel Höfn, Hornafirði, var samferða vitnunum Aðalbjörgu, Guðnýju, Eyrúnu og Rögnu Steindórsdætrum.

Hún skýrir svo frá orðrétt:

„Um kl. 06.50 á sunnudag 28. 01. 1973 var ég ásamt Aðalbjörgu, Guðnýju, Eyrúnu og Rögnu Steindórsdætrum að fara til vinnu okkar að Hótel Höfn, og gengum við Víkurbraut. Á móts við Miðtún 23 sá ég ásamt hinum stelpunum, að útidyr voru opnar, og voru þar tveir menn liggjandi á gólfinu í ganginum.

Sá, sem lá ofan á og hélt hinum, var ljóshærður með þunnt hár.

Heyrði ég þann segja við hinn, sem undir var, hvort hann ætl-

aði ekki að fara út, en sá, sem undir var, svaraði því neitandi, með þvingaðri röddu, að mér fannst. Einnig sá ég konu standa yfir þeim, og hélt hún á símtóli í hendi.

Við gengum í hægðum okkar fram hjá húsinu og síðan upp á hótel. Var klukkan á mínútunni 07.00, er ég kom inn á hótelið. Ég heyrði engan hvell né annan hávaða á leiðinni frá nefndu húsi og upp á hótelið."

Vitnið Ragna Steindórsdóttir, starfsstúlka á Hótel Höfn, var samferða systrum sínum, vitnunum Aðalbjörgu, Eyrúnu og Guðnýju Steindórsdætrum, og vitninu Unu Magnúsdóttur upp á Hótel Höfn að morgni sunnudagsins 28. janúar 1973. Framburður þessa vitnis er mjög samhljóða framburði vitnanna Aðalbjargar, Eyrúnar og Guðnýjar Steindórsdætra.

Vitnið giskar á, að þær hafi verið um 5 mínútur að ganga frá Miðtúni 23 að Hótel Höfn.

Hinn 31. janúar 1973 var lík Stefáns Egilssonar, Volaseli, fædds 19. janúar 1940, krufið á Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg, Reykjavík. Krufninguna framkvæmdi Bjarki Magnússon læknir, en Þorkell Jóhannesson prófessor framkvæmdi réttarefnafræðilegt mat. Þetta mat leiddi í ljós, að alkóhólmagn í blóði var 2.90‰, en 4.00‰ í þvagi. Maðurinn hefur því greinilega verið ölvaður.

Niðurstaða krufningarskýrslu er þessi.

„Við krufninguna fannst gat (innskotsop) vinstra megin á brjóstvegg, er mældist 6,5 × 5 cm, og allmörg lítil sár, eftir einstaka högl, hægra megin við aðalinnskotsopið. Undir húð og fitulagi, vinstra megin við innskotsopið, liggur forhlað úr haglaskoti. Hluti úr hjartanu er tættur í burtu, og mikið blóð er í vinstra brjósthólfi. Áverkar þessir eru í samræmi við það, að skotið hafi verið á manninn úr haglabyssu úr mjög stuttri fjarlægð. Púðurbletturinn í vinstri lófa við sárið staðfestir, að vinstri hönd Stefáns hefur verið rétt við byssuhlaupið, þegar skotinu var hleypt af, og sýnir, að ekki hefur fjarlægðin frá innskotsopinu á brjóstkassa verið meiri en sem nemur handleggslengd. Stefán mun hafa látist samstundis."

Í krufningarskýrslunni segir enn fremur.

„Líkið er af 169 cm háum grannvöxtum vel vöxnum karlmanni. Líkið er alstirt. Mjög daufir blárauðir líkblettir eru dreyfðir um bakhluta líksins. Á vinstra brjósti 2,7 cm fyrir neðan vinstri geirvörtu er gat í brjótveggnum, sem mældist 6,5 × 5 cm, og upp að því gati frá hæl eru 120,5 cm."

Vitnið Guðmundur Kristján Svavarsson lögregluþjónn skýrir á eftirfarandi hátt frá mælingu á útidyrahurð hússins nr. 23 við Miðtún þriðjudaginn 30. janúar 1973:

„Mál upp í gat á spjaldi því, er var í hurðinni að Miðtúni 23, Höfn, Hornafirði, reyndist vera 1,64 cm. Ennfremur reyndist mismunurinn á palli utan dyra vera, miðað við þröskuld, 31 cm, og pallurinn er 34 cm hærri en jörðin."

Haglabyssan, sem fannst á heimili ákærða að morgni sunnudagsins 28. janúar 1973, var fengin tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík til athugunar og rannsóknar.

Vitnið Njörður Snæhólm aðalvarðstjóri lýsir byssunni þannig: „Þarna er um að ræða haglabyssu, cal. 12, Model 400, V. 53823, Harrington og Richardson Inc., Worchester, Mass., U.S.A., sem er einhleyp pumpubyssa. Hlauplengd 69,5 cm. Heildarlengd 122 cm. Gúmmískór er á skefti. Framsikti er svokallað kornsikti. Aftursikti er rauf í sjálft láshúsið. Öryggi er ofan á láshúsinu aftur við skefti, og er það sett á og tekið af með þumalfingri. Það er ekki sjálfvirkt og fer því ekki á, þegar byssan er hlaðin, eins og á mörgum nýrri tegundum.

Undir aftari helmingi hlaupsins er járnrör og í því gormur, en í þetta rör eru skotin látin. Utan um rörið er tréhólkur og í honum járnteinn, sem gengur aftur í lásbúnaðinn í láshúsinu, milli afturenda hlaups og skeftis, en neðan á láshúsinu er op og í því skinna með fjöður. Skinnan lokar opinu, en þarna í gegn eru skotin sett inn í undirrörið, sem tekur 5 skot.

Á hægri hlið láshúss er op fyrir tómu skothylkin. Gikkurinn er neðan á láshúsinu, aftan við hleðsluopið, og yfir honum er gikkhlífin.

Þegar hlaðið er, er skinnunni ýtt inn og skotunum ýtt fram í undirrörið einu í einu, og síðan leggst skinnan niður og lokar. Ekki þarf að fylla rörið. Það má setja í það eitt skot í einu eða fleiri.

Tréhólkurinn (pumpan) er nú dregin aftur og ýtt til baka fram, en þá kemur skot upp í hlaupið, lásinn lokast, og gikkurinn er spenntur. Hafi öryggið verið sett á, er það tekið af og tekið í gikkinn, en þá ríður skotið af. Þá er pumpan dregin til baka, lásinn opnast, og tóma skothylkið kastast út. Pumpan fram, nýtt skot kemur í hlaupið, og lásinn lokast.

Þannig gengur þetta, þar til byssan er tóm. Það þarf því ekki að taka nema nokkrar sekúndur að tæma, þ. e. skjóta öllum 5 skotunum úr byssunni, sem er í góðu lagi."

Sama vitnið hefur prófað hagladreifingu byssunnar þann 18. júní 1973.

Í skýrslu vitnisins um það segir m. a.:

„Í dag fór ég svo ásamt Ragnari Vigni, aðalvarðstjóra, upp á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, og þar prufuðum við byssuna á ýmsum vegalengdum. Til að skjóta í var notast við bárupappa með sléttu hliðina út.

Þannig kom þetta út.

1. Færi 65 cm: gat 3×3 cm: Púðursvæði 6,8×7,5 cm.
2. — 65 cm: skotið á masonite 5 mm, 3×3 cm.
3. — 100 cm: gat stærð 4,2×3,7 cm.
4. — 140 cm: gat stærð 4,5×3 cm.
5. — 200 cm: gat stærð 6×3.
6. — 65 cm: gat stærð 3,3×3,5 45 gráðu halli.
7. — 100 cm: gat stærð 4,2×3,5 45 gráðu halli
8. — 200 cm: gat stærð 5×4, 45 gráðu halli.
9. — 300 cm: gat stærð 4,5×4,5. Hagladreifing 8,5×11 cm.
10. — 400 cm: gat stærð 4,5×4,8. Hagladreifing 14×14 cm.

Ástæðan fyrir því, að við skutum þremur prufuskotum með 45 gráðu halla, þ. e. frá hlið á spjöldin, er sú, að við ætluðum að ganga úr skugga um, hvort það breytti einhverju með skotgatsstærðina. Púðursvæði hvarf, eftir að kom upp í 100 cm, og þá byrjaði að bera á hagladreifingu. Færið 65 cm er lengdin frá þumalfingurshandarvöðva mínum í brjóst neðan brjóstvörtu í báðum tilfellum vinstra megin, en ég er 186 cm á hæð.“

Vitnið Ragnar Vignir aðalvarðstjóri hefur gefið samhljóða skýrslu um hagladreifingu byssunnar.

Skotgatið á krossviðarspjaldinu, sem var í útihurð á húsi ákærða nr. 23 við Miðtún á Höfn, reyndist vera 22 mm í þvermál samkvæmt mælingu vitnanna Njarðar Snæhólms og Ragnars Vignis. Þvermál haglabyssuhlaupsins að framan reyndist vera 21 mm, en 24.4 mm yfir siktið, sem er 11 mm frá brún hlaupsins.

Vitnin Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir telja útilokað, að fleiri en einu skoti hafi verið skotið í gegn um krossviðarspjaldið, sem greint er frá hér að framan.

Með hliðsjón af samanburði á mælingu vitnisins Guðmundar Kristjáns Svavarssonar á útihurð og palli hússins nr. 23 við Miðtún annars vegar og lengdinni frá hæl líks Stefáns heitins að innskotsopinu á brjóstkassa hans hins vegar verður einnig að telja

útilokað, að skotið, sem fór í gegnum krossviðarspjaldið, hafi orðið honum að bana.

Ákærða hefur verið sýnd framangreind haglabyssa í dóminum hinn 18. október s.l. Í tilefni af því sagði ákærði, að hann ætti byssuna og að hann hlyti að hafa skotið úr henni 2 skotum að morgni hins 28. janúar 1973, enda hafi ekki verið um aðra haglabyssu að ræða á heimili hans.

Vitnið Njörður Snæhólm telur, að það sé rétt, sem kemur fram í krufningarskýrslunni, að skotið hafi verið á Stefán Egilsson úr stuttri fjarlægð.

Enn fremur telur vitnið, að púðurbletturinn í vinstri lófa við sárið staðfesti, að hönd Stefáns hafi verið rétt við byssuhlaupið, þegar skotinu var hleypt af, og að fjarlægð byssunnar frá opinu á brjóstkassa Stefáns Egilssonar hafi varla verið meiri en sem nemur handleggslengd hans.

Vitnið Ragnar Vignir segist ekki geta sagt um, hversu langt bil hafi verið milli byssuhlaupsins og brjóstkassa Stefáns Egilssonar, þegar banaskotið reið af, en telur, að byssuhlaupið hafi ekki verið fast við brjóstkassann, vegna þess að dreifingin á höglunum hafi verið það mikil. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort Stefán hafi haldið um hlaupið, en telur öruggt, að högl hafi svipt í sundur armbandi á úri hans, þegar banaskotið reið af.

Með bréfi, dags. 24. febrúar 1973, var Kleppsspítalanum í Reykjavík falin rannsókn á sakhæfi ákærða.

Rannsókn þessa framkvæmdi Ólafur Grímsson, læknir á Kleppsspítalanum, ásamt Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi.

Í álitsgerð Ólafs Grímssonar læknis, dags. 10. maí 1973, er í stórum dráttum rakinn æviferill ákærða, sem ólst upp í foreldrahúsum á Höfn í Hornafirði, elstur í hópi sex systkina.

Þar segir einnig, að heimili foreldra hans hafi verið sæmilega efnum búið, enda hafi báðir foreldrar hans verið vinnusamir og duglegir.

Sambúð og samlyndi á heimilinu var misfellulaust, og samband sitt við foreldrana telur ákærði, að hafi verið allgott og ekki hallast á, hvað viðvék föður eða móður.

Hann lýsir sjálfum sér sem yfirleitt skapgóðum og jafnlyndum, en kveðst alltaf hafa þjáðst af talsverðri minnimáttarkennd.

Ákærði gekk í barnaskóla á Höfn í Hornafirði og lauk þaðan fullnaðarprófi með frekar lélegri einkunn, að því er hann segir. Hann kveðst hafa haft takmarkaðan áhuga fyrir frekara námi, þegar hann lauk barnaskólaprófi, enda telur hann sig litla upp-

örvun hafa fengið í þá átt og ekki hafi verið um mikið að velja á staðnum til framhaldsnáms í þá daga. Síðar á ævinni kveðst hann oft hafa leitt hugann að því, hvers hann hefði farið á mis, hvað menntun viðvék, en þá var ekki tækifæri til frekari menntunar.

Fljótlega eftir að skólagöngu lauk, hóf ákærði ýmiss konar störf, og 16 ára gamall var hann a. m. k. fullgildur í algenga verkamannavinnu, en 18 ára gamall festi hann kaup á vörubíl ásamt föður sínum.

Stundaði hann síðan akstur og rekstur vörubíls fram til ársins 1960. Þá réðst hann til Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og ók þar í fyrstu mjólkurbíl, en síðan vörulyftara. Lagði hann oft hart að sér á þeim árum, og frá árinu 1962 kveðst hann hafa haft aukavinnu við fólksflutninga á eigin bíl.

Árið 1968 er ákærði hættur störfum hjá Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga og hafði þá fest kaup á 13 manna bifreið til fólksflutninga. Síðan hafði hann fólksflutninga að aðalstarfi, en þessi atvinnurekstur hefur dregist nokkuð saman síðustu árin vegna bættra flugsamgangna.

Árið 1950 hóf ákærði sambúð með jafnöldru sinni og verðandi eiginkonu, Huldu Sigurðardóttur. Þau gengu í hjónaband árið 1961 eða 1962. Ákærði telur sambúð þeirra hjóna hafa verið hnökralausa öll sambýlisárin. Hann telur eiginkonu sína hafa gott skaplyndi og vera hófsmanneskju. Síðustu 2—3 árin hefur hún unnið við mötuneyti Kaupfélags Austur-Skaftfellinga.

Þau hjónin hafa eignast 3 börn, son fæddan 1951, sem er við nám í Kennaraskóla Íslands, annan son, fæddan 1960, og dóttur, fædda 1967. Börn sín telur ákærði vel heppnuð og að samband hans við þau hafi alltaf verið með ágætum.

Ákærði hóf byggingu íbúðarhúss, 120 m² að stærð, árið 1946. Hefur fjárskortur tafið fyrir byggingarframkvæmdum, en hann telur, að byggingunni sé að mestu leyti lokið og kveðst standa við allar skuldbindingar sínar á fjámálasviðinu.

Í álitsgerð segir enn fremur, að allt frá árinu 1963 hafi ákærði haft óþægindi af og til vegna bólgu í kinnholum. Hann kveðst hafa óþægindi í höfði nær stöðugt, frá árinu 1965 a. m. k. Hann lýsir óþægindunum sem stöðugum æðaslætti, einkum vinstra megin í höfði, og staðsetur þau frá gagnauga og út í vinstra eyra aðallega. Hann telur óþægindi þessi eiga nokkurn þátt í svefnörðugleikum, sem hann hafi haft hin síðari ár. Hann kveðst hafa gripið til þess ráðs í auknum mæli að deyfa sig með áfengi eftir vinnu á kvöldin.

Ákærði kveðst hafa byrjað að neyta áfengis 18—20 ára gamall, skvetti þá í sig á laugardagskvöldum stöku sinnum. Síðar kveðst hann hafa fengið sér afréttara á sunnudagsmorgnum eftir drykkju kvöldið áður. Ákærði er annars tregur til að gefa ákveðnar upplýsingar um áfengisneyslu sína á seinni árum, en telur hana hafa farið vaxandi með árunum.

Upplýsingar um stig ölvunarástands liggja heldur ekki á lausu, en hann viðurkennir, að það hafi hent áður, að hann hafi í ölvunarástandi framið verknaði, sem hann síðar, þegar runnið var af honum, hafi ekki munað eftir og furðað sig á, að hann skyldi hafa framkvæmt.

Enn fremur segir svo um ákærða í álitsgerð Ólafs Grímssonar læknis:

„*Almenn líkamleg skoðun.*

Þetta er rúmlega meðal maður að hæð, sem svarar sér vel að vexti.

Það var ekkert athugavert að finna við líkamlega skoðun, nema nokkur þrýstingseymsli yfir vinstri kinnbeinsholu. Blóðrannsókn: Blóðrauði eðlilegur. Sökk eðlilegt. Hvít blóðkorn eðlileg. Hjartalínurit eðlileg. Heilalínurit sýndi ekkert með vissu óeðlilegt.

Geðskoðun.

Vart verður við talsverðan kvíða og spennu, sem hann reynir þó að hafa vald á. Greina má á köflum nokkurn söknuð og hryggð vegna liðinna atburða. Hann reynir þó jafnharðan að harka af sér og bæla niður tilfinningar sínar. Í byrjun virtist Guðni frekar innilokaður og gaf ekki gjarnan færi á sér. Dómgreind Guðna virtist ekki skert. Talaði yfirleitt skýrt og gerði sér far um að vanda málflutning sinn. Hann átti í nokkrum erfiðleikum með að segja frá atburðarrás í samhengi.

Af viðtölum virtist mega marka, að minni Guðna væri í slöku meðallagi, ekki aðeins í sambandi við nýliðna atburði, heldur og löngu liðna. Það virtist stundum sem Guðni gripi til þess að fylla upp í eyðurnar, þar sem minni var ábótavant, en það var þó ekki áberandi, að hann reyndi meðvitandi í þessu skyni að gera sinn málsstað betri. Guðni er fyllilega áttaður í tíma og rúmi og virðist gera sér ljósa grein fyrir afleiðingu verknaðar síns. Það hefur ekki orðið vart ranghugmynda eða ofskynjana."

Niðurstöður af sálfræðirannsókn Gylfa Ásmundssonar.

„Guðni Óskarsson er 41 árs gamall maður, sem gengst undir rannsókn eftir að hafa orðið manni að bana, verulega drukkinn. Rannsókn þessi bendir ekki til, að Guðni sé haldinn neinum ein-

kennum um geðveiki (psychosis), truflun á miðtaugakerfi, fávitahátt eða meiri háttar taugaveiklun. Hann er meðalgreindur, að vísu skortir fulla greindarnýtingu við núverandi kringumstæður vegna einbeitingarerfiðleika, spennu og kvíða.

Að skapgerð er hann hrifnæmur, örgeðja, haldinn nokkurri vanmetakennd og hefur tilhneigingu til að vera öðrum tilfinningalega háður. Hann bregst við ytra álagi einkum með bælingu og líkamlegum óþægindum. Í núverandi ástandi kemur fram nokkurt þunglyndi og óróa. Persónuleiki Guðna og andlegt ástand verður að teljast innan eðlilegra marka þrátt fyrir vissa veikleika hjá honum, sem m. a. hafa leitt til óhóflegrar áfengisneyslu, sem vegna skapgerðar hans getur leitt til þess, að hann missi stjórn á skapsmunum sínum og dómgreind."

Að lokum segir svo í álitsgerð Ólafs Grímssonar:

„Niðurstaða geðrannsóknar í stuttu máli er sú, að Guðni Óskarsson sé í meðallagi vel gefinn, með nokkuð veikbyggðan persónuleika, tilfinningalega frekar bældur og haldinn vanmetakennd, sem eykur kvíða og óróleika og tilhneigingu til líkamlegra kvartana. Skapgerðareiginleikar Guðna hafa átt þátt í vaxandi áfengisneyslu, sem komin er á slíkt stig, að hann undir bráðum ölvunaráhrifum missir stjórn á skapsmunum sínum og gjörðum.

Niðurstaða geðrannsóknar á Guðna Óskarssyni hefur leitt til þess, að hann hlýtur að teljast sakhæfur."

Með bréfi, dags. 1. júní 1973, óskaði verjandi ákærða eftir frekari álitsgerð um nokkur atriði varðandi rannsóknina á sakhæfi og geðheilbrigði ákærða.

Ólafur Grímsson læknir svaraði síðan athugasemdum þeim, sem fram komu í bréfi verjandans með framhaldsálitsgerð, dags. 11. júlí 1973.

Í henni segir meðal annars:

„Að Guðni taldi sig eltan af kynvilltum manni etc., er litið á sem ekkert einsdæmi um hugvillur hjá einstaklingi, sem er undir verulegum áfengisáhrifum."

Síðan segir svo í álitsgerðinni:

„Ekki er að áliti sérfræðinga hægt að álykta, að höfuðkvalir Guðna geti átt nokkurn þátt í atferli hans aðfaranótt 28. 1. 1973."

Nákvæm rannsókn á heilsufari ákærða hefur farið fram samhliða rannsókn máls þessa að öðru leyti. Einkum hefur rannsókn þessi beinst að höfuðverk ákærða og orsökum hans.

Vitnið Stefán Jóhann Ólafsson, sérfræðingur í háls- nef- og eyrnasjúkdómum, hefur borið svohljóðandi vætti:

„Guðni Óskarsson, f. 24. 7. 1931, var lagður á Landakotsspítala 21. 4. 1973 vegna fyrirhugaðrar aðgerðar á vinstri kjálkaholi.

Þ. 25. 4. 1973 er í svæfingu gerð aðgerð á vinstri kjálkaholu utan frá, kemur þá í ljós, að kjálkaholan er full af skinnhúðarsepum og grefti.

Þetta er allt hreinsað út og skurðinum síðan lokað.

Sjúklingi heilsaðist mjög vel eftir aðgerðina. Fráleitt má teljast, að sjúkdómurinn í kjálkaholunum geti að nokkru leyti átt þátt í hans andlega ástandi."

Samkvæmt frásögn ákærða fékk hann ekki fullan bata eftir þessa aðgerð. Af þeim sökum var hann til rannsóknar hjá Stefáni Skaftasyni, sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum, ásamt heyrnarfræðingi.

Skýrir vitnið Stefán Skaftason læknir svo frá, að ákærði hafi legið á háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans frá 10. júlí 1973 til og með 11. júlí s. á. vegna langvarandi suðu í vinstra eyra. Niðurstaða rannsóknar vitnisins er, að um skemmd væri að ræða inni í kuðungi vinstra eyra ákærða. Sjúkdómur þessi, sem nefnist „morbus meniera", er á vægu stigi. Að mati vitnisins hefur ákærði haft þennan sjúkdóm s.l. 10 ár.

Þá hefur ákærði einnig verið til rannsóknar og meðferðar hjá Óla Birni Hannessyni augnlækni. Samkvæmt vottorði hans, sem liggur frammi í málinu, fannst við skoðun þann 24. ágúst 1973 greinileg litubólga í hægra auga ákærða. Ákærði var nú settur á lyfjameðferð með góðum árangri.

Við síðasta eftirlit hinn 12. október 1973 var bólgan horfin og meðferð þá hætt.

Með ummerkjum á vettvangi, framburði vitna og framburði ákærða sjálfs þykir sannað, að ákærði hafi að morgni sunnudagsins 28. janúar 1973 hleypt af tveimur skotum eða fleiri úr haglabyssu sinni í gegnum útidyr húss síns, þar sem hann vissi af Stefáni Egilssyni fyrir utan, og að annað eða eitt skotið hafi hæft Stefán í brjóstið og orðið honum að bana. Með hliðsjón af málavöxtum verður að meta verknað þennan ásetningsverk. Sá ásetningur ákærða að fremja þennan verknað hefur þó ekki átt sér langan aðdraganda, heldur hefur hann orðið til vegna skyndilegs ójafnvægis í geði ákærða, sem má rekja til illdeilna þeirra Stefáns fyrr um morguninn.

Samkvæmt þeim gögnum, sem aflað hefur verið um andlegt heilbrigðisástand ákærða, hafa ekki verið fyrir hendi nein þau

atriði, sem leiði af sér, að sakhæfi ákærða verði dregið í efa, sbr. 15.—16. gr. almennra hegningarlaga.

Ber því að dæma ákærða refsingu samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga, og verður hún ákveðin fangelsi í 9 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist ákærða síðan 28. janúar s.l., alls 282 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 73/1973 ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00, og málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 90.000.00, en af hálfu ákæruvaldsins sótti málið saksóknari ríkisins, Þórður Björnsson.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Óskarsson, sæti fangelsi í 9 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 28. janúar 1973, alls 282 dagar.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jónasar A. Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00, og málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 90.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 4. júlí 1974.

Nr. 51/1973: **Vita- og hafnarmálastjóri,**
Samgönguráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Hochtief A/G og Véltækni h/f
og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Garðardómur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. mars 1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að hann verði „með öllu sýknaður af kröfu gagnáfrýjenda þess efnis, að höfuðstóll hinnar umstefndu úrskurðarfjárhæðar verði greiddur með breytingum í samræmi við breytingar á gengi íslenskrar krónu gagnvart vestur-þýsku marki frá 8. júlí 1971 til greiðsludags. Verði fjárhæðin, kr. 149.455.000.00 þá greidd með vöxtum, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, án téðra breytinga eða nokkurra annarra breytinga vegna gengisbreytinga eða annars". Þá krefst aðaláfrýjandi þess til þrautavara, „að krafa gagnáfrýjenda um greiðslu á grundvelli gengisbreytinga verði einungis viðurkennd að því marki, að úrskurðarfjárhæðinni beri að breyta til samræmis við gengislækkanir á Íslandi eftir 8. júlí 1971, þ. e. lækkanir, sem fela í sér breytingu á stofngengi eða grundvallargengi íslensku krónunnar, gerðar í samráði við ríkisstjórnina, sbr. 18. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands". Jafnframt er þess krafist á sama hátt, „að umrædd krafa gagnáfrýjenda verði ekki viðurkennd um þann hluta

úrskurðarfjárhæðarinnar, er svarar til kostnaðar, sem til er fallinn á Íslandi í íslenskum krónum".

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 4. apríl 1973. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Í málinu hefur verið lagður fram fjöldi skjala, sem þýdd hafa verið úr enskri tungu. Hér fyrir dómi hafa þýðingar þessar ekki verið vefengdar, en þar gætir sums staðar ónákvæmni.

Hinn 8. júlí 1971 sagði gerðardómur, sem skipaður var samkvæmt reglum Alþjóðaverslunarráðsins (International Chamber of Commerce), upp gerð í máli milli gagnáfrýjenda og vita- og hafnarmálastjórnar Íslands. Aðaláfrýjandi synjaði greiðslu þess fjár, sem vita- og hafnarmálastjórn var með gerðinni gert að greiða gagnáfrýjendum. Höfðuðu þeir mál gegn aðaláfrýjanda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem krafist var aðfararhæfs dóms fyrir þeirri fjárhæð, sem gerðardómurinn gerði vita- og hafnarmálastjórn að greiða gagnáfrýjendum. Aðaláfrýjandi krafðist sýknu. Var sýknukrafan á því reist, að ýmsir annmarkar væru á gerðinni og vinnubrögðum gerðardómsmanna, sem hefðu í för með sér, að gerðin væri eigi skuldbindandi fyrir sig. Í hinum áfrýjaða dómi var þessum ógildingarástæðum hrundið og aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjendum fé það, er gerðin kvað á um. Hefur aðaláfrýjandi hér fyrir dómi uppi sömu málsástæður sem fyrir héraðsdómi. Telur hann þær eiga að leiða til sýknu. Verða málsástæður þessar nú teknar til úrlausnar.

II.

Gerðardómsmenn gengu eigi sjálfir á vettvang, áður en þeir sögðu upp gerð sína. Telur aðaláfrýjandi, að brýn nauðsyn hafi verið til vettvangsgöngu og með því að láta hana undir höfuð leggjast, hafi gerðardómsmenn brotið gegn starfsskyldu sinni um að kanna málið. Varði þetta ógildingu gerðarinnar.

Þegar gætt er sakarefnis og gagna þeirra, er lögð voru fyrir gerðardómsmenn, verður eigi talið, að laganauðsyn hafi borið til þess, að þeir könnuðu vettvang sjálfir.

III.

Aðaláfrýjandi telur, að gerðardómsmenn hafi í gerð sinni tekið til greina kröfu gagnáfrýjenda, sem nefnd er krafa nr. 12, og byggt sönnunarmat sitt á málsgagni, sem nefnt er fylgiskjal B, en vita- og hafnarmálastjórn hafi eigi verið veittur nægilegur kostur á að kanna og taka afstöðu til þess skjals. Hafi þannig verið brotin grundvallarregla laga um jafnræði aðilja í máli og hljóti það að varða ógildingu gerðarinnar.

Eins og rakið er í héraðsdómi, kröfðust gagnáfrýjendur þess með bréfi 19. desember 1969, að vita- og hafnarmálastjórn greiddi þeim allan kostnað af mannvirkjagerð í Straumsvík eftir 17. maí 1968. Fylgdi bréfi þessu yfirlit, sem gagnáfrýjendur töldu sýna kostnað af mannvirkjagerðinni og greiðslur frá vita- og hafnarmálastjórninni á tímabilinu 31. maí 1968 til verkloka 7. nóvember 1969. Tekið er fram í bréfi þessu, að í vörslum gagnáfrýjenda séu fullkomin gögn til sönnunar á raunverulegum kostnaði við verkið. Með beiðni gagnáfrýjenda um skipan gerðardóms frá 6. júlí 1970 var krafa nr. 12 sett fram, og nam kröfufjárhæðin 10.036.145 vestur-þýskum mörkum. Töldu gagnáfrýjendur, að krafa þessi tæki til alls kostnaðar við mannvirkjagerðina í Straumsvík frá 17. maí 1968 til verkloka, að frádregnum greiðslum frá vita- og hafnarmálastjórn. Var krafan nokkuð rökstudd, en ekki fylgdu henni undirstöðugögn. Af hendi vita- og hafnarmálastjórnar var gerðardómsbeiðninni svarað með bréfi 30. október 1970. Bréfinu fylgdi ítarleg greinargerð, þar sem m. a. var tekið til andsvara varðandi kröfu nr. 12. Gerðardómsmenn og lögmenn aðilja hittust á óformlegum fundi í Lissabon 8. og 9. mars 1971. Samkvæmt sameiginlegu bréfi lögmanna aðilja 9. mars 1971 var næsti fundur ákveðinn í Washington dagana 4. og 5. apríl 1971, og skyldi þá endanlega gengið frá svonefndri verksviðslýsingu (Terms of Reference). Annar fundur skyldi hefjast í New York 3. maí

1971 og standa um þriggja vikna skeið. Þar skyldu vitni yfirheyrð. Þá segir í bréfinu: „Ef frekari yfirheyrslur eru nauðsynlegar, mundi þurfa að áætla (sic) þær einhverntíma á hausti komanda . . .“ Á fundinum í Washington 4. og 5. apríl 1971 virðist hafa náðst samkomulag um drög að verksviðslýsingu. Í íslenskri þýðingu á verksviðslýsingunni, sem endanlega var undirrituð af gerðardómsmönnum og lögmönnum aðilja 4. maí 1971, segir í B lið VIII. gr.: „Innan rýmilegs tíma áður en að málflutningi kemur, ber aðiljum að hafa afhent endanlegar greinargerðir um málsstað hvors um sig ásamt öllum gögnum og upplýsingum, sem við er stuðst . . .“ Verksviðslýsingin er á ensku, og er ákvæði þetta þar svohljóðandi: „Within a reasonable time before the hearing, the parties shall have delivered final statements of their respective cases with all document and information relied upon . . .“ Þá segir í íslenskri þýðingu á F og G liðum VIII. gr. verksviðslýsingar m. a. svo: „Til að aðstoða gerðardóminn við íhugun málsins getur sérhver aðili innan tveggja vikna frá lokum yfirheyrslu lagt fram skriflegt ágrip af framburði og röksemdafærslu málstað sínum til stuðnings, og innan viku frá móttöku ágripsins getur hinn aðilinn lagt fram ágrip til andsvara. Síðan komi gerðardómsmenn saman á þeim stað og tíma, sem meiri hlutinn fellst á, til að íhuga og kveða upp úrskurð, afráða málavexti og spurningar, sem ákvarða ber . . .“ Á enskri tungu eru ákvæði þessi þannig: „To assist the tribunal in its deliberations, within two weeks from the conclusion of the hearing, each party may submit a written summation of evidence and arguments in support of this case and the other party may within one week of receipt of the other party's summation, submit a replysummation. The members of the tribunal shall thereafter convene at such place and times as the majority shall agree, to deliberate and render an award, determining the merits of the case and the questions to be decided . . .“ Verksviðslýsingunni fylgdu kröfugerðir og meginmálsrök beggja aðilja. Lögmaður gagnáfrýjenda afhenti lögmönnum vita- og hafnarmálastjórnar greinargerð sína ásamt fylgiskjölum að kvöldi 23. apríl 1971. Meðal skjala

var fylgiskjal B. Var hér um að ræða endurrit af vélfærðu bókhaldi gagnáfrýjenda, sem skyldi sýna heildarkostnað þeirra af mannvirkjagerðinni í Straumsvík eftir 17. maí 1968 til loka verksins og greiðslur vita- og hafnarmálastjórnar á sama tíma. Ekki fylgdu skjali þessu undirstöðugögn. Eftir móttöku þessara gagna fóru lögmenn vita- og hafnarmálastjórnar þess á leit, að vitnaleiðslu yrði frestað, þar sem nauðsyn bæri til að kanna gögn og reikninga gagnáfrýjenda, og ætti vita- og hafnarmálastjórnin skýlausan rétt á að fá frest til slíks. Meiri hluti gerðardómsmanna ákvað 27. apríl 1971 að halda fast við hina upphaflegu ákvörðun um, að þinghöld skyldu hefjast 4. maí 1971. Var þetta meðal annars á því byggt, að greinargerð og gögn gagnáfrýjenda hefðu komið fram nægilega snemma fyrir það þinghald og nægur tími væri fyrir aðilja og gerðardómsmenn til að búa sig undir þinghöldin. Greinargerð vita- og hafnarmálastjórnar fyrir gerðardóminum er dagsett 30. apríl 1971. Þar er kröfu nr. 12 sérstaklega andmælt og fylgiskjal B gagnrýnt. Segir þar, að gagnáfrýjendum „ætti ekki að líðast að halda fram neinum fjárhæðum sem „kostnaði" sínum á tímabilinu eftir 17. maí 1968, nema verkkaupa (þ. e. vita- og hafnarmálastjórn) sé veitt fullt færi á að kanna bókhald" gagnáfrýjenda „og fylgiskjöl fyrir allt tímabil þessa verksamnings". Í þinghaldi 4. maí 1971 lýsti lögmaður gagnáfrýjenda því, að bókhald þeirra og reikningsgögn hefðu verið og væru til reiðu fyrir vita- og hafnarmálastjórn til athugunar. Þá sagði lögmaðurinn í sama þinghaldi: „En tímans vegna, og með tilliti til þeirra tímatakmarkana, sem fyrir okkur munu verða, þegar þinghaldi lýkur, þá mundi ég leggja til, að óháð endurskoðun, ef hún telst nauðsynleg og ef varnaraðili óskar eftir henni, verði undirbúin og framkvæmd nú þegar". Gerðardómurinn taldi ekki rétt „að gefa öðrum hvorum aðilanna fyrirmæli um að framkvæma endurskoðun", eða eins og segir á ensku í endurriti af þinghaldinu: „We don't belive it would be appropriate to direct either party to have an audit." Vita- og hafnarmálastjórn gæti komið fram með sérstök andmæli gegn einstökum liðum í bókhaldi gagnáfrýjenda „og síðan, ef gerðar-

mennirnir ákveða, að í slíku tilfelli ætti endurskoðun, hvort sem er til fulls eða að einhverju takmörkuðu leyti að fara fram, þá mundum við mæla svo fyrir og við mundum verða að fresta málinu, þar til árangur slíkrar endurskoðunar hefði verið lagður fyrir okkur, þannig að við gætum komist að skynsamlegri niðurstöðu". Í endurriti af þinghaldinu er þetta þannig orðað á ensku: „... and then if the Arbitrators decide that in such a case and audit, whether complete or partial or limited, should be had, we would so direct, and we would have to adjourn until the results of such audit were made available to us, so that we could make a sensible determination". Var þinghaldinu síðan fram haldið og vitni leidd. Í þinghaldi 10. maí 1971 lýsti lögmaður vita- og hafnarmálastjórnar yfir því, að hann gæti ekki gagnspurt vitni um bókhalds- og kostnaðaratriði, fyrr en að gerðri þeirri könnun á reikningum gagnáfrýjenda, sem að framan getur. Hann áskildi sér rétt til að gagnspyrja vitni um þessi atriði, þegar slík könnun hefði fram farið. Þennan áskilnað endurtók lögmaðurinn í þinghaldi 14. maí 1971. Vitnaleiðslum fyrir gerðardóminum lauk 19. maí s. á. Hafa ekki verið lagðar fram bókanir um, hvað þá var ákveðið um framhald gerðardómsmálsins, og ekki virðist hafa verið bókað, hvort gagnasöfnun af hendi aðilja væri lokið. Af skýrslum lögmanna aðilja, sem lagðar voru fram í héraði, kemur fram, að þann 19. maí 1971, eftir að vitnaleiðslum var lokið, héldu gerðardómsmenn fund með lögmönnum aðilja. Virðist þar hafa verið ákveðið, að lögmenn aðilja skyldu leggja fram sókn og vörn 7. eða 9. júní 1971 og framhaldssókn og framhaldsvörn um það bil viku síðar. Eru þessi tímamörk í samræmi við fyrirmæli F liðs VIII. gr. verksviðslýsingar. Gerðardómsmenn gerðu ráð fyrir að hittast í París 26. og 27. júní 1971. Sókn lögmanna gagnáfrýjenda er dagsett 7. júní 1971 og vörn lögmanna vita- og hafnarmálastjórnar 9. s. m. Í vörninni mótmæla lögmenn vita- og hafnarmálastjórnar enn kröfu nr. 12 og fylgiskjali B. Þá segir þar, að þeir haldi fast við áskilinn rétt sinn til að láta rannsaka reikningana fyrir allan samningstímann og gagnspyrja bókhaldssérfræðing gagnáfrýjenda, ef fylgiskjal

B yrði talið hafa nokkra þýðingu í málinu. Framhaldssókn af hendi gagnáfrýjenda er dagsett 15. júní 1971 og framhaldsvörn vita- og hafnarmálastjórnar 18. s. m. Samkvæmt ákvæðum 23. gr. reglna gerðardómsstofnunar Alþjóðaverslunarráðsins skal segja upp gerð innan 60 daga frá undirskrift verksviðslýsingar. Þó má gerðardómsstofnunin framlengja þann frest, ef þörf krefur. Gerðin var sögð upp 8. júlí 1971 af tveimur gerðardómsmönnum, en sá þriðji skilaði sératkvæði. Er gerðin rakin í héraðsdómi.

Svo sem að framan er rakið, kom krafa nr. 12 í meginatriðum fram í bréfi gagnáfrýjenda hinn 19. desember 1969 og var ítrekuð í fylgiskjali með gerðardómsbeiðninni 6. júlí 1970. Var þar gerð grein fyrir grundvelli kröfunnar. Fylgiskjal B, sem ætlað er að renna stoðum undir fjárhæðir kröfu nr. 12, barst lögmönnum vita- og hafnarmálastjórnar að kvöldi 23. apríl 1971. Fyrirsvarsmönnum vita- og hafnarmálastjórnar, sem voru gagnkunnugir verkinu, bar þá þegar að hefjast handa um könnun á fylgiskjali B, ef þeir hugðust hnekkja því. Þá gaf ákvörðun gerðardómsmanna frá 4. maí 1971, sem áður er rakin, fyrirsvarsmönnum vita- og hafnarmálastjórnar sérstaka vísbendingu um, að þörf væri á rökstuddri gagnrýni á fylgiskjali B. Þrátt fyrir þetta lét vita- og hafnarmálastjórn ekki hefjast handa um könnun á fylgiskjali B eða bókhaldi gagnáfrýjenda, sem hér skiptir máli, meðan málið var rekið fyrir gerðardóminum. Á fundi lögmanna aðilja og gerðardómsmanna 19. maí 1971, þegar ákveðið var um skilatíma sókna og varna í samræmi við ákvæði F og G liða VIII. gr. verksviðslýsingarinnar, mátti lögmönnum vita- og hafnarmálastjórnar vera ljóst, að gerðardómsmenn hugðust taka málið til úrskurðar að fengnum sóknum og vörnum. Ef lögmenn vita- og hafnarmálastjórnar töldu sig þá þurfa aukinn frest til könnunar á bókhaldi og reikningum gagnáfrýjenda, bar þeim að óska sérstaklega ákveðins frests í því skyni og krefjast úrskurðar gerðardómsins um atriðið, en frestun málsins mundi hafa leitt til þess, að afla hefði orðið samþykkis gerðardómsstofnunarinnar, sbr. 23. gr. reglna hennar. Verður ekki talið, að fyrirvarar þeir og áskilnaðir, sem fram komu

af hendi vita- og hafnarmálastjórnar, hafi verið fullnægjandi, eins og hér stóð á, ef hún hugðist síðar bera fyrir sig, að henni hefði eigi verið veitt viðhlítandi aðstaða til að kanna fylgiskjal B og reikninga gagnfrýjenda. Það var mat meiri hluta gerðardómsmanna, að þessarar endurskoðunar væri ekki þörf, og beindu þeir því eigi tilmælum til málsaðilja um frekari endurskoðun, þótt þeir við úrlausn á kröfu nr. 12 hefðu hliðsjón af fylgiskjali B. Það mat verður að telja innan valdsviðs gerðardómsins.

Aðaláfrýjandi hefur ekki, eftir að gerðin var upp sögð, látið fara fram endurskoðun og könnun á fylgiskjali B, undirstöðugögnum þess né reikningsfærslu gagnáfrýjenda.

Þegar til alls þessa er litið og rekstrar málsins í heild fyrir gerðardóminum, verður eigi talið, að við málsmeðferðina hafi verið brotin sú grundvallarregla, að aðiljar máls skuli eiga kost á aðstöðu til að kanna málsskjöl fyrir dómi og hafa tækifæri til að koma fram með rökstudda gagnrýni á þeim, en samkvæmt íslenskum réttarreglum verður málsmeðferð fyrir gerðardómi að vera verulega áfátt, til þess að hún valdi ógildingu gerðar.

IV.

Aðaláfrýjendur hafa fært fram, að á gerðinni séu ýmsir annmarkar, bæði að því er varðar form og efni, sem valda eigi ógildingu hennar. Mjög skorti á, að forsendur gerðarinnar séu það ítarlegar sem nauðsyn krefji og þar skorti rökstuðning. Þá byggist ýmsar úrlausnir gerðarinnar á ólögmætum sjónarmiðum.

Fallast má á þær niðurstöður héraðsdóms, að eigi séu á gerðinni þeir formgallar, er varði ógildingu hennar, og að eigi sé leitt í ljós, að úrlausnir gerðardómsmanna séu reistar á ólögmætum sjónarmiðum.

V.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, skyldu greiðslur samkvæmt verksamningi vita- og hafnarmálastjórnar og gagnáfrýjenda inntar af hendi í íslenskum krónum. Samkvæmt samningum

skyldu 40% af samningsfjárhæðinni vera háð gengisbreytingum (fluctuations in the rate of exchange) og við það miðað, að eitt vestur-þýskt mark jafngilti 10.75 íslenskum krónum. Fyrir gerðardóminum gerðu gagnáfrýjendur kröfur sínar í vestur-þýskum mörkum. Í verksviðslýsingunni er m. a. lögð sú spurning til úrlausnar fyrir gerðardómsmenn, í hvaða gjaldmiðli skyldi greiða bætur. Gerðardómsmenn úrskurðuðu, að vita- og hafnarmálastjórn skyldi greiða gagnáfrýjendum íslenskrar krónur 149.455.000.00, en tóku fram, að fjárhæð þessari bæri „að breyta samkvæmt hverskyns gengislækkun, sem verða kynni, áður en hún er greidd", eða eins og segir í hinum enska texta gerðarinnar „This sum should be readjusted by any devaluation which might occur prior to its payment". Með hliðsjón af ákvæðum verksamningsins og verksviðslýsingarinnar var gerðardómsmönnum rétt að taka afstöðu til þess, í hvaða gjaldmiðli bætur skyldu greiddar og hvort þær, ef til kæmi, skyldu háðar gengisbreytingum. Orðalag gerðarinnar að þessu leyti er að vísu eigi skýrt, en telja verður dómstólum heimilt að skýra það. Þykja gallar á gerðinni að þessu leyti eigi það veigamiklir, að varðað geti ógildingu hennar. Þá verður eigi talið, eins og atvikum er háttað, að ákvæði 1. gr. laga nr. 71/1966 standi því í vegi, að dæmdar bætur séu háðar gengisbreytingum.

VI.

Samkvæmt framangreindu verður eigi talið, að gerð sú, sem um er fjallað í málinu, sé háð slíkum réttarfarslegum eða efnislegum annmörkum, að varðað geti ógildingu hennar. Verður gerðin því lögð til grundvallar dómi í málinu. Að því er gengisákvæði varðar, þykir verða að skýra ákvæði gerðarinnar svo, að þar sé einungis átt við þær gengisbreytingar gagnvart vestur-þýsku marki, sem leiða af breytingum á stofngengi (pari) íslensks gjaldmiðils og hliðstæðum gengisbreytingum, ákveðnum af íslenskum stjórnvöldum, sbr. 18. gr. laga nr. 10/1961, eins og greininni hefur verið breytt með lögum nr. 20/1962 og lögum nr. 103/1973. Gagnáfrýjendur hafa krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, og verður aðal-

áfrýjanda því eigi dæmt að greiða þeim hærri fjárhæð en í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjendum kr. 149.455.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags. Dómskuldin skal breytast í samræmi við þær breytingar á gengi íslenskrar krónu, sem verða vegna breytinga á stofngengi hennar og hliðstæðra ráðstafana íslenskra stjórnvalda á tímabilinu frá 8. júlí 1971 til greiðsludags. Dómskuldin þannig reiknuð skal þó eigi nema hærri fjárhæð en svarar til þeirra breytinga, sem orðið hafa á gengi íslenskrar krónu gagnvart vestur-þýsku marki á tímabilinu frá 8. júlí 1971 til greiðsludags, miðað við sölugengi í Reykjavík.

Eftir málavöxtum öllum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

VII.

Það athugast, að eigi er rétt, að vita- og hafnarmálastjóri sé aðili máls við hlið samgönguráðherra, sem er æðra stjórnvald í sömu stjórngrein. Þá athugast, að af hálfu beggja málsaðilja gætir nokkuð skriflegs málflutnings.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjendum, Hochtief A/G og Véltækni h/f, kr. 149.455.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags. Fjárhæð þessi skal breytast í samræmi við þær breytingar á gengi íslenskrar krónu, sem verða vegna breytinga á stofngengi hennar og hliðstæðra ráðstafana íslenskra stjórnvalda á tímabilinu frá 8. júlí 1971 til greiðsludags. Dómskuldin þannig reiknuð skal þó eigi nema hærri fjárhæð en svarar til þeirra breytinga, sem orðið hafa á gengi íslenskrar krónu gagnvart vestur-

þýsku marki á tímabilinu frá 8. júlí 1971 til greiðsludags, miðað við sölugengi í Reykjavík.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og Björns Sveinbjörnssonar.

Um kröfugerð vísast til atkvæðis meiri hluta dómenda. Við erum sammála því, er greinir í I í því atkvæði um sakarlýsingu, skjöl og skjalaþýðingar svo og um aðdraganda málsins og lýsingu á ágreiningsefni málsaðilja.

I.

Á fundi þeim, sem haldinn var í Washington 4. og 5. apríl 1971 með gerðardómsmönnum og lögmönnum málsaðilja, virðist hafa risið ágreiningur milli lögmanna um það, hvenær endanlegar greinargerðir og gögn með kröfum þyrftu að koma fram í síðasta lagi. Sættust lögmenn á það, svo sem greinir í VIII, B í verksviðslýsingu, að „innan rímilegs tíma, áður en að málflutningi kemur, ber aðiljum að hafa afhent endanlegar greinargerðir um málsstað hvors um sig ásamt öllum gögnum og upplýsingum, sem við er stuðst ...“

Fylgiskjal B, sem málsaðilja greinir mjög á um, var afhent lögmönnum aðaláfrýjanda að kveldi 23. apríl 1971. Um efni þess vísast til héraðsdóms (kafla 2.9), en fylgiskjali þessu var ætlað að renna stoðum undir kröfu 12, sem gagnáfrýjendur settu fram hinn 19. desember 1969. Fylgiskjal þetta er ríflega 400 bls., þéttritað með bókfærslutölum úr vélfærðu bókhaldi Hochtief A/G, og skyldi það sýna heildarkostnað af mannvirkjagerðinni í Straumsvík eftir 17. maí 1968 til verkloka. Eru þar m. a. tilfærðar fjárhæðir, sem gagnáfrýjandinn Hochtief A/G telur eiga að koma hér undir, svo sem áætlaður hagnaður af verkinu og kostnaður vegna hlutdeildar í yfirstjórn í aðalstöðvum fyrirtækisins o. fl. Þá eru þar greindar innborganir vita- og hafnarmálastjórnar á sama tíma. Engin undirstöðugögn fylgdu skjali þessu.

Lögmenn aðaláfrýjanda kröfðust þegar í stað frests á fyrirhuguðu þinghaldi til vitnaleiðslu, er hefjast skyldi í New York hinn 4. maí, með því að þeim væri nauðsynlegt að láta fram fara rækilega könnun á skjalinu, þar sem það yrði brotið til mergjar af sérfróðum mönnum. Án slíkrar allsherjar rannsóknar töldu þeir sér eigi fært að spyrja vitni, sem leiða átti, m. a. út af þessu skjali, né halda uppi rökstuddum málflutningi út af því. Er erindi lögmanna aðaláfrýjanda til gerðardóms frá 25. apríl 1971 tekið að mestu upp í héraðsdóm. Meiri hluti gerðardómsmanna hafnaði þessari kröfu 27. apríl s. á. Lögmenn aðaláfrýjanda undirrituðu 30. apríl 1971 greinargerð sína til gerðardóms, er þeim bar að skila samkvæmt verksviðslýsingu. Í greinargerðinni eru settar fram ýmsar efnislegar athugasemdir við fylgiskjal B, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Jafnframt héldu lögmenn aðaláfrýjanda til streitu ósk sinni um frest til að kanna það skjal og gagnrýna það á grundvelli slíkrar könnunar. Um þetta atriði var sérstaklega fjallað fyrir gerðardóminum 4. maí 1971. Gerðu lögmenn beggja aðilja þá grein fyrir afstöðu sinni til framangreindrar kröfu aðaláfrýjanda um frest og reifuðu sjónarmið sín og lagarök. Gerðardómsmenn spurðu og lögmennina nánar um ýmis atriði, sem vörðuðu kröfu þessa samkvæmt því, er greinir í endurriti úr þinghaldi þessu. Staðhæfði lögmaður gagnáfrýjenda fyrir gerðardómi þennan dag, að bókhaldið og reikningsfylgiskjölin hefðu ávallt verið tiltæk til athugunar fyrir aðaláfrýjanda og þau væru enn tiltæk. Síðan sagði hann: „En tímans vegna, og með tilliti til þeirra tímatakmarkana, sem fyrir okkur munu verða (svo), þegar þinghaldinu lýkur, þá mundi (svo) ég leggja til, að óháð endurskoðun, ef hún telst nauðsynleg, og ef varnaraðili (þ. e. aðaláfrýjandi) óskar eftir henni, verði undirbúin og framkvæmd nú þegar . . .“ Enn fremur fórust lögmanninum svo orð: „Það er tillaga mín, að þetta verði framkvæmt við fyrstu hentugleika, ef það telst nauðsynlegt, þannig að unnt sé að ljúka því svo tímanlega, að þessi gerðardómur geti tekið tillit til þess við endanlegar yfirveganir sínar“. Í málflutningi lögmanns aðaláfrýjanda fyrir gerðardóminum sama dag fylgir

hann enn eftir kröfu um frestun í því skyni að láta framkvæma rannsókn á fylgiskjali B. Bendir hann á, að lögmenn aðaláfrýjanda hafi búist við því, er þeir samþykktu málsmeðferð, m. a. VIII B í verksviðslýsingu, að gögn þau, er gagnáfrýjendur legðu fram, væru gleggri til yfirlits en fylgiskjal B reyndist vera, og með því sniði, sem hann taldi venjulegt í slíkum viðskiptum. Lögmaðurinn ítrekaði enn fremur ýmsar efnislegar athugasemdir við fylgiskjal B. Hann skýrði það og nánar, hvað fólgið væri í þeirri endurskoðun, sem aðaláfrýjandi átti við. Um það segir m. a. svo í endurriti af þinghaldinu: „Við eigum ekki einungis við það, að bera þurfi saman, að þessar tölur séu réttar. Það er að brjóta niður tölurnar, sem er vandamálið og að fá fram það, sem við mundum kalla sæmilega lýsingu á kostnaðarliðunum. Það eru ýmsir liðir, til dæmis vinnuvélar verktakans sjálfs á hærri töxtum. Svona liður mundi augljóslega þurfa mjög náinnar athugunar við. Það er þetta, sem við höldum, að muni taka mjög verulegan tíma fyrir endurskoðanda að framkvæma og síðan fyrir okkur að athuga niðurstöður af verki endurskoðandans". Í þessari málsreifun kom fram, að lögmaður aðaláfrýjanda gat ekki sætt sig við, að hin umrædda endurskoðun tæki aðeins til tímabilsins eftir 17. maí 1968, heldur ætti hún að ná til verksins alls. Skiptar skoðanir voru um það hjá lögmönnum aðilja, hversu langan tíma þessi endurskoðun mundi að öllum líkindum taka, og sýnist það hafa skipt verulegu máli í því efni, að lögmenn lögðu mismunandi skilning í hugtakið endurskoðun í þessu sambandi.

Er lögmenn höfðu reifað og rætt þessa kröfu, þinguðu gerðardómsmenn sín á milli um þennan þátt málsins. Var það niðurstaða þeirra, að málinu skyldi haldið áfram. Meginatriðin í afstöðu gerðardómsins koma fram í þessum orðum formælanda dómsins: „Við teljum ekki, að viðeigandi væri að gefa öðrum hvorum aðilanna fyrirmæli um að framkvæma endurskoðun. Við teljum, að ef deila verði um fjárhæð tjónsins, þá ætti varnaraðili að sýna fram á, eins og hann hefir bent á í dag, til dæmis að færsla í sambandi við vátryggingar sé vafasöm eða að færsla í sambandi við áætlan ... fastakostn-

að sé vafasöm, að á grundvelli gerðra krafna og framlagðra sannana ætti hnan að bera fram sérstök mótmæli og síðan, ef gerðarmennirnir ákveða, að í slíku tilfelli ætti endurskoðun, hvort sem er til fulls eða að einhverju takmörkuðu leyti, að fara fram, þá mundum við mæla svo fyrir, að við mundum verða að fresta málinu, þar til árangur slíkrar endurskoðunar hefði verið lagður fyrir okkur, þannig að við gætum komist að skynsamlegri niðurstöðu".

Hinn 10. maí 1971 áréttaði lögmaður aðaláfrýjanda það viðhorf sitt, að „ákvörðun hafi verið frestað um þetta kostnaðarmál". Síðar kveður hann svo að orði: „Við erum ekki í aðstöðu til að yfirheyra neitt vitni um þetta kostnaðarskjal vegna þess, eins og við höfum sagt, og ég óska ekki að endurtaka það, að það er hvorki hæft til skilnings né heldur höfum við haft nægilegan tíma til að reyna að skilja það, og þess vegna verðum við að mótmæla því mjög eindregið, að nokkurt vitni beri nokkuð í sambandi við þetta skjal, þar sem okkur er einfaldlega engin leið að vita, hvort framburður þess er réttur eða rangur, eða að kanna hann með samanburði eða spyrja út frá honum, nema sú rannsóknaraðgerð, sem við nefndum í byrjun þessa gerðardómsmáls verði framkvæmd". Þessa athugasemd tók gerðardómurinn til sérstakrar úrlausnar. Var það niðurstaða hans, að þinghaldi skyldi fram haldið og vitni yfirheyrð, en lögmaður aðaláfrýjanda gæti, ef hann óskaði, áskilið sér rétt „til að gagnspyrja hvaða vitni sem er, hvort heldur nú eða á síðara stigi málsins . . ." Setti lögmaðurinn þegar fram slíkan áskilnað um rétt sinn „til að gagnspyrja eftir að fullkomin rannsókn á reikningunum hefir átt sér stað, sem gæti, eins og ég segi, tekið nokkra mánuði".

Eftir að vitnið Günther Kaltenborn hafði verið yfirheyrt um málavexti, er bókað svo eftir lögmanni aðaláfrýjanda: „. . . við höfum verið settir í verulega erfiða aðstöðu . . . varðandi þessa reikninga. Einhverjar tölur hafa verið gefnar upp, sem við höfum einfaldlega ekki haft neitt tækifæri til þess að kanna".

Lögmaður aðaláfrýjanda áréttaði framangreindan áskilnað í þinghaldi 14. maí 1971, og í vörn lögmanna aðaláfrýj-

anda 9. júní s. á. héldu þeir enn fast við áskilnað sinn um að láta rannsaka reikningana fyrir allan samningstímann og gagnspyrja bókhaldssérfræðing gagnáfrýjanda, ef fylgiskjal B yrði talið hafa nokkurt gildi í málinu.

II.

Bókanir þær um afstöðu gerðardóms 4. og 10. maí 1971 til kröfu aðaláfrýjanda um frest til könnunar á fylgiskjali B eru hvergi nærri skýrar. Er nærlægast að skýra þær svo, að gerðardómurinn hafi ætlað sér að meta þetta úrlausnarefni síðar og mæla fyrir um hina svonefndu endurskoðun, ef til kæmi, og veita þá frest í því skyni. Samkvæmt gögnum máls er eigi sýnilegt, að fullnaðarafstaða hafi verið tekin til þessa máls við lok þinghalda 19. maí 1971.

Að þessu atriði er ekki vikið í úrskurði gerðardómsins frá 8. júlí 1971, svo sem þó hefði mátt vænta, en þar er byggt á fylgiskjali B, þótt ekki sé öll fjárhæð þess tekin til greina. Um þetta fylgiskjal sérstaklega segir svo í úrskurði gerðardóms: „Við höfum hlýtt á framburð þess manns, sem færði bækurnar frá 1. júní 1968, og við teljum þær sýna nákvæmlega hinn beina kostnað verktaka af verkinu frá þeim degi að telja. En þó dæmum við ekki alla þá upphæð, sem eftir er leitað. Við teljum, að í byrjun hafi verið um að ræða vanhöld af hálfu verktakans við væðingu til verksins og stjórn þess fyrsta kastið, og auk þess er okkur ljóst, að endurskoðun á bókhaldinu hefur ekki átt sér stað. Af þessum ástæðum munum við ekki dæma nema um tvo þriðju hluta upphæðarinnar, sem krafist er, og þá að sjálfsögðu að frádregnum öllum fjárhæðum, er verktaka hefur (svo) þegar verið greiddar. Við erum sannfærðir um, að um skaða var að ræða, og þó að þessi upphæð bæti verktaka hann væntanlega ekki að fullu, er það skoðun okkar, að hinar tildæmdu bætur, eins og þær hafa verið ákveðnar, feli í sér einu rökréttu og sanngjörnu leiðina til lagfæringar. Með vísan til þessa úrskurðum við verktakanum ísl. kr. 136.600.000“.

Um forsendur úrskurðarins að öðru leyti, að því er varðar fylgiskjal B, vísast til héraðsdóms.

III.

Úrlausn gerðardóms um framangreinda kröfu gagnáfrýjenda, þ. e. kröfu 12, fylgiskjal B, er fáorð og næsta almenns efnis. Er þar ekki vikið að neinum sérgreindum atriðum í fylgiskjali B, þ. á m. eigi að þeim atriðum, sem aðaláfrýjandi gagnrýndi sérstaklega við meðferð málsins. Krafa þessi var meginkrafa málsins, að því er fjárhæð varðar. Með vísan til þess, er fyrr greinir um endurrit úr þinghöldum gerðardóms 4. og 10. maí 1971, þykja lögmenn aðaláfrýjanda hafa mátt skilja yfirlýsingar gerðardómsmanna svo, að gerðardómsmenn hefðu eigi tekið fullnaðarafstöðu til kröfu aðilja um frest til könnunar á fylgiskjali B. Var sá skilningur eðlilegur frá sjónarmiði lögmanna aðaláfrýjanda, að í yfirlýsingum gerðardómsmanna fælist, að þeir mundu af sjálfsdáðum taka þetta atriði til úrlausnar á lokastigi máls í ljósi þess, er fram kom við þinghöldin 4.—19. maí í New York og í sóknar- og varnarskjölum málsaðilja í júnímánuði. Að vísu hefði verið varlegra af lögmönnum aðaláfrýjanda að krefjast sérstaks úrskurðar gerðardómsmanna um þetta efni í lok þinghaldsins 19. maí, en áskilnaður þeirra og allur málflutningur sýndi fullvel, að þeir héldu kröfu sinni um frestun til könnunar fylgiskjals B til streitu og höfðu á engan hátt horfið frá henni.

Með því að gerðardómsmenn tóku málið til meðferðar m. a. á grundvelli fylgiskjals B, er sýnt, að þeir hafa hafnað að fullu kröfu aðaláfrýjanda um frest til könnunar skjals þessa. Er þá athugunarefni, hvort þetta hefur verið röng úrlausn, er varði því, að gerðardómsúrskurður teljist eigi bindandi fyrir aðaláfrýjanda.

Í II. hluta, 75. gr. verksamnings málsaðilja, sem undirritaður var 7. og 19. apríl 1967, segir svo: „Eftir því sem við verður komið, ber að túlka samning þennan samkvæmt samningsgögnum þessum og að öðru leyti ákvarðast bygging, túlkun, beiting, svo og gildi gagna þessara samkvæmt íslenskum lögum". Í 67. gr. verksamningsins skuldbinda aðiljar sig til að leggja í gerð allan ágreining milli þeirra „í sambandi við eða út af verksamningnum eða framkvæmd verksins",

og skyldi gerð hlíta reglum gerðardómsstofnunar Alþjóðaverslunarráðsins (ICC). Í 16. gr. reglna Alþjóðaverslunarráðsins um gerðardóma segir, að málsmeðferð fyrir gerðardómi á vegum stofnunarinnar hlíti reglum þeim, er stofnunin hafi um þá sett, en þar sem reglur þessar nái ekki til, gildi „ákvæði þeirra réttarfarslaga, er aðilar hafa valið, eða ef um slíkt val er ekki að ræða, ákvæði laganna í því landi, þar sem gerðarmaður þingar í málinu". Samkvæmt verksviðslýsingu skyldi Reykjavík teljast varnarþing málsins, og hafa málsaðiljar verið á einu máli um, að reglur íslensks réttar gildi um málsmeðferðina að svo miklu leyti sem reglur Alþjóðaverslunarráðsins eða ákvæði verksviðslýsingar mæli eigi annan veg. Verður þetta lagt til grundvallar dómi í málinu.

Það er grundvallarregla íslensks réttar, að veita skuli málsaðilja, hvort sem er fyrir dómstóli eða gerðardómi, kost á að tjá sig um hvert það málsskjal, sem fram er lagt. Fylgiskjal B var afhent lögmönnum aðaláfrýjanda 11 dögum, áður en þinghald skyldi hefjast í New York. Skjal þetta er umfangsmikið og varðar háar fjarlægðir, enda helsti uppistöðuþáttur í kröfugerð gagnáfrýjenda á hendur aðaláfrýjanda fyrir gerðardóminum. Því er áður lýst, að engin undirstöðugögn fylgdu skjali þessu. Samkvæmt þeim gögnum, sem liggja fyrir Hæstarétti, er eigi sýnt, að af hálfu gagnáfrýjanda hafi neinar sjálfstæðar skýringar, sem að verulegu haldi komu, verið settar fram um einstakar fjárhæðir samkvæmt fylgiskjali B, áður en þinghaldið 4. maí 1971 hófst, en nauðsyn bar til nokkurrar reifunar á skjali þessu þegar á því stigi. Olli þetta því, að fyrirsvarsmönnum aðaláfrýjanda var örðugra en ella hefði verið að brjóta þetta skjal til mergjar. Forráðamenn aðaláfrýjanda voru að vísu gerkunnugir því verki, sem hér um ræðir, og þeir höfðu fengið í hendur kröfu 12 hinn 19. desember 1969. Á hitt er að líta, að þótt lögmenn aðaláfrýjanda hefðu hafist handa um að láta framkvæma rækilega könnun á fylgiskjali B, þegar eftir að þeim barst það, hefur það líkur gegn sér, að könnun, sem að gagni hefði komið, hefði verið lokið fyrir 4. maí 1971, enda varðar skjalið

flókin verkfræðileg atriði og þarfnast gaumgæfilegrar úrvinnslu frá tæknilegu, bókfærslulegu og lögfræðilegu sjónarmiði. Á það ber að benda í þessu sambandi, að lögmaður gagnáfrýjenda lýsti sig eftir því sem bókað er eftir honum í þinghaldi 4. maí 1971 eigi andvígan því, að svonefnd endurskoðun á fylgiskjali B færi fram, ef hún teldist nauðsynleg, og virðist hann hafa verið ásáttur um, að stuttur frestur yrði þá veittur í þessu skyni.

Þegar öll þau atriði eru virt, sem hér að framan eru rakin, verður að fallast á þau rök aðaláfrýjanda, að eigi hafi verið rétt hjá gerðardómsmönnum að hafna kröfu aðaláfrýjanda um frest til könnunar á fylgiskjali B, sem gerðardómsmenn byggðu þó á verulegu leyti í úrskurði sínum. Telja verður, að þetta hafi valdið því, að eigi varð við komið af hálfu aðaláfrýjanda að gagnspyrja vitni, og bitnaði það einnig á málflutningi af hans hálfu um fylgiskjalið. Fékk hann því eigi viðhlítandi aðstöðu til að tjá sig um þennan mikilvæga kröfuþátt. Vegna þessa annmarka á málsmeðferð fyrir gerðardóminum var aðaláfrýjanda valdið slíkum réttarspjöllum, að eigi verður hjá því komist að fallast á þá kröfu hans, að úrskurður gerðardómsins frá 8. júlí 1971, sem mál þetta fjallar um, sé eigi bindandi fyrir hann. Leiðir það til þess, að sýkna ber aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjenda í máli þessu, án þess að aðrir þeir annmarkar á úrskurði gerðardómsins og málsmeðferð fyrir gerðardómi, sem aðaláfrýjandi hefur borið fyrir sig, komi til úrlausnar.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Við erum sammála þeim athugasemdum við meðferð máls í héraði, sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Hochtief A/G og Véltækni h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. janúar 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 30. september 1971. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu dagana 23.—25. nóvember 1972, og var málið dómtekið að honum loknum. Málið var þó endurupptekið þann 8. janúar s.l., og voru þá nokkur ný gögn lögð fram í málinu, og gengið var á vettvang. Endurflutningur fór síðan fram á þeim degi og málið dómtekið á ný að honum loknum. Enn var málið endurupptekið 24. janúar 1973. Var varnaraðild málsins þá breytt að nokkru með samþykki umboðsmanna aðilja í það horf, sem nú er. Enn fremur voru lögð fram nokkur skjöl, en að því búnu var málið dómtekið.

Stefnandi máls þessa er Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður f. h. fyrirtækjanna Hochtief A/G, Essen, Vestur-Þýskalandi, og Véltækni h/f, Reykjavík.

Stefndi er vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 149.455.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins. Þá er og krafist viðurkenningar dómsins fyrir því, að framangreindri upphæð beri að breyta samkvæmt hvers kyns gengislækkun, sem verða kunni, áður en hún sé greidd. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum dómkröfunum og málskostnaðar úr hendi stefnenda að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

Taka ber fram, að mestur hluti málsskjala er á enskri tungu. Þau skjöl, sem talin voru skipta mestu máli, hafa verið þýdd og þær þýðingar verið fram lagðar í málinu. Þýðingar þessar hafa annast ýmist Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður eða Hilmar Foss, báðir löggiltir skjalaþýðendur. Í málavaxtalýsingu þeirri, sem hér fer á eftir, verður stuðst við umræddar þýðingar jöfnum höndum, án þess að þess verði getið í hverju einstöku falli. Þetta á þó ekki við um þau ákvæði verksamningsins, sem rakin eru í 2. 3. Þar er ekki um þýðingu löggilts skjalaþýðanda að ræða.

2.0.

2.1. Með verksamningi, dags. 7. apríl 1967 og undirrituðum 7. og 19. apríl sama ár, tóku stefnendur sameiginlega að sér að byggja

hafnarmannvirki í Straumsvík. Verksamningurinn var byggður á grundvelli tilboðs verktaka, útboðsgagna verkkaupa og samningsdraga. Samningsgreiðslur voru í aðalatriðum grundvallaðar á magntölum og einingarverðum, og skyldi greiða fyrir verkið eftir því sem verkinu miðaði áfram. Endanlegt tilboðsverð stefnenda í verkið var rúmlega 150 milljónir auk rúmlega 13 milljóna í formi tollendurgreiðslna.

Sjálfstætt verkfræðifyrirtæki var ráðið af hálfu verkkaupa, sem átti að sjá um hönnun verksins og eftirlit með mannvirkjagerð. Það verkfræðifyrirtæki átti enn fremur m. a. að úrskurða um atriði milli aðilja, sem upp kynnu að koma á samningstímabilinu, og voru úrskurðir þess taldir, með nokkrum undantekningum, bindandi fyrir aðiljana, á meðan á verkinu stóð.

Verkið hófst vorið 1967, og því lauk í nóvember 1969.

Á verktímanum komu upp margs konar erfiðleikar við framkvæmd verksins. Verktaki taldi ýmsa af þessum erfiðleikum gefa sér rétt til bóta og framlengingar á verktímanum. Gerði hann kröfur þar að lútandi, og úrskurðaði verkfræðifyrirtækið um þær kröfur. Verktakinn vildi ekki una niðurstöðum verkfræðifyrirtækisins að öllu leyti, og skaut hann því máli sínu til gerðardóms á vegum gerðardómsstofnunar Alþjóðaverslunarráðsins (ICC) í París með beiðni 6. júlí 1970, en verksamningurinn gerði einmitt ráð fyrir slíkri meðferð deilumála.

Umrædd gerðardómsstofnun veitir ýmsar fyrirgreiðslur og setur starfsreglur án þess þó að hafa bein afskipti af störfum gerðarmanna við úrlausn gerðarmála.

Kröfugerð verktakans fyrir gerðardóminum voru annars vegar bætur (og einnig að skilafrestur yrði veittur) út af tilteknum afmörkuðum atburðum, sem taldir voru hafa gerst fyrir 17. maí 1968. Hins vegar setti verktaki fram kröfu um, að greiddur yrði allur kostnaður við framkvæmd verksins frá 17. maí 1968 til verkloka (svonefnd krafa nr. 12), og var sú krafa langstærst. Einnig í þessu tilviki var gerð krafa um skilafrest á verkinu. Verktaki setti fram varakröfu við kröfu nr. 12 (í 8 liðum), og var varakrafan í því tilviki byggð á kostnaði vegna tiltekinna atburða, sem sagðir voru hafa átt sér stað eftir 17. maí 1968 (hér eftir nefnd varakrafa 12).

Gerðardóm í málinu skipuðu þrír menn, einn tilnefndur af hvorum aðilja og einn sameiginlega. Gerðarmenn héldu fyrst óformlegan fund með umboðsmönnum aðilja í Lissabon, Portúgal, 8.—9. mars 1971, og var þá rætt um fyrirhugaða meðferð málsins og

fleiri atriði. Annar fundur var haldinn í Washington D.C. 4.—5. apríl 1971. Varð þá samkomulag milli aðilja um svonefnda verksviðslýsingu, en hún hefur m. a. að geyma stutta lýsingu á deiluatriðum aðilja og nokkur atriði um meðferð málsins. Í verksviðslýsingu þessari er gengið út frá því, að unnt yrði að þinga í málinu frá og með 3. maí 1971 og að gögnum og fyrstu greinargerðum yrði skilað, hæfilega löngu áður en málflutningur hæfist.

Þingað var í málinu 4.—19. maí 1971 í New York, Bandaríkjunum. Fóru þá m. a. fram vitnaleiðslur, og lögð voru fram gögn og greinargerðir. Skriflegur málflutningur fór síðan fram 7.—9. júní 1971 og aftur viku síðar. Skiptust aðiljar þá á sóknar- og varnarskjölum.

Gerðardómurinn var kveðinn upp í byrjun júlí 1971, og samkvæmt honum var verkkaupa m. a. gert að greiða verktaka tæpar 150 milljónir króna. Einn gerðarmanna skilaði sératkvæði. Niðurstaða hans var í verulegum atriðum frábrugðin niðurstöðum meiri hlutans. Verður ekki fjallað frekar um það sérálit í máli þessu.

Hér fyrir dómi gera stefnendur kröfu í samræmi við niðurstöður gerðardómsins. Stefndi telur, að gerðardómurinn sé ógildur og ekki þannig vaxinn, að unnt sé að veita honum aðfararhæfi hér á landi. Er þetta tilefni deilumáls þess, sem rekið er hér fyrir dómi.

2.2. Straumsvíkurhöfn er byggð samkvæmt ákvæðum hafnar- og lóðarsamnings frá 28. júlí 1966 milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Íslenska Álfélagsins h/f. Ákvæði þessi kveða svo á, að Hafnarfjarðarkaupstaður skuli byggja og reka höfnina, en Íslenska Álfélagið h/f hafa forgang varðandi afnot hennar, eftir því sem til þurfi vegna flutninga að og frá álbræðslu félagsins, sem þar er. Einnig eru ákvæði um það, hvenær byggingu hafnarinnar skyldi það langt komið, að unnt verði að afferma skip við hana, og hvenær henni eigi að vera að fullu lokið. Kveðið er á um það, að Íslenska Álfélagið h/f skuli endurgreiða byggingarkostnað hafnarinnar á 15 árum, en vera þess í stað laust undan vörugjöldum í höfninni í 25 ár. Vita- og hafnarmálaskrifstofan skyldi standa fyrir framkvæmdum við byggingu hafnarinnar f. h. Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Fyrirtækinu Christiani og Nielsen A/S í Kaupmannahöfn, Danmörku, var falin hönnun og eftirlit með framkvæmdum, en ásamt þessu fyrirtæki starfaði verkfræðifyrirtækið Fjarhitun í Reykjavík, sem annaðist eftirlit á staðnum undir stjórn Péturs Guðmundssonar verkfræðings.

Í greinargerð stefnda kemur fram, að verkið hafi verið hannað sumarið 1966. Útboðsgögn hafi verið send út í október sama ár, en umrætt fyrirtæki, Christiani og Nielsen A/S, hafi einnig gengið frá útboðsgögnum í samráði við byggingarnefnd hafnarinnar. Útboðsgögn þessi voru m. a. byggð á samningsformi Alþjóðasambands verkfræðinga (FIDIC), og var gert ráð fyrir einingarverðum, en endanleg verklaun greiddust að mestu á grundvelli mælds magns og þessara tilboðsverða, jafnóðum og verkinu vatt fram.

Tilboðin í Straumsvíkurhöfn voru opnuð 7. janúar 1967. Fyrirtækin Hochtief A/G, Essen, og Véltækni h/f, Reykjavík, þ. e. stefnendur máls þessa, buðu sameiginlega í verkið og voru taldir lægstbjóðendur. Tilboð verktakans er grundvallað á útboðsgögnum, sem verkkaupi hafði látið útbúa. Jafnframt kemur fram í tilboði verktakans, að verktakinn hafði kynnt sér aðstæður á vettvangi.

Gengið var frá samningum við fyrirtækin 7. apríl 1967, og skyldi verkið hefjast þá um vorið. Verktími var áætlaður um tvö ár, en lengd verktíma var raunar umdeildur. Rétt er að geta þess hér, að stefnendur, fyrirtækin Hotchtief A/G og Véltækni h/f, hættu öllu samstarfi og gerðu skuldaskil með samningi, dags. 7. og 14. júní 1968. Samningur þessi hefur verið lagður fram í málinu, en ekki gafst tími til að þýða hann. Til skýringar þykir rétt að rekja hér kafla úr samningi þessum, eins og hann hljóðar á enskri tungu:

„WHERES Hochtief and Veltaekni have entered into an agreement of the joint preparation and submission of a tender for the Straumsvík Harbour Project and WHEREAS the Harbour and Lighthouse Administration of Iceland has accepted such tender and entered into a contract with Hochtief and Veltaekni of the execution of the works related to the Straumsvik Harbour dated 7-4-1967 and WHEREAS Hochtief and Veltaekni have entered into a Joint Venture Agreement dated 10th May, 1967 providing inter alia for a participation in profit and loss by Hochtief of 80% and Veltaekni of 20% (Clause II of the Joint Venture Agreement) and further that none of the parties can terminate the Joint Venture Agreement unless all rights and obligations arising from the Agreement are terminated (Clause X of the Joint Venture Agreement) and WHEREAS during the progress of works Veltaekni asked by letter dated 3rd April 1968 to withdraw their partnership in the Joint Venture „according to special circumstances" which are solely due to Veltaekni's own business transactions and WHEREAS Hochrief will perform the execution of the works for

the Straumsvík Harbour by itself and WHEREAS Hochtief declared in a meeting of 9th May 1968 its readiness to release Veltaekni from the Joint Venture with effect from 15th May 1968 on a friendly and amicable basis and WHEREAS the balance of the Joint Venture prepared as per 31-3-1968 shows a loss of Is. Kr. 31.691.902.80 out of which 20% equal to Is. Kr. 6.338.380.56 are the 20% share of Veltaekni and are payable by Veltaekni to Hochtief and it is anticipated that a balance as per 31st May 1968 will show an amount of approximately the same figure payable by Veltaekni to Hochtief.

Taking into account the actual financial situation of Veltaekni, Hochtief and Veltaekni agree as follows:

Clause I — The Joint Venture shall be terminated with effect from 15th May 1968 on. The termination of the Joint Venture Agreement dated May 10th 1967 shall be subject to and conditioned by the fulfillment of the obligations and undertakings assumed by Veltaekni under the present agreement.

Clause II — Despite of the terms of the Joint Venture Agreement dated May 10th 1967 Veltaekni shall not participate in the loss incurred in the performance of the works of the Joint Venture. Participation in future profit if any shall be excluded likewise . . .

Clause IX — Veltaekni assigns and transfers to Hochtief all rights and claims arisen or further arising out of the contract with the Harbour and Lighthouse Administration of Iceland dated 7-4-67 on the execution of the works for the Straumsvik Harbour and all further contracts, sub-contracts, agreements whatsoever entered into by the Joint Venture Hochtief Veltaekni with other parties in relation to or in connection with the aforesaid contract dated 7-4-1967. Veltaekni expressively renounces and waives its rights and claims out of or in connection with the aforementioned contracts, sub-contracts and agreements whatsoever of Joint Venture Hochtief-Veltaekni."

Þá gerðu stefnendur annan samning sín á milli 23. febrúar 1970. Samningur þessi varpar nokkru ljósi á það, hvers vegna Véltækni h/f var enn aðili að gerðarmálinu þrátt fyrir áðurnefnd skuldaskil milli stefnenda. Því þykir rétt að rekja hér nokkurn hluta samningsins, sem raunar einnig liggur hér fyrir í málinu aðeins á enskri tungu:

„. . .

ARTICLE 1 The Agreement of the Resolution of the Joint Venture Hochtief — Veltaekni Straumsvik Harbour Contruction dated

June 7th/14th 1968 shall have effect amongst the Parties hereto despite the fact the Harbour and Lighthouse Administration of Iceland has not given the agreements provided under Clause XI of the aforesaid Agreement.

ARTICLE 2 In respect of the relations to the Harbour and Lighthouse Administration of Iceland and/or other Third Parties Hochtief shall be entitled to conduct all and every business alone but using further the name „Joint Venture Hochtief — Veltaekni Straumsvik Harbour Construction" or in short „Joint Venture Hochtief — Veltaekni" as far as matters arising out of or connected with the performance of the Constract for the Straumsvik Harbour Construction are concerned.

ARTICLE 3 The Parties expressively agree that result of any action, claim or other performance of Hochtief in the continuation of the Works or related thereto since the resolution of the Joint Venture with effect from May 15th, 1968 shall be due internally only to Hochtief and Veltaekni renounces any and every right, claim or title thereto and further declares to be not more entitled to any right, claim or demand of whatsoever with the Joint Venture of the Straumsvik Harbour Construction or its resolution or the works or otherwise in connection with the performance of the Straumsvik Harbour Contract.

. . ."

Verk það, sem hér um ræðir, er nánar tiltekið bygging hafnarmannvirkja í Straumsvíkurhöfn, skammt sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar. Meginhluti mannvirkisins er 350 metra langur varnargarður úr hraunfyllingu með grjótvörn að utan. Innan á varnargarðinn skyldi gerður 260 metra langur steinsteyptur hafnarbakki (viðlegukantur). Þessi hafnarbakki skyldi þannig gerður: Neðansjávar átti að gera sléttan og traustan botn á fyrirfram afmörkuðu svæði á tæplega 13 metra dýpi miðað við stórstraumsfjöruborð. Síðan skyldi fleyta þangað sívölum steyptum kerjum, 20 talsins, og sökkva þeim niður á botninn, þannig að þau mynduðu beina röð við viðleguplássið og beygi síðan og loki bryggjuhausnum. Ker þessi átti verktaki að steypa í sérstökum slipp, þannig að gerð þeirra var að mestu óháð öðrum verkþáttum. Því næst átti að fylla kerin með jarðvegi (möl) og tengja þau saman, en steypa síðan ofan á þau bryggjugólf. Breidd hafnargarðsins að ofan skyldi vera um 40 metrar frá viðlegukanti að grjótvörn.

Í tilboði verktaka fólst einnig ýmis frágangur og lagnir á bakkanum. Enn fremur átti að jafna land milli hafnarmannvirkis og

álbræðslumannvirkjanna. Loks átti tilboðsgjafi að annast dýpkunnarframkvæmdir í höfninni.

2.3. Eins og áður er minnst á, var umræddur verksamningur byggður á samningsformi Alþjóðasambands verkfræðinga. Samningur þessi er umfangsmikill. Í dómi þessum þykir aðeins fært að rekja þau ákvæði samningsins, sem helst reyndi á síðar í málinu. Fara þau hér á eftir í lauslegri þýðingu:

„12. Ganga skal út frá því, að verksali hafi, áður en hann gerði tilboð sitt, sannfært sig um, að tilboð hans í verkið sé rétt og fullnægjandi og sömuleiðis einingarverð og önnur verð, sem fram eru sett í magnsundurliðunarskrá og verðskrá (ef nokkur er), en þau einingarverð og önnur verð, er þar eru, skulu, nema annað sé tekið fram í samningi, bæta honum upp kostnað af öllum skyldum hans samkvæmt samningnum og af öllum hlutum og efnum, sem nauðsynleg eru til þess að ljúka og halda verkinu við af vandvirkni. Komi samt sem áður í ljós, meðan á framkvæmd verksins stendur, ófyrirséðar tálmanir á vinnustað eða utanaðkomandi hindranir, sem með sanngirni má ætla, að reyndur verksali hefði ekki átt að geta séð fyrir, skal verksalinn án tafar gera staðgengli ráðgjafarverkfræðingsins skriflega aðvart um þetta, og telji ráðgjafarverkfræðingurinn, að með sanngirni hefði ekki mátt ætla, að reyndur verksali hefði átt að geta séð þær fyrir, skal ráðgjafarverkfræðingurinn gefa út viðurkenningu og verkkaupinn greiða aukin útgjöld verksala, er hann hefur orðið fyrir vegna slíkra aðstæðna, þar með talin réttmæt og hæfileg útgjöld, a) vegna kostnaðar við framkvæmdir á fyrirmælum, sem ráðgjafarverkfræðingurinn hefur gefið verksala í þessu sambandi, b) kostnaður verksala við framkvæmdir á réttmætum aðgerðum, sem verksali kann að hafa gripið til, þótt hann hafi ekki haft sérstök fyrirmæli ráðgjafarverkfræðingsins, í því skyni að ráða fram úr aðstæðum, sem fyrir hendi voru."

„44. Framlenging skilafrests.

Ef aukaverk, viðbótarvinna hvers konar eða aðrar sérstakar kringumstæður, hverjar svo sem þær eru, gera það að verkum, að sanngjarnt megi telja að veita verksalanum framlengingu skilafrests á verkinu, skal ráðgjafarverkfræðingurinn ákveða, hver sú framlenging skuli vera. Ráðgjafarverkfræðingurinn er ekki skyldur að taka til greina nein aukaverk, viðbótarvinnu eða sérstakar kringumstæður, nema verksalinn hafi innan 28 daga, eftir að slík

uppbótavinna var hafin eða slíkar kringumstæður voru fyrir hendi, eða eins skjótt þar á eftir og tök voru á, afhent staðgengli ráðgjafarverkfræðingsins nákvæma greinargerð um kröfu á framlengingu á skilafresti, þar sem gerð er grein fyrir, hve langan frest hann telur sér bera, svo að unnt sé þá þegar að rannsaka kröfugerðina."

„52. Verðlagning breytinga.

1) Ráðgjafarverkfræðingurinn skal ákveða þá upphæð (ef einhver er), sem að dómi hans ætti að bæta við eða draga frá samningsupphæðinni vegna aukinna framkvæmda eða brottfellingu framkvæmda eftir fyrirmælum hans. Allar slíkar framkvæmdir skulu verðlagðar í samræmi við verðlag samningsins, ef það getur átt við að dómi ráðgjafarverkfræðingsins. Sé ekki í samningnum einingarverð, sem eiga við aukavinnuna, skulu verksali og ráðgjafarverkfræðingur koma sér saman um hæfilegt verð. Verði ekki samkomulag, ákveður ráðgjafarverkfræðingurinn það verð, sem að dómi hans er rétt og sanngjarnt."

„65. Óviðráðanleg atvik.

Ákvæði þessarar greinar skulu hafa forgang fram yfir öll önnur ákvæði samningsins.

Engin ábyrgð vegna stríðs o. s. frv.

1) Verksali skal enga ábyrgð bera, hvorki skaðabótaábyrgð né aðra vegna eyðileggingar eða tjóns á verkinu (nema verkið, sem dæmt er ónothæft, samkvæmt skilyrðum 39. gr., áður en hin óviðráðanlegu atvik komu til), bráðabirgðavirki eða eignum, hvort heldur verkkaupa eða þriðja aðila, eða vegna meiðsla eða dauðsfalla, sem leiða beint eða óbeint af stríði (hvort sem stríðsyfirlýsing hefur verið gefin eða ekki), innrás útlends óvinaliðs, uppreisn, byltingu, borgarastyrjöld eða óeirðum) (nema meðal eigin starfsmanna verksala) (en allt þetta nefnist hér á eftir óviðráðanleg atvik), og verkkaupi skal vera ábyrgur og halda verksalanum skaðlausum gegn þessu og gegn öllum kröfum, málaferlum og hvers konar útgjöldum, sem af þessu leiðir eða stendur í sambandi hér við, og skal bæta verksalanum allt tap og tjón á eignum, notuðum eða þeim, sem hann hyggst nota vegna verksins (þar með talið það, sem er í flutningi á leið til vinnustaðar), sem stafar beint eða óbeint af óviðráðanlegum atvikum."

„71. Meiri háttar efnahagsráðstafanir.

Ef gripið er til meiri háttar efnahagsráðstafana í landi því, sem verkið skal vinna í, eftir opnunardag tilboða, svo sem þeirra, að ríkisstjórn leggi gjaldeyrishömlur eða felli gengi gjaldmiðils landsins, skal verkkaupi greiða verksalanum allan aukinn kostnað við eða í sambandi við framkvæmd verksins, sem á einhvern hátt leiðir af eða stendur í sambandi við slíkar efnahagsráðstafanir. Ekkert, sem fram er sett í þessari grein, dregur á nokkurn hátt úr rétti verksala til að neyta sérhvers annars réttar, sem hann kann að eiga í slíkum tilvikum."

Eigi verða hér rakin fleiri ákvæði verksamningsins, en annarra ákvæða getið síðar, eftir því sem tilefni gefst til.

2.4. Þann 24. apríl 1967 voru verktaka rituð fyrirmæli um að hefja verkið. Fyrstu starfsmenn verktaka komu á staðinn 1. maí 1967. Var í fyrstu unnið við að koma upp vinnuaðstöðu á staðnum, en ekki verður annað séð af málsskjölum en að verkið hafi farið hægt af stað.

Þann 24. júlí 1967 gerðu verkamenn í verkamannafélaginu Hlíf, Hafnarfirði, verkfall á hendur verktaka, og krafðist verkamannafélagið sérstakra samninga um verkið. Þetta verkfall leystist með samkomulagi 29. ágúst 1967. Meðan á verkfallinu stóð, neituðu hafnarverkamenn að afferma vörur, sem ætlaðar voru verktaka.

Verktaki hefur haldið því fram, að hann hafi ætlað að nota sérstakan krana við verkið, sem fyrst og fremst var ætlaður til að setja út grjótvörn á varnargarðinn. Hér var um að ræða stóran krana, sem gekk á teinum. Lyftigeta kranans var samkvæmt tækjalista 10 tonn miðað við 30 metra frá kranamiðju, en samkvæmt vitnaframburði fyrir gerðardóminum var lyftigeta kranans 15 tonn 34 metra frá kranamiðju. Verktaki hafði notað kranann á Indlandi og hugðist flytja hann hingað til lands um Súezskurð. Skipið, sem kraninn var fluttur með, var á leiðinni um skurðinn, þegar stríð braust þar út í júní 1967. Skipið situr enn í skurðinum.

Eftir umrætt verkfall var undirbúningi verksins haldið áfram. Í október 1967 var farið að aka hraunfyllingu í varnargarðinn, og var hún varin jafnóðum eða því sem næst. Var það gert með þeim hætti, að stærstu steinunum var ýtt fram af garðinum, þ. e. til hliðar út á fláa hraunfyllingarinnar.

Í nóvember 1967 var farið að aka sprengdu grjóti í garðinn í stað hrauns. Var unnið að því allan veturinn, og í byrjun apríl 1968 var garðurinn kominn nálægt 300 metrum frá landi og far-

inn að veita skjól. Lengingu garðsins var haldið áfram og honum lokað að bryggjuhaus í nóvember 1968.

Í útboðsgögnum er tekið fram, hvar taka skyldi grjót í grjótvörn, og jafnframt tekið fram, að grjótið skyldi a. m. k. hafa eðlisþyngdina 2.9. Við prófun kom í ljós, að grjótið úr námunni var talsvert undir umkrafinni eðlisþyngd. Var því nauðsynlegt að endurskoða hönnun grjótvarnarinnar. Í hinni upphaflegu hönnun var gert ráð fyrir þrem stærðum af grjóti í grjótvörn. Hönnuninni var breytt þannig, að garðurinn var allur grjótvarinn með stærstu grjótvörn samkvæmt útboðsgögnum, þ. e. 6—9 tonna steinum. Fláa garðsins var hins vegar haldið óbreyttum.

Útboðsgögn gera ráð fyrir því, að grjóti í grjótvörn skuli raða með krana fyrir ofan stórstraumsfjöruborð. Í framkvæmd var hluta af grjótinu ekið á garðinn og ýtt fram af honum. Síðar var þessu grjóti raðað með krana og bætt í grjótvörnina eftir því sem þurfa þótti. Til þessa verks var aðallega notaður beltakrani af gerðinni DEMAG BM 323. Þessi krani var ekki nægjanlega stór til þess að leggja út grjót við garðhausinn. Þar var því notaður krani af gerðinni MANITOWOCK, sem var í eigu stefnda. Þessir kranar sýnast hafa verið notaðir í stað fyrrgreinds krana, sem lokaðist í Súezskurði.

Allsherjarverkfall skall á í mars 1968 og stóð í um það bil hálfan mánuð (13 virka daga).

Samhliða lagningu garðsins var unnið við að steypa ker og ganga frá undirstöðu við bryggjuhausinn. Í útboðsgögnum var gert ráð fyrir klapparhrygg (sound hard rock) í kerjastæðinu nokkurn spöl frá bryggjuhaus að landi. Útboðsgögnin gáfu til kynna, að þessar upplýsingar væru fengnar með mælingum niður á fastan botn, en ekki kjarnaborun. Gert var ráð fyrir, að þessa klöpp þyrfti að sprengja til þess að ná tilskildinni dýpt.

Kjarnaborun var gerð í umræddan hrygg í byrjun maí 1968, en þá var garðurinn kominn það langt, að hann veitti borpalli skjól.

Niðurstaða þessara borana sýndi, að umræddur klapparhryggur reyndist vera 3 metra þykkt hraunlag, en undir því var tæplega 8 m mjúkt jarðlag, að því er talið var. Var þá ákveðið að sprengja alla hrauntunguna og fjarlægja hið mjúka jarðlag og fylla síðan undir steinkerin í tilskilda hæð. Síðar kom þó í ljós, að jarðlagið var ekki eins laust í sér og ætlað hafði verið í fyrstu, og reyndist fljótt erfitt að ná því upp með venjulegum aðferðum. Eftir athug-

un var því ákveðið, að jarðlagið skyldi ekki fjarlægt, nema að því marki sem afköst við gröftinn reyndust skapleg, en annars var jarðlagið látið kyrrt liggja sem nægjanlega trygg undirstaða. Eins og fram er komið, þurfti þó að fjarlægja allt hraunið, en neðri brún hraunsins var því sem næst í tilskilinni graftardýpt undir steinkerin.

Verktakinn lenti einnig í erfiðleikum við að ganga frá undirstöðum við þau ker, sem næst landi voru, en einnig þar var undirstöðunni lýst í útboðsgögnum á þann hátt, sem að framan getur. Þarna reyndist grágrýtisklöpp undir hrauninu. Þurfti að fjarlægja allt hraunið og sprengja lítillega niður í grágrýtið. Vegna lagamótanna milli grágrýtis og basalts reyndust sprengingar erfiðar.

Fram til byrjun desember 1967 var yfirstjórn á staðnum í höndum verkfræðings, sem ekki hafði áður fengist við hafnargerð, en þá tók við verkfræðingur með reynslu á því sviði.

Á samningstímanum urðu tvær gengisfellingar. Sú fyrri var í nóvember 1967, en þá breyttist gengi íslenskrar krónu gagnvart vestur-þýsku marki frá 1 : 10.75 í 1 : 14.25. Síðari gengisfellingin var í nóvember 1968, en þá breyttist gengið í 1 : 22.10 miðað við sömu gjaldmiðla. Þessar gengisbreytingar urðu síðar misklíðarefni milli aðilja, eins og rakið verður nánar hér á eftir.

Ekki var ágreiningur um aðra verkþætti en nú hefur verið getið, og um gæði verksins hefur ekki verið deilt.

2.5. Eins og rakið var í 2.4., rakst verktaki fyrst á ófyrirséð botnskilyrði í maí 1968, að því er hann taldi. Greinilegt er, að hann taldi þessar hindranir hafa umtalsverð áhrif á gang verksins. Verktaki sýnist hafa tilkynnt verkkaupa um þessar hindranir nokkurn veginn jafnóðum og á þær var rekist. Verktaki gerði fljótlega fyrirvara um skaðabætur vegna þess aukakostnaðar, sem hann taldi, að leiða mundi af hindrununum, og einnig um framlengingu á verktíma. Skaðabótakrafan, eins og hún varð í endanlegu formi, kom þó ekki fram fyrr en löngu síðar. Var hún þannig, að verkkaupi (stefndi) var krafinn um greiðslu alls kostnaðar við verkið eftir 1. júní 1968 samkvæmt reikningi verktaka, en að frádregnum greiðslum samkvæmt verksamningnum. Krafa þessi var í aðalatriðum reist á 12. gr. verksamningsins, sbr. 2.3. Verkkaupi hélt því hins vegar fram, að greiða ætti verktaka samkvæmt 52. gr. verksamningsins, sbr. 2.3., þ. e. í aðalatriðum samkvæmt einingarverðum samningsins miðað við aukningu á magni.

Nauðsynlegt er hér til skýringar og vegna úrslita málsins að gera nánari grein fyrir þeim málsatvikum, sem að þessu lúta, samkvæmt því, sem málsskjöl greina frá.

Skilyrði þau, sem urðu grundvöllur kröfu nr. 12, komu fyrst í ljós í maí 1968, eins og áður segir. Verktaki gaf skýrslu um þetta í bréfum til verkfræðingsins (Christiani og Nielsen A/S), dagsettum 17., 28. og 31. maí 1968.

Með bréfi 29. ágúst 1968 tilkynnti verkfræðingurinn verktaka, að viðbótarvinna yrði greidd samkvæmt 52. gr. verksamningsins og að ekki yrðu viðurkenndar neinar kröfur um aukagreiðslur vegna tafa á framkvæmdum og framlengingum tíma, sem veittar yrðu. Þá var jafnframt tilkynnt, að verkkaupi væri reiðubúinn að veita framlengingu á tíma ex gratia, en áður virðast hafa komið fram beinar kröfur um þetta af hálfu verktaka.

Af þessu tilefni sendi verktakinn verkfræðingnum bréf 10. september 1968, en þar segir m. a.: „... við getum ekki fallist á framlengingu tímans, er verkkaupi veitti sem „ex gratia framlengingu". Slíkan framlengingartíma ber að athuga innan ramma viðeigandi greinar samningsins um verkið. Við teljum, að greiða beri fyrir viðbótarvinnu og aukaútgjöld samkvæmt ákvæðum bæði 52. og 12. greinar eftir því hvor á við..."

Með bréfi 16. september 1968 tilkynnti verktaki verkfræðingnum á ný um áframhaldandi örðugleika vegna ófyrirséðra botnskilyrða, sem vart hefði orðið eftir maí 1968. Í bréfi þessu gerði verktakinn fyrirvara um endurgreiðslu viðbótarkostnaðar. Fundir voru haldnir í Straumsvík 17. og 18. september 1968. Þar sundurgreindu umboðsmenn verktaka nánar þær ástæður, sem þeir kváðust mundu gera skaðabótakröfur út af.

Verktaki taldi sig rekast áfram á ófyrirséð skilyrði neðansjávar. Hinn 28. maí 1969 tilkynnti verktaki verkfræðingnum enn um kröfur sínar. Í bréfinu segir m. a. svo: „... þess vegna viljum við hér með tilkynnt yður, að við munum á sínum tíma semja kröfu um viðaukaútgjöld og framlengingu tíma á grundvelli 12. gr. alþjóðasamningsskilmála. Lausleg áætlun okkar um tímatap vegna endurtekinnar staðsetningar borturns og vegna uppgraftar er tveir mánuðir, sem við viljum nú þegar biðja yður að athuga í sambandi við framlengingu samningstíma..."

Með bréfi 31. maí 1969 gerði verktaki enn fyrirvara um kröfur sínar.

Með bréfum 9. júní 1969 og 15. júlí sama ár lagði verktaki fram formlega kröfu um framlengingu tímans vegna 12. kröfu (og

reyndar einnig út af öðrum atvikum). Var þess þá krafist, að samningstíminn yrði framlengdur frá og með 17. maí 1968 til þess er verkinu yrði lokið, hvenær sem það kynni að verða. Í bréfi þessu er ekki sett fram ákveðin fjárkrafa í sambandi við kröfu nr. 12, en stefnendur halda því fram, að á þessum tíma hafi ekki verið unnt að ganga fyllilega úr skugga um skaðabæturnar eða meta þær, þar sem enn hafi verið unnið að verkinu.

Með bréfi, dagsettu 19. desember 1969, lagði verktaki fyrst fram formlega kröfu nr. 12 um endurgreiðslu alls kostnaðar við verkið frá 17. maí 1968. Með bréfi þessu fylgdi örstutt yfirlit um samanlagðan mánaðarlegan kostnað af verkinu frá og með júní 1968 til verkloka að frádregnum tekjum (þ. e. greiðslum skv. verksamningi), sundurliðuðum á sama hátt. Engin önnur gögn fylgdu með þessari sundurliðun. Hins vegar er í fyrrgreindu bréfi að finna nokkra skýringu á kröfunni. Í fyrrgreindu bréfi segir enn fremur m. a. svo: „Verktaki hefur útbúið fullkomin gögn og sannanir fyrir raunverulegum kostnaði sínum ásamt staðfestum reikningum og öllum nauðsynlegum vottorðum, bréfum og reikningsgögnum svo og öðrum skjölum í því sambandi."

Með bréfi 16. mars 1970 gerði verkfræðingurinn skriflega grein fyrir ákvörðun sinni varðandi fjárkröfu verktaka. Varðandi kröfu nr. 12 segir svo í bréfinu: „... *krafa nr. 12. Almenn krafa.* Verktaki á rétt á og hefur fengið fyrirmæli um breytingu vegna aukavinnu milli lína 1 og 10, og aukagreiðsluna, sem hann á rétt á, ber að meta samkvæmt 52. lið samningsskilmála og með tilliti til allra kringumstæðna.

Verkfræðingurinn er að sjálfsögðu reiðubúinn til að semja um verð samkvæmt 52. lið. Góðfúslega athugið bréf frá fulltrúa verkfræðingsins til verktaka, HV-77, dags. 6. september 1968.

Verktaki er góðfúslega beðinn um að láta verkfræðinginn vita, hvort hann óskar eftir að leggja upplýsingar fyrir nú eða ræða mat á verkinu. Sé það ekki gert, verður verkfræðingurinn að ákveða viðeigandi taxta.

Krafa, sem gerð er með því einu að geta um kostnað verktaka frá 17. maí 1968, á enga stoð í samningnum eða í lögum. Auk þess gerði verktaki ekki kröfu á þeim grundvelli, meðan verið var að vinna verkið, en þá hefði verkfræðingurinn getað komið af stað aðgerðum til þess að athuga ástæðurnar fyrir meintum viðbótarkostnaði.

Frásögn verktakans þess efnis, að verkfræðingurinn hafi gefið verktaka fyrirmæli um að hraða störfum til þess að ná aftur upp-

haflegri áætlun um að ljúka verkinu er ekki rétt að því leyti, að verktaki var á eftir áætlun vegna þess, hve lengi var verið að koma til starfa og vegna lélegra afkasta, aðallega árið 1967. Verktaki hefur viðurkennt þessa staðreynd. Góðfúslega athugið fundargerð 11. mars 1968 . . ."

Bréfaskipti fóru síðan fram milli aðilja, og fundir voru haldnir til þess að skýra sjónarmið hvors aðilja og til þess að reyna að jafna þau. Eftir það tók verkfræðingurinn endanlega ákvörðun 25. júní 1970 í bréfi til stefnenda. Varðandi kröfu nr. 12 segir svo í bréfinu: „. . . *Krafa nr. 12. Almenn krafa. Uppgröftur neðansjávar milli lína 1 og 20.*

kr. 9.687.859.00
kr. 4.055.384.00 Lagfæring vegna gengis
kr. 1.202.534.00 Vextir.

Með því að verktaki hefur ekki farið að beiðni verkfræðings síns um að leggja fram sundurliðun kröfu sinnar eða ræða mat verksins skv. 52. tölulið samningsákvæða, hefur verkfræðingurinn tekið saman eigin matsgerð um verð verksins á grundvelli eigin gagna og með tilliti til allra aðstæðna, sem honum er kunnugt um. Auk mats á öllum grefti neðansjávar milli lína 1 og 10 hefur verkfræðingurinn innifalið mat sitt á aukavinnu, sem hún orsakaði milli lína 11 og 20."

Verktakinn vildi ekki una ákvörðun verkfræðingsins að þessu leyti (og einnig í fleiri atriðum), og setti hann því málið í gerð með beiðni 6. júlí 1970. Með gerðarbeiðninni fylgdu ýmis gögn. Varðandi kröfu nr. 12 var krafist sömu upphæðar og áður, þ. e. DM 10.036.145.00. Einnig var krafa þessi rökstudd á svipaðan hátt, og sömu gögn fylgdu henni, þ. e. yfirlit yfir mánaðarlegan kostnað við allt verkið frá júní 1968 til verkloka. Greinargerð stefnda við gerðarbeiðni er dagsett 30. október 1970. Í greinargerðinni mótmælti stefndi kröfu nr. 12 á ýmsum grundvelli, og að lokum er m. a. sagt: . . . „However the records are such that the Employers have been able to refute the claim in detail by reference to the written records, although the claim has been made so late and in a wholly general and unsubstantiated form and without legal basis."

Eins og getið var í 2.1. settu stefnendur einnig fram svonefnda varakröfu nr. 12, en í þessu tilviki var krafan byggð á kostnaði vegna tiltekinna atburða, sem taldir voru hafa átt sér stað eftir 17. maí 1968. Krafa þessi kom einnig fyrst formlega fram í fyrrgreindu bréfi verktaka, dagsettu 19. desember 1969, er hann fyrst

setti fram formlega aðalkröfu nr. 12. Verkfræðingurinn tók endanlega afstöðu til varakröfu nr. 12 í fyrrgreindu bréfi, dagsettu 25. júní 1970. Varakrafa 12 fylgdi síðan aðalkröfu 12 til loka gerðardómsmálsins.

Frekari sönnunargögn varðandi kröfu nr. 12 en nú hefur verið lýst voru fyrst afhent umboðsmanni stefnda 23. apríl 1971, ellefu dögum áður en málflutningur hófst í gerðardómsmálinu. Um þennan þátt málsins verður fjallað ítarlega hér á eftir, einkum í 2.9.

2.6. Eins og getið var í 2.1. gerðu stefnendur enn fremur einstakar kröfur á hendur stefnda út af atburðum, sem þeir töldu hafa gerst fyrir 17. maí 1968. Kröfur þessar hlutu allar sérstakt númer og fólu stundum í sér bæði kröfur um bætur og framlengingu verktíma. Þær kröfur, sem síðar urðu umdeildar, eru þessar:

Krafa nr. 1. Krafa þessi var á því reist, að verktaki kvaðst hafa byggt útboð sitt að nokkru á því, að unnt væri að fá sérstakan rafstraum, sem sagður hafi verið fáanlegur í samningsgögnum. Verktaki taldi, að þessi rafstraumur hefði ekki verið fáanlegur, þegar til hafi átt að taka, og af þeim sökum hafi verktaki orðið fyrir útgjöldum. Gerði verktaki bótakröfur af þessu tilefni. Í verksviðslýsingu er umkrafin fjárhæð endanlega DM 58.325.00.

Krafa nr. 5. Verktaki taldi leiða af samningnum, að hann ætti rétt á hvers konar aukakostnaði við framkvæmd verksins, sem orsakast kynni af efnahagslegum breytingum. Gengislækkun hafi átt sér stað 24. nóvember 1967 og þar með hafi kostnaður verktaka við framkvæmd verksins aukist. Af þessu tilefni krafði verktaki um bætur samkvæmt verksviðslýsingu, DM 756.128.00.

Krafa nr. 8. Verktaki kveðst hér hafa byggt útboð sitt og framkvæmdaráætlun á notkun stórvirks byggingarvinnutækis, þ. e. stórs bómukrana. Krana þennan hafi átt að flytja frá Indlandi á byggingarstað. Skipið, sem kraninn var fluttur með, hafi hins vegar stöðvast í Súezskurði í styrjöld Araba og Ísraelsmanna í júní 1967, þegar hann hafi verið í flutningi frá Indlandi. Deiluefnið var hér það, að verktaki taldi verkkaupa bera áhættu af þessu atviki samkvæmt ákvæðum verksamningsins. Gerði hann bótakröfu af þessum sökum, sem samkvæmt verksviðslýsingu nam DM 1.702.450.00, og enn fremur kröfu um framlengingu verktíma um 6 mánuði.

Krafa nr. 9 fjallar um það deiluatriði, hvenær verktaka bar að hefja verkið samkvæmt ákvæðum verksamningsins. Spurning

þessi skiptir máli við úrlausn þess, hvort verkinu hefði verið lokið á réttum tíma. Verktaki hélt því fram, að hann hafi ekki þurft að hefja verkið fyrr en 8. maí 1967.

Krafa nr. 9 A snýst um afleiðingar verkfalls á Íslandi, sem virðist hafa verið beint sérstaklega að verktökum. Verkfall þetta stóð frá 24. júlí 1967 til 29. ágúst sama ár, eða um fimm vikna skeið. Verktaki taldi, að verkkaupi bæri áhættuna af þessu verkfalli, og því krafðist hann framlengingar verksamningsins um jafnlangan tíma og verkfallinu nam auk skaðabóta að fjárhæð DM 752.213.00.

Krafa nr. 9 B fjallar um afleiðingar allsherjarverkfalls á Íslandi. Allsherjarverkfall þetta stóð frá 4.—18. mars 1968, eða samtals í 13 daga. Verktaki taldi, að þetta atvik hafi verið á áhættu verkkaupa. Hann krafðist þess vegna framlengingar á verktímanum um jafnlangan tíma og verkfallinu nam auk skaðabóta samkvæmt verkssviðslýsingu, DM 194.821.00.

Verkfræðingurinn á staðnum úrskurðaði um allar þessar kröfur (og raunar ýmsar aðrar fleiri) samkvæmt 67. gr. verksamningsins, ýmist á samningstímanum eða stuttu á eftir. Verktaki vildi ekki una þessum úrslitum og skaut málinu til gerðardóms samkvæmt ákvæðum 67. gr. verksamningsins. Nánar verður fjallað um rökstuðning aðilja varðandi kröfur þessar í 3.1.

2.7. Eins og áður segir, er gerðardómurinn í máli þessu samningsbundinn, byggður á ákvæði 67. gr. verksamnings aðilja, sem felur í sér skuldbindingu aðiljanna um að leggja í gerð allan ágreining milli þeirra eftir reglum gerðardómsstofnunar ICC „í sambandi við eða út af verksamningnum eða framkvæmd verksins". Umrætt ákvæði er sagt hluti af hinu prentaða samningsformi Alþjóðasambands verkfræðinga, sem er hluti af umræddum verksamningi. Eru aðiljar á einu máli um það, að skuldbinding aðilja um þessa gerðardómsmeðferð sé fullgild. Málflutningsmenn af hálfu verkkaupa við gerðardómsmálið voru Max W. Abrahamsson, lögmaður frá Dublin, og Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, Reykjavík. Af hálfu verktaka flutti málið bandarískur lögmaður, Gerard E. Fitzpatrik.

Gerðarbeiðni verktaka var framlögð 6. júlí 1970 í skrifstofu gerðardómsstofnunar Alþjóðaverslunarráðsins í París, en skömmu áður hafði farið fram síðasti sáttafundur milli aðilja. Sjálf gerðarbeiðnin var fáeinar blaðsíður, en talsverð gögn fylgdu henni. Var hér um að ræða gögn, sem aðiljum voru að mkilu leyti kunn áður, þar á meðal var krafa nr. 12 sömu gögnum studd og áður. Sam-

kvæmt reglum Alþjóðaverslunarráðsins sendi skrifstofan verkkaupa gerðarbeiðnina, sem hann fékk í hendur 14. júlí 1970. Verkkaupi skilaði greinargerð af sinni hálfu, og var hún lögð fram 31. október 1970.

Í máli þessu voru gerðarmenn þrír. Í gerðarbeiðni hafði verktaki tilnefnt einn af sinni hálfu, þ. e. Bandaríkjamanninn William Hughes Mulligan frá New York, Bandaríkjunum, þá deildarforseta lagadeildar Fordhamháskóla í New York. Varnaraðili tilnefndi af sinni hálfu dr. Gunnar Thoroddsen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, í gerðardóminn. Gerðardómsstofnunin staðfesti báðar þessar tilnefningar þann 18. nóvember 1970, enda höfðu þær ekki sætt andmælum aðilja. Aðiljum tókst að ná samkomulagi um útnefningu oddamanns í gerðardóminn. Fyrir valinu varð James F. Main, verkfræðingur frá London, Englandi. Verkkaupi samþykkti hann fyrir sitt leyti 24. febrúar 1971 sem formann gerðardómsins, en endanleg útnefning þessa oddamanns fór ekki fram fyrr en í byrjun marsmánaðar 1970, þegar gerðardómsstofnunin staðfesti þessa tilnefningu.

2.8. Í málinu hafa verið lagðar fram reglur ICC um sáttagerð og gerðardóm. Óumdeilt er, að þessar reglur voru bindandi fyrir aðilja, enda er svo beinlínis kveðið á um í 13. gr. reglnanna. Þó ber að hafa í huga, að samkvæmt 19. gr. umræddra reglna skal gera drög að svonefndri *verksviðslýsingu* gerðarmanna, og skal tilgreina samkvæmt henni:
a. fullt nafn málsaðilja, b. heimilisföng málsaðilja, þangað sem senda eigi allar tilkynningar og orðsendingar, meðan málið stendur yfir, c. stutta greinargerð um kröfur aðilja, d. verksviðslýsingu á málinu, vísbendingu um þau deiluatriði, er úrskurða beri, e. fullt nafn gerðarmanns ásamt heimilisfangi hans o. s. frv., f. vettvang gerðardómsmálsins, g. önnur atriði, sem við þarf til þess, að úrskurðurinn, er upp er kveðinn, verði hæfur til fullnustu að lögum, eða sem æskilegt er að tilgreina að áliti gerðardómstólsins og gerðarmanns. Segir í greininni, að verksviðslýsingin skuli undirrituð af málsaðiljum og gerðarmanni og skuli leggja hana fram við gerðardóminn til samþykkis.

Gengið var frá slíkri verksviðslýsingu í byrjun apríl 1970, eins og getið var um í 2.1. Verður nánar vikið að efni verksviðslýsingar þessarar síðar. Hér skal þess aðeins getið, að verksviðslýsingin hafði að geyma ákvæði um meðferð málsins, sem hér skipti máli, og giltu þau ákvæði samhliða reglum ICC svo langt sem þau náðu.

8. gr. reglna ICC fjallar um gerðardómsbeiðnina. Segir meðal annars, að gerðardómsbeiðnin skuli greina: a. full nöfn málsaðilja og heimilisföng, b. greinargerð um málsstað sóknaraðilja, c. frumrit (eða endurrit, er sóknaraðili staðfestir) af öllum samningum, og þá sérstaklega skjali því, sem staðfesti gerðardómssamninginn, bréfaskiptum, sem farið hafa á milli málsaðilja og sérhver önnur skjöl eða upplýsingar, sem á er byggt, d. allar upplýsingar, er máli skipta varðandi tölur gerðarmanna og val þeirra í samræmi við ákvæði 7. gr. að framan.

Í 9. gr. er á sama hátt gerð grein fyrir svari (gerðarþola) við beiðninni. Þar er meðal annars gert ráð fyrir því, að gerðarþoli leggi fram greinargerð af sinni hálfu innan tiltekins frests til svars og allar tillögur, sem hann kann að vilja bera fram, ásamt öllum skjölum og upplýsingum, sem til stuðnings eru.

Í 16. gr. reglnanna er svofellt ákvæði:

„Reglur, er ráða málsmeðferð.

Reglur þær, er ráða skulu meðferð gerðardómsmálsins, skulu vera þessar reglur og, þar sem ákvæði reglna þessa ná ekki til, ákvæði þeirra réttarfarslaga, er aðilar hafa valið, eða, ef slíkt val er ekki um að ræða, ákvæði laganna í því landi, þar sem gerðarmaður þingar í málinu."

Eins og sýnt verður hér á eftir, var svo um samið í verksviðslýsingunni, að Reykjavík skyldi teljast varnarþing málsins. Hér fyrir dómi hafa aðiljar lýst sig sammála um þann skilning á þessu ákvæði, að reglur íslensks réttar hafi gilt um málsmeðferðina að svo miklu leyti sem reglur ICC og ákvæði verksviðslýsingarinnar kváðu ekki öðru vísi á um.

Í 20. gr. reglnanna er m. a. gert ráð fyrir því, að gerðarmaður skuli hafa vald til að yfirheyra vitni. Einnig að gerðarmanni sé heimilt að kveðja sérfróða menn til álitsgerðar um málefnið, ef því er að skipta, og með þeim skilyrðum, sem þar greinir.

Í 3. mgr. 19. gr. segir: „Gerðardómstóllinn skal ekki veita gerðarmanni vald til að koma fram sem „amiable compositeur", nema málsaðiljar samþykki, svo og því aðeins að ekki raski á neinn hátt lagalegri fullnustu úrskurðarins." Í 21. gr. eru nánari ákvæði um meðferð málsins, sem ekki verða rakin hér, en 23. gr. gerir ráð fyrir því, að gerðarmanni beri að kveða upp úrskurðinn innan 60 daga frá þeim degi, er hann undirritar yfirlýsingu þá, er um ræðir í 19. gr., þ. e. verksviðslýsinguna. Þennan frest má þó framlengja, ef dómstóllinn telur þörf á slíku.

Í 24. gr. er ákvæði þess efnis, að þegar þrír gerðarmenn hafa

verið skipaðir, skuli úrskurður upp kveðinn með meiri hluta ákvörðun, náist ekki meiri hluti, skal formaður gerðarnefndar einn kveða upp úrskurðinn. Loks er ákvæði í 26. gr., sem kveður á um, að gerðarmaður skuli leggja úrskurð sinn fyrir gerðardómstólinn, áður en frá honum er gengið. Dómstóllinn hefur heimild að kveða á um breytingar á formi hans og, ef þörf krefur, beina athygli gerðarmanns jafnvel að atriðum, sem varða efni máls, en með fullu tilliti til úrskurðarfrelsis gerðarmanns. Engan úrskurð skal gefa út, hvernig sem á stendur, fyrr en gerðardómstóllinn hefur samþykkt hann, að því er form hans varðar.

Svo sem áður greinir, var gengið frá verksviðslýsingunni 3.—4. apríl 1971, er endanlega var undirritað og staðfest 4. maí 1971, eftir að hún hafði verið send dómstólnum til samþykkis. Hér verður ekki hjá því komist að rekja nokkur helstu ákvæði verksviðslýsingarinnar, einkum þau, sem varða meðferð málsins. Í því sambandi skal einkum bent á VIII, B, um framlagningu gagna, en samkomulag um orðalag þeirrar greinar náðist eftir nokkurt þref, eins og síðar verður vikið að, og kemur grein þessi talsvert við sögu síðar.

Ákvæði þessi hljóða annars svo: „*Mál nr. 410 C 1952* samningur um verksvið ... *II. Valdsvið gerðardómsins* ... B. Kröfuhafar staðhæfa, að ákvarðanir verkfræðingsins varðandi ágreininginn, skoðanamuninn og kröfurnar, sem um getur í gerðarbeiðninni, hafi ekki orðið endanlegar eða bindandi.

C. Stefndi hefur ekki haft uppi nein mótmæli, að því er varðar valdsvið gerðardómsins eða að því er tekur til þess, að ágreiningurinn, skoðanamunurinn og kröfurnar, sem gerðar eru í beiðni kröfuhafa um gerð, verði endanlega jafnaðir með gerð þessari.

D. Samkvæmt því hafa aðilar fallist á að hlíta úrskurði gerðardómsins og að lúta valdi dómstólsins, sem hann skipar samkvæmt reglum Alþjóðaverslunarráðs um sátt og gerð til að hlýða á málavexti með samþykki aðilanna og gera með úrskurði endanlega og bindandi ákvörðun um ágreininginn, skoðanamuninn og kröfurnar ...

IV. *Varnarþing.*

A. Á dómþingi hinn 16. desember 1970 ákvað gerðardómur, að gerðin skuli fara fram að heimilisfangi formanns dómstólsins eða á öðrum stað, sem aðilarnir kunni að koma sér saman um.

B. Aðilar koma sér saman um eftirfarandi:

1. Að Reykjavík teljist aðsetur dómstólsins.

2. Að dómstóllinn komi fyrst saman í Amsterdam í Hollandi eða heimaborg formanns í þeim tilgangi að gera drög að og/eða samþykkja verksvið gerðardómsins samkvæmt 19. gr. reglnanna (reglna ICC) og til að athuga frekar um fyrirkomulag málarekstursins.
3. Að dómstóllinn skuli síðan koma saman og málið sé rekið í Amsterdam, Hollandi, og/eða Reykjavík, Íslandi, eftir því sem aðilar kunni að koma sér saman um á hverjum tíma, eða ef þeir ná ekki samkomulagi, á þeim stað eða stöðum, að ofangreindum stöðum meðtöldum, sem meiri hluti gerðardómsmanna ákveður að vild á hverjum tíma eftir eigin geðþótta eða að beiðni annars hvors aðila.

C. Síðan eftir að aðilarnir höfðu komið sér saman um tilnefningu formanns með gagnkvæmu samkomulagi dómstólsins og aðilanna, var fyrsti fundur haldinn í Lissabon, Portúgal, og var samkomulag um eftirtalin atriði, sem dómurinn staðfesti:

1. Lögmenn aðila munu skiptast á væntanlegum drögum að samningi um verksvið gerðardómsins eins fljótt og auðið er.
2. Dómstóllinn og lögmenn komi saman í Washington D.C., Bandaríkjunum, hinn 4., 5. og 6. apríl 1971, til að samþykkja endanlegt form samningsins um verksvið gerðardómsins, sem lagt verði fyrir dóminn til samþykktar.
3. Dómstóllinn komi saman í New York, N. Y., Bandaríkjunum, hinn 3. maí 1971 og eftir því sem þörf krefur á næstu þremur vikum til að hlýða á málavexti, framburð og sannanir eftir því sem viðeigandi kann að teljast.
4. Ákvæði um þóknun dómstólnum til handa, sem háð séu samþykki dómsins.

D. Dómstóllinn og lögmenn aðila komu saman samkvæmt ákvæðum IV. gr. (C) (2) hér að ofan og hafa samþykkt samning þennan um verksvið að vandlegri íhugun og umræðu lokinni.

V. *Eðli málsins.*

Ágreiningurinn og deilurnar, sem gerð þessi fjallar um, hófst vegna samnings milli aðilanna varðandi byggingu samfellds brimbrjóts og hafnargarðs og tilheyrandi búnaðar, en verk þetta er kallað „Höfn í Straumsvík, Íslandi". Ekki er deilt um tilvist eða gildi samningsins eða varðandi innihald, skilmála eða skildaga hans.

VI. *Staðhæðingar kröfuhafa.*

Ágrip af staðhæfingum kröfuhafa er að finna í fylgiskjali A með samningi þessum.

VII. *Staðhæfingar stefnda.*

Ágrip af staðhæfingum stefnda er að finna í fylgiskjali B með samningi þessum.

VIII. *Viðeigandi lög og samþykkt málsmeðferð.*

A. Í byggingarsamningnum segir, að „Eftir því sem við verður komið, ber að túlka samning þennan samkvæmt samningsgögnum þessum og að öðru leyti ákvarðast bygging, túlkun og beiting svo og gildi og áhrif gagna þessara samkvæmt íslenskum lögum (samningsákvæði II. hluti töluliður 75)."

B. Innan rýmilegs tíma áður en að málflutningi kemur (within a reasonable time before hearing) ber aðilum að hafa afhent endanlegar greinargerðir um málskostnað hvors um sig ásamt öllum gögnum og upplýsingum, sem við er stuðst, samkvæmt VIII. og IX. gr. reglnanna. Að því tilskyldu heimilast hvorum aðila um sig að koma við málflutning í máli þessu fram með sönnunargögn þ. á m. framburð vitna, (en nöfn vitnanna, sem hvor aðili hyggst kveðja, ber að tilkynna hinum aðilanum eigi síðar en hálfum mánuði áður en yfirheyrslan hefst) og skjöl, sem dómstóllinn kann að telja viðeigandi.

C. Gerðardómsmönnum ber að hafa eftirlit með framlagningu og flutningi gagna. Yfirheyrslu vitna ber fulltrúum aðila að hefja, en jafnan undir eftirliti gerðardómsmanna og gerðardómsmenn hafa rétt á að spyrja vitni beint.

D. Gera ber hraðritaða skýrslu um framburð vitna og málarekstur allan við yfirheyrslur og endurrita hana í fimm eintökum.

E. Dómstóllinn getur ráðið sjálfstæða sérfræðinga og aflað álits þeirra eftir því, sem hann kann að telja nauðsynlegt til að komast að réttlátri niðurstöðu um málavexti.

F. Til að aðstoða gerðardóminn við íhugun málsins getur sérhver aðili innan tveggja vikna frá lokum yfirheyrslu lagt fram skriflegt ágrip af framburði og röksemdafærslu málstað sínum til stuðnings, og innan viku frá móttöku ágripsins getur hinn aðilinn lagt fram ágrip til andsvara.

G. Síðan komi gerðardómsmenn saman á þeim stað og tímum, sem meiri hlutinn fellst á, til að íhuga og kveða upp úrskurð, af-

ráða málavexti og spurningar, sem ákveða ber. Úrskurðurinn sé skriflegur og skýri frá ástæðum og álitum, sem hann byggist á.

IX. *Spurningar, sem ákveða ber . . .*“

2.9. Fundur var fyrst haldinn með gerðarmönnum og umboðsmönnum aðilja í Lissabon, Portúgal, Portúgal, 8.—9. mars 1971. Þessi fundur var óformlegur og fundargerð sýnist ekki hafa verið haldin. Fundurinn var aðallega haldinn til þess að gera áætlun um rekstur málsins, en erfiðlega gekk að finna hentugan tíma sakir annarra skyldustarfa gerðarmanna. Niðurstaðan varð sú, að nefndarmenn lýstu sig reiðubúna til að takast á við málið í maímánuði. Kemur þetta fram í sameiginlegu bréfi umboðsmanna aðilja til skrifstofu gerðardómsstofnunarinnar, dagsettu 9. mars 1971, þar sem segir: „Að því er varðar frekari flutning málsins, hefur það verið samþykkt, að lögmenn skiptist á tillögudrögum að verksviðslýsingum gerðardómsins svo fljótt sem tök eru á. Gerðarmenn og lögmenn muni síðar hittast í Washington D.C. hinn 4. og 5. apríl 1971 til þess að gera endanlegt samkomulag um verksviðslýsinguna. Áætlað er, að yfirheyrslur byrji hinn 3. maí 1971 í New York og standi yfir í að minnsta kosti þriggja vikna tíma. Ef frekari yfirheyrslur eru nauðsynlegar mundi þurfa að áætla þær einhvern tíma á hausti komanda . . .“

Af gögnum málsins verður séð, að á nefndum fundi í Lissabon kom það til tals, að gerðarmenn gengju á vettvang. Um þessi atriði verður þó nánar rætt í 2.10. Einnig virðist það strax á þessum fundi hafa orðið áhyggjuefni, hvenær leggja skyldi fram þau skjöl, sem byggt væri á í málinu. Að minnsta kosti segir svo um þetta í skýrslu umboðsmanns gerðarþola, Hjartar Torfasonar: „Rætt var nokkuð um málflutningsaðferðir þær, sem fara ætti eftir við yfirheyrslur, en ekki svo útrætt væri. Af okkar hálfu var á það bent, að við hefðum þegar lagt fram nokkurn veginn öll þau gögn, sem við ætluðum að byggja á, og að við hefðum vænst þess, að Hochtief hefði gert slíkt hið sama. Í ljós kom, að aðferð herra Fitzpatrick hafði verið önnur, og hann sagði, að Hochtief kynni enn að hafa veruleg gögn fram að leggja. Ég kvaðst álíta, að þau yrðu að koma fram á aprílfundinum, ef standa ætti við tímaáætlunina og fara eftir reglunum. Hann samsinnti því, að hann mundi reyna að gera þetta og leggja fram gögnin á þessum tíma.“

Lagt hefur verið fram í málinu bréf Hjartar Torfasonar til um-

boðsmanns stefnenda, G. Fitzpatrick, dagsett 18. mars 1971 (sbr. dskj. nr. 22, sbr. dskj. nr. 50), þar sem þessi sjónarmið eru ítrekuð, en þar segir meðal annars: „Eins og ég tók fram á fundinum í Lissabon, hefur varnaraðili lagt fram með svari sínu þau skjöl, sem hann hefur ætlað sér að byggja á fyrir gerðardóminum, í samræmi við 2. mgr. 8. gr. gerðardómsreglnanna. Ef tryggja á, að hin fyrirhugaða tímaáætlun standist og koma við reglulegum og greiðum málflutningi, virðist okkur ómissandi, að ákvæði þessu verði framfylgt á sama hátt af hálfu sóknaraðila. Við treystum því þess vegna, að þér munið geta lagt fram á fundinum í apríl þær frekari upplýsingar og skjöl, sem sóknaraðili kann að vilja koma á framfæri í málinu. Að því er mér skilst, tókust þér á hendur að reyna þetta í viðræðum okkar í Lissabon. Eins og þér vitið fullvel, mun þetta skipta máli, ekki aðeins um það, að yfirheyrslur gangi eins og vera ber og greiðlega, heldur einnig um kostnað af málinu, þar sem langdreginn málflutningur mundi hallast til að verða mjög dýr."

Fundurinn í Washington D.C. var haldinn, svo sem ákveðið hafði verið, 4.—5. apríl 1971 til þess að ganga frá verksviðslýsingunni. Virðist við samningu hennar hafa komið upp ágreiningur milli aðilja um það, hvenær þyrfti að leggja fram öll gögn, sem byggt væri á í málinu og um áhrif þess á málflutninginn, sem átti að hefjast 3. maí 1971, svo sem áður er getið.

Í skýrslu umboðsmanns gerðarbeiðenda segir, að umboðsmenn gerðarþola hafi verið þeirrar skoðunar, að samkvæmt 8. og 9. gr. reglna ICC ætti að leggja fram öll gögn með gerðarbeiðninni, en gerðarbeiðandi hafi hvorki talið slíkt nauðsynlegt né mögulegt. Einnig ættu gerðarmenn að hafa nokkurt eftirlit með gagnaöfluninni. Enn fremur segir, að lögmenn stefnda hafi komið fram með sömu mótbárur á fundi með gerðarmönnum 4. apríl 1971 og farið þess á leit við gerðarmenn, að frekari málaferlum yrði frestað. Eftir að gerðarmenn hefðu hlýtt á rök lögmanna beggja aðilja, hafi þeir dregið sig í hlé í lengri tíma til að ræða um mótmæli og beiðni stefnda. Gerðarmenn hafi kallað saman fund á ný og dr. Gunnar Thoroddsen tilkynnt einróma ákvörðun gerðarmanna þess efnis, að ekki væri unnt að breyta þeirri áætlun, sem samþykkt hefði verið í Lissabon. Lögmenn stefnda hefðu þá enn lagt áherslu á mótmæli sín gegn tillögum gerðarbeiðenda þess efnis, að aðiljum væri frjálst að koma að hvers kyns framburði eða sönnunargögnum í málflutningi, sem gerðarmenn teldu viðeigandi. Hafi þetta efni verið rætt ítarlega. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir

sjálfheldu kveðst umboðsmaður gerðarbeiðenda hafa boðist til að leggja fram, eins fljótt og auðið væri, endanlega greinargerð um málsstað stefnenda ásamt með öllum gögnum um kostnað þeirra svo og endurrit af nær öllum sönnunargögnum, sem stefnendur ætluðu sér að leggja fram við málflutninginn til að sanna mál sitt.

Umboðsmaður gerðarþola, Max W. Abrahamson, kveðst hins vegar í skýrslu sinni hafa beðið gerðarmenn að úrskurða þannig, að samkvæmt gerðardómsreglum Alþjóðaverslunarráðsins og grundvallarreglum réttvísinnar væri sóknaraðili skyldur til þess að leggja fram þau skjöl og upplýsingar, sem hann hygðist styðjast við, nægjanlega snemma fyrir þinghaldið, til þess að varnaraðilja gæfist sæmilegt færi á að kynna sér þau. Kveðst hann hafa bent á, að útilokað væri að fá fullvissu um, hvort nauðsynlegt væri að fresta þinghaldinu, fyrr en vitað væri, hvaða frekari sönnunarskjöl sóknaraðili óskaði að leggja fram. Kveðst hann hafa staðfest, að varnaraðili væri reiðubúinn til að fylgja hinni upphaflegu tímaáætlun, ef þetta væri mögulegt miðað við þau skjöl, sem fram kæmu. Hann kveðst enn fremur hafa lagt áherslu á það á þessum fundum, að eftir íslenskum réttarfarsreglum, sem ráðandi væru í gerðardómsmálinu, væri venjan sú, að setja málið fram skriflega og eyða ekki tíma í það við yfirheyrslur að færa til bókar atriði, sem þegar lægju fyrir skjalfest. Enn fremur kveðst hann hafa bent á, að sóknaraðili væri að reyna að taka upp amerískt eða enskt réttarfar. Enn fremur væri nauðsynlegt, að gerðarmenn fengju skjölin í hendur nægjanlega snemma til þess að geta kannað þau rækilega fyrir þinghaldið.

Lyktir þessa máls urðu þær, að umboðsmenn aðilja sættust á þá reglu, sem fram kemur í VIII, B í verksviðslýsingunni, sbr. 2.8., að „innanhæfilegs tíma fyrir þinghaldið skyldu aðilar hafa lagt fram endanlega greinargerð fyrir máli sínu ásamt öllum skjölum og upplýsingum, sem á væri byggt af þeirra hálfu."

Í greinargerð umboðsmanns gerðarbeiðenda, G. Fitzpatrick, segir, að lögmenn stefnda hafi lagt til, að endanlegar greinargerðir, gögn og nöfn vitna yrðu afhent a. m. k. tveimur vikum áður en málflutningur hæfist. Kveðst umboðsmaðurinn ekki hafa verið þess fullviss, hvort mögulegt yrði fyrir sig að taka saman og afhenda innan þeirra tímamarka þau gögn, en flest þeirra hafi hann ekki getað fengið nema í Þýskalandi. Kveðst hann því ekki hafa verið reiðubúinn að fallast algerlega á tveggja vikna tímamörk, svo sem lögmenn stefnda hefðu gert tillögu um, utan það, er varðaði nöfn vitna. Kveðst hann hafa boðist til að leggja gögn-

in fram eins fljótt og auðið væri, en það kynni að verða jafnskjótt eða fyrr en lögmenn stefnda legðu til. Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi hér fyrir dómi virðist þessi lýsing málavaxta ekki vera umdeild.

Umboðsmaður gerðarbeiðenda afhenti fyrirsvarsmönnum varnaraðilja hina umræddu greinargerð og gögn að kvöldi 23. apríl 1971 á fundi í Kaupmannahöfn, Danmörku. Greinargerð sú, sem þá var afhent, var 66 blaðsíður. Með henni fylgdi svonefnt fylgiskjal A, sem hafði að geyma bréf og skjöl frá fyrri tíma varðandi verkið og kröfur gerðarbeiðanda, merkt nr. 1 til 100. Enn fremur fylgiskjal C, sem hafði að geyma uppdrætti og línurit, sem skýra áttu gang verksins og ýmissa þætti þess, og sýnast þau hafa verið útbúin sérstaklega vegna málsins.

Loks afhenti umboðsmaður gerðarbeiðenda svonefnt fylgiskjal B, en það hafði að geyma gögn, sem styðja áttu kröfu nr. 12. Í aðalatriðum hefur fylgiskjal B að geyma skrá yfir greidda reikninga og kostnað, sem Hochtief A/G telur sig hafa greitt á hverjum mánuði og hafa fallið á verkið frá júní 1968 til verkloka. Í fylgiskjali B eru útgjöld hvers mánaðar sundurliðuð:

1. Í samandregnum upphæðum eftir flokkuðum útgjaldaliðum.
2. Með skrá yfir einstakar bókfærslur (reikninga), sem er frekari sundurliðun á þeim gjaldaliðum, sem nefndir eru í 1.

Jafnframt kemur fram í þessu yfirliti, hvað verktaki hefur fengið greitt frá verkkaupa í hverjum mánuði. Að lokum er skrá, sem sýnir mismuninn á skráðum útgjöldum verktaka og greiðslum frá verkkaupa í hverjum mánuði. Fylgiskjal B er um 400 blaðsíður að stærð samkvæmt málflutningi stefnda.

Er nú skemmst frá því að segja, að umboðsmenn gerðarþola töldu skjöl þessi miklu umfangsmeiri og flóknari en við hefði mátt búast og að gerðarbeiðendur legðu nú mál sitt fyrir upp á nýtt með nýjum málsástæðum. Voru umboðsmenn varnaraðilja strax þeirrar skoðunar, að útilokað væri að kanna gögnin og ljúka vörninni sómasamlega, áður en þinghald hæfist 3. maí 1971. Kvaðst umboðsmaður gerðarþola, Max W. Abrahamson, hafa tafarlaust hringt í formann gerðardómsins, hr. Main, í New Yersey, og tjáð honum, að beiðni um frestun á málinu mundi gerð þegar í stað. Þessu símtali var fylgt eftir með telex skeyti, sendu 25. apríl 1971 til formanns gerðardómsins, undirrituðu af báðum umboðsmönnum gerðarþola. Í telex skeytinu segir svo: „Á fundinum í Washington fyrir gerðarmönnum gaf sóknaraðili í skyn, að hin frekari skjöl þeirra yrðu afhent varnaraðila innan tveggja vikna (þ. e.

um mánudaginn 19. þ. m.) og hugsanlegt væri, að sum skjalanna yrðu afhent fyrir þann tíma.

Varnaraðili gerði einnig ljóst, að samþykki hans við því að byrja hinn 4. maí væri háð því, hvaða magn skjala yrði lagt fram af hálfu sóknaraðila, og þá með sérstökum fyrirvara, að því er varðaði könnun og samprófun á framlögðum reikningum, sem nauðsynlegt kynni að verða. Verksviðslýsingin kveður á um framlagningu allra skjala innan hæfilegs tíma frá byrjun þinghaldsins.

Skjöl sóknaraðila bárust varnaraðila í reynd í hendur í einu lagi hinn 28. þ. m. kl. 11 e. h. (samkvæmt síðari leiðréttingu 23. apríl kl. 11 e. h.). Skjölin samanstanda af 65 blaðsíðna greinargerð með fylgiskjölum upp á 700 blaðsíður og 9 uppdráttum, þ. á m. um 400 blaðsíðum af reikningum. Skjölin vísa einnig til enn frekari gagna, sem lögð verða fram við yfirheyrsluna, og til frekari ótilgreindra hækkana á kröfufjárhæðum. Þessi skjöl fela í rauninni í sér nýja kröfugreinargerð af hálfu sóknaraðila af því tagi, sem sóknaraðili hefði átt að byrja málið með. Gerðardómsreglurnar leyfa varnaraðila minnst 30 daga til að svara slíkri greinargerð.

Varnaraðilar óska að greiða fyrir sóknaraðila og gerðarmönnum eins og nokkur kostur er í sambandi við yfirheyrsluna, en það er að sjálfsögðu líkamlega ómögulegt fyrir þá að kanna fyllilega þessi nýju og umfangsmiklu gögn og svara þeim á einni einustu vinnuviku eða svo. Það er leitt, að þessi aðstaða skuli hafa skapast sem afleiðing af því, að sóknaraðili skyldi láta undir höfuð leggjast að fylgja reglunum eða að leggja fram þessi frekari skjöl á þeim níu mánuðum, sem hann hefur haft til ráðstöfunar, síðan hann byrjaði gerðardómsmálið. Það er grundvallaratriði, að varnaraðili eigi rétt á hæfilegu tækifæri til að kynna sér skjöl sóknaraðila, eins og hann á mjög óviðeigandi hátt hefur gefið sóknaraðila fullt færi á að kanna gögn sín með því að fylgja reglunum. Það er sömuleiðis grundvallaratriði, að ekki eigi að svipta varnaraðila rétti sínum til að veita skrifleg andsvör við kröfugreinargerð sóknaraðila fyrir þá sök, að sóknaraðili hafi látið undir höfuð leggjast að fylgja reglunum í fyrstu byrjun.

Að byrja yfirheyrsluna, áður en varnaraðili og gerðarmenn hafa fengið hæfilegan tíma til að kynna og tileinka sér gögn sóknaraðila, mundi einnig koma í veg fyrir, að yfirheyrslan gæti farið fram í reglu og gengi greiðlega.

Af þessum sökum mun varnaraðili knúinn til þess, þótt honum

þyki það miður, að fara fram á frestun yfirheyrslunnar. Varnaraðili er reiðubúinn að gera allt, sem honum er unnt, til að senda endanlega greinargerð sína á stað um hinn 11. maí og að ljúka við frumathugun á reikningum eins fljótt og unnt er þar á eftir. Okkur sýnist með leyfi, að gerðarmenn muni samt sem áður geta haldið málinu fram með árangri frá 26. apríl til 21. maí með því að verja þessum tíma sem þætti í málsmeðferðinni til að kynna sér hin nú umfangsmiklu skjöl og hin væntanlegu skjöl frá varnaraðila, og með því að kynna málsaðilum þau frekari tilmæli, sem þeir kunna að hafa fram að færa . . ."

Jafnframt sendi umboðsmaður gerðarþola svofellt telex skeyti til umboðsmanns gerðarþola, Gerard E. Fitzpatrick, dags. 26. apríl 1971: „Þótt við séum nú að biðja um frest á yfirheyrslunum, óskum við hér með að tilkynna yður, í samræmi við verksviðslýsinguna, eins og hún stendur nú, að ófengnu samþykki ICC, að við munum leiða eftirtalin vitni af hálfu varnaraðila: Hr. Henrik A. Lund, eftirlitsverkfræðing, Kaupmannahöfn, Hr. Pétur Guðmundsson, fulltrúa eftirlitsverkfræðings, Reykjavík.

Vinsamlegast takið ennfremur eftir, að við kunnum einnig að óska að leiða sem vitni fultrúa frá verkkaupa og hugsanlega fulltrúa fyrir Íslenska Álfélagið h/f (ÍSAL) svo og bókhaldssérfræðing, sem líklega yrði óháður aðili. Við treystum því, að þetta séu nægjanlegar upplýsingar að svo stöddu, en við ættum að geta gefið yður upp nöfn viðkomandi manna innan fárra daga, ef þér óskið.

Við höfum sent beiðni okkar um frestun yfirheyrslnanna til hvers hinna þriggja gerðarmanna með telex frá Tre Falke Hotel í Kaupmannahöfn, dags. í gær. Okkur skilst, að þér teljið það fullnægjandi upplýsingar gagnvart yður, að við skyldum senda telexið til Mulligan deildarforseta gegnum skrifstofu yðar með vinsamlegu leyfi yðar . . ."

Eins og fram er komið hér að ofan, fóru umrædd telex skeyti um skrifstofu lögmanns gerðarbeiðanda í New York. Í skýrslu sinni hér fyrir dómi kveðst umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gerard E. Fitzpatrick, hafa rekist á telex skeyti á skrifstofu sinni mánudagsmorguninn 26. apríl 1971, sem afhenda átti Mulligan dómara. Kveðst umboðsmaður gerðarbeiðenda hafa átt fund með gerðarmönnunum hr. Main og hr. Mulligan í New York, þar sem hann hafi afhent þeim þau gögn, sem afhent voru umboðsmanni gerðarbeiðenda í Kaupmannahöfn og áður er lýst. Við þetta tækifæri kveðst umboðsmaður gerðarbeiðenda hafa mótmælt frestbeiðni

gerðarþola við umrædda tvo gerðarmenn. Í skýrslu sama lögmanns segir, að hr. Main og hr. Mulligan hafi þingað 26. og 27. apríl 1971 og leitast við að bera sig saman við dr. Gunnar Thoroddsen í síma án þess að geta náð í hann. Hinn 27. apríl 1971 hafi þeir sent telex skeyti til Gunnars og látið hann vita um skoðun sína í málinu. Síðan hefðu gerðarmennirnir þrír, nánar að kvöldi 27. apríl 1971, þingað í síma og í því símtali hefðu þeir verið sammála um að álykta, að mótbárur stefnda og beiðni um frest væru ekki réttlætanleg og að málflutningur skyldi fara fram samkvæmt áætlun. Gerðarmennirnir Main og Mulligan hafa staðfest þessa lýsingu sem rétta í skýrslu, sem lögð hefur verið fram hér í dóminum.

Síðastnefnt telex skeyti þeirra Main og Mulligan til Gunnars Thoroddsens, sent 26. apríl 1971, hefur verið lagt fram í málinu og hljóðar það svo: „Okkur hefur borist telex hr. Torfason og hr. Abrahamson frá Kaupmannahöfn varðandi frestun málsins. Við höfum þingað saman 26. og 27. apríl og á þeim tíma reynt að ræða við yður í síma, en ekki tekist að ná sambandi. Eftir að hafa gætt allra atriða er það álit okkar að:

1) Gerðardómsþinghaldið ætti að hefjast á áætluðum tíma hinn 4. maí, eins og samþykkt var í Lissabon og staðfest á ný í Washington.
2) Með tilliti til allra atvika hafa skjöl sóknaraðila og endanleg greinargerð að okkar dómi verið lögð fram hæfilegum tíma fyrir byrjun þinghalds, eins og krafist er í verksviðslýsingu.
3) Megnið af því efni, sem þarna var lagt fram, hefur annaðhvort þegar verið lagt fram af hálfu varnaraðila eða um það verið fjallað í fyrri viðræðum á milli aðilanna.
4) Við teljum, að tíminn sé nægur fyrir alla aðila og gerðarmenn til að lesa og búa sig undir þinghaldið og einskis frekari tíma sé þörf.

Okkar eigin áætlanir og ráðagerðir hafa verið gerðar í trausti á þá tímasetningu, sem áður var tiltekin. Við hefðum fremur kosið að ræða þetta við yður í síma. Eins og sakir standa tímans vegna biðjum við yður að gera hr. Torfason kunnugt um álit þetta eins fljótt og þér getið við komið með góðu móti . . .“

Loks hefur verið lagt fram í málinu bréf umboðsmanns gerðarbeiðenda, dags. 28. apríl 1971, til gerðarmanna og umboðsmanns gerðarþola. Í bréfi þessu vekur umboðsmaður gerðarbeiðenda athygli á því, að 99 af hinum 100 merktu fylgiskjölum hafi verið bréf eða fundargerðir, sem aðiljar hafi skipst á, meðan verkið

stóð yfir. Enn fremur hafi varnaraðili sjálfur lagt fram í gerðardómsmálinu 47 af þessum 100 fylgiskjölum. (Hér er átt við fylgiskjal A í báðum tilvikum).

Mánudaginn 3. maí 1971 komu gerðarmenn saman í stöðvum Gerðardómsfélags Bandaríkjanna í New York til fundar, áður en málflutningur hófst daginn eftir. Umboðsmenn stefnda áttu þá fund með gerðarmönnum ásamt umboðsmanni stefnenda. Á þessum fundi afhentu umboðsmenn stefnda svonefnda endanlega greinargerð stefnda ásamt nokkrum viðbótargögnum að því er virðist. Í greinargerð þessari segir m. a., að á hana beri ekki að líta sem fullnaðarsvar við greinargerð verktaka með tilliti til þess tíma, sem varnaraðili hafi haft yfir að ráða til að ganga frá greinargerðinni. Enn fremur er tekið fram, að greinargerðin sé lögð fram að áskildum öllum rétti varðandi þá staðhæfingu varnaraðilja, að framkoma sóknaraðilja feli í sér brot á gerðardómsreglum Alþjóðaverslunarráðsins. Í greinargerðinni er síðan vikið að fylgiskjali C og gerðar við það stuttar athugasemdir að lokinni lauslegri könnun, eins og þar segir. Þá segir í þessari greinargerð, að þótt verkkaupa hafi ekki verið kleift að gera meira en að blaða í gegnum suma kafla í fylgiskjali B, sé samt ljóst, að fylgiskjalið hafi að geyma rangar og villandi upplýsingar. Sagt er í greinargerðinni, að fylgiskjal B sé ekki skrá um kostnað, eins og gerðarbeiðendur haldi fram. Þannig séu innifalin í nefndu fylgiskjali 5% fyrir „áætlaðan hagnað", þrátt fyrir það að 12. gr. verksamningsins veiti verktaka aðeins rétt á „útgjöldum". Einnig sé þar um að ræða kröfu vegna „fastakostnaðar í aðalstöðvum", sem nemi 3.5%. Þá er bent á, að sumir liðirnir í fylgiskjali B fjalli um greiðslur, sem inntar séu af hendi í tilteknum mánuðum, en varði engu að síður kostnað, sem á hafi fallið í öðrum mánuðum. Því sé útilokað á grundvelli þessa fylgiskjals að gera svo mikið sem að koma tölu á kostnað verktaka á því tímabili, sem krafan fjallar um. Enn fremur sé mikið af texta þessara „reikninga" óskiljanlegur og allar tölur séu settar fram í þýskum mörkum, einnig fyrir útgjöld innt af hendi í íslenskum krónum, án nokkurra skýringa varðandi umreikningsaðferðina. Enn fremur er tekið fram, að niðurstöðutalan í fylgiskjali B komi ekki heim og saman við þá kröfu, sem sett hafi verið fram í málinu á fyrri stigum þess. Loks segir, að verkkaupi sé knúður til að fara fram á, að gerðarmenn hafi ekki að neinu umrætt fylgiskjal B né leyfi verktaka að vitna í það í þinghaldinu. Var þess krafist, að skjalið yrði dregið til baka þegar í stað. Segir, að verktaka ætti ekki að líðast að halda fram nein-

um fjárhæðum sem „kostnaði" sínum á tímabilinu eftir 17. maí 1968, nema verkkaupa sé veitt fullt færi á að kanna bókhald hans og fylgiskjöl fyrir allt tímabil þessa verksamnings. Lögmaður gerðarbeiðenda kveðst í skýrslu sinni, sem hér hefur verið lögð fram í dóminum, hafa haft alvarlegar áhyggjur af því, að mótbárur stefnda kynnu að beinast að því að ónýta málsmeðferðina, með því að haldið yrði áfram að koma fram með nýjar og breyttar mótbárur gegn gögnum stefnenda. Samkvæmt því kveðst hann hafa tekið málið til meðferðar í upphafsræðu sinni, þegar málflutningur hófst 4. maí 1971.

Eins og áður segir, hófst þinghaldið 4. maí 1971 og stóð til 19. maí sama ár. Það, sem fram fór í þinghaldinu, var fært til bókar, og hefur endurrit þess verið lagt fram hér í dóminum, rúmlega 1000 blaðsíður að stærð. Nauðsynlegt er vegna úrslita málsins og til skýringar á málavöxtum að rekja hér nokkuð af því, sem þarna fór fram í byrjun þinghaldsins.

„HERRA FITZPATRICK, óskið þér að taka til máls?"

HR. FITZPATRICK: Þakka yður fyrir, Mulligan deildarforseti . . .

Það er eitt atriði enn, sem hefur orðið mér nokkurt umhugsunarefni, og það er varðandi ummæli varnaraðila um hina endanlegu greinargerð okkar og fylgiskjölin, sem höfnin (misritun fyrir: hafa verið) lögð fram, sérstaklega varðandi fylgiskjal B, sem eru kostnaðarupplýsingarnar, er við byggjum á varðandi allsherjarkröfuna nr. 12.

Hafi ég ekki misskilið ummæli varnaraðila í skjölunum, sem afhent voru í gær, þá skilst mér, að hann haldi því fram, að þetta séu ónóg sönnunargögn um kostnaðinn, og að hann heimti og áskilji sér rétt — hann áskilji sér rétt til að rannsaka — og krefjist þess að lögð séu fram — reikningsfylgiskjölin og frumgögnin um kostnað þann, sem í kröfunum getur.

Nú er það svo, að þetta var rætt að nokkru marki í Washington. Ég benti þá á, að það sé líkamlega ómögulegt, í máli af þessu tagi og í réttarhöldum af þessu tagi að leggja fram bókstaflega heila herbergisfylli af fylgiskjölum og reikningum frá hinum ýmsu seljendum efnis og þjónustu, vissulega launaskrár og tímaspjöld. Þetta er fyrir hendi í Essen. Megnið af gögnunum, reikningum og frumgögnum eru fyrir hendi. Það er einnig hægt að setja þau inn í tölvubókhaldskerfi, en það er hinn helsti og venjulegi háttur, sem Hochtief, sóknaraðilinn, er var fyrirsvarsaðili samstarfsfélags verktakanna, hefur á reikningum sínum og fjárhagslegu bókhaldi.

Bókhaldsgögn þau, er við höfum lagt fram, er mynda fylgiskjal B, hafa í reynd sætt endurskoðun frá hendi reglulegra þýskra endurskoðenda með reglulegum formlegum hætti, eins og tíðkast í viðskiptum.

Bókhaldið og reikningsfylgiskjölin og öll frumskjölin hafa alltaf verið fyrir hendi til athugunar, og þau verða enn fyrir hendi til athugunar af hálfu varnaraðila. En tímans vegna og með tilliti til þeirra tímatakmarka, sem fyrir okkur munu verða, þegar þinghaldinu lýkur, þá mundi ég leggja til, að óháð endurskoðun, ef hún telst nauðsynleg og ef varnaraðili óskar eftir henni, verði undirbúin og framkvæmd nú þegar, og við þykjumst þess fullvissir, að efni fylgiskjals B frá okkur mundi hljóta staðfestingu við hverja slíka óháða endurskoðun.

Það, sem við höfum lagt fram, er eina leiðin, sem við er komandi að fara í máli af þessu tagi. Þetta eru samandregin yfirlit tekin upp úr þessu kostnaðarbókhaldi, og með þeim eru einnig tölvuútskriftarblöðin, sem yfirlitsblöðin byggjast á, og allt þetta má endurskoða, ef varnaraðili óskar þess, með því að fara í sjálft bókhaldið og fylgiskjölin og reikningana.

Það er tillaga mín, að þetta verði framkvæmt við fyrstu hentugleika, ef það telst nauðsynlegt, þannig að unnt sé að ljúka því svo tímanlega, að þessi gerðardómur geti tekið tillit til þess við endanlegar yfirveganir sínar.

Svo ég víki aftur augnablik að málflutningi mínum, eins og ég hef ráðgert hann, þá munum við reyna, eins og ég sagði, að ljúka við frásögnina af verkinu svo fljótt sem hægt er, og við munum einnig, og höfum búið okkur undir það, haga túlkun (misritun fyrir: leiðingu) vitnanna eða efnisröð spurninganna þannig, að hæft geti hr. Lund, sem mér skilst, að muni koma fyrir dóminn fyrir varnaraðila, og sem er háður tímatakmörkum þannig, að hann þarf að fara annað hinn 10. maí að ég held.

Þannig með endurskoðunina (?) á síðari stigum þinghaldsins, eftir að við kunnum að geta sleppt hendi af hr. Lund, þá kann gerðarnefndin að telja hana nauðsynlega, og hún kann að vilja hlýða á frekari vitnisburð um það, sem ég mundi telja hin minni háttar ágreiningsefni, sem ekki snerta beinlínis vitnisburð eða skýringu frá hr. Lund eða kalla á þau.

Ég held, að ég hafi ekki fleira að segja að sinni, herrar mínir. Ef um er að ræða einhverjar spurningar, mun ég fúslega reyna að svara þeim.

FORSETI: Engar spurningar. Þakka yður fyrir, hr. Fitzpatrick. Þá er það, fyrir varnaraðila, hr. Abrahamson.

HR. ABRAHAMSON: Já, afstaða varnaraðila er sú, að hér sé um að ræða venjulegt form á alþjóðlegum verksamningi, þar sem hann (varnaraðili) skipaði óháðan eftirlitsverkfræðing, sem hefur tilteknum skyldum að gegna gagnvart honum og tilteknum skyldum gagnvart verktakanum, þess eðlis, að þær eru hálfgildings dómaraskyldur, og að eftirlitsverkfræðingurinn hafi leyst þessar skyldur af hendi. Að í sérhverju tilfelli, sem verktakinn krafðist framlengingar á verktíma, hafi eftirlitsverkfræðingurinn íhugað það mál, og í sumum tilfellum fyrr en skylt var að íhuga það samkvæmt verksamningnum, þar sem sóknaraðili hafði ekki gert grein fyrir framlengingum þeim, sem krafist var, þannig að verkfræðingnum var gert erfitt um vik. Að sérhverjar framlengingar, sem sóknaraðili átti rétt á, hafi verið veittar, og að lúkningardagur verksins hafi í reyndinni orðið, eftir að lúkningartími samkvæmt verksamningnum var liðinn, þannig að engin spurning sé um neina flýtingu á verkinu.

Varnaraðili heldur því einnig fram, að ekki hafi verið um að ræða (nema) eina breytingu á verkinu. Að í samningsforminu hafi verið ákvæði um verkbreytingar, þar sem verkbreytingar séu að sjálfsögðu ekki óvenjulegar í samningum af þessu tagi. Að þetta hafi verið eðlileg og á engan hátt óvenjuleg verkbreyting, sem verkfræðingurinn hafi bætt við á (misritun fyrir: samkvæmt) hinu viðeigandi samningsákvæði, og sem sóknaraðili hafi fengið greiðslu fyrir. Og varnaraðili telur ekki, að orðið hafi nein meiri háttar röskun né heldur, að orðið hafi nein meiri háttar keðjuverkun né neinir erfiðleikar umfram þá venjulegu erfiðleika, sem við verður að búast í verkefni af því umfangi, sem hér var um að ræða, og í byggingu mannvirkja.

Í sambandi við grundvöll þeirrar kröfu, sem varnaraðild (misritun fyrir: sóknaraðili) hefur borið fram, þá hefur verið skorað á varnaraðila (misritun fyrir: sóknaraðila) við mörg tækifæri að leggja fram við eftirlitsverkfræðinginn, eða ræða við verkfræðinginn, verðmæti, samningsverðmæti, hins breytta verks, og hann hefur neitað að sinna því. Það er skoðun varnaraðila, að fyrir því sé enginn grundvöllur, hvorki að lögum né eftir efni málsins, að inna af hendi greiðslu í rauninni eftir kostnaði frá degi, sem varnaraðili telur enga þýðingu hafa, þ. e. frá deginum 17. maí 1968.

Á þessu er sá frekari annmarki, sem varnaraðili álítur mjög alvarlegan annmarka, að sóknaraðili hefur ekki sýnt, hver kostnað-

ur hans frá þessum degi var; að hann er að gera kröfu fyrir kostnaði, en að það er útilokað fyrir varnaraðila eða gerðarnefndina að ganga úr skugga um, hver þessi kostnaður var, og þetta leiðir okkur að vandamálinu um reikningafylgiskjalið, sem hér hefur verið lagt fram.

Annmarkarnir, sem varnaraðili sér á þessu skjali, eru margir, hann hefur haft mjög skamman tíma til að athuga það. En hinn fyrsti annmarki er sá, að þetta er ekki skjal, sem sýnir kostnað, því að í því er innifalið álag vegna ágóða, og einnig álag vegna hlutdeildar höfuðstöðva, en þessir liðir einir svara samtals átta og hálfum af hundraði af upphaflega samningsverðinu.

Í Washington, þegar við ræddum spurninguna um reikninga, þá sagði ég, að mér virtist, að ekki mundi þurfa að athuga fylgiskjöl. En ég stóð þá í þeirri trú, að við mundum fá í hendur reikninga, með því sniði, sem varnaraðili telur vera hið venjulega, það er reikninga, þar sem kostnaðarlið þeim, sem færður er, sé lýst að nokkru marki í nánari atriðum.

Til dæmis, ef um er að ræða færslu vegna vinnutækja, þá eru sögð deili á vinnutækinu, hve margar stundir hafi verið unnar með tækinu, og hvaða verðtaxti sé settur upp, og þegar fyrir liggja reikningar af þessu tagi, þá kann að sjálfsögðu svo að vera, að ekki sé nauðsynlegt að gera samanburð við hin sundurliðuðu fylgiskjöl.

Varnaraðili hefur fengið mjög lauslega umsögn frá bókhaldsfróðum aðilum, og sú umsögn, sem hann hefur fengið, er á þá lund, að hinar tilgreindu upplýsingar séu óskiljanlegar, og að svo virðist sem margir liðanna varði ekki kostnað á tímabilinu, heldur greiðslur á tímabilinu. Og varnaraðili mundi vissulega reiðubúinn til samstarfs um að reyna að skipuleggja nú þegar fullkomna endurskoðun að sínu leyti, ef sóknaraðili er reiðubúinn til að leyfa að endurskoðunin nái yfir allt samningstímabilið, þar sem varnaraðila sýnist svo, að ógerlegt sé að skipta kostnaðinum frá viðkomandi dögum án þess að fara í gegnum allan samningstímann. Þar sem reikningur þessi, eins og ég sagði, virðist í mörgum tilfellum vera reikningur um greiðslur á tilteknum tíma fremur en um kostnað áfallinn á tilteknum tíma.

Það er einnig um að ræða anmarka varðandi uppdrátt þann, er lagður hefur verið fram, sem varnaraðili hefur bent á, að villur séu í, og varnaraðili hefur látið í ljós, að lausnin í því sambandi gæti verið sú að nota hinar upprunalegu framvinduáætlanir verk-

takans, fremur en uppdrátt, og hann hefur lagt fram þessar áætlanir í smækkuðu formi.

Að því er málflutningsaðferðina varðar, þá væri varnaraðila þökk í því, ef látin yrðu bíða sum af þeim atriðum, sem máske munu ekki þurfa þess, að hr. Lund verði viðstaddur, svo sem matskrafan (misritun fyrir: gengislækkunarkrafan), og að þessu áskildu er það ætlun þeirra að endurtaka ekki það, sem þegar liggur fyrir í skjölum málsins, og að taka tillit til ábendinga gerðarmanna að því er varðar þau frekari sönnunargögn, sem gerðarmenn óska eftir frá varnaraðila í því skyni að ganga úr skugga um staðreyndir málsins.

FORSETI: Er athugasemdum yðar þá lokið?

HR. ABRAHAMSON: Svo er.

FORSETI: Ég held, að við ættum að gera hlé í tíu mínútur að svo komnu.

(Stutt hlé gert hér).

FORSETI: Herrar mínir, eitt af þeim atriðum, sem athygli okkar hefur beinst að, er umræðan um þýðingu fylgiskjals B, reikninganna, hvort þeir sanni raunverulega kostnað eða ekki í núverandi formi, og tilboð sóknaraðila um að láta endurskoða bókhald sitt. Allt þetta vekur til brýnnar umhugsunar.

Sú spurning, sem við höfum rétt áðan verið að ræða okkar í milli, er þessi, er yfirleitt um það að ræða, að hinn raunverulegi kostnaður verktakans mundi geta orðið réttur skaðabótagrundvöllur.

Áður en lagt sé til við aðilana, að þessi endurskoðun fari fram, með hliðsjón af þeirri staðreynd, að hún yrði líklega all-kostnaðarsöm, all-tímafrek, mundum við vilja spyrja, hvort aðilarnir vildu á þessu stigi málsins snúa sér að þeirri spurningu, hvort nokkur grundvöllur sé fyrir raunverulegum kostnaði, tilkomnum eftir ákveðinn dag, ásamt ágóða, og höfuðstöðvakostnaði, sem viðeigandi mælikvarða á skaðabætur.

Nú, ef þetta kemur öðrum aðilum á óvart, þá mundum við að sjálfsögðu fresta þessu til morguns, án þess að trufla venjulegan málflutning ykkar. En hvernig sem málið annars fer, áður en svo mikið sem nefnt er, að endurskoðunin fari fram, erum við að velta því fyrir okkur, hvort raunverulegur kostnaður geti yfirleitt á nokkru stigi orðið mælikvarði — viðeigandi mælikvarði á skaðabætur.

Munduð þér vilja ræða þetta atriði, hr. Fitzpatrick?

HR. FITZPATRICK: Já, ég vildi gera nokkrar athugasemdir, Mulligan deildarforseti.

Ég held því fram að hann (kostnaðurinn) sé viðeigandi mælikvarði á það, hvað hið sanngjarna verðmæti sé. Að undirstöðu til er sá mælikvarði, sem við erum að fara fram á, hið sanngjarna verðmæti, og að sjálfsögðu eru þættirnir, sem það mynda, eins og ég benti á áðan, í fyrsta lagi —

FRSETI: Má ég skjóta inn? Þegar þér segið „Sanngjarnt verðmæti", er það þá sanngjarnt verðmæti þess verks, sem umbj. yðar leysti af hendi?

HR. FITZPATRICK: Já.

FORSETI: Þér segið, að nokkur sönnun um þetta sé það, sem umbj. yðar varði til í reyndinni?

HR. FITZPATRICK: Það, sem það kostaði, svo og hagræði til handa þeim aðila, sem hagræðis mun njóta, nefnilega verkkaupa eða þeirra, sem nota mannvirkið.

FORSETI: Er þá átt við, að um samningsrof sé að ræða af þeirra hálfu?

HR. FITZPATRICK: Það er átt við, að um þvílíka röskun sé að ræða. Það er líka grundvöllur í samningnum, og rétt að ég byrji út frá því atriði.

Samningsverðið, og við byggjum kröfu nr. 12, í undirstöðuatriðum, á 12. gr. verksamningsins, hinna almennu skilmála, sem er að finna í fylgiskjali A, á bls. 3 í þeim kafla, sem prentaður er með smáletri. Og við höldum því fram, að fullt endurgjald, ef ég má hafa hliðsjón af orðalaginu á upphafi greinarinnar, þar sem náttúrlegar tálmanir koma til, ef verktaki mætir aðstæðum frá náttúrunnar hendi eða tilbúnum hindrunum (þ. e. gerðum af manna höndum — þýð.), sem ekki var unnt að sjá fyrir með hæfilegri aðgæslu, og svo framvegis, þá ber verkkaupa að greiða þau auknu útgjöld, sem verktakinn hefur orðið fyrir vegna slíkra aðstæðna, þar með talin réttmæt og eðlileg útgjöld vegna framkvæmdar hvers konar fyrirmæla, sem eftirlitsverkfræðingurinn kann að gefa verktaka í sambandi við þær, svo og vegna réttmætra og eðlilegra ráðstafana, er verkfræðingurinn veitir sönnun (misritiun fyrir: samþykki), sem verktaki kann að grípa til án þess að hafa haft um það sérstök fyrirmæli, sem afleiðing af því, að slíkar aðstæður eða hindranir komu til.

Við höldum því fram, að það ákvæði, að verkkaupi skuli greiða viðbótarútgjöld, verði einungis mælt við og því beitt um það, sem útgjöldin urðu í raun og veru.

Nú, þetta á við um kröfu nr. 12. Án þess að farið sé út í nein smáatriði varðandi gengislækkunarkröfurnar, þá er þar um að ræða annað ákvæði, sem hefur mjög víðtækt gildissvið, og það er 71. grein um gengislækkanir. Og þar er það eins, að mælikvarðinn...

FORSETI: Hvaða flokkur (misritun fyrir: grein) er þetta?

HR. FITZPATRICK: Grein 71, sem mundi vera á bls. 17 í smáleturssprentinu.

Verkkaupi skal greiða verktaka allan aukinn kostnað við eða í sambandi við framkvæmd verksins. Og aftur er það kostnaður, sem er mælikvarðinn.

Og ég mundi vilja vekja athygli gerðarnefndarinnar á einu samningsákvæði enn, ef þér vilduð afsaka mig augnablik. Ég held ég sé að leita að sérstökum áhættum.

Já, ákvæðið er í hinum almenna kafla um „Sérstakar áhættur", sem byrjar neðst á bls. 14, málsgr. 65 — þ. e. a. s. 65. grein, með all-mörgum undirgreinum yfir á næstu síðu. Ég held að þér munið sjá — og ég bið velvirðingar á því, að ég skuli ekki benda á til tekna málsgrein nú þegar — að tilætlunin er einnig þarna, mælikvarðinn, sem þarna er vísað til, er útgjöld og kostnaður.

Þannig, án nokkurs tillits...

FORSETI: Hvaða grein er þetta?

HR. ABRAHAMSON: Það er 65. grein.

HR. FITZPATRICK: Þannig, deildarforseti, svo ég taki beint til við spurningu yðar þess efnis, hvort við höldum því fram, að um samningsrof sé að tefla, og að mælikvarðar þessir eigi þess vegna við á grundvelli almennra laga, nei, við byggjum ekki eineinungis á samningsrofi, heldur treystum við fyrst og framst á hin samningslegu úrræði og tiltekin og bein ákvæði verksamningsins.

Nú, ef mér leyfist að útlista þetta frekar á síðara stigi, þegar við á, þá hef ég ekki fleira fram að færa um þetta atriði að svo stöddu.

FORSETI: Hr. Abrahamson?

HR. ABRAHAMSON: Herrar mínir, viðhorf varnaraðila er það, að þessi atvik falli í reyndinni undir 52. grein, en það er sú grein, er fjallar um verkbreytingar, eins og ég gat um, og mælir fyrir um greiðslu samkvæmt þeim einingarverðum, sem eftirlitsverkfræðingurinn metur sanngjörn og réttmæt. Og í þessu felast að sjálfsögðu ýmsar spurningar. Það má líta á kostnað verktakans, sá kostnaður kann að vera ósanngjarn, vegna þess að tilboðstakinn

skili lélegum afköstum. Hann kann að hafa sett tilboðstaxta sína of lága í upphafi vegna þess, að hann hafi áætlað verkið of lágt, og af þessum sökum er undirstöðuákvæðið um verðlagningu þess efnis, að verðleggja skuli samkvæmt tilboðstöxtum verktakans. Megingrundvöllur verksamnings um mannvirkjagerð er einmitt sá, að maður rekur sig fram að verði fyrir verkbreytingar út frá tilboðstöxtum hans (verktakans), að hann hafi lofað ekki aðeins að framkvæma hið upphaflega verk á tilboðstöxtum sínum, heldur einnig að framkvæma breytingar á verkinu á tilboðstöxtum sínum eða verðum, sem leidd eru af þeim töxtum.

Nú, þetta er málsástæða varnaraðila.

Á hinn bóginn hneigjumst við til að halda, að þar sem við höfum ekki nákvæmar upplýsingar, getum við ekki sagt það með vissu, en við hneigjumst til að halda, að það mundi engan mun gera, þótt krafa sóknaraðila yrði meðhöndluð samkvæmt 12. grein, því að 12. grein er alþekkt ákvæði í iðnaðinum og er margoft beitt. Því hefur aldrei heyrst haldið fram, að þar sem tálmanir frá náttúrunnar hendi koma fram í einhverjum þætti verksins, þá merki það, að á þeim degi, sem þær koma í ljós, og áður en nokkur frekari vinna er unnin, skuli gervöll vinna, sem eftir er í því verki, verða greidd á grundvelli kostnaðar. Og vissulega er þetta ekki það, sem greinin kveður á um.

Það, sem greinin kveður á um, er hitt, að verkkaupandi skuli greiða þau auknu útgjöld, sem verktakinn verður fyrir af völdum þessara tálmana, og síðar í greininni er talað um útgjöld, sem séu afleiðing af þessum tálmunum. Þannig að útgjöld geta skipt máli, en það verður nauðsynlegt fyrir verktakann að gera greinarmun á þeim útgjöldum sínum, sem stafa af tálmununum, og þeim útgjöldum sínum, sem geta, eins og ég hef nefnt, stafað af óteljandi öðrum atvikum, og standa máske ekki í neinum tengslum við tálmanirnar yfirleitt. Og varnaraðili hefur skorað á sóknaraðila, og skorar enn á hann, að fara yfir bókhaldstölur sínar og setja fram greinargóðar upplýsingar um þau viðbótarútgjöld, sem — ég vitna nú í 12. grein — „þau auknu útgjöld, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna slíkra aðstæðna“, ekki bara heildarkostnað sinn frá tilteknum degi, heldur þau auknu útgjöld, sem stafa af aðstæðunum. Og hið sama gildir um 65. grein, þar sem um er að ræða útgjöld vegna styrjaldaraðgerða, það eru ekki öll útgjöld frá tilteknum degi, heldur útgjöld, sem stafa af tilteknu atviki. Þannig að varnaraðili (misritun fyrir: sóknaraðili) verður að sanna,

að hann hafi orðið fyrir útgjöldum, og að þau séu af völdum tiltekins atburðar.

Nú, varnaraðili (misritun fyrir: sóknaraðili) hefur í verksviðslýsingu sinni lýst kröfunni vegna 12. greinar, sem kröfu um — ef mér leyfist að vitna í skjalið, þetta er á bls. 4 (bls. 6 í þýðingu) um kröfurnar um auknar fébætur. Orðalagið, sem þar er notað, er „sóknaraðili heldur því fram, að eini rýmilegi mælikvarðinn á tjón þeirra sé hinn raunverulegi kostnaður af verkinu frá ... degi". Og ég held, að gerðarnefndin muni skilja áhyggjur varnaraðila af því tilefni, að kröfufjárhæðin felur ekki í sér raunverulegan kostnað. Hún felur í reyndinni í sér 17% hækkun á upphaflega samningsverðinu, ekki átta og hálft, eins og ég sagði. Ég verð að biðja velvirðingar á reikningslist minni.

Að lokum eitt atriði, sem varnaraðili verður að leggja mjög ríka áherslu á. Það var áðan minnst á 71. grein, sem er ákvæði um efnahagslega röskun. Nú hefur sóknaraðili gert fulla grein fyrir kröfu sinni samkvæmt þessari grein við mörg tækifæri. Og túlkun sinni á greininni, sem veiti honum rétt til (bóta vegna) aukins kostnaðar, er stafi af efnahagslegri röskun á Íslandi, hafi hún átt sér stað. Hér var enn mjög verulegur mismunur á milli aukins kostnaðar af völdum efnahagsröskunar og alls kostnaðar frá tilteknum degi. En sóknaraðili hefur borið fram þessa túlkun og aðra víðtækari túlkun á 71. grein, eftir að verksviðslýsingin var gerð og skilyrt af (misritun fyrir: til viðbótar) henni. Og varnaraðili mundi halda því fram, að sú rökfærsla, auk þess sem hún eigi sér enga hugsanlega stoð í greininni, sé ekki í reynd heimild varnaraðila (misritun fyrir: sóknaraðila). Og afstaða varnaraðila, grundvallarafstaða okkar, er sú, að þetta skjal hafi enga þýðingu í málinu. En að sjálfsögðu var okkur nauðsynlegt að gera þann áskilnað, að ef gerðarmenn gætu ekki fallist á þetta, þá yrði mjög ítarleg endurskoðun að fara fram, og síðan að athugast gaumgæfilega, og þetta mundi vissulega taka alllangan tíma, eins og þér munuð gera yður ljóst.

FORSETI: Ég vildi aðeins segja, herrar mínir, að við bárum upp þessa spurningu, ef til vill á röngu stigi málsins, og áttum þá von á rökfærslu eins og þeirri, sem fram hefur verið borin, einungis vegna þess, að spurningin um það, hversu æskileg endurskoðun væri, kom upp.

Með öðrum orðum, hvort 52. grein á við, eða 12. grein, hvort raunverulega var um að tefla breyttar aðstæður, hvaða áhrif það hafði á heildarframvindu verksins, og svo framvegis, þetta eru

spurningar, sem við getum ekki svarað að svo stöddu. Spurningin nú var, hversu sem málið fer, án tillits til þeirrar afstöðu, sem við kunnum að taka að lokum, mundi endurskoðun vera viðeigandi, hvaða atriði mætti leiða í ljós með endurskoðun, hve langan tíma mundi hún taka, hversu dýr yrði hún, og þetta er spurning, sem ég mundi vilja — með öðrum orðum, án þess að binda okkur á nokkurn hátt, eða við neina afstöðu, mundi endurskoðun, að áliti lögmanna á hvora hlið, beggja aðilja, vera viðeigandi?

FORSETI: Hr. Fitzpatrick?

HR. FITZPATRICK: Já, ég var að reyna að útlista það atriði, Mulligan deildarforseti. Ég túlkaði máske spurningu yðar þrengra en til var ætlast af yðar hálfu. Mér skilst, að spurningin sé þess efnis, hvort raunverulegur kostnaður skipti máli í raun og veru. Og ég held, að það sé ljóst, að minnsta kosti fyrir mér, að verksamningurinn gerir ráð fyrir kostnaði og útgjöldum sem þáttum í bótum við þessar aðstæður.

Nú, að sjálfsögðu, hvort þér að lokum úrskurðið, að þessar greinar eigi við eða ekki, nú, það er út af því, sem við sitjum hér, þetta verður auðvitað að úrskurða um það er lýkur. Sömuleiðis verður það, sem við höfum sagt, var þetta í sannleika kostnaður eða ekki, einnig að úrskurðast. Og við segjum, að það, sem við höfum sett fram í fylgiskjali B, sé sá kostnaður, sem tilheyrir viðkomandi tíma, og við erum fyllilega reiðubúnir til að láta endurskoða hann til að sýna fram á, að hann sé réttur og sannur.

Nú, satt að segja hefðum við kannske getað tekist á hendur fyrir löngu síðan það verkefni að leggja fram svipað yfirlit fyrir allt verkið, heildarframkvæmdina. En verktakinn hafði í upphafi takmarkað sig við þessar ráðstafanir, af ýmsum ástæðum, eins og nánar mun koma fram undir rekstri málsins.

Félagar mínir hafa látið uppi við mig það álit, að endurskoðun á því, sem við höfum lagt fram, mætti ljúka á tveimur til þremur vikum. Hver kostnaðurinn við hana yrði get ég ekki sagt um að svo stöddu, ég hef ekki fengið áætlun um það. Endurskoðun á öllu verkinu mundi taka hlutfallslega svipaðan tíma. Kannske, og þetta er ágiskun mín, fjórar til sex vikur.

Annars mun ég reyna að afla nákvæmari upplýsinga frá Þýskalandi í dag, eftir að við höfum lokið fyrstu afgreiðslu á þessu atriði. Og mér virðist, og ég get ekki látið vera að segja það, finnst mér, að þetta sé enn einn trafalinn, sem verið sé að búa til, að endurskoða verkið frá byrjun, þegar við höfum ekki gert kröfu um kostnað fyrir fyrsta hluta verksins. Og ef það væri ekki vegna

þess dráttar, sem orðið gæti, og hinar voveiflegu afleiðingar, sem hann gæti haft fyrir lyktirnar á þessu gerðardómsmáli, þá mundi ég ekki hafa neitt á móti henni. En að fara aftur á bak og endurskoða allt verkið veldur mér vissulega áhyggjum, aðeins vegna tímavandamálsins, sem í því felst.

FORSETI: Hr. Abrahamson?

HR. ABRAHAMSON: Herrar mínir, afstaða varnaraðila er sú, að endurskoðunin sé ekki — ég held raunar, að fyrst af öllu ættum við máske að gera ljóst, hvað átt er við með „endurskoðun". Við eigum ekki einungis við það, að bera þurfi saman, að þessar tölur séu réttar. Það er að brjóta niður tölurnar, sem er vandamálið, og að fá fram það, sem við mundum kalla sæmilega lýsingu á kostnaðarliðunum. Það eru ýmsir liðir, til dæmis vinnuvélar verktakans sjálfs á hærri töxtum. Svona liður mundi augljóslega þurfa mjög náinnar athugunar við. Það er þetta, sem við höldum, að muni taka mjög verulegan tíma fyrir endurskoðanda að framkvæma, og síðan fyrir okkur að athuga niðurstöðurnar af verki endurskoðandans.

Nú, við höfum vissulega gert málið flóknara með því að fara fram á, að endurskoðunin nái til fyrri hluta verksins, ef af endurskoðun verður, og ég vildi mega nefna dæmi um það, hvers vegna við höfum tekið þessa afstöðu.

Á reikningi nr. 1 (þ. e. fyrir júnímánuði 1968. — Þýð.) er liður, sem sýnir tryggingargjöld til Hermes, og síðan mundi Hermestrygging — þetta er á síðustu blaðsíðu yfirlitsins — og heildarfjárhæð þessa liðar er um það bil 71.000 þýsk mörk. Nú virðist það liggja í augum uppi, að tryggingarkostnaðurinn fyrir júnímánuð getur ekki hafa verið 71.000 þýsk mörk, einkum og sér í lagi þar sem ekki er nein samsvarandi tala í yfirlitunum fyrir næstu mánuði á eftir, og þetta er vandi okkar, og ég vona að gerðarnefndin muni líta á það sem raunhæfan vanda. Við teljum, að ef verktakinn er að gera kröfu á grundvelli 12. greinar, þá sé viðhorf okkar það, að greiðsla verktakans á þessum kostnaði veiti honum engan rétt. Af þessum sökum er reikningurinn þýðingarlaus. Að ef verktakinn vill halda því fram, að krafa sín falli undir 12. grein fremur en 52. grein, þá sé það verkefni hans að leggja fram reikning um þann kostnað, sem tilheyrir hinu aukna verki, sem 12. grein nær yfir, eftir því sem hann heldur fram, að þessi reikningur mundi verða allur annar en sá reikningur, sem hér liggur fyrir, og að okkar dómi mundi hann verða miklum mun minni, bæði að umfangi og fjárhæð. Og sá reikningur kynni þá

að þurfa endurskoðunar við, en sú endurskoðun yrði mjög fljótunnin.

Og afstaða okkar er sú, að ef verktakinn er að gera kröfu á grundvelli 12. greinar, þá sé þar um að ræða fyrir þá að leggja fram ekki reikning um allsherjarkostnað sinn, heldur reikning um kostnað sinn eða útgjöld, er takmarkaður sé við útgjöld, sem tilheyra hinni auknu vinnu, og sá reikningur mundi að sjálfsögðu verða mjög gagnlegur fyrir okkur, enda höfum við verið að biðja um hann alllengi, og við teljum, að hann yrði mjög gagnlegur fyrir gerðarnefndina við úrskurð hennar um það, hvort mat eftirlitsverkfræðingsins var sanngjarnt og hæfilegt eða ekki.

HR. MAIN: Ég held við stöndum hér frammi fyrir nokkuð miklu undirstöðuatriði. Það, sem í þessu felst, þegar öllu er á botninn hvolft, er það, að sóknaraðili er að fara fram á reikningsvinnusamning (cost plus) eftir maímánuð 1968. Ég held það sé —

HR. FITZPATRICK: Í rauninni, já.

HR. MAIN: Í rauninni, það er það, sem það er. Þannig að samningurinn breytist algerlega í eðli sínu. Það sem ég mundi vilja spyrja hr. Abrahamson um, er þetta, telur hann, að endurskoðun sé nauðsynleg, hvernig sem málið fer? Hvað höfum (misritun fyrir: hvað sem) við úrskurðum um það, hvort hann (verksamningurinn) ætti að verða einingarverðasamningur eða reikningsvinnusamningur eftir þann tíma?

HR. ABRAHAMSON: Nei, hr. dómari, ég held ekki, að endurskoðun yrði nauðsynleg, ef þér úrskurðið, að hann ætti ekki að verða reikningsvinnusamningur, og ef þér munduð úrskurða annaðhvort, að greiðsla ætti að fara fram samkvæmt 52. grein, eða að öðrum kosti hitt, að hún færi fram samkvæmt 12. grein, þá mundi sönnunarbyrðin hvíla á sóknaraðila um að sýna þann kostnað, sem leiðir af hinum breyttu aðstæðum og í því tilfelli mundi það verða hlutverk þeirra að leggja fram tölur, sem kannske mundu ekki þurfa endurskoðunar við, ef þær væru nógu greinilegar.

HR. MAIN: Teljið þér þörf á endurskoðun í öllu falli? Ef litið er á bls. 4 í verksviðslýsingunni, þar sem kröfur yðar eru raktar (bls. 7 í þýðingunni), ef allsherjarbætur eru ekki úrskurðaðar ... Mér er ljóst, að ég er að gefa mér forsendur fyrirfram ...

HR. FITZPATRICK: Ef allsherjarbætur eru ekki úrskurðaðar ...

HR. MAIN: Er þá enn þörf á endurskoðun?

HR. FITZPATRICK: Það held ég ekki, nei. Að sjálfsögðu fer

það eftir því, hvort sönnunarmagnið er talið fullnægjandi eða ekki.

HR. MAIN: Að sjálfsögðu snýst allt um þetta. Við þurfum margt að ræða. En ég held, að ég ætti þá að spyrja, hafið þér nokkuð á móti því, að endurskoðun fari fram á reikningum fyrir tímabilið eftir 17. maí 1968?

HR. ABRAHAMSON: Já, hr. dómari, við mundum krefjast þess, að öll endurskoðun næði yfir allan verktímann, með tilliti til þeirra vafaatriða, sem í reikningnum eru. Við mundum halda, að í því fælist mjög verulegur kostnaður og dráttur, sem að lyktum mundi reynast hafa átt rétt á sér. Þetta er það, sem við höfum um málið að segja, að sjálfsögðu, og við mundum hafa nokkrar áhyggjur af hinum aukna kostnaði. Þetta mundi alla vega verða svo umfangsmikið verk, að ég er ekki viss um, hvort fáeinna vikna töf mundi skipta miklu máli. Upplýsingar þær, sem við höfum fengið frá bókhaldsfróðum aðilum, eru í þessa átt, að þetta yrði mikið verk. Ég gæti ekki dæmt um það sjálfur, en sú tala, sem okkur var gefin upp, var mjög há tala. Og gerð venjulegra reikninga, auðvitað, fyrir verk af þessu tagi mundi taka sex eða níu mánuði, geri ég ráð fyrir. Er ekki svo? Venjulegt uppgjör er alltímafrekt fyrirtæki.

HR. FITZPATRICK: Nú, það er fullljóst, að ég held ekkert um þetta, hr. Abrahamson. Því að ég hef þegar sagt, að endurskoðun fyrir það tímabil, sem um er að ræða, mundi taka kannske þrjár vikur.

HR. ABRAHAMSON: Ég held, að vandinn sé fólginn í vissum skoðanamun um það, hvað átt sé við með endurskoðun. En eins og ég var að segja, þá byggi ég hér á áliti, sem ég hef ekki fengið beint, og ég þykist ekki vita með vissu, hvort það er rétt eða ekki.

FORSETI: Við gerum nú aftur hlé í tíu mínútur.

HR. FITZPATRICK: Má ég aðeins bæta einu við til svars við sumum ummælum hr. Abrahamson?

Sóknaraðili hefur — þessi allsherjarkrafa er á engan hátt ný krafa. Henni var hafnað í öndverðu einmitt með þeim rökum og fullyrðingum, sem hr. Abrahamson hefur borið fram, þ. e. a. s. þeir standa fast á því, að kostnaður (sé settur fram) eða kröfur gerðar fyrir sérstaka þætti og hliðar verksins.

Verktakinn hefur haldið við þá aðstöðu sína, og þetta er einmitt kjarninn í kröfu nr. 12, að það sé ómögulegt að sundurgreina og deila niður kostnaðinum nákvæmlega eftir sérstökum þáttum og hliðum verksins, þar sem áhrifin voru bein, sérstaklega að því

er varðar uppgröftinn neðansjávar. Þau bylgjuðust út um alla verkframkvæmdina. Og við höldum því fram, að við eigum rétt á að fá það úrskurðað, hvort við ættum að fá þennan allsherjarkostnað.

Þannig að þetta hefur alltaf verið málsástæða. Varnaraðili hefur aldrei beðið um endurskoðun. Hann bað aldrei um að fá að kanna bækurnar og gögnin, þó að hann gæti hafa gert það hvenær sem var. Hann heldur við þá afstöðu að streitast og neita að líta á kröfuna, nema við gerum grein fyrir einstökum atriðum með sundurliðun, en hana teljum við hafa verið að heita má ógerlega og ómögulega, og áskiljum okkur réttinn til að halda fram allsherjarkröfunni.

FORSETI: Hr. Fitzpatrick, ef svo fer, að við ályktum, að þetta hafi ekki haft þessar óskaplegu afleiðingar, gætuð þér þá ekki sannað tjón varðandi hvern —

HR. FITZPATRICK: Við mundum hverfa aftur að hinum sérstöku kröfum, sem við höfum sett fram til vara, Mulligan deildarforseti, sem við teljum ekki munu veita okkur fullar bætur, þar sem ekki sé unnt að færa nákvæman kostnað til sumra af þessum sérstöku atvikum.

FORSETI: Við gerum nú hlé.

(Hlé).

HR. MAIN: Ég leyfi mér að biðja Mulligan deildarforseta að tjá í mæltu máli, hvað við teljum rétt að gera nú.

FORSETI: Ég vildi þá segja, að við þrír höfum verið að bera okkur saman núna áðan, og álit okkar er þetta: Að við ættum að halda gerðardómsmálinu áfram eins og áætlað var. Að skyldan hvíli á sóknaraðila að sanna, (a) málsástæður sínar, hvort þær feli í sér breytingar innan ramma samningsins, eða ófyrirséðar aðstæður, o. s. frv. Og (b), það hvílir á honum að sanna tjón sitt. Að varnaraðili muni augljóslega verða að sanna fyrir sitt leyti, að ekki hafi komið til neinar breyttar aðstæður, eða að þetta hafi verið venjuleg aðgerð, og að tjónið, ef um er að ræða, beri að bæta á einhverjum öðrum grundvelli.

Við teljum ekki, að viðeigandi væri að gefa öðrum hvorum aðilanna fyrirmæli um að framkvæma endurskoðun. Við teljum, að ef deila verði um fjárhæð tjónsins, þá ætti varnaraðili að sýna fram á, eins og hann hefur bent á í dag, til dæmis, að færsla í sambandi við vátryggingar sé vafasöm, eða að færsla í sambandi við áætlaðan (misritun fyrir: vinnuvélar eða) fastakostnað sé vafasöm, að á grundvelli gerðra krafna og framlagðra sannana ætti hann að bera

fram sérstök mótmæli, og síðan ef gerðarmennirnir ákveða, að í slíku tilfelli ætti endurskoðun, hvort sem er til fulls eða að einhverju takmörkuðu leyti, að fara fram, þá mundum við mæla svo fyrir, og við mundum verða að fresta málinu, þar til árangur slíkrar endurskoðunar hefði verið lagður fyrir okkur, þannig að við gætum komist að skynsamlegri niðurstöðu.

Með öðrum orðum, við munum halda áfram eins og áætlað var, og ég held þess vegna, að ef þér, hr. Fitzpatrick, umboðsmaður sóknaraðila, viljið hefjast handa um málflutning yðar, eins og þér ætluðuð í öndverðu, þá væri rétt að gera það núna . . .“

Síðan hélt rekstur málsins áfram, og voru m. a. yfirheyrð vitni. Við fyrirtekt málsins 10. maí 1971 er m. a. þetta bókað: „ . . . HR. ABRAHAMSSON: Herrar mínir, við höfum gert ljósa grein fyrir afstöðu okkar, og ég tel, að ákvörðun hafi verið frestað um þetta kostnaðarmál. Við erum ekki í aðstöðu til að yfirheyra neitt vitni um þetta kostnaðarskjal vegna þess, eins og við höfum sagt, og ég óska ekki að endurtaka það, að það er hvorki hæft til skilnings né heldur höfum við haft nægilegan tíma til að reyna að skilja það, og þess vegna verðum við að mótmæla því mjög eindregið, að nokkurt vitni beri nokkuð í sambandi við þetta skjal, þar sem okkur er einfaldlega engin leið að vita, hvort framburður þess er réttur eða rangur, eða að kanna hann með samanburði eða spyrja út frá honum, nema sú rannsóknaraðgerð, sem við nefndum í byrjun þessa gerðardómsmáls, verði framkvæmd.

(Stutt hlé var gert hér).

MULLIGAN DEILDARFORSETI: Hr. Abrahamson, við erum sammála því, að framburðurinn komist að. Þér getið ávallt áskilið yður tækifæri til að gagnspyrja hvaða vitni sem er, hvort heldur nú eða á síðara stigi málsins, en við teljum að svo komnu, ef hr. Fitzpatrick óskar að bera fram eða láta bóka um tjónshliðina, og hvernig hann hafi fundið þá, að það eigi þá að færast til bókar á þessu stigi.

Þetta merkir ekki, að gerðardómurinn hafi fallist á, (A) að nokkrar bætur muni fást yfirleitt, (B) að þetta sé viðeigandi mælikvarði á skaðabætur, né heldur (C) að hinar umkröfðu skaðabætur séu réttar. En við teljum, að þetta eigi að vera með í skjölum málsins, þannig að þér hafið að minnsta kosti núna færi á að vita, hvert þér ættuð að beina skeytum yðar.

ABRAHAMSON: Já. Og ég má þá bera fram, að minnsta kosti áskilja mér, rétt minn til að gagnspyrja eftir að fullkomin rann-

sókn á reikningunum hefur átt sér stað, sem gæti, eins og ég segi, tekið nokkra mánuði.

MULLIGAN DEILDARFORSETI: Hr. Fitzpatrick?

FITZPATRICK: Ef ég mætti aðeins gera athugasemd til skýringar á því, hver ætlun mín er með þessu.

Við höfum lagt fram fylgiskjal B, sem er fremur umfangsmikil upptalning á þeim kostnaði, sem um var að ræða við framkvæmdirnar í Straumsvík frá 1. júní 1968 til verkloka.

Við höfum skýrt alloft, að þetta eru augsýnilega ekki frumgögnin, svo sem reikningar seljenda, tímaspjöld, launareikningar. En við höfum lagt þetta fram sem ágrip af reikningum Hochtief varðandi þessa framkvæmd, og við ætlum að leiða fram manninn, sem bar ábyrgð á að taka saman þessi útgjöld, og að skýra hver sé grundvöllur að innihaldi þessa skjals, fylgiskjals B. Og við höldum því fram, að með því að gera það höfum við sannað prima facie, hver þessi kostnaður var.

Að því er varðar nákvæmni þeirra og áreiðanleik, þá fer það að nokkru eftir því, hvort okkur er einfaldlega trúað eða ekki, spurning um trúanleika að nokkru marki, og varðandi endanlega sannprófun þeirra getur vel verið, að þér óskið að fá staðfestingu með skýrslu frá óháðum endurskoðanda. En við teljum, að ásamt með vitniðburðinum og skýringu á þeim kerfum, sem notuð voru til að taka það saman, sé (þetta) prima facie sönnun um það, hver þessi kostnaður var.

Við leiðum hr. Günther Kaltenborn sem vitni varðandi þessi efni . . .“

Síðan á sama degi var vitnið Günther Kaltenborn yfirheyrt um málavexti, en hann var starfsmaður fyrirtækisins Hochtief A/G og hafði séð um form og innihald áðurnefnds fylgiskjals B. Eftir að hann hafði verið yfirheyrður, er bókað:

„ABRAHAMSON: Ég vildi segja, að við höfum verið settir í verulega erfiða aðstöðu, eins og þér munið skilja, varðandi þessa reikninga. Einhverjar tölur hafa verið gefnar upp, sem við höfum einfaldlega ekki haft neitt tækifæri til þess að kanna.

MULLIGAN DEILDARFORSETI: Hafið þér frekari spurningar?

FITZPATRICK: Fyrir hr. Kaltenborn, nei.

MULLIGAN DEILDARFORSETI: Hafið þér nokkrar spurningar, hr. Main?

FORMAÐUR: Nei . . .

ABRAHAMSON: Engin yfirheyrsla . . .“

Eigi verður hér frekar getið þess, sem bókað var í þinghaldinu.

Í 2.1. var stuttlega að því vikið, hvað gerðist í málinu, eftir að þinghaldinu lauk þann 19. maí 1971. Eins og þar getur, skiptust lögmenn aðilja á málflutningserindum til sóknar og varnar dagana 7.—9. júlí 1971 og aftur viku síðar. Sýnast þessi erindi hafa komið í stað munnlegs málflutnings.

Loks er hér rétt að rekja kafla úr skjali, undirrituðu af gerðarmanninum Gunnari Thoroddsen, sem fram hefur verið lagt í málinu:

„Í réttarhaldi 4. maí 1971 lýsti varnaraðili þeirri skoðun sinni, að Appendix B væri þýðingarlaust í málinu og ætti ekki að komast að. Væri rangt að sinna því frekar án undanfarandi endurskoðunar og athugunar. Dómendur gerðu fundarhlé og settust á rökstóla um það mál. Kom þar til orða, hvort ekki ætti að úrskurða þá þegar, að krafa nr. 12, um allsherjarbætur, kæmi ekki til greina. Þar með hefði Appendix B ekki komið frekar við sögu. Ekki þótti þó rétt að ákveða það á því stigi.

Eftir því, sem þá lá fyrir í málinu, kom að mínu mati ekki til greina að fallast á kröfu 12, og þaðan af síður að byggja bætur á heilli bók reikninga, sem gagnaðili hafði ekki nægilegt færi á að athuga né endurskoða. Ef síðari upplýsingar kynnu að leiða til þess, að hugsanlegt væri að taka þessa kröfu til greina og byggja að einhverju leyti á hinu framlagða bókhaldi sækjanda, var slíkt að mínu áliti útilokað, án þess að varnaraðilja yrði áður veittur nægur frestur til athugunar og gagngerrar endurskoðunar á umræddu plaggi.

Þegar það kom í ljós á dómfundi í París í júlíbyrjun 1971, að meðdómendur mínir ætluðu samt sem áður að leggja Appendix B að verulegu leyti til grundvallar dómi sínum, taldi ég það skyldu mína að benda þeim á, að samkvæmt íslenskum lögum væri unnt að bera aðfararhæfi og gildi gerðardóms undir almenna dómstóla, ef málsmeðferð gerðardóms þætti ólögmæt."

2.10 Gerðarmaðurinn James F. Main hefur ritað bréf um hina umdeildu vettvangsskoðun, sem lagt hefur verið fram í málinu. Bréf þetta er í aðalatriðum staðfest af gerðarmanninum William H. Mulligan.

Í bréfi þessu segir m. a., að þar til málflutningur hafi byrjað þann 4. maí 1971, hafi allir aðiljar talið algerlega ónauðsynlegt að fara á staðinn til vettvangsskoðunar. Á fundinum í Washington D.C. í apríl 1971 hafi gerðarmaðurinn Gunnar Thoroddsen að vísu gefið í skyn, að æskilegt væri, að einhver hluti málarekstursins

færi fram á Íslandi með tilliti til kynningar málsins, og hafi hann ítrekað þetta í lok málflutningsins í New York í maí 1971. Kveðst bréfritari út af fyrir sig hafa fallist á að fara til Íslands í slíkum tilgangi, en talið ráðlegt, að hr. Lund og hr. Reuter yrðu til staðar á Íslandi, jafnvel þótt eingöngu væri um að ræða kurteisisheimsókn. Af skýrslu bréfritara, James F. Main, má ráða, að daginn, sem hann ætlaði til Íslands, þ. e. 21. júní 1971, og fimm dögum áður en hann hugðist fara til Parísar, hafi borist svargreinargerð lögmanns stefnda aðeins að hluta. Hann kveðst því í bréfi til Gunnars Thoroddsens hafa skrifað m. a., að mat sönnunargagna og annarra gagna reyndist flókið mál og að bréfsmóttakandi, Gunnar Thoroddsen, mundi fallast á, að það gengi fyrir, en bréfritari kveðst einmitt áður hafa gert fyrirvara í þessa átt. Samdægurs kveðst hann hafa fengið fjarskiptaboð þess efnis, að Gunnar Thoroddsen teldi nauðsynlegt og æskilegt, að hann, James F. Main, héldi áætlun um að heimsækja Ísland. Kveðst bréfritari þá hafa látið senda fjarskiptaboð til baka þess efnis, að hann, bréfritari, mótmælti því harðlega, að ferðinni til Íslands væri lýst sem nauðsynlegri, og mundi hann hvergi fara, nema látið væri af þeim misskilningi. Gunnar Thoroddsen hafi svarað bréfi sínu með símskeyti 16. júní 1971, þar sem sagði, að heimsóknin til Íslands væri enn æskileg, en orðið „nauðsynlegt" fellt niður. Kveðst bréfritari þá hafa verið kominn að þeirri niðurstöðu, að hann yrði að hætta við heimsóknina til að vera vel búinn undir umræður gerðarmanna í París. Að lokum leggur bréfritari áherslu á það, að ef vettvangsskoðun hefði verið talin nauðsynleg eða ef einhver ágreiningur þess efnis hefði verið um það milli aðilja eða varðandi eðli náttúruskilyrðanna, þá hefði vettvangsganga farið fram að sinni ósk og áður en málflutningur hófst.

Bréf Gunnars Thoroddsens, dags. 17. nóvember 1972, hefur verið lagt fram í málinu. Eftir að hafa kynnt sér fyrstu gögn Straumsvíkurmálsins kveður hann sér hafa virst nauðsynlegt, að dómendur gengju á vettvang og kynntu sér sem rækilegast staðhætti, jarðveg og jarðlög, áður en málið yrði tekið til dóms. Þótt mannvirkjagerð væri lokið og ekki unnt að sjá með berum augum þær undirstöður, sem um væri að tefla, hlyti skoðun á staðháttum og jarðvegsmyndunum í næsta nágrenni að gefa allglöggar upplýsingar. Meiri þörf hafi verið á slíkri skoðun fyrir þá sök, að tveir gerðarmanna voru erlendir menn, sem aldrei höfðu komið til Íslands, en jarðmyndun og berglög væru hér á landi gerólík því, sem þeir þekktu helst til. Sjálfur kveðst bréfritari hafa skoðað

vandlega það svæði, sem um væri að ræða, Kapelluhraun og Straumsvík. Málið sjálft hafi borið með sér nauðsyn vettvangsskoðunar og gerðarmönnunum tveim hafi verið kunnugt um sjónarmið sitt. Svo hafi hins vegar farið, að William H. Mulligan hafi talið sér slíka ferð á vettvang ókleifa, eftir að hann hafi verið skipaður yfirréttardómari. Hr. James F. Main hafi hins vegar ákveðið að koma til Íslands í þessu skyni 22. júní 1971 og dveljast á landinu til 26. júní. Ummæli James F. Main í þá átt, að hann, Gunnar, hafi talið heimsókn til Íslands æskilega fyrir kurteisissakir eingöngu, séu á misskilningi byggð. Hann hafi að vísu talið það kurteisi gagnvart Íslandi og íslenskum stjórnvöldum, að dómendur litu á landið, þar sem málsatvik höfðu gerst. Það hafi þó verið algert aukaatriði borið saman við nauðsyn vettvangsskoðunar.

3.0.

3.1. Hér á eftir verða raktar þær spurningar, sem lagðar voru fyrir gerðarmenn og þeir beðnir um að svara. Enn fremur verður getið jafnóðum um helstu málsástæður aðiljanna fyrir gerðarmönnum.

Eins og vikið var að í 2.1. verður að taka skýrt fram, að gerðarbeiðendur fóru bæði fram á *frestun á verkinu* og *skaðabætur*. Í sumum tilvikum var gerð krafa um hvort tveggja út af sama atviki, en ekki á það þó við í öllum tilvikum. Krafa um framlengingu og deilur um upphafstíma og lok verksins skiptir aðallega máli við úrlausn þess, hvort myndast hafi þrýstingur á verkið, en það hefur áhrif á fjárhæð bóta, og er nánar fjallað um það í spurningum nr. 1—3.

Spurningar nr. 4 beinast að því að fá úr því skorið, hvort þrýstingur hafi orðið á verkinu eða einstökum þáttum þess vegna þess, að verkfræðingurinn hafi úrskurðað frest of seint varðandi ákveðin atvik. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi skiptir þetta einkum máli í sambandi við varakröfu 12.

Spurningar nr. 5 varða skaðabætur vegna atvika, sem gerðust á fyrra tímabilinu, þ. e. frá upphafi verks til 17. maí 1968. Í því sambandi þarf að athuga, að verkfræðingurinn hafði í sumum tilvikum þegar urskurðað bætur, og þær höfðu verið greiddar. Þess vegna er þar rætt um „viðbætur" og „endurgreiðslur".

Spurning 6 fjallar um kröfu nr. 12, sbr. 2.5, en spurning 6 g á við varakröfu nr. 12. Vegna úrslita gerðarmálsins verður fremur lítið vikið að varakröfu 12.

Aðrar spurningar, sem lagðar voru fyrir gerðardóminn, skýra sig sjálfar.

Spurningar þær, sem lagðar voru fyrir gerðarmenn, voru þá þessar:

Spurning nr. 1. Hvaða dag bar kröfuhöfum að hafa byrjað verkið?

Spurning nr. 2. Hvaða dag hefði verksamningi upprunalega átt að hafa verið lokið?

Spurning nr. 3 (a). Hefði átt að framlengja tímabilið til að ljúka verksamningi, eins og kröfuhafar halda fram, að því er varðar kröfuna um framlengingu tímans nr. 9, og ef svo er, hve mikið? Varðandi þessar spurningar héldu gerðarbeiðendur því fram, að útboðsgögn gerðu gagngert ráð fyrir, að lágmarkssamningstímabil yrði 26 almanaksmánuðir, frá því skipun væri gefin um að hefja vinnu. Einnig hefði samningurinn gert ráð fyrir því, að vinna ætti að hefjast innan þess tímabils, sem um gæti í útboðinu eftir móttöku skriflegra fyrirmæla þar að lútandi frá verkfræðingnum. Í byggingaráætlun, sem lögð hefði verið fram með útboði verktakans, hefði verið gert ráð fyrir, að vinna hæfist tveimur vikum eftir að fyrirmælin voru gefin um að byrja ætti. Fyrirmælin hafa verið dagsett 24. apríl 1967. Samkvæmt því hefði verktaki ekki þurft að byrja verkið fyrr en 8. maí 1967 og átt rétt á 26 mánaða lágmarkstímabili þar á eftir og upphafleg verklúking samkvæmt verksamningi átt að vera 8. júlí 1969.

Gerðarþoli hélt því fram, að útboðsgögn gerðu ráð fyrir því, að ljúka bæri öllu verkinu fyrir 1. maí 1969. Vegna atvika, sem varðað hafi verktaka, hafi verið dregið að ganga frá verksamningnum þar til 7. apríl 1967. Áður en gerðarbeiðendur hafi samþykkt samninginn miðað við þann dag, hafi þeir fallist sérstaklega á að halda sér við þá dagsetningu, sem upphaflega hefði verið tiltekin, þrátt fyrir tafirnar, sem orðið höfðu í millitíðinni. Þannig hafi dagsetning lokasamningsins verið ákveðin 1. maí 1969, óafturkallanlega, án tillit til þess, hvaða dag fyrirmælin voru gefin um að hefja verkið. Þessa niðurstöðu hafi kröfuhafar enn fremur staðfest síðar.

Spurning 3 (b). Hefði átt að framlengja tímabilið til að ljúka verksamningi, eins og kröfuhafar halda fram, að því er varðar kröfu um framlengingu tímans nr. 8, og ef svo er, hve mikið?

Verktaki heldur því fram, að hann hafi byggt útboð sitt og framkvæmdaáætlun á notkun stórvirks bómukrana. Bómukrani þessi hafi verið stórt og sérhæft tæki, sem hafi verið í eigu kröfu-

hafans Hochtief A/G og notaður við byggingaframkvæmdir á Indlandi, sem þá hafi verið lokið. Skipið, sem bómukraninn hafi verið fluttur með, hafi festst í Súezskurði vegna styrjaldar, sem ríkti á því svæði í júní 1967. Ekkert ámóta tæki hafi verið fáanlegt og hafi þurft um sex mánuði til að finna, afla og senda á staðinn varatæki, sem þó hafi ekki komið algerlega í stað bómukranans. Þetta hafi orsakað sex mánaða tafir á starfsemi gerðarbeiðanda. Samningurinn hafi gert ráð fyrir, að kröfuhöfum yrði haldið skaðlausum og þeim bætt sérstök áhætta, þar á meðal styrjaldarrekstur, sem sérstök áhrif hefði á vörur í flutningi að byggingarstaðnum. Kröfuhafar höfðu óskað eftir framlengingu tímans fyrir tap bómukranans, en þeirri beiðni hafi verið hafnað. Kröfuhafar staðhæfa, að framlengja hafi átt tímabilið til að ljúka samningnum um 21 viku, þannig að nýja dagsetningin fyrir samningslokin yrði um 2. desember 1969.

Gerðarþoli mótmælti ekki, að krani þessi hafi stöðvast í Súezskurðinum. Hins vegar vefengdi hann, að atvik þetta hefði haft merkjanleg áhrif á getu verktaka til að framkvæma verkið á Íslandi. Taldi hann fremur, að kröfuhafar væru að notfæra sér atvik þetta sem þægilega afsökun fyrir því, hversu seint þeir hafi komist af stað með verkið og hversu árangurslítil starfsemi þeirra var á þessum tíma. Upprunaleg útboðsskjöl kröfuhafa hafi enga vísbendingu gefið um meint mikilvægi bómukranans og að kröfuhafar hefðu haft önnur tæki við hendina til að framkvæma það verk, sem bómukrananum hefði verið ætlað, þegar verktakar voru tilbúnir til að hefja verkið.

Spurning nr. 3 (c). Hefði átt að framlengja tímabilið til að ljúka verksamningi, eins og kröfuhafar halda fram, að því er varðar kröfuna um framlengingu tímans nr. 9 (A), og ef svo er, hve mikið?

Hér halda gerðarbeiðendur því fram, að vinna verktaka samkvæmt samningnum hafi algerlega stöðvast vegna verkfalls á Íslandi, sem náð hafi til allrar starfsemi kröfuhafa. Verkfall þetta hafi staðið frá 24. júlí 1967 þar til 29. ágúst sama ár, eða um fimm vikna skeið. Hér hefði átt að veita framlengingu á verktíma og samkvæmt því hefðu samningslok átt að frestast til 6. janúar 1970.

Gerðarþoli segir, að verkfallið frá 24. júlí til 29. ágúst 1967 hafi verið takmarkað við framkvæmdir kröfuhafa og sérstaklega beint gegn þeim. Verkfallið hafi fyrst og fremst orðið og það dregist á langinn vegna þess, að kröfuhafar hafi neitað að semja við verkalýðsfélagið, sem í hlut átti, nema gerðarþoli samþykkti fyrst

breytingu á samningi þeirra um verkið. Gerðarbeiðendur hafi því ekki átt neinn rétt á framlengingu.

Spurning 3 (d). Hefði átt að framlengja tímabilið til að ljúka verksamningnum, eins og kröfuhafar halda fram, að því er varðar kröfuna um framlengingu tímans nr. 9 (B), og ef svo er, hve mikið?

Í þessu sambandi geta gerðarbeiðendur þess, að allsherjarverkfall hafi verið á Íslandi frá 4.—18. mars 1968, eða í 13 daga. Samkvæmt ákvæðum samningsins hefði því átt að framlengja dagsetningu fyrir samningslokin um jafnlangt tímabil, eða til 19. janúar 1970.

Gerðarþoli segir það aldrei hafa verið neitt vafamál, að kröfuhafar ættu rétt á framlengingu tímans sem næmi þeim tíma, er allsherjarverkfallið á Íslandi hafi tekið til. Verkfræðingurinn hafi samþykkt kröfuna um 13 vinnudaga framlengingu hinn 13. maí 1968 og sé hún samþykkt af gerðarþola.

Spurning 3 (e). Hefði átt að framlengja tímabilið til að ljúka verksamningi, eins og kröfuhafar halda fram, að því er varðar kröfuna um framlengingu tímans nr. 12, og ef svo er, hve mikið?

Um þetta atriði segja gerðarbeiðendur, að hinn 17. maí 1968, eða þar um bil, hafi verktakar átt í höggi við skilyrði í jarðvinnu undir vatnsyfirborði, sem hafi verið á annan veg en lýst hefði verið í útboðsgögnum og ekki hefði verið með sanngirni hægt að ætlast til, að þeir sæju fyrir. Skilyrði þessi hefðu valdið aukavinnu og vandræðum og tafið enn frekar framhald verksins. Þessi atriði hefðu ásamt öðrum samverkandi orsökum átt að veita gerðarbeiðendum rétt á enn frekari framlengingu tímans, a. m. k. fimm mánuðum, þannig að ekki væri unnt að krefjast þess, að verktakar hefðu lokið verkinu fyrr en í fyrsta lagi 1. maí 1970.

Gerðarþoli telur, að umrædd skilyrði hafi verið fyrirsjáanleg í eðli sínu, en þó hafi þau verið slík, að verktaki hafi lent í aukaverki sem afleiðingu af fyrirmælum, sem gefin voru um breytingar á verkinu. Verkfræðingurinn hafi veitt kröfuhöfum 50 daga verktímaframlengingu vegna áhrifa af breytingum þessum. Verktaki hafi fallist á, að þetta hafi verið rétt og nægjanlegt. Enginn raunhæfur eða lögmætur grundvöllur sé fyrir frekari framlengingu.

Spurning nr. 4 (a). Hafi kröfuhafar átt rétt á framlengingu tímabilsins til að ljúka verksamningi, að því er varðar framlengingarkröfu nr. 9, hvenær hefði þá átt að veita þá framlengingu?

Spurning nr. 4 (b). Hafi kröfuhafar átt rétt á framlengingu tíma-

bilsins til að ljúka verksamningi, að því er varðar framlengingarkröfu nr. 8, hvenær hefði þá átt að veita þá framlengingu?

Spurning nr. 4 (c). Hafi kröfuhafar átt rétt á framlengingu tímabilsins til að ljúka verksamningi, að því er varðar framlengingarkröfu nr. 9 (A), hvenær hefði þá átt að veita þá framlengingu?

Spurning nr. 4 (d). Hafi kröfuhafar átt rétt á framlengingu tímabilsins til að ljúka verksamningi, að því er varðar framlengingarkröfu nr. 9 (B), hvenær hefði þá átt að veita þá framlengingu?

Spurning nr. 4 (e). Hafi kröfuhafar átt rétt á framlengingu tímabilsins til að ljúka verksamningi, að því er varðar framlengingarkröfu nr. 12, hvenær hefði þá átt að veita þá framlengingu?

Spurning nr. 5 (a). Eiga kröfuhafar rétt á bótum í viðbót við þá upphæð, sem veitt var, samkvæmt ákvörðun verkfræðingsins með tilliti til kröfu nr. 1 og ef svo er, hvaða upphæð?

Spurning 5 (b). Á stefndi rétt á nokkurri endurgreiðslu úr hendi kröfuhafa með tilliti til kröfu nr. 1 og ef svo er, hvaða upphæð?

Varðandi spurningu 5 (a) og (b) segjast gerðarbeiðendur hafa byggt útboð sitt að nokkru á því, að hægt væri að fá sérstakan rafstraum, sem sagður hafi verið fáanlegur. Komið hafi í ljós, að þessi rafstraumur hafi ekki verið fáanlegur og hafi það orðið til þess, að kröfuhafar hafi orðið fyrir aukakostnaði og útgjöldum. Upphæðin, sem krafist var, nam DM 58.325.00.

Gerðarþoli segir, að verkfræðingurinn hafi fallist á þessa kröfu alla utan aðeins jafngildi kr. 170.000.00, sem hafi verið fyrirsjáanlegur rafmagnskostnaður, sem gerðarbeiðendur ættu með réttu að greiða og engin ástæða væri til að endurgreiða. Gerðarþoli hafði fallist á að greiða bætur þessar með fyrirvara, að því er varðar upphæðina vegna gengisbreytinga og vaxta. Einnig benti gerðarþoli á, að gerðarbeiðendur hefðu aldrei sannað, að þeir hefðu orðið fyrir útgjöldum varðandi kr. 135.540.00, sem þeir kröfðust og var bætt.

Spurning 5 (c). Eiga kröfuhafar þá rétt á bótum í viðbót við þá upphæð, sem veitt var samkvæmt ákvörðun verkfræðingsins með tilliti til kröfu nr. 5, og ef svo er, hvaða upphæð?

Spurning nr. 5 (d). Á stefndi rétt á nokkurri endurgreiðslu úr hendi kröfuhafa með tilliti til kröfu nr. 5 og ef svo er, hvaða upphæð?

Hér héldu gerðarbeiðendur því fram, að í verksamningnum hafi

verið ákvæði um, að kröfuhöfum yrði greiddur hvers kyns aukinn kostnaður við framkvæmd verksins, sem orsakast kynni af gengisbreytingu á Íslandi. Slík gengisbreyting hefði orðið 24. nóvember 1967 og kostnaður við framkvæmd verksins þar með verið aukinn. Af þessu tilefni var krafist DM 756.128.00.

Gerðarþoli benti á, að verkfræðingurinn hefði bætt gerðarbeiðendum samtals kr. 4.967.999.00 vegna þessarar kröfu. Gerðarþoli kvaðst geta fallist á, að verkfræðingurinn hafi ákveðið bæturnar rétt að svo miklu leyti sem þær vörðuðu skaðabætur vegna verðhækkana. Hins vegar kvaðst gerðarþoli mótmæla þeim að öðru leyti, m. a. af því að þær hafi falið í sér umreikning allrar upphæðar geymslufjárins á nýju gengi í stað þess hluta (40%) sem samsvarar hinum tiltekna erlenda þætti samningsgreiðslna.

Spurning nr. 5 (e). Eiga kröfuhafar þá rétt á viðbótum í viðbót við þá upphæð, sem veitt var samkvæmt ákvörðun verkfræðingsins með tilliti til kröfu nr. 8, og ef svo er, hvaða upphæð?

Spurning nr. 5 (f). Á stefndi rétt á nokkurri endurgreiðslu úr hendi kröfuhafa með tilliti til kröfu nr. 8 og ef svo er, hvaða upphæð?

Eins og áður segir, fjallar krafa þessi um stóran bómukrana, sem gerðarbeiðendur kveðast hafa ætla að nota til verksins og festist í Súezskurði í júní 1967. Gerðarbeiðendur segja, að þetta hafi leitt til þess, að gerðarbeiðendur hafi orðið að útvega sér önnur og öðru vísi tæki, breyta starfsáætlun sinni, þeir hafi tafist við framkvæmd verksins og orðið fyrir aukaútgjöldum og kostnaði. Samningurinn fæli í sér ákvæði, sem heimiluðu kröfuhöfum bætur í slíkum tilvikum. Gerðarbeiðendur kröfðust DM 1.702.450.00 af þessum sökum.

Gerðarþoli taldi bótaskylt hjón gerðarbeiðenda af þessu tilefni algerlega ósannað.

Spurning nr. 5 (g). Eiga kröfuhafar rétt á bótum með tilliti til kröfu nr. 9 (A) og ef svo er, hvaða upphæð?

Gerðarbeiðendur héldu því fram, að gerðarþoli hefði orsakað eða stuðlað að verkfalli, sem stóð frá 24. júlí til 29. ágúst 1967 og hafi valdið algerri stöðvun á starfsemi gerðarbeiðenda, tafið framgang verksins og aukið kostnað og útgjöld gerðarbeiðenda. Upphæðin, sem krafist var, nam DM 752.213.00.

Gerðarþoli hélt því á hinn bóginn fram, að verkfallið hefði orðið fyrir eigin yfirsjón gerðarbeiðenda og óábyrgri framkomu. Þetta verkfall veitti þeim því engan rétt til bóta.

Spurning nr. 5 (h). Eiga kröfuhafar þá rétt á bótum í viðbót

við þá upphæð, sem veitt var samkvæmt ákvörðun verkfræðingsins með tilliti til kröfu nr. 9 (B), og ef svo er, hvaða upphæð?

Spurning nr. 5 (i). Á stefndi rétt á nokkurri endurgreiðslu úr hendi kröfuhafa með tilliti til kröfu nr. 9 (B) og ef svo er, hvaða upphæð?

Allsherjarverkfall var á Íslandi 4.—18. mars 1968. Töldu gerðarbeiðendur það stafa af meiri háttar efnahagsbreytingum og gengislækkun á Íslandi, sem þeir kváðu hafa sett úr skorðum og lamað starfsemi gerðarbeiðenda. Hafi það orsakað aukinn kostnað og útgjöld fyrir gerðarbeiðendur og bæri þeim frekari greiðslur fyrir það. Upphæðin, sem krafist var, nam DM 194.821.00.

Í svari gerðarþola kemur fram, að verkfræðingurinn hafi greitt gerðarbeiðendum kr. 1.004.520.00 að viðbættum vöxtum. Nú fari gerðarbeiðendur hins vegar fram á frekari upphæð. Af hálfu gerðarþola var kröfunum mótmælt, með því að verkfallið hafi hvorki orsakast af meiri háttar efnahagsbreytingum né öðru bótaskyldu ástandi.

Spurning nr. 5 (j). Eigi kröfuhafar rétt á einhverjum upphæðum samkvæmt ofanrituðu, eiga þeir rétt á vöxtum af þeim upphæðum?

Spurning nr. 5 (k). Eigi kröfuhafar rétt á vöxtum, fyrir hvaða tímabil, af hvaða hundraðshluta og upphæð ber þá að greiða vexti?

Spurning nr. 5 (l). Eigi stefndi rétt á endurgreiðslu einhverra upphæða samkvæmt ofanrituðu, á hann þá rétt á vöxtum af þeim upphæðum?

Spurning nr. 5 (m). Eigi stefndi rétt á vöxtum, fyrir hvaða tímabil, að hvaða hundraðshluta og upphæð ber þá að greiða vexti?

Spurning nr. 6 (a). Rákust kröfuhafar á öðru vísi skilyrði en þau, er greinir í gögnum frá stefnda í sambandi við útboð?

Spurning nr. 6 (b). Rákust kröfuhafar á skilyrði, sem reyndur verktaki með sanngirni hefði ekki mátt gera ráð fyrir?

Spurning 6 (c). Sé ofangreindum spurningum svarað játandi, ber þá að taka tillit til nokkurra fyrri eða samverkandi atvika, þ. e. tafa, sem stefndi ber ábyrgð á, eða flýtis, sem stefnda ber að greiða kröfuhöfum sérstaklega fyrir?

Spurning nr. 6 (d). Sé ofangreindum spurningum svarað játandi, eiga kröfuhafar þá rétt á endurgreiðslu allra viðbótarútgjalda, sem þeir hafa orðið fyrir, og ef svo er, að hvaða upphæð?

Spurning nr. 6 (e). Ber ella að greiða viðbótarkostnað þennan

samkvæmt tölulið 52 í samningnum með hærri taxta fyrir jarðvinnu, sem um getur í kröfu nr. 12, og ef svo er, ber þá að hækka eða lækka taxtann, sem verkfræðingurinn hefur ákveðið?

Ef hækka á taxtann eða lækka, að hvað miklu leyti á þá að gera það?

Spurning nr. 6 (f). Ætti ella að greiða kröfuhöfum viðbótarútgjöldin á grundvelli samanlagðs raunverulegs kostnaðar þeirra frá 17. maí 1968, þar til verkinu var lokið, að frádregnum greiddum upphæðum fyrir greint tímabil? Ef svo er, hver er þá upphæðin, sem greiða ber?

Þessar kröfur rökstyðja gerðarbeiðendur með því, að hinn 17. maí 1968 hafi kröfuhafar fyrst rekist á ófyrirséð skilyrði undir yfirborði, sem voru að miklu leyti öðru vísi en þau, sem lýst sé í útboðsgögnum. Þessi skilyrði og aðrir samverkandi örðugleikar, þ. e. framlenging verktíma fékkst ekki, sérstök auka- og viðbótarvinna, gengislækkun og hröðun byggingavinnu, hafi komið verkinu öllu úr skorðum. Tilboðsverðið hafi orðið að engu og útgjöld hafi hlotist af. Sá aukakostnaður og útgjöld, sem gerðarbeiðendur hafi orðið fyrir vegna þessara kringumstæðna, hafi verið svo skyld og samtvinnuð, að ekki hafi verið unnt að skipta þeim nákvæmlega niður og meta þau í sambandi við sérstök atvik eða aðstæður. Gerðarbeiðendur töldu því, að eini skynsamlegi mælikvarðinn á tjón þeirra væri raunverulegur kostnaður verksins frá 17. maí 1968, þar til því lauk, þó að frádregnum greiðslum, sem þeir fengu frá verkkaupa. Upphæðin, sem krafist var af þessu tilefni, nam DM 10.036.145.00.

Gerðarþoli telur slíka kröfu, sem hér um ræðir, ekki byggða á raunverulegum eða lögmætum grundvelli og gerða í algerlega almennu og órökstuddu formi. Meint tjón gerðarbeiðenda, sem þeir krefjast bóta fyrir, hafi orðið vegna galla í áætlun þeirra sjálfra, þ. e. hversu síðbúnir þeir hefðu verið að fara af stað með verkið, gallaðs eftirlits og almenns getuleysis. Skilyrði þau á sjávarbotninum, sem rekist var á umræddan dag, 17. maí 1968, hafi verið fyrirsjáanleg og tilvist þeirra hafi ekki verið rangfærð af hendi gerðarþola eða verkfræðingsins.

Þá segir hér, að gerðarbeiðendur hafi framkvæmt viðbótarvinnu vegna breytingar, sem gerðarþoli hafði gert á verkinu, og hafi gerðarbeiðendur fengið fullar greiðslur fyrir hana samkvæmt ákvæðum samningsins með þeim bótum, sem verkfræðingurinn hafði úrskurðað. Gerðarþoli telur þær bætur, sem verkfræðingurinn hafði úrskurðað, að vísu vel útilátnar, en andmælir þeim þó

ekki nema í sambandi við lagfæringar vegna gengis og vaxtagreiðslna. Að lokum segir gerðarþoli, að kröfunni um algerar bætur (þ. e. krafa nr. 12) sé mótmælt sem algerlega óviðeigandi.

Spurning nr. 6 (g). Ef ekki ætti að greiða kröfuhöfum samanlagðan raunverulegan kostnað að frádregnum greiddum upphæðum, eiga þeir þá rétt á aukagreiðslum umfram viðbótargreiðslur (ef einhverjar eru) samkvæmt mati verkfræðingsins, að því er varðar:

Kröfu nr. 2, og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 3, og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 5 (A), og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 7, og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 10, og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 11, og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 15, og ef svo er, hvaða upphæð?
Kröfu nr. 19, og ef svo er, hvaða upphæð?

Eins og áður segir, er hér um að ræða varakröfu 12. Á þá kröfu reyndi ekki, með því að aðalkrafan nr. 12 var tekin til greina. Rétt er þó í mjög stuttu máli að gera grein fyrir því, um hvað varakrafa nr. 12 fjallaði. Einstakir efnisþættir hennar voru þessir (allt kostnaður út af einstökum atvikum, sem talin voru hafa gerst eftir 17. maí 1968 til verksloka).

Krafa nr. 2 var á því byggð, að gerðarbeiðendur hefðu orðið fyrir auknum tollgjöldum vegna gengislækkunar íslensks gjaldmiðils á árinu 1968. Upphæð, sem krafist var, nam DM 559.138.00.

Krafa nr. 3 fjallar um byggingu steinsteypukerja þeirra, sem um getur í málinu. Gerðarbeiðendur héldu því fram, að byggingu þessara kerja hafi verið breytt frá því, sem útboðsgögn gerðu ráð fyrir, og hafi það bakað þeim aukakostnað. Af þessum sökum kröfðust gerðarbeiðendur DM 75.479.00.

Krafa nr. 5 A. Þessi krafa fjallar um efnahagsbreytingar vegna gengislækkana íslenskrar krónu 11. nóvember 1968. Töldu gerðarbeiðendur, að þeir hefðu orðið fyrir gífurlegum kostnaði af þessum sökum. Hér kröfðust gerðarbeiðendur DM 4.838.929.00.

Krafa nr. 7. Þessi krafa var á því byggð, að vegna hinna óvæntu botnsskilyrða hafi ekki verið unnt að ljúka við brimbrjótinn á þann hátt, sem ætlast hafi verið til, fyrir veturinn 1968/1969. Því hafi þurft að leggja í aukakostnað til þess að ljúka við brimbrjótinn til bráðabirgða. Upphæðin, sem krafist var, nam DM 111.967.00.

Krafa nr. 10 var að fjárhæð DM 12.671.00 og var byggð á því,

að vegalengd, sem flytja þurfti fyllingarefni, hefði verið lengri en kveðið hefði verið á um í samningnum.

Krafa nr. 11 er að fjárhæð DM 450.384.00. Fjallaði hún um það, að vegna hinna ófyrirséðu botnsskilyrða hefði orðið að þekja botnlögin, sem hætt var við að grafa í burt. Héldu gerðarbeiðendur því fram, að um slíka vinnu hefði ekkert verið getið í samningnum og ættu þeir rétt á bótum.

Krafa nr. 15 var að fjárhæð DM 1.248.658.00. Töldu gerðarbeiðendur hana stafa af aukinni jarðvinnu undir yfirborði sjávar vegna þeirra óvæntu botnsskilyrða, sem rekist var á.

Krafa nr. 19 var að fjárhæð kr. 262.096.00, og fjallar hún um bætur vegna uppgraftar, sem framkvæmdur hafði verið af undirverktaka gerðarbeiðenda, gerðarbeiðendur krafnir um og þeir teldu, að bæri að greiða samkvæmt samningnum.

Spurning nr. 6 (h). Á stefndi rétt á einhverjum endurgreiðslum úr hendi kröfuhafa, að því er varðar einhverjar kröfur í þessari 6. grein, og ef svo er, hvaða upphæð?

Spurning nr. 6 (i). Eigi kröfuhafar rétt á einhverjum upphæðum samkvæmt þessari 6. gr., eiga þeir þá rétt á vöxtum af þeim upphæðum?

Spurning nr. 6 (j). Eigi kröfuhafar rétt á vöxtum, fyrir hvaða tímabil, að hvaða hundraðshluta og upphæð ber þá að reikna þá vexti?

Spurning nr. 6 (k). Eigi stefndi rétt á einhverjum endurgreiðslum samkvæmt þessari 6. gr., á hann þá rétt á vöxtum af þeim upphæðum?

Spurning nr. 6 (l). Eigi stefndi rétt á vöxtum, fyrir hvaða tímabil, að hvaða hundraðshluta og upphæð ber þá að reikna þá vexti?

Spurning nr. 7. Voru frádrættirnir rétt metnir í bréfi verkfræðingsins, dags. 17. júlí 1970, eða ættu þeir að hafa verið lægri eða hærri og ef svo er, af hvaða upphæð?

Spurning nr. 8. Í hvaða gjaldeyri átti að greiða hvers kyns bætur?

Spurning nr. 9. Í hvaða hlutfalli ættu aðiljar að bera útgjöld og kostnað af gerð þessari?

3.2. Svofelldur gerðardómur var kveðinn upp í málinu um þær spurningar, sem raktar hafa verið í 3.1.:

„ALÞJÓÐA VERSLUNARRÁÐIÐ
38, Cours Albert 1er — 75 PARIS VIIIe
GERÐARDÓMSSTOFNUNIN

Mál nr. 1952

ÚRSKURÐUR

í málinu milli

HOCHTIEF A.G. og VÉLTÆKNI H/F,

sóknaraðila

og

VITA- OG HAFNARMÁLASTJÓRNARINNAR Á ÍSLANDI

varnaraðila

Undirritaðir gerðardómsmenn, er skipaðir hafa verið, eins og getið er í lýsingunni á verksviði gerðardómsins, dags. 4. maí 1971, til að jafna deilu þá, sem nánar er rakin í nefndri lýsingu, milli ofangreindra aðila, fella eftirfarandi úrskurð með meirihluta-ákvörðun.

I. *Inngangur.*

Ofangreindur varnaraðili (sem í úrskurði þessum er nefndur verkkaupi) lýsti á sínum tíma eftir tilboðum í verkframkvæmd, sem kölluð var „Höfn í Straumsvík, Íslandi", og fólst í því að byggja brimbrjót með viðlegugarði ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Sóknaraðilar (sem í úrskurði þessum eru nefndir verktaki) stofnuðu til sameiginlegs fyrirtækis um framkvæmdina og lögðu fram tilboð í verkið, dags. 6. janúar 1967.

Verkkaupi samþykkti tilboðið, og gerðu aðilarnir með sér formlegan og skriflegan verksamning, dags. 7. apríl 1967. Verktakinn hóf verkið í næsta mánuði þar á eftir, og var því lokið í meginatriðum og það samþykkt hinn 7. nóvember 1969. Meðan á framkvæmd verksins stóð, komu upp ýmsar aðstæður, sem nánar er lýst hér á eftir og sem verktakinn taldi veita sér rétt til framlengingar tímans til að ljúka verkinu og til viðbótargreiðslna. Aðilar gátu ekki komist að samkomulagi, hvorki um framlengingu verktímans né viðbótargreiðslur, og hinn 4. júlí 1970 tilkynnti verktakinn ráðgjafarverkfræðingnum (CHRISTIANI & NIELSEN, Kaupmannahöfn,, Danmörku), að hann hygðist krefjast gerðardóms samkvæmt 67. grein I. hluta verksamningsins, almennra skilmála. Málsaðilar féllust á gerðardómsmeðferð, og héldu gerðarmenn undirbúningsfundi í Lissabon, Portúgal, og Washington D.C., Bandaríkjunum, til að orða lýsingu á verksviði gerðardómsins. Samþykkt var af hálfu aðila, að þinghöld í málinu færu fram í New York borg í réttarsölum Bandarísku Gerðardómsstofnunarinnar. Þinghöld þessi fóru fram frá 4. maí 1971 til 19. maí 1971.

Á undan þinghöldum þessum höfðu farið milli aðila langar

greinargerðir og fylgiskjöl, sem verktaki og verkkaupi lögðu fram máli sínu til stuðnings. Að þinghöldum loknum lagði hvor aðili um sig fram við gerðardómsmenn yfirlitserindi um málstað sinn á grundvelli bókaðs framburðar og framlagðra skjala, og hvor um sig hefur einnig lagt fram svör með athugasemdum um yfirlitserindin, sem áður voru komin fram. Eftir að gerðarmenn höfðu kynnt sér framburðinn, dómskjölin, yfirlitserindin og svörin og farið yfir eigin minnisblöð þinguðu þeir í París frá og með 26. júní 1971 og hafa komist að þeim niðurstöðum, er úrskurður sá, sem hér er birtur, felur í sér.

Áður en gerðarmenn svara hinum tilteknu spurningum, sem um getur í lýsingunni á verksviði þeirra, hafa þeir talið gagnlegt og rökrétt í átt til auðveldari skilnings á deiluefnunum að setja fram inngangsyfirlit, þar sem útkljáðar eru helstu staðhæfingar um staðreyndir og lagaleg atriði, er liggja til grundvallar deilu þessari, þannig að fullnægt sé algjörlega ákvæðum G-liðs VIII. greinar í verksviðslýsingu gerðardómsins.

II. *Inngangsyfirlit.*

Eins og fyrir kemur um nær alla meiriháttar verksamninga, efndi hvorugur aðila skuldbindingar sínar svo, að vammlaust væri, og auk þess komu til utanaðkomandi aðstæður, þ. á m. tvö verkföll, sem trufluðu framgang verksins, og styrjöld Araba og Ísraelsmanna, sem stöðvaði eitt aðaltæki verktaka í Súezskurðinum. Einnig komu til aðstæður frá náttúrunnar hendi, sem ekki var hægt að ætlast til, að verktaki gæti séð fyrir með tilliti til skýlausra staðhæfinga í útboðsteikningum, er reyndust vera villandi og ónákvæmar, bæði að því er varðar dýpi á fast og hart berg og magn efnis til brottflutnings. Það er skoðun gerðardómsmanna, eins og síðar verður greint, að aðstæður þessar hafi gefið tilefni til frestveitinga og fébóta samkvæmt skilmálum samningsins langt umfram það, sem ráðgjafarverkfræðingurinn heimilaði.

Ennfremur er það skoðun okkar, að verktaki hafi sýnt vanrækslu við væðingu sína að tækjum og starfsliði fyrstu sjö mánuði samningstímabilsins, sérstaklega þá er hann lét undir höfuð leggjast að skipa yfirstjórnanda með reynslu á sviði þess, er að sjó lýtur, þar til í nóvemberlok 1967. Atriði þetta má þó að nokkru afskrifa á móti samsvarandi vanhöldum af hendi ráðgjafarverkfræðingsins, sem hefði átt að ganga úr skugga um, í viðræðum um samninginn og áður en hann veitti verkið, að allt væri með felldu um helstu tæki, æðsta starfslið og grundvallaráætlun verktakans.

Ennfremur var bæði ráðgjafarverkfræðingi og verkkaupa kunnugt um, að starfssvæðið var varasamt og háð slíkri hættu á umskiptum undir yfirborðinu, að framkvæma hefði átt kjarnaboranir, áður en útboð var gert. En útboðsteikningar voru einungis grundvallaðar á lóðum og sýndu ákveðið, að fast berg væri á tilteknu dýpi, en það reyndist algjörlega villandi. Af þessu leiddi, að skipuleg framvinda verksins raskaðist.

Hin óraunhæfa afstaða ráðgjafarverkfræðingsins var yfirgnæfandi þáttur í að gera framkvæmd verksins flókna, en hann krafðist þess jafnan, að farið yrði eftir upprunalegum tímaáætlunum, sem atvikin sönnuðu, að voru óframkvæmanleg. Ennfremur gerði verkfræðingurinn ýmist að neita ranglega eða draga órýmilega að taka ákvarðanir varðandi framlengingar skilafrests og neyddi þannig verktakann til að hraða verkinu með því að bæta við fleiri tækjum og verkamönnum. Einnig varð að endurhanna verkið, þegar komist var að raun um, að hraunfylling af viðeigandi þéttleika fékkst ekki við námuna, sem verktakanum var ætlað að nota. Við teljum gögn málsins sýna fullvel, að skort hafi á samvinnu af hálfu ráðgjafarverkfræðingsins allan tímann, sem verið var að vinna verkið, og að ekki hafi verið um að ræða neinn raunverulegan félagsskap milli verktakans og ráðgjafarverkfræðingsins.

Við erum sannfærðir um, að verktakinn hafi beðið alvarlegt fjárhagslegt tjón, ekki eingöngu vegna þessara staðreynda, heldur og vegna þeirra tveggja gengislækkana krónunnar, sem áttu sér stað, meðan á verkinu stóð. Við teljum hins vegar, að samkvæmt viðeigandi íslenskum lögum og almennt geti verktakinn eingöngu fengið það bætt, sem hann getur rýmilega sannað.

III. *Svör við spurningum í verksviðslýsingu gerðardómsins.*

1. Úrskurður okkar er, að verktakinn hefði átt að byrja og hafi byrjað verkið hinn 10. maí 1967, með því að tilkynningin um að hefjast handa var dagsett 24. apríl 1967, móttekin 26. apríl 1967, og framburðurinn bendir til samkomulags í þá átt, að eðlilegt sé, að 14 dagar líði frá móttöku og þar til hefja beri verkið.

2. Úrskurður okkar er, að samkvæmt upprunalegum skilmálum samningsins hefði átt að ljúka verkinu hinn 24. júní 1969, þ. e. 26 mánuðum eftir að fyrirmæli voru gefin um að hefja það. Við föllumst ekki á dagsetningu verktakans, 10. júlí, með því að skiladagurinn ákvarðast af því, hvaða dag fyrirmælin um að hefja verkið eru gefin, en ekki hinu, hvenær verkið er raunverulega hafið. Við föllumst ekki á staðhæfingu verkkaupa þess efnis, að

dagsetningin 1. maí eigi við. Þótt 1. maí sé nefndur í samningnum, er einnig getið um 26 mánaða tímabilið, og virðist þetta síðara túlka hinn raunverulega tilgang aðilanna sem mat þeirra á því, hvaða tíma mundi þurfa til að framkvæma verkið.

3. (a). Krafa 9. Spurning þessi varðandi framlengingu skiladags skiptir ekki máli með tilliti til svars okkar við spurningu nr. 2 hér að framan.

3. (b). Krafa 8. Við föllumst á, að rétt hefði verið að fresta samningsbundnum skiladegi í ljósi kröfu þessarar, sem byggð er á tapi bómukranans í flutningi frá Indlandi til Straumsvíkur vegna hafnbannsins í styrjöld Araba og Ísraelsmanna. Að vísu gætir nokkurra mótsagna í framburði, en niðurstaða okkar er sú, að þessi bómukrani hafi hentað fyrir verkið; að verktakinn hafi þegar notað hann áður við sambærilegt verk; að notkun hans hafi verið rædd, áður en verkið var veitt; að þegar hafi verið tilkynnt um það, er hann tapaðist; að gerðar hafi verið eðlilegar tilraunir til að fá hentugt tæki í stað hans, og að loks hafi verið fenginn skriðkrani, sem var ekki eins starfhæfur, en eina fáanlega tækið. Við getum ekki fallist á, að þetta hafi orsakað sex mánaða tafir, eins og verktaki heldur fram, heldur er úrskurður okkar sá, að fjögurra mánaða framlenging sé sanngjörn (44. grein).

3. (c). Krafa 9 A. Við teljum ekki, að veita ætti verktakanum neinn skilafrest vegna verkfallsins frá 24. júlí til 29. ágúst 1967. Er það ekki vegna þess, að við teljum verkfallið hafa verið verktakanum að kenna, heldur einfaldlega af því, að við erum ekki sannfærðir um, að sýnt hafi verið fram á, að það hafi hamlað heildarframvindu verksins, þótt sum störf hafi stöðvast á þessu stigi málsins.

3. (d). Krafa 9 B. Réttur verktaka á framlengingu verktímans vegna annars verkfallsins í mars 1968 er ekki vefengdur og þarf ekki frekari úrskurðar við, þar sem ráðgjafarverkfræðingurinn hefur þegar veitt 13 vinnudaga frest með fyrri úrskurði.

3. (e). Kafa 12. Við teljum, að verktaki eigi rétt á framlengingu verktímans vegna þess, að hann mætti ófyrirséðum náttúrlegum aðstæðum, sem eru grundvöllur kröfu 12. Samkvæmt 11. grein var verktakanum rétt að reiða sig á þær aðstæður, sem sýndar voru í samningsskjölunum; og samkvæmt 44. grein var ástæða til að framlengja verktímann. Ekki var rekist á hart berg á því dýpi, sem lýst var. Magnið var verulega umfram það, sem áætlað hafði verið, og eðli neðri laganna í jarðveginum var þannig, að mun meiri tíma tók að fjarlægja efnið en áætlað hafði verið. Verktak-

inn tilkynnti ráðgjafarverkfræðingnum þegar um kröfu þessa í maí 1968 og sendi síðan fjórar frestbeiðnir á grundvelli þessara aðstæðna á árunum 1968 og 1969. Ráðgjafarverkfræðingurinn veitti engan skilafrest fyrr en 7. október 1969, þegar það kom verktakanum ekki lengur að gagni við gerð starfsáætlana hans. Þetta var aðeins einum mánuði áður en verkinu var lokið, og framlengingin, sem þá var veitt, var aðeins 50 dagar. Við teljum þetta, að svara ekki greiðlega og að draga ákvörðun um svo mikilsvert atriði, hafa verið óverjandi. Ennfremur ber þetta vitni um þann skort á samvinnu af hendi ráðgjafarverkfræðingsins, sem um er rætt í inngangsyfirliti okkar (II. kafla að ofan), og afleiðingin af því varð sú, að kostnaður við verkið jókst gífurlega. Verktakinn hefur gert kröfu um 198 daga, en úrskurður okkar er sá, að með sanngirni hefði átt að veita fjögurra mánaða framlengingu á verktímanum.

Svo tekin séu saman svör okkar við spurningum 3 (a) til (e), þá teljum við, að fresta hefði átt hinum samningsbundna skiladegi um 8 mánuði, eða til 24. febrúar 1970. Í reynd var samningsverkinu lokið hinn 7. nóvember 1969, eða 3½ mánuði á undan áætlun, eftir að henni hefur verið breytt eins og átt hefði að gera.

4. (a, b, c, d, e). Við sjáum enga ástæðu til að svara spurningum þessum, með því að við höfum þegar getið um hin verulegu vanhöld af hálfu ráðgjafarverkfræðingsins á því að taka ákvarðanir í tíma.

5. (a). Krafa 1 er tiltölulega lítilvæg og varðar þá viðbótargreiðslu, sem varktaki fer fram á vegna þess, að verkkaupi lagði ekki til þá raforku, sem tilgreind var. Úrskurður okkar er sá, að verktakinn eigi rétt á bótum að heildarfjárhæð ísl. kr. 440.000 samkvæmt kröfu þessari.

5. (b). Ráðgjafarverkfræðingurinn hefur ekki úrskurðað nægilegar bætur vegna kröfu 1, og teljum við því ekki ástæðu til neinnar endurgreiðslu verkkaupa til handa.

5. (c). Krafa 5 varðar það, hversu bæta beri verktaka fyrir gengislækkanir íslensks gjaldeyris í nóvember 1967 og nóvember 1968. Þar sem greiða átti verktaka í íslenskum gjaldeyri, er einsætt, að alvarlega mundi draga úr kaupgetu hans við svo mikla lækkun krónunnar sem 24.6% í nóvember 1967 og 35.2% í nóvember 1968. 71. grein verksamningsins á við í þessu tilfelli og virðist gera ráð fyrir 100% uppbótum verktaka til handa. Í reynd hefur ráðgjafarverkfræðingurinn úrskurðað á þann veg um nokkrar greiðslur, sem við hróflum ekki við. Verkkaupi heldur því fram

með nokkrum líkindum, að samkvæmt 8. lið 60. greinar séu ekki heimilaðar nema 40% uppbætur. Við teljum 71. grein eiga við; hins vegar teljum við ekki, að verktaki hafi fullnægt sönnunarbyrði sinni um það, að hann hafi skaðast að þessu marki í öllum tilfellum, og þar af leiðandi höfnum við kröfu þessari.

5. (d). Með tilliti til ummæla okkar um 5 (c) hróflum við ekki við niðurstöðum ráðgjafarverkfræðingsins samkvæmt neinum formúlum, sem hann hefur beitt um hið hvimleiða gengislækkunarvandamál.

5. (e). Krafa 8 varðar rétt verktaka á fébótum vegna taps bómukranans í Súezskurði. Með vísan til ástæðna, sem þegar hafa verið tilfærðar í úrskurði þessum, teljum við, að tap bómukranans hafi verið meiri háttar þáttur í töfunum á verkinu, að verktaka verði ekki kennt um tapið og að samkvæmt 1. lið 65. greinar eigi að bæta verktaka það tjón, sem hlotist hefur beinlínis af tapinu. Tjóninu er lýst í I. hluta kröfu 8, og úrskurðum við verktaka ísl. kr. 1.090.000 sem heildarbætur vegna kröfu þessarar.

Hins vegar synjum við öllum bótum til handa verktaka samkvæmt II. hluta kröfu 8, vegna aukakostnaðar hans við gerð grjótfyllingarinnar, en hún var kostnaðarsamari en hraunfyllingin, sem ráðgjafarverkfræðingurinn hafði tiltekið í upphafi. Erfitt er að finna neitt beint samhengi milli þessarar samþykktu breytingar á verkáætlun og taps bómukranans, eins og verkkaupi hefur bent á í málflutningserindum sínum. Ennfremur er vafasamt að 1. liður 65. greinar geri ráð fyrir bótum fyrir óbeint tjón eins og hér um ræðir. Hin raunverulega ástæða fyrir breytingunni var sú, að það skorti hraun af nægjanlegum þéttleika í námunni, sem verktaki átti að sækja efnið úr. Var þetta enn eitt dæmið um dugleysi vergfræðingsins við áætlanagerð, en að okkar dómi er það ekki bótahæft eins og krafist er.

5. (f). Með tilliti til þess, sem við höfum úrskurðað samkvæmt lið 5 (e), kemur engin endurgreiðsla til verkkaupa til greina.

5. (g). Krafa 9 A. Úrskurður okkar er sá, að verktaki eigi ekki rétt á neinum bótum vegna áhrifa verkfallsins 1967, sem þegar er um rætt (3 (c) hér að ofan). Við endurtökum, að verktakinn réð ekki við verkfallið, en við lítum svo á, að í samningnum sé ekkert ákvæði, sem verið gæti viðeigandi grundvöllur að fébótum samkvæmt kröfu 9 A. Erum við í því efni sammála afstöðu verkkaupa í málflutningserindi hans.

5. (h). Krafa 9 B. Hér krefst verktaki aukagreiðslna til viðbótar við þær, sem ráðgjafarverkfræðingurinn hefur þegar heimilað

vegna verkfallsins í mars 1968. Við teljum allsherjarverkfallið 1968 hafa verið gagnólíkt verkfallinu 1967 og beri að meðhöndla það á annan hátt. Alvarleg efnahagsvandræði voru á Íslandi á þessum tíma, sem fullsannað er af skjölum þeim, er fram voru lögð við þinghöldin, og kemur enda greinilega fram í hinum tveimur verulegu gengislækkunum íslensks gjaldmiðils. Við erum þannig sammála því áliti ráðgjafarverkfræðingsins, að 71. grein eigi við. Ákvæði hennar eru víðtæk og ótvíræð í þessu efni. Þess vegna styðjum við rétt verktaka til bóta fyrir fjárhagslegt tjón og úrskurðum ísl. kr. 1.850.000 í bætur.

5. (i). Með tilliti til afstöðu okkar um 5 (h) hér að ofan kemur ekki til greina nein endurgreiðsla til verkkaupa á fjárhæðum, sem greiddar hafa verið samkvæmt kröfu 9 B.

5. (j, k). Við lítum svo á, að sóknaraðilar eigi rétt á vöxtum af öllum upphæðum, sem til skuldar ber að telja, frá þeim tíma, er þær féllu í gjalddaga, en það er ekki frá þeim tíma, er verkfræðingnum hentaði að úrskurða þær, heldur frá þeim tíma, er þær hefðu átt að greiðast. Hins vegar erum við ekki sammála verktaka um, að vaxtafóturinn ætti að vera vaxtafótur Deutsche Bank. Samningurinn var efndur á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum og þar af leiðandi ætti greiðsla að fara fram í íslenskum krónum með íslenskum vöxtum, 7%. Allar úrskurðarfjárhæðir, sem hér eru greindar, hafa verið reiknaðar samkvæmt þessari formúlu.

5. (l, m). Með tilliti til þeirrar afstöðu, sem þegar hefur verið tekin að framan, eru spurningar þessar aðeins fræðilegar, og mun engin endurgreiðsla falla til verkkaupa.

6. (a). Við erum að því spurðir, hvort verktaki hafi átt að mæta öðruvísi skilyrðum frá náttúrunnar hendi en þeim, sem um getur í útboðsgögnunum. Eins og við höfum þegar gefið til kynna, er það ekkert vafamál, að viðkomandi teikningar, sem ráðgjafarverkfræðingurinn lagði fram með útboðsgögnunum, þ. e. „Boranir og lóðanir" (nr. 2101.3 frá 19. júlí 1966) og „Borholuprófílar" (nr. 2102—2 frá 26. júlí 1966), voru ónákvæmar, og að raunveruleg skilyrði voru önnur.

6. (b). Af þeim ástæðum, sem áður getur, á reyndur verktaki rétt á að reiða sig á nákvæmni skjala, er fyrir hann eru lögð, sérstaklega til að vera sá grundvöllur, sem honum er ætlað að byggja tilboð sitt á.

6. (c, d, e, f). Krafa 12. Við teljum og úrskurðum, að sökum hinna ófyrirséðu náttúrulegu skilyrða eigi verktaki rétt á viðbótargreiðslum samkvæmt 12. grein verksamningsins. Þetta er í

rauninni ekki umdeilanlegt atriði. Vandamálið er, hversu best sé hægt að ákvarða kostnaðinn, sem verktakinn á rétt á að fá bættan. Gerðarmenn hafa eytt miklum tíma í þetta vandamál, sérstaklega við það að sundurgreina varakröfur þær, sem verktakinn gerði í viðleitni sinni til að sanna áhrifin af skilyrðunum, sem fyrst var rekist á í maí 1968. Eins og við höfum þegar bent á, hafði verkið fram að þeim tíma liðið vegna margþættra aðstæðna, sem raskað höfðu skipulegri röð framkvæmdanna. Það höfðu orðið verkföll, mikilvægt og nauðsynlegt tæki hafði tapast í Súezskurði, verkið hafði verið endurhannað, vetrarvinna hafði komið til, og umfram allt hafði ráðgjafarverkfræðingurinn haldið áfram að krefjast þess, að verkinu yrði lokið eins og upphaflega var ráðgert. Ofan á allt þetta bættust síðan hinar óvæntu aðstæður neðansjávar. Að því er varðar bæði tilkostnað og vinnuhraða voru heildaráhrifin á verkið geipileg. Þrátt fyrir öll þessi áföll var verkinu lokið 3½ mánuði fyrr en áskilið var eftir niðurstöðum okkar, sem þegar er getið.

Það er jafn ógerlegt fyrir gerðarmennina og það var fyrir verktakann sjálfan að aðskilja og greina hverja einstaka orsök tafanna og meta aðgreind verð um hvern þátt. Við teljum, að enginn geti mælt með stærðfræðilegum aðferðum það tiltekna tjón, sem hlaust af þeirri röskun, er var samfara hinum ófyrirséðu aðstæðum, sem við var að etja frá náttúrunnar hendi. Grundvöllur 12. kröfu verktaka er sá, að hinar ófyrirséðu aðstæður, sem á var rekist í maí 1968, hafi haft áhrif á allt, sem eftir var af verkinu, þannig að allur kostnaður af verkinu hafi orðið fyrir áhrifum, og þannig nemur hið raunverulega tjón verktaka, raunhæft á litið, þessum kostnaði, að frádregnum þeim upphæðum, sem verkkaupi hefur greitt. Hinar einstöku varakröfur sýna einungis að hluta það tjón, sem varð í reynd á öllum þáttum verksins. Við teljum, að eina raunhæfa aðferðin til að kveða upp réttlátan úrskurð sé sú, að skylda verkkaupa til að greiða aukakostnað, sem orsakaðist af hinum ófyrirséðu aðstæðum, og að hún eigi fullan stuðning í 12. grein.

Við höfum hlýtt á framburð þess manns, sem færði bækurnar frá 1. júní 1968, og við teljum þær sýna nákvæmlega hinn beina kostnað verktaka af verkinu frá þeim degi að telja. En þó dæmum við ekki alla þá upphæð, sem eftir er leitað. Við teljum, að í byrjun hafi verið um að ræða vanhöld af hálfu verktakans við væðingu til verksins og stjórn þess fyrsta kastið, og auk þess er okkur ljóst, að endurskoðun á bókhaldinu hefur ekki átt sér stað. Af

þessum ástæðum munum við ekki dæma nema um tvo þriðju hluta upphæðarinnar, sem krafist er, og þá að sjálfsögðu að frádregnum öllum fjárhæðum, er verktaka hafa þegar verið greiddar. Við erum sannfærðir um, að um skaða var að ræða, og þó að þessi upphæð bæti verktaka hann væntanlega ekki að fullu, er það skoðun okkar, að hinar tildæmdu bætur, eins og þær hafa verið ákveðnar, feli í sér einu rökréttu og sanngjörnu leiðina til lagfæringar. Með vísan til þessa úrskurðum við verktakanum ísl. kr. 136.600.000.

6. (g). Með tilliti til afstöðu þeirrar, er við höfum þegar tekið varðandi kröfu 12, eiga kröfur 2, 3, 5A, 7, 11, 15 og 19 ekki við.

6. (h, i, j, k, l). Spurningar þessar hafa ýmist orðið þýðingarlausar eða fræðilegar eingöngu vegna þeirrar afstöðu, sem þegar hefur verið tekin.

7. Ráðgjafarverkfræðingurinn hefur gert á hendur verktaka dagsektir að fjárhæð ísl. kr. 375.000, að viðbættu févíti að fjárhæð ísl. kr. 8.200.000, hið síðarnefnda án þess að ráðgast við verkkaupa. Með tilliti til niðurstöðu okkar virðist ljóst, að verkinu var lokið á undan áætlun og að ekki er neinn grundvöllur til að halda fé þannig eftir, og úrskurðum við því verktaka ísl. kr. 8.575.000.

8. Eins og við höfum þegar úrskurðað, ættu hérgreindar greiðslur að fara fram í íslenskri mynt.

9. Við teljum, að útgjöld og kostnaður vegna gerðar þessarar eigi að falla jafnt á verkkaupa og verktaka, eins og verktaki hefur krafist. Með tilliti til málsúrslita samkvæmt úrskurði þessum eiga rök verkkaupa þess efnis, að verkkaupi eigi að bera allan kostnaðinn vegna tilefnislausrar kröfugerðar, augsýnilega ekki við.

Því úrskurðast, að sóknaraðila beri bætur að fjárhæð samtals ísl. kr. 149.455.000, að vöxtum meðtöldum. Fjárhæð þessi sundurliðast þannig:

Krafa 1	ísl. kr.	440.000
Krafa 8	— —	1.990.000
Krafa 9-B	— —	1.850.000
Krafa 12	— —	136.600.000
Frádráttur verkfræðing	— —	8.575.000
	Samtals ísl. kr.	149.455.000

Fjárhæð þessari ber að breyta samkvæmt hvers kyns gengislækkun, sem verða kynni áður en hún er greidd. Úrskurðarfjár-

hæðin ber 7% ársvexti frá neðangreindum úrskurðardegi til greiðsludags.

Kostnaðurinn við gerð þessa, sem aðilar beri að jöfnu, nemur 100.000.— Bandaríkjadollurum.

Þannig gjört hinn 8. júlí 1971.

Það staðfestist hér með, að dr. Gunnar Thoroddsen undirritar úrskurð þennan ekki, en skilar hjálögðu sératkvæði.

J. F. Main (sign.) *William H. Mulligan (sign.)*
James F. MAIN William H. MULLIGAN".

4.0.

4.1. Almennt er því haldið fram af hálfu stefnenda, að umræddur gerðardómur sé endanlegur og bindandi samkvæmt 29. gr. reglna um meðferð mála fyrir gerðardómi Alþjóðaverslunarráðsins, enda hafi aðiljar samið sig undir þessar reglur. Í nefndri 29. grein segir svo:

„Úrskurðurinn er óafturkallanlegur og kemur til framkvæmda.

1. Úrskurður gerðardómsins er endanlegur.
2. Með því að leggja deiluna fyrir gerðardóm Alþjóðaverslunarráðsins skuldbinda aðilar sig til að fullnægja væntanlegum úrskurði án tafar og afsala sér rétti til hverskyns áfrýjunar að svo miklu leyti sem það kann að hafa gildi."

Einnig telja stefnendur, að reglur þær, sem taldar eru gilda á Íslandi um gerðardóma, mundu og leiða til sömu niðurstöðu.

Stefnendur benda á, að ekkert sé við gerðardóminn að athuga, hvorki varðandi formhlið málsins né efnishlið. Því er alfarið mótmælt, að gerðarmenn hafi farið út fyrir valdmörk sín, að galli hafi verið á málsmeðferð af þeirra hálfu eða að gallar hafi verið á gerðardómsúrskurðinum sjálfum að formi til eða að efni til.

Á hinn bóginn telja stefnendur, að stefndi hafi ekki viljað sætta sig við gerðardóminn og greiða samkvæmt niðurstöðu hans af frjálsum vilja. Af þeim sökum hafi stefnendur verið knúðir til málshöfðunar þessarar í því skyni að afla sér aðfararhæfs dóms fyrir upphæð þeirri, sem gerðardómurinn hafi úrskurðað stefnendum til handa.

Stefndi er út af fyrir sig þeirrar skoðunar, að úrskurður gerðarmanna ætti að vera endanlegur og bindandi samkvæmt 29. gr. gerðardómsreglna ICC og almennt að íslenskum lögum. Nefnd 29. gr. segi þó ekki meira en það, sem við eigi um hliðstæða gerðardómssamninga. Hún ræði sérstaklega um áfrýjun vegna þess, að sums staðar sé þess kostur að áfrýja gerðardómum til dómstóla

með venjulegum hætti, þótt svo sé ekki hér á landi. Með nefndri reglu sé aðiljum gert að afsala sér slíkum málskotsrétti. Ákvæðið útiloki hins vegar ekki, að vefenging eigi sér stað, ef á gerðardómi séu þeir annmarkar, sem slíku geti varðað, og ákvæðið tryggi ekki heldur, að úrskurðurinn verði metinn aðfararhæfur.

Stefndi telur, að nefndur gerðardómsúrskurður sé háður verulegum annmörkum, sem hann einkum telur felast í því, að gerðarmenn hafi farið út fyrir valdmörk sín, að ekki hafi verið gætt reglunnar um jafnræði aðilja við málsmeðferð fyrir gerðardóminum og að gallar séu á gerðardómsúrskurðinum bæði að formi og efni til. Í munnlegum málflutningi mótmælti stefndi sérstaklega viðurkenningarkröfu stefnenda, sem hann taldi of óljósa, auk þess sem engin krafa hafi komið fram í þessa átt. Þessum málsástæðum var mótmælt af hálfu stefnenda.

Yfirleitt telur stefndi, að þeir sérstöku annmarkar, sem séu á úrskurði meiri hluta gerðarmanna, séu margir. Telur stefndi, að annmarkar þessir nægi ótvírætt til þess, að synja beri um aðfararhæfi á úrskurðinum samkvæmt íslenskum lögum.

Í næstu köflum hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir því, hvaða annmarka stefndi telur á gerðardóminum. Jafnhliða verður getið um viðhorf aðilja varðandi hina meintu annmarka.

4.2. Stefndi vefengir gerðardóminn á þeim rökum, að vettvangsskoðun hafi ekki farið fram, sjá 2.9. Samkvæmt reglum ICC sé það skylda gerðarmanna að ganga úr skugga um staðreyndir málsins. Alkunna sé, að íslenskir dómstólar leggi höfuðáherslu á vettvangsskoðun og að atvik gerðardómsmálsins hafi gefið fullt tilefni til þess, að slík skoðun færi fram. Telur stefndi, að það dragi óneitanlega úr gildi þess, sem gerðarmenn hafi ályktað, t. d. um jarðvegsskilyrði við verkið, lýsingu útboðsgagna á þeim og hvernig þau reyndust, að þeir þekktu ekki staðhætti af sjón og raun. Hér sé þó um að ræða undirstöðuatriði í málinu. Enn fremur megi benda á orðalag í úrskurðinum, sem naumast hefði verið viðhaft, ef gerðarmenn hefðu verið kunnugri staðháttum.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að engin grundvallarregla sé í íslenskum lögum einkamálalaga eða reglum ICC um vettvangsgöngu, en slíkt sé skilyrði, ef vefengja eigi gerðardóm á þessum grundvelli. Að vísu séu ákvæði um vettvangsgöngu í II. og III. kafla laga nr. 41/1919, en þar sé um að ræða undantekningarákvæði og þar sé raunar vettvangsganga aðeins gerð að skyldu, ef dómari telji hana nauðsynlega.

Fyrir utan þetta telja stefnendur, að engin nauðsyn hafi verið á vettvangsgöngu í umræddu tilviki. Umboðsmaður stefnda hafi og lýst þessu yfir við gerðarmenn og af gögnum málsins sjáist ekki, að stefndi hafi óskað eftir vettvangsskoðun undir rekstri gerðardómsmálsins. Þá eru stefnendur þeirrar skoðunar, að jafnvel þótt ástæða þætti til vettvangsgöngu, sé á það að líta, að gerðardómar séu ekki jafnfastbundnir við slíkar lagareglur og dómstólar. Loks er því mótmælt, að gerðarmenn hafi viðhaft orðalag í úrskurðinum, sem stafi af vanþekkingu þeirra á staðháttum.

4.3. Þá heldur stefndi því fram, að meðferð á gögnum um kröfu nr. 12 hafi verið ólögmæt, sjá 2.5 og 2.9.

Þannig heldur stefndi því fram, að verktakinn hafi ekki rökstutt þessa meginkröfu sína með gögnum, meðan úrskurður um hana var enn í höndum eftirlitsverkfræðingsins, og ekki hafi heldur fylgt henni nein reikningsgögn, er stefnendur lögðu fram beiðni sína um gerðardóm í júní 1970. Slík gögn hafi ekki komið fram fyrr en 11 dögum áður en að vitnaleiðslur hófust í málinu og þá algerlega ófullnægjandi að dómi varnaraðilja. Hafi varnaraðili álitið óhugsandi að leggja reikninginn til grundvallar í málinu án könnunar á bókhaldi verktaka. Bæri fremur að hafna bótakröfunni vegna vanreifunar. Gerðarmenn hafi hins vegar talið óhugsandi að framkvæma nákvæman útreikning á bótunum, heldur yrði að líta á heildartjónið. Svo hafi farið, að meiri hluti gerðarmanna hafi lagt hið umdeilda fylgiskjal B beinlínis til grundvallar dómi sínum í málinu gegn mótmælum varnaraðilja. Gerðarmenn hafi slegið því föstu, að útreikningur bótanna (en ekki bótaskylda) væri aðalatriði málsins, en um leið hafnað rétti varnaraðilja til þess að fjalla um aðalgagn sóknaraðilja, þ. e. fylgiskjal B. Fari naumast á milli mála, að varnaraðili hafi hvorki haft tíma né aðra aðstöðu til þess að gagnrýna yfirlitsreikninginn að neinu marki, áður en málið var dæmt. Það hafi verið á valdi gerðarmanna að veita þessa aðstöðu samkvæmt margítrekuðum áskilnaði varnaraðilja, en því hafi gerðarmenn kosið að synja. Telur stefndi, að hér sé um að ræða brot á reglunni um jafnræði aðilja í málflutningi, en hún sé meginregla, sem feli það í sér, að hvor aðili skuli fá færi á að útlista mál sitt fyrir gerðardóminum og jafnframt færi á að kanna og að ræða þau gögn og málsástæður, sem fram komi af hálfu hins aðiljans. Telur stefndi, að það fái ekki staðist að láta sóknaraðilja haldast uppi að bera fram vanreifaðar kröfur og úrskurða þær svo komnar, en hafna um leið

sjálfsögðum rétti varnaraðilja til að tjá sig um kröfur og efni með eðlilegum hætti.

Í munnlegum málflutningi lagði lögmaður stefnda talsverða áherslu á það, að skilja hafi átt álit (úrskurð) gerðardómsmanna, það sem rakið er í 2.9., þannig, að ekki yrði byggt á fylgiskjali B, nema stefnda væri áður gefið færi á að taka afstöðu til skjalsins. Þetta sé staðfest síðar í þinghaldinu og auk þess liggi frammi í málinu vottorð frá þeim gerðardómsmanni, sem sératkvæði skilaði, sem styðji þetta.

Stefnendur telja það ósannaða fullyrðingu af hálfu stefnda, að gerðardómurinn hafi ekki gert næga könnun á svonefndu fylgiskjali B, áður en dómur var upp kveðinn. Einnig benda þeir á, að það sé á valdi gerðarmanna að ákveða, hvort frekari gagna skuli aflað eða ekki um einstök atriði máls og að aðiljarnir sjálfir beri mestan þunga af gagnasöfnun. Mati gerðardómsins um það, hvað hann sjálfur telji vera sannað eða ekki sannað, geti venjulegir dómstólar ekki hnekkt, nema gerðardómur hafi byggt á röngum forsendum eða á ólögmætum sjónarmiðum.

Í þessu tilviki hafi gerðardómurinn talið, að hann hefði næg gögn til þess að byggja niðurstöðu sína á að þessu leyti, en til þess hafi hann haft fullan rétt og fulla heimild samkvæmt reglum ICC og íslenskum lögum.

Þá hafa stefnendur mótmælt því algerlega, að grundvallarreglunni um jafnræði aðilja hafi ekki verið gætt. Í þessu sambandi benda stefnendur á, að stefndi hafi vitað um eðli þessarar kröfu um tveggja ára tímabil, áður en beðið var um afskipti gerðardóms. Bæði verkfræðifirmað og lögfræðingur stefnda hafi hins vegar allan tímann neitað að viðurkenna, að stefnendur ættu nokkurn lagalegan rétt á þessum grundvelli. Sama hafi gilt í meðferð málsins fyrir gerðardóminum. Umboðsmenn stefnda hafi neitað að ræða fylgiskjal B eða spyrja vitni út í það. Þessi afstaða hafi verið byggð á þeim lagalega misskilningi stefnda, að stefnendur ættu e. t. v. rétt á þótum samkvæmt 52. gr. verksamningsins, en alls ekki samkvæmt 12. gr. hans. Slíkur misskilningur og slík framkoma af hálfu stefnda eigi hins vegar ekki að koma stefnendum í koll.

Gerðarmenn hafi einnig bent stefnda á, hvernig hann ætti að fara að því að gera athugasemdir við fylgiskjal B. Þessu hafi stefndi ekki sinnt.

Þá sé ljóst, að stefnendur hafi afhent svonefnt fylgiskjal B innan „hæfilegs tíma", eins og áskilið hafi verið í verksviðslýsingu. Gerðarmenn hafi verið þessarar skoðunar. Þá benda stefnendur

einnig á, að stefndi hafi í raun og veru tekið afstöðu til kröfu nr. 12 í greinargerðum sínum og í einni greinargerðinni komi m. a. fram, að stefndi hafi talið sig vera búinn að hrekja kröfu nr. 12 „lið fyrir lið".

Loks benda stefnendur á, að gerðarmenn hafi einróma samþykkt, að fylgiskjal B skyldi lagt fram sem sönnunargagn í málinu. Umboðsmenn stefnda hafi því getað sagt sér fyrirfram, að svo kynni að fara, að gerðarmenn mundu byggja niðurstöðu sína á þessu skjali.

Því er mótmælt, að gerðarmenn hafi gefið fyrirheit í aðra átt. Hugsanlegur áskilnaður stefnda hér að lútandi geti og ekki skipt máli að lögum.

4.4. Stefndi telur það enn til ágalla, að formgallar séu á úrskurði gerðarmanna. Að vísu sé úrskurðurinn í meginatriðum í því formi, sem hann hafi átt að vera, og enn fremur liggi fyrir, að gerðardómsstofnunin hafi samþykkt úrskurðinn og staðfest í því formi, sem hann hafi komið frá gerðarmönnum.

Hins vegar sé ekki fyrir að synja, að úrskurðurinn sé naumast jafnvandaður að frágangi og hinn umfangsmikli málflutningur gaf tilefni til. Þannig séu t. d. villur í málavaxtalýsingu, tvímælis orki, hvort tilfærðum spurningum sé svarað, umsögn um mikilvæg álitaefni sé lausleg og röksemdafærsla ófullnægjandi.

Í þessu sambandi nefnir stefndi eftirfarandi:

a. Gerðarmenn hafi yfirleitt ekki gert grein fyrir því í umsögn um hinar einstöku kröfur, hvernig þeir mátu áhrif gengisbreytinga á fjárhæð þeirra, nema að því er varðar kröfu nr. 12 og kröfu nr. 5. *b.* Með úrskurði um bætur samkvæmt kröfum 8 og 9 B (og nr. 1) virðist gerðarmenn hafa hafnað sundurliðuðum lækkunum, sem verkfræðingurinn hafi gert á þessum kröfum. Ekki sé rökstutt, hvers vegna bæta beri verktakanum þessa kröfuliði, og ekki sjáist, hverjir þeir séu. *c.* Spurningu nr. 4 (a, b, c, d. e) hafi gerðarmenn einungis svarað með tilvísun til ummæla sinna fyrr í úrskurðinum, þar sem sagt hafi verið, að verkfræðingurinn hefði ýmist ranglega synjað framlengingarkröfum eða dregið úrlausn þeirra úr hömlu. Þetta sé mjög ófullnægjandi rökstuðningur með tilliti til þess, hve mikilvægar ályktanir gerðarmenn virðast hafa dregið af þessari niðurstöðu. *d.* Þá telur stefndi það formgalla að byggja kröfu nr. 12 á fylgiskjali B, án þess að það væri endurskoðað og án þess að rökstyðja slíka niðurstöðu sérstaklega. *e.* Stefndi bendir á, að villur séu í málavaxtalýsingu gerðarmanna. Þannig sé talað um, að hraunfylling hafi ekki verið fáanleg í grjótnámu

verktaka og á fleiri stöðum sé talað um „hraun", þar sem að réttu lagi ætti að ræða um stórgrýti, sem nota átti í brimvörn brimbrjótsins.

Enn fremur sé sagt, að verkfræðingurinn hafi sífellt heimtað efndir á „upphaflegum" áætlunum um verktíma. Þetta orðalag sé a. m. k. ónákvæmt.

Á einum stað sé sagt, að verktaki hafi orðið að útvega verkamenn til viðbótar. Stefndi segir það hins vegar áberandi staðreynd, hve litlar breytingar hafi orðið á tölu starfsmanna verktaka.

Á bls. 5 í gerðardóminum sé sagt, að verkfræðingurinn hafi enga framlengingu veitt fyrr en 7. október 1969, en þessi fullyrðing sé ekki rétt.

Varðandi varnarástæður þær, sem fram komi í *a.* halda stefnendur því fram, að umræddur gerðardómur sé ítarlega rökstuddur miðað við gerðardóma á Norðurlöndum. Þá sé á það að líta, að tjón stefnenda hafi orðið í vestur-þýskum mörkum og kröfur hafi verið gerðar í þeirri mynt. Þegar gerðarmenn hafi því úrskurðað tjón samkvæmt 12. gr. verksamningsins, hafi þeir jafnframt afgreitt allar spurningar um gengi og hafnað varnarástæðum stefnda. Þessi aðferð sé fullkomlega lögmæt, enda séu bótakröfur stefnenda ekki samningsbundnar greiðslur, sem greiða eigi eftir þeim gengishlutföllum, sem um geti í 60. gr. (8) verksamningsins, heldur greiðslur til viðbótar því, sem um geti í verksamningnum og eigi að greiða eftir 71. gr. hans.

Varðandi varnarástæður þær, sem um getur í *b.* segja stefnendur, að rökstuðningur sá, sem fram komi í gerðardóminum um kröfur nr. 8, 9 B og nr. 1 sé ekki fáorðari en gerist og gengur í dómsforsendum Hæstaréttar Íslands. Þvert á móti séu þær jafnvel ítarlegri en þar beri stundum við.

Varðandi varnarástæður samkvæmt lið *c.* segja stefnendur, að þær spurningar, sem þar geti um, séu nægjanlega rökstuddar. Meginreglan sé, að sönnunarmat dómarans er frjálst. Aðferð gerðardómsins hafi auðsjáanlega verið sú, að hann hafi metið svonefnt fylgiskjal B og skýrslu bókhaldarans nægja sönnun um það, að stefnendur hafi orðið fyrir gífurlegum fjárútlátum við frágang verksins.

Varnarástæður, nefndar í *e*, segja stefnendur byggðar á misskilningi. Umrætt stórgrýti sé að vísu í daglegu tali ekki nefnt hraun, en hins vegar sé það hraun fræðilega séð. Hér sé um eng-

an misskilning að ræða. Aðrar athugasemdir stefnda telja stefnendur léttvægar.

4.5. Stefndi telur, að niðurstaða gerðardómsins sé byggð á ólögmætum sjónarmiðum og öðrum efnisannmörkum í þessum atriðum:

a. Stefndi telji það hér skipta mestu, að bætur samkvæmt kröfu nr. 12 sýnist byggðar á ólögmætum sjónarmiðum. Mat gerðarmanna á bótunum sýni ljóslega, að bæturnar hafi ekki verið reiknaðar út frá afleiðingum hindrananna sem slíkum, heldur út frá reikningi verktakans um allsherjarbætur. Þar sé um að ræða kostnað af öllum þáttum verksins og öllum útgjaldaliðum, almennum og sérstökum, án tillits til þess, hvort hinar umdeildu hindranir og verktafir hefðu teljandi áhrif á verkið eða ekki. Sé ljóst, að þær hafi ekki getað haft áhrif á alla kostnaðarliði og snerti ekki beint alla verkþætti. Bæturnar séu þannig raunverulega úrskurðaðar á reikningsgrundvelli, þótt um væri að ræða verksamning með föstum einingarverðum, gerðan á samkeppnisgrundvelli.

Verði að mótmæla, að þetta sé forsvaranleg aðferð við úrskurð um svo stórvægilega kröfu. Hún sé afleiðing þess, að verktakanum hafi í reynd verið látin haldast uppi vanreifuð kröfugerð á allt öðrum grundvelli en verksamningurinn sagði fyrir um. Slík niðurstaða sé tvímælalaust ólögleg. Einnig er bent á, að í hinum tildæmdu bótum sé væntanlega innifalinn áætlaður hagnaður (5%). Einnig var látið að því liggja, að úrlausnin færi í bága við ákvæði íslenskra laga um gengisbreytingar og verðtryggingu fjárskuldbindinga.

b. Stefndi heldur því fram, að í dómi gerðarmanna um frammistöðu eftirlitsverkfræðingsins hafi komið fram sjónarmið, sem virðist ólögmæt. Þannig sé sagt í gerðardóminum, að verktaki hafi staðið sig illa í byrjun með því að vera seinn til undirbúnings o. s. frv., en síðan sé haldið áfram og sagt: Þetta atriði má þó að nokkru leyti afskrifa vegna samsvarandi vanhalda af hálfu verkfræðingsins, sem hefði í samningaumleitun og áður en hann gekk frá tilboði, átt að ganga úr skugga um, að allt væri með felldu varðandi helstu tæki, æðsta starfslið og grundvallaráætlun verktaka. Telur stefndi, að það fái varla staðist, að framganga verkfræðingsins í þessu efni geti breytt ábyrgð verktaka gagnvart verkkaupa.

Enn fremur sé á það að líta, að hin harða gagnrýni gerðarmanna á hendur verkfræðingnum sé bersýnilega mjög ósanngjörn. Þetta

komi fram á mörgum stöðum í gerðardóminum. Meðal annars sé sagt, að það hafi „umfram allt“ verið kröfur verkfræðingsins um, að verkinu yrði lokið, „eins og upphaflega var áætlað“, sem raskað hafi aðstöðu verktaka. Telur stefndi augljóst, að álit gerðarmanna að þessu leyti hafi haft mikil áhrif um töluleg úrslit málsins.

c. Stefndi mótmælir kröfu verktakans nr. 8 um kranann í Súezskurði sem fjarstæðri. Hann telur heimilt að vefengja niðurstöðu gerðarmanna, einkum hina verulegu tímaframlengingu, sem veitt hafi verið.

d. Stefndi telur það felast í afstöðu gerðarmanna um kröfu nr. 12, að þeir hafi farið út fyrir valdmörk sín og löglegar kröfur aðilja, þar sem töluleg niðurstaða sé órökstudd. Yfirleitt megi og ályktа, að gerðarmenn hafi hneigst til þess að úrskurða málið eftir sanngirnissjónarmiðum án lagalegs rökstuðnings.

Varðandi varnarástæður í lið *a.* benda stefnendur á, að það sé eitt höfuðeinkenni verksamninga, að þeir snúist um kerfisbundið fyrirkomulag. Allt verkið fari úr skorðum, ef eitt hjól í gangverkinu fari úr skorðum. Eini raunhæfi mælikvarðinn til þess að reikna út afleiðingar slíkra hindrana sé því að líta til þess kostnaðar, sem verktaki hefur haft af verkinu á þeim tíma, sem hann var að berjast við hindrunina. Það sé einmitt slík útgjöld, sem beri að bæta.

Gerðarmenn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að stefnendur ættu óumdeilanlegan rétt á bótum, en vandamálið væri aðeins það, hvernig best væri að ákveða bæturnar. Meiri hluti gerðarmanna hafi beitt þeirri reglu, sem allir dómstólar mundu gera undir slíkum kringumstæðum, þ. e. að meta tjónið á lagalegum áætlunargrundvelli. Það sé misskilningur, að þarna hafi verið viðhöfð ólögleg sjónarmið. Aðferð gerðarmanna sé í fullu samræmi við lög og dómstólavenju bæði hérlendis og erlendis og hér sé um að ræða alvanalega aðferð við úrlausn ágreiningsefna um verksamninga. Grundvöllur hinna föstu einingarverða bresti, ef frávik fari umfram visst hámark frá þeim magntölum, sem um sé talað.

Stefnendur andmæla skoðunum stefnda, sem fram koma í *b.* hér að ofan. Þeir telja hér vera um algert efnisatriði að ræða, sem undanskilið sé lögsögu bæjarþingsins. Auk þess sé þetta minni háttar atriði, sem engu máli skipti um lögmæti úrlausnar gerðarmanna. Þá kveðast stefnendur heldur ekki betur sjá en að gagnrýni gerðarmanna á störfum verkfræðifirmans Christiani & Nielsen sé fyllilega á rökum reist.

Varðandi rök stefnda í *c.* segja stefnendur, að krafa þeirra vegna taps bómukranans sé í samræmi við verksamninga og viðurkennd í fræðiritum.

Varðandi þær röksemdir stefnda, sem fram koma í *d.*, geta stefnendur þess, sbr. 2.8., að það ákvæði í gerðardómsreglunum, sem um þetta fjalla, sé sett í því skyni að koma í veg fyrir, að gerðardómsmenn úrskurði í málinu á algerum sanngirnissjónarmiðum. Annars bentu stefnendur á, að munurinn á sanngirnissjónarmiðum og lagasjónarmiðum í þessu tilviki væri umdeilanlegur og ef til vill ekki svo mikill sem virtist í fyrstu. Töldu stefnendur þó ekki vafasamt, að gerðarmenn hefðu haldið sér innan löglegra marka að þessu leyti og í einu og öllu fylgt þeirri réttarhefð, sem þróast hefði á Norðurlöndum við ákvörðun bótanna.

5.0.

5.1. Ekkert beint ákvæði er í reglum ICC um sáttagerð og gerðardóm um skyldu dómenda til að ganga á vettvang til athugunar á staðháttum, áður en dómur er upp kveðinn. Ákvæði í þessa átt var heldur ekki tekið upp í verksviðslýsingu aðilja, en þau ákvæði, sem til álita koma í þessu sambandi, eru rakin í 2.8.

Sakarefni það, sem gerðarmenn höfðu til úrlausnar, var ekki þess eðlis, að dómsmál út af því ætti að reka samkvæmt II. eða III. kafla laga nr. 41/1919. Skylda til vettvangsgöngu verður því ekki studd við þau fyrirmæli í umræddum lögum, sem um vettvangsgöngu fjalla.

Mál það, sem hér er til úrlausnar, er réttilega rekið samkvæmt lögum nr. 85/1936 um almenna meðferð einkamála í héraði. Í þeim lögum eru engin sérstök fyrirmæli um vettvangsgöngu. Ákvæði 78. gr. laganna er þó að öðrum þræði á því reist, að þörf kunni að vera slíkrar vettvangsgöngu í vissum tilvikum, og samkvæmt 114. gr. sömu laga kann slík vettvangsganga að vera rétt, allt þó nánar eftir sakarefni og öðrum atvikum hverju sinni. Í raun er vettvangsganga talsvert tíðkuð.

Ekki kemur þó til álita að synja gerðardóminum um fullt gildi, nema ljóst sé, að athugun á vettvangi hafi verið nauðsynleg við úrlausn gerðarmálsins.

Dómendur hafa kannað öll þau gögn, sem gerðarmenn höfðu undir höndum, og þeir hafa sjálfir gengið á vettvang til athugunar á staðháttum.

Með hliðsjón af gögnum þeim, sem lágu fyrir gerðarmönnum í gerðarmálinu, sakarefninu, sem gerðarmenn skáru úr um, og vett-

vangsgöngu héraðsdómenda sjálfra verður að vísu talið, að slík vettvangsganga hefði verið vönduð málsmeðferð.

Á hinn bóginn verður ekki fullyrt, að brýn þörf hafi verið á vettvangsgöngu til að ná réttlátum úrslitum í málinu, eins og það lá fyrir. Verður ekki talið heimilt að hafna dómkröfu í málinu af þessum ástæðum.

2. Við úrlausn þess, hvort brotið hafi verið gegn jafnræði aðilja í meðferð gerðarmálsins, verður í upphafi að athuga, að stefnendur settu ekki fram svonefnda kröfu nr. 12, fyrr en verkinu var lokið. Er ekki sannað, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið kunnugt um eðli þessarar kröfu fyrr en a. m. k. mjög var liðið á verktímann. Fyrirsvarsmenn stefnda höfðu því ekki slíkt sérstakt tilefni til að fylgjast með kostnaði þeim, sem féll á verkið eftir 17. maí 1968. Þó ber að athuga, að slíkt tilefni var gefið, að því er varðar ákveðin tilvik, sem rakin eru í bókaðri fundargerð aðilja 18. september 1968, og í sambandi við varakröfu nr. 12 auk þess sem fyrirsvarsmenn stefnda hlutu að hafa nokkra almenna vitneskju um gang verksins og kostnað.

Ekki verður séð, að stefndi hafi í greinargerð sinni við gerðarbeiðni, dags. 30. október 1970, tekið skýra afstöðu til þess, hvort hann hygðist mótmæla kröfu nr. 12 tölulega séð eða hverra gagna hann krefðist af því tilefni, en þar er aðeins svo ritað um þetta efni: „En skýrslur eru þannig, að verkkaupar hafa getað hrakið kröfuna lið fyrir lið með því að vitna í skriflegar skýrslur, þótt krafan sé gerð svona seint af hendi verktaka og algjölega í almennu og ósönnuðu formi og án lögmæts grundvallar."

Þann 4.—5. apríl 1971 gengu umboðsmenn aðilja frá verksviðslýsingunni. Samkvæmt henni töldu aðiljar nægja, að öll gögn og upplýsingar yrðu afhent innan hæfilegs tíma fyrir málflutning, en í verksviðslýsingunni var gert ráð fyrir, að hann hæfist 3. maí 1971. Ekki verður séð, að umboðsmenn stefnda hafi þá haft uppi ákveðnar óskir um það, hvers konar gögn og upplýsingar þeir töldu sig þurfa varðandi kröfu nr. 12.

Eins og áður er lýst, var hið umdeilda fylgiskjal B (ásamt öðrum gögnum) afhent umboðsmönnum stefnda í Kaupmannahöfn 23. apríl 1971, eða 11 dögum áður en málflutningur átti að hefjast í New York. Umræddu fylgiskjali B er lýst að nokkru í 2.9., en það hefur verið lagt fram hér í dóminum. Rannsókn þessa sakargagns leiðir í ljós, að vel mátti taka afstöðu til þess á grundvelli einstakra kostnaðarliða og rökstyðja vefengingu þeirra eða

krefja skýringa um þá, ef þess taldist þörf. Slíkt var þeim mun auðveldara, þegar höfð er í huga sú vitneskja, sem fyrirsvarsmenn stefnda hlutu að hafa um gang verksins og um einstaka kostnaðarliði.

Það ber að vísu að játa, að umboðsmenn stefnda höfðu nauman tíma til þess að kynna sér og taka afstöðu til umrædds fylgiskjals auk þess sem þeir höfðu í mörgu að snúast um þetta leyti í sambandi við gerðarmálið, en þó má, eins og hér stendur á, líta til þess, að nokkur tími gefst til að taka slíka afstöðu, eftir að vitnaleiðslur hófust frá og með 4. maí 1971.

Þegar á allt er litið, verður að telja það leiða af skuldbindingu þeirri, sem stefndi tók á sig með samningnum um verksviðslýsinguna og almennum réttarfarssjónarmiðum, að stefnda hafi þarna borið að freista þess að taka afstöðu til umrædds fylgiskjals B á þann hátt, sem að ofan er ritað, ef hann vildi komast hjá hættu á réttarspjöllum. Lítur rétturinn svo á, að þetta hafi verið unnt að því marki, sem dugði að svo stöddu til þess að tryggja rétt stefnda.

Þetta virðast umboðsmenn stefnda hins vegar ekki hafa gert að neinu marki. Þannig eru í 2.9. rakin þau samtöl, sem fram fóru í byrjun þinghalds 4. maí 1971. Afstaða umboðsmanna stefnda var þá í höfuðatriðum sú, að þeir töldu fylgiskjal B ekki hafa að geyma þær lýsingar á einstökum kostnaðarliðum, sem þeir töldu sig þurfa, einkum til að geta einangrað þann kostnað, sem settur var fram sem varakrafa nr. 12 í sambandi við tiltekin atvik. Einnig töldu þeir, að fylgiskjal B sýndi fremur greiðslur á tilteknum tíma en kostnað á tilteknum tíma. Af þessum sökum töldu þeir, að heildarendurskoðun á kostnaði við verkið allt væri nauðsynleg, þar sem ekki aðeins væri athugað, hvort tölur væru réttar, heldur einnig, að fram komi sæmileg lýsing á einstökum kostnaðarliðum og flokkun þeirra eftir verkþáttum.

Í 2.9. er einnig rakin ákvörðun gerðarmanna um þessi atriði. Gerðarmenn höfnuðu slíkri endurskoðun, sem hefði orðið tímafrek, en bentu aðiljum þess í stað á að gera rökstuddar athugasemdir við einstaka kostnaðarliði, sem ef til vill gætu síðar orðið tilefni til endurskoðunar að nokkru leyti eða öllu.

Hæpið er að telja, að stefndi hafi þarna átt tvímælalausan rétt á fresti í málinu til þeirrar endurskoðunar, sem hann krafðist, miðað við atvik eins og þeim nú hefur verið lýst. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að slík endurskoðun hafi verið ein sér höfuðnauðsyn fyrir réttlát úrslit málsins án tillits til þeirra tækifæra, sem

hann hafði samkvæmt framansögðu til að gæta réttar síns í málinu. Það leiðir af framanrituðu, að ekki verður fullyrt, að gerðarmenn hafi með áðurnefndri ályktun eða á annan hátt brotið þann rétt, sem stefndi átti til þess að kynna sér sakargögn og eiga kost á að taka afstöðu til þeirra.

Eins og lýst hefur verið af hálfu stefnda, sýnist fylgiskjal B hafa skipt miklu máli við úrlausn kröfu nr. 12 í gerðarmálinu. Ljóst er, að gerðarmenn töldu þau gögn, sem lágu til grundvallar kröfu nr. 12, nægjanleg til að taka hana til greina á þann hátt, sem gert var. Telja verður, að gerðarmenn hafi þarna haft frjálst mat um það, hvort þeir töldu þessi gögn nægja til þeirrar niðurstöðu, sem þeir komust að. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að meðferð gerðarmanna á þessum sakargögnum sé háð bersýnilegum og veigamiklum ágöllum að öðru leyti, er ekki unnt að verða við þeim mótmælum stefnda, sem að þessum atriðum lúta.

Ekki verður séð af fyrrgreindri ákvörðun gerðarmanna eða öðrum rituðum athugasemdum þeirra, að þeir hafi gefið umboðsmönnum stefnda fyrirheit um það að reisa því aðeins dóm á svonefndu fylgiskjali B, að stefndi fengi áður sérstakt tækifæri til að tjá sig um það. Fullyrðingu í þessa átt hefur stefndi heldur ekki sannað með öðrum hætti, og fyrrgreint vottorð Gunnars Thoroddsens um þetta efni, sbr. 2.9., tekur ekki af tvímæli í þessu sambandi. Loks þykir áskilnaður sá, sem umboðsmenn stefnda gerðu í þinghaldinu og við önnur tækifæri, ekki breyta réttarstöðu hans samkvæmt því, sem fyrr er ritað.

5.3. Svo sem greinir í 4.4. *a.* og *b.*, telur stefndi það til ógildis úrlausn gerðarmanna, að þess hafi ekki verið getið, hvernig metin voru áhrif gengisbreytinga á sumar kröfurnar og að þær hafi ekki verið rökstuddar nægjanlega í öðrum tilvikum.

Í 3.1. er því lýst, að stefnendur settu fram bótakröfur sínar í vestur-þýskum mörkum. Að því leyti sem kröfurnar voru teknar til greina voru bætur metnar í íslenskum gjaldmiðli, en bótaupphæð á þó að breytast í samræmi við hvers kyns gengisbreytingar, sem verða, áður en hún er greidd.

Í 3.2. er úrlausn gerðarmanna rakin í heild sinni, og sést þar nánar rökstuðningur gerðarmanna varðandi hinar einstöku kröfur. Í verksviðslýsingu þeirri, sem rakin var í 2.8., var áskilið, að niðurstaða gerðardómsins skyldi vera rökstudd.

Ekki þykir unnt að fallast á það með stefnda, að rökstuðningur gerðarmanna varðandi umræddar kröfur sé svo rýr eða á annan

hátt þannig vaxinn, að það sé til fyrirstöðu gildi úrlausnar þeirra að nokkru leyti eða öllu. Slíkt ógildi þykir hvorki leiða af ákvæðum verksviðslýsingarinnar né öðrum réttarheimildum, sem hér koma til skoðunar, eins og hér stendur á.

Fallast má á staðhæfingu stefnda í 4.4. *c.* (spurning nr. 4, sbr. 3.1.) að því leyti, að gerðarmenn svöruðu ekki þessum spurningum eins og berum orðum var tilskilið í verksviðslýsingunni. Í höfuðatriðum verður þó að telja, að gerðarmenn hafi tekið afstöðu til umræddrar spurningar að því marki, sem máli skipti í sambandi við þá úrlausn, sem gerðarmenn komust að. Málsástæða stefnda í þessu efni er því dómkröfunum ekki til fyrirstöðu.

Málsástæða stefnda, sem fram kemur í 4.4. *d.*, hefur hlotið úrlausn í 5.2 og 5.4. Eins og þar er nánar rakið, er það gildi úrlausnar gerðarmanna ekki til fyrirstöðu, að þeir beittu fylgiskjali B sem sönnunargagni á þann hátt, sem raun varð á og nánar hefur verið lýst. Fallast má á þær málsástæður stefnda, sem fram koma í 4.4 *e.*, en þær þykja þó það léttvægar, að þær fá ekki orkað á úrslit máls þessa.

5.4. Gerðarmenn veittu í úrlausn sinni fjögurra mánaða verktímaframlengingu vegna umræddS bómukrana. Ljóst er, að þessi úrlausn skipti verulegu máli við ákvörðun bóta samkvæmt kröfu nr. 12.

Eftir niðurstöðum gerðarmanna lauk verkinu 3½ mánuði fyrr en gerðarmenn sjálfir töldu rétt, þrátt fyrir alla örðugleika. Er þessi niðurstaða við það miðuð, að þess hafi jafnan verið krafist, að verkinu yrði lokið, eins og upphaflega hefði verið gert ráð fyrir. Í úrlausn gerðarmanna um kröfu nr. 12 er þess m. a. getið, að glatast hafi mikilvægt og nauðsynlegt tæki (bómukraninn) og að heildaráhrif á verkið hafi verið geipileg, að því er varðaði tilkostnað og vinnuhraða.

Samkvæmt frásögn stefnenda sjálfra átti að nota bómukranann til þess einkum að raða stórgrýti í grjótvörn varnargarðsins, en einnig í önnur verk. Samkvæmt kröfugerð stefnenda má miða við það, að áætlað hafi verið að hefja gerð varnargarðsins og grjótvarnarinnar ekki síðar en 15. júlí 1967, ef kraninn hefði komið til landsins.

Gerð varnargarðsins hófst ekki í raun og veru fyrr en í október 1967. Var þá garðurinn varinn með stórum steinum nokkurn veginn jafnóðum, þannig að stærstu steinunum var ekið á garðinn og ýtt til hliðar út á fláa varnargarðsins. Síðar, eftir miðjan janúar

1968, er stefnendur höfðu aflað sér annars krana, var gengið frá grjótvörninni í samræmi við útboðsgögn, þ. e. grjóti af tilskilinni stærð raðað á þann hátt, sem rakið er í 2.4.

Í úrlausn gerðarmanna segir svo um upphaf verksins: „Ennfremur er það skoðun okkar, að verktaki hafi sýnt vanrækslu við væðingu sína að tækjum og starfsliði fyrstu sjö mánuði samningstímabilsins, sérstaklega þá er hann lét undir höfuð leggjast að skipa yfirstjórnanda með reynslu á sviði þess, er að sjó lýtur, þar til í nóvemberlok 1967. Atriði þetta má þó að nokkru afskrifa á móti samsvarandi vanhöldum af hendi ráðgjafarverkfræðingsins, sem hefði átt að ganga úr skugga um, í viðræðum um samninginn og áður en hann veitti verkið, að allt væri með felldu um helstu tæki, æðsta starfslið og grundvallaráætlun verktakans.“ Þessi niðurstaða gerðarmanna er hæpin, eins og síðar verður vikið að. En jafnvel þótt miðað sé við niðurstöðuna, er verktímaframlenging sú, sem gerðarmenn veittu vegna bómukranans, vafasöm með hliðsjón af þeim áhrifum, sem hún augljóslega hefur á niðurstöðu gerðardómsins á kröfu nr. 12. Er þá einkum að líta á:

a. Fram er komið, að stefnendur miðuðu kröfu sína um framlengingu á verktíma vegna bómukranans við tímabilið 15. júlí 1967 til 15. janúar 1968. Verkið hófst í byrjun maí 1967. Samkvæmt framanrituðum orðum gerðarmanna á að miða við það, að verkið hafi gengið illa fyrstu 7 mánuði samningstímabilsins vegna atvika, sem vörðuðu verktaka (stefnendur). Þetta tímabil er þó „afskrifað að nokkru“ á ábyrgð stefnda, svo sem fyrr getur. Að vísu ber að taka fram, að af úrlausn gerðarmanna sést ekki innan hverra tímamarka verktímaframlengingin, fjórir mánuðir, var veitt.

Enn fremur er þess að geta, að í málflutningi verktaka (stefnenda) fyrir gerðardóminum er sérstaklega bent á, að þeir hafi orðið fyrir töfum á öllu verkinu vegna fyrrgreinds verkfalls frá 24. júlí til 29. ágúst 1967. Gerðarmenn töldu þó ósannað, að töf hefði orðið á heildarframvindu verksins af þessum sökum, þótt sum störf hafi stöðvast á þessu stigi málsins.

b. Fram kemur í gögnum málsins, að verktaki hóf ekki framleiðslu sprengds grjóts fyrr en í lok október 1967. Gefur það vísbendingu um það, að ekki hafi verið verkefni fyrir bómukranann til að raða stórgrýti fyrr.

c. Verja mátti garðinn fullnægjandi, er stefnendur voru tilbúnir að öðru leyti, með því að ýta stórgrýti út á fláa garðsins, svo sem gert var, og ganga síðar frá grjótvörninni í samræmi við útboðs-

gögn. Slík aðferð var ekki andstæð verksamningi aðilja. Önnur úrræði til að fyrra tjóni utan þeirra, sem reynd voru, komu einnig til álita.

d. Hæpið er einnig, að önnur atvik réttlæti það að fella ábyrgð á stefnda vegna tafar á verkinu á þann hátt, sem hér var gert.

Við þetta bætist svo, að samkvæmt hinum tilvitnuðu orðum úr úrlausn gerðarmanna er verkkaupi (stefndi) látinn að nokkru leyti bera ábyrgð á þeirri töf, sem varð á verkinu á fyrstu sjö mánuðunum. Þessi úrlausn, sem hafði áhrif á úrslit málsins, getur tæpast talist rétt eins og atvik voru hér, ef miðað er við rétta skýringu á verksamningnum og þær reglur íslensks kröfuréttar, sem hér eiga við.

Hafa verður þó í huga, að heimild bæjarþingsins til að hnekkja efnisúrlausn gerðarmanna er þröngur stakkur skorinn að réttum íslenskum lögum.

Þegar á allt er litið, verður ekki séð, að gerðarmenn hafi þarna gengið út frá röngum atvikum í niðurstöðum sínum, og varhugavert er að fullyrða, að ályktun gerðarmanna út frá þessum atvikum sé fjarstæða. Loks hafa gerðarmenn byggt heimild til verktímaframlengingar vegna bómukranans á 44. gr. verksamningsins, en orðalag hennar er mjög rúmt, eins og rakið er í 2.3. Þykir ekki fullyrðandi, að niðurstaða gerðarmanna gangi þvert gegn þessari eða öðrum greinum verksamningsins eða þeim reglum íslensks bótaréttar, sem hér koma til álita.

Eins og fyrr greinir, er hin tölulega niðurstaða kröfu nr. 12 að verulegu leyti reist á reikningi stefnenda um kostnað af verkinu öllu eftir 1. júní 1968. Rökstuðningur gerðarmanna um ástæðuna til þessa fær staðist. Miðað við málsatvik, eins og þau lágu fyrir gerðarmönnum, og niðurstöðu þeirra þykir ekki hafa verið færð næg sönnun fyrir því, að beitt hafi verið ólögmætum sjónarmiðum í þessu sambandi. Þeim mótbárum stefnda, sem lúta að þessu atriði, verður því ekki sinnt.

Ekki er unnt að fallast á það með stefnda, að gerðarmenn hafi í úrlausn sinni um kröfu nr. 12 farið út fyrir kröfur aðilja í gerðarmálinu eða út fyrir þau valdmörk, sem þeim voru fengin með gerðarsamningnum. Úrlausn þessi þykir enn fremur nægjanlega rökstudd miðað við það, sem áskilið var.

Loks þykir ekki hafa verið sýnt fram á, að úrlausn gerðarmanna um kröfu nr. 12 sé ólögmæt í öðrum atriðum en nú hafa verið nefnd eða háð öðrum annmörkum, sem máli skipta í þessu sambandi.

5.5. Svo sem rakið er í 1.1. hafa stefnendur gert kröfu um viðurkenningu dómsins fyrir því, að tildæmdri upphæð beri að breyta „samkvæmt hvers kyns gengisbreytingum, sem verða kann, áður en hún er greidd". Krafa þessi er í samræmi við niðurstöðu gerðarmanna. Orðalag er hér ónákvæmt og gerðarorð óskýrt af þeim sökum. Hér fyrir dómi hefur umboðsmaður stefnenda lýst því yfir, að krafan sé miðuð við þær gengisbreytingar, sem verða kunni milli vestur-þýsks marks og íslenskrar krónu. Nefnd málflutningsyfirlýsing er í samræmi við rétta túlkun á gerðardóminum. Nefndur ágalli þykir ekki nægja til að ógilda gerðardóminn.

Stefnendur buðu sameiginlega í umrædd verk, og er frá því sagt í 2.2. Með samningi, dags. 7. og 14. júní 1968, leystu stefnendur upp félag sitt og gerðu skuldaskil með þeim skilmálum, sem þar greinir. Fyrrgreindur samningur stefnenda, dags. 23. febrúar 1970, sbr. 2.2., þykir gefa glögga vísbendingu um það, að þá hafi átt að láta fullnaðaruppgjör milli stefnenda koma endanlega til framkvæmda. Samkvæmt nefndum samningum átti fyrirtækið Hochtief A/G m. a. að halda verkinu áfram eitt og á eigin reikning, en hafði hins vegar heimild til að höfða mál út af verksamningnum á þann hátt, sem gert var fyrir gerðardóminum.

Samkvæmt þessu er nægjanlega upplýst, að fjárhæð sú, sem gerðarmenn gerðu stefnda að greiða, eða hluti hennar er ekki í eðli sínu greiðsla til aðilja vistfasts á Íslandi. Niðurstaða gerðarmanna brýtur ekki í bága við 1. gr. laga nr. 71/1966 að þessu leyti eða önnur bindandi ákvæði íslenskra laga.

Hér að framan í 5.0. hefur verið rakin úrlausn bæjarþingsins á einstökum málsástæðum stefnda og þeim lagaatriðum, sem annars hafa komið til álita. Ljóst er, að meðferð gerðarmanna hefur ekki verið gallalaus, hvorki að því er varðar form né efni. Sé að lokum litið á ágallana alla í heild og önnur atriði, sem tekin hefur verið afstaða til í þessum dómi, þykir heldur ekki næilegt tilefni til að hnekkja úrlausn gerðarmanna, enda þótt játa beri, að teflt var á tæpt vað.

Samkvæmt þessu verður mótmælum gegn gildi úrlausnar gerðarmanna ekki sinnt. Með því að lagaákvæði að öðru leyti eru dómkröfum máls þessa ekki til fyrirstöðu, má taka þær til greina með þeirri athugasemd, að gengisbreytingar ber að miða við vestur-þýsk mörk samkvæmt því, sem fyrr greinir, og tímabilið frá 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður þykir eiga að falla niður.

Umboðsmenn aðilja hafa lagt fram í málinu álitsgerðir um lög-

fræðileg álitaefni, sem snerta sakarefnið. Framlagning þessara gagna þykir aðfinnsluverð.

Dóm þennan kváðu upp Stefán M. Stefánsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum dr. Gunnari Sigurðssyni og dr. Ragnari Ingimarssyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnendum, Hochtief A/G og Véltækni h/f, kr. 149.455.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Framangreind fjárhæð á að breytast í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á gengi íslenskrar krónu gagnvart vestur-þýsku marki á tímabilinu frá 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Framangreinda fjárhæð ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. júlí 1974.

Nr. 123/1974: **Margret Cornette**
gegn
Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. bæjarsjóðs.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón R. Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

kæru, sem bókuð er í þingbók 21. júní 1974. Er bókunin þess efnis, að sóknaraðili kæri til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Vestmannaeyja, sem kveðinn var upp í sama þinghaldi. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 26. f. m.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð, og er kæra hans ekki svo úr garði gerð sem skylt er samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, enda hefur varnaraðili engar kröfur gert í málinu.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 21. júní 1974.

Mál þetta, þingfest hér í bæjarþinginu í gær, er höfðað af Margreti Cornette, Hrauntúni 32, Vestmannaeyjum, nú til dvalar að Keilufelli 5, Reykjavík, á hendur bæjarsjóði Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, og til réttargæslu Friðriki Jessyni, Hrauntúni 32, Vestmannaeyjum.

Stefna í málinu er útgefin 14. júní s.l., og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnanda verði dæmt heimilt að rifta afsali fyrir húseigninni nr. 32 við Hrauntún í Vestmannaeyjum, er út var gefið af Bjarna Johansen til handa stefnda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, dags. 3. september 1973, skilyrðislaust, en til vara innan 8 vikna frá birtingu dóms gegn því að greiða stefnda kr. 500.000.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 300.000.00 frá 3. september 1973 til 1. janúar 1974 og af kr. 500.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Stefnda verði, hvernig sem málið fer, dæmt að greiða stefnanda málskostnað allan að skaðlausu. Á hendur réttargæslustefnda, Friðriki Jessyni, Hrauntúni 32, Vestmannaeyjum, er stefnandi segir, að muni hafa gert kaup við stefnda um téða húseign, eru engar kröfur gerðar.

Málsatvik hin helstu eru samkvæmt framlögðum skjölum þessi:

Þann 3. september s.l. afsalaði eiginmaður stefnanda stefnda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, húseign þeirra hjóna, nr. 32 við Hrauntún í Vestmannaeyjum, sem þau bjuggu í í Vestmannaeyjum, er eldgosið varð á Heimaey 23. janúar 1973, og þau urðu að yfirgefa. Stefnandi kveður sig ekki hafa vitað um afsal þetta né var neitt

til hennar leitað til að samþykkja það, sem hún kveðst heldur ekki muni gera. Í apríl 1974 kvaðst stefnandi hafa fengið að sjá afsalið og þá séð, að eignin var afsöluð stefnda fyrir kr. 2.808.132.00, en verðmæti eignarinnar sé þá yfir kr. 4 milljónir og hafi hún heyrt, að stefndi hafi um s.l. áramót samþykkt sölu til annarra á eigninni fyrir kr. 3.500.000.00. Stefnandi kveður veðskuldir hafa verið ranglega tilgreindar í afsalinu. Stefnandi kveðst hafa falið lögmanni að mótmæla afsalinu við Vestmannaeyjakaupstað með bréfi, dags. 25. apríl 1974, þar sem boðið var upp á viðhlítandi samninga, en það bréf hafi ekki verið virt svars.

Í réttarhaldi í gær, er mál þetta var þingfest, lagði lögmaður stefnanda fram auk stefnu og greinargerðar 17 málsskjöl. Lögmaður stefnda óskaði eftir 3 vikna fresti til samningar greinargerðar. Lögmaður stefnanda mótmælti fresti nema í viku á grundvelli eventualreglunnar og taldi, að létt verk væri að semja greinargerð í máli þessu, er væri svo upplýst sem skjöl málsins beri með sér.

Lögmaður stefnda vísaði til umfangs málsins og taldi á grundvelli þess, að vikufrestur væri engan veginn fullnægjandi.

Það er venjuhelguð regla í íslensku einkamálaréttarfari, er byggist einnig á almennum reglum um málsmeðferð, að verjandi fái frest til samningar greinargerðar, eftir að þingfesting hefur farið fram, enda hafa málsaðiljar að jafnaði ekki rétt til að leggja fram nema eina greinargerð. Í máli þessu hefur lögmaður stefnda óskað eftir 3 vikna fresti. Með hliðsjón af því, að mál þetta virðist samkvæmt málsskjölum nokkuð umfangsmikið, þykir þessi frestbeiðni lögmanns stefnda á rökum reist, enda er hún í fullu samræmi við almennar reglur um málsmeðferð í IX. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Samkvæmt því verður stefnda veittur umbeðinn frestur til samningar greinargerðar, og verður málið næst tekið fyrir í dómsalnum við Hilmisgötu fimmtudaginn 5. september n.k., klukkan 1000 árdegis, en þá er fyrsta þinghald eftir réttarhlé, er hefst í júlí.

Málskostnaður varðandi þennan þátt málsins verður látinn bíða væntanlegs dóms.

Úrskurðarorð:

Beiðni stefnda um 3 vikna frest til samningar greinargerðar er tekinn til greina, og verður málið næst tekið fyrir fimmtudaginn 5. september n.k.

Miðvikudaginn 18. september 1974.

Nr. 151/1974: **Sweki A/S**
gegn
Þúsund og einni nótt.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. júlí 1974, sem barst dóminum 9. september 1974. Miða verður við, að umboðsmaður sóknaraðilja hafi fyrst fengið vitneskju um uppsögu héraðsdómsins 4. júlí 1974. Er kæran því fram komin innan lögmælts kærufrests, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, en með bréfi 16. júlí 1974 tilkynnti héraðsdómari honum kæru máls þessa og krafði hann greinargerðar samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 18. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. maí s.l., hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, Óðinsgötu 4, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Sweki A/S, Herning, Danmörku, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. apríl s.l., gegn Vilborgu

Ragnhildi Ingvaldsdóttur, Skipholti 26, Reykjavík, einkaeiganda verslunarinnar Þúsund og ein nótt, Hverfisgötu 50, Reykjavík, f. h. firmans til greiðslu á skuld að fjárhæð danskar kr. 15.004.00 ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. desember 1973 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að skuld þessi sé fyrir vörur, sem stefnda hafi tekið út hjá stefnanda samkvæmt faktúrum nr. 7372, dags. 17. október 1973, nr. 7488, dags. 22. október 1973, nr. 7649, dags. 28. október 1973, og nr. 7941, dags. 12. nóvember 1973.

Stefnda hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Í málinu hafa ekki verið lagðir fram reikningar yfir einstakar vörusendingar, en á dskj. nr. 3 er uppgjör frá stefnanda til lögmanns í Danmörku, og eru þar taldar upp ofangreindar faktúrur og dagsetningar og þar að auki fjárhæð hverrar einstakrar faktúru. Samtals gera fjárhæðir þessar kr. 14.227.00. Á ljósriti þessu stendur jafnframt: „Hinn 6.2. 1974 höfum við móttekið kr. 1.676.00 frá viðskiptavininum Þúsund og einni nótt í Reykjavík.“ Af skjölum málsins verður ekki séð, hvernig fjárhæðin danskar kr. 15.004.00 er fundin. Ekki kemur heldur fram, hvort áðurgreind fjárhæð kr. 1.676.00 hefur komið til frádráttar frá skuld stefnda. Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, þá þykir verða að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna óljóss málatilbúnaðar.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, Ægir Ólafsson og Guðmundur Hjaltason.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Fimmtudaginn 26. september 1974.

Nr. 157/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Sigurði Ellert Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. september 1974, sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en til vara, að gæsluvarðhaldstími hans verði styttur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af valdstjórnarinnar hálfu er þess krafist, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði staðfestur, en Hæstarétti hefur borist greinargerð ríkissaksóknara, dags. 26. þ. m., þar sem málavöxtum er lýst í samræmi við atvikalýsingu í hinum kærða úrskurði að öðru leyti en því, að útgefandi tékkans, Kristinn Árnason, hafi afhent leigubifreiðarstjóranum tékkann undirritaðan af sér, en að öðru leyti óútfylltan, svo sem greinir í rannsókn málsins.

Í greinargerð ríkissaksóknara segir enn fremur, að ástæða sé til að ætla, að varnaraðili hafi falsað fjárhæð tékkans og framvísað honum í Alþýðubankanum h/f. Ljóst sé, að málið sé á frumstigi rannsóknar, þar sem ólokið sé að yfirheyra nokkur vitni, og ef til vill samprófun þeirra og varnaraðilja auk þess sem sakbending hafi enn ekki farið fram og eigi heldur rannsókn rithandarsýnishorna.

Eins og sakarefni er varið í máli þessu og rannsókn þess er skammt á veg komin, en eftir er að yfirheyra bróður varnaraðilja í samræmi við framburð varnaraðilja og samprófa

þá, þykir eftir atvikum rétt að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. september 1974.

Ár 1974, fimmtudaginn 19. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 12. september s.l. voru 850.000.00 kr. lagðar inn á sparisjóðsbók nr. 340820 við Alþýðubankann í Reykjavík. Viðkomandi greiddi með ávísun á Sparisjóð Hafnarfjarðar að upphæð kr. 850.000.00 og fékk greiddar kr. 200.000.00 til baka í peningum. Í ljós kom, að umrædd ávísun, sem gefin var út af Kristni Árnasyni, hafði upphaflega hljóðað á kr. 850. Hafði tölu þeirri verið breytt þannig, að þúsund var bætt aftan við töluna, sem rituð var með bókstöfum og þremur núllum bætt aftan við töluna, sem rituð var með tölustöfum. Kristinn Árnason hefur skýrt svo frá, að hann hafi fengið til sín leigubifreið og beðið bílstjórann að gera fyrir sig innkaup og greitt með umræddri ávísun hljóðandi upp á kr. 850. Ekki er þó enn ljóst, hve mikið af meginmáli tékkans útgefandi hefur ritað með eigin hendi. Eigandi sparisjóðsbókarinnar nr. 340820 er Sigurður Ellert Jónsson, og er hann leigubílstjóri að atvinnu. Starfsfólk Alþýðubankans hefur fullyrt, að innleggið hafi verið greitt með tékka þeim, er hér um ræðir. Sigurður Jónsson hefur fyrir dómi í dag neitað að hafa greitt innlegg þetta með umræddum tékka. Kveðst hann hafa greitt með peningum. Hafi bróðir hans Guðlaugur geymt fyrir hann rúmlega 400.000.00 krónur, en sjálfur hafi hann geymt í herbergi sínu rúmlega 200.000.00 krónur.

Sigurður Ellert Jónsson er grunaður um brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur brotið varðað fangelsisrefsingu. Skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæsluvarðhald þykja því vera fyrir hendi, sem rétt þykir að beita með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973. Nauðsynlegt þykir að yfirheyra nokkur vitni í málinu auk þess sem sakbending þarf að fara fram og athugun á rithandarsýnishornum.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Föstudaginn 26. september 1974.

Nr. 131/1973: **Samvinnutryggingar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Guðmundi Jónssyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Endurkrafa vátryggingarfélags samkvæmt 73. gr. laga nr. 26/1958.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 85.960.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1967 til 16. maí 1973 og 1½% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. nóvember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. nóvember s. á. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu. Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Samvinnutrygginga, í máli þessu. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., hafa Samvinnutryggingar g/t höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. september 1970, á hendur Guðmundi Jónssyni, Laugarbraut 18, Akranesi, til greiðslu á kr. 85.960.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1967 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda, en til vara, að fjárhæð dómkröfunnar verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að miðvikudaginn 23. nóvember 1966 ók stefndi bifreið sinni, E 644, eftir Vesturlandsvegi frá Reykjavík. Í sama mund var bifreiðinni R 17998 ekið eftir Vesturlandsvegi í átt til Reykjavíkur. Við Smálönd varð árekstur á milli bifreiðanna. Lögreglumenn komu á vettvang. Tóku þeir skýrslur af ökumönnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Skýrslan er svohljóðandi:

„Áreksturinn varð með þeim hætti, að E 644 var að aka úr bænum, en R 17998 var á leið til bæjarins. Rétt áður en bifreiðarnar mættust, missti ökumaður E 644 vald á bifreið sinni vegna mikillar hálku, og rann hún alllangan spöl stjórnlaust eftir veginum, en snerist síðan og rann yfir til hægri og lenti þá á R 17998, sem kom á móti. Varð áreksturinn harður, og slasaðist farþegi, Jóhannes Sigvaldason, er var í bifreiðinni R 17998, á öxl og var fluttur á Slysavarðstofuna. Ökumaður E 644 kvaðst hafa ekið í ca. 40—50 km hraða. Bifreiðin var keðjulaus, en á allgóðum dekkjum. Ökumaður kvaðst hafa ekið með framdrifi. Ökumaður R 17998 kvaðst hafa ekið mjög hægt vegna hálkunnar og vegna þess, að bifreiðin hans var keðjulaus. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt athugavert við akstur E 644, fyrr en hann snerist allt í einu

til á veginum. Farþegi í E 644 var Eysteinn Jónsson, Gufunesi. Skemmdir á E 644 voru sjáanlegar: Vinstra fram- og afturbretti beyglað, framfjöður brotin. Á R 17998 voru sjáanlegar skemmdir: Mikið beygluð að framan og hægri hlið meira og minna beygluð."

Yfirborð vegarins þarna er malarborið, en samkvæmt skýrslunni var hálka á veginum. Undir rekstri málsins hefur komið fram af hálfu aðilja, að ágreiningslaust sé, að árekstur inn hafi orðið laust fyrir klukkan 2147 umræddan dag. Samkvæmt uppdrætti þeim, sem gerður var af vettvangi, hefur áreksturinn orðið lítið eitt vestan við vegamót Vesturlandsvegar og vegar, sem liggur að geymslusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Samkvæmt uppdrættinum eru hemlaför eftir E 644 rúmlega 40 m löng, og hefur bifreiðin snúist inn á veginn og til vesturs og að nokkru yfir á syðri vegarhelming. Á uppdrættinum er afturhluti bifreiðarinnar R 17998 út af veginum að sunnanverðu. Ekki sýnir uppdrátturinn hemlaför eftir þá bifreið.

Við áreksturinn urðu verulegar skemmdir á bifreiðinni R 17998. Stefnandi, sem var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar E 644, greiddi eiganda R 17998 verðmæti hennar í peningum, kr. 105.000.00. Var það byggt á því, að stefndi ætti alla sök á árekstrinum og að bifreiðin væri svo mikið skemmd, að eigandi hennar yrði eigi látinn sæta því, að viðgerð færi fram á henni. Var bifreiðin síðan seld í því ástandi, sem hún var í eftir áreksturinn, og var söluverð hennar kr. 20.000.00. Kostnaður stefnanda við flutning bifreiðarinnar og umskráningu nam kr. 960.00. Stefnandi kveður mismun þessara fjárhæða, þ. e. kr. 105.960.00 ÷ 20.000.00, vera fjárhæð þá, sem stefndi sé endurkrafinn um í málinu, en með úrskurði endurkröfunefndar samkvæmt 76. gr. umferðarlaga, uppkveðnum hinn 3. október 1968, hafi nefndin talið rétt að beita endurkröfu, en heimilað hafi hún niðurfærslu með tilliti til atvika.

Við skýrslugjöf hjá rannsóknarlögreglunni kvað stefndi Guðmundur uppdráttinn réttan, en taldi, að bifreið sín hefði runnið meir yfir á hægri vegarhelming en sýnt er á uppdrættinum og hafi verið greinileg för eftir hana á hægri vegarbrún. Kvað hann rétt eftir sér haft í skýrslu lögreglunnar. Kvaðst hann hafa misst stjórn á bifreiðinni, þar sem hemlaförin hefjast, og hafi bifreiðin runnið stjórnlaust og snúist að lokum, þar til áreksturinn varð. Kvað hann hraða bifreiðar sinnar hafa verið eins og hann hafi skýrt frá á árekstrarstaðnum og ekki yfir það. Við skýrslugjöf fyrir rannsóknarlögreglunni kvað ökumaður R 17998, Karel Guð-

mundsson, uppdráttinn og skýrslu lögreglunnar í megindráttum rétt. Hann kvað ökumann hinnar bifreiðarinnar hafa skýrt lögreglumönnunum frá því, að hraði þeirrar bifreiðar hefði verið 50—60 km, en svo hafi hann beðið um, að þessu yrði breytt, eftir að hann hafði talað við farþegann, sem með honum var í bifreiðinni. Karel kveður bifreiðina E 644 hafa runnið mun lengra eftir árekstrinn en uppdrátturinn sýni. Karel kvaðst ekkert hafa séð athugavert við akstur bifreiðarinnar E 644, fyrr en rétt áður en bifreiðarnar voru að mætast. Þá hafi E 644 snúist á veginum og bifreiðin þá alveg farið út á vegarhelming þann, sem hann, þ. e. Karel, ók eftir. Karel kvaðst hafa ekið alveg úti við vinstri vegarbrún sín megin, þar sem hann hafi séð, að hinni bifreiðinni hafi verið ekið það innarlega á veginum, en bifreiðin hafi snúst það snöggt og komið alveg fyrir bifreið hans, að ekkert hafi verið hægt að gera til að koma í veg fyrir árekstrinn. Karel kvaðst hafa fengið högg á vinstri hönd af stýrishjóli bifreiðar sinnar, þar sem höggið, sem kom á bifreiðina, hafi verið mjög mikið. Við það hafi bifreiðin kastast út að framan, en síðan hafi höggið lent aftast á bifreiðinni og við það hafi hún kastast út að aftan. Karel kvað eiganda bifreiðarinnar hafa setið við hlið sér í framsæti bifreiðarinnar og hafi hann farið úr vinstri axlarlið við árekstrinn. Karel kvað bifreið þá, sem hann ók, hafa verið á snjóhjólbörðum að aftan og hafi annar verið með nöglum.

Hér fyrir dómi hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi ekið þessa sömu leið um tveimur tímum áður en atburður þessi varð, þá á leið frá Gufunesi til Reykjavíkur. Kveður hann hálku ekki hafa verið þá. Á leiðinni til baka kveðst hann hafa ekið upp Elliðaárbrekkuna hindrunarlaust og hafi þá ísing verið að myndast, en hún hafi ekki verið orðin það mikil, að hún háði bifreiðinni og hafi hann því ekki séð ástæðu til að skipta yfir á afturdrif bifreiðarinnar. Hann kveðst heldur ekki telja það mikinn mun að keyra á afturdrifinu eða háa drifinu á framhjólunum, að það hafi skipt neinu máli. Er hann kom að svæði því, þar sem árekstrinn varð, kveður hann ísingu hafa verið komna á veginn og hafi hann verið orðinn flughál. Kveðst hann hafa furðað sig á því, hversu fljótt hálka hefði myndast. Stefndi kveður bifreið, sem á undan var, hafa gefið stefnuljós til vinstri og hafi hann af þeim sökum ætlað að hægja á sér og í því skyni stigið á fóthemilinn, en við það hafi bifreiðin runnið áfram, en að lokum hafi hún runnið yfir á hægri vegarhelming, stöðvast og snúist við og hafi bifreiðin verið stöðvuð, er árekstrinn varð. Stefndi kveður það því hafa

verið bifreiðina R 17998, sem ekið hafi verið á sína bifreið. Á þessum stað kveður stefndi brekku hafa verið á veginum niður á við miðað við aksturssstefnu sína og einnig hafi vegurinn hallað yfir á hægri vegarhelming. Stefndi kveður bifreið sína hafa verið á grófrifluðum hjólbörðum á öllum hjólum og hafi þetta verið alveg nýir bjólbarðar. Stefndi kveður það ekki hafa verið, fyrr en rétt áður en bifreið hans stöðvaðist, sem hann hafi orðið var við bifreiðina R 17998, enda kveðst hann aðallega hafa beint athyglinni að bifreiðinni, sem var á undan og ætlaði að beygja til vinstri.

Vitnið Eysteinn Jónsson, bróðir stefnda, sem var farþegi í bifreið hans, hefur skýrt svo frá, að þeir hafi verið að koma úr Reykjavík og hafi verið á leið inn í Gufunes. Eysteinn kveður þá hafa ekið þessa sömu leið um tveimur klukkutímum áður, þá á leið til Reykjavíkur, og hafi þá ekkert verið að athuga við færið, en er þeir óku þessa leið nú, kveður hann sér hafa virst sem ísing hefði myndast á veginum þarna á kafla á hæðinni, þar sem bifreiðin ók yfir, skömmu áður en áreksturinn varð. Eysteinn kveðst ekki telja, að hraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en 35 km á klukkustund. Hann kveður sig minna, að bifreið hafi verið ekið á undan þeim, en kveðst ekki treysta sér til að gera grein fyrir akstri þeirrar bifreiðar. Hann kveðst hafa séð bifreið koma á móti, en kveðst ekki geta gert nánari grein fyrir akstri hennar. Kveðst hann aðeins hafa séð ljós þeirrar bifreiðar. Eysteinn kveður bifreiðina, sem hann var í, hafa verið stöðvaða, áður en áreksturinn varð, og hafi það því verið bifreiðin, sem á móti kom, sem hafi ekið á hana.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi valdið umræddum árekstri með bersýnilega stórkostlega gálausum akstri. Er því haldið fram, að bifreið stefnda hafi verið alveg vanbúin til aksturs í hálku, en sýnilegt sé, að mikil hálka hafi verið á veginum á þessum tíma, en með því hafi stefndi brotið ákvæði g liðar 5. gr. umferðarlaga. Er því og haldið fram, að með tilliti til þessa hafi stefndi ekið allt of hratt. Í þessu sambandi er því mótmælt af hálfu stefnanda, að hálkan, sem var á veginum, er áreksturinn varð, hafi myndast skyndilega. Afleiðing þessa hvors tveggja hafi orðið sú, að stefndi hafi ekkert vald haft yfir bifreiðinni á veginum og hafi hún runnið eftir hemlun langa vegalengd, án þess að stefndi fengi við nokkuð ráðið. Bifreiðin hafi því verið stórhættuleg annarri umferð um veginn. Er því haldið fram, að einsætt sé, að akstur stefnda hafi verið stórkostlega gálauslegur og því séu fyrir hendi skilyrði til endurkröfu af hálfu stefnanda á hendur

stefnda samkvæmt 73. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, enda hafi endurkröfunefnd samkvæmt 76. gr. umferðarlaga heimilað endurkröfuna.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að skilyrðum 73. gr. umferðarlaga fyrir beitingu endurkröfuréttar, þ. e. að tjóni hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sé eigi til að dreifa í máli þessu. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi ekið eftir veginum, um 2 klukkustundum áður en áreksturinn varð, þá á leið til Reykjavíkur, og hafi vegurinn þá með öllu verið auður og ísingarlaus. Stefndi hafi því ekki gert ráð fyrir svo mikilli hálku þarna, þegar hann nú þurfti að beita hemlum vegna aksturs bifreiðar, sem á undan var. Er því og haldið fram, að stefndi hafi verið vel fyrir kallaður og hafi ekið undir lögleyfðum hámarkshraða. Þá er því haldið fram, að bifreið stefnda hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð, og það hafi því verið R 17998, sem ekið hafi á E 644 á mikilli ferð og án þess að ökumaður hennar beitti hemlum. Er og á það bent, að hjólbarðar R 17998 hafi verið mikið slitnir og án nagla. Er því haldið fram, að samkvæmt þessu sé ljóst, að áreksturinn hafi hvorki orðið fyrir ásetning stefnda né stórkostlegt gáleysi hans og því verði endurkröfurétti ekki beitt. Varakrafa stefnda er byggð á því, að beita beri heimild 73. gr. umferðarlaga til lækkunar á kröfu stefnanda, enda hafi endurkröfunefndin heimilað það. Í því efni beri að líta til þess, hversu sök stefnda sé lítil. Í því sambandi sé á það að líta, að beiting hemla í hálku hafi jafnan nokkra hættu í för með sér og að bifreiðar geti runnið og snúist til, jafnvel þótt þær séu búnar snjókeðjum og snjóhjólbörðum. Þá er og á það bent, að ökumaður R 17998 hafi haft nægilegt rými til að aka fram hjá E 644, þar sem sú bifreið hafi stöðvast á veginum. Þá er bent á það, að stefndi hafi sjálfur orðið fyrir verulegu tjóni við atburðinn. Þá er og á það bent, að endanlegar tjónbætur séu aðeins lítið brot af fjárhæð ábyrgðartryggingar þeirrar, sem bifreiðaeigendum hafi verið skylt að kaupa samkvæmt 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1965. Þá er að lokum á það bent af hálfu stefnda, að saksóknari ríkisins hafi heimilað, að máli stefnda, að því er varðar refsiábyrgð, væri lokið með sátt, og með sátt í sakadómi Akraness hinn 1. apríl 1967 hafi stefnda verið gert að greiða kr. 1.000.00 í ríkissjóð, en brot hans talið varða við 219. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr., b lið og i lið, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Af þessu sé ljóst, að af hálfu þessara aðilja hafi ekki verið litið svo á, að um stórkostlegt gáleysi væri að ræða.

Samkvæmt sakavottorði stefnda hafði hann hvorki sætt ákæru né refsingu, er hann gekkst undir dómssátt í sakadómi Akraness út af atburði þessum.

Í málinu er fram komið vottorð Veðurstofu Íslands um veður á Reykjavíkurflugvelli hinn 23. nóvember 1966, en það mun vera næsta veðurathugunarstöð við stað þann, er umræddur atburður varð. Samkvæmt því var veður klukkan 0800 skýjað og hiti 0,7 C°, klukkan 1100 úrkoma í grennd og hiti 0,6 C°, klukkan 1400 snjóél og hiti ÷ 0.1 C°, klukkan 1700 snjó- eða slydduveður á síðustu klukkustund og hiti ÷ 0.4 C°, klukkan 2000 snjó- eða slydduél á síðustu klukkustund og hiti ÷ 1.6 C° og klukkan 2300 snjóél og hiti ÷ 1.4 C°.

Þótt það sé þekkt fyrirbæri, að hálka vegna ísingar geti myndast á tiltölulega stuttum tíma, þá verður eigi fallist á það sjónarmið stefnda, að hálka sú, sem var á veginum, er umræddur atburður varð, hafi myndast svo skyndilega, að stefndi hafi ekki getað tekið tillit til hennar við akstur bifreiðar sinnar. Það verður að telja ljóst, að aðstæður hafi verið slíkar, að stefndi hafi þurft að sýna mikla varkárni við akstur bifreiðar sinnar, sem ekki var búin snjókeðjum, og þá m. a. stilla hraða hennar í hóf. Því hefur eigi verið haldið fram, að stefndi hafi ekið yfir lögleyfðum hámarkshraða, en með hliðsjón af hemlaförum eftir bifreiðina, sem mældust rúmir 40 m, hafi stefndi ekið of hratt miðað við aðstæður, hver svo sem hraðinn raunverulega var, og að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni, er rann svo yfir á syðri vegarhelming í veg fyrir bifreiðina R 17998, sem á móti kom. Samkvæmt því er ljóst, að orsök árekstrarins verður rakin til gáleysis stefnda, en eigi þykir nægilega fram komið, að stefndi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 73. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samvinnutrygginga g/t, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 2. október 1974.

Nr. 178/1973: **Jón Ólafsson hæstaréttarlögmaður f. h. A/B Skånska Cementgjuteriet**
gegn
Ólafi Hjartarsyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Ólafsson hæstaréttardómari f. h. A/B Skånska Cementgjuteriet, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1974.

Nr. 83/1974: **Haraldur Sigurgeir Jónsson**
gegn
Unni Hróbjartsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Sigurgeir Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1974.

Nr. 121/1974: **Sigurður Helgason**
gegn
Jóni Ólafssyni og
Ingva Guðjónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1974.

Nr. 137/1974: **Ágúst Hróbjartsson og**
Sigrún Guðmundsdóttir
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ágúst Hróbjartsson og Sigrún Guðmundsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. október 1974.

Nr. 68/1973: **Innheimtumaður ríkisins í Hafnarfirði**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Sverri K. Bjarnasyni
(Árni Halldórsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Frádráttur. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði upphaflega máli þessu með stefnu 23. mars 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 2. maí 1973. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 4. maí 1973. Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að heimiluð verði framkvæmd lögtaks í eignum stefnda til tryggingar kr. 8.185.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 1. desember 1971 til greiðsludags og kostnaðar við lögtak og eftirfarandi uppboð. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestnigar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, sækir áfrýjandi stefnda í máli þessu um greiðslu eftirstöðva af þinggjöldum hans, álögðum 1970. Frumúrlausnarefnið er það, hvort vextir af þremur skuldabréfum, sem stefndi var skuldari að, og áfallnir voru við lok skattársins 1969 samkvæmt efni skuldabréfa, en eigi gjaldfallnir, séu frádráttarbærir við skattálagningu 1970. Er fyrsta bréfið gefið út 6. mars 1969, að fjárhæð kr. 293.000.00. Ber það 8% ársvexti og skal greitt að fullu með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana á 35

árum, í fyrsta skipti 7. mars 1970. Hin bréfin tvö, sem mál þetta varðar, eru gefin út 1. september 1969, samtals að fjárhæð kr. 207.000.00. Skuldin skal greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum með 7% ársvöxtum, er reikna skal frá 1. apríl 1969, en fyrsta greiðsla afborgana og vaxta skal fara fram 1. apríl 1970.

Stefndi taldi á skattframtölum sínum árið 1970 til frádráttar tekjum vexti af skuldabréfum þessum, sem stöfuðu frá árinu 1969, þótt gjalddagi vaxta væri eigi kominn. Þykir eigi þörf á að rekja skattframtal hans um aðra vexti, svo sem mál þetta horfir við fyrir Hæstarétti.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað gagna um framkvæmdavenju skattstjórnavalda um frádrátt vaxta af skuldum skattþegna. Samkvæmt skýrslu ríkisskattstjóra frá 16. maí 1974 hefur skattframkvæmd verið mismunandi eftir því, hvort skattþegnar hafa með höndum atvinnurekstur eða ekki. Er það meginregla, að hinum síðarnefndu hefur verið leyft að draga frá tekjum sínum vexti af lánum, sem féllu í gjalddaga á skattárinu, hvort sem þeir voru greiddir í árslok eða eigi. Hins vegar hefur verið synjað um frádrátt, ef vextir voru eigi í gjalddaga fallnir fyrir lok skattárs. Þeim, sem atvinnurekstur stunda, hefur hins vegar verið leyft að draga frá tekjum sínum þá vexti af atvinnurekstrarlánum, sem stafa frá skattárinu, þótt þeir séu eigi gjaldfallnir við lok þess árs. Samkvæmt skýrslu skattstjórans í Reykjavík hefur þessi framkvæmdarháttur verið á hafður með fáum frávikum a. m. k. allt frá 1934. Fram kemur þó í hinum nýju gögnum, að ekki hefur þessi skattaframkvæmd verið einhlít, sbr. úrskurð skattstjórans í Reykjavík 14. október 1971 og úrskurð ríkisskattanefndar 12. september 1973, þar sem skattþegnum, sem höfðu eigi með höndum atvinnurekstur, var leyfður frádráttur á vöxtum, sem eigi voru í gjalddaga fallnir.

III.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, sem hér á við, er leyfilegt að draga frá tekjum, áður

en skattur er á lagður, vexti „af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr.“. Eru nánari ákvæði um frádrátt þennan m. a. í A lið 31. gr., sbr. 26. gr. reglugerðar 245/1963. Greind ákvæði laga nr. 90/1965, sem eru lítið breytt frá fyrri skattalögum, taka eigi berum orðum afstöðu til þess, hvort þeir vextir einir séu frádráttarbærir, sem fallnir séu í gjalddaga. Lögskýringargögn veita litla fræðslu um, hvernig skýra eigi ákvæðin að þessu leyti, og skattframkvæmd virðist vera nokkuð á reiki. Ákvæði skattalaga stemma eigi stigu við, að sá háttur sé á hafður um frádrátt vaxta, er stefndi hefur valið í skattframtali sínu 1970, en brigður eru eigi á það bornar, að vaxtatal stefnda sé rétt miðað við þann hluta vaxtagreiðslu, sem á var fallinn við árslok 1969. Eigi er sýnilegt, að ákvæði skattalaga geri mun á skattþegnum að þessu leyti eftir því, hvort þeir hafa með höndum atvinnurekstur eða eigi. Sá háttur, sem lögmæltur er um tekjur í 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 90/1965, styrkir og þann lögskýringarkost, sem stefndi reisir málstað sinn á, þegar litið er til samkvæmni í skattalögum og meginreglum skattaréttar. Stefndi hefur að vísu eigi gætt fulls samræmis í framtali vaxta, svo sem vera ber. Það þykir þó eigi, eins og hér stendur á, eiga að standa því í vegi, að fallist verði á þá kröfu hans, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til, þ. á m. um greiðslu málskostnaðar.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, innheimtumaður ríkissjóðs í Hafnarfirði, greiði stefnda, Sverri K. Bjarnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Samkvæmt gögnum máls hefur stefndi á framtali sínu árið 1970 fylgt þeirri aðferð við frádrátt vaxta af skuldum frá framtöldum tekjum að miða ýmist við, hvort vextir af skuld höfðu fallið í gjalddaga og verið greiddar á árinu 1969 eða vextir af skuldinni voru vegna vaxtatímabils, sem að hluta kom á það ár.

Um frádrátt vaxta af skuldum skattþegns frá tekjum hans er fjallað í A lið 12. gr. laga nr. 90/1965, sem hér eiga við. Ákvæði þetta tekur ekki skýrum orðum afstöðu til þess, hverjum nánari skilyrðum frádráttarbærni vaxta af skuldum sé háð. Þegar gætt er ákvæða 31. gr., sbr. 26. gr. og 57. gr. reglugerðar nr. 245/1963, sbr. 55. gr. laga nr. 90/1965, framkvæmdarvenju skattstjórnarvalda um vaxtafrádrátt, þótt eigi sé einhlít, framtalshátta stefnda og hagsmuna framteljenda almennt, þykir mega fallast á það með áfrýjanda, að stefnda hafi ekki verið rétt að færa til frádráttar á framtali sínu 1970 þau vaxtagjöld, sem hvorki voru greidd né í gjalddaga fallin fyrir árslok 1969. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak, en eigi er deilt um fjárhæðir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá stefnda, Sverri K. Bjarnasyni, til tryggingar kr. 8.185.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. desember 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Hafnarfjarðar 8. desember 1972.

Í máli þessu, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., hefur bæjarfógetinn í Hafnarfirði sem innheimtumaður ríkissjóðs krafist þess fyrir hönd ríkissjóðs, að gert verði lögtak í svo miklu af eignum gerðar-

þola, Sverris K. Bjarnasonar, að nægi til tryggingar ógreiddum tekjuskatti að fjárhæð kr. 8.185.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. desember 1971 til greiðsludags ásamt kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, svo og öllum kostnaði við flutning málsins fyrir fógetaréttinum, gerðarbeiðanda að skaðlausu.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um framgang gerðarinnar og honum tildæmdur málskostnaður, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þau, að samkvæmt úrskurði skattstofu Reykjanesumdæmis, dags. 11. september 1970, var tekjuskattur gerðarþola fyrir yfirstandandi gjaldár hækkaður um kr. 10.399.00. Af þeirri fjárhæð greiddi gerðarþoli undir rekstri þessa máls kr. 2.154.00. Eftir stendur hin umdeilda skattfjárhæð í máli þessu, kr. 8.185.00, og er hún þannig tilkomin, að með ofangreindum úrskurði var gerðarþola synjað um að færa til frádráttar á skattframtali sínu áfallna ógreidda vexti af veðlánum, samtals að fjárhæð kr. 30.397.00. Er þar annars vegar um að ræða vexti af tveim handhafaskuldabréfum, sem á féllu á tímabilinu frá 1. apríl 1969 til áramóta, en skyldu greiðast eftir á á gjalddaga bréfanna hinn 1. apríl 1970, samtals að fjárhæð kr. 10.867.00, og hins vegar vexti af skuldabréfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem á féllu á tímabilinu frá 7. mars 1969 til áramóta, en greiðast skyldu eftir á hinn 7. mars 1970, að fjárhæð kr. 19.530.00. Hinn umdeildi skattstofn er því kr. 30.397.00, hin umdeilda skattfjárhæð kr. 8.185.00 og ágreiningsefnið, hvort gerðarþola sé heimilt að færa til frádráttar á skattframtali áfallna vexti, sem ekki eru gjaldfallnir um áramót.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að sú verklagsregla hafi gilt hjá skattayfirvöldum, að vextir af öðrum lánum en lánum til atvinnurekstrar séu eigi leyfðir til frádráttar fyrr en gjaldfallnir eru. Hafi skattayfirvöld byggt þessa niðurstöðu á ákvæðum síðasta málsliðar 1. töluliðar C liðar 14. greinar reglugerðar nr. 245 frá 1963 um vaxtatekjur og b lið 3. málsgreinar 26. gr. sömu reglugerðar um vaxtagjöld. Til viðbótar þessum reglugerðarákvæðum, sem skattayfirvöld hafa vitnað til í úrskurðum sínum um þetta efni um árabil, sbr. einnig samsvarandi ákvæði reglugerðar nr. 147 frá 1955, sem áður gilti, þá bendir gerðarbeiðandi í máli þessu á ákvæði A liðar 12. gr. laga nr. 90/1965 og telur, að séu hin tilvitnuðu ákvæði skýrð með hliðsjón af 18. grein laga nr. 90/1965, þá sé ótvírætt, að ekki sé heimilt að draga ógjaldfallna, en áfallna vexti, frá tekjum á skattframtali.

Gerðarbeiðandi leggur áherslu á, að verklagsregla sú, sem skattayfirvöld hafa beitt, sé bæði skiljanleg og eðlileg og til hagsbóta bæði fyrir framteljendur og skattayfirvöld. Næstum útilokað sé að krefjast þess af óbókhaldsfróðum aðiljum, að þeir reikni út við gerð skattframtals, hvaða vextir séu áfallnir í árslok. Þá þyrftu þeir einnig að reikna til baka fyrirfram greidda vexti til þess að finna hina réttu stöðu um áramót. Þetta geti fyrirtæki gert og geri, en hinn almenni framteljandi eigi þess ekki nokkurn kost, nema með því að kaupa sér aðstoð til þess að telja fram til skatts. Hingað til hafi stefna löggjafans og skattayfirvalda einmitt verið sú að gera framtalsreglur ekki flóknari en svo, að hinn almenni launþegi sé sjálfur fær um að útfylla skattframtal sitt réttilega. Liður í þeirri stefnu sé sá að færa aðeins til frádráttar þá vexti, sem séu gjaldfallnir. Það sé einnig ljóst, að þessi regla auki ekki skattbyrði gjaldþegns, til lengdar jafnist þetta milli ára, að lokum fái menn alla greidda vexti frádregna.

Af hálfu gerðarþola er á það bent, að í lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/1965 er fjallað um vexti til frádráttar tekjum í 11. gr., A lið, og 12. gr., A lið, og með hliðsjón af 18. gr. telur gerðarþoli einsætt, að allir áfallnir vextir á skattárinu séu frádráttarbærir, hvort sem þeir eru gjaldfallnir eða ógjaldfallnir, greiddir eða ógreiddir. Gerðarþoli telur enn fremur, að ákvæði reglugerðar nr. 245/1963, einkum 26. gr., 31. gr., A liður, 44. gr., 51. gr., 10. tl. 1. mgr. 53. gr. og 57. gr. staðfesti þessa skoðun.

Gerðarþoli leggur sérstaka áherslu á, að það sé í bestu samræmi við 18. gr. laga nr. 90/1965 að telja alla áfallna vexti, og aðeins þá vexti, til gjalda á viðkomandi skattári. Annars sé raunverulega verið að færa skattgreiðslu milli ára án heimildar í lögum.

Þá telur gerðarþoli, að erfitt sé að ákvarða, hvað sé atvinnurekstur, mörkin séu oft óglögg. Vextir af íbúðarlánum séu í raun hliðstæðir vöxtum af lánum til atvinnurekstrar. Tekjur íbúðareiganda af notkun íbúðar séu skattlagðar og vextir séu hluti af rekstrarkostnaði íbúðar. Hann telur óréttlátt, að maður, sem kaupir íbúðarhúsnæði, t. d. á miðju ári, eins og gerðarþoli í máli þessu, greiði skatt af húsaleigu, sem til fellur fram til ársloka, en fái ekki til frádráttar áfallna vexti fyrir sama tímabil, þótt þeir séu í raun hluti af rekstrarkostnaði íbúðarinnar.

Í máli þessu hafa verið lagðir fram nokkrir úrskurðir ríkisskattanefndar. Í forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 352 frá 28. maí 1964 segir svo:

„Skattstjóri synjar kæru kæranda með svofelldum rökstuðningi:

„Skv. annarri málsgrein 18. gr. laga nr. 70/1962 segir svo: Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast *krafa á hendur einhverjum*, o. s. frv.

Með tilliti til ofangreindrar túlkunar laganna á tekjum til skatts verður að álíta, að sama regla gildi um þann frádrátt, sem um ræðir í 12. gr. sömu laga, þ. e. að vextir séu eigi frádráttarbærir til skatts, fyrr en þeir eru gjaldfallnir, en reiknaðir áfallnir vextir, miðað við tímamót fyrir gjalddaga, séu eigi frádráttarbærir, þar sem krafa á hendur lántakanda um greiðslu vaxtanna er eigi fyrir hendi fyrr en eftir gjalddaga.“

Engin ný rök koma fram í kæru umbm. kæranda til ríkisskattanefndar.

Sú verklagsregla hefur gilt frá skattyfirvöldum, að vextir af öðrum lánum en af lánum vegna atvinnurekstrar hafa eigi verið leyfðir til frádráttar, fyrr en gjaldfallnir eru, og virðist það geta stuðst við síðasta málslið 1. töluliðar C-liðar 14. gr. reglugerðar nr. 147/1955 um vaxtatekjur, sbr. og c-lið 4. mgr. 26. gr. greindrar reglugerðar um vaxtagjöld. Hér virðist um að ræða vaxtagjöld af skuldabréfi með reglulegum gjalddaga vaxta og afborgana. Eftir atvikum þykir mega fallast á þessa verklagsreglu skattyfirvalda. Með hliðsjón af því þykir mega staðfesta úrskurð skattstjóra.“

Í forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 438 frá 10 nóvember 1967 segir svo:

„Með hliðsjón af framtali kæranda og kærum virðist hér um að ræða útreikning á vöxtum fyrir hluta ársvaxta, sem ekki eru gjaldfallnir fyrr en á árinu 1967. Sú verklagsregla hefir gilt hjá skattyfirvöldum, að vextir af öðrum lánum en af lánum vegna atvinnurekstrar hafa eigi verið leyfðir til frádráttar, fyrr en gjaldfallnir eru, og virðist það hafa stoð í lögum, sbr. síðasta málslið 1. töluliðar C-liðar 14. gr. reglugerðar nr. 245, 1963 um vaxtatekjur, sbr. einnig b-lið 3. málsgr. 26. gr. sömu reglugerðar um vaxtagjöld.

Eftir atvikum þykir mega fallast á þessa verklagsreglu skatt-

yfirvalda, og þykir með hliðsjón af því verða að staðfesta úrskurð skattstjóra."

Í máli nr. 202/1970 tók ríkisskattanefnd sama ágreiningsefni enn til úrlausnar. Einn nefndarmanna skilaði þá sératkvæði. Í forsendum meiri hluta nefndarinnar segir:

„Sú verklagsregla hefur gilt hjá skattyfirvöldum að leyfa ekki áfallna vexti á öðrum lánum en til bókhaldsskylds atvinnurekstrar til frádráttar, fyrr en gjaldfallnir eru. Þar sem þeir vextir, sem skattstjóri hefur strikað út, virðast ekki hafa verið gjaldfallnir í árslok 1969, er úrskurður hans um þetta atriði einnig staðfestur."

Rökstuðningur sératkvæðis er á þessa leið:

„Ég tel, að hina kærðu vexti beri að leyfa til frádráttar, sbr. 1. mgr. 53. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Með gagnályktun frá 10. tl. 51. gr. sömu reglugerðar verður að túlka 1. mgr. 53. gr. svo, að telja beri til skuldar vexti, þó þeir séu ekki gjaldfallnir, enda samrýmist það góðri reikningsskilavenju."

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli var launþegi, starfsmaður hjá Sjónvarpinu, og skuldabréf þau, sem mál þetta fjallar um, gaf hann út vegna kaupa á íbúð að Arnarhrauni 37 í Hafnarfirði.

Í A lið 12. greinar laga nr. 90/1965 segir, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur er á þær lagður, vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A lið 11. gr., en í A lið 11. gr. er fjallað um rekstrarkostnað, og þar er heimilaður frádráttur vegna vaxta af skuldum, sem beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, með þeirri takmörkun, að eigi má gjaldandi telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Aðalregla umræddra laga er því sú, að vextir eru frádráttarbærir.

Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 90/1965 er að finna svofellt ákvæði um tekjur:

„Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða."

Telja verður, að sama regla gildi um frádráttarliði. Ekki er unnt að túlka orðin, „þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur

einhverjum", á þann veg, að sú krafa þurfi að vera gjaldfallin, heldur verður að telja nægilegt, að krafan hafi myndast.

Í reglugerð nr. 245/1963 er að finna nánari útfærslu á lögunum. Í 14. gr. reglugerðarinnar er fjallað um tekjur af eignum. Samkvæmt C lið greinarinnar teljast vextir og arður til slíkra tekna. Í niðurlagi 1. mgr. 1. töluliðar C liðar segir, að vexti beri að telja til tekna, þótt þeir séu ógreiddir, „ef telja má líklegt um greiðslu." Það verður að ályktа, að sama regla gildi um vaxtagjöld, sbr. b lið 3. mgr. 26. gr., sem síðar verður að vikið.

Þriðji kafli reglugerðarinnar, þ. e. 21.—30. grein, fjallar um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri. Þar er í 26. gr. fjallað um vaxtafrádrátt, og samkvæmt greininni er það aðalreglan, að draga megi alla vexti af skuldum frá, og það „enda þótt þeir verði ekki beinlínis heimfærðir undir tilkostnað við öflun teknanna (rekstrarkostnað), þ. e. vexti af skuldum má draga frá, eins þótt skuldari hafi hvorki tekjur af eignum eða sjálfstæðum atvinnurekstri." Nokkrar undantekningar eru þó gerðar frá þessari aðalreglu, m. a. er í b lið 3. mgr. 26. gr. ákvæði um, að til gjalda megi eigi færa „ógreidda vexti, þótt fallnir séu í gjalddaga, ef efnahagur eða aðrar ástæður skuldara eru þannig, að fullkominn vafi geti leikið á því, hvort hann muni greiða vextina."

Í fjórða kafla reglugerðarinnar, þ. e. 31.—40. gr., er fjallað um almennan frádrátt af tekjum. A liður 31. gr. hljóðar svo: „Allir skattskyldir aðilar, sem heimilisfastir eru hér á landi, mega draga frá vexti af skuldum skv. þeim reglum, er segir í 26. gr."

Þannig er launþegum með skýru reglugerðarákvæði, sem á engan hátt brýtur í bága við aðrar réttarheimildir, veittur að þessu leyti sami réttur og atvinnurekendum til þess að draga vaxtagjöld frá tekjum sínum. Skattayfirvöld hafa viðurkennt rétt atvinnurekenda til þess að draga áfallna ógjaldfallna vexti frá tekjum, enda verður að telja það heimilt samkvæmt þeim ákvæðum, sem áður er til vitnað, og einnig virðist sú regla hafa stoð í ákvæðum 10. tl. 51. gr. og 1. mgr. 53. gr. margnefndrar reglugerðar, en í 10. tl. 51. gr. segir, að til skattskyldra eigna teljist m. a. „útistandandi skuldir, þar með taldar ýmsar fyrirframgreiðslur, svo sem fyrirframgreidd húsaleiga, fyrirframgreiddir vextir o. s. frv.", og í 1. mgr. 53. gr. segir, að til frádráttar eignum skuli telja allar skuldir, svo sem nánar er upp talið í greininni, og í niðurlagi hennar segir: „Skuldir skal telja eins og þær eru í lok hvers skattárs. Séu vextir ógreiddir, bætast þeir við skuldina, svo framarlega sem þess er að vænta, að þeir verði greiddir."

Niðurstaða.

Í 18. gr. laga nr. 90 frá 1965 kemur fram sú meginregla laganna, að „tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.“ Telja verður, að þessi meginregla gildi einnig um frádráttarliði.

Skattayfirvöld hafa um árabil leyft frádrátt vegna áfallinna ógjaldfallinna vaxta af lánum vegna atvinnurekstrar. Heimild til slíks frádráttar er m. a. að finna í A lið 11. gr. og A lið 12. gr. laga nr. 90/1965, séu þær skýrðar með hliðsjón af 18. gr. sömu laga, svo og í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 245 frá 1963, séu þau ákvæði skýrð með hliðsjón af b lið 3. mgr. 26. gr., 1. tl. C liðs 14. gr., 10. tl. 51. gr. svo og 1. mgr. 53. gr. sömu reglugerðar.

Með skýrum ákvæðum A liðs 31. gr. sömu reglugerðar er öllum skattskyldum aðiljum, sem heimilisfastir eru hér á landi, veittur réttur til þess að draga frá vexti af skuldum samkvæmt þeim reglum, er segir í 26. gr. reglugerðarinnar, þ. e. sami réttur og þeim, sem atvinnurekstur stunda. Það er því álit dómsins, að gerðarþola í máli þessu sé heimilt að færa til frádráttar tekjum sínum á skattárinu 1969 áfallna vexti af skuldabréfum, að fjárhæð kr. 30.397.00, þótt ekki séu þeir gjaldfallnir, enda samrýmist það góðri reikningsskilavenju.

Fyrir því ber að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Samkvæmt þessum úrslitum ber gerðarbeiðanda að greiða gerðarþola málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Már Pétursson setufógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, bæjarfógetinn í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, greiði gerðarþola, Sverri K. Bjarnasyni, kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. október 1974.

Nr. 160/1974: **Guðjón Valdimarsson**
gegn
Guðmundi Eiríkssyni
og Sjótryggingarfélagi Íslands h/f.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. ágúst 1974, sem barst dóminum 26. september 1974. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili sækir í máli þessu varnaraðilja sameiginlega til greiðslu skaðabóta vegna tjóns á bifreiðinni R 6741 á grundvelli 69. gr., sbr. 68. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Eigi verður talið, að það leiði af framangreindum lagaákvæðum eða af 47. gr. laga nr. 85/1936, að vísu beri málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, þótt sóknaraðili reisi kröfur sínar á hendur varnaraðilja Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f að hluta einnig á því, að starfsmenn félagsins hafi með yfirlýsingum sínum bundið því skyldu til að greiða kostnað af viðgerð bifreiðarinnar. Að svo vöxnu máli ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er málinu

vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Varnaraðiljar, Guðmundur Eiríksson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði sóknaraðilja, Guðjóni Valdimarssyni, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júlí 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Guðjón Valdimarsson, Hraunbæ 182 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 4. apríl 1973, á hendur Guðmundi Eiríkssyni, Fellsmúla 27, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á kr. 30.843.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. mars 1972 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, en til vara, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 23.443.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í aðalkröfu greinir. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að fallið sé frá öllum kröfum á hendur stefnda Guðmundi Eiríkssyni að því leyti sem dómur í málinu kynni alfarið að verða byggður á þeirri málsástæðu, að stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hefði lofað að greiða viðgerðarkostnað. Jafnframt var því lýst yfir, að allar kröfur á hendur stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f séu óbreyttar og eins séu allar kröfur á hendur stefnda Guðmundi Eiríkssyni óbreyttar að því leyti sem dómur yrði byggður á sök hans á tjóni.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að laugardaginn 6. nóvember 1971, laust fyrir klukkan 1217, varð árekstur milli bifreiðanna R 6741, eign stefnanda, og H 446, eign stefnda Guðmundar, á Fellsmúla hér í borg á móts við húsið nr. 22. Eigendurnir óku bifreiðum sínum. Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Tóku þeir frumskýrslur af ökumönnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu Baldvins Ottóssonar lögreglumanns segir svo:

„Þarna hafði orðið árekstur með bifreiðunum R 6741 og H 446, sem báðum var ekið vestur Fellsmúla. Bifreiðinni R 6741 var ekið fram úr hinni, um leið og henni var beygt til vinstri.

Ökumaður bifreiðarinnar R 6741 kvaðst hafa ekið vestur Fellsmúla. Á undan sér hafi verið bifreiðin H 446 og hefði henni verið ekið mjöð hægt. Hann hefði ekið fram með henni til að aka fram úr. Þá hefði henni verið beygt til vinstri og árekstur orðið. Hann kvaðst ekki hafa séð stefnuljós tendruð á bifreiðinni H 446. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R 6741 voru á hægri framaurhlíf, framhöggvara og vélarhlíf.

Ökumaður bifreiðarinnar H 446 kvaðst hafa ekið vestur Fellsmúla. Hann hefði ætlað að húsi nr. 22 og því verið búinn að færa sig að miðlínu vegar. Hann hefði gefið stefnumerki. Um leið og hann hefði beygt, hefði hinni bifreiðinni verið ekið fram með sinni bifreið og árekstur orðið. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni H 446 voru á allri vinstri hlið og vinstra afturhjóli.

Ökumenn voru boðaðir til rannsóknarlögreglu."

Samkvæmt uppdrættinum var báðum bifreiðunum ekið vestur Fellsmúla, og hefur áreksturinn orðið á móts við innkeyrslu að húsinu nr. 22 við Fellsmúla. Samkvæmt uppdrættinum hefur akstursleið H 446 verið svo til eftir miðri götunni, en R 6741 hefur verið ekið sunnan við miðlínu götunnar. Þá ber uppdrátturinn með sér, að báðum bifreiðunum hefur verið sveigt til vinstri, og hafa þær verið stöðvaðar þannig, að þær stóðu á ská á syðri helmingi götunnar um vesturmörk innkeyrslunnar að húsinu nr. 22 við Fellsmúla. Fellsmúli er malbikuð gata og er um 12 m breið. Dagsbirta var, en rigning, er áreksturinn varð.

Fyrir rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að í umrætt sinn hafi hann verið að aka frá heimili sínu í Hraunbæ að Háaleitisbraut 34. Hann kveðst hafa ekið inn á Fellsmúla af Grensásvegi og hafi þá bifreið stefnda Guðmundar, H 446, verið næst á undan sér, þegar hann beygði inn á Fellsmúla. Hann kveður H 446 þá hafa verið ekið mjög hægt og kveðst álíta, að sú bifreið hafi verið sem nam breidd bifreiðar frá hægri brún götunnar. Stefnandi kveðst hafa ekið fast á eftir bifreiðinni, eða í um tveggja bifreiðalengda fjarlægð. Hann kveðst hafa haft hug á að aka fram úr bifreiðinni, en kveður þarna vera gatnamót og kveðst því hafa beðið með það, þar til bifreiðarnar væru komnar fram hjá gatnamótunum. Ekki kveðst Guðjón geta sagt nákvæmlega um það, hversu hratt bifreiðunum hafi verið ekið, en hann kveðst telja, að H 446 hafi verið ekið óeðlilega hægt, og álítur, að hraði hennar hafi verið 15—20 km á klukkustund, og kveður það vera eftir hraðaskynjun sinni. Er hann hóf að aka fram úr H 446, kveður stefnandi þá bifreið hafa verið sem nam bifreiðar-

breidd frá hægri götubrún og hafi þá ekkert gefið til kynna, að H 446 yrði beygt til vinstri. Hafi hraði bifreiðarinnar verið óbreyttur, stefna óbreytt og engin stefnuljós tendruð á bifreiðinni. Stefnandi kveðst hafa ætlað að haga akstri fram úr H 446 þannig, að þegar hann hafi talið aðstæður leyfa, hafi hann byrjað að færa bifreið sína það langt til vinstri, að hann slyppi fram hjá H 446. Hann kveðst telja, að hann hafi gefið hljóðmerki. Hann kveðst geta ímyndað sér, að þegar bifreið sín hafi verið 1½—2 m til vinstri við H 446, hafi þeirri bifreið verið beygt til vinstri. Kveðst stefnandi telja, að hann hafi verið kominn á 30—40 km hraða á klukkustund, er hann ætlaði að aka fram úr H 446. Stefnandi kveðst telja mjög hæpið, að hann hafi getað komið í veg fyrir árekstur inn með því að stöðva bifreið sína. Kveðst hann hafa talið meiri líkur til að koma í veg fyrir árekstur með því að beygja til vinstri, eins og hann gerði. Kveðst stefnandi hafa lagt á bifreið sína til vinstri eins og hægt hafi verið. Hann kveðst telja beygjuradius bifreiðar sinnar ekki eins mikinn og H 446 og hafi stefndi Guðmundur lagt meira á sína bifreið. Stefnandi kveðst telja, að stefndi Guðmundur hafi ekki áttað sig á bifreið hans, þ. e. stefnanda, fyrr en um það bil er árekstur inn varð. Eftir árekstur inn kveðst stefnandi hafa komið með bifreið sína að skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f og hafi maður að nafni Þórarinn skoðað bifreiðina og hafi verið um það talað milli þeirra, að gert yrði við bifreiðina á verkstæði Egils Vilhjálmssonar h/f, enda hafi það fyrirtæki umboð fyrir þessar bifreiðar og hafi því varahluti fyrir þær. Stefnandi kveður lögregluskýrslu um atburðinn ekki hafa verið komna og hafi maður þessi því ekki vitað, hvernig færi um ábyrgð á tjóninu, en ætlunin hafi verið að bíða eftir skýrslunni. Ekki kveðst stefnandi hafa haft samband við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, á meðan á viðgerð stóð, en þegar hann hafi fengið upplýsingar um, að viðgerð væri lokið, kveðst hann hafa snúið sér til þessa sama manns. Þá hafi legið fyrir, hvað viðgerðin kostaði. Kveður stefnandi Þórarin hafa sagt sér, að hann hefði verið í fullum rétti og það mætti afhenda honum bifreiðina. Kveðst stefnandi nú hafa farið til Egils Vilhjálmssonar h/f og hafi stúlka, sem sér um afgreiðslu á bifreiðum, þá hringt til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Hafi hún fengið staðfest það, sem áður hafi verið búið að segja honum, að það mætti afhenda bifreiðina og að tryggingarfélagið mundi greiða tjónið. Stefnandi kveðst síðan hafa fengið bifreiðina afhenta. Stefnandi kveður það svo hafa verið um mánuði seinna, að hringt hafi verið í sig frá Agli Vil-

hjálmssyni h/f og hann beðinn um að koma og greiða reikninginn fyrir viðgerðina. Kveðst stefnandi hafa talið, að þarna væri um misskilning að ræða og því beðið stúlkuna um að ræða við Þórarin. Hafi stúlkan gert þetta og síðan talað við sig að nýju og þá sagt, að Þórarinn segði, að þarna hefði verið um misskilning að ræða og ætti stefnandi að greiða tjón sitt sjálfur. Stefnandi kveðst svo hafa farið og talað við Þórarin sjálfur og hafi hann þá ítrekað, að þarna hefði verið um misskilning að ræða og félagið teldi, að hann hefði, þ. e. stefnandi, verið í fullum órétti. Kveðst stefnandi ekki hafa viljað sætta sig við þetta og hafi hann snúið sér til yfirmanns Þórarins, sem heitir Einar. Hann kveður Einar hafa ítrekað, að þarna hefði verið um misskilning að ræða, sem þeim þætti miður, en af hálfu félagsins væri litið svo á, að hann, þ. e. stefnandi, hefði verið þarna í fullum órétti. Stefnandi kveður Einar hafa viðurkennt, að hann hefði orðið fyrir óþægindum og hafi hann boðist til að greiða kr. 8.000.00 sem endanlega greiðslu án þess þó að falla frá þeirri skoðun, að hann, þ. e. stefnandi, ætti alla sök á árekstrinum. Stefnandi kveðst nú hafa haft samband við tryggingarfélag sitt, Tryggingu h/f, og hafi starfsmenn þess litið svo á, að áreksturinn væri sök beggja ökumanna og að skipta ætti ábyrgð á tjóninu. Kveðst stefnandi hafa snúið sér á ný til Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, en þetta hafi ekki breytt afstöðu starfsmanna þess. Kveðst stefnandi síðan hafa greitt viðgerðarkostnaðinn hjá Agli Vilhjálmssyni h/f.

Varðandi afnot sín af bifreið sinni hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi notað hana að mestu sem einkabifreið, svo sem venja sé. Hann kveður eiginkonu sína hafa unnið úti og kveðst hafa ekið henni í vinnuna og einnig hafi hann farið með barn þeirra í gæslu. Stefnandi kveðst einnig hafa notað bifreiðina að nokkru í tengslum við starf sitt hjá flugmálastjórninni í sambandi við stuttar viðgerðarferðir og hafi þær ekki verið reglubundnar.

Vitnið Þórarinn Sæmundsson, tjónaskoðunarmaður hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hefur skýrt svo frá, að hann muni ekki eftir atvikum máls þessa, enda fjalli hann um þúsundir skoðunargerða á hverju ári. Í þeim tilvikum, er félagið telji sig eiga að greiða tjón að öllu leyti, þá kveður hann uppgjör fara þannig fram, að bifreiðareigandinn fari með bifreiðina á verkstæði og gefi félagið ekki fyrirmæli um, á hvaða verkstæði skuli farið. Ef bifreiðareigandinn spyrji um það, hvort hann megi fara með bifreiðina á tiltekið verkstæði, þá sé það í flestum tilvikum samþykkt. Vitnið kveður stundum koma fyrir, að hringt sé frá verk-

stæði, áður en viðgerð sé hafin, og spurt um, hvort félagið ætli að greiða viðgerðarkostnaðinn. Ef skýrsla um atburðinn hafi borist og afstaða hafi verið tekin til hennar, þá kveður vitnið verkstæðinu skýrt frá því, að félagið ætli að greiða viðgerðina, og sé þá jafnframt gefið upp tjónnúmer. Í slíkum tilvikum kveður vitnið það koma fram hjá verkstæðinu, hvað gera eigi við bifreið og ef því beri saman við tjónaskoðunina, þá sé þetta aðstaðan. Ef lögregluskýrsla sé komin og félagið búið að taka afstöðu til tjónsins, áður en viðgerð lýkur, þá kveður vitnið uppgjör tjóna þessara þannig háttað, að verkstæðið framvísi reikningi til félagsins og komi þá ekki til þess, að bifreiðareigandinn gefi kvittun fyrir uppgjöri tjónsins. Ef hins vegar viðgerð sé lokið, áður en félagið sé búið að taka afstöðu til tjónsins, þá greiði bifreiðareigandinn viðgerðarkostnaðinn og framvísi síðan reikningnum til félagsins og gefi síðan kvittun fyrir greiðslu þeirri, sem hann fái. Vitnið kveður það oft koma fyrir, að viðgerð sé lokið, áður en félagið sé búið að taka afstöðu til tjónsins, en bifreiðareigandi hafi ekki fjárhagslega getu til að greiða viðgerðarkostnaðinn, og sé þá bifreiðin látin bíða á verkstæðinu á ábyrgð bifreiðareigandans, þar til félagið hafi haft aðstöðu til að taka afstöðu til tjónsins. Í þeim tilvikum, að tjón sé ekki bótaskylt að fullu, kveður vitnið bifreiðareigandann gera að fullu upp viðgerðarkostnaðinn við bifreiðaverkstæðið og svo komi hann til félagsins, þar sem tjónið sé gert upp með tilliti til sakarskiptingar. Síðan gefi bifreiðareigandinn sérstaka kvittun fyrir fjárhæð þeirri, sem hann fái á grundvelli tjónuppgjörsins. Vitnið kveður það vera þátt í starfi sínu að gefa fyrirspyrjendum upplýsingar um það, hvort tjónaskýrslur séu í lagi eða ekki, og ef félagið hafi tekið endanlega ákvörðun um það, hvernig gera eigi upp tjón, þ. e. hvernig sök eigi að skipta, þá gefi það upplýsingar um það. Vitnið kveður það ekki tíðkast, að félagið skýri mönnum sérstaklega að fyrra bragði frá því, þegar búið sé að taka afstöðu til tjóns, en ef bifreiðareigendur spyrjist fyrir um afstöðu félagsins, þá sé þeim skýrt frá því í slíkum tilvikum.

Vitnið Einar Runólfsson, fulltrúi Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, hefur skýrt svo frá, að í starfi sínu lesi það yfir skýrslur um tjón, sem berast félaginu. Vitnið kveður sér hafa borist skýrsla um atvik máls þessa, og kveðst það hafa merkt hana ranglega. Það kveður þessa röngu merkingu hafa verið fólgna í því, að það hafi strikað undir rangt bifreiðarnúmer, er það strikaði undir númer bifreiðar þeirrar, sem það taldi vera í órétti. Kveðst vitnið hafa

talið, að bifreiðin R 6741 væri í fullkomnu órétti, en það hafi í ógáti strikað undir H 446, en það þýði á merkjamáli því, sem notað er hjá fyrirtækinu, að tjónið eigi að skrá á viðkomandi bifreið, sem strikað er undir og tryggð er hjá félaginu. Ekki kveðst vitnið geta sagt um það, hversu langur tími leið, þar til þetta var uppgötvað, en það muni hafa liðið nokkuð margir dagar og hafi þetta þá verið leiðrétt. Vitnið kveður afskipti sín af málinu hafa verið þau, að eigandi bifreiðarinnar R 6741 hafi komið og verið mjög óánægður yfir því að fá tjón sitt ekki bætt, en hann hafi verið áður búinn að fá þær upplýsingar, sem muni hafa verið fyrir milligöngu starfsfólks Egils Vilhjálmssonar h/f, að tjón hans mundi verða bætt. Kveður vitnið þær upplýsingar munu hafa komið fram vegna fyrirspurnar starfsfólksins og muni annar hvor skoðunarmanna Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafa svarað fyrirspurningunni. Vitnið kveðst hafa átt viðræður við stefnanda og lögmann hans um málið og hafi þá komið fram hjá stefnanda, að ef hann hefði vitað, að hann ætti að greiða tjón sitt sjálfur, þá hefði hann reynt að haga viðgerðinni með öðrum hætti, þannig að hún yrði ekki eins kostnaðarsöm. Vitnið kveður fallist hafa verið á það af hálfu félagsins, að þetta gæti verið rétt hjá stefnanda, og því hafi félagið boðist til að greiða honum bætur að hluta. Vitnið kveðst hafa reynt að rannsaka, hvernig atvikum hafi verið háttað og kveður Þórarin tjónaskoðunarmann hafa tjáð sér, að hann hefði skýrt starfsfólki Egils Vilhjálmssonar h/f frá því, að tjónið yrði bætt og að verkstæðið mætti sleppa bifreiðinni, en ekki hafi komið fram hjá Þórarni, að hann hefði skýrt stefnanda málsins frá þessu. Ekki kveðst vitnið hafa skýrt stefnanda frá því, að félagið mundi bæta upp tjónið.

Ásvaldur Andrésson, verkstjóri á bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar h/f, hefur skýrt svo frá, að þegar komið sé með bifreiðar til viðgerðar, sem hafi orðið fyrir skaða, þá skýri eigandinn frá því, hvað hann vilji láta gera við bifreiðina, og jafnframt sé innt eftir því, hvort hann ætli að greiða kostnaðinn sjálfur eða hvort talið sé, að þarna sé um tjón að ræða, sem vátryggingarfélagið eigi að greiða. Ef um síðara tilvikið sé að ræða, kveður vitnið haft samband við tjónaskoðunarmann viðkomandi tryggingarfélags og honum skýrt frá því, að bifreiðin sé komin til viðgerðar, og hann spurður, hvort hann ætli að koma og skoða bifreiðina eða hvort hann sé búinn að því. Vitnið kveður samband vera haft við tjónaskoðunarmanninn á ný, þegar viðgerð sé lokið, og ef hann gefi leyfi til að afhenda bifreiðina, þá sé það gert. Ef um sé að

ræða tjón, sem vátryggingarfélag telji sig aðeins eiga að greiða að hluta, þá kveður vitnið eiganda bifreiðarinnar látinn greiða hinn hluta viðgerðarkostnaðarins, áður en bifreiðin er afhent. Vitnið kveðst ekki muna afskipti sín af bifreið stefnanda í smáatriðum, nema það, að skrifstofa fyrirtækisins hafi hringt í sig og sagt sér, að óhætt væri að afhenda bifreiðina.

Stefndi Guðmundur Eiríksson skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni, að hann hefði ekið mjög hægt, er árekstur inn varð, og kvaðst örugglega hafa sett stefnuljós á til vinstri í tæka tíð. Hann kvaðst hafa gætt að umferðinni í baksýnisspegli bifreiðarinnar, en kvaðst ekki hafa séð neinn nálgast. Hann kvað skyggni hafa verið slæmt og kunni að hafa verið móða á speglinum á vinstri hlið bifreiðarinnar og á hliðarrúðunni, sem verið hafi uppi. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við bifreið stefnanda, fyrr en um leið og bifreiðarnar skullu saman.

Aðalkrafa stefnanda er byggð á því, að stefndi Guðmundur eigi óskipta sök á árekstrinum, og beri honum því sem eiganda H 446 að greiða stefnanda fullar bætur fyrir tjón af völdum árekstrarins. Greiðsluskylda stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f á aðalkröfu er byggð á því, að félagið sem ábyrgðartryggjandi H 446 sé ábyrgt fyrir tjóni af völdum bifreiðarinnar samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Er krafan studd þeim rökum, að stefndi hafi ekið bifreið sinni miklu hægar en eðlilegt hafi verið miðað við aðstæður, sbr. 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga, en með þessum hæga akstri hafi hann gefið stefnanda tilefni til að aka fram úr. Þá er því haldið fram, að stefndi hafi beygt til vinstri án þess að gefa merki um stefnubreytingu, svo sem honum hafi þó borið samkvæmt 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga, en auk þess hafi honum borið að sýna sérstaka aðgæslu, sbr. 4. mgr. 52. gr. og 1. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Því er jafnframt haldið fram, að þrátt fyrir þetta hefði stefndi átt að geta komið í veg fyrir árekstur með tilliti til þess, hversu hægt hann ók og að hann ók skáhallt allnokkra leið yfir götuna, áður en bifreiðin staðnæmdist, ef hann hefði sýnt þá aðgæslu, sem krefjast mátti af honum, en það hafi hann ekki gert. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að skort hafi á aðgæslu stefnda Guðmundar og hann brotið mikilvægar umferðarreglur og því beri hann alla sök á árekstrinum. Er því haldið fram, að stefndi beri alla sönnunarbyrði um meinta sök stefnanda. Því er hins vegar haldið fram af hálfu stefnanda, að eigi sé við hann að sakast um árekstur þennan, enda hafi hann hagað akstri sínum að öllu leyti eins og honum hafi borið. Er því jafn-

framt haldið fram í þessu sambandi, að ekki tíðkist að gefa hljóðmerki við akstur í borginni, nema sérstök hætta sé yfirvofandi, en svo hafi ekki verið í þetta skipti.

Varakrafa stefnanda er byggð á því, að starfsmaður eða starfsmenn stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafi gefið ótvíræða og óafturkallanlega yfirlýsingu um, að félagið mundi greiða viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, sem nam kr. 23.443.00. Er því haldið fram í þessu sambandi, að Þórarinn, starfsmaður stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands, hafi skýrt stefnanda frá því, að félagið mundi greiða viðgerðarkotnaðinn, en einnig er því haldið fram, að starfsfólki Egils Vilhjálmssonar h/f hafi verið skýrt frá þessu og á þessum grundvelli hafi stefnandi fengið bifreiðina afhenta, en að öðrum kosti hefði hann ekki fengið bifreiðina afhenta, nema gegn því að greiða viðgerðarkostnaðinn sjálfur. Er bent á það af hálfu stefnanda, að reikningur fyrir viðgerðarkostnaði sé ritaður á nafn Sjóvátryggingarfélags Íslands. Þá er því og haldið fram í þessu sambandi, að yfirlýsing stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafi valdið honum tjóni, þar sem hann hafi verið sviptur rétti til að gera athugasemdir við viðgerðina, sem að hans mati hafi verið óhóflega dýr.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi hafi með gálausum akstri og aðgæsluleysi átt alla sök á árekstrinum, og verði hann því að bera allt tjón sitt sjálfur. Er því haldið fram, að stefnandi hafi ekið fast á eftir H 446 og fram með þeirri bifreið vinstra megin án þess að gefa nokkru sinni merki um, að hann hygðist aka fram úr. Með þessu hafi stefnandi brotið 4. mgr., sbr. 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga og valdið árekstrinum. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekið hraðar en hann telji og með því brotið ákvæði 1. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Er því haldið fram, að hægur akstur bifreiðarinnar H 446 hafi gefið stefnanda tilefni til að ætla, að H 446 kynni að verða beygt að innkeyrslu að húsum við Fellsmúla, og því hafi verið rík ástæða fyrir stefnanda til að gefa ökumanni H 446 merki um framúrakstur, áður en hann yrði reyndur. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki veitt því athygli, að H 446 var ekið að miðlínu vegar, og ekki hafi hann heldur tekið eftir því, að ökumaður bifreiðarinnar hafi gefið stefnumerki. Er því haldið fram, að stefndi Guðmundur hafi ekið mjög hægt og í samræmi við ákvæði umferðarlaganna. Hann hafi fært bifreið sína að miðlínu vegar, gefið stefnuljós og gætt að umferð fyrir aftan sig og því eigi hann enga sök á árekstrinum. Er því mótmælt, að bifreiðinni H 446 hafi verið beygt fyrirvaralaust til

vinstri, án þess að stefnumerki væri gefið í tæka tíð. Þá er því mótmælt af hálfu stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, að greiðsluskylda þess verði byggð á því, að félagið hafi gefið bindandi yfirlýsingu um það, að það mundi greiða kostnað af viðgerð á bifreið stefnanda. Er af félagsins hálfu krafist algerrar sýknu af þessari kröfu. Er því haldið fram, að starfsmenn félagsins hafi aldrei gefið stefnanda yfirlýsingu eða loforð um greiðslu á viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar. Er því haldið fram, að þótt starfsmenn félagsins hafi gefið starfsmönnum Egils Vilhjálmssonar h/f upplýsingar um afstöðu félagsins til ábyrgðar á tjóni stefnanda, þá hafi þær upplýsingar verið rangar og geti þær ekki bundið félagið gagnvart stefnanda. Er því haldið fram, að ósannað sé með öllu, að starfsmenn félagsins hafi skýrt stefnanda frá því, að félagið mundi greiða viðgerðarkostnaðinn, og því hafi stefnandi aldrei verið í góðri trú um greiðslu af hálfu félagsins.

Svo sem fram er komið, er aðalkrafa stefnanda um greiðslu viðgerðarkostnaðar og bætur fyrir afnotamissi byggð á ákvæði 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga, að því er varðar fébótaábyrgð stefnda Guðmundar, en á 1. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að því er varðar greiðsluskyldu stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Hins vegar er varakrafa stefnanda um greiðslu viðgerðarkostnaðar byggð á því, að starfsmaður Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f hafi, svo bindandi sé fyrir félagið, lofað greiðslu þess kostnaðar. Kröfur stefnanda á hendur aðiljum eru því að nokkru leyti byggðar á mismunandi grundvelli, og þykir kröfugerðin því andstæð ákvæðum 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Eins og kröfugerð stefnanda er háttað í heild, þykir því verða að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Hver aðili ber kostnað sinn af málinu.

Mánudaginn 7. október 1974.

Nr. 19/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Kristjáni Ólafssyni
og Karli Björnssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Líkamsárás. Brot gegn 231. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu gekk hinn 26. maí 1972. Dómurinn var birtur 23. ágúst s. á. Verjandi hinna ákærðu sendi héraðsdómara ábyrgðar- og hraðbréf hinn 6. september s. á. og óskaði áfrýjunar málsins vegna skjólstæðinga sinna. Héraðsdómarinn sendi þó saksóknara ríkisins dómsgerðirnar í málinu með bréfi 4. október s. á. án þess að geta um áfrýjunarbeiðnina. Saksóknari ákvað hinn 1. nóvember s. á. að áfrýja ekki málinu, en honum var þá ókunnugt um, að ákærðu hefðu þegar óskað áfrýjunar. Dómsmálaráðuneytið lagði að svo vöxnu máli fyrir yfirsakadómara að fullnægja dóminum. Tæpu ári síðar, hinn 18. október 1973, ritaði verjandi ákærðu saksóknara, skýrði honum frá bréfi sínu 6. september 1972 til héraðsdómara og sendi honum ljósrit af bréfinu og af póstkvittun. Með bréfi 1. nóvember 1973 framsendi saksóknari greint bréf verjanda til yfirsakadómara og lýsti því, að hann hefði hug á að áfrýja málinu, og óskaði eftir því, að dómsmálaráðuneyti yrðu sendar dómsgerðir af nýju, en dóminum hafði eigi verið fullnægt. Felldi dómsmálaráðuneyti nú niður fyrirmæli sín um fullnustu dómsins og sendi saksóknara ríkisins dómsgerðirnar með bréfi 7. nóvember 1973. Áfrýjunarstefna saksóknara var síðan gefin út 9. janúar 1974 og birt 23. s. m. Var þar krafist þyngingar refsingar ákærðu og að þeim yrði dæmt að greiða sakarkostnað.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur áfrýjun málsins farið aflaga. Stafar það af því, að héraðsdómarinn gætti þess ekki, að ákærðu höfðu óskað eftir áfrýjun málsins, er hann sendi dómsgerðir til saksóknara samkvæmt 3. málsgr. 177. gr. laga nr. 82/1961, er þá voru í gildi, sbr. nú sömu grein laga nr. 74/1974. Leiddi þetta til þess, að málinu var ekki áfrýjað af hálfu saksóknara ríkisins, fyrr en löngu eftir að áfrýjunarfrestur var liðinn, sbr. 2. málsgr. 179. gr. laga nr. 82/1961, sbr. nú sömu grein laga nr. 74/1974. Þessi afbrigði frá réttum lagareglum varna því eigi, að málið verði dæmt í Hæstarétti að kröfu ákærðu, en hins vegar ber að vísa frá kröfu ákæruvalds um þyngingu viðurlaga, sbr. 176. gr. og 2. málsgr. 179. gr. laga nr. 82/1961 og nú laga nr. 74/1974. Kröfu ákæruvalds um, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar, þykir mega dæma í Hæstarétti, sbr. 176. gr. nefndra laga.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærðu hafi unnið til refsingar samkvæmt 217. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin 5.000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist varðhaldi 3 daga, ef sekt er eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um fébótagreiðslu ákærðu til Haralds Guðmundar Benediktssonar svo og um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærðu óskipt til greiðslu sakarkostnaðar fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og laun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Kristján Ólafsson og Karl Björnsson, sæti hvor um sig 5.000 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist varðhaldi 3 daga, ef sekt verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um fébótagreiðslu ákærðu til Haralds Guðmundar Benediktssonar svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt sakarkostnað fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og laun skipaðs verjanda þeirra, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. maí 1972.

Ár 1972, föstudaginn 26. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 202—203/1972: Ákæruvaldið gegn Jóni Kristjáni Ólafssyni og Karli Björnssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 11. desember 1970, gegn ákærða Jóni Kristjáni Ólafssyni trésmið, Lönguhlíð 13, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 21. desember 1947, og Karli Björnssyni trésmið, Eyjabakka 12, Reykjavík, fæddum þar í borg hinn 29. febrúar 1948, „fyrir húsbrot og líkamsárás með því að hafa mánudaginn 31. ágúst 1970 ruðst í heimildarleysi inn á efri hæð hússins nr. 17 við Urðarveg á Ísafirði og lagt þar hendur á húsráðandann, Harald Guðmund Benediktsson, sem við það hlaut nokkur meiðsli á hægri framhandlegg og hönd, auk þess sem ákærðu unnu nokkur spjöll á dyrabúnaði hússins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða Jóns Kristjáns hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 7/12 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 19. gr. umferðarlaga.
1969 31/1 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
1969 21/4 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 1. og 7. gr. lögreglusamþykktar Kópavogs.
1969 2/8 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Karls hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1965 20/8 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.
1966 4/8 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 31. ágúst 1970, klukkan 1530, barst lögreglunni á Ísafirði beiðni um aðstoð frá Urðarvegi 17 þar í bæ. Lögreglan fór á staðinn og hafði tal af eiganda hússins, Haraldi Guðmundi Benediktssyni lögreglumanni, er kvað ákærðu hafa brotist inn í húsið og ráðist á sig og í þeim átökum hefði jakki hans rifnað, festi á armbandsúri slitnað og hann hlotið blóðrisa skrámur á hendur. Ákærðu kváðust hafa brotist inn í húsið á þeim forsendum, að þeir hefðu átt þar inni verkfæri og Haraldur ekki haft leyfi til að loka þau inni fyrir þeim. Haraldur kvaðst hins vegar hafa lokað húsinu vegna óuppgerðra viðskipta við atvinnurekanda ákærðu, sem haft hefði bækistöð í húsi hans.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Atla Dagbjartssonar læknis varðandi áverka þá, er Haraldur Guðmundur Benediktsson hlaut greint sinn. Segir m. a. svo í vottorðinu, sem dagsett er 1. september 1970: „ — — — Aftanvert og ofan til á hægri framhandlegg var fleiður og undir því mar og nokkur bólga. Yfir neðri enda alnar var rispuð húð og blæddi nokkuð úr sárinu. Yfir fyrstu kjúkum 4. og 5. fingurs aftanverðum voru fleiður og blóð í fleiðrunum. Dálitlar hreyfingarhindranir voru í úlnlið vegna áðurnefnds mars ofarlega á framhandlegg. — —“

Ákærði Jón Kristján skýrði svo frá fyrir dómi, að Haraldur Benediktsson hefði ekki viljað hleypa þeim ákærðu inn í geymslu þá, sem atvinnurekandi þeirra hefði haft til afnota í húsi hans, en geymsla þessi hefði jafnframt verið nýtt sem kaffistofa. Ákærði játaði að hafa ýtt upp hurðinni að geymslunni, stjakað Haraldi Benediktssyni frá til að komast inn og af þeim sökum átt í átökum við hann.

Ákærði Karl kvað þá ákærðu hafa viljað ná í eigur sínar, verkfæri o. fl., sem geymdar voru í húsi Haralds Benediktssonar, geymslan verið lokuð, þeir beðið Harald um að opna, en hann ekki sinnt því og einnig neitað að rétta þeim út um glugga það, sem þeir töldu sig eiga þarna. Hefðu þeir þá ýtt upp hurðinni, sem sennilega hefði verið fyllt með nöglum að innan, farið inn og þá

lent í ryskingum við Harald Benediktsson og mætti vera, að jakki hans hefði af þeim sökum rifnað, úrfesti slitnað og hann orðið blóðrisa á höndum, en sjálfur kvaðst ákærði ekki hafa skaðast í átökunum.

Haraldur Benediktsson lögreglumaður, Urðarvegi 17, Ísafirði, kvað atvinnurekanda ákærðu hafa haft afnot af rými í húsi hans að Urðarvegi 17, samkomulag ekki náðst um leigukjör og hann því tilkynnt atvinnurekandanum mánudaginn 31. ágúst 1970, að húsrýmið yrði ekki opið honum til afnota, fyrr en einhver lausn fengist á leigumála. Klukkan um 1530 kvaðst Haraldur hafa farið í nefnt húsrými og rétt út um glugga kaffidót og fatnað, svo sem um var beðið. Litlu síðar hefði verið kallað og hann beðinn um að opna húsið, en hann svarað, að þyrfti einhvers frekar við, bæri starfsmönnum að snúa sér til verkstjóra síns. Hefði síðan litlum togum skipt, að hafin voru spörk í útidyr (sic), þær brotnar upp, ákærðu ruðst inn og umsvifalaust ráðist að honum og beitt hann líkamlegu ofbeldi. Kona hans hefði hringt á lögreglu og hún komið litlu síðar og handtekið ákærðu.

Vitnið Kjartan Brynjólfsson verkamaður, Fjarðarstræti 32, Ísafirði, kvaðst hafa starfað hjá sama vinnuveitanda og ákærðu, þeir allir komið að kaffistofunni í húsi Haralds Benediktssonar klukkan um 1530 nefndan dag, hún verið lokuð, en Haraldur verið innandyra og rétt þeim út um gluggann allt kaffidót, sem þar var. Þeir ákærðu hefðu síðan heimtað verkfæri sín og skjólflíkur, en Haraldur neitað að opna og vísað þeim á að tala við verkstjóra sinn. Engum togum hefði síðan skipt, að ákærðu spörkuðu upp hurðinni, ruddust inn og hrintu Haraldi frá, en síðan hefði komið til einhverra átaka milli þeirra, vitnið spurt, hvort þeir ætluðu virkilega að ráðast á manninn og þá ekki orðið úr frekari sviptingum. Vitnið sagði, að viðstödd hefðu verið barnshafandi mágkona Haralds og lítill sonur hans og hefði því blöskrað þessar aðfarir þeirra vegna.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður með hliðsjón af framburði ákærðu sjálfra, vættum vitna, læknisvottorði og öðrum gögnum málsins talið nægilega sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem lýst er í ákæru og þar rétt færð til refsiákvæði, enda hefur Haraldur Benediktsson krafist þess, að þeim yrði refsað, og ekki litið svo á, að þeir hafi, eins og á stóð, mátt löglega brjótast inn í geymsluna, þótt þeir ættu þar muni. Þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin varðhald 15 daga, en eftir atvikum og er til þess er litið, að ákærðu hafa ekki

gerst sekir um hegningarlagabrot áður, þykir mega ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Haraldur Benediktsson hefur krafist skaðabóta úr höndum ákærðu að fjárhæð kr. 21.100.00, er hann sundurliðar þannig:

1.	Vegna læknisvottorðs	kr.	500.00
2.	Vegna skemmda á jakka	—	200.00
3.	Vegna skemmda á armbandsúri	—	400.00
4.	Miskabætur	—	20.000.00

Ákærðu hafa samþykkt 1.—3. kröfulið, en neitað miskabótum. Rétt þykir, að ákærðu greiði in solidum Haraldi Benediktssyni skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 6.100.00.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra beggja, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Kristján Ólafsson og Karl Björnsson sæti hvor um sig varðhaldi 15 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Haraldi Guðmundi Benediktssyni, Urðarvegi 17, Ísafirði, kr. 6.100.00.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. október 1974.

Nr. 164/1974: **Ragnhildur Sigurðardóttir.**
gegn
Svanhildi Sigurjónsdóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dagsettri 23. ágúst 1974, sem barst Hæstarétti 30. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Kæran barst héraðsdómi innan lögmælts frests frá þeim tíma, er umboðsmaður sóknaraðilja fékk vitneskju um dóminn.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Til vara krefst hann þess, að dóminum verði breytt að því leyti, að málskostnaður verði látinn niður falla. Ekki er krafist kærumálskostnaðar af hálfu sóknaraðilja.

Varnaraðili krefst þess eins, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Málatilbúnaður sóknaraðilja var eigi því til fyrirstöðu, að héraðsdómari legði efnisdóm á málið.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og málinu er vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 28. maí s.l., hefur Ragnhildur Sigurðardóttir, Langholtsvegi

16, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1973, gegn Svanhildi Sigurjónsdóttur, Ljósheimum 16, Reykjavík, til greiðslu á kr. 115.400.00 auk 7% ársvaxta frá 16. desember 1963 til greiðsludags og matskostnaði að fjárhæð kr. 22.180.00 og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnanda kröfum sínum á þá leið, að hann krafðist þess, að stefnda verði dæmd til að greiða kr. 137.580.00 auk 7% ársvaxta frá 16. desember 1973 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefnda hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda í málinu svo og að henni verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara er af réttarfarsástæðum gerð sú krafa, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefndu sérstaklega kröfu um vexti af matskostnaði frá 16. desember 1963.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 16. desember 1963 hafi stefnda selt þáverandi eiginmanni stefnanda, Þórði Vilhjálmssyni, íbúð í húsinu Langholtsvegi 16 hér í bæ. Seljandi hafi viðurkennt og undirritað strax við kaupin, að á stofugólfi íbúðarinnar væri „rakavottur", er kaupandi teldi „leyndan galla á íbúðinni". Seljandi hafi samþykkt, að dómkvaddir yrðu óvilhallir sérfróðir menn til að skoða gallann og meta viðgerðarkostnað. Sömuleiðis hafi stefnda samþykkt að greiða matskostnað svo og niðurstöðufjárhæð matsmanna, að því er viðgerðarkostnað snertir. Matsgerð þessi muni að vísu ekki hafa farið fram, svo að stefnanda sé kunnugt um, en í þess stað hafi seljandi greitt smáupphæð (kr. 10.000.00), og skyldi gerð tilraun að lagfæra gallann, en að sjálfsögðu hafi verið út frá því gengið, að ef það tækist ekki, yrði seljandi að bera hinn endanlega kostnað af fullkominni viðgerð. Við skilnað stefnanda og Þórðar Vilhjálmssonar hafi íbúðin fallið í hlut stefnanda. Fljótlega hafi komið fram, að gallinn hafi verið miklu meiri heldur en litið hafi út fyrir og hafi stefnandi nú árum saman reynt að fá seljanda, frú Svanhildi Sigurjónsdóttur, til þess að standa við loforð sitt, sem fyrr sé greint. Þegar það hafi reynst með öllu árangurslaust, hafi verið beðið um dómkvaðningu matsmanna og hafi matsgerð farið fram sumarið 1972. Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna hafi verið sú, að við-

gerð mundi kosta kr. 115.400.00. Matskostnaður hafi verið kr. 22.180.00.

Í málinu hefur verið lögð fram svohljóðandi yfirlýsing, dags. 16. desember 1963, og undirrituð af stefndu:

„Ég undirrituð, Svanhildur Sigurjónsdóttir, viðurkenni hér með, að Þórður Vilhjálmsson, er í dag keypti af mér íbúð að Langholtsvegi 16 hér í borg, vakti athygli mína á því, áður en afsal var undirritað, að á stofugólfi íbúðarinnar væri rakavottur, er hann teldi leyndan galla á íbúðinni, en hann hefði ekki vitað um þennan galla, þegar kaupin voru ákveðin fyrir nokkru síðan. Vegna þessa fellst ég á, að kaupandi láti dómkveðja tvo óvilhalla sérfróða menn til þess að skoða gallana og að meta viðgerðarkostnað. Lofa ég að greiða matskostnað og niðurstöðu matsmanna, að því er snertir viðgerðarkostnað."

Í málinu liggur frammi matsgerð, dags. 4. apríl 1964, undirrituð af Einari B. Kristjánssyni og Ögmundi Jónssyni. Matsgerð þessi er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu yfirborgardómarans í Reykjavík, dags. 18. desember 1963, vorum við undirritaðir, Einar B. Kristjánsson, húsasmíðam., og Ögmundur Jónsson, verkfræðingur, kvaddir til þess að meta galla vegna raka í íbúð Þórðar Vilhjálmssonar, Langholtsvegi 16, eins og nánar greinir á dskj. nr. 1—2. Dómkvaðning barst matsmönnum í hendur þann 26. febrúar 1964.

Matsmenn fóru á staðinn þ. 21. mars 1964. Viðstaddir auk þeirra: Matsbeiðandi, Þórður Vilhjálmsson, og matsþoli, Svanhildur Sigurjónsdóttir. Dómkvaðningin var lögð fram ásamt dskj. nr. 1—2. Matsmönnum var afhent hústeikningin gerð af Hafliða Jóhannssyni, dags. 25/6 1944 og samþykkt af byggingarnefnd þann 25. 10. 1945. Matsmenn skoðuðu aðstæður og fengu upplýsingar hjá aðilum.

Húsið nr. 16 við Langholtsveg er sambyggt við húsið nr. 18. Það er ein hæð, portbyggt ris, kjallaralaust. Útveggir eru úr hlöðnum holsteini, innveggir, gólf og loft steinsteypt, timburklætt þak, klætt báruterniti. Útveggir eru það þykkir, að þeir muni vera einangraðir, að líkindum með vikursteini (ekki sýnt á hústeikningu). Á austurhlið er í rishæð allstór kvistur. Íbúð Þórðar Vilhjálmssonar er á hæðinni og er 3 herbergi, bað og eldhús.

Við skoðunargerð sást allmikill raki í gólfi meðfram austurvegg í báðum herbergjunum, sem að þeim vegg liggja, en þó meira í hornherbergi. Var svo frá skýrt, að þegar mikið rigndi, stæði pollur á gólfinu, og getur það vel staðist. Engrar bleytu gætir að innan-

verðu á veggnum sjálfum, og ekki sjást merki um, að svo hafi verið. Virðist vatnið koma inn á mótum gólfs og veggjar. Talið var, að rakans hefði fyrst orðið vart á útmánuðum 1963. Fyrir um það bil 10 árum varð vart við raka í rishæð og niður á veggi hæðarinnar, á þessari sömu húshlið. Eftir að gert hafði verið við þakið og þakrennuna, tók fyrir þennan raka. Nú er enginn raki í rishæðinni.

Allt bendir til þess, að vatnið komi inn um sprungur á austurveggnum. Útveggir eru pússaðir og málaðir. Á austurveggnum má sjá glögg merki þess, að gert hefur verið við sprungur á honum. Sumar af þessum sprungum hafa opnast á ný og nýjar myndast. Púsllagið er víða laust og heyrist það greinilega, þegar barið er á vegginn. Líklegt er, að vatnið komi inn um fleiri en eina sprungu og að þaðan komist það inn í holrúm steinanna, renni niður eftir þeim og safnist fyrir niður við gólfplötuna. Gólfið er þó nokkuð yfir jarðlínu, svo að um jarðvatn getur ekki verið að ræða.

Til þess að bæta úr gallanum verður að brjóta allt laust múrverk af veggnum, brjóta upp og þétta með þéttiefni þær rifur, sem kynnu að finnast á holsteininum og pússa yfir að nýju. Ekki verður með vissu sagt, hversu víðtæk þessi viðgerð muni verða, en matsmenn gera ráð fyrir því í kosnaðaráætlun sinni, að hún nái til helmings veggsins. Að viðgerð lokinni þarf að mála vegginn.

Í hornstofu eru teppi út í horn og filt undir. Þar undir er pappadúkur. Teppið hefur skemmst á alllöngu bili meðfram veggnum. Hin stofan er dúklögð, og hefur dúkurinn skemmst við vegginn. Gera þarf við bæði teppið og dúkinn.

Kostnað við ofantaldar viðgerðir telja matsmenn hæfilega metinn á kr. 8.900.00 — átta þúsund og níu hundruð krónur 00/100."

Í málinu liggur frammi bréf, dags. 6. október 1970. Bréfið er til stefndu frá lögmanni stefnanda. Það er svohljóðandi: „Til mín hefur leitað frú Ragnhildur Sigurðardóttir, Langholtsvegi 16, hér í bæ, og falið mér að taka upp samninga við yður um hæfilegar bætur vegna galla á téðri íbúð, sem hún keypti af yður á sínum tíma. Er galli þessi skriflega viðurkenndur af yður, en upp í tilraunir til þess að bæta úr honum hafið þér greitt kr. 10.000.00, sem engan veginn hefur reynst nægilegt. Er þess vænst, að samkomulag geti orðið, og vil ég því biðja yður að hafa tal af mér við fyrstu hentugleika, en mig er að hitta hér á skrifstofunni venjulega kl. 2—5 dag hvern."

Bréfi þessu svaraði lögmaður stefndu með bréfi, dags. 30. október 1970.

Lögmaður stefnanda skrifaði nú lögmanni stefndu bréf að nýju 8. júlí 1971.

Hinn 7. maí 1972 bað lögmaður stefnanda um dómkvaðningu matsmanna til að skoða og meta skemmdir eða galla á íbúð stefnanda að Langholtsvegi 16 hér í borg. Dómkvaddir voru til að framkvæma hið umbeðna mat þeir Helgi Guðmundsson pípulagningameistari og Diðrik Helgason múrarameistari.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er dags. 11. nóvember 1972 og er svohljóðandi:

„Samkvæmt dómkvaðningu hr. Valgarðs Kristjánssonar, borgardómara, dags. 18. maí 1972, vorum við Helgi Guðmundsson, Eskihlíð 9, Reykjavík, og Diðrik Helgason, múrarameistari, Blönduhlíð 26, Reykjavík, kvaddir til þess að skoða og meta skemmdir eða galla á íbúð Ragnhildar Sigurðardóttur, Langholtsvegi 16, hér í borg, vegna raka og vatnsrennslis í vegg og/eða gólfi í stofu íbúðarinnar, eins og nánar greinir í beiðninni:

Skoðunarmenn boðuðu til skoðunarfundar að Langholtsveg 16 fimmtudaginn 25. maí s.l. Boðun var gerð með símskeyti, sem var sent hlutaðeigandi.

Viðstaddir á fundinum voru auk matsmanna: Ragnhildur Sigurðardóttir, ennfremur Sigurður Ólason, hrl., hann taldi ekki þörf á að lesa upp endurritið úr bæjarþingsbók Reykjavíkur eða matsbeiðnina. Sig. Ó. boðaði forföll fyrir Jón E. Ragnarss. Óskað var eftir teikningu af húsinu, en hún var ekki til, og var þá talað um, að hún fengist síðar, og var það ekki fyrr en í okt., að hún fékkst, var það teikning eftir Hafliða Jóhannsson, dags. 25. júní 1945.

Húsið er hlaðið úr vikurholsteini og múrhúðað, steypt plata yfir hæðinni, og er íbúð fyrir ofan í rishæð.

Við skoðun kom fram, að húsið var mjög mikið sprungið að utan og múrhúðun víða ónýt og gat undir hornglugga, þar sem rigningarvatn á greiðan gang inn í holrúm vikursins og síðan inn á gólf í hornstofu. Horngluggi var ónýtur af fúa. Það, sem matsmenn telja að þurfi að gera, er:

1. Úti:

Höggva þarf múrhúðun af allri austurhlið hússins, síðan þarf að rappa vikurinn með sterkri múrblöndu með þétti-efni, síðan strengja á hliðina rappítnet, fylla það með múrblöndu og múrhúða síðan á venjulegan hátt með þéttiefni í allri múrblöndu,

ennfremur þarf að höggva upp allar sprungur í öðrum hliðum hússins og setja í þær þanefni og múrhúða yfir. Að þessu loknu þarf eftir hæfilegan tíma að bera á húsið vatnsverjandi efni og mála síðan með vatnsverjandi málningu. Horngluggi er ónýtur, eins og áður er getið, og þarf að taka hann og smíða nýjan glugga.

Niðurfall af þaki er ekki tengt við skolplögn, og getur það valdið raka í skápum í eldhúsi og þarf að lagfæra.

2. Inni:

Við skoðun inni kom í ljós, að teppi í hornstofu var ónýtt og dúkur í suðausturherbergi, og þarf að endurnýja í báðum herbergjum, hornstofu þarf að mála, þegar lokið er við að skipta um glugga.

Í eldhúsi hefur borið á raka, sem getur stafað frá niðurfalli frá þaki, sem áður getur um sprungu að utan.

Miðstöðvarlögn hafði verið endurnýjuð fyrir 3 árum og lögð í eirpípur utanáliggjandi, og var ekki að sjá, að nokkur leki væri frá þessari lögn, en við teljum, að það þurfi að lyfta henni 1—2 cm frá gólfi, betra væri að einangra allar pípur, en það er ekki tekið með í matið.

Samkvæmt framanskráðu og því, sem lýst er í matsbeiðni, og eftir nána athugun teljum við hæfilegt mat sem hér segir: Kr. 115.400.00 — eitt hundrað og fimmtán þúsund krónur 00/100 — og er þá ekki tekið tillit til þeirra óþæginda, er búandi hefur orðið fyrir."

Matsmaðurinn Helgi Guðmundsson pípulagningameistari lést haustið 1973. Matsmaðurinn Diðrik Helgason múrarameistari hefur komið fyrir dóm og staðfest framangreinda matsgerð. Þá er matsmaðurinn var fyrir dómi, var vakin athygli hans á því misræmi, sem er í matsgerðinni varðandi matsfjárhæð, og sagðist matsmaðurinn álíta, að fjárhæðin hafi átt að vera eins og hún er tilgreind í tölustöfum, þ. e. kr. 115.400.00.

Þá er matsmaðurinn var fyrir dómi, var lesið úr matsgerðinni á dskj. nr. 11 frá neðstu greinarskilum á bls. 1, og var matsmaðurinn spurður um, hvort hann teldi, að þarna sé fjallað um sömu galla og hann hafi metið í sinni matsgerð, og sagði matsmaðurinn, að sér fyndist þetta mjög svipað, eða það sama. Matsmaðurinn sagði, að hafi viðgerð eftir matið 1964 ekki tekist, þá mætti reikna með, að gallinn breiddist út, og sama gegni, ef ekki hefði verið gert við gallana samkvæmt matsgerðinni frá 1964. Matsmaðurinn var spurður um, hvort hann hafi séð merki um, að viðgerðir hafi verið framkvæmdar, og svaraði hann því til, að langt sé um liðið og hann muni ekki eftir því að hafa séð merki um viðgerð, en

vildi ekki fullyrða um það, að ekki hafi verið þarna merki um viðgerð, þar sem hann muni þetta ekki.

Þá er stefnandi málsins kom fyrir dóm, þá staðfesti hún sem rétta málavaxtalýsingu í stefnu að öðru leyti en því, að eftir að stefnandi og maður hennar keyptu íbúðina af stefndu, hafi verið dómkvaddir matsmenn og þeir skilað matsgerð. Stefnda hafi greitt matsfjárhæð og matskostnað og hafi það verið kr. 10.000.00, sem stefnda hafi greitt vegna þessa.

Eftir að hinir dómkvöddu matsmenn hafi skilað matsgerð, þá hafi eiginmaður stefnanda gert við húsið. Viðgerðina hafi hann annast einn, en matsmaðurinn Einar Kristjánsson hafi einu sinni komið og litið á framkvæmd viðgerðarinnar. Viðgerð sú, sem maður stefnanda framkvæmdi, hafi dugað í tæp tvö ár, þá hafi aftur komið fram leki í sama vegg og hafi það komið út á sömu stöðum og nýjum stöðum. Stefnandi hafi beðið mann sinn um að tala um þetta við stefndu, en ekki hafi verið gert neitt við lekann. Á árinu 1970 hafi stefnandi og maður hennar skilið og hafi ekkert verið gert við lekann í húsinu fyrr en haustið 1973 og hafi þá m. a. verið skipt um glugga, en þeir hafi verið fúnir. Stefnandi vissi ekki um, hver kostnaður var af viðgerðinni, sem framkvæmd var 1973. Sagðist stefnandi ekki vita um þetta nákvæmlega, en Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi hjá félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, hafi sagt stefnanda, að viðgerðarkostnaðurinn hafi numið 300.000.00 til 400.000.00 kr. Stefnandi segist fá fjárhæð þessa lánaða hjá Reykjavíkurborg, en ekki sé búið að ganga frá því, enda sé viðgerð ekki lokið, þar sem eftir sé að mála húsið.

Stefnandi sagðist hafa talið greiðslu þá, sem hún og maður hennar hafi móttekið frá stefndu vegna galla á íbúðinni, sem tilraun til að bæta úr gallanum, en ekki fullnaðargreiðslu.

Stefnandi sagðist sjálf hafa talað við stefndu í síma vegna galla á húsnæðinu. Þetta hafi verið fyrir nokkrum árum. Ekki mundi stefnandi hvaða ár.

Fyrir dómi kannaðist stefnda við undirskrift sína á dskj. nr. 3 og sagði efni yfirlýsingarinnar rétt. Stefnda sagðist á þessum tíma hafa leigt hluta íbúðarinnar út og hafi henni verið ókunnugt um þennan raka, þá er samið var um kaupin. Matið hafi síðan farið fram og hafi stefnda greitt það, sem matsmenn hafi talið kostnað við að gera við gallann, samkvæmt dskj. nr. 11 er það kr. 8.900.00. Jafnframt hafi stefnda greitt þóknun til matsmanna, kr. 2.000.00, og kostnað við dómkvaðningu, kr. 253.50. Stefnda segist ekki muna eftir því, hvort hún hafi fengið sérstaka kvittun fyrir greiðslu

matsfjárhæðarinnar, en frumrit matsgerðarinnar hafi hún haft í höndum svo og dskj. nr. 12 og 13, en það eru kvittanir fyrir matskostnað og kostnað við dómkvaðningu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram í greinargerð, að efni og aðdragandi málsins sé nægilega rakinn í stefnu, en þess er getið, að stefnda hafi haft þau orð, að einhver matsgerð hafi farið fram strax eftir kaupin, en um það telji stefnandi sér ekki kunnugt. Væri þá rétt, að stefnda legði matsgerð þessa fram, ef til væri, enda verði að öðrum kosti að líta svo á, að um misminni eða misskilning sé að ræða. Hins vegar hafi stefnda greitt einhverja smáupphæð, 5.000.00 eða 10.000.00 kr., og skyldi reynt að lagfæra gallann, en hvort tveggja hafi verið, að viðgerðin hafi ekki komið að neinu haldi, skemmdir hafi verið miklu meiri en svo, eins og síðar hafi átt eftir að koma betur fram, og upphæðin ekki annað en bráðabirgðagreiðsla. Fullnaðarkvittun hafi aldrei verið gefin og mundi reyndar haldlaus, eftir það sem nú sé upp komið við hina gagngerðu skoðun og rannsókn, sem matsgerðin á dskj. nr. 8 byggist á. Annars sé stefnanda áskilinn réttur til að krefjast yfirmats, þar sem stefnandi líti svo á, að matsfjárhæðin muni vera allt of lág. Lögmaður stefnanda hafi nú árum saman reynt að fá stefndu og eða lögmann hennar til samninga um málið. Hafi lögmaður stefndu tekið því líklega, eins og reyndar dskj. nr. 5 beri með sér, en efndir hafi engar orðið.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að húsnæði það, sem stefnandi hafði keypt af stefndu, hafi verið haldið leyndum galla. Með yfirlýsingunni á dskj. nr. 3 hafi stefnda tekið á sig að bæta gallann samkvæmt mati og það beri henni að gera. En matsgerðin á dskj. nr. 11 sé þannig, að á hana verði að líta sem eins konar „tilraunamatsgerð", sem byggð sé á röngum forsendum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hvort sem viðgerð eftir fyrra matið hafi tekist eða ekki, þá hafi hún verið þýðingarlaus, en fyrri matsgerðin sé byggð á alröngum forsendum. Einnig var því haldið fram af hálfu stefnanda, að í matsgerðinni, sem hún byggi kröfur sínar á, sé viðgerðarkostnaður metinn allt of lágur. Lögmaður stefnanda kvaðst ekki vita um kostnað við viðgerð hússins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram í greinargerð, að eins og fram komi af stefnunni svo og dskj. nr. 3, þá hafi stefnda viðurkennt, áður en afsalið var undirritað, að á stofugólfi stefnanda væri rakavottur, sem telja mætti leyndan galla. Af þessu tilefni

hafi farið fram matsgerð, sbr. dskj. nr. 11, og hafi niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna verið sú, að gallinn eða viðgerðir gallans væri hæfilega metnar á kr. 8.900.00. Matskostnaður til matsmanna hafi verið kr. 2.000.00 og greiðsla fyrir dómkvaðningu kr. 253.50. Þennan kostnað hafi stefnda greitt til stefnanda á sínum tíma, þ. e. vorið 1964. Stefnandi hafi hins vegar látið fyrirfarast að verja fénu, þ. e. kr. 8.900.00, í viðgerð til þess að bæta úr gallanum og hafi því gallinn aukist og versnað á þeim tæpu 10 árum, sem liðið hafa, auk þess sem lélegt almennt viðhald á íbúðinni og léleg umgengni eigi hér sínar orsakir. Samkvæmt þessu sé sýknukrafan studd þeim rökum, að tjónið hafi verið gert upp að fullu eftir matsgerð dómkvaddra matsmanna vorið 1964 og eigi stefnandi því eigi frekari kröfur á hendur stefndu vegna umræddS galla. Af þessum ástæðum er matsgerðinni á dskj. nr. 8 mótmælt sem þýðingarlausri fyrir mál þetta svo og öllum fullyrðingum af hálfu stefnanda í framlögðum dómsskjölum mótmælt sem þýðingarlausum á sama hátt, en auk þess röngum að því leyti sem þær fara í bága við málatilbúnað af hálfu stefndu. Varakrafan um lækkun stefnukrafna sé gerð algerlega af réttarfarsástæðum, en verði litið svo á, að um einhverja bótaskyldu sé að ræða, beri að meta hana aðeins óverulega, og í öllu falli ekki hærri en kr. 8.900.00 og enda falli málskostnaður niður. Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefndu, að í máli þessu beri enn fremur að sýkna vegna tómlætis stefnanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að vextir af matskostnaði væru fráleitir nema þá frá greiðslu matskostnaðar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að við sölu húseignarinnar að Langholtsvegi 16 hafi af hálfu stefndu verið viðurkennt, að um leyndan galla væri að ræða, og hafi stefnda skuldbundið sig til að greiða kostnað við viðgerð á galla þessum samkvæmt matsgerð með yfirlýsingunni á dskj. nr. 3. Fyrrverandi eiginmaður stefnanda hafi sjálfur beðið um dómkvaðningu matsmanna og hafi stefnda síðan greitt matsfjárhæð samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna, matskostnað og kostnað við dómkvaðninguna. Þetta hljóti að leiða til sýknu.

Enn fremur var því haldið fram af hálfu stefndu, að engin tilraun hafi verið gerð til að gera við gallann, eftir að matsgerðin frá því í apríl 1964 var gerð, og muni matsfjárhæðinni ekki hafa verið varið til viðgerðar. Tómlæti stefnanda ætti eitt að nægja til þess að sýkna stefndu.

Þá bornar séu saman matsgerðirnar frá árinu 1964 og árinu 1972, þá komi í ljós, að þetta sé sami gallinn, sem fjallað er um í báðum matsgerðunum, en þar sem ekki hafi verið gert við gallann, sem í ljós hafi komið í matsgerðinni frá 1964, þá muni gallinn væntanlega hafa breiðst út og orðið meiri.

Af hálfu stefndu var því haldið fram, að síðara matið sé mat á gömlu húsi, sem haldið sé galla, sem ekki hafi verið gert við, og húsinu almennt ekki haldið við. Stefnda hafi greitt þann kostnað, sem dómkvaddir matsmenn hafi talið, að viðgerð á gallanum mundi hafa í för með sér, og beri stefnda ekki ábyrgð á því, þótt stefnandi hafi ekki varið matsfjárhæðinni til viðgerðar á húsinu og almennt ekki haldið húsinu við.

Dómarar málsins fóru á vettvang og litu á húsið á Langholtsvegi 16. Húsið bar með sér, að það er nýviðgert og nýmálað.

Dómsformaður hafði óskað eftir því við lögmann stefnanda, að hann legði fram teikningar af húsinu. Lögmaðurinn lýsti því yfir við munnlegan málflutning, að hann hafi ekki getað fengið teikningarnar. Hafði dómsformaður þó bent lögmanni stefnanda á, að þær mundu vera hægt að fá hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík.

Eftir dómtöku málsins hafði formaður dómsins samband við byggingarfulltrúaembættið í Reykjavík og fékk þær upplýsingar að fyrir lægi hjá embættinu teikningar að húsinu Langholtsvegur 16.

Kaupsamningur málsaðilja er dagsettur 30. nóvember 1963 og afsal dagsett 16. desember 1963. Líklegur byggingartími hússins er 1945.

Fram er komið, að sama dag og stefnda, stefnandi og þáverandi eiginmaður stefnanda undirrituðu afsal á íbúð þeirri, sem er ástæðan fyrir málarekstri þessum, bað þáverandi eiginmaður stefnanda um dómkvaðningu matsmanna til að meta galla á íbúðinni og hvað kosta mundi að gera við gallann. Samkvæmt bókum þessa embættis voru á grundvelli þessarar beiðni þeir Ögmundur Jónsson og Einar B. Kristjánsson dómkvaddir sem matsmenn hinn 18. desember 1963. Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgerð, dags. 4. apríl 1964, og mátu þar viðgerðarkostnað kr. 8.900.00. Fjárhæð þessa greiddi stefnda að viðbættum matskostnaði. Stefnandi hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa veitt móttöku frá stefndu kr. 10.000.00. Er málavaxtalýsing í stefnu röng að þessu leyti.

Fullyrðingar af hálfu stefnanda, að hér hafi verið um „tilrauna-

mat" eða „samkomulagsmat" að ræða, eru órökstuddar með öllu. Samkvæmt skjölum málsins og bókum þessa embættis var hér um að ræða venjulega dómkvaðningu matsmanna til að meta meintan galla og viðgerðarkostnað.

Fullyrðingar um viðgerð, sem á að hafa farið fram á húsinu, eftir að matsgerðinni frá 4. apríl 1964 var skilað, eru órökstuddar með öllu, og hefur hvorki verið gerð tilraun til að renna stoðum undir þessar fullyrðingar með yfirheyrslum né framlagningu skjala.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þá þykir stefnandi hafa brotið svo meginreglur laga nr. 85 frá 1936 um skýran og ljósan málatilbúnað, að vísa beri máli þessu frá dómi ex officio.

Samkvæmt 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna formanns dómsins, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari. Meðdómendur voru Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og Kristinn Sigurjónsson húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Ragnhildur Sigurðardóttir, greiði stefndu, Svanhildi Sigurjónsdóttur, kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. október 1974.

Nr. 150/1974: **T. Hannesson & Co. h/f**
gegn
Tryggva Hannessyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. júlí 1974. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og varnaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili gerði ekki grein fyrir því í héraðsdómsstefnu eða í greinargerð fyrir héraðsdómi, frá hvaða aðiljum væru runnar þær umboðslaunatekjur frá árunum 1968—1970, sem hann krefur varnaraðilja skila á í máli þessu. Samkvæmt gögnum, sem nú eru fram komin, þykir þó mega leggja til grundvallar, að stefnukröfurnar varði í öllum meginatriðum umboðslaun, sem greind eru í kyrrsetningarbeiðni sóknaraðilja 20. júní 1972, er tekin var fyrir í fógetadómi Reykjavíkur næsta dag, og vexti af því fé. Samkvæmt 17. tl. samnings málsaðilja 3. ágúst 1972 skuldbundu þeir sig til að fresta öllum málaferlum sín í milli og fella þau niður, er samningurinn hefði verið efndur. Þar sem sóknaraðili er af þessu bundinn, ber að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 7.000.00 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, T. Hannesson & Co. h/f, greiði varnar-

aðilja, Tryggva Hannessyni, kr. 7.000.00 í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 20. júní s.l., hefur T. Hannesson og Co. h/f, Ármúla 7 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dóm 27. febrúar 1973, á hendur Tryggva Hannessyni heildsala, Hraunbæ 92 hér í borg.

Dómkröfur stefnanda, eins og þær koma fram í stefnu og bókun frá 14. mars s.l., eru, að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð H. fl. 17.966.18, vestur-þýsk mörk 3.522.63, ensk £ 369.56 með 12% ársvöxtum frá 31. desember 1970 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, þar á meðal löghaldskostnað. Þá krefst hann staðfestingar á löghaldi gerðu 16. febrúar s.l.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eftir taxta L. M. F. Í. Þá krefst hann þess, að niður verði fellt löghald gert 16. febrúar 1973.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi hafi verið einn af stofnendum og framkvæmdastjórum stefnanda frá upphafi, uns honum hafi verið vikið frá störfum árið 1972. Þann 3. ágúst 1972 hafi verið gert samkomulag um ágreiningsmál aðilja. Samkomulag þetta hefur verið lagt fram. Stefnandi vitnar til þess, að að í lok samkomulagsins segi, að aðiljar lofi að fresta öllum málaferlum sín á milli og fella þau niður, jafnskjótt og samkomulagið hafi verið efnt, og málskostnaður felldur niður. Þá segi að endingu í samkomulaginu: „Á þá hvorugur neinar frekari kröfur á hendur hinum."

Stefnandi heldur því fram, að þegar þetta samkomulag var gert, hafi verið vitað, að stefndi hafi dregið sér umboðslaun af erlendum viðskiptum stefnanda á árinu 1971. Hitt hafi núverandi fyrirsvarsmönnum stefnanda verið ókunnugt um, að stefndi hafi líka dregið sér umboðslaun af erlendum viðskiptum stefnanda á árunum 1968, 1969 og 1970. Þessu til sönnunar vitnar hann til dskj. nr. 5 í málinu, sem er bréf stefnda til Seðlabanka Íslands og dagsett er þann 30. október 1972. Stefnandi heldur því fram, að eftir að þetta komst upp, hafi atvik breyst svo, að forsendur séu brostnar fyrir syndakvittun hans til stefnda. Hann sé ekki lengur bundinn við yfirlýsingu þá, sem áður var á minnst og tilgreind er innan til-

vitnunarmerkja, þ. e. að hvorugur aðilja eigi frekari kröfur á hendur hinum.

Stefnandi byggir kröfu sína, eins og hún er nú orðin, á skýrslunum á dskj. nr. 6—8, en það eru skýrslur stefnda til Seðlabanka Íslands um gjaldeyristekjur fyrirtækisins T. Hannessonar & Co. h/f. Skýrslur þessar eru dagsettar 27. október 1972. Koma þar fram m. a. umboðslaun stefnanda fyrir árin 1968—1970. Við munnlegan flutning kvað stefnandi þó ekki algert samræmi á milli kröfugerðar sinnar og þessara skjala, þar sem í útreikningi hans væri tekið tillit til 4. tl. í samkomulagi aðilja frá 3. ágúst 1972, sem síðar verður reifað.

Þann 16. febrúar 1973 fékk stefnandi lagt löghald á 11.7% hússins nr. 92 við Hraunbæ, eign eiginkonu stefnda, til tryggingar kröfu máls þessa auk vaxta og kostnaðar. Þá er málið var fyrir fógetaréttinum, var þar lagt fram samkomulag það, sem stefnandi vitnar til og dags. er 3. ágúst 1972. Samkomulag þetta er undirritað af Tryggva Hannessyni og konu hans, Ólafíu Haraldsdóttur, annars vegar og Torfa Bryngeirssyni og Guðjóni Hannessyni hins vegar. Segir í upphafi samkomulagsins, að undirritaðir hluthafar í félaginu T. Hannessyni og Co. h/f, Reykjavík, þau Tryggvi Hannesson, Hraunbæ 94, Reykjavík, og Ólafía Haraldsdóttir, sama stað, annars vegar og Torfi Bryngeirsson, Laugarnesvegi 94, Reykjavík, og Guðjón G. Hannesson, Skriðustekk 3, Reykjavík, persónulega og f. h. hlutafélagsins hins vegar séu ásátt um eftirfarandi úrlausn ágreiningsmála sinna í sambandi við hlutafélagið:

„1. Tryggvi og Ólafía afsala til hlutafélagsins, því til frjálsrar ráðstöfunar eftir ákvörðun stjórnar þess, hlutabréfum sínum í félaginu nr. 1—13 og 47—56, samtals að fjárhæð kr. 115.000.00, gegn greiðslu á nafnverði, sbr. 15. lið.

2. Tryggvi afsalar til Guðjóns hlutabréfum í félaginu nr. 14—26, er skráð hafa verið á nafn Tryggva, samtals að fjárhæð kr. 65.000.00, án greiðslu.

3. Tryggvi og Ólafía afsala til hlutafélagsins, til ógildingar eða annarrar ráðstöfunar eftir ákvörðun félagsins, hlutabréfum í félaginu nr. 103—150, samtals að fjárhæð kr. 240.000.00, gegn endurgreiðslu á nafnverði bréfanna. Af nafnverðinu samsvara kr. 150.000.00 víxli frá árinu 1966, sem félaginu var afhentur kvittaður og greiðist samkv. 15. lið. Afgangurinn, kr. 90.000.00, sem greiddur var með millifærslu, millifærist til baka samkvæmt 16. lið.

4. Erlend umboðslaun af viðskiptum hlutafélagsins á árinu 1971, að fjárhæð £ 1513.30, Hfl. 594.53 og DM 1.553.59 (samtals kr. 388.419.00, reiknað á gengi 30. júní 1972), teljast eign þess, og skilar Tryggvi fullu andvirði þeirra til félagsins. Af andvirðinu greiðir hann £ 250.00 nú þegar í erlendum gjaldeyri, en um afganginn fer samkvæmt 15. lið. Umboðslaun af innflutningi félagsins á tímabilinu jan.—maí 1972 renna til þess með venjulegum hætti.
5. Tryggvi afhendir félaginu tvo víxla hvorn að fjárhæð kr. 150.000.00, sem eru eftirstöðvar af láni hans til þess frá árinu 1966. Fellur hann frá greiðslu á öðrum þeirra, en um greiðslu á hinum fer samkv. 15. lið. Ábyrgist Tryggvi, að allir þessir víxlar séu þar með að fullu kvittaðir.
6. Skuldabréf vegna kaupa á varahlutalager á árinu 1966 teljast félaginu óviðkomandi, og ábyrgist Tryggvi einn greiðslu allra skulda samkvæmt þeim, hlutafélaginu og Guðjóni að skaðlausu. Hið sama gildir um dómskuld í sambandi við lagerkaupin, sem Tryggvi hefur leyst til sín. Reynist svo við athugun á bókhaldi, að félagið hafi greitt eitthvað af þessum skuldum á árinu 1971, skal færa greiðslurnar til skuldar á viðskiptareikningi Tryggva og gera þær upp samkv. 16. lið.
7. Hlutafélagið greiðir Tryggva víxil samþykktar af Klæðningu hf., er Tryggvi hefur leyst til sín, að fjárhæð kr. 113.184.00 (114.596.00). Frá greiðslunni dregst víxill á Klæðningu hf. að fjárhæð kr. 56.000.00 (56.820.00), er hlutafélagið hefur leyst til sín. Báðir greiðast víxlarnir án annars kostnaðar en útlagðs innlausnarkostnaðar, og verður mismunurinn gerður upp samkv. 15. lið.
8. Tekjur af sölu veggfóðurs frá Anneplas AG vorið 1972, kr. 73.303.00, skiptast að jöfnu milli Tryggva og hlutafélagsins, og greiðir Tryggvi félaginu helming þess samkv. 15. lið.
9. Hlutafélagið lækkar kröfur sínar á hendur Tryggva vegna ýmissa greiðslna á árunum 1971 og 1972, samtals að fjárhæð kr. 257.974.00, um kr. 72.382.00. Mismunurinn, kr. 185.592.00, greiðir Tryggvi félaginu samkv. 15. lið. Reynist svo við athugun á bókhaldi, að einhverjar af mismunafærslunum hafi verið færðar á viðskiptareikning Tryggva, leiðréttist greiðslan samkvæmt því með millifærslu samkv. 16. lið.
10. Hlutafélagið greiðir Tryggva kr. 60.000.00 á mánuði í laun fyrir tímabilið janúar — júní 1972, með færslu á viðskipta-

reikning hans, sbr. 16. lið. Telst þar innifalið allt ógreitt orlof hans hjá félaginu, og á hann ekki frekari launakröfur á hendur því.

11. Hlutafélagið skilar Tryggva handveðum (þ. e. veðskuldabréfum) þeim, sem standa til tryggingar yfirdráttarheimild á hlaupareikningi þess í Búnaðarbanka Íslands svo og víxilreikningi. Skulu skilin fara fram, þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir. Félaginu skal þó heimilt að ganga að handveðum sem nemur endanlegum mismun á viðskiptareikningi Tryggva, ef mismunurinn verður Tryggva í óhag, þegar uppgjör liggur fyrir, til tryggingar skilvísri greiðslu úr hans hendi.
12. Viðskiptareikningur Tryggva hjá hlutafélaginu skal falinn löggiltum endurskoðanda til uppgjörs nú þegar og því lokið svo fljótt sem frekast er unnt. Þann mismun, sem fram kemur á reikningnum, skuldbindur viðkomandi aðili, Tryggvi eða félagið, sig til að greiða að fullu innan þriggja mánaða frá því að uppgjörinu lýkur.
13. Þeir Guðjón og Torfi ábyrgjast Tryggva persónulega efndir af hálfu hlutafélagsins á samkomulagi þessu.
14. Hluthafarnir Guðni og Grétar Hannessynir, sem eru samþykkir samkomulagi þessu og árita það því til staðfestingar, skuldbinda sig til að afhenda félaginu hlutabréf sín í því, kr. 10.000.00, gegn greiðslu á nafnverði.
15. Eftirtaldar greiðslur samkvæmt samkomulagi þessu fara fram í peningum frá Tryggva til hlutafélagsins:

— Skv. 4. lið	kr.	388.419.00
— Skv. 9. lið	—	36.651.00
— Skv. 10. lið	—	185.592.00
	Kr.	610.662.00
frá dregst:		
— hlutabréf skv. 1. lið .... kr. 115.000.00		
— víxill skv. 3. lið ..... — 150.000.00		
— víxill skv. 5. lið ..... — 150.000.00		
— Mismunur á vxl. skv. 7. lið — 57.776.00		472.776.00
	Kr.	137.886.00
Greitt m/gjaldeyri skv. 4. lið	—	54.312.00
Mismunur	kr.	83.574.00

Mismuninn greiðir Tryggvi með víxli til 3ja mánaða, er hann samþykkir í því skyni.

16. Við uppgjör á viðskiptareikningi Tryggva hjá hlutafélaginu skulu færðar inn þær greiðslur og leiðréttingar, sem um ræðir í 3., 6., 10. og 11. lið samkomulags þessa, eftir því sem við á. Verði ágreiningur um einhverjar aðrar færslur, skal mat hins löggilta endurskoðanda ráða, og skuldbinda aðilar sig til að hlíta því.
17. Aðilar samþykkja að fresta öllum málaferlum sín í milli og fella þau niður, strax og samkomulag þetta hefur verið uppfyllt, og greiðir hvor aðili sinn kostnað af þeim. Á þá hvorugur neinar frekari kröfur á hendur hinum."

Báðir aðiljar hafa lýst því yfir, að þeir telji samkomulag þetta í gildi. Það er tilkomið vegna löghaldsbeiðni Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns f. h. stefnanda í eigum stefnda þann 20. júní 1972. Þessi beiðni hefur verið lögð fram í löghaldsmálinu. Segir í beiðni Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, að skuld sú, sem þar um ræðir, sé tilkomin vegna innflutningsviðskipta, er félagið átti við nokkur erlend fyrirtæki á árunum 1968—1972. Hafi félagið verið umboðsaðili hér á landi fyrir þessi fyrirtæki eða gert innkaup hjá þeim og fengið sem slíkt umboðslaun frá fyrirtækjunum af sölu þess varnings, sem hingað var keyptur á þess vegum. Umboðslaunin hafi yfirleitt verið færð félaginu til tekna, jafnóðum og viðskiptin gerðust, í gjaldeyri heimalands þeirra og síðan greidd félaginu eftir tilvísun framkvæmdastjórans, aðallega á bankareikninga í viðkomandi löndum. Í ljós hafi komið, að framkvæmdastjórinn hafi ekki skilað til félagsins öllum þeim umboðslaunum, sem þannig hafi fengist.

Þá var í löghaldsmálinu lagt fram uppkast að samkomulagi milli aðilja málsins. Það uppkast er dags. í júlí 1972, og segir þar í 7. lið: „Umdeild erlend umboðslaun frá árunum 1968—1970 teljast eign Tryggva, gerir hlutafélagið enga kröfu eða kvörtun varðandi þau, enda ábyrgist Tryggvi þau sjálfur." Í endanlega samkomulaginu frá 3. ágúst 1972 hefur þessum lið verið sleppt.

Í greinargerð heldur stefndi því eindregið fram, að hér sé um sömu kröfu að ræða og stefnandi hafði áður krafist löghalds fyrir og vitnar í því sambandi til skjala þeirra, sem lögð voru fram við löghaldið og hér hefur verið vitnað til að framan, sbr. dskj. 7—11 í dómsgerðum löghalds, dómsskj. 2. Benti hann á, að fallið hafi verið frá löghaldsbeiðninni, sem beðið var um á dskj. nr. 7 í fógetaréttarmálinu, sbr. samkomulagið frá 3. ágúst 1972.

Þá hélt hann því fram, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hefði verið kunnugt um kröfur máls þessa, þá er samkomulagið var gert, og vitnaði í því sambandi til 7. liðar uppkastsins frá júlí 1972, sbr. dskj. nr. 11 í fógetaréttarmálinu, sem áður hefur verið rakið. Þá bendir stefndi á 17. gr. samnings aðilja frá 3. ágúst 1972 og heldur því fram, að samningurinn nái til krafna þessa máls. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

Þann 21. janúar 1974 kom Torfi Bryngeirsson, framkvæmdastjóri stefnanda, fyrir dóm. Skýrði hann svo frá, að hann teldi upphæðir þær, sem sóttar eru í málinu, ekki felast í upphæðum samkvæmt 4. tl. samkomulagsins frá 3. ágúst 1972. Taldi hann upphaflega stefnufjárhæð vera áætlunarupphæð. Þeir hafi skrifað út til viðskiptaaðilja sinna til þess að fá þessar upphæðir og fengið svar frá sumum, en ekki öllum. Hann minntist þess ekki, að við gerð samkomulagsins frá 3. ágúst 1972 hefði verið rætt sérstaklega um umboðslaun áranna 1968 til 1970. Umboðslaun þessi hafi, að því er hann best viti, ekki komið fram í reikningum T. Hannessonar og Co. h/f. Þá skýrði hann svo frá, að Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður hefði unnið að samningsgerðinni í ágúst 1972 fyrir þeirra hönd. Hann taldi umboðslaun áranna 1968—1970 ekki hafa verið blandað í samkomulagið frá 3. ágúst 1972, þar sem álitið hafi verið um mjög óverulegar upphæðir að ræða. Það hefði ekki verið fyrr en Seðlabankinn fór að krefja fyrirtækið um skýrslur þessa vegna, að þeir höfðu uppi kröfuna. Samkvæmt ábendingu þeirra hafi bankinn snúið sér til Tryggva Hannessonar og hann hafi þá gefið bankanum þær skýrslur, sem lagðar eru fram í málinu.

Stefndi, Tryggvi Þórir Hannesson, hefur skýrt svo frá, að samkomulagið frá 3. ágúst 1972 hafi í heild verið byggt upp þannig, að tekið hafi verið tillit til umboðslauna fyrir árin 1968—1970. Þegar samkomulagið var gert, hafi stefnandi verið búinn að afla sér skýrslna um það, hver þessi umboðslaun væru. Hann kvaðst hafa tekið þátt í umræðum fyrir gerð samkomulagsins um þessi umboðslaun á skrifstofu Hjartar Torfasonar. Þar hafi verið staddir auk hans lögmennirnir Agnar Gústafsson, Hjörtur Torfason og Brynjólfur Kjartansson. Við gerð samkomulagsins hafi verið tekið tillit til allra umboðslauna fram að þeim tíma, er samkomulagið var gert. Hann sagði skýrslur til Seðlabanka Íslands hafa verið byggðar á bréfum frá viðskiptaaðiljum erlendis. Hann kvaðst hafa haft þessi bréf og kvaðst álíta, að fyrirtækið T. Hannesson og Co.

h/f hafi líka haft þessi bréf. Hann kvaðst aðallega hafa sjálfur ráðstafað umboðslaununum.

Lagt hefur verið fram bréf gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, dags. 8. júní 1972, og er það ítrekun á bréfi til fyrirtækisins frá 27. mars 1972. Þar er óskað eftir skýrslum um erlend umboðslaun fyrirtækisins og aðrar gjaldeyristekjur á árinu 1971 og ráðstöfun þeirra. Þá hefur verið lögð fram skilagrein Torfa Bryngeirssonar f. h. stefnanda fyrir umboðslaunum og öðrum tekjum í erlendum gjaldeyri á árinu 1971. Skilagrein þessi er stíluð til Sigurðar Jóhannessonar hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands. Hún er dags. 28. september 1972. Þá hefur verið lagt fram bréf Torfa Bryngeirssonar f. h. T. Hannessonar og Co. h/f til Sigurðar Jóhannessonar, Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirliti, dags. 2. október 1972. Segir þar í fyrirsögn, að bréfið varði misferli með tekjur í erlendum gjaldeyri á árunum 1968—1970 (þ. e. misferli stefnda). Bréfi þessu fylgja skýrslur yfir þessar gjaldeyristekjur. Þá hefur verið lagt fram bréf, dags. 19. október 1972, frá gjaldeyriseftirlitinu til Tryggva Hannessonar, þar sem segir, að gjaldeyriseftirlitið hafi fengið upplýsingar um, að á árunum 1968—1970 hafi fyrirtækið T. Hannesson og Co. h/f, sem hann hafi þá veitt forstöðu, haft töluvert meiri gjaldeyristekjur en þær, sem hann hafi gefið upp í skýrslu til þeirra.

Skjöl þau, sem nú hafa verið rakin, voru í þinghaldi þann 10. júní 1974 borin undir Torfa Bryngeirsson og hann að því spurður, hvort það hafi ekki verið að gefnu tilefni frá þeim, að Seðlabankinn heimtaði frekari skýrslur af Tryggva Hannessyni varðandi gjaldeyristekjur stefnanda á árunum 1968—70. Hann sagði, að þeir hefðu gefið skýrslu til Seðlabankans, þar sem Seðlabankinn hafi hótað að loka fyrir gjaldeyrisviðskipti þeirra. Hann sagði, að skýrslurnar væru ekki heimtaðar af Tryggva vegna beins tilefnis frá þeim. Hann sagði, að Seðlabankinn hefði ekki óskað eftir skýrslum frá þeim um umboðslaun áranna 1968—1970.

Þá skýrði hann svo frá í þessu sama þinghaldi, að þeir viðurkenndu ekki til frádráttar kröfu sinni ferðakostnað o. fl., sem fram kemur í skýrslum til Seðlabankans. Hann sagði, að ýmis ferðakostnaður kæmi fram í bókhaldi félagsins, og gerði ráð fyrir, að fyrirtækið hefði þegar greitt ferðakostnað Tryggva frá þessum árum.

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, hefur komið fyrir dóminn. Voru honum kynnt hin

sömu skjöl og Torfa Bryngeirssyni og hann að því spurður, hvort það hafi ekki verið eingöngu af tilefni frá fyrirsvarsmönnum stefnanda, að Seðlabanki Íslands krafði stefnda um frekari upplýsingar um gjaldeyristekjur áranna 1968, 1969 og 1970. Hann svaraði því játandi.

Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður hefur tvisvar komið fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá, að hann hefði átt hlut að samkomulaginu frá 3. ágúst 1972 sem lögmaður fyrir hönd stefnanda. Hann tók það fram, að á þeim tíma, er samkomulagið var gert, hafi hann ekki þekkt til skila fyrirtækisins gagnvart Seðlabanka Íslands. Honum voru kynnt drög að samkomulagi, sbr. dskj. nr. 11 í dskj. nr. 2. Skýrði hann svo frá, að þetta hafi verið tillaga hans, sem aðiljar hafi ekki samþykkt. Þegar þessi drög voru gerð, hafi löghaldsmálið á dskj. nr. 17 verið í gangi. Það mál hafi verið byggt á bréfum frá viðskiptaaðiljum stefnanda, sem fyrir lágu á þessum tíma. Þá hefur hann skýrt svo frá, að hann teldi aðalástæðu þess, að umboðslaun áranna 1968—1970 voru ekki höfð með í endanlegu samkomulagi, hafa verið þá, að Torfi Bryngeirsson hafi ekki verið orðinn aðili að félaginu fyrr en í ársbyrjun 1971. Hann tók það fram, að hann áliti 7. tl. í uppkastinu ekki hafa verið felldan burtu vegna þess, að umbjóðendur hans hefðu viðurkennt, að umboðslaun þessi ættu að renna til Tryggva Hannessonar. Hann áleit sjónarmið Tryggva Hannessonar hafa verið það, að kæmu fram kröfur út af viðskiptum frá eldri tímum en 1971, gæti hann mætt þeim með kröfum á hendur fyrirtækinu vegna viðskipta frá eldri tíma. Hann vísaði sérstaklega í 6. lið í samkomulaginu þessu til skýringar. Í þinghaldi þann 10. júní s.l. skýrði Hjörtur svo frá, að hann áliti það ekki hafa verið að frumkvæði Tryggva Hannessonar, að 7. tl. uppkastsins var felldur niður. Hann taldi báða aðilja hafa viljað það. Hann kvaðst álíta það hafa komið fram hjá Agnari Gústafssyni hæstréttarlögmanni við samningsgerðina, að það hafi komist til skila, að fógetaréttarmálið á dskj. nr. 17 væri eitt þeirra mála, sem féllu undir 17. lið samkomulagsins frá 3. ágúst 1972 og frestaðist þannig.

Þá hefur komið fyrir dóminn Sigfús Helgi Scheving, en hann vann í þjónustu T. Hannessonar og Co. h/f þar til um mánaðamótin febrúar-mars 1973. Hann kvaðst í júní 1972 hafa ritað erlendum umbjóðendum T. Hannessonar og Co. h/f til þess að fá upp umboðslaunatekjur fyrirtækisins, þar sem þær hefðu ekki legið fyrir í bókhaldi félagsins. Honum var sýndur 4. tl. samningsins frá 3. ágúst 1972. Hann sagði, að tölur samkvæmt þeim lið væru að sumu

leyti byggðar á áætlun, þar sem eitt fyrirtækjanna hefði ekki svarað. Hann sagði, að fyrirtækin, sem svöruðu, hefðu öll gefið upp umboðslaun frá upphafi viðskipta og þá líka fyrir árin 1968—1970. Fyrirtækið, sem ekki svaraði, hafi verið T. Anderson & Son í Englandi. Þeir hafi neitað að gefa upp umboðslaunin. Þau hafi því verið áætluð samkvæmt viðskiptum, sem T. Hannesson og Co. h/f hafi haft við fyrirtækið. Þá kvaðst hann álíta, að menn hefðu ekki farið að rifja upp þessi eldri umboðslaun, ef allir hefðu staðið við sitt samkvæmt samkomulaginu.

Lögð hafa verið fram bréf frá endurskoðunarskrifstofu Þórarins Þ. Jónssonar og Gísla Torfasonar. Að því er virðist varða bréf þau eingöngu endurskoðun á bókhaldi stefnanda á árinu 1971. Kemur fram í bréfi frá Gísla Torfasyni, dags. 29. desember 1972, að umboðslaun frá erlendum aðiljum eru ekki bókuð nema að hluta.

Álit dómsins.

Aðiljar eru sammála um, að samningurinn frá 3. ágúst 1972 sé í gildi, enda þótt hann sé ekki uppfylltur. 17. tl. hans hljóðar svo:

„Aðiljar samþykkja að fresta öllum málaferlum sín í milli og fella þau niður, strax og samkomulag þetta hefur verið uppfyllt, og greiðir hvor aðili sinn kostnað af þeim. Á þá hvorugur neinar frekari kröfur á hendur hinum."

Hjörtur Torfason hæstaréttarlögmaður, sem sá um gerð samningsins fyrir stefnanda hönd, hefur borið fyrir réttinum, að það hafi komið fram hjá Agnari Gústafssyni hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni stefnda, og komist til skila, að fógetaréttarmálið á dómsskj. nr. 17 væri eitt þeirra mála, sem undir þennan lið féllu. Framburður þessi verður ekki skilinn á annan veg en það hafi verið ætlun aðilja að fella þetta mál niður, enda bendir allt til þess. Samkvæmt löghaldsbeiðninni, sem lá til grundvallar fógetaréttarmálinu, og framburðum þeirra, sem fyrir dóm hafa komið, annarra en fyrirsvarsmanna stefnanda, lá það að mestu leyti fyrir, þegar samkomulagið frá 3. ágúst 1972 var gert, hver voru hin umdeildu umboðslaun. Fram er komið af samningsuppkasti, sem gert var í júlí 1972, og af framburðum þeirra, sem tóku þátt í samningagerðinni, að umdeild umboðslaun voru rædd. Þegar allt þetta er virt, verður við það að miða, að krafa stefnanda í máli þessu hafi átt að falla niður við efndir samningsins frá 3. ágúst 1972. Samningurinn er af báðum aðiljum talinn í gildi, en hefur ekki verið gerður upp. Meðan svo stendur, þykir dómur ekki verða lagður á kröfu stefnanda, og ber í samræmi við

1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 að vísa máli þessu frá dómi. Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Helga V. Jónssyni borgarendurskoðanda og Ægi Ólafssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 10. október 1974.

Nr. 5/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Severin Walderhaug
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
og
Baldri Ólafssyni
(Axel Kristjánsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Brot gegn 157. gr. og 249. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er rækilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur framhaldsrannsókn verið háð. Meðal annarra kom þá eiginkona Péturs Karls Andréssonar, Alda Jensdóttir, fyrir dóm. Staðfesti hún undirritun

sína undir skjal það, sem greinir í héraðsdómi og varðar leyfi til veðsetningar á húseigninni Langagerði 40 í Reykjavík. Kveður hún eiginmann sinn hafa skýrt sér frá því, nokkrum vikum eða mánuðum áður en til undirritunar skjalsins kom, að ákærði Jóhann hefði mælst til þess við hann, að hann „léti sér í té tryggingu" vegna verks, sem hann hygðist framkvæma. Hún getur þess, að ákærði Jóhann sé hvorki skyldur þeim hjónum né venslaður og ekki sé hann sérstakur heimilisvinur þeirra. Ákærði Jóhann kom einnig fyrir dóm við framhaldsprófun. Kveðst hann hafa óskað eftir því við Pétur Karl Andrésson, að hann léti sér „í té tryggingu vegna byggingar Leirulækjarskólans, sem hann hugðist bjóða í", og hafi þetta gerst í samtali, sem fram hafi farið „í mesta lagi hálfum mánuði áður en þau hjónin undirrituðu skjalið". Vitnið Pétur Karl Andrésson skýrir svo frá í dómi við framhaldsrannsóknina, að fjárskiptum þeirra ákærða Jóhanns um mánaðamótin október-nóvember 1970 hafi verið svo farið, „að þeir áttu hvorugur hjá hinum, en Jóhann hafði samþykkt víxil að upphæð kr. 60 þús. vegna skuldar sinnar við trésmiðjuna í Defensor, sem nam um þessi mánaðamót kr. 56.569.00, en vitnið var einn af þremur eigendum trésmiðjunnar". Kveður vitnið Pétur, að ákærði Jóhann hafi fyrst mælst til þess, að það léti honum í té tryggingu „tveimur til þremur vikum, áður en þau hjónin undirrituðu skjalið".

Bú ákærða Jóhanns var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 29. janúar 1971. Skiptum í búinu lauk 17. maí 1973. Af hálfu Útvegsbanka Íslands var lýst kröfum í búið að fjárhæð kr. 1.972.445.30, en eigi er sýnilegt, að kröfum hafi verið lýst af hálfu trésmiðjunnar í Defensor eða eigenda hennar.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur frá 5. janúar 1973, þar sem synjað var kröfu Útvegsbanka Íslands um uppboð á húseigninni Langagerði 40 í Reykjavík á grundvelli tryggingarbréfs frá 30. nóvember 1970, var staðfestur að niðurstöðu til með dómi Hæstaréttar 11. mars 1974.

Samkvæmt gögnum máls var húseignin Langagerði 40 í Reykjavík þinglýst eign Péturs Andréssonar í nóvember 1970.

I.

Ákærði Jóhann Severin Walderhaug.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, skýrði ákærði Jóhann svo frá þegar í fyrsta þinghaldi, er hann var yfirheyrður, að um það hafi verið rætt milli hans og Péturs Karls Andréssonar, „að þessi trygging væri bundin við umrætt verk (þ. e. byggingu Leirulækjarskóla). Enn fremur hafi verið rætt um það þeirra á milli, að þetta skjal yrði einungis sýnt bankanum til að sanna, að trygging yrði fyrir hendi, en þegar til veðsetningar kæmi, mundi kærandi (þ. e. Pétur Karl) og kona hans skrifa undir sérstakt veðleyfi". Við þennan framburð hefur ákærði staðfastlega haldið síðar. Telur hann, að trygging hafi að jafnaði numið 10% af tilboðsfjárhæð, en samkvæmt gögnum máls var fjárhæð tilboðs, er hann gerði í ofangreint verk, alls kr. 6.420.000.00. Er tilboðið dagsett 17. nóvember 1970. Óljóst er af gögnum máls, hvort rætt hafi verið um tiltekna fjárhæð, sem trygging ætti að nema, í viðræðum þeirra ákærða Jóhanns og Péturs Karls, en vitnið Pétur Karl kveðst á dómþingi 28. mars 1973 „ekki vilja alveg synja fyrir, að Jóhann kunni að hafa minnst á einhverjar upphæðir í umrætt sinn (þ. e. þegar framangreint skjal var undirritað), þótt hann muni ekki eftir því nú".

Ákærði Jóhann kveðst í framburði, sem rakinn er í héraðsdómi, hafa heyrt það hjá starfsmanni í byggingardeild borgarverkfræðings, „nokkru eftir að tilboðin voru opnuð", að „öll tormerki væru á því, að hann fengi umrætt verk". Ekki er til hlítar ljóst, hvort ákærða Jóhanni var kunnugt, að tilboði hans yrði eigi tekið af hálfu Reykjavíkurborgar, þegar hann undirritaði tryggingarbréf til handa Útvegsbanka Íslands hinn 30. nóvember 1970.

Ákærði Jóhann hefur gengist við því fyrir dómi, að sér hafi verið ljóst, að skjal það, er þau hjónin Alda Jensdóttir og Pétur Karl Andrésson undirrituðu varðandi veðsetningu eignarinnar Langagerðis 40, væri bundið við það, að yfirlýsingin yrði notuð til þess að stuðla að bankatryggingu vegna tilboðs hans í ákveðið verk. Fær framburður ákærða stoð í því, sem í ljós er leitt um aðdraganda að útgáfu skjalsins. Veð-

bréf það, sem ákærði Jóhann undirritaði 30. nóvember 1970, var gefið út til tryggingar vegna viðskipta hans við Útvegsbanka Íslands, þ. á m. til að afla honum aukinna yfirdráttarheimilda hjá bankanum. Notaði ákærði Jóhann því framangreint veðleyfi gagnstætt því, sem til var ætlast, með saknæmum hætti. Tryggingarbréfi þessu var þinglýst sem veðbandi á eigninni Langagerði 40. Af bankans hálfu voru greiddir tékkar, er ákærði Jóhann hafði gefið út og bankanum höfðu borist, m. a. tveir tékkar, samtals að fjárhæð kr. 500.000.00.

Eigi þykir sannað, að ásetningur ákærða Jóhanns hafi staðið til þess í öndverðu að nota skjalið í því skyni, sem raun varð á. Þykir háttsemi hans varða hann refsingu samkvæmt 157. og 249. gr. almennra hegningarlaga.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 23. september 1971 sætti ákærði 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 248., 261. og 247. gr. almennra hegningarlaga vegna útgáfu ýmissa tékka, m. a. í nóvember 1970, svo og vegna þess að hann stóð ekki Gjaldheimtunni í Reykjavík skil á fé, sem hann hélt eftir til greiðslu á opinberum gjöldum manna, er störfuðu hjá honum. Kvittun vegna eins starfsmannsins er dagsett 11. september 1970. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 26. júní 1972 var ákærði dæmdur sekur um brot á 1. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 vegna aksturs bifreiðar 8. júní 1970. Þótti 78. gr. almennra hegningarlaga eiga við um ákvörðun refsingar, sbr. greindan dóm sakadóms Reykjavíkur 23. september 1971. Var refsing felld niður, en dómfelldi var sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

Vegna dóma þeirra, sem greindir voru, og sakferlis þess, sem þar er dæmt um, ber í máli þessu að ákveða ákærða Jóhanni hegningarauka með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir. Um greiðslu sakarkostnaðar verður fjallað í III hér á eftir.

II.

Ákærði Baldur Ólafsson.

Skjal það, er þau hjónin Alda Jensdóttir og Pétur Karl

Andrésson undirrituðu varðandi veðsetningu eignarinnar Langagerðis 40, greinir eigi fjárhæð, og eigi er þess getið, í hvaða skyni leyfið sé veitt. Sakargögn veita enga vísbendingu um, að ákærða Baldri hafi verið um það kunnugt, að leyfi þetta væri veitt eingöngu til að afla tryggingar vegna verktilboðs ákærða Jóhanns. Bresta því rök fyrir því, að honum verði dæmd refsing samkvæmt 157. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga, og 138. gr. sömu laga. Þá er engin slík ávirðing á hann sönnuð, er varði við 139. eða 141. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna ákærða Baldur af kröfum ákæruvalds í máli þessu. Um sakarkostnað verður fjallað í III hér á eftir.

III.

Dæma ber ákærða Jóhann til að greiða verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, samtals kr. 70.000.00, en málsvarnarlaun verjanda ákærða Baldurs í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 70.000.00, greiðast úr ríkissjóði. Þá ber ákærða Jóhanni að greiða upp í saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og allan annan sakarkostnað ber honum að greiða af hálfu á móti ríkissjóði, sbr. 2. málsgr. 140. gr. laga nr. 82/1961, nú sömu grein laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði Baldur Ólafsson á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Jóhann Severin Walderhaug sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði Jóhann greiði til ríkissjóðs kr. 25.000.00 upp í saksóknarlaun. Hann greiði verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, samtals kr. 70.000.00.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða Baldurs Ólafssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, Axels Kristjánssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 70.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiði ákærði Jóhann að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 8. ágúst 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 8. ágúst, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í dómsal embættisins að Álfhólsvegi 7 af Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 2/1973: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Severin Walderhaug og Baldri Ólafssyni, sem dómtekið var hinn 1. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 27. desember 1972, á hendur þeim Jóhanni Severin Walderhaug húsasmið, Njörvasundi 26, Reykjavík, fæddum 29. júní 1934 í Ólafsfirði, og Baldri Ólafssyni bankaútibússtjóra, Hegranesi 22, Garðahreppi, fæddum 2. ágúst 1911 á Hofsósi.

Samkvæmt því, sem í ákæruskjali greinir, eru sakargiftir á hendur ákærðu raktar til eftirfarandi:

Hinn 2. nóvember 1970 undirrituðu hjónin Alda Jensdóttir og Pétur Andrésson plagg í Reykjavík, sem ákærði Jóhann Severin hafði handskrifað eftirfarandi á: „Við undirrituð eigendur hússins Langagerði 40, Rvk. veitum Jóhanni S. Walderhaug Kambsveg 25 leyfi til að veðsetja hús okkar með 5. veðrétti þeirri upphæð sem bankinn telur mögulegt samkvæmt hjálögðu fasteignamati.“ Aðrar áritanir voru ekki á plaggi þessu við undirritun þess. Var hér um að ræða bréflega staðfestingu á vilyrði frá Pétri til handa ákærða Jóhanni Severin um að lána honum veð vegna tilrauna hans til að fá nokkurra peningafjárhæð — 50 til 60 þúsund krónur — að láni í banka og yrði svo sérstakt veðleyfi í þessu skyni gefið út síðar, ef og þegar slík lántaka tækist.

En við útgáfu tryggingarbréfs hinn 30. nóvember (1970), þinglýstu 11. desember 1970, veðsetti ákærði Jóhann Severin Útvegsbanka Íslands húseignina nr. 40 við Langagerði í Reykjavík til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á víxilskuldum sínum við bankann svo og til tryggingar öllum öðrum skuldum og skuldbindingum í hvaða formi sem væri, sem ákærði Jóhann Severin væri í við bankann á hverjum tíma, að upphæð allt að kr. 1.000.000.00. Í tryggingarbréfinu er húsið sagt veðsett samkvæmt veðleyfi, dagsettu 2. nóvember 1970, sem þinglýst er samhliða

tryggingarbréfinu, merkt lítra Y - 22 nr. 265, og er það fyrrgreint plagg hjónanna Öldu og Péturs, og var þannig frá þessu gengið að ráði og með fulltingi ákærða Baldurs, útibússtjóra útibús Útvegsbanka Íslands í Kópavogi. Á fyrrgreint plagg hafði þá verið bætt við áletruninni „Veðleyfi" sem yfirskrift þess, að þau Helga Finnbogadóttir og Andrés Walderhaug höfðu þá og ritað nöfn sín neðanmáls á það sem vottar.

Þykir ákærði Jóhann Severin með fyrrgreindum hætti hafa notað umrætt plagg sviksamlega í blekkingar- og auðgunarskyni og með því móti gerst brotlegur við 157. gr. og 248. gr. eða 249 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærði Baldur þykir með fyrrgreindum hætti hafa gerst brotlegur við nefnda 157. gr., sbr. 22. gr., og 138. gr., en til vara 139. gr. eða 141. gr. sömu laga

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði Jóhann Severin Walderhaug hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 1/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1966 2/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1970 19/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. laga nr. 23/1952.
1971 23/9 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 247., 248. og 261. gr. hegningarlaga.
1972 26/6 í Reykjavík: Dómur: Uppvís að broti á 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Refsing felld niður. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 29. júní 1972.

Ákærði Baldur Ólafsson hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málsatvik.

Ákærði Jóhann S. Walderhaug hafði með höndum verktökustarfsemi í Reykjavík á árinu 1970. Í byrjun júní opnaði hann hlaupareikning nr. 182 í útibúi Útvegsbanka Íslands í Kópavogi, en ákærði Baldur Ólafsson veitti þá þessu útibúi forstöðu. Fékk Jóhann þegar í upphafi heimild til yfirdráttar á hlaupareikningnum allt að kr. 300.000.00, en í september 1970 var sú heimild hækkuð í kr. 600.000.00.

Til tryggingar öllum skuldum sínum og skuldbindingum við bankann veðsetti Jóhann húseignina nr. 7 við Brekkugötu, Ólafs-

firði, með 2. veðrétti fyrir allt að kr. 1.000.000.00, en veðsetning þessi var gerð samkvæmt sérstöku skriflegu leyfi eiganda hússins.

Þá tókst Útvegsbankinn á hendur ábyrgð á efndum Jóhanns á tveimur verksamningum í júní 1970 vegna byggingaframkvæmda að Sævarlandi 2 — 4 — 6 — 8 og Sævarbraut 11 í Reykjavík. Ábyrgðir þessar voru að upphæð kr. 200.000.00 og kr. 250.000.00, og voru skilmálar þeirra þannig, að verkkaupi gat krafið bankann um greiðslu á allri ábyrgðarfjárhæðinni, þegar hann teldi, að verktaki hefði á einhvern hátt vanefnt verksamninginn. Báðar þessar ábyrgðir féllu á bankann, og voru þær skuldfærðar á hlaupareikning Jóhanns Walderhaugs með einni færslu 17. mars 1971.

Hlaupareikningsviðskipti Jóhanns Walderhaugs við Útvegsbankann í Kópavogi voru allmikil, og til að byrja með gengu þau eðlilega og snuðrulaust fyrir sig, og var honum jafnvel leyft að yfirdraga reikning sinn umfram umsamdar heimildir, stöku sinnum, en þá aðeins í fáa daga. Þegar leið á haustið 1970 kom æ oftar fyrir, að bankanum bárust tékkar á reikninginn, sem ekki gátu rúmast innan yfirdráttarheimildarinnar. Voru þá tékkarnir geymdir til næsta dags og Jóhanni gefinn kostur á að leggja inn fé á móti þeim, áður en þeir væru bókaðir.

Í byrjun nóvember 1970 hafði ákærði Jóhann S. Walderhaug í hyggju að gera tilboð í smíði leikskóla við Leirulæk í Reykjavík, en verk þetta hafði verið boðið út á vegum Reykjavíkurborgar. Átti að skila tilboðum hinn 17. sama mánaðar, og þann sama dag skyldu þau opnuð. Jóhanni var það ljóst, að kæmi til þess, að Reykjavíkurborg hygðist ganga að væntanlegu tilboði hans, yrði hann að geta sett bankatryggingu, sem næmi 10% af tilboðsupphæðinni, svo hann fengi umrætt verk og verksamningur þar um gerður.

Þess vegna leitaði Jóhann til kunningja síns, Péturs Karls Andréssonar trésmiðs, Langagerði 40, Reykjavík, og bað hann að lána sér veð í húsi sínu til þess að framvísa í banka, sem síðan gæfi út tryggingu til Reykjavíkurborgar vegna ofangreinds verks. Varð Pétur við þessum tilmælum og undirritaði ásamt eiginkonu sinni, Öldu Jensdóttur, eftirfarandi yfirlýsingu, sem Jóhann ritaði eigin hendi og dagsett var 2. nóvember 1970.

„Við undirrituð eigendur hússins Langagerði 40 Rvk. veitum Jóhanni S. Walderhaug Kambsvegi 25 leyfi til að veðsetja hús okkar með 5. veðrétti þeirri upphæð sem bankinn telur mögulegt samkvæmt hjálögðu fasteignamati."

Að þessari yfirlýsingu fenginni ritaði Jóhann á plaggið „Veð-

leyfi" eins og yfirskrift og fékk síðan tvo aðilja til að rita á það nöfn sín sem vottar. Að því búnu fór hann með skjalið í Útvegsbankann í Kópavogi og lagði það fram ásamt fasteignamatsvottorði um Langagerði 40.

Hinn 30. nóvember 1970 undirritar Jóhann S. Valderhaug í Útvegsbankanum í Kópavogi tryggingarbréf fyrir öllum skuldum sínum og skuldbindingum við bankann að upphæð kr. 1.000.000.00 og veðsetur húseignina nr. 40 við Langagerði í Reykjavík með 5. veðrétti á eftir samtals u. þ. b. kr. 450.000.00 á grundvelli yfirlýsingar þeirra hjóna Öldu og Péturs, sem að framan getur.

Þennan umrædda dag, 30. nóvember 1970, var reikningsstaða ákærða Jóhanns Walderhaugs í Útvegsbankanum á þann veg, að reikningurinn var yfirdreginn um rúmar 1.367.000.00, er opnað var til afgreiðslu. Auk þess voru fyrirliggjandi óbókfærðir tékkar á reikning Jóhanns, sem bankanum höfðu borist, að upphæð tæpar kr. 55.000.00. Jóhann lagði inn á reikninginn í tvennu lagi kr. 610.000.00 og lækkaði þá yfirdráttarskuldin í um kr. 800.000.00.

Þegar þannig stóðu sakir, blasti það við af hálfu bankans að taka ákvörðun um það að vísa hinum óbókfærðu tékkum frá og senda þá til innheimtu í Seðlabanka Íslands í samræmi við starfsreglur banka um meðferð innstæðulausra tékka.

Að fenginni þeirri tryggingu, sem útgáfa tryggingarbréfsins, að upphæð kr. 1.000.000.00, af hálfu Jóhanns Walderhaugs fól í sér, var það ákveðið í bankanum að skuldfæra hina óbókfærðu tékka á hlaupareikning Jóhanns Walderhaugs, og hækkaði þá yfirdráttarskuldin í rúmar 1.352.000.00.

Þessi ákvörðun af bankans hálfu var hugsuð sem aukin yfirdráttarheimild í nokkra daga, en stuttu síðar varð ljóst, að þessi ráðstöfun var unnin fyrir gíg, því Jóhann hélt áfram að gefa út tékka án heimildar, og var hlaupareikningi hans lokað hinn 16. desember 1970. Nokkru seinna var bú hans tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar.

Með bréfi lögfræðingadeildar Útvegsbankans, dags. 26. febrúar 1971, var Pétri Andréssyni, Langagerði 40, Reykjavík, tilkynnt sú ákvörðun af hálfu bankans, að gengið yrði að þeirri tryggingu, sem sett var með útgáfu veðbréfsins 30. nóvember 1970 af Jóhanni Walderhaug, þar sem bú hans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Áttu sér stað nokkur bréfaskipti út af þessu milli lögfræðings Péturs Andréssonar og bankastjórnar Útvegsbankans, án þess að nokkur niðurstaða fengist, en af hálfu Péturs var því haldið fram,

að tryggingarbréfið frá 30. nóvember 1970 væri marklaust skjal og í engu bindandi fyrir hann, þar sem grundvöllur þess, veðleyfisyfirlýsingin frá 2. nóvember 1970 hefði á sviksamlegan hátt verið notuð við útgáfu tryggingarbréfsins.

Útvegsbanki Íslands beiddist uppboðs á Langagerði 40 í mars 1971 á grundvelli margnefnds tryggingarbréfs. Pétur Andrésson mótmælti framgangi uppboðsins, og var málið lagt undir úrskurð uppboðshaldarans í Reykjavík hinn 6. desember 1972 að loknum munnlegum málflutningi. Undir rekstri uppboðsmálsins höfðu átt sér stað allmikil bréfaskipti og munnlegar viðræður milli lögmanns Péturs Andréssonar og bankans.

Úrskurður uppboðsréttarins var uppkveðinn 5. janúar 1973 og féll á þann veg, að synjað var um framgang uppboðsins. Þessum úrskurði hefur verið áfrýjað af hálfu Útvegsbankans, en hæstaréttardómur hefur ekki verið uppkveðinn.

Með bréfi, dags. 16. apríl 1972, til saksóknara ríkisins ber Pétur Andrésson fram kæru á hendur ákærða Baldri Ólafssyni vegna útgáfu margnefnds tryggingarbréfs og óskar eftir sakadómsrannsókn. Fór sú rannsókn fram í sakadómi Kópavogs að fyrirlagi saksóknara.

Verður nú vikið nánar að málavöxtum samkvæmt skýrslum ákærðu og vitna.

Pétur Andrésson kom fyrir dóminn 19. október 1972. Í skýrslu hans segir m. a., að veðleyfisyfirlýsingin, dags. 2. nóvember 1970, sem að framan getur, hafi verið undirrituð af honum og eiginkonu hans. Eigi hafi neinir vottar ritað nöfn sín á skjalið að þeim hjónum viðstöddum, og telur hann, að yfirskriftin „Veðleyfi" hafi verið sett á skjalið síðar.

Hann segir, að umrætt skjal hafi ekki verið hugsað sem veðleyfi, heldur hafi átt að leggja það fyrir bankastjóra til þess að sýna fram á, að við væri fyrir hendi, ef til þess kæmi, að lán yrði veitt, og skyldi þá gefa út veðleyfi fyrir ákveðinni upphæð. Hafi Jóhann Walderhaug tekið fram, að yfirlýsingin væri ekki veðleyfi.

Pétur segir, að umrædd yfirlýsing hafi verið gefin í sambandi við tilboð Jóhanns Walderhaugs í byggingu leikskóla við Leirulæk í Reykjavík og tryggingu, er setja þyrfti í því sambandi. Það hafi staðið til, að trésmiðjan í Defensor, sem hann var einn eigenda að, smíðaði glugga og útihurðir í nefnda byggingu. Þá segir hann, að einnig hafi verið um það að ræða, að Jóhann greiddi óreiðuskuldir sínar við sig og fyrirtæki sitt og hafi þetta ásamt því, sem áður greinir, orðið til þess, að hann ákvað að hjálpa Jó-

hanni um veð, ef á þyrfti að halda. Hann kveðst ekki hafa heyrt neitt frá Jóhanni um málið, eftir að hann hafði ásamt konu sinni undirritað yfirlýsinguna, og því hafi hann álitið, að þetta væri úr sögunni, því auk þess kveðst hann hafa vitað, að Jóhann fékk ekki umrætt verk. Þá hafi það komið sér algerlega á óvart, er hann fékk bréf frá Útvegsbankanum með hótun um, að gengið yrði að húseign sinni á grundvelli tryggingarbréfs að fjárhæð allt að einni miljón króna.

Pétur kveðst hafa rætt við Jóhann um þetta og hafi þá Jóhann sagt, að yfirlýsingin frá 2. nóvember 1970 væri ekki gild sem veðleyfi, en hafi ekki gefið neina nánari skýringu á málinu.

Ákærði Jóhann Walderhaug kom fyrst fyrir dóminn 7. nóvember s.l. Í framburði hans segir m. a., að hann hafi síðla sumars 1970 gert tilboð í byggingu leikskóla við Leirulæk í Reykjavík og hafi tilboð sitt verið lægst. Í sambandi við slík tilboð verði verktaki jafnan að leggja fram tryggingu, sem nemi 10% af tilboðsfjárhæð. Jóhann kveðst hafa rætt um það við Pétur Andrésson, að hann hjálpaði sér um tryggingu vegna þessa. Hann kvaðst ekki muna, hversu háa tryggingu þurfti að setja, en tilboðsfjárhæðin hafi verið milli 5 og 6 miljónir króna.

Varðandi veðleyfisyfirlýsinguna, sem þau hjón Pétur og Alda undirrituðu, segir Jóhann, að hann hafi sjálfur ritað hana eigin hendi. Vottar hafi ekki verið viðstaddir, er nefnd hjón skrifuðu undir, en hann hafi látið þá skrifa undir síðar. Hann kveðst ekki muna, hvort skjalið hafði fyrirsögnina „Veðleyfi", er það var undirritað. Vera megi, að fyrirsögnin hafi verið skrifuð síðar.

Ákærði segir, að hann hafi fengið umrædda yfirlýsingu hjá þeim hjónum, áður en útkljáð var um það, hvort hann fengi umrætt verk. Hafi verið rætt um það milli sín og Péturs Andréssonar, að þessi trygging væri bundin við nefnt verk, og enn fremur að skjalið yrði einungis sýnt í bankanum til að sanna, að trygging yrði fyrir hendi, en þegar til veðsetningar kæmi, mundu þau hjón kvödd til að skrifa undir sérstakt veðleyfi.

Hann segist hafa farið með yfirlýsinguna í Útvegsbankann í Kópavogi og lagt hana fyrir Ásgrím Albertsson, starfsmann þar. Hafi hann beiðst þess að fá tryggingu vegna verksins hjá bankanum á grundvelli yfirlýsingarinnar. Jóhann segir, að í sambandi við þetta hafi ekkert verið rætt um óreiðuskuldir sínar við bankann, en hann hafi oft farið verulega fram úr í yfirdrætti á hlaupareikningi sínum þar. Aldrei hafi verið rætt um eina miljón króna í þessu sambandi.

Hann segist muna eftir því að hafa skrifað undir tryggingarbréf í bankanum að viðstöddum Ásgrími Albertssyni, en tekur fram, að sér hafi ekki verið ljóst, að um væri að ræða tryggingarbréf að fjárhæð kr. 1.000.000.00. Hafi og ekki verið um annað talað en tryggingu vegna umræddS verks, sem ætti að nema 5—6 hundruð þúsund krónum. Hann tekur fram, að á þessu tímabili hafi hann verið mjög slæmur á taugum og verið undir sterkri lyfjagjöf frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Jóhann segir, að útgáfa tryggingarbréfsins hafi verið bundin því skilyrði, að hann fengi umrætt verk. Hafi hann beðið Ásgrím að staðfesta það, að trygging væri fyrir hendi, ef spurt yrði frá byggingardeild Reykjavíkurborgar um það. Sér hafi aldrei verið ljóst, að hann væri að veðsetja húseign Péturs Andréssonar, þar sem ekki hafi verið um annað rætt en að því aðeins kæmi til veðsetningar, ef verkið fengist.

Þegar til kom fékk hann ekki þetta umrædda verk og því hafi hann litið svo á, að tryggingin væri úr sögunni og skjal þeirra hjónanna þar með fallið úr gildi og einskis nýtt. Segist hann síðar hafa heyrt það hjá Pétri Andréssyni, að einhver vandamál væru í þessu sambandi, en það væri fyrst nú, að hann vissi um veðsetningu á húseign Péturs fyrir allt að einni miljón króna, enda hafi slíkt aldrei komið til tals milli þeirra Péturs. Það hafi verið skilningur sinn, að til slíkrar veðsetningar gæti ekki komið, nema með því að fá sérstakt veðleyfi Péturs eða með áritun hans á skjalið.

Jóhann Walderhaug kveðst aldrei hafa rætt við Baldur Ólafsson bankastjóra um neitt varðandi veðsetningu á húseign Péturs Andréssonar og að ekki hafi verið um það rætt milli sín og starfsmanna bankans á þessum tíma að gera ráðstafanir vegna skulda sinna í bankanum.

Ásgrímur Albertsson, fulltrúi í Útvegsbankanum í Kópavogi, kom fyrir dóminn 9. nóvember s.l. Í skýrslu hans segir m. a., að hann minnist þess að hafa gengið frá tryggingarbréfi því, sem Jóhann Walderhaug gaf út 30. nóvember 1970. Hann segist álíta, að bréf þetta hafi verið gefið út vegna viðskipta Jóhanns við bankann, til tryggingar skuldum hans þar. Ásgrímur kveðst ekki hafa um það vitað, hvaða viðskipti lágu að baki útgáfu bréfsins, enda hafi Jóhann rætt við útibússtjórann um það. Um veðleyfi það, sem Jóhann Walderhaug lagði fram, hafði hann engan fyrirvara haft. Þá hafi Jóhann einnig lagt fram fasteignamatsvottorð og veðbókarvottorð og hafi af bankans hálfu verið talið, að fasteignamatið og eða brunabótamatið væri það hátt, að veðið væri tryggt.

Ekki kveðst Ásgrímur minnast þess í sambandi við veðleyfið, að Jóhann Walderhaug hafi rætt um, að það væri bundið við ábyrgð vegna ákveðins verks.

Ásgrímur telur, að fjárhæð tryggingarbréfsins hafi verið ákveðin af bankastjóranum og Jóhanni Walderhaug. Hann kveðst ekki minnast þess, að Jóhann hafi á nokkurn hátt haft í frammi nein skilyrði við undirritun tryggingarbréfsins. Hann segir, að venja sé hjá bankanum, þegar um slík veðleyfi sé að ræða og hér greinir, að láta leyfisveitanda árita tryggingarbréfið sjálft. Hafi hann rætt um þetta við Jóhann, en hann talið einhver tormerki á því, sem hann man ekki hver voru. Af hálfu bankans hafi ekki verið taldir neinir meinbugir á veðleyfinu. Hann segir, að sér hafi ekki verið kunnugt um, að fjárhagur Jóhanns Walderhaugs stæði neitt höllum fæti og ekki haft neina ástæðu til að ætla, að svo væri. Ekki kveðst hann hafa getað merkt, að Jóhann væri óeðlilegur í framkomu eða hann bæri vott taugaveiklunar eða lyfjaneyslu.

Ásgrímur segir, að hann fái jafnan fyrirmæli frá útibússtjóranum um það, hvernig útbúa skuli tryggingarbréf, svo sem um fjárhæð, og svo hafi verið í þessu umrædda tilviki.

Tryggingarbréf það, sem hér um ræðir og ákærði Jóhann Walderhaug gaf út 30. nóvember 1970, er gert á prentað form Útvegsbanka Íslands. Á framsíðu þess er vélritað nafn útgefanda og heimilisfang og það, sem viðkemur veðsetningunni. Aftan á er dagsetning og nafnritun útgefanda svo og vitundarvotta. Þá hafði verið vélritað þar fyrir neðan, að veðsetningin væri gerð samkvæmt veðleyfi, dags. 2. nóvember 1970, og auk þess svohljóðandi yfirlýsing: „Samþykkjum framanritaða veðsetningu sem þinglýstir eigendur.“ Síðan hafði þetta hvort tveggja verið afmáð með því, að yfir það var x-að með ritvél.

Í þinghaldi 23. nóvember s.l. var Ásgrímur Albertsson spurður um þetta. Hann svaraði því til, að útstrikunin hefði átt sér stað, þar eð Jóhann Walderhaug hefði talið á því tormerki að ná í undirskriftirnar og viljað láta yfirlýsingu þeirra hjóna Péturs og Öldu fylgja með sem veðleyfi. Hafi af bankans hálfu verið talið, að nefnd yfirlýsing væri fullnægjandi í alla staði.

Ákærði Baldur Ólafsson kom fyrir dóminn ofannefndan dag. Í skýrslu hans segir m. a., að Jóhann Walderhaug hafi haft töluverð viðskipti við Útvegsbankann í Kópavogi í sambandi við byggingaframkvæmdir sínar. Í a. m. k. tveimur tilvikum hafi bankinn gefið út ábyrgðaryfirlýsingar vegna verksamninga Jóhanns.

Baldur kveðst minnast þess, að Jóhann Walderhaug hafi talað við sig um það, að hann þyrfti ábyrgð vegna verksamnings um skóla við Leirulæk, en ekkert hafi frekar orðið úr því. Hann segir, að útgáfa tryggingarbréfsins hinn 30. nóvember 1970 hafi ekki staðið í neinum tengslum við það mál, heldur hafi þar verið um að ræða að setja tryggingu vegna yfirdráttar hans í bankanum og skuldbindinga bankans út á við hans vegna. Hafi Jóhann Walderhaug verið kominn langt fram yfir umsaminn yfirdrátt og ábyrgðir og því hafi það verið sjónarmið bankans að tryggja sig.

Baldur kveðst muna eftir því, að Jóhann Walderhaug hafi komið með veðleyfi frá Pétri Andréssyni vegna veðsetningar Langagerðis 40. Hann segist ekki minnast þess, að Jóhann hafi getið um nokkra fyrirvara af hálfu útgefanda veðleyfisins varðandi fjárhæð eða að veðleyfið væri við það bundið, að hann fengi ákveðið verk. Baldur kveður upphæð tryggingarbréfsins hafa verið ákveðna af sér í samráði við Jóhann Walderhaug og hafi hann ekki getað annað merkt en að Jóhanni væri fyllilega ljóst, hvað um væri að ræða. Hann kveðst ekki hafa tekið neitt eftir því, að ástand Jóhanns væri annarlegt eða bæri merki taugaveiklunar eða þess, að hann væri ekki sjálfráður gerða sinna.

Aðspurður um það, hvort af bankans hálfu hafi ekki þótt ástæða til að kanna viðhorf útgefanda veðleyfisins til upphæðar tryggingarbréfsins, svarar Baldur því til, að það sé yfirleitt ekki gert, enda þótt fremur sjaldgæft sé, að veðleyfi séu útgefin, án þess að fjárhæð sé tilgreind. Aðalatriðið fyrir bankann sé það, hvort viðkomandi húseign standi fyrir fjárhæðinni og sé hún í og með ákveðin með hliðsjón af því.

Ítrekað aðspurður kveður Baldur, að Jóhann Walderhaug hafi komið með veðleyfi þeirra hjóna, Péturs og Öldu, sem fullkomið veðleyfi og ekki haft neinn fyrirvara um það, að þörf væri nýs veðleyfis frá þeim, þegar að útgáfu tryggingarbréfs kæmi. Hann hafi eigi heldur haft neinn fyrirvara um heimild sína til veðsetningar.

Baldur kveður, að frágangur tryggingarbréfsins ásamt upplýsingasöfnun í því sambandi hafi hvílt á Ásgrími Albertssyni.

Eftir þingfestingu málsins 18. janúar s.l. var það tekið til framhaldsrannsóknar. Komu þá ákærðu á ný fyrir dóminn svo og vitni. Verður nú rakið það helsta, sem rannsóknin leiddi í ljós um einstök málsatvik.

Í þinghaldi 13. febrúar s.l. er Ásgrímur Albertsson m. a. nánar spurður um, hvað honum og ákærða Jóhanni Walderhaug fór á

milli við undirritun tryggingarbréfsins 30. nóvember 1970. Ásgrímur segir það vera venju sína í slíkum tilvikum sem þessu að fá áritun þinglýstra eigenda sjálfra á veðbréfin, ef þeir séu tiltækir, enda þótt sérstök veðleyfi liggi fyrir. Því kveðst hann hafa fengið Jóhanni Walderhaug tryggingarbréfið til þess að fá á það áritun þinglýstra eigenda, en þegar hann kom til þess að ganga frá málinu, vantaði áritunina. Hafi Jóhann gefið þá skýringu, að hann hefði ekki getað náð til hinna þinglýstu eigenda, en ekki kveðst Ásgrímur muna nú, hvaða ástæður hann nánar tilgreindi. Aðspurður um, hvort þetta hafi ekki vakið með honum grunsemdir, svarar Ásgrímur því neitandi, þar sem Jóhann Walderhaug hafi gefið einhverja þá skýringu, sem hann mat þá gilda, en man ekki nú, í hverju hún fólst.

Aðspurður kveðst Ásgrímur vera fullviss um það, að tryggingarbréfið hafi verið að öllu leyti útfyllt og ritað, er Jóhann Walderhaug undirritaði það.

Spurning þess efnis, hvort honum hafi verið kunnugt um, að Jóhann Walderhaug hefði boðið í verk hjá Reykjavíkurborg og þurft á bankatryggingu að halda í því sambandi, svarar Ásgrímur á þann veg, að það hafi hann ekki vitað, svo hann muni.

Baldur Ólafsson kom fyrir dóminn 19. febrúar s.l. Hann var spurður um þá staðhæfingu meðákærða Jóhanns Walderhaugs, að hann hefði aldrei rætt við bankastjórann um veðsetningu á húseign Péturs Andréssonar. Baldur Ólafsson svaraði þessu á þá leið, að hann myndi ekki nákvæmlega, hvenær Jóhann kom í bankann með veðleyfið. Starfsmenn bankans hafi sagt sér, að Jóhann kæmi mjög oft þangað til að fylgjast með reikningi sínum og hafi þá ávallt reynt að leggja inn fyrir ávísunum, sem inn höfðu komið kvöldið áður, ef þær voru umfram yfirdráttarheimild. Eitt sinn, er fram úr hófi keyrði með ávísanir umfram heimild, en það hafi verið eftir að Jóhann lagði inn veðleyfið, hafi verið um það að ræða annað hvort að senda ávísanir þessar í Seðlabankann sem innstæðulausar eða að auka fyrirgreiðslu bankans við útgefanda um stundarsakir eða til lengri tíma. Með greint veðleyfi í höndum kveðst Baldur hafa talið sig geta veitt aukna fyrirgreiðslu um stundarsakir og því getað tekið ávísanirnar, sem námu 5—600 þúsund krónum, gildar.

Baldur kveðst aðspurður ekki betur muna en Jóhann Walderhaug hafi rætt um þetta við hann sjálfan, annað geti naumast átt sér stað. Nánar aðspurður kveður hann það ekki alveg óhugsanlegt, að Jóhann hafi rætt við starfsmann bankans, sem síðan hafi

borið málið undir sig til ákvörðunar. Aðspurður um það, hvaða fjárhæð hin aukna fyrirgreiðsla skyldi miðast við, kveður Baldur, að ákveðið hafi verið, að ábyrgðir og ávísanir Walderhaugs mættu ekki fara fram úr kr. 2.000.000.00, en þetta hafi verið samkomulag sitt vegna bankans og Jóhanns Walderhaugs, en beiðni Jóhanns hafi raunverulega falist í því, að hann var kominn út fyrir rammann.

Þennan sama dag kom ákærði Jóhann Walderhaug fyrir dóminn. Aðspurður neitar hann því eindregið að hafa rætt við Baldur Ólafsson bankaútibússtjóra sjálfan um veðleyfi það, sem hér um ræðir. Hann kveðst hafa farið með veðleyfið til Ásgríms Albertssonar í þeim tilgangi, að Ásgrímur gæti upplýst starfsmenn Reykjavíkurborgar um það, hvort hann mundi fá bankaábyrgð fyrir verksamningi um Leirulækjarskóla, ef til kæmi. Jóhann kveðst hafa gert sér grein fyrir því, að Ásgrímur gæti ekki tekið ákvörðun um bankaábyrgð, en kveðst hafa ætlast til, að hann fengi ákvörðun bankastjórans þar um.

Jóhann Walderhaug kveður aðspurður það vera alrangt, að hann hafi farið með bréfið út úr bankanum til þess að fá undirskrift þinglýstra eigenda. Hann kveðst hafa undirritað bréfið sjálfur að beiðni Ásgríms Albertssonar og án þess að vita, hvað hann var að gera. Ásgrímur hafi þá sagt sér, að hann ætti að láta hjónin koma til að undirrita, ef til kæmi.

Í þinghaldi 13. mars s.l. voru þeir Ásgrímur Albertsson bankafulltrúi og ákærði Jóhann Walderhaug samprófaðir um þau atriði í skýrslum þeirra, sem stangast algerlega á. Eigi náðist neitt samræmi um þessi atriði. Hélt hvor um sig fast við það, sem hann hafði áður borið, og ítrekaði það.

Steinunn Jónsdóttir húsfreyja hefur borið vitni í málinu, en hún starfaði í Útvegsbankanum í Kópavogi í nóvember 1970.

Hún kvaðst muna eftir því að hafa vélritað tryggingarbréfið, sem Jóhann Walderhaug undirritaði 30. nóvember 1970. Steinunn kveðst fullyrða að hafa vélritað bréfið í einu lagi, þ. e. engu hafi verið sleppt úr, sem átti að vera í því fullfrágengnu, og enn fremur fullyrðir hún aðspurð, að ekki hafi verið búið að undirrita skjalið, þegar hún vélritaði það.

Steinunn kveðst ekki hafa verið vottur að neinum samræðum Jóhanns Walderhaugs og Ásgríms Albertssonar í sambandi við útgáfu bréfsins. Hún kveðst hafa ritað nafn sitt á skjalið sem vitundarvottur, en kveðst ekki muna til þess að hafa horft á Jóhann

Walderhaug undirrita það, þar sem hún muni ekki greinilega eftir atvikum.

Í þinghaldi 28. mars s.l. fór fram samprófun ákærða Jóhanns Walderhaugs og Péturs Andréssonar um þau atriði í skýrslum þeirra varðandi útgáfu margnefnds veðleyfis, sem ósamrýmanleg voru.

Jóhann Walderhaug kvaðst halda fast við það, sem hann hafði áður borið, að hann hefði gert Pétri grein fyrir því, að fengi hann verkið, sem hann hafði boðið í, þyrfti hann að setja tryggingu, 10% af tilboðsfjárhæðinni, en hún var u. þ. b. 6.000.000.00.

Pétur Andrésson kvaðst ekki muna til þess, að nokkrar upphæðir hafi verið nefndar, þegar yfirlýsingin var undirrituð og afhent Jóhanni. Hann kvaðst því ekki vilja alveg synja fyrir, að Jóhann kunni að hafa minnst á einhverjar upphæðir í umrætt sinn, þótt hann muni ekki eftir því.

Um önnur atriði, þar sem í milli ber í skýrslum þeirra Péturs og Jóhanns, náðist ekki samræmi.

Jóhann Walderhaug kom enn fyrir dóm hinn 11. maí s.l. Hann var þá um það spurður, hvenær hann hefði fengið um það vitneskju, að hann fengi ekki verksamning um byggingu leikskólans við Leirulæk. Vitneskju um það kvaðst Jóhann aldrei hafa fengið formlega, þ. e. skriflega. Hins vegar kvaðst hann, áður en tilboðin voru opnuð, hafa orðið þess var hjá ýmsum aðiljum hjá Reykjavíkurborg, sem hann átti samskipti við vegna annars verks, sem hann hafði með höndum fyrir borgina, að vafasamt væri, að hann fengi Leirulækjarverkið, þótt hann yrði lægstbjóðandi. Hafi hann fundið, að það var fjárhagsstaða hans, sem þessir aðiljar vantreystu.

Tilboðin í umrætt verk kvað Jóhann hafa verið opnuð 17. nóvember 1970, og kvaðst hann aðspurður muna það, að þá hafi hann verið búinn að leggja inn veðleyfi nefndra hjóna í Útvegsbankann í Kópavogi.

Nokkru eftir að tilboðin voru opnuð, kvaðst Jóhann hafa heyrt það hjá starfsmanni einum í byggingardeild borgarverkfræðings, að öll tormerki væru á því, að hann fengi verkið. Því kvaðst hann hafi orðið sér úti um vottorð eða yfirlýsingu hjá þáverandi byggingarfulltrúa borgarinnar, sem hljóðaði um það, að verk þau, sem hann hafði áður framkvæmt fyrir borgina, væru sómasamlega af hendi leyst. Vottorði þessu kvaðst hann hafa komið til borgarverkfræðings, en hann hafði endanlegt úrskurðarvald í þessu efni.

Ítrekað aðspurður kvaðst Jóhann glögglega muna það, að hann hafi eingöngu talað við Ásgrím Albertsson um veðleyfið og væntanlega tryggingu, ef hann fengi verkið, en aldrei hafi hann talað við Baldur Ólafsson um þetta efni. Það hefði hann ætlað sér að gera, strax og hann fengi vitneskju um, að hann ætti kost á að fá verkið. Jóhann tók fram í þessu sambandi, að hann hefði aldrei farið fram á aukna yfirdráttarheimild, enda talið það tilgangslaust.

Nánar aðspurður um tékkana, sem biðu óbókaðir hinn 30. nóvember 1970, en bókfærðir voru síðar þann dag, kvaðst Jóhann ekki hafa beðið um neina sérstaka fyrirgreiðslu bankans þeirra vegna og tók fram, að undirskrift sín á tryggingarbréfið hafi frá sinni hendi ekki verið að neinu leyti í sambandi við nefnda tékka, heldur eingöngu bundin við að setja tryggingu, svo bankinn gæti tilkynnt, að tilskilin trygging væri fyrir hendi fyrir verkið við Leirulæk.

Jóhann Welderhaug kvaðst hafa orðið fyrir miklu sálarlegu áfalli um 20. nóvember 1970. Hafi þetta orsakast af því, að honum var neitað um greiðslu á reikningum að upphæð kr. 400.000.00 af hendi Reykjavíkurborgar, en um var að ræða reikninga fyrir gerð grunnplötu dagheimilis við Blöndubakka. Hafi hann af þessum sökum leitað til Kristjönu Helgadóttur, heimilislæknis síns, og fengið hjá henni tvenns konar taugalyf. Hafi hann tekið þessi lyf frá upphafi í meiri mæli en forskrift nam. Hann kvaðst síðar hafa leitað til Alfreðs Gíslasonar læknis eftir tilvísun Kristjönu, og fékk hjá honum önnur lyf. Jóhann lýsti áhrifum lyfjanna þannig, að þau hafi á margan hátt minnt á áfengisáhrif.

Forsendur og niðurstaða.

Frásögn kæranda í máli þessu, Péturs Andréssonar, um atvik þau, sem leiddu til útgáfu yfirlýsingarinnar 2. nóvember 1970, einkum að því er varðar tilætlaða beitingu skjalsins og þau skilyrði, sem hún skyldi háð, er ekki svo ljós og ákveðin sem skyldi. Þykir því verða að leggja til grundvallar skýrslur ákærða Jóhanns Walderhaugs í því efni, en samkvæmt þeim átti notkun skjalsins að vera eingöngu bundin við það að leggja það fyrir í banka í því augnamiði, að Jóhann Walderhaug fengi setta tryggingu til handa Reykjavíkurborg, ef tilboði hans í margnefnt verk yrði tekið og verksamningur gerður. Skyldu þá og nefnd hjón tilkvödd sérstaklega til að árétta veðsetningarleyfi sitt, er gengið yrði til fullnustu frá tryggingargerningnum við bankann.

Útgáfa tryggingarbréfsins 30. nóvember 1970 í krafti yfirlýsingar hjónanna braut því algerlega í bága við tilætlaða og samþykkta ráðstöfun skjalsins.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði Jóhann Walderhaug frá upphafi staðfastlega og eindregið synjað fyrir það, að hann hafi vitað eða á nokkurn hátt verið ljóst, er hann undirritaði greint tryggingarbréf, að hann væri með því að veðsetja húseign Péturs Andréssonar með þeim hætti sem bréfið hljóðaði um, heldur hafi hann staðið í þeirri trú, að undirskrift hans á skjalið væri í því skyni gerð, að bankinn gæti svarað því til fyrir hans hönd, að tilskilin trygging yrði sett, ef hann fengi verkið, sem hann sóttist eftir.

Þótt um það verði ekkert fullyrt, ber ekki að telja það óhugsandi, eins og upplýst er um atvik öll, að Jóhann Walderhaug hafi ekki litið mjög grannt á skjalið, sem hann var að undirrita, og hafi jafnvel ekki litið á framhlið þess, en þar var upphæð m. a. tilgreind, sbr. það sem að framan er rakið.

Þegar litið er til þess, sem fyrir liggur í málinu um gerð og undirritun tryggingarbréfsins og aðdraganda þess, verður ekki talið, að nokkuð það sé fram komið, sem veiti beina eða óyggjandi sönnun um það, að staðhæfingar Jóhanns Walderhaugs um þessi atriði séu rangar, og ekki verður talið, að þær séu svo fjarstæðukenndar, að þeim verði þegar í stað með skynsamlegum rökum vísað á bug.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, verður ekki talið sannað, að ákærði Jóhann Walderhaug hafi undirritað greint skjal með ásetningi um misnotkun veðleyfisyfirlýsingar nefndra hjóna og í auðgunar- og blekkingarskyni eða að öðru leyti með ásetningi notað skjalið á sviksamlegan hátt.

Samkvæmt ofansögðu verður því með tilvísun til 18. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 að sýkna ákærða Jóhann S. Walderhaug af kröfum ákæruvalds í málinu.

Sem í ákæruskjali greinir er ákærða Baldri Ólafssyni aðallega gefið að sök að hafa veitt fulltingi sitt við brot á 157. gr. alm. hegningarlaga.

Ekki eru sönnur að því færðar, að ákærða Baldri Ólafssyni hafi verið gert það ljóst eða um það vitað, hverjum skilyrðum beiting yfirlýsingar hjónanna skyldi háð, og ekki var um það nein vísbending í skjalinu sjálfu.

Verður hann því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Til vara er Baldur Ólafsson ákærður fyrir brot á ákvæðum XIV. kafla alm. hegningarlaga, 139. gr. eða 141. gr. laganna.

Telja verður, að ofangreindar lagagreinar kaflans eigi við um bankastarfsmenn, ef því er að skipta, en því er andmælt í málsvörn ákærða.

Þegar athugaður er þáttur ákærða Baldurs Ólafssonar í máli þessu, eins og upplýst er um hann, verður ekki talið, að efni séu til þess að dæma sakfellingu eftir 139. gr. hegningarlaganna. Þá verður eigi talið, að hann hafi sýnt af sér stórfellda vanrækslu eða hirðuleysi, svo refsivert sé.

Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvalds um brot á 139. gr. eða 141. gr. alm. hegningarlaga.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að leggja á ríkissjóð allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda hinna ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Axels Kristjánssonar, kr. 30.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Jóhann Severin Walderhaug og Baldur Ólafsson, skulu vera sýknir af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Axels Kristjánssonar, kr. 30.000.00 til hvors.

Föstudaginn 11. október 1974.

Nr. 8/1973: **Hekla h/f**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Hekluvikri h/f
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Firma. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1973. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt „að láta afmá firmanafnið „Hekluvikur h.f." úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur" að viðlögðum dagsektum til áfrýjanda, og að stefnda „verði talið óheimilt að nota í atvinnuskyni firmanafnið „Hekla Pumex Ltd."" Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Dómkröfur áfrýjanda fyrir héraðsdómi voru í upphafi aðeins um, að stefnda yrði dæmt skylt að láta afmá skráð firma sitt, „Hekluvikur h.f.", úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur. Með bréfi 28. nóvember 1972 tilkynnti áfrýjandi lögmanni stefnda, að af hans hendi yrði höfð uppi í málinu sú „viðbótarkrafa", að dæmt yrði, að stefnda væri óheimilt „að nota í atvinnuskyni firmanafnið „Hekla Pumex Ltd."" Skírskotaði áfrýjandi í bréfinu til þess, að samkvæmt gögnum, er stefndi hefði lagt fram, væri framangreint heiti meðal þeirra áletrana, sem prentaðar væru á bréfsefni stefnda, en stefndi ætti hins vegar ekki rétt á að nota heiti þetta. Færði áfrýjandi að svo búnu dómkröfur sínar til samræmis við framanritað á dóm-

þingi 30. nóvember 1972. Var málið síðan flutt munnlega á dómþinginu.

Gögn máls um notkun stefnda á nafninu „Hekla Pumex Ltd." eru eigi rækileg, og glöggar skýrslur um það atriði hafa ekki komið fram. Sérstök málsreifun um kröfu áfrýjanda í framhaldssök í héraði hefur eigi verið svo ítarleg sem skylt var. Þykir af þessum ástæðum rétt að vísa þessum þætti máls frá héraðsdómi.

Firma stefnda, Hekluvikur h/f, vekur eindregið þá hugmynd, að stefndi kenni sig við vikur úr fjallinu Heklu. Bendir firmað því eigi sérstaklega til áfrýjanda eða vöru, sem hann selur, svo sem áfrýjandi heldur fram. Firma og vörumerki áfrýjanda og firma stefnda eru ekki svo lík, að ástæða sé til að ætla, að hætta sé á, að af þeim sökum verði villst á fyrirtækjunum í viðskiptum. Verður ekki á það fallist, að réttur áfrýjanda hafi samkvæmt 10. gr. laga nr. 42/1903 eða fyrir lögjöfnun frá 4. tl. 14. gr. laga nr. 47/1968 staðið í vegi fyrir því, að stefndi fengi firma sitt skrásett og notaði það. Verður krafa áfrýjanda um, að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá firma sitt úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur af þessum ástæðum ekki tekin til greina.

Rétt er að áfrýjandi greiði stefnda kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Heklu h/f, er vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Hekluvikur h/f, á að vera sýkn af kröfu áfrýjanda um, að hann skuli láta afmá firma sitt úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 19. desember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. nóvember s.l., hefur Sigurgeir Sigurjónsson, hæstaréttar-

lögmaður í Reykjavík, höfðað fyrir hönd Heklu h/f, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, áritaðri um birtingu 27. apríl s.l., gegn Hekluvikri h/f, Reykjavík.

Málavextir virðast vera þessir:

Hinn 12. ágúst 1942 var skráð hér í hlutafélagaskrá Heildverslunin Hekla h/f, og var tilgangur félagsins þ. á m. inn- og útflutningur og skyld atvinna. Þann 20. desember 1968 var skráð nafnbreyting félagsins í Hekla h/f og jafnframt breytt tilgangi til viðbótar: rekstur verkstæða, hvers konar iðnaður, svo og smásöluverslun og lánastarfsemi. Þann 29. desember 1965 fékk félagið skráð hér á landi vörumerkið „HEKLA“ sem nr. 300/1965, og var merkið skráð fyrir eftirtaldar vörutegundir: Alla hluti, sem smíðaðir eru úr járni, stáli, alumínium og öðrum málmblöndum, vörur framleiddar úr ull, bómull, nylon, rayon og öðrum efnum, sem að einhverju leyti innihalda ofangreind efni, blönduð eða óblönduð, svo og önnur gerviefni, þar með talinn tilbúinn fatnaður, svo og tilsniðna hluti úr þessum efnum, svo og vörur framleiddar úr plasti eða skyldum gerviefnum, vörur framleiddar úr leðri eða leðurlíki, veiðarfæri, úr hvers konar efnum, þar með talið allar gerðir af veiðitækjum, húsgögn úr hvers konar efni, fiskafurðir, hverju nafni sem nefnast, svo og aðrar niðursuðuvörur, öl og gosdrykki, súkkulaði, brjóstsykur og annað sælgæti.

Þann 21. nóvember 1969 var skráð hér hlutafélagið „Hekluvikur h.f.“, og var tilgangur þess að vinna vikur og önnur jarðefni á Íslandi, iðnaður úr þeim efnum, útflutningur á efnunum og framleiðsla úr þeim og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi.

Við munnlegan flutning málsins hinn 30. nóvember s.l. gerði lögmaður stefnanda breytingar á kröfum sínum í stefnu, og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi, Hekluvikur h/f, verði dæmdur til þess að viðlögðum dagsektum að mati dómsins, er renni til stefnanda, að láta afmá firmanafnið „Hekluvikur h.f.“ úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur og að stefnda verði talið óheimilt að viðlögðum dagsektum að mati dómsins, er renni til stefnanda, að nota í atvinnuskyni firmanefnið „Hekla Pumex Ltd.“ Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins. Lögmaður stefnda samþykkti, að lögmaður stefnanda fengi komið að breytingum á kröfum sínum án framhaldsstefnu.

Kröfur varnaraðilja í máli þessu eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi verði

dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að firmanafnið Hekluvikur h/f brjóti í bág við rétt stefnanda til firmanafnsins „Hekla h.f." og vörumerkisins „HEKLA", sbr. lög nr. 42/1903, 10. gr., og lög nr. 84/1933, 9. gr., enda hafi stefnandi orðið þess var, að menn hafi ruglað þessum tveim fyrirtækjum saman í viðskiptum.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að með skráningu firmanafnsins „Hekla h.f." hafi stefnandi öðlast einkarétt á því nafni sem firma og sé því öðrum óheimilt að taka þetta nafn eitt sér eða ásamt með öðrum upp í firmanöfn sín. Þýðingarmikið sé í öllum viðskiptum, að firmanöfnum verði ekki ruglað saman, en stefnandi hafi einmitt orðið þess var, að menn hafi ruglað saman þessum tveim firmum „Heklu h.f." og „Hekluvikri h.f.". Það að bæta orðinu vikur aftan við Hekla gefi tilefni til þess að ætla, að þessi vikur sé einmitt vara, sem seld sé af firma stefnanda, enda sé alls ekki útilokað, að stefnandi kunni síðar að versla með þessa vörutegund á sama hátt og stefndi. Jafnframt telur stefnandi, að með því að taka upp nafnið „Hekluvikur h.f." hafi stefndi brotið gegn 14. gr. laga um vörumerki nr. 47/1968, 4. mgr. per analogiam, en þar sé bannað að skrá vörumerki, ef í merkinu felist eitthvað, sem gefi tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns. Af þessu ákvæði leiði samkvæmt eðli málsins, að ekki ætti heldur að vera heimilt að taka vörumerki annars manns upp í firmanafn, en eins og upplýst sé í málinu, sbr. dskj. nr. 5, þá sé stefnandi eigandi vörumerkisins „HEKLA" nr. 300/1965, dags. 29. desember 1965. Um þetta atriði taki þá 10. gr. firmalaganna nr. 42/1903 af allan vafa. Í þessari lagagrein sé þó ekki tekið fram berum orðum, að óheimilt sé að taka vörumerki upp í firmanöfn, en danskir dómstólar, þ. á m. Hæstiréttur Dana, hafi skýrt 10. gr. dönsku firmalaganna pr. analogiam á þann hátt, að skilja verði þessa 10. gr. eins og þar væri bannað að taka vörumerki annars manns upp í firmanafn. Þessi danska lagagrein sé nákvæmlega eins og samsvarandi lagagrein í íslensku firmalögunum, enda séu íslensku firmalögin þýðing á hinum dönsku. Á þessa lagaskýringu hinna dönsku dómstóla varðandi 10. gr. firmalaganna hafi og íslenskir dómstólar fallist. Einnig sé málssóknin á því byggð, að firmanafnið „Hekluvikur h.f." brjóti og í bág við rétt stefnanda samkvæmt 9. gr. laga nr. 84/1933, 2. mgr., en þar segi, að sérhverjum sé bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villst verði á því og öðru einkenni, sem annað at-

vinnufyrirtæki notar með fullum rétti. Að áliti stefnanda sé ekki á því nokkur vafi, að notkun firmanafnsins „Hekluvikur" leiði til þess, að villst verði á því og firmanafni stefnanda „Hekla h.f.", með öðrum orðum gefi þessi notkun mönnum tilefni til að ætla, að vörutegundin „vikur" sé vara, sem uppruna sinn eigi frá firma stefnanda eða seld af því firma.

Af hálfu stefnda eru kröfur rökstuddar með því, að hlutafélagið „Hekluvikur" hafi verið skráð í Reykjavík 21. nóvember 1969, en tilgangurinn sé, eins og segir í vottorði skráningarstjóra, að vinna vikur og önnur jarðefni á Íslandi, iðnaður úr þeim og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi. Skráningin hafi farið fram án athugasemda af hendi skráningarstjóra og hafi stefndi þar með öðlast ótvíræðan og óskoraðan rétt að nota framvegis það firmanafn.

Hinn 12. ágúst 1942 hafi Heildverslunin Hekla verið skráð í Reykjavík. Hinn 20. desember 1968 sé skráð breyting á nafni og tilgangi félagsins, hinn 29. desember 1965 hafi verið skrásett vörumerki nr. 300/1965 af Heildversluninni Heklu h/f, orðið HEKLA sem vörumerki fyrir ýmsa hluti, sem upp séu taldir á dskj. nr. 5 í málinu.

Fataverksmiðjan Hekla sé eign Sambands ísl. samvinnufélaga og hafi starfað á Akureyri frá því í lok síðari heimsstyrjaldar. Hinn 6. ágúst 1947 hafi fyrirtækið fengið skráð vörumerkið „Hekla", sem muni vera myndmerki með orðinu Hekla, og notað það frá þeim tíma á framleiðsluvörum sínum, sem einkum séu prjónavörur eða ullarfatnaður. Í þessu sambandi bendir lögmaður stefnda á dóm sjó- og verslunardóms Reykjavíkur í málinu nr. 170/1966: Heildverslunin Hekla h/f gegn Sambandi ísl. samvinnufélaga vegna Fataverksmiðjunnar Heklu á Akureyri, en dómur hafi verið kveðinn upp 9. október 1967. Firmað Haraldur Böðvarsson & Co. á Akranesi reki þar umfangsmikla útgerðarstarfsemi og verslun. Firmað reki síldarsöltun, fiskverkunarstöð, hraðfrystihús og niðursuðuverksmiðju, en framleiðsluvörur niðursuðuverksmiðjunnar séu fyrst og fremst hvers konar fiskmeti. Vörumerki niðursuðuverksmiðjunnar sé myndmerki með orðinu „Hekla" á ensku „Hekla Brand".

Auk nefndra firma, sem öll eigi það sameiginlegt að hafa fjallsheitið „Hekla" sem hluta af firmanafni sínu ellegar á vörumerki sínu, megi einnig geta þess, að um áratugaskeið hafi verið hér starfandi hótel í Reykjavík, sem hafi borið nafnið Hótel Hekla. Um áratugaskeið hafi einnig verið framleiddur hér gosdrykkur-

inn Póló, en á „etikettu“ hans segi, að framleiðandi sé Gosdrykkjaverksmiðjan Hekla, Reykjavík, og á flöskumiðanum sé einnig vörumerki það, sem einkennt hafi drykkinn frá upphafi, en það sé myndmerki af spúandi eldfjalli, Heklu. Vörumerki Gosdrykkjaverksmiðjunnar Heklu muni hafa verið skrásett í júlí 1925, en tekið í notkun nokkuð áður og hafi verið í óslitinni notkun síðan. Þá hafi eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins, sem heimili eigi í Reykjavík, að jafnaði borið heitið Hekla, en áður hafi sama heitið borið eitt af skipum Eimskipafélags Reykjavíkur og um tíma hafi ein af farþegaflugvélum Loftleiða h/f einnig borið heitið Hekla.

Þau firmu, sem að framan séu talin, þ. e. Fataverksmiðjan Heka, Heildverslunin Hekla, Hekluvikur h/f, Gosdrykkjaverksmiðjan Hekla og Hótel Hekla, hafi öll haft á hendi óskyldan atvinnurekstur og firmaheitin sjálf gefi eða hafi gefið ótvírætt til kynna, hvers konar atvinnurekstur hvert um sig hafi haft á hendi. Einmitt vegna hins ólíka atvinnurekstrar, sem þessi firmu hafi haft á hendi og nafngift þeirra hafi í rauninni gefið til kynna, megi telja næsta ólíklegt, að nokkur ruglingur eða óþægindi geti af því orðið fyrir nokkurt þeirra, þótt þau hafi öll tekið upp í heiti sitt nafn þess fræga eldfjalls, sem þekkt sé um víða veröld.

Þeirri málsástæðu í greinargerð stefnanda, að hann hafi með skráningu firmanafnsins Hekla h/f öðlast einkarétt á því nafni sem firma og sé því öðrum óheimilt að taka það nafn eitt sér eða ásamt með öðrum orðum upp í firmanöfn sín, sé alfarið mótmælt. Upptalning sú, er að framan hafi verið greint frá um firmu, vörumerki og farkostaheiti, bendi ótvírætt til þess, að ýmsir aðiljar hafi tekið Heklunafnið upp í firmu sín eða vörumerki, og því fari víðs fjarri, að stefnandi hafi nokkurn einkarétt á nafninu. Það megi að vísu telja á því allar líkur, að upphaflega heiti firma stefnanda eins og það hafi í upphafi verið skrásett 1942, þ. e. Heildverslunin Hekla h/f, hafi notið verndar gagnvart öðrum heildsölufyrirtækjum, sem hygðust taka upp Heklunafnið í heiti sín. Úrlausnir dómstóla, þ. á m. íslenskra dómstóla, sýni ótvírætt, að lögvernd firmanafnsins verði því meiri sem upplýsingarnar um firmað og starfsemi þess séu ítarlegri og til þess fallnar að greina fyrirtækið frá öðrum. Nægi í þessu sambandi að vekja athygli á því orðalagi, sem upp hafi verið tekið í forsendu allmargra íslenskra dóma þannig: „Orðið (firmanafnið) vekur ekki hugmynd um neinn sérstakan atvinnurekstur“.

Af hálfu stefnda er vakin athygli á því, að íslensk löggjöf seti

að vísu nokkur takmörk fyrir því, að staðarheiti eða kenniheiti séu notuð í heiti firma. Sé hér annars vegar til að taka ákvæði 10. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þar sem lagt sé bann við því að kenna verslanir, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki svo og vörutegundir við nafn landsins, sýslu, bæjar- eða sveitarfélag, nema leyfi viðkomandi stjórnvalda komi til. Þá er og bent á ákvæði í 10. gr. firmalaganna, þar sem hliðstæð takmörkun sé sett við því, að nafn annars manns eða fasteignar annars manns sé tekið í firmanöfn. Þar sé á sama hátt gert ráð fyrir því, að leita þurfi samþykkis til slíks. Hins vegar séu engar takmarkanir settar fyrir því, að ákveðin kenniheiti, fossanöfn og fjallsheiti, sem mjög títt sé, séu tekin sem hluti af firmanöfnum, en hinn hluti firmanafnsins gefi þá að jafnaði til kynna starfsemi viðkomandi firma. Sýnist þetta vera mjög eðlileg regla og í einna bestu samræmi við þarfir okkar. Megi segja í sambandi við vörumerki hafi svipuð regla verið tekin upp í ákvæði í 6. gr. laga nr. 47 frá 2. maí 1968 um vörumerki. Á það er bent, að meðal annarra þjóða gildi svipaðar reglur að þessu leyti. Í norskum firmarétti sé þannig aðeins settar hömlur við notkun sama heitis á firma, að það sé starfandi á sama eða svipuðu atvinnusviði. Í frumvarpi að nýjum firmalögum sé þar áfram haldið þeirri reglu, að firmað njóti aðeins verndar gegn samkeppni frá fyrirtæki sömu eða svipaðrar tegundar. Þegar skoðaðar séu úrlausnir íslenskra dómstóla um þetta efni, þá virðist allt benda til þess, að íslenskir dómstólar viðurkenni þá reglu, að heimilt sé að nota sama orð eða heiti sem hluta af firmanafni, ef í nafninu í heild felist annars upplýsingar um atvinnurekstur eða starfsemi eða heitið vekji a. m. k. hugmynd um atvinnureksturinn. Heitið „Hekluvikur h.f." vekji ótvírætt hugmynd um ákveðinn atvinnurekstur og þessi atvinnurekstur eigi ekkert skylt við þann atvinnurekstur, sem Heildverslunin Hekla h/f telji tilgang sinn samkvæmt skráningu firmans með síðari breytingu. Atvinnurekstur fyrirtækja aðilja máls þessa sé svo óskyldur, að ekki sé minnsta hætta á, að almenningur eða viðskiptaaðiljar ruglist á fyrirtækjunum, og fráleitt sé að ætla, að stefnandi hafi með því að fella niður starfsheitið „Heildverslunin" úr firmanafni sínu öðlast svo víðtækan einkarétt til nafnsins Hekla, sem í raun og veru sé þjóðareign, að hann nyti einkaréttar og lögverndar á Heklunafninu, er spannaði yfir öll hugsanleg svið atvinnulífs á Íslandi.

Af því, sem hér hefur verið rakið, sé ljóst, að stefnandi eigi ekki lögvarinn einkarétt til notkunar Heklunafnsins sem slíks, öðru-

vísi en í hinu upphaflega skrásetta firmaheiti „Heildverslunin Hekla h.f.“ ellegar til þeirrar starfsemi, sem skráð er sem tilgangur firmans og fyrirtækið raunverulega starfi á.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefndi hafi með því að taka upp nafnið „Hekluvikur“ í firmaheiti sitt gerst brotlegur við 4. lið 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki með lögjöfnun. 4. tl. 14. gr. vörumerkjalaganna hljóði þannig, að ekki megi skrá vörumerki, „ef í merkinu felist eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkingu felst sérkennilegt nafn á fasteign annars manns eða mynd af henni“. Ákvæði þessu sé fyrst og fremst ætlað að koma í veg fyrir skráningu vörumerkis, þegar svo sendur á, sem í greininni segir, og hugleiðingar um lögjöfnun hér á milli fái naumast staðist. Auk þess er vakin athygli á því, að greinin taki fyrst og fremst til persónulegra nafna eða mynda eða tákna, tengda þeim nöfnum, eða sérkennilegra nafna á fasteign annars manns eða mynd af henni. Nú sé því væntanlega ekki haldið fram, að stefnandi sé eigandi fjallsins Heklu og að öðrum sé þess vegna óheimilt að nota Heklunafnið í firmaheiti sínu af þeim sökum. Það sé jafnaugljóst, að Heklunafnið sé ekki „konstruerað“ af stefnanda, heldur sé hér um að ræða nafn á hinu frægasta fjalli í heimi, sem ýmis firmu hafi á undan stefnanda tekið upp í firmaheiti sín með fullum rétti, og hafi stefnandi ekki getað vænst þess að fá vernd fyrir firmaheiti sitt utan þess starfsviðs, sem ákveðið hafi verið í samþykktum félagsins um tilgang þess, og enn fremur ekki út fyrir það landfræðilega svæði, sem starfsemi fyrirtækisins nær. Einnig er vakin athygli á því, að í Grimsby í Englandi sé starfandi umsýslufyrirtæki á sviði út- og innflutnings og heildverslunar undir nafninu Hekla og muni Íslendingur vera aðili að því fyrirtæki, sem starfað hafi um áratuga skeið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framleiðsluvörum Hekluvikurs sé fyrst og fremst ætlaður markaður erlendis, hið erlenda heiti fyrirtækisins sé Hekla Pumex Ltd., eins og dskj. nr. 8 beri með sér, en vikur sá, sem fyrirtækið vinni vöru sína úr og sem á ensku heitir pumice, sé runninn frá eldfjallinu Heklu, enda muni viðskiptamenn fyrirtækisins, innlendir og erlendir, fyrst og fremst setja heiti firmans og varning þess í samband við eldfjallið Heklu og virðist það vera nokkuð ofmat á hróðri fyrirtækis stefnanda, enda þótt það fyrirtæki sé ágætt og velþekkt hér á sínu starfssviði, að ætla, að Hekluvikur gefi mönnum tilefni til þess

að ætla, að vörutegundin vikur sé vara, sem uppruna sinn eigi frá firma stefnanda eða seld af því firma.

Í 10. gr. firmalaganna sé bannað að taka upp í firmanöfn heiti annars manns eða heiti á fasteign annars manns, annað sé ekki bannað, að því er viðkomi sérheitum, og að færa ákvæðin yfir á annars konar sérheiti analogice verði tvímælalaust að álítast óheimilt. Síðari hluti greinarinnar sýni þetta einkar glöggt, því þar sé höfuðáherslan lögð á, að atvinnuheiti firma séu rétt, og á það lögð svo rík áhersla, að þess sé krafist, að atvinnuheiti firma sé breytt, ef breyting verður á starfsemi þess, þannig að aðgreining atvinnuheitis í firmanafni sé mun ríkari en aðgreining sérheitis. Sé það fyrst og fremst krafan um réttar upplýsingar í nafngiftinni og að það sé með þeim hætti, að ekki sé hætta á, að á því verði villst eða því ruglað saman við annað fyrirtæki. Hér sé ekki um neina slíka hættu að ræða, fyrirtæki málsaðilja starfi sitt á hvoru starfsviði. Starfsemi fyrirtækis stefnda sé auðkennd í firmanafninu og sé engin hætta á, að um ruglingshættu milli þessara tveggja firma geti verið að ræða.

Upphaflega hafi stefnandi látið skrásetja firmaheiti sitt og síðar vörumerki og hafi þá Hekluheitið þegar verið í notkun á fjölda fyrirtækja víðs vegar um landið og erlendis. Það hafi því bersýnilega verið skoðun stefnanda þá og sú skoðun hafi verið rétt, að honum hafi einnig verið heimilt að nota Heklunafnið í firmaheiti sínu svo framarlega sem það væri ekki til þess fallið að villa heimildir eða að hætta væri á því, að því væri ruglað saman við önnur starfandi fyrirtæki.

Eftir því, sem fram kemur í skjölum málsins, þá hafa mörg fyrirtæki á Íslandi á undanförnum áratugum framleitt vörur undir nafninu Hekla eða haft orðið Hekla sem hluta af nafni sínu.

Vörumerki niðursuðuverksmiðju Haralds Böðvarssonar & Co., Akranesi, mun vera myndmerki með orðinu „Hekla", á ensku „Hekla Brand". Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að Haraldur Böðvarsson & Co. notaði vörumerki þetta með leyfi stefnanda.

Því er ómótmælt haldið fram að hálfu lögmanns stefnda, að um áratuga skeið hafi verið starfandi í Reykjavík hótel undir nafninu Hótel Hekla. Einnig hafi að jafnaði eitt af skipum Skipaútgerðar ríkisins borið nafnið Hekla og enn fremur hafi um tíma ein af flugvélum Loftleiða borið nafnið Hekla. Jafnframt hafi starfað um áratuga skeið og starfi enn í Grimsby á Englandi umsýslu-

fyrirtæki á sviði út- og innflutnings- og heildverslunar undir nafninu Hekla.

Í júlí 1925 hafi vörumerki Gosdrykkjaverksmiðjunnar Heklu í Reykjavík verið skrásett, en það sé myndmerki af spúandi eldfjalli, Heklu.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þykir fullvíst, að þegar stefnandi fékk skrásett firmanafn sitt „Heildverslunin Hekla h.f." hinn 12. ágúst 1942, hafi ýmsir aðiljar notað orðið Hekla í sambandi við ýmiss konar rekstur.

Hinn 6. ágúst 1947 fékk Fataverksmiðjan Hekla á Akureyri skrásett vörumerki, sem mun vera myndmerki með orðinu Hekla og notað á framleiðsluvörur fataverksmiðjunnar.

Þá er Heildverslunin Hekla h/f fékk orðið HEKLA skráð sem vörumerki 29. desember 1965, hafa því að minnsta kosti verið skrásett hér á landi tvö vörumerki með mynd af eldfjalli og orðinu Hekla. Samkvæmt dskj. nr. 5 er vörumerki stefnanda orðið HEKLA, en ekki er í merkinu önnur mynd.

Hin tvö vörumerkin með orðinu Hekla, sem skrásett höfðu verið löngu á undan vörumerki stefnanda, hafa bæði mynd af eldfjalli. Þegar litið er til orsðins Hekla, þá er það fyrst og fremst þekkt sem nafn á frægasta fjalli Íslands. Í íslenskri orðabók handa skólum og almenningi, útgefinni af Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Reykjavík, 1963, stendur svo um orðið hekla, kápa (ermalaus) með áfastri hettu. Í Íslandsk-Dansk ordbog Sigfúsar Blöndals stendur svo hekla, Kappe (með Hætte), sérnafn Vulkanen Hekla, Hekla, Hekkenfjæld, saaledes kaldt paa Grund af Snekappen paa dens Top. Það að nota orðið hekla yfir kápu mun fátítt, og mun óhætt að fullyrða, að þá er fólk heyrir orðið hekla, þá komi því fyrst og fremst í hug nafn frægasta fjalls landsins.

En öruggt er, að orðið HEKLA, er ekki búið til af stefnanda.

Samkvæmt dskj. nr. 4 er tilgangur stefnda: „að vinna vikur og önnur jarðefni á Íslandi, iðnaður úr þeim efnum, útflutningur á efnunum og framleiðslu úr þeim og annar skyldur atvinnurekstur svo og lánastarfsemi". Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framleiðsluvörum stefnda sé fyrst og fremst ætlaður markaður erlendis. En vikur sá, sem stefndi vinni vörur sínar úr, sé runninn frá eldfjallinu Heklu. Hið erlenda heiti stefnda sé Hekla Pumex Ltd., en enska orðið yfir vikur er pumice. Starfsemi stefnda er þannig gefin til kynna í firmanafninu Hekluvikur.

Við niðurstöðu máls þessa verður lagt til grundvallar, að orðið

Hekla er hvorki búið til af stefnanda né nafn á fasteign stefnanda, heldur eitt þekktasta staðarheiti landsins. Þá er stefnandi fékk firma sitt Hekla h/f skrásett, höfðu margir notað Heklunafnið lengi í sambandi við ýmiss konar starfsemi. Þá er Heildverslunin Hekla h/f fékk vörumerkið HEKLA skrásett, höfðu þegar verið skrásett tvö vörumerki með heitinu Hekla. Vörumerki stefnanda HEKLA er ekki skráð yfir vikur eða skyldar vörutegundir, sbr. 19. vöruflokk reglugerðar nr. 1 frá 1969.

Fyrirtæki stefnanda og fyrirtæki stefnda vinna sitt á hvoru starfssviði. Starfsemi stefnda er auðkennd í firma hans.

Af því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki á það fallist að stefnandi hafi með skrásetningu firma síns Hekla h/f eða vörumerkisins HEKLA öðlast þann einkarétt til notkunar nafnsins Hekla, að stefnda sé óheimilt að nota orðið Hekla sem hluta af firma sínu.

Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Arnalds ráðuneytisstjóra og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hekluvikur, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Heklu h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. október 1974.

Nr. 61/1973: **Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Guðmundi Breiðfjörð Péturssyni
(Tómas Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1973. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

Í 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings stéttarfélaga stefnda og áfrýjanda er skýrt ákvæði um fjárhæð kaups í veikindatilfellum, þegar 2. stýrimaður hefur starfað hjá útgerðarfélagi þrjá mánuði. Þetta ákvæði gildir um þau lögskipti aðilja, sem málið fjallar um, enda girða ákvæði 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 eigi fyrir, að þessu kjarasamningsákvæði verði beitt í málinu.

Áfrýjandi hefur greitt stefnda kr. 65.840.00. Ekki er vefengt, að þessi fjárhæð samsvari kaupi í þrjá mánuði samkvæmt 8. gr. kjarasamningsins. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að verulegur dráttur hefur orðið á málinu fyrir héraðsdómi.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Breiðfjörðs Péturssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 16. febrúar 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. febrúar 1973, hefur Guðmundur Breiðfjörð Pétursson stýrimaður, Stangarholti 32, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 28. september 1970, gegn Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness h/f til greiðslu kaups að upphæð kr. 119.910.00 með 7% ársvöxtum frá 22. júlí 1970 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 54.070.00, en hélt að öðru leyti við gerðar dómkröfur.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi, sem var 2. stýrimaður á b/v Víkingi, AK 100, eign stefnda, veiktist 17. apríl 1970 og var frá vinnu af þeim sökum í rétta þrjá mánuði, eða til 18. júlí sama ár, að hann byrjaði vinnu aftur á skipinu.

Telur stefnandi, að sér beri kaup samkvæmt 18. gr. sjómannalaga, eða í tvo mánuði, úr hendi stefnda og eigi það að miðast við aflahlut þeirra manna, sem gegndu starfinu í veikindaforföllum hans.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar málavaxtalýsingu í stefnu, og kvað hann þar vera rétt frá greint, en þó með þeirri athugasemd, að hann hafi veikst, á meðan skipið hafi verið úti á sjó, og farið til læknis, þegar komið hafi verið í höfn þann 17. apríl, og hafi læknirinn ráðlagt sér að fara til sérfræðings í hjartarannsókn, en áður en til þess kæmi, kvaðst stefnandi hafa fengið hjartakast og verið lagður inn á spítala þann 19. apríl. Kvaðst hann hafa legið á spítalanum réttan mánuð. Síðan kvaðst stefnandi hafa verið heima hjá sér, en verið bannað að vinna og hafi hann verið frá vinnu af þessum sökum í rétta þrjá mánuði, en þá kvaðst hann hafa farið á skipið aftur. Stefnandi staðfesti, að hann hafi verið 2. stýrimaður á Víkingi, AK 100, áður en hann veiktist. Stefnandi kvað það hafa verið samkvæmt læknisráði, að hann fór ekki út aftur með skipinu, fyrr en að liðnum þremur mánuðum frá því, að hann veiktist.

Í bréfi stefnda, Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness h/f, á dskj. nr. 10 komu meðal annars fram þær upplýsingar, að veikindakaup stefnanda hafi frá 18. apríl til 18. júlí 1970 verið samtals kr. 65.840.00. Enn fremur að stefnandi hafi verið í þjón-

ustu stefnda, frá því er skipið (b/v Víkingur) var keyptur til landsins í október 1960, með eðlilegum frávikum og loks að ekki sé ástæða, að áliti stefnda, að vefengja veikindi stefnanda.

Er stefnandi kom fyrir dóm í málinu, staðfesti hann, að rétt væri frá greint í framangreindu dómsskjali nr. 10 um veikindakaup það, sem hann hefði fengið greitt hjá stefnda, svo og hversu lengi hann hefði verið í þjónustu hans.

Í málinu liggur fyrir uppgjör við þá menn, sem gegndu starfi stefnanda á tímabilinu frá 18. apríl 1970 til 22. júní sama ár, og nema greiðslur til þeirra á umræddu tímabili samtals kr. 119.910.00, eða stefnufjárhæðinni, þ. e. aflahlutur, kaup, orlof og aðrar greiðslur.

Krafa stefnanda er reist á þágildandi kjarasamningi aðilja og 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, en samkvæmt þeirri grein á stýrimaður rétt til kaups í tvo mánuði, ef hann verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur. Samkvæmt því, sem fram kemur í stefnu, byggir stefnandi á því, að orðið kaup eigi við aflahlut, þegar á þann veg er samið, eins og um er að ræða í því tilviki, sem hér um ræðir.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi þegar fengið greitt allt það veikindakaup, er hann átti rétt til úr hendi stefnda vegna þeirra veikinda, er dómsskjal nr. 4 greinir, sem hann ekki mótmælir. Stefndi vefengir ekki rétt stefnanda til kaups samkvæmt 18. gr. sjómannalaga, en þar sé samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar stýrimanni áskilinn réttur til tveggja mánaða kaups í veikindatilfellum. Hins vegar séu bein ákvæði í kjarasamningi milli aðilja, dags. 20. júní 1969, þar sem í 8. gr. þessa samnings segi: „Eftir að skip hefur legið tvo sólarhringa í innlendri eða erlendri höfn, og 2. stýrimaður vinnur við skipið, skulu laun hans vera kr. 568.70 á dag hvern, sem skipið liggur í höfn miðað við 8 stunda vinnu hvern virkan dag að meðaltali, að viðbættum fæðispeningum.“ Í 11. gr. sama kjarasamnings segi, að veikist eða slasist 2. stýrimaður, skuli útgerðarfélag greiða honum laun samkvæmt 8. gr. þess samnings þann tíma, sem hann er frá starfi. Stefnanda hafi verið greitt kaup í samræmi við þessi ákvæði kjarasamningsins og því eigi hann ekki frekari kröfur á hendur stefnda. Þar að auki sé krafa stefnanda, miðað við aflahlut, eigi í samræmi við veikindatímabil hans.

Stefnandi var ráðinn á skipið upp á aflahlut, og ber því að miða kaup hans við það. Á tímabili því, sem hann var óvinnufær vegna

veikinda sinna, nam aflahlutur 2. stýrimanns kr. 111. 546.00 í þá tvo mánuði, sem hann á rétt til veikindakaups samkvæmt sjómannalögum og krafa hans er á byggð. Upp í þá fjárhæð hefur hann þegar fengið greiddar frá stefnda kr. 65.840.00, mismuninn, kr. 45.706.00, þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda ásamt vöxtum, eins og krafist er í stefnu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Emil Ágústssyni borgardómara og Kristjáni Aðalsteinssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Breiðfjörð Péturssyni, kr. 45.706.00 með 7% ársvöxtum frá 22. júlí 1970 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1974.

Nr. 109/1973: **Davíð Sigurðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Málmi h/f og gagnsök
(Jón Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. júlí 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum 1.277.998.00 með 8% ársvöxtum frá 23. október 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 8. október 1974.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 4. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1973. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, varð slys það, sem um er fjallað í málinu, 23. október 1969. Engir sjónarvottar voru að slysinu, og er aðaláfrýjandi einn til frásagnar um atvik. Í umrætt sinn varð rafmagnsbilun í verksmiðju gagnáfrýjanda. Þegar gert hafði verið við bilunina, hugðist aðaláfrýjandi, sem unnið hafði í verksmiðjunni um hálfs árs skeið, setja naglagerðarvél í gang. Gerði hann það með því að þrýsta

á ræsirofa og taka um leið í kasthjól á vélinni til að létta gangsetninguna. Þá spýttist nagli úr vélinni og í vinstra auga hans. Aðaláfrýjandi bar ekki hlífðargleraugu eða annan hlífðarbúnað í umrætt sinn.

Sveinbjörn Albert Magnússon, sem var starfsmaður í verksmiðjunni og hafði starfað þar um tveggja og hálfs árs skeið, er slysið varð, telur nagla stundum hafa kastast upp úr vélum, þegar verið var að ræsa eða stöðva þær, en naglar þessir hafi ekki farið með miklum hraða og tæpast getað skaðað nokkurn mann. Þetta hafi verið í eina skiptið, sem hann viti til, að nagli hafi spýst frá vélinni. Sveinbjörn telur, að þurft hafi að taka í kasthjól vélarinnar til að létta gangsetningu, um leið og þrýst var á ræsirofann. Hann hafi kennt aðaláfrýjanda að vinna við vélarnar.

Jón Hannesson, sem kveðst hafa starfað við vél þá, er hér um ræðir, öðru hverju um nokkurra ára skeið, hefur lýst því, að hann ræsi vélina þannig, að hann þrýsti á ræsirofann, en taki ekki í kasthjólið. Jón hefur skýrt svo frá, að nagli, sem spýtist úr vélinni, „hafi takmarkað svæði, sem kalla mætti hættusvæði". Engin hætta stafi af vélinni, „nema lotið sé fram yfir hana við gangsetningu eða stöðvun".

Naglavél sú, sem aðaláfrýjandi vann við, er slysið varð, var skoðuð af eftirlitsmanni Öryggiseftirlits ríkisins eftir slysið. Segir í umsögn hans, sem dagsett er 28. október 1969, að staðsetning vélarinnar á vinnusvæðinu sé ágæt. Allerfitt sé að koma fyrir hlíf til „varnar naglakasti slíku, sem orsakaði slys þetta".

Þegar litið er til atvika slyss þessa, verður að telja, að gagnáfrýjandi hafi eigi gætt þess, að nauðsyn bar til, að starfsmenn hans bæru hlífðargleraugu eða andlitshlífar, er þeir störfuðu við gangsetningu naglagerðarvélar þessarar, og ósannað, að slík tæki hafi verið til afnota í verksmiðjunni á þessum tíma. Þá verður að telja það óvarlega vinnuaðferð að taka í kasthjól vélarinnar, um leið og hún var ræst, svo sem aðaláfrýjandi gerði og virðist hafa verið kennt. Að svo vöxnu máli þykir verða að leggja á gagnáfrýjanda alla fébótaábyrgð á tjóni aðaláfrýjanda af slysi þessu.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar aðaláfrýjandi kröfur sínar þannig:

1. Örorkubætur	kr.	1.264.025.00
2. Miskabætur	—	260.000.00
3. Útlagt fé	—	33.193.00
	Kr.	1.557.218.00
÷ Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	—	279.220.00
	Kr.	1.277.998.00

Um 1. Stefán Guðnason tryggingayfirlæknir mat örorku aðaláfrýjanda vegna slyss þessa 12. desember 1970. Taldi hann, að örorka aðaláfrýjanda hefði verið 100% frá slysdegi til nóvemberloka 1970, en eftir það varanleg örorka 20%.

Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hefur síðast hinn 4. september 1972 reiknað með líkindatölum örorkutjón aðaláfrýjanda miðað við slysdag. Séu tekjur aðaláfrýjanda árið 1969 lagðar til grundvallar, telst tryggingastærðfræðingnum til, að tjón aðaláfrýjanda vegna tímabundinnar örorku nemi kr. 95.591.00 og tjón hans vegna varanlegrar örorku kr. 313.106.00. Sé hins vegar miðað við dagvinnutekjur iðnverkamanna séu samsvarandi fjárhæðir kr. 172.276.00 og kr. 564.288.00, en kr. 317.452.00 og kr. 1.113.439.00, sé miðað við algengar verkamannatekjur. Er hér reiknað með 7% ársvöxtum, en ekki tekið tillit til lífeyrisréttinda.

Samkvæmt gögnum málsins námu framtaldar vinnutekjur aðaláfrýjanda árið 1965 kr. 19.330.00, árið 1966 taldi hann engar tekjur fram, árið 1967 taldi hann vinnutekjur sínar kr. 37.400.00, árið 1968 kr. 51.438.00 og árið 1969 kr. 75.834.00. Ekki hafa komið fram fullnægjandi gögn um vinnutekjur aðaláfrýjanda eftir slysið.

Þegar til alls þessa er litið og annars þess, er hér skiptir máli, þykja bætur til aðaláfrýjanda samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 250.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2. Eftir atvikum þykir mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms, að því er varðar fjárhæð þessa kröfuliðs.

Um 3. Aðaláfrýjandi hefur lagt fram gögn fyrir útlögðu fé, kr. 20.803.00. Gegn andmælum gagnáfrýjanda verður þessi liður eigi tekinn til greina með hærri fjárhæð.

Samkvæmt þessu verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 345.803.00 (250.000 + 75.000 + 20.803) með 8% ársvöxtum frá slysdegi 23. október 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en vaxtahæð hefur eigi sætt andmælum.

Þá ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða kr. 90.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti og renni fé það í ríkissjóð.

Hinn 17. apríl 1973 var að kröfu aðaláfrýjanda gert löghald í „fasteignum Málms h.f." til tryggingar skaðabótagreiðslum, sem um er fjallað í máli þessu. Staðfestingarmál vegna löghalds þessa var höfðað með stefnu 17. apríl 1974 og sameinað aðalmálinu. Samkvæmt gögnum málsins var fasteign sú, sem kyrrsett var, seld á nauðungaruppboði 13. júní 1974, án þess að nokkurt fé kæmi sem andlag löghaldsins. Hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að löghaldið sé þar með niður fallið, og gera þeir engar kröfur vegna löghaldsgerðarinnar.

Aðaláfrýjandi fékk upphaflega gjafsókn í héraði í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins 18. mars 1971, og var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður þá skipaður talsmaður hans. Hafði hann á hendi gagnaöflun og sókn málsins í héraði. Dómur var kveðinn upp í málinu 23. maí 1972. Eigi voru í dóminum ákveðin laun hins skipaða talsmanns, svo sem skylt er. Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns aðaláfrýjanda hér fyrir dómi voru talsmanninum greiddar kr. 39.000.00 úr ríkissjóði í málflutningslaun fyrir þennan þátt málsins. Þykir mega láta þá fjárhæð óbreytta standa. Héraðsdómurinn frá 23. maí 1972 var ómerktur með dómi Hæstaréttar 23. febrúar 1973. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. apríl 1973 var Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður að eigin ósk leystur frá talsmannsstarfi sínu og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður

skipaður til að fara með málið í héraði fyrir aðaláfrýjanda, og hann hefur einnig verið skipaður talsmaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framangreindu ber að greiða allan gjafsóknarkostnað máls þessa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr ríkissjóði, þar sem talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðaláfrýjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 39.000.00, og Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Héraðsdómari hefur eigi kveðið á um málflutningslaun skipaðra talsmanna aðaláfrýjanda í héraði, sbr. 3. tl. 173. gr. og 2. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936. Í héraðsdómi eru ummæli sem varða dóm Hæstaréttar 23. febrúar 1973 í málinu nr. 104/1972. Eru þau með öllu óviðkomandi úrlausn máls þessa og óviðurkvæmileg.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Málmur h/f, greiði aðaláfrýjanda, Davíð Sigurðssyni, kr. 345.803.00 með 8% ársvöxtum frá 23. október 1969 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 90.000.00, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðaláfrýjanda, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 39.000.00, og Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 12. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl s.l. að loknum munnlegum málflutningi, var þingfest að nýju 17. apríl s.l., en var upprunalega höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu af Davíð Sigurðs-

syni verkamanni, Blönduósi, með stefnu, útgefinni 23. maí 1971, gegn Málmi h/f. Dómur gekk í því máli 23. maí 1972. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstréttar, og gekk dómur 23. febrúar 1973. Var málinu heim vísað á þeirri forsendu, að of langur tími hafi liðið frá dómtöku til dómsuppsagnar. Virðist nokkuð langt sótt hjá æðsta dómstól þjóðarinnar að draga efnisúrslit máls vegna formgalla, sem virðist vera smávægilegur, því ekki hefði þurft að bóka annað en dómsuppsögn hefði dregist vegna embættisanna, a. m. k. hafa dómar staðist, ef svo hefur verið gert. Nægja hefði átt að gera athugasemd við þetta atriði, eins og gert var við tvö önnur atriði dómsins. Dómarar og lögmenn hafa ekki gagnrýnt Hæstarétt, þótt oft hafi gefist ástæða, vegna þess að hann verður að njóta trausts. Virðulegir hæstaréttardómarar verða einnig að gæta hófs. Þjóðin ætlast til þess, að þeir dæmi fyrst og fremst efnislega, en leiki sér ekki að því að vísa heim málum vegna formgalla, nema um raunverulega formgalla sé að ræða, t. d. rangur aðili höfði málið. Gott er að hafa hugfast, að verði formið tekið fram yfir efnið, er frjórri hugsun hætt og Hæstiréttur verður ekki sá sköpunaraðili í réttarkerfi landsmanna, sem hann á að vera.

Ósk hafði komið fram um framlagningu nýrra gagna og vitnaleiðslur, og var orðið við henni.

Þá hafði lögmaður stefnanda krafist löghalds í eignum stefnda og það löghald gert. Með stefnu, útgefinni 17. apríl, höfðaði svo lögmaður stefnanda staðfestingarmál, og var það þingfest sama dag. Á dómþingi 30. apríl ákvað dómarinn að sameina löghaldsmálið aðalmálinu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi, Málmur h/f, verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, samtals að upphæð kr. 1.277.998.00 auk 8% ársvaxta frá 23. október 1969 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldsgerðinni í eignum Málms h/f.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Til vara gerir hann þær kröfur, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Stefnandi málsins, Davíð Sigurðsson, var fastur starfsmaður hjá Málmi h/f í naglaverksmiðju fyrirtækisins hér á Blönduósi. Vann hann við naglavélarnar hinn 23. október 1969. Vann hann að venju

við vélarnar, en hann og annar maður, Jóhannes Þórðarson, voru þá einu starfsmenn í verksmiðjunni. Aðalmaðurinn í verksmiðjunni og óskráður verkstjóri, eins og stjórnarformaður fyrirtækisins kallar hann, Sveinbjörn Magnússon, var þennan dag forfallaður vegna veikinda. Einhver rafmagnstruflun var, og stöðvuðust vélarnar, og var Sævar Snorrason rafvirki fenginn til þess að líta á bilunina. Hvorugur þessara manna var þó sjónarvottur að slysi því, er stefnandi varð fyrir. Ekki var önnur bilun finnanleg en að öryggi höfðu farið. Þegar svo stefndi, Davíð Sigurðsson, ætlaði að setja vélina í gang aftur, vildi það óhapp til, að nagli hrökk upp úr vélinni og í auga Davíðs með þeim afleiðingum, að augað má heita honum ónýtt, og var hann frá vinnu um langan tíma á eftir, eins og síðar verður getið.

Um þessa atvikalýsingu eru aðiljar í höfuðdráttum sammála. Í vitnaleiðslu, sem fram fór 3. mars s.l., kom fram hjá vitninu Sveinbirni Magnússyni, sem hafði unnið hjá fyrirtækinu nokkuð langan tíma, og einnig fram hjá stefnanda, Davíð Sigurðssyni, að vélin eða vélarnar urðu eiginlega ekki settar í gang nema á einn veg, það er að starfsmaðurinn hjálpaði til með því að ýta á kasthjólið og teygði sig um leið í hnapp, sem ræsti vélina. Og þannig fór stefnandi að í þetta sinn, þannig að viðbrögð hans við gangsetningu voru eðlileg á allan hátt miðað við það, sem hann hafði lært og við gekkst og raunar eina færa leiðin til þess að setja vélina í gang, að sögn vitnisins Sveinbjarnar Magnússonar.

Það kemur fram af gögnum málsins, að vélarnar hafi verið og hafi átt að vera hlífðarlausar og vart verið viðkomið hlífum á þeim og alls öryggis gætt eða þess öryggis, sem krafist er af þessum vélum samkvæmt skýrslu til Öryggiseftirlits ríkisins.

Lagðar voru fram ljósmyndir af vélunum og teikningar (á dómsskj. 26—29 og 30—31), sem sýna áttu hættusvæði vélarinnar. Svo og benti Jón Hannesson, sem er meðstjórnandi í stjórn Málms h/f, á, þegar dómari og lögmenn fóru á vettvang, að hætta er ekki til staðar, eða a. m. k. mörgum sinnum minni, ef vélin er sett í gang á þann veg, sem hann gerði, þ. e. aðeins að ræsa rafmótorinn með því að þrýsta á ræsihnapp í stað þess að hjálpa vélinni einnig til með því að ýta á kasthjólið. Sé hún hins vegar sett í gang með því að ýta á kasthjólið, eins og stefnandi, Davíð, gerði, þá bjóði hann hættunni heim með því að lúta yfir vélina. Enda hafi naglinn farið í vinstra augað og því bersýnilegt, hvernig hann hefði sett vélina af stað. Mjög er sennilegt, að þessi fullyrðing Jóns Hannessonar fái staðist, en á það ber að líta, að „verk-

stjórinn“ eða sá, sem var óskráður verkstjóri, Sveinbjörn Magnússon, hjálpaði vélinni í gang með því að ýta á kasthjólið, og hann kenndi stefnanda á vélina, en aðra þjálfun í meðferð vélanna hlaut hann ekki. Athugulum manni hefði því átt að vera ljós hættan, sérstaklega vegna þess að fram kemur hjá stefnanda, að komið hafi fyrir, að naglar hafi spýst úr vélinni.

Ekki hafði stefnandi neinar öryggishlífar, nema til voru eyrnahlífar. En ekki hlífar til þess að hlífa andlitinu eða augunum. Telja vitnin Sveinbjörn Magnússon og Jón Hannesson, að erfitt sé að vinna með andlitshlífar, vegna þess að nauðsyn sé að hafa heyrnarhlífar og komið sé þá svo mikið á höfuðið, að það geri þeim erfitt um vik.

Þá hefur stefndi lagt fram mynd af nýrri naglavél, en þessar naglavélar, sem Málmur h/f á, eru orðnar nokkuð gamlar, og á þessari nýju naglavél er ekki hægt að sjá neinar hlífar, og virðist hún í fljótu bragði líkjast mjög þessum gömlu naglavélum að öllum frágangi.

Það virðist víst svo, að aðbúnaður allur hafi verið í góðu lagi og þetta slys sé ekki hægt að rekja beint til vanbúnaðar af hálfu vinnuveitanda. Né heldur er hægt að kenna um vanrækslu eða klaufaskap starfsmanns, því hann ræsti vélina á þann hátt sem honum hafði verið kennt, nema þá helst því að hafa ekki hreinsað naglann úr vélinni, áður en hann ræsti hana, en ósannað er, að honum hafi verið kennt að gera það.

Skaðabótaskylda atvinnurekanda eða húsbónda er því ekki fyrir hendi sökum vanbúnaðar á nokkurn hátt né heldur verður um hana að ræða vegna mistaka af hendi starfsmanna hans. Ekki verður heldur séð, að þessi starfsgrein sé hættuleg í sjálfu sér, getur því skaðabótaskylda ekki byggst á þeirri forsendu. Háttsemi og framferði starfsmannsins, stefnanda, virðist einnig í einu og öllu hafa verið óaðfinnanleg. Hér er því um að ræða óhappatilviljun. En naglinn, sem meiðslunum olli, spýttist úr naglavélinni, um það er ekki deilt. Þessi möguleiki er því til, að naglavélarnar geti verið hættulegar, þótt þær hafi ekki verið taldar það. Þykir því rétt að leggja skaðabótaskylduna á herðar Málmi h/f, þar sem ekki er grundvöllur fyrir sakarskiptingu, þegar af þeirri ástæðu, að ekki verður séð, að um sök hjá aðiljum hafi verið að ræða. Verður því sú varavarnarástæða stefnda ekki tekin til greina við ákvörðun bóta fyrir vinnutjón, en höfð til hliðsjónar við ákvörðun um miskabætur.

Dómarinn lítur svo á, að stefnda, Málmi h/f, beri að bæta stefnanda tjón hans að verulegu leyti.

Kröfur stefnanda eru þríþættar: 1. missir atvinnutekna, 2. miskabætur fyrir þjáningar og lýti, 3. útlagður kostnaður.

1. Samkvæmt örorkumati Stefáns Guðnasonar tryggingayfirlæknis, dags. 12. desember 1970, er örorka stefnanda metin 100% frá slysadegi 23. október 1969 til 30. nóvember 1970 og síðan 20% varanleg örorka. Svona útfærsla á örorkubótum mun vera samkvæmt venjum Tryggingastofnunar ríkisins. Annað hvort er sá slasaði vinnufær eður eigi, en rökrétt er það ekki, þótt ekki verði farið nánar út í það, enda örorkumatið ekki vefengt.

Guðjón Hansen, cand. act., hefur reiknað út vinnutjón stefnanda samkvæmt þessu örorkumati. Stefnandi virðist hafa haft mjög litlar tekjur næstu árin á undan, svo erfitt hefur reynst að meta tjón hans, en venja er að taka að jafnaði 3 næstu árin á undan. Tryggingafræðingurinn hefur tekið 3 valkosti: A miðað við vinnutekjur stefnanda árið 1969, B miðað við dagvinnutekjur iðnverkamanns og C miðað við algengar tekjur verkamanna.

Tekjur manna eru einstaklingsbundnar, þess vegna er eðlilegt að miðað sé við tekjur stefnanda þrjú síðustu ár, en dómari getur fallist á, að í þessu tilviki verði miðað við árið 1969, enda útreikningum ekki mótmælt af gagnaðilja og tjónið metið samkvæmt því, eða eftir grundvelli A.

Lögmaður stefnanda hélt því fram við munnlegan málflutning, að miða bæri við ástandið eins og það var á slysdegi, og vefengdi hann útreikninga tryggingafræðingsins eða réttara sagt grundvöll útreikninganna.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir kaup stefnanda á slysdegi, en árið 1969 er tekið til viðmiðunar eitt sér, en ekki þrjú ár aftur í tímann, eins og venja er, og er það stefnanda í hag, en svo virðist sem heilsa hans hafi ekki verið nægilega góð, og kann það að hafa haft áhrif á teknamöguleika hans, en ekki er hægt að taka það til greina við útreikning vinnutjóns, sem vinnuveitandi kann að eiga að greiða. Svo þarna er komið til móts við sjónarmið lögmannsins. Á hitt sjónarmiðið getur dómarinn ekki fallist, að ekki beri að leggja til grundvallar útreikninga tryggingafræðingsins til ákvörðunar bóta. Slíkt hefur verið dómvenja, og mun dómarinn fylgja þeirri venju. Allverulegar verðlagsbreytingar hafa orðið, síðan slysið varð, og þess vegna hefur tryggingafræðingurinn, Guðjón Hansen, verið fenginn til þess að umreikna tjón stefnanda miðað við breyttar aðstæður.

Tryggingafræðingurinn metur lífeyrisréttindi, þau er vinnuveitandinn greiðir, til fjár og telur þau 6%. Dómarinn fellst ekki á þetta sjónarmið, vegna þess að hluti launagreiðandans til lífeyrissjóðsins fellur til lífeyrissjóðsins, ef launþeginn fær inneign sína greidda út, en ekki til launþegans. Nú og næstu ár mun stefnandi vafalítið greiða í þennan lífeyrissjóð, og ef honum endist líf og heilsa, fær hann hámark út úr sjóðnum við 67 ára aldur án tillits til greiðsluupphæðar í sjóðinn, ef aðeins hann hefur unnið allan tímann sem verkamaður, þegar vinnu var að fá. Verður því ekki tekið tillit til lífeyrisgreiðslna vinnuveitanda við útreikning bóta. Samkvæmt endurmetnu örorkutjóni (dómsskj. nr. 18) metur tryggingafræðingurinn tjón stefnanda vegna tímabundins örorkutaps til 30. nóvember 1970 kr. 95.591.00 og vegna varanlegrar örorku kr. 313.106.00, eða samtals kr. 408.697.00. Frá þessum bótum dragast slysabætur Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 279.220.00, eða tjón stefnanda verður þá kr. 129.477.00, sem rétt er, að stefndi, Málmur h/f, greiði stefnanda með 8% vöxtum frá 1. janúar 1970. Er þá tekið tillit til jafngreiðslna slysabóta, en ekki er hægt að miða við slysdag, þegar af þeim ástæðum að stefnandi fær kaup greitt í viku frá slysi samkvæmt kjarasamningum.

2. Miskabætur. Slíkar bætur verða alltaf álitamál. Auðvitað fylgir svona áverka þjáningar og óþægindi. Lýti vegna þessa slyss verða, sem betur fer, ekki varanleg. Í örorkumati á fskj. nr. 7 er vitnað í vottorð Gissurar Péturssonar, augnlæknis á Akureyri, dags. 26. maí 1970:

„Horfur augans: Eins og er hefur sjúklingurinn ekkert gagn af auganu. Markmiðið, sem nú er stefnt að, er að lægja bólguna, sem er með auganu hið innra. Ef það tækist og halda mætti því bólgufríu upp frá því, er möguleiki á því, að með aðgerð mætti fjarlægja augasteininn og eftirstandandi lithimnuleifar, og þá mætti ef til vill með linsu á hornhimnu (contact lens) með áteiknaðri lithimnu, gefa honum nothæfa sjón á auganu, sem yrði honum a. m. k. mikils virði, t. d. í því tilfelli, að eitthvað kæmi fyrir hægra augað og það yrði honum gagnslaust. Ef ekki tekst að lægja bólguna í auganu og hún verður alveg chronisk, hlýtur augað að eyðileggjast fyrr eða síðar. Einnig er alltaf möguleiki á sjónhimnulosi í svona útleiknu auga, og gæti það átt sér stað eftir eitt, tvö eða fleiri ár, um slíkt verður ekkert sagt með vissu. Einnig er góður möguleiki á því, að þótt bólgan verði yfirunnin, geti hvenær sem er þar eftir hafist gláka í auganu. Nema því aðeins, að áðurgreind aðgerð verði framkvæmd, verður augað honum alveg

gagnslaust, og jafnvel þótt sú aðgerð tækist með ágætum, verður augað aldrei hálfdrættingur á við það heilbrigða, þótt um notagildi þess verði ekkert fullyrt á þessu stigi.

Varðandi höfuðverk þann, sem þjáð hefur sjúklinginn að undanförnu og meðal annars valdið því, að hann hefur orðið óvinnufær, er það mitt álit, að hann standi ekki í beinu sambandi við augað, eins og það nú er eða hefur verið frá áramótum. Hins vegar eru líkur fyrir því, að augnaskaðinn sé óbeinlínis valdur að höfuðverknum eða þáttur í honum, en sjúklingurinn er í eðli sínu taugaóstyrkur og reykir mikið, og kom þetta glöggt fram við hans sjúkrahúslegu. Hann hlaut í bernsku höfuðáverka, sem m. a. leiddi til rannsóknar í ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn, og kann þetta að vera tengt. Sjúklingi var ráðlagt að leita tauga- og geðsjúkdómasérfræðings, Kristjáns Þorvarðssonar læknis í Reykjavík, vegna síns höfuðverkjar, en hann hafði með sjúklinginn að gera í sambandi við áðurgreindan höfuðáverka."

Og síðan vitnað í vottorð Kristjáns Þorvarðssonar læknis, Reykjavík, dags. 5. júní 1970:

„Davíð Sigurðsson, f. 12. 9. 1937, til heimilis á Blönduósi, hefir verið hjá mér til athugunar síðan 28. sl. (sic) vegna afleiðinga af áverka á auga hans, er hann hlaut 23. okt. s.l. Síðan hefur hann ekki getað unnið vegna stöðugs höfuðverkjar, sem hann segir, að hafi ágerst mjög við áreynslu og kulda. Auk þess hefir hann orðið mjög skapillur og geðstirður á heimili, og hefur hann þess vegna leitað til mín sem tauga- og geðlæknis.

Ég tel, að höfuðverkurinn geti hæglega verið vefrænn (angiospastiskur), en auk þess blandast psykagenar orsakir, áhyggjur um fjárhagslega afkomu vegna fjölskyldunnar. Hann er því haldinn psykaneuroteskri depression. Ég hef gefið honum stemetil og valium, og er hann nú betri, höfuðverkurinn minni, en ég tel ekki, að hann sé fær til vinnu enn og of snemmt að gera tilraun til vinnu. Hann mun leita mín síðar, ef ástandið ekki batnar að fullu."

Eins og fram kemur í mati Guðjóns Hansens, cand. act., á fskj. 8, voru tekjur stefnanda sáralitlar, vegna þess að hann hefur lítið unnið næstu árin fyrir slysið. Eru líkur fyrir því, að heilsa hans hafi ekki verið í fullkomnu lagi fyrir slysið, svo hann hafi ekki af þeim sökum getað aflað tekna sem aðrir menn.

Vitnið Valur Snorrason kom fyrir dómþing 30. apríl, en undir hans stjórn hefur stefnandi unnið mikinn hluta ársins 1972 og það, sem af er 1973. Telur vitnið stefnanda ágætan starfsmann og ekki

verði séð, að áverkinn á auganu, þ. e. að stefnandi hefur aðeins annað augað, hafi hamlað honum vinnu, sem m. a. var málningarvinna. Að vísu hafi stefnandi stundum kvartað um þreytu eða verk í auganu, en ósannað er, að verkur sá stafi eingöngu frá hinu eyðilagða auga, sbr. vottorð Gissurar Péturssonar, augnlæknis á Akureyri (á dómsskj. 7, bls. 3). Stefnandi virðist því hafa náð sér vel.

Í sjálfu sér skiptir ekki máli, hvort sjúkdómur er vefrænn eða á sálinni. Miðað við það, sem áður er fram komið, verður að telja, að stefnandi hafi ekki verið alveg heill heilsu fyrir slysið, og hefur það vafalítið áhrif á líðan hans eftir slysið, þannig að augnamissirinn hefur lagst þyngra á hann en annars. Þegar allar aðstæður eru vegnar og haft í huga, að stefnda er gert að greiða fullt vinnutjón og aðeins eitt ár reiknað aftur, sem er stefnanda mikið hagstæðara, þykir rétt, að hann beri að nokkru þjáningar án bótagreiðslu, og þykja kr. 75.000.00 hæfilegar bætur.

3. Krafa um endurgreiddan kostnað. Stefnandi gerir kröfu um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, kr. 33.193.00. Fylgiskjöl eru fyrir kr. 20.803.00, þar eru m. a. reikningar vegna örorkumats og fyrir útreikninga tryggingafræðings, samtals að upphæð kr. 6.200.00. Svo virðist sem þessi upphæð eigi ekki að fylgja þessum lið, heldur málskostnaði. Einnig er þarna lyfjareikningur, kassakvittun að upphæð kr. 1.771.00 án frekari skýringar, eða t. d. hvort endurgreiðsla hafi fengist frá sjúkrasamlagi. Það vantar yfirlit yfir þennan kostnað, aðeins tíndar saman kvittanir án nánari skýringa.

Í sjálfu sér vefengir dómarinn ekki kostnaðinn, en ekki er hægt gegn mótmælum stefnda að dæma hann til greiðslu alls þessa kostnaðar. Hæfileg greiðsla er metin 14.000.00, en það er nálægt sú upphæð, sem fylgiskjölum er skilað fyrir.

Með stefnu, útgefinni 17. apríl, höfðaði stefnandi mál til staðfestingar löghaldi, sem þann sama dag hafði verið gert í eignum stefnda, Málms h/f. Á dómþingi 30. apríl ákvað dómarinn að sameina mál þetta aðalmálinu. Stefnandi lagði fram umkrafða tryggingu, og löghaldinu hefur ekki verið mótmælt. Ber því að staðfesta það og viðurkenna löghaldsrétt stefnanda.

Þá hefur stefnandi gert kröfu um málskostnað. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 18. mars 1971, er stefnanda veitt gjafsókn í máli þessu, og er það gjafsóknarleyfi endurnýjað með bréfi 7. apríl 1973. Í máli því, sem var vísað heim, var málskostnaður ákveðinn úr hendi stefnda kr. 66.553.00. Við þá upphæð bætist málskostnaður við endurflutning málsins. Málflutningslaunin eru

ákvörðuð með hliðsjón af, að gagnaöflun fór að mestu fram í hið fyrra skipti, og lögmaðurinn flutti málið efnislega fyrir Hæstarétti.

Málskostnaður sundurliðast þannig:

Málflutningslaun	kr.	25.000.00
Ferðalög og dagpeningar	—	31.800.00
Vottorð vegna málssóknar	—	4.500.00
Bankakostnaður vegna löghalds o. fl.	—	2.000.00
Samtals	kr.	63.300.00

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi. Ber ríkissjóði því að greiða nú þegar hinn tildæmda málskostnað, bæði við hinn fyrri málflutning og nú hinn síðari, eða samtals kr. 129.853.00.

Mál þetta var munnlega flutt mánudaginn 30. apríl. Dómur þessi var saminn hinn næsta dag, 1. maí, en vegna anna dómarans við sýslufund Austur-Húnavatnssýslu vannst ekki tími til þess að hreinrita dóminn og innfæra í dómabók fyrr en í dag. Rétt er að taka fram, að aðrir dómar hafa eigi verið uppkveðnir né hefur farið fram annar málflutningur á þessum tíma.

Dómsorð:

Stefndi, Málmur h/f, Blönduósi, greiði stefnanda í skaðabætur kr. 204.477.00 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1970. Þá greiði stefndi kr. 129.853.00 málskostnað. Löghaldið, sem gert var í eign stefnda, Málms h/f, staðfestist. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. október 1974.

Nr. 12/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Stefáni Lárusi Pálssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 30. júlí 1973 svo og á mælingingum ákærða, er hann kveðst hafa gert, eftir að varðskipsmenn höfðu samband við hann. Markaði skólastjórinn á sjóuppdrátt staði varðskipsins og m/b Víðis, AK 63, eftir mælingum þessum. Í álitsgerð hans, dags. 24. september 1974, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 31 staðarákvarðanir varðskipsins Alberts, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 12/1974: Ákæruvaldið gegn Stefáni Lárusi Pálssyni, skipstjóra á m/b Víði, AK-63.

Þess skal getið, að sjókort nr. 40 í mælikvarða 1:250000, sem varðskipsmenn hafa sett staðarákvarðanir sínar út í, er ekki lengur gefið út og því ófáanlegt. Í stað þess hef ég sett staðarákvarðanirnar út í sjókort nr. 31 í mælikvarða 1:300000.

Í sjókortið hef ég dregið fiskveiðimörkin fyrir það svæði, er varðar mál þetta, úr punkti 6 sjóm. í rv. vestur frá Garðskagavita í Malarrifsvita.

Í kortinu eru:

A = staður varðskipsins kl. 1909 h. 30/7 '73. Þá mælist báturinn á stað **a** um 2,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1916. Þá mælist báturinn á stað **b** um 1,8 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
C = staður varðskipsins kl. 1922. Þá mælist báturinn á stað **c** um 1,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
D = staður varðskipsins kl. 1928. Þá mælist báturinn á stað **d** um 1,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.
E = staður varðskipsins kl. 1940 við bátinn. Staður **E** mælist um 1,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Við athugun sérfróðra manna á fjarlægðarmælihæfni ratsjár v/s Alberts í Reykjavíkurhöfn h. 1/8 '73 kom í ljós, að fjarlægðir mældar með ratsjánni reyndust allt að 2% stærri en samsvarandi fjarlægðir í sjókorti. Sé reiknað með ÷ 2% fjarlægðaskekkju, færast allir staðir varðskipsins og bátsins innar miðað við fiskveiðimörkin, mest um 0,4 sjóm. innar (staður **a**), minnst um 0,2 sjóm. innar (staður E við bátinn).

Athuganir sömu manna á gyro-áttavita varðskipsins leiddu í ljós, að miðunarskekkja gæti verið frá 0 allt að ÷ 2°. Sé reiknað með ÷ 2° miðunarskekkju, færist báturinn utar miðað við fiskveiðimörkin, mest 0,2 sjóm. (staður **a**).

Miðað við ÷ 2% fjarlægðarskekkju og ÷ 2° miðunarskekkju ættu mælistaðir bátsins að færast mest um 0,2 sjóm. innar við fyrstu og síðustu mælingu (**a** og **E**).

Að því er snertir mælistaðinn, sem varðskipið notaði til staðarákvarðana, þ. e. Stapafell og Lýsuhyrnu, skal þess getið, að þar er ekki um greinilega afmarkaða punkta að ræða, og matsatriði er, hvaðan frá viðkomandi fjalli á að setja út fjarlægðirnar í sjókortið. Þá eru hornin milli mælistaðanna og um leið milli staðarlínanna fremur lítil, milli 30 og 40°. Má því gera ráð fyrir einhverri ónákvæmni í staðsetningunum af þessum sökum. Ekki er þó ástæða til að ætla, að sú ónákvæmni sé það mikil, að hún hafi úrslitaáhrif miðað við þær fjarlægðir bátsins frá fiskveiðimörkunum, sem mælingarnar sýna.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvörðun skipstjóra bátsins, er hann kveðst hafa gert, eftir að varðskipið hafði samband við hann, staður **Y** í kortinu. Staður **Y** mælist um 0,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna. Athuganir á ratsjá m/b

Víðis í Reykjavíkurhöfn h. 1/8 '73 sýndu fjarlægðarmæliskekkju allt að ÷ 3%. Sé reiknað með þessari skekkju, færist Y um 0,5 sjóm. innar miðað við fiskveiðimörkin."

Samkvæmt gögnum máls, mælingum varðskipsmanna og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á greindum báti á þeim tíma, sem í máli þessu greinir. Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru getur, sbr. nú 2. mgr. 1. gr. laga nr. 102/1973.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. október 1974, segir svo:

„Gullgengi krónunnar var síðast ákveðið 30. apríl 1973, og jafngiltu þá 100 gullkrónur kr. 5.089.50 — fimmþúsundáttatíuogníu 50/100—. Hefur engin breyting orðið á því síðan."

Samkvæmt 2. tl. 11. gr. laga nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 500.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Víðis, AK 63, sbr. nú 3. mgr. 11. gr. laga nr. 102/1973, svo og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Lárus Pálsson, greiði kr. 500.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra

m/b Víðis, AK 63, skulu óröskuð svo og málskostnaðarákvæði hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og skipstjórunum Guðna Jónssyni og Lofti Júlíussyni sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 371/1973: Ákæruvaldið gegn Stefáni Lárusi Pálssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. í gær, gegn Stefáni Lárusi Pálssyni, Deildartúni 10 á Akranesi, fæddum 20. maí 1940 á Gilsá í Suður-Múlasýslu, skipstjóra á vélbátnum Víði, AK 63, „fyrir að hafa gerst sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum og 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum bát mánudagskvöldið 30. júlí 1973 í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. að því er öll framangreind lagaákvæði varðar lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973.

Ákærist því nefndur Stefán Lárus til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. ennfremur lög nr. 81/1952, og 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 30. júlí s.l. var varðskipið Albert á eftirlitsferð í Faxaflóa og kom þá að m/b Víði, AK 63, þar sem hann var að veiðum með botnvörpu. Skipherra varðskipsins var Þorvaldur

Birgir Axelsson, Hraunbæ 38 hér í borg. Segir hann í skýrslu sinni um afskipti varðskipsins af bátnum á þessa leið:

„Kl. 1909 gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 340°	fjarl.	7.0 sml.
Lýsuhyrna		—	25.2 —
Stapafell		—	21.9 —

sem gefur stað bátsins um 1.8 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1916 gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 338°	fjarl.	5.1 sml.
Lýsuhyrna		—	24.0 —
Stapafell		—	20.4 —

sem gefur stað bátsins um 1.7 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1922 gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 335°	fjarl.	3.7 sml.
Lýsuhyrna		—	23.0 —
Stapafell		—	19.1 —

sem gefur stað bátsins um 1.4 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1928 gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 333°	fjarl.	2.2 sml.
Lýsuhyrna		—	22.1 —
Stapafell		—	17.8 —

gefur það stað bátsins um 1.3 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1935 sjást stb. togvírar á bátnum.

Kl. 1939 sést, að báturinn er m/b Víðir, AK-63.

Kl. 1940 gerð eftirfarandi staðarákvörðun við Víði, AK-63.

Lýsuhyrna		fjarl.	21.1 sml.
Stapafell		—	16.3 —

gefur það stað bátsins um 1.3 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka. Samtímis staðarákvörðuninni kallað yfir í bátinn og honum skipað að hífa strax og bíða síðan frekari fyrirmæla frá varðskipinu, sem hélt þá að Gróttu, AK-101.

Kl. 2049 settur út bátur frá varðskipinu til að sækja skipstjórann á Víði. Aðspurður kvaðst hann hafa verið að veiðum, en haldið sig utan fiskveiðitakmarkanna, en kvaðst þó ekki hafa gert neinar staðarákvarðanir, fyrr en varðskipið var við hlið hans. Þá hefði hann mælt með ratsjá í Lýsuhyrnu 21.0 sml. og í Stapa-

fell 16.1 sml. og fengið 84 fm. dýpi. Voru skipstjóranum sýndar mælingar varðskipsins.

Kl. 2112 var skipstjóri fluttur um borð í bát sinn, eftir að ákveðið var samkvæmt fyrirmælum að halda til Reykjavíkur.

Mælingar voru gerðar með K.H. ratsjá og SPERRY gyróáttavita af 1. og 2. stm. undir umsjón skipherra og skráðar niður af loftskeytamanni.

Veður: Kul, skýjað."

Skýrslu þessa hefur skipherrann staðfest fyrir dómi. Var skipherrann við stjórn varðskipsins og framkvæmdi ekki mælingarnar sjálfur, en fylgdist með því, að þær voru skráðar. Voru 15—16 bátar á þessum slóðum.

Hálfdán Henrysson, fyrsti stýrimaður á Albert, Vesturbergi 100, og Arnbjörn Ólafsson, annar stýrimaður á varðskipinu, Hverfisgötu 58, báðir hér í borg, hafa komið fyrir dóm og staðfest efni greindrar skýrslu skipherrans. Gerði Hálfdán allar mælingarnar, en Arnbjörn yfirfór þær og athugaði samtímis.

Ákærði var skipstjóri á m/b Víði, AK 63, í þetta skipti. Hann hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum. Hann hefur hins vegar sagt, að hann hafi staðið í þeirri trú samkvæmt sínum eigin mælingum, að hann væri utan við friðunarlínuna.

Var þetta fyrsta veiðiferð ákærða með m/b Víði, AK 63, og hófst hún frá Akranesi klukkan 1020 greindan dag. Hóf ákærði veiðarnar klukkan 1350 og gerði staðarákvörðun áður. Þá gerði hann staðarákvarðanir af og til, á meðan á toginu stóð. Einnig gerði hann staðarákvörðun, eftir að varðskipið hafði samband við hann. Samkvæmt þeirri staðarákvörðun voru 16.2 sml í Stapafell, 21.7 sml í Lýsuhyrnu og 41 sml í Hafnarfjall. Dýpi á þessum stað var um 85 faðmar. Samkvæmt þessari staðsetningu átti báturinn að vera um 1 sml utan við friðunarlínuna. Ákærði taldi, að hornamælingar varðskipsmanna með radar á svona þröngu horni væru ekki fullkomlega nákvæmar. Þá taldi ákærði, að dýptarmælingar skiptu máli við staðsetningu fiskibáta á þessum slóðum.

Dómurinn kvaddi þá Benedikt Hans Alfonsson stýrimannaskólakennara, Vatnsholti 8 hér í borg, og Harald Sigurðsson deildarverkfræðing, Miðvangi 159 í Hafnarfirði, til að rannsaka ratsjá og gyroáttavita varðskipsins Alberts og ratsjá m/b Víðis, AK 63. Í skýrslu þeirra segir svo um athuganir í varðskipinu: „Athuganir á fjarlægðarmælihæfni ratsjár vs ALBERT leiddu í ljós, að allar mælingar sýndu frávik í þá átt, að mæligildi voru allt að 2%

stærri en sömu fjarlægðir reyndust, er þær voru mældar í sjókorti. Mælingar þessar voru gerðar með notkun „lausa fjarlægðarhringsins." Samanburður á „lausum hring" og „föstum fjarlægðarhringum" sýndu samsvarandi frávik. Ratsjáin starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð.

Athugun á gyroáttavita vs ALBERT leiddi í ljós, að aflestur gráðukvarða gaf einni gráðu hærri aflestur en samsvarandi gildi í sjókorti. Þegar höfð er hliðsjón af mögulegri aflestrarnákvæmni gyrovísunar á ratsjárskerminum, er óvarlegt að áætla hana meiri en ± 1 gráðu. Af framansögðu leiðir, að vísunarskekkja getur orðið allt frá 0 gráðum í 2 gráðum of há."

Um athugun þeirra á ratsjá m/b Víðis, AK 63, segir svo: „Athugun á Decca-RM316 ratsjá m.b. VÍÐIS, AK-63, sýndi frávik allt að 3% í þá átt, að mæld gildi voru stærri en sömu fjarlægðir mældar í sjókorti. Ratsjáin starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð."

Þeir Benedikt Hans og Haraldur komu fyrir dóminn og staðfestu skýrslu sína með eiði. Voru um leið lagðar fyrir þá nokkrar spurningar.

Þeir upplýstu, að mæliskekkja sú, sem fram kæmi á radar varðskipsins, mundi vera ákærða í óhag, ef hún yrði leiðrétt, og hefði hann þá mælst innar í landhelgi, en staðsetning m/b Víðis hefði verið innar í landhelgi, ef mæliskekkjan á radar bátsins hefði verið leiðrétt.

Báðir tóku þeir fram, að mæliskekkjur á radartækjum skipanna væru ekki af meiri stærðargráðu en vænta megi almennt af slíkum tækjum.

Með fimm staðarákvörðunum varðskipsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði fyrir dómi, svo sem frá var greint, þykir þrátt fyrir framburð ákærða sannað, að m/b Víðir, AK 63, hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973. Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá og brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 31. júlí s.l., jafngilda nú 100 gullkrónur 5.089.50 krónum. Stærð m/b Víðis, AK 63, er 217.06 brúttórúmlestir.

Þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr.

og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. einnig lög nr. 81/1952 og 6. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948.

Ákærði hefur aldrei fyrr sætt kærum eða refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenskrar krónu ákveðin 780 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber einnig að gera afla og veiðarfæri m/b Víðis, AK 63, upptæk til handa Landhelgissjóði.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Lárus Pálsson, greiði 780 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, en sæti varðhaldi 7 mánuði, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Víðis, AK 63, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. október 1974.

Nr. 64/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðmundi Einari Sveinssyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 30. júlí 1973 svo og á mælingingum ákærða, er hann kveðst hafa gert, þegar vörpu bátsins var kastað og aftur þegar varðskipið kom að honum. Eftir mælingum þessum markaði skólastjórinn á sjóuppdrátt staði varðskipsins og m/b Gróttu, AK 101. Í álitsgerð hans, dags. 24. september 1974, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 31 staðarákvarðanir varðskipsins Alberts, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 64/1974: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Einari Sveinssyni, skipstjóra á m/b Gróttu, AK-101.

Þess skal getið, að sjókort nr. 40 í mælikvarða 1:250000, sem varðskipsmenn hafa sett staðarákvarðanir sínar út í, er ekki lengur gefið út og því ófáanlegt. Í stað þess hef ég sett staðarákvarðanirnar út í sjókort nr. 31 í mælikvarða 1:300000.

Í sjókortið hef ég dregið fiskveiðimörkin fyrir það svæði, er varðar mál þetta, úr punkti 6 sjóm. í rv. vestur frá Garðskagavita í Malarrifsvita.

Í kortinu eru:
A = staður varðskipsins kl. 1828 h. 30/7 '73. Þá mælist bát-

urinn á stað **a** um 2,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1834. Þá mælist báturinn á stað **b** um 2,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1852 við bátinn. Staður **C** mælist um 2,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1913. Þá mælist báturinn á stað **d** um 1,6 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Við athuganir sérfróðra manna á fjarlægðarmælihæfni ratsjár v/s Alberts í Reykjavíkurhöfn h. 1/8 '73 kom í ljós, að fjarlægðir mældar með ratsjánni reyndust allt að 2% stærri en samsvarandi fjarlægðir í sjókorti. Sé reiknað með ÷ 2% fjarlægðaskekkju, færast allir staðir varðskipsins og bátsins innar miðað við fiskveiðimörkin, mest 0,4 sjóm. innar (staður **C** við bátinn), minnst um 0,1 sjóm. innar við fyrstu mælingu (staður **a**).

Athuganir sömu manna á gyro-áttavita varðskipsins leiddu í ljós, að miðunarskekkja gæti verið frá 0 allt að ÷ 2%. Þar sem mínus skekkja er bátnum í óhag, hef ég ekki reiknað með neinni skekkju í miðunum.

Að því er snertir mælistaðinn, sem varðskipið notaði til staðarákvarðana, þ. e. Stapafell og Lýsuhyrnu, skal þess getið, að þar er ekki um greinilega afmarkaða punkta að ræða, og matsatriði er, hvaðan frá viðkomandi fjalli á að setja út fjarlægðirnar í sjókortið. Þá eru hornin milli mælistaðanna og um leið milli staðarlínanna fremur lítil, milli 30 og 40°. Má því gera ráð fyrir einhverri ónákvæmni í staðsetningunum af þessum sökum. Ekki er þó ástæða til að ætla, að sú ónákvæmni sé það mikil, að hún hafi úrslitaáhrif miðað við þær fjarlægðir bátsins frá fiskveiðimörkunum, sem mælingarnar sýna.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvörðun skipstjóra bátsins, er hann kveðst hafa gert, þegar hann kastaði og aftur þegar varðskipið kom að honum. Fyrri staðurinn **X** mælist um 1,3 sjóm. utan fiskveiðimarkanna. Síðari staðurinn **Y** mælist um 0,2 sjóm. innan fiskveiðimarkanna. Athuganir á ratsjá m/b Gróttu í Reykjavíkurhöfn h. 1/8 '73 sýndu fjar-

lægðarmæliskekkju allt að + 3%. Sé reiknað með þessari skekkju, færist staður X um 1,4 sjóm. og staður Y um 1,8 sjóm. utar miðað við fiskveiðimörkin."

Samkvæmt gögnum málsins, mælingum varðskipsmanna og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar skólastjóra, er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á m/b Gróttu, AK 101, innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í máli þessu greinir. Varðar brot ákærða við þau lagaákvæði, er í ákæru getur, sbr. nú 2. mgr. 1. gr. laga nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. október 1974, segir svo:

„Gullgengi krónunnar var síðast ákveðið 30. apríl 1973, og jafngiltu þá 100 gullkrónur kr. 5.089.50 — fimmþúsundáttatíuogníu 50/100—. Hefur engin breyting orðið á því síðan."

Refsing ákærða, sem ákveða ber samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi getur, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Gróttu, AK 101, sbr. nú 3. mgr. 11. gr. laga nr. 102/1973, svo og málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Einar Sveinsson, greiði kr. 60.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Gróttu, AK 101, eiga að vera óröskuð svo og málskostnaðarákvæði hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og skipstjórunum Guðna Jónssyni og Lofti Júlíussyni sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 369/1973: Ákæruvaldið gegn Guðmundi Einari Sveinssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. í gær, gegn Guðmundi Einari Sveinssyni, Höfðabraut 14 á Akranesi, fæddum 17. janúar 1928 í Kringlu í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, skipstjóra á vélbátnum Gróttu, AK 101, „fyrir að hafa gerst sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum og 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum bát mánudagskvöldið 30. júlí 1973 í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. að því er öll framangreind lagaákvæði varðar lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973.

Ákærist því nefndur Guðmundur Einar til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. ennfremur lög nr. 81/1952, og 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 30. júlí s.l. var varðskipið Albert á eftirlitsferð í Faxaflóa og kom þá að m/b Gróttu, AK 101, þar sem hann var að

veiðum með botnvörpu. Skipherra varðskipsins var Þorvaldur Birgir Axelsson, Hraunbæ 38 hér í borg. Segir hann í skýrslu sinni um afskipti varðskipsins af bátnum á þessa leið:

„Kl. 1828 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 218°	fjarl.	4.1 sml.
Lýsuhyrna		—	20.2 —
Stapafell		—	19.6 —

gefur það stað bátsins um 2.3 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1834 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun.

Bátur:	r/v 221°5	fjarl.	3.0 sml.
Lýsuhyrna		—	21.0 —
Stapafell		—	19.7 —

gefur það stað bátsins um 2.2 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1948 var gerð athugun á færanlegum fjarlægðarhring og miðpunkti ratsjár varðskipsins, og reyndist hvorutveggja rétt.

Kl. 1850 sjást togvírar á stb. hlið bátsins.

Kl. 1852 gerð eftirfarandi staðarákvörðun við bátinn, sem reyndist vera Grótta, AK-101.

Lýsuhyrna		fjarl.	23.2 sml.
Stapafell		—	20.2 —

gefur það stað bátsins um 2.0 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1845 kallað yfir í Gróttu, AK-101, og gefin skipun um að hífa strax og bíða síðan nánari fyrirmæla frá varðskipinu, sem heldur að næsta bát.

Kl. 1913 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á m/b Gróttu, er skipverjar voru að innbyrða vörpuna.

Bátur:	r/v 002°	fjarl.	1.4 sml.
Lýsuhyrna		—	24.5 —
Stapafell		—	21.0 —

gefur það stað bátsins um 1.4 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Um kl. 2013 settur út bátur frá varðskipinu til að sækja skipstjórann á Gróttu. Aðspurður kvaðst hann hafa verið að togveiðum, en haldið sig vera utan fiskveiðitakmarkanna, voru honum sýndar mælingar varðskipsins.

Kl. 2112 var skipstjóri fluttur um borð í bát sinn, eftir að ákveðið var samkvæmt fyrirmælum að halda til Reykjavíkur.

Mælingar voru gerðar með K.H. ratsjá og SPERRY gyróátta-

vita af 1. og 2. stm. undir umsjón skipherra og skráðar niður af loftskeytamanni.

Veður: Kul, skýjað."

Skýrslu þessa hefur skipherrann staðfest fyrir dómi. Var skipherrann við stjórn varðskipsins og fylgdist með m/b Gróttu og fleiri bátum, sem voru á svipuðum slóðum. Skipherrann framkvæmdi ekki mælingarnar sjálfur, en fylgdist með því, að þær voru gerðar.

Hálfdán Henrysson, fyrsti stýrimaður á Albert, Vesturbergi 100, og Arnbjörn Ólafsson, annar stýrimaður á varðskipinu, Hverfisgötu 58, báðir hér í borg, hafa komið fyrir dóm og staðfest efni greindrar skýrslu skipherrans. Gerði Hálfdán allar mælingarnar, en Arnbjörn yfirfór þær og athugaði samtímis.

Ákærði var skipstjóri á m/b Gróttu, AK 101, í þetta skipti. Hann hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum. Hann hefur hins vegar dregið í efa, að mælingar varðskipsmanna séu réttar, og telur þá hafa lakari tæki til mælinga en hann. Þá taldi hann varðskipsmenn hafa notað óheppilegri staði til viðmiðunar, þar sem staðirnir séu óþarflega nálægt hvor öðrum.

Ákærði hóf veiðiferðina frá Akranesi um klukkan 1400 greindan dag. Byrjaði hann að toga, þegar 36.5 sml voru í Akrafjall og 24 sml í Stapa. Þar kastaði hann og togaði í rúma klukkustund og 3 sml á klukkustund. Þegar varðskipið kom að, gerði ákærði staðarákvörðun. Voru þá 38 sml í Hafnarfjall og 20.3 sml í Stapafell. Dýptin var 90 faðmar. Samkvæmt þessari mælingu taldi ákærði sig vera á landhelgislínunni, og ætlaðist hann til þess, að hann væri utan hennar. Ekki ritaði ákærði staðarákvarðanir sínar niður, en taldi sig muna þær glögglega.

Dómurinn kvaddi þá Benedikt Hans Alfonsson stýrimannaskólakennara, Vatnsholti 8 hér í borg, og Harald Sigurðsson deildarverkfræðing, Miðvangi 159 í Hafnarfirði, til að rannsaka ratsjá og gyroáttavita varðskipsins Alberts og ratsjá m/b Gróttu, AK 101. Í skýrslu þeirra segir svo um athuganir í varðskipinu: „Athuganir á fjarlægðarmælihæfni ratsjár vs ALBERT leiddu í ljós, að allar mælingar sýndu frávik í þá átt, að mæligildi voru allt að 2% stærri en sömu fjarlægðir reyndust, er þær voru mældar í sjókorti. Mælingar þessar voru gerðar með notkun „lausa fjarlægðarhringsins." Samanburður á „lausum hring" og „föstum fjarlægðarhringum" sýndu samsvarandi frávik. Ratsjáin starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð.

Athugun á gyroáttavita vs ALBERT leiddi í ljós, að aflestur

gráðukvarða gaf einni gráðu hærri aflestur en samsvarandi gildi í sjókorti. Þegar höfð er hliðsjón af mögulegri aflestrarnákvæmni gyrovísunar á ratsjárskerminum, er óvarlegt að áætla hana meiri en ± 1 gráðu. Af framansögðu leiðir, að vísunarskekkja getur orðið allt frá 0 gráðum í 2 gráðum of há."

Um athugun þeirra á ratsjá m/b Gróttu, AK 101, segir svo: „Athugun á Decca-RM916 ratsjá mb Gróttu, AK 101, sýndi frávik allt að 3% í þá átt, að mæld gildi voru minni en sömu fjarlægðir mældar í sjókorti. Ratsjáin starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð."

Þeir Benedikt Hans og Haraldur komu fyrir dóminn og staðfestu skýrslu sína með eiði. Voru um leið lagðar fyrir þá nokkrar spurningar.

Þeir upplýstu, að mæliskekkja sú, sem fram kæmi á radar varðskipsins, mundi vera ákærða í óhag, ef hún yrði leiðrétt, og hefði varðskipið þá mælt bátinn innar í landhelgi, en staðsetning m/b Gróttu hefði verið utar, ef mæliskekkjan á radar bátsins hefði verið leiðrétt.

Báðir tóku þeir Benedikt Hans og Haraldur fram, að mæliskekkjur á radartækjum skipanna væru ekki af meiri stærðargráðu en vænta megi almennt af slíkum tækjum.

Með fjórum staðarákvörðunum varðskipsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði fyrir dómi, svo sem frá var greint, þykir þrátt fyrir framburð ákærða sannað, að m/b Grótta, AK 101, hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973. Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá og brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 31. júlí s.l., jafngilda nú 100 gullkrónur 5.089.50 krónum. Stærð m/b Gróttu, AK 101, er 184.48 brúttórúmlestir.

Þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. einnig lög nr. 81/1952 og 6. gr. reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948.

Ákærði hefur aldrei fyrr sætt kærum eða refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenskrar krónu ákveðin 55 þúsund króna sekt til Land-

helgissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber einnig að gera afla og veiðarfæri m/b Gróttu, AK 101, upptæk til handa Landhelgissjóði.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Einar Sveinsson, greiði 55 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, en sæti varðhaldi 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Afli og veiðarfæri m/b Gróttu, AK 101, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. október 1974.

Nr. 86/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ásgeiri Sölva Sölvasyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 30. júlí 1973 svo og á mælingingum ákærða, er hann kveðst hafa gert, áður en hann hóf veiðar og aftur þegar varðskipsmenn tilkynntu honum, að bátur hans væri innan fiskveiðimarkanna. Eftir mælingum þessum markaði skólastjórinn á sjóuppdrátt staði varðskipsins og m/b Straumness, ÍS 240. Í álitsgerð hans, dags. 24. september 1974, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 31 staðarákvarðanir varðskipsins Alberts, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 86/1974: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Sölva Sölvasyni, skipstjóra á m/b Straumnesi, ÍS-240.

Þess skal getið, að sjókort nr. 40 í mælikvarða 1:250000, sem varðskipsmenn hafa sett staðarákvarðanir sínar út í, er ekki lengur gefið út og því ófáanlegt. Í stað þess hef ég sett staðarákvarðanirnar út í sjókort nr. 31 í mælikvarða 1:300000.

Í sjókortið hef ég dregið fiskveiðimörkin fyrir það svæði, er varðar mál þetta, úr punkti 6 sjóm. í rv. vestur frá Garðskagavita í Malarrifsvita.

Í kortinu eru:

A = staður varðskipsins kl. 1831 h. 30/7 '73. Þá mælist báturinn á stað **a** um 2,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna fyrir togveiðar.

B = staður varðskipsins kl. 1834. Þá mælist báturinn á stað **b** um 2,1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

C = staður varðskipsins kl. 1858. Þá mælist báturinn á stað **c** um 1,1 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

D = staður varðskipsins kl. 1905 við bátinn. Staður **D** mælist um 0,9 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Við athugun sérfróðra manna á fjarlægðarmælihæfni ratsjár v/s Alberts í Reykjavíkurhöfn h. 1/8 '73 kom í ljós, að fjarlægðir mældar með ratsjánni reyndust allt að 2% stærri en samsvarandi fjarlægðir í sjókorti. Sé reiknað með ÷ 2% fjarlægðaskekkju, færast allir staðir varðskipsins og bátsins innar miðað við fiskveiðimörkin, mest 0,4 sjóm. innar (staður **D** við bátinn), minnst um 0,1 sjóm. innar við fyrstu mælingu (staður **a**).

Athuganir sömu manna á gyro-áttavita varðskipsins leiddu í ljós, að miðunarskekkja gæti verið frá 0 allt að ÷ 2°. Þar sem mínus skekkja er bátnum í óhag, hef ég ekki reiknað með neinni skekkju í miðunum.

Að því er snertir mælistaðina, sem varðskipið notaði til staðarákvarðana, þ. e. Stapafell og Lýsuhyrnu, skal þess getið, að þar er ekki um greinilega afmarkaða punkta að ræða, og matsatriði er, hvaðan frá viðkomandi fjalli á að setja út fjarlægðirnar í sjókortið. Þá eru hornin milli mælistaðanna og um leið milli staðarlínanna fremur lítil, milli 30 og 40°. Má því gera ráð fyrir einhverri ónákvæmni í staðsetningunum af þessum sökum. Ekki er þó ástæða til að ætla, að sú ónákvæmni sé það mikil, að hún hafi úrslitaáhrif miðað við þær fjarlægðir bátsins frá fiskveiðimörkunum, sem mælingarnar sýna.

Í sama sjókort hef ég sett út staðarákvörðun skipstjóra bátsins, er hann kveðst hafa gert, þegar hann kastaði og aftur þegar varðskipið tilkynnti, að báturinn væri innan markanna. Fyrri staðurinn **X** mældist um 0,2 sjóm. utan fiskveiðimarkanna. Síðari staðurinn **Y** mælist um 0,4 sjóm. utan fisk-

veiðimarkanna. Athuganir á ratsjá m/b Straumness í Reykjavíkurhöfn h. 1/8 '73 sýndu fjarlægðamæliskekkju allt að ÷ 2%, en ekki verður séð, hvort formerkið á við þær mælingar, sem hér um ræðir."

Samkvæmt mælingum varðskipsmanna og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra Stýrimannaskólans, er sannað þrátt fyrir framburði ákærða og stýrimanns bátsins, Valdimars Karlssonar, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á m/b Straumnesi, ÍS 240, innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í máli þessu greinir. Varðar brot ákærða við þau lagaboð, er í ákæru getur, sbr. nú 2. mgr. 1. gr. laga nr. 102/1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 21. október 1974, segir svo:

„Gullgengi krónunnar var síðast ákveðið 30. apríl 1973, og jafngiltu þá 100 gullkrónur kr. 5.089.50 — fimmþúsundáttatíuogníu 50/100—. Hefur engin breyting orðið á því síðan."

Refsing ákærða, sem ákveða bera samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í héraðsdómi greinir, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin kr. 60.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra m/b Straumness, ÍS 240, sbr. nú 3. mgr. 11. gr. laga nr. 102/1973, svo og málskostnaðarákvæði héraðsdómsins.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar sem talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Sölvi Sölvason, greiði kr. 60.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 20 daga varð-

hald í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku veiðarfæra m/b Straumness, ÍS 240, skal vera óraskað svo og málskostnaðarákvæði hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 2. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara sem dómsformanni og skipstjórunum Guðna Jónssyni og Lofti Júlíussyni sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 370/1973: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Sölva Sölvasyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. í gær, gegn Ásgeiri Sölva Sölvasyni, Lækjarkinn 10 í Hafnarfirði, fæddum 25. september 1930 í Hnífsdal, skipstjóra á vélbátnum Straumnesi, ÍS 240, „fyrir að hafa gerst sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum og 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum bát mánudagskvöldið 30. júlí 1973 í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. að því er öll framangreind lagaákvæði varðar lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðabirgðalög nr. 74 26. júní 1973.

Ákærist því nefndur Ásgeir Sölvi til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. ennfremur lög nr. 81/1952, og 6. gr. nefndrar reglugerðar nr. 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 30. júlí s.l. var varðskipið Albert á eftirlitsferð í Faxaflóa og kom þá að m/b Straumnesi, ÍS 240, þar sem hann var að veiðum með botnvörpu. Skipherra varðskipsins var Þorvaldur Birgir Axelsson, Hraunbæ 38 hér í borg. Segir hann í skýrslu sinni um afskipti varðskipsins af bátnum á þessa leið:

„Kl. 1831 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Bátur:	r/v 201°	fjarl.	4.4 sml.
Lýsuhyrna		—	20.45 —
Stapafell		—	19.5 —

gefur það stað bátsins um 2.3 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1834 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Bátur:	r/v 200°	fjarl.	3.8 sml.
Lýsuhyrna		—	21.0 —
Stapafell		—	19.7 —

gefur það stað bátsins um 2.1 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1858 gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Bátur:	r/v 156°	fjarl.	1.45 sml.
Lýsuhyrna		—	23.9 —
Stapafell		—	20.3 —

gefur það stað bátsins um 0.9 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka.

Kl. 1904 sjást stb. togvírar á bátnum.

Kl. 1905 gerð eftirfarandi staðarákvörðun við bátinn, sem reynist vera m/b Straumnes, ÍS 240:

Lýsuhyrna		fjarl.	25.0 sml.
Stapafell		—	21.8 —

sem gefur stað bátsins um 0.6 sml. innan leyfilegra fiskveiðitakmarka. Um leið og staðarákvörðun er gerð, er kallað yfir í bátinn og honum skipað að hífa strax og bíða síðan nánari fyrirmæla frá varðskipinu, sem heldur að næsta bát.

Kl. 2025 settur út bátur frá varðskipinu til að sækja skipstjórann á Straumnesi. Aðspurður kvaðst hann hafa verið á togveiðum, en haldið sig vera utan fiskveiðitakmarkanna, voru honum sýndar mælingar varðskipsins.

Kl. 2112 var skipstjóri fluttur um borð í bát sinn, eftir að ákveðið var samkvæmt fyrirmælum að halda til Reykjavíkur.

Mælingar voru gerðar með K.H. ratsjá og SPERRY gyróátta-

vita af 1. og 2. stm. undir umsjón skipherra og skráðar niður af loftskeytamanni.

Veður: Kul, skýjað."

Skýrslu þessa hefur skipherrann staðfest fyrir dómi. Var skipherrann við stjórn varðskipsins og framkvæmdi ekki mælingarnar sjálfur, en fylgdist með því, að þær voru gerðar.

Hálfdán Henrysson, fyrsti stýrimaður á Albert, Vesturbergi 100, og Arnbjörn Ólafsson, annar stýrimaður á varðskipinu, Hverfisgötu 58, báðir hér í borg, hafa komið fyrir dóm og staðfest efni greindrar skýrslu skipherrans. Gerði Hálfdán allar mælingarnar, en Arnbjörn yfirfór þær og athugaði samtímis.

Ákærði var skipstjóri á m/b Straumnesi, ÍS 240, í þetta skipti. Hann hefur viðurkennt að hafa verið að togveiðum. Hann segir hins vegar, að mælingar varðskipsmanna komi ekki heim og saman við sínar mælingar..

Ákærði hóf veiðiferðina frá Hafnarfirði klukkan 1330 greindan dag. Kastaði hann vörpunni og hóf veiðar klukkan 1815.

Ákærði gerði staðarákvörðun, áður en hann hóf veiðarnar, og aftur, þegar varðskipið tilkynnti, að báturinn væri innan markanna. Stýrimaður bátsins var við síðari mælinguna. Fyrri staðarákvörðunin var 37 sml í Hafnarfjall og 24 sml í Stapafell. Þessi staðarákvörðun gaf bátnum stað alveg á fiskveiðimörkunum. Mælingarnar voru ekki ritaðar niður. Seinni staðarákvörðun ákærða gaf 38.5 sml í Hafnarfjall, en 21.5 sml í Stapafell. Dýpið var 88 faðmar við seinni mælinguna. Þessi staðarákvörðun gaf skipinu stað 0.4—0.5 sml utan við landhelgislínuna. Mælingar ákærða fóru fram með Decca radar og með lausum hring, sem dregur allt að 48 sml.

Vitnið Valdimar Karlsson, stýrimaður á m/b Straumnesi, ÍS 240, til heimilis að Bárugötu 37 hér í borg, kom inn í stýrishús bátsins um klukkan 1900. Leit hann þá í ratsjá bátsins að skipstjóra viðstöddum. Var staðsetning bátsins þá 38.5 sml í Hafnarfjall og 21.5 sml í Stapafell. Dýpið var á þessum stað 88 faðmar. Taldi Valdimar þessa staðarákvörðun gefa bátnum stað rétt utan við fiskveiðimörkin. Þessi staðarákvörðun var tekin, rétt áður en varðskipið tilkynnti bátnum, að hann væri að ólöglegum veiðum.

Dómurinn kvaddi þá Benedikt Hans Alfonsson stýrimannaskólakennara, Vatnsholti 8 hér í borg, og Harald Sigurðsson deildarverkfræðing, Miðvangi 159 í Hafnarfirði, til að rannsaka ratsjá og gyroáttavita varðskipsins Alberts og ratsjá m/b Straumness, ÍS

240. Í skýrslu þeirra segir svo um athuganir í varðskipinu: „Athuganir á fjarlægðarmælihæfni ratsjár vs ALBERT leiddu í ljós, að allar mælingar sýndu frávik í þá átt, að mæligildi voru allt að 2% stærri en sömu fjarlægðir reyndust, er þær voru mældar í sjókorti. Mælingar þessar voru gerðar með notkun „lausa fjarlægðarhringsins." Samanburður á „lausum hring" og „föstum fjarlægðarhringum" sýndu samsvarandi frávik. Ratsjáin starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð.

Athugun á gyroáttavita vs ALBERT leiddi í ljós, að aflestur gráðukvarða gaf einni gráðu hærri aflestur en samsvarandi gildi í sjókorti. Þegar höfð er hliðsjón af mögulegri aflestrarnákvæmni gyrovísunar á ratsjárskerminum, er óvarlegt að áætla hana meiri en ± 1 gráðu. Af framansögðu leiðir, að vísunarskekkja getur orðið allt frá 0 gráðum í 2 gráðum of há."

Um athuganir þeirra á ratsjá m/b Straumness, ÍS 240, segir svo: „Athugun á Decca-RM326 ratsjá mb STRAUMNESS sýndi frávik allt að ± 2% frá þeim gildum, er mældust í sjókorti. Ratsjáin starfaði að öðru leyti eðlilega, og var myndin skýr og góð."

Þeir Benedikt Hans og Haraldur komu fyrir dóminn og staðfestu skýrslu sína með eiði. Voru um leið lagðar fyrir þá nokkrar spurningar.

Þeir upplýstu, að mæliskekkja sú, sem fram kæmi á radar varðskipsins, mundi vera ákærða í óhag, ef hún yrði leiðrétt, og hefði hann þá mælst innar í landhelgi, en ekki töldu þeir hægt að svara því, hvort skekkjan á radar m/b Straumness mundi setja skipið utar eða innar, þar sem skekkjan á radar bátsins væri ýmist plús eða mínus eftir því, hvaða mælisvið væri notað.

Báðir tóku þeir fram, að mæliskekkjur á radartækjum skipanna væru ekki af meiri stærðargráðu en vænta megi almennt af slíkum tækjum.

Með fjórum staðarákvörðunum varðskipsmanna, sem þeir hafa staðfest með eiði fyrir dómi, svo sem frá var greint, þykir þrátt fyrir framburð ákærða og vitnisins Valdimars sannað, að m/b Straumnes, ÍS 240, hafi í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum í Faxaflóa á svæði, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1971, sbr. lög nr. 89/1971, lög nr. 101/1972 og nú bráðibirgðalög nr. 74 26. júní 1973. Hefur ákærði því gerst sekur um háttsemi þá og brot gegn lagagreinum þeim, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 31. júlí s.l., jafn-

gilda nú 100 gullkrónur 5.089.50 krónum. Stærð m/b Straumness, ÍS 240, er 94.48 brúttórúmlestir.

Þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 7. gr., nú 1. mgr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 62/1967, sbr. 5. gr. og 7. gr. laga nr. 21/1969, sbr. einnig lög nr. 81/1952 og 6. gr. reglugerðar nr 189/1972, sbr. lög nr. 44/1948.

Ákærði hefur aldrei fyrr sætt kærum eða refsingum, svo að kunnugt sé.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenskrar krónu ákveðin 55 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 4. gr., nú 5. gr., laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, ber einnig að gera veiðarfæri m/b Straumness, ÍS 240 upptæk til handa Landhelgissjóði, en afli var enginn í skipinu.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Sölvi Sölvason, greiði 55 þúsund króna sekt til Landhelgissjóðs, en sæti varðhaldi 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Veiðarfæri m/b Straumness, ÍS 240, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. október 1974.

Nr. 182/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Þóri Þórissyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Erla Jónsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 15. október 1974, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar og samkvæmt 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber með hliðsjón af brotaferli ákærða að staðfesta úrskurðinn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. október 1974.

Ár 1974, þriðjudaginn 15. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var að Borgartúni 7 af Erlu Jónsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi:

Kærði, Þórir Þórisson, hefur í dag játað að hafa um síðustu mánaðamót farið inn í tvö hús hér í borginni og stolið þaðan peningum. Í dóminum liggur frammi yfirlit yfir afbrot kærða s.l. 4 ár. Á þeim tíma hefur hann framið 72 innbrot og þjófnaði, þar af

fimm innbrot og þjófnaði frá 14. september s.l. Kærði hefur hlotið refsidóm fyrir hluta af málum þessum, en enn er hluta þeirra ólokið. Þá er kærði grunaður um að hafa framið eftirfarandi brot:

2. ágúst 1975: Innbrot að Sóleyjargötu 29. Þjófnaður á 6 flöskum af víni og útvarpstæki.
25. ágúst 1974: Innbrot að Grænuhlíð 11 (sbr. mál 1363/1973), stolið 45.000.00 kr. og 45 $.
9. september 1974: Innbrot að Oddagötu 8. Þjófnaður á 10 $.
10. september 1974: Innbrot að Háuhlíð 20. Þjófnaður á 21.500.00 kr. og 40 dönskum krónum.
13. september 1974: Farið inn að Hringbraut 53. Þjófnaður á 50.000.00 kr., ávísanahefti, útfylltri ávísun og DM 100.00.
23. september 1974: Farið inn í hús við Tjarnargötu og stolið kvenveski og 500.00 kr.
25. september 1974: Innbrot að Nökkvavogi 26. Þjófnaður á 5 áfengisflöskum.
2. október 1974: Þjófnaður á peningum, kr. 100.000.00, frá Þórsgötu 8.
5. október 1974: Innbrot að Bergstaðastræti 79. Þjófnaður á 2.400.00 kr. dönskum, skartgripum o. fl.
9. október 1974: Innbrot að Smáragötu 8 A. Þjófnaður á 70.000.00.
14. október 1974: Þjófnaður að Hrísateigi 35. Þjófnaður á 70.000.00 ísl. kr., DM 100.00 og 100 sænskum krónum.

Með hliðsjón af brotaferli kærða og því, að hann hefur framið a. m. k. 5 innbrot á tæpum mánuði, þykir rétt, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga 73/1973 að úrskurða kærða til að sæta gæsluvarðhaldi, enda má ætla, að hann muni halda áfram brotum, ef hann er laus. Stefnt verði að því að ljúka málum hans á gæsluvarðhaldstímanum. Skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru ekki gæsluvarðhaldinu til fyrirstöðu, þar sem brot hans geta varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Þórir Þórisson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum.

Mánudaginn 28. október 1974.

Nr. 107/1973: **Gjaldheimtan í Reykjavík**
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
gegn
Sveini Guðmundssyni og gagnsök
(Jón Finnsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. júlí 1973. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak fyrir kr. 514.894.00, en til vara kr. 322.680.00, auk 12% ársvaxta frá 7. júlí 1972 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. september 1973. Krefst hann þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framkvæmd lögtaksins. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, voru skattframtöl gagnáfrýjanda gjaldárin 1965 til 1968 (skattárin 1964 til 1967) tortryggileg og haldin ýmsum annmörkum, sem hann hefur ekki gefið viðhlítandi skýringar á. Gagnáfrýjandi var bókhaldsskyldur samkvæmt 11. tölulið 2. gr. laga nr. 62/1938, en færði ekki lögmælt bókhald og kveðst hafa fargað reikningum þeim og öðrum gögnum, er hann byggði framtöl sín á.

Frestur sá til breytinga á framtölum skattþegna, sem greinir í 38. gr. laga nr. 90/1965, nú 38. gr. laga nr. 68/1971, var liðinn, að því er varðar skattárið 1964, þegar ríkisskattanefnd

kvað upp úrskurð sinn 28. september 1971, en við það tímamark ber að miða rof frests, sbr. dóm Hæstaréttar 19. febrúar 1974. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu fógetaréttar, að lögtak skuli eigi ná fram að ganga fyrir viðbótargjöldum af tekjum gagnáfrýjanda það ár. Ríkisskattanefnd var hins vegar, eins og á stóð, heimilt að frumkvæði ríkisskattstjóra, sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 90/1965, að víkja til hliðar framtölum gagnáfrýjanda fyrir skattárin 1965—1967 og áætla honum tekjur að nýju, svo sem gert var. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 15. júní 1973.

Mál þetta var þingfest föstudaginn 7. júlí 1972, og gerði umboðsmaður gerðarbeiðanda þá þær réttarkröfur, að fógeti heimili lögtak hjá gerðarþola, Sveini Guðmundssyni, Kárastíg 3 hér í borg, (nafnnúmer 8743—3978) til tryggingar ógreiddum opinberum gjöldum, ákvörðuðum og álögðum af ríkisskattanefnd í september 1971, samtals að fjárhæð kr. 514.894.00 ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Gjöld þau, sem framangreind lögtakskrafa nær til, eru þessi:

1965	tekjuskattur ál. 28. sept. 1971	kr. 92.744.00	
1965	kirkjug.gjald — — — — —	1.470.00	
1965	tekjuútsvar — — — — —	98.000.00	kr. 192.214.00
1966	tekjuskattur — — — — —	46.414.00	
1966	kirkjug.gjald — — — — —	728.00	
1966	tekjuútsvar — — — — —	48.500.00	— 95.642.00
1967	tekjuskattur — — — — —	56.303.00	
1967	kirkjug.gjald — — — — —	898.00	
1967	tekjuútsvar — — — — —	59.875.00	— 117.076.00
1968	tekjuskattur — — — — —	54.949.00	
1968	kirkjug.gjald — — — — —	813.00	
1968	tekjuútsvar — — — — —	54.200.00	— 109.962.00
		Samtals	kr. 514.894.00

Gjöld þessi lagði ríkisskattanefnd á gerðarþola með úrskurði sínum, dags. 28. september 1971, að undangenginni rannsókn á skattframtölum hans, sbr. 42. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt.

Umboðsmaður gerðarþola gerir hins vegar þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að umbjóðanda hans verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Til vara gerir hann þær kröfur, að lögtakskrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Þegar athuguð eru tildrög máls þessa og hinna umdeildu skattahækkana ríkisskattanefndar, þykir rétt að draga fram eftirfarandi atriði:

Árið 1971, föstudaginn 26. mars, kom gerðarþoli fyrir deildarstjóra rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, og var honum þar tjáð, að hann væri kvaddur til skýrslugjafar vegna framtala hans árin 1965, 1966, 1967 og 1968.

Meðal annars var hann þar spurður um bókhald vegna starfsemi sinnar.

Aðspurður kvaðst hann hafa haldið saman fylgiskjölum til að vinna eftir uppgjör, bæði milli félaganna að byggingunum og vegna skattframtals. Að lokinni notkun voru fylgiskjölin ekki geymd lengur og eru ekki til núna, sjá rskj. nr. 16, fskj. nr. 1.

Með bréfi, dagsettu 26. maí 1971, er gerðarþola send skýrsla rannsóknardeildar ríkisskattstjóra um athugun á skattframtölum hans árin 1965, 1966, 1967 og 1968, og er honum þar gefinn frestur til 14. júní sama ár til að koma að athugasemdum sínum og jafnframt tilkynnt, að eins og málið liggi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð opinber gjöld hans.

Með bréfi, dagsettu 8. júlí 1971, svarar umboðsmaður gerðarþola áðurnefndri skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, sjá rskj. nr. 8.

Hinn 28. september 1971 kvað ríkisskattanefnd upp svohljóðandi úrskurð. Réttarskjal nr. 9 tekið upp hér í framhaldi óbreytt:

„Á fundi ríkisskattanefndar hinn 28. sept. 1971 var tekin til endurskoðunar álagning tekju- og eignarskatts á Svein Guðmundsson, Fellsmúla 15, nú Kárastíg 3, Reykjavík, nafnnr. 8743—3978, gjaldárin 1965—1968.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra skv. 42. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Málavextir eru þeir, að rannsóknadeild ríkisskattstjóra gerði athugun á skattframtölum gjaldanda nefnd gjaldár.

Með bréfi, dags. 27. maí 1971, var gjaldanda send skýrsla deildarinnar og honum jafnframt tilkynnt, að eins og málið lægi fyrir, gæti orðið að hækka áður álögð opinber gjöld hans fyrir gjaldárin 1965—1968, og var honum gefinn kostur á að koma að þeim skýringum og gögnum, er hann kynni að óska.

Umboðsmaður gjaldanda sendi svarbréf, sem er dags. 8. júlí s.l. og barst deildinni 10. sama mán.

Í skýrslu rannsóknadeildar kemur m. a. fram, að gjaldandi, sem er húsasmíðameistari, starfaði sem verktaki við ýmsar byggingaframkvæmdir, auk þess sem hann vann að smíði íbúða fyrir eigin reikning og með starfsmenn á launum. Ennfremur hefur gjaldandi haft með höndum kaup og sölu íbúða viðkomandi gjaldár.

Gjaldandi hefur ekki fært neinar bókhaldsbækur yfir rekstur sinn, en einungis haldið saman reikningum fyrir hvert ár og samið skattframtöl sín eftir þeim. Að því loknu kveðst gjaldandi hafa fleygt reikningum þeim, sem skattframtal hans var samið eftir. Hefur hann því ekki lagt fram nein gögn til staðfestingar skattframtölum, utan nokkur afsöl og kaupsamninga.

Með skattframtali 1965 er fskj. með upplýsingum varðandi kaup og sölu íbúða að Öldugötu 41, Reykjavík. Samkvæmt framburði fimm kaupenda, eða jafnmargra og íbúðirnar eru, sem gjaldandi selur, kemur í ljós, að 3 kaupendur telja sig hafa greitt samtals kr. 170.000.00 meira fyrir íbúðirnar en kaupsamningur hljóðar upp á, svo og skattframtal gjaldanda. Ennfremur telur einn kaupandinn sig hafa greitt „einhverja" upphæð til viðbótar þeim, sem tilgreindar eru í kaupsamningi.

Á skattframtali 1965 eru færð til gjalda heildarafföll af seldum skuldabréfum (10 ára bréf). Er nafnverð nefndra bréfa kr. 230.000.00, en gjaldfærð afföll kr. 103.500.00. *Samkvæmt framburði gjaldanda veit hann ekki, hver var kaupandi bréfanna.* Á sama framtali eru skattgjaldstekjur lækkaðar vegna reiknaðra affalla kr. 45.500.00 af óseldu skuldabréfi á nafnverði kr. 130.000.00 (eða 35%). Á eignalið framtals er áðurnefnt skuldabréf eignfært á nafnverði kr. 130.000.00.

Á framtali 1967 er gjaldfærður kostnaður vegna bóta og málskostnaðar kr. 90.720.00, sem er vegna íbúðar að Heiðargerði 80, sem gjaldandi seldi 1964. Samkvæmt skattframtali 1965 var söluhagnaður ekki skattlagður þá.

Á skattframtali 1967 færir gjaldandi til tekna söluhagnað af íbúðarsölu að Fellsmúla 15, kr. 127.079.40. Auk þess sem áðurnefndur söluhagnaður er tilfærður sem skattgjaldstekjur, er hann einnig færður sem skattfrjáls aukning á höfuðstólseign. Er þessi hagnaður því færður til hækkunar höfuðstólseign (inc. í nettó tekjum), sem skattskyld eignaaukning og einnig eins og um skattfrjálsa eignaaukningu væri að ræða. Þessi tilfærsla hefur þau áhrif, að framfærslulífeyrir gjaldanda árið 1966 er því samkvæmt skattframtali hans kr. 7.699.65, eftir að þessi tvífærsla hefur verið leiðrétt. Verða nú rakin nokkur svör umboðsmanns gjaldanda við skýrslu rannsóknadeildarinnar.

Varðandi mismun á kostnaði við frágang íbúða að Fellsmúla 15, segir gjaldandi, að stafi af því, að íbúðin, sem hann tók til eigin nota, hafi að ýmsu leyti ekki verið eins vel frágengin og íbúð sú, sem hann seldi. Einnig hafi söluíbúðin lent í hærri byggingakostnaði vegna verðhækkana, sem urðu frá 1965—1966.

Varðandi sölu á íbúðum að Öldugötu 41 ítrekar gjaldandi fyrri framburð um rétt tilfærð söluverð á framtali. „Enda virðast kaupsamningar styðja þann framburð" og „framburður kaupenda hlýtur því að byggjast á einhverjum misskilningi", segir orðrétt í svarbréfi.

Nánari grein fyrir afföllum af skuldabréfum, kr. 103.500.00, sbr. skýrslu bls. 5, lið 47, er ekki gerð, sjá afrit úr gerðarbók rannsóknadeildar, merkt fskj. nr. 1.

Samkvæmt skýrslu deildarinnar, bls. 5, lið 48, telur gjaldandi skuldir við Samvinnubanka Íslands pr. 31. des. 1964 kr. 50.000.00 og Landsbanka Íslands pr. 31. des. 1966 kr. 25.000.00, bls. 6, lið 61. Viðkomandi bankar telja sig hins vegar ekki eiga hjá gjaldanda nefndar upphæðir.

Í svarbréfi gjaldanda segir, að víxlar þessir séu innheimtuvíxlar, sem stofnað hafi verið til vegna efniskaupa. Ekki er tekið fram, um hvaða efniskaup er að ræða né hvaða efnissalar hafi tekið viðkomandi víxla sem greiðslu frá gjaldanda.

Í skýrslu rannsóknadeildar, bls. 5, lið 5, kemur fram, að Samvinnubanki Íslands á eigin víxil, keyptan 29. des. 1965 með gjalddaga pr. 25. jan. 1966, sem gjaldandi er skuldari að. Andvirði víxilsins við kaup er hins vegar ekki innfært á hlaupareikning, sem gjaldandi hefur í viðkomandi banka. Í svarbréfi segir, að andvirði þessa víxils hafi verið notað til greiðslu ýmissa lausaskulda, hann hafi notað peningana strax og þar sem oft sé erfitt að selja ávís-

anir, hafi hann ekki lagt andvirði víxilsins á hlaupareikning sinn í bankanum, enda hafi hann ekki notað hlaupareikning mikið.

Varðandi þessar skýringar gjaldanda þykir rétt að taka fram, að viðkomandi ár, þ. e. 1965, eru innborganir á hlr. kr. 961.812.00, og úr hlr. er ávísað svo til jafnhárri upphæð, og er fjöldi útgefinna ávísana a. m. k. tvö hundruð talsins.

Varðandi greiðslu vegna galla á íbúð að Heiðargerði 80 vísast til þess, sem áður segir um þann lið.

Eins og fram kemur í skýrslu rannsóknadeildar, er tvítalinn söluhagnaður af íbúð við Fellsmúla 15. Þessi tvítalning hefur þau áhrif, að lífeyrir gjaldanda verður svo til enginn árið 1966. Í svarbréfi gjaldanda er sú skýring gefin, að framfærslulífeyri það ár hafi gjaldandi fengið m. a. með sölu ýmissa lausafjármuna, og er tilgreind sala á málverkum o. fl., samtals kr. 75.000.00. Á rekstrar- og efnahagsyfirlitum, sem fylgja framtölum gjaldanda, kemur fram á höfuðstólsreikningi m. a. útreiknaður lífeyrir gjaldanda, og er lífeyrir hans þau ár, sem hér um ræðir, yfirleitt um kr. 130.000.00 á ári, og á það einnig við um árið 1966. Eins og fram kemur bæði í gerðarbók rannsóknadeildar og svarbréfi gjaldanda, var honum ekki annað ljóst en tilfærður lífeyrir á framtali 1967 væri raunverulegur, og gat hann þá ekki um sölu á áðurnefndu lausafé til öflunar framfærslueyris.

Með tilliti til framanritaðs svo og með hliðsjón af upplýsingum kaupenda um söluverð íbúða og misræmi varðandi skuldir við lánastofnanir og skorts á öllum gögnum til staðfestingar á upphæð og skiptingu byggingakostnaðar íbúða, sem gjaldandi byggir eða er byggingaaðili að, getur nefndin ekki fallist á að leggja skattframtöl gjaldanda viðkomandi ára til grundvallar álagningu opinberra gjalda. Þykir því rétt að ákveða gjaldanda tekjur að nýju til álagningar fyrir gjaldárin 1965—1968 með áætlun.

Hreinar tekjur gjaldárið 1965 ákveðast kr. 600.000.00, en voru áður kr. 259.900.00. Fjölskyldufrádráttur er kr. 136.000.00 (handskrifuð tala kr. 340.100.00), og verða skattgjaldstekjur því kr. 464.000.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1966 ákveðast kr. 450.000.00, en voru áður kr. 279.800.00. Fjölskyldufrádráttur er kr. 153.000.00 (handskrifuð tala kr. 120.200.00), og verða skattskyldar tekjur því kr. 297.000.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1967 ákveðast kr. 450.000.00, en voru áður kr. 237.500.00. Fjölskyldufrádráttur er kr. 175.550.00 (hand-

skrifuð tala kr. 212.500.00), og verða skattskyldar tekjur því kr. 274.400.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1968 ákveðast kr. 500.0.00.00, en voru áður kr. 307.500.00. Fjölskyldufrádráttur er kr. 165.200.00 (handskrifuð tala kr. 192.500.00), og verða skattskyldar tekjur því kr. 334.800.00 (samlagning á handskrifuðum tölum kr. 868.300.00).

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur, gjaldárið 1965, hækkar um kr. 92.744.00, úr kr. 24.788.00 í kr. 117.532.00.

Tekjuskattur, gjaldárið 1966, hækkar um kr. 46.414.00, úr kr. 24.397.00 í kr. 70.811.00.

Tekjuskattur, gjaldárið 1967, hækkar um kr. 56.303.00, úr kr. 6.908.00 í kr. 63.211.00.

Tekjuskattur, gjaldárið 1968, hækkar um kr. 54.949.00, úr kr. 24.733.00 í kr. 79.682.00."

Rskj. nr. 10 tekið upp hér í framhaldi óbreytt:

„Á fundi ríkisskattanefndar hinn 28. sept. 1971 var tekin til endurskoðunar álagning útsvars á Svein Guðmundsson, Fellsmúla 15, nú Kárastíg 3, Reykjavík, nafnnúmer 8743-3978, gjaldárin 1965—1968.

Málið er tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra skv. 42. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt og með vísun til 8. gr. laga nr. 69/1970 um breytingu á lögum nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga.

Jafnframt því, sem vísað er til úrskurðar ríkisskattanefndar dags. í dag varðandi tekjuskatt gjaldanda, þá þykir verða að ákveða honum tekjur til útsvars að nýju nefnd gjaldár.

Hreinar tekjur gjaldárið 1965 ákveðast kr. 600.000.00. Frá dregst fjölskyldufrádráttur kr. 65.000.00 og greitt tekjuútsvar fyrra árs kr. 26.548.00. Útsvarsskyldar tekjur verða því kr. 508.400.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1966 ákveðast kr. 450.000.00. Frá dregst fjölskyldufrádráttur kr. 73.250.00 og greitt tekjuútsvar fyrra árs kr. 40.764.00. Útsvarsskyldar tekjur verða því kr. 335.900.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1967 ákveðast kr. 450.000.00. Frá dregst fjölskyldufrádráttur kr. 83.850.00 og greitt tekjuútsvar fyrra árs kr. 38.702.00. Útsvarsskyldar tekjur verða því kr. 327.000.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1968 ákveðast kr. 500.000.00. Frá dregst fjölskyldufrádráttur kr. 77.400.00 og frádráttur vegna náms dótt-

ur skv. 52. gr. kr. 9.000.00 og greitt tekjuútsvar fyrra árs kr. 20.855.00. Útsvarsskyldar tekjur verða því kr. 392.700.00.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Tekjuútsvar, gjaldárið 1965, hækkar um kr. 98.000.00, eða úr kr. 40.764.00 í kr. 138.764.00.

Tekjuútsvar, gjaldárið 1966, hækkar um kr. 48.500.00, eða úr kr. 38.702.00 í kr. 87.202.00.

Tekjuútsvar, gjaldárið 1967, hækkar um kr. 59.875.00, eða úr kr. 22.680.00 í kr. 82.555.00.

Tekjuútsvar, gjaldárið 1968, hækkar um kr. 54.200.00, eða úr kr. 46.708.00 í kr. 100.908.00."

Með bréfi, dags. 1. nóvember 1971, kærir umboðsmaður gerðarþola að ósk hans áðurnefnda úrskurði ríkisskattanefndar og gerir kröfur til þess, að umræddar gjaldahækkanir verði felldar niður með öllu, en til vara, að þær verði lækkaðar mjög verulega.

Hinn 5. apríl 1972 staðfestir ríkisskattanefnd fyrri úrskurði sína frá 28. september 1971 um hækkun opinberra gjalda gerðarþola fyrir gjaldárin 1965, 1966, 1967 og 1968.

Með bréfi til gjaldheimtustjórans í Reykjavík, dagsettu 19. júní 1972, tilkynnir umboðsmaður gerðarþola, að haldið muni verða uppi vörnum í væntanlegu lögtaksmáli vegna áðurnefndra hækkana opinberra gjalda gerðarþola.

Eins og áður segir, var mál þetta þingfest hér í réttinum þann 7. júlí 1972 og hefur síðan verið rekið hér fyrir réttinum, uns það var tekið til munnlegs málflutnings 1. júní s.l.

Fógeti reyndi sættir í málinu, en án árangurs.

Í munnlegum málflutningi sínum lagði umboðsmaður gerðarbeiðanda höfuðáherslu á það, að hin umdeilda hækkun opinberra gjalda á gerðarþola fyrir gjaldárin 1965, 1966, 1967 og 1968 væri í alla staði lögmæt og lögum samkvæmt. Hann hefði vanrækt bókhaldsskyldu sína, fargað gögnum sínum, sem honum bar þó lagaleg skylda til að geyma, og ekki á neinn hátt gefið fullnægjandi skýringar við athugasemdir þær, er lagðar voru fyrir hann, að lokinni rannsókn rannsóknardeildar ríkisskattstjóra á framtölum hans. Þá mótmælti hann því mjög eindregið, að nokkuð af hinum umdeildu skattahækkunum væru fyrndar, enda hefði athugun rannsóknardeildar ríkisskattstjóra í máli þessu þegar verið hafin í ársbyrjun 1969.

Í munnlegum málflutningi sínum telur umboðsmaður gerðarþola, að í málinu sé hvergi sannað, að umbjóðandi sinn hafi á umræddu tímabili undandregið tekjur eða eignir. Umbjóðandi sinn sé ekki bókhaldsskyldur og þótt fylgiskjöl þau, sem hann byggi framtöl sín á, séu ekki fyrir hendi, geti það ekki á nokkurn hátt rýrt sannleiksgildi skýringa hans, sem hann hafi gefið á athugasemdum skattayfirvalda.

Þá fullyrti hann, að skattayfirvöld hafi farið út fyrir heimildir 38. gr. laga um tekju- og eignarskatt, en þar mælir svo fyrir, að eigi skuli reikna gjaldanda skatt lengra aftur í tímann en 6 ár. Eigi því álagning gjaldársins 1965 að falla niður af þessari ástæðu einni saman.

Á því tímabili, er hinar umdeildu skattahækkanir ríkisskattanefndar nái til, þ. e. a. s. gjaldárin 1965—1968, voru í gildi lög nr. nr. 245/1963. Samhljóða ákvæði er að finna í 38. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Í upphafi 38. gr. laga nr. 90/1965 segir svo: „Hver sá, sem skýrt hefur frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera ber og því greitt minni skatt en honum ber skylda til, skal greiða eftir á skattupphæð, sem undan var dregin. Þó skal eigi reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár . . .“, sbr. 90. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Samhljóða ákvæði er að finna í 38. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Í lögum um bókhald nr. 62 frá 11. júní 1938 segir svo í 1. gr.: „Bókhaldsskyldir eru allir þeir, sem taldir eru í 2. gr. þessara laga . . .“, og í 11. tölulið 2. gr. segir:

„Húsameistarar, verkfræðingar og aðrir, er taka að sér að reisa hús og gera önnur mannvirki eða gegna öðrum húsameistara- og verkfræðistörfum.“

Í núgildandi lögum um bókhald nr. 51 frá 2. maí 1968 er að finna mun strangari ákvæði um bókhald og bókhaldsskyldu heldur en voru í eldri lögum um það efni.

Það hefur komið fram í málinu, að á umræddu tímabili vinnur gerðarþoli að byggingaframkvæmdum. Þar er um að ræða beinar launagreiðslur, sem hann fær vegna vinnu við húsbyggingar, sem hann er sjálfur byggingaraðili að í samvinnu við aðra. Einnig er gjaldandi verktaki að framkvæmdum fyrir ýmsa aðilja. Við þessi verk hefur hann starfsmenn á launum, þó ekki fleiri en 5, þegar þeir eru flestir. Auk þess hefur gjaldandi staðið að byggingu íbúða, ætluðum til sölu, bæði í samvinnu við aðra og einnig sem einkaaðili.

Samkvæmt gögnum málsins var mál þetta tekið upp að tilhlutan ríkisskattstjóra samkvæmt 42. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt.

Föstudaginn 26. mars er gerðarþoli kvaddur fyrir deildarstjóra rannsóknardeildar ríkisskattstjóra til skýrslugerðar. Með úrskurði ríkisskattanefndar frá 28. september 1971 ákvarðar ríkisskattanefnd gerðarþola hinar umdeildu skattahækkanir fyrir gjaldárin 1965, 1966, 1967 og 1968.

Þegar litið er á gögn málsins í heild, vitnaleiðslur og munnlegan málflutning þess, virðist gerðarþoli ekki hafa getað gefið skattayfirvöldum fullnægjandi skýringar á athugasemdum þeim, er þau hafa gert við skattframtöl hans árin 1965, 1966, 1967 og 1968. Enda hefur hann að eigin sögn aðeins haldið saman fylgiskjölum til að vinna eftir uppgjör, bæði milli félaganna að byggingunum og vegna skattframtals. Eftir notkun hafi þau ekki verið geymd lengur og séu ekki til núna. Um annað bókhald hafi ekki verið að ræða.

Rétturinn verður að líta svo á, að það ákvæði 38. gr., að ekki beri að reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár, verði að túlkast mjög strangt. Löggjafinn hefur sett þetta ákvæði til verndunar hinum almenna skattborgara, bæði til að vernda fjárhagslegt öryggi hans og auðvelda honum að sanna mál sitt í málum sem þessum, en slíkt gæti reynst mjög erfitt, ef skattayfirvöld mættu ótakmarkað aftur í tímann krefja hann skýringa á skattframtölum hans.

Í úrskurði ríkisskattanefndar frá 5. apríl 1972 er talið, að rannsókn máls þessa hafi hafist í ársbyrjun 1969, sbr. rskj. nr. 4.

Í skýrslu rannsóknardeildar ríkisskattstjóra, sbr. rskj. nr. 16, fyrstu blaðsíðu, II. lið, segir m. a., að við upphaf rannsóknarinnar hafi gjaldandi verið beðinn um að leggja fram bókhald sitt ásamt tilheyrandi gögnum. Samkvæmt fskj. nr. 1 með ofangreindri skýrslu er gerðarþoli fyrst krafinn um upplýsingar um bókhald sitt föstudaginn 26. mars 1971. Samkvæmt fskj. 3, 4, 5 og 6 með sömu skýrslu fara fram yfirheyrslur í málinu 13. og 14. nóvember og 19. desember árið 1968.

Virðist því gæta nokkurs misræmis um það, hvenær talið er, að rannsókn málsins hefjist.

Skattahækkanir þær, er úrskurðar er krafist um í máli þessu, ákvarðaði (reiknaði) ríkisskattanefnd á fundi sínum þann 28. september 1971. Skattár er almanaksár, og næsta ár telst gjaldár, skattálagningin árið 1965 er miðuð við eignir og skuldir gjald-

anda, eins og þær voru við upphaf 1. janúar það ár og tekjur og gjöld skattársins 1964. Rétturinn fær því ekki annað séð en að skattayfirvöld hafi ekki gætt þeirra takmarkana, er ákveðin eru í 38. gr. laga um tekju- og eignarskatt, en þar segir, að ekki skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár.

Ríkisskattanefnd ákvarðar skattahækkun gjaldársins 1965 með úrskurði sínum 28. september 1971, og verður því að miða 6 ára tímabilið við það ár, en ekki við upphaf skattrannsóknar, þótt hún virðist hafa hafist nokkru fyrr, enda er skattrannsóknardeild ríkisskattstjóra ekki skattákvörðunaraðili.

Rétturinn verður því að líta svo á, að enda þótt gerðarþoli hafi ekki getað gefið fullnægjandi skýringar á athugasemdum skattayfirvalda á framtali hans árið 1965, þá verður að líta svo á, að skattayfirvöld hafi við ákvörðun sína um skattahækkun þann 28. september 1971 ekki gætt þeirra takmarkana, er ákveðin eru í 38. gr. laga um tekju- og eignarskatt, en þar segir, að ekki skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár.

Rétturinn verður því að líta svo á, að skattahækkun sú, er lögð var á gerðarþola fyrir árið 1965, sé af þessum sökum ekki lögum samkvæm og því ekki lögtakskræf. Verður því að synja um framgang tögtaksgerðar fyrir það ár, þ. e. a. s. fyrir kr. 192.214.00.

Hvað viðvíkur skattahækkun fyrir árin 1966, 1967 og 1968 virðist gerðarþoli ekki hafa getað gefið skattayfirvöldum viðhlítandi skýringar á athugasemdum, er skattayfirvöld hafa gert við framtöl hans þau ár. Enda fær rétturinn ekki séð, að skattayfirvöld hafi gengið það langt í hækkun opinberra gjalda á gerðarþola þau ár, að þau hafi farið út fyrir heimildir þær, er skattalög leyfa, þegar svo stendur á sem í máli þessu.

Samkvæmt framangreindu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar

fyrir árið 1966	kr.	95.642.00
fyrir árið 1967	—	117.076.00
fyrir árið 1968	—	109.962.00
eða samtals fyrir	kr.	322.680.00

ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi máls þessa hinn 7. júlí 1972 til greiðsludags, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 20.000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga fyrir kr. 322.680.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 7. júlí 1972 til greiðsludags. Allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði kr. 20.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 28. október 1974.

Nr. 177/1974: **Ólafur Stefánsson**
gegn
Stjórn Lögmannafélags Íslands.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Lögmannsþóknun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 27. september 1974, sem barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur sóknaraðili kært ákvörðun varnaraðilja í bréfi hans 18. september 1974 um frávísun á kröfu sóknaraðilja um að fá úrskurðað hæfilegt endurgjald fyrir tiltekin málflutningsstörf. Krefst hann þess, að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og lagt verði fyrir varnaraðilja að taka málið til efnismeðferðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 27. ágúst 1974 ritaði sóknaraðili, Ólafur Stefánsson, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, sem hefur leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, varnaraðilja bréf. Óskaði hann eftir úrskurði hans fyrir hæfilegt endurgjald sér til handa fyrir flutning tveggja tiltekinna mála, sem hann hafði flutt á bæj-

arþingi Reykjavíkur fyrir fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Auk þess gerði hann kröfu um „hæfilegan málskostnað fyrir þetta málskot til stjórnar Lögmannafélags Íslands."

Varnaraðili svaraði sóknaraðilja með bréfi 18. september 1974. Segir þar m. a. svo:

„Í 21. gr. l. nr. 61/1942 er ákvæði þess efnis, að félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geti látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu. Efnislega samhljóða ákvæði er í 2. gr. reglna um málflytjendastörf manna í opinberu starfi.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur aflað sér upplýsinga um, að þér séuð í fastri þjónustu fjármálaráðuneytisins sem fulltrúi og það starf sé fullt starf og aðalstarf yðar. Þér hafið ekki opna skrifstofu á reglulegum viðskiptatíma fyrir almenning. Samkvæmt ofangreindu uppfyllið þér ekki skilyrði þess að hafa leyfi til málflutnings, annars vegar vegna þess að málflytjendastarf er ósamrýmanlegt opinberu starfi yðar og hinsvegar uppfyllið þér ekki skilyrði laga nr. 61/1942 um skrifstofu.

Stjórn Lögmannafélags Íslands lítur skv. framangreindu svo á, að ágreiningur yðar og vinnuveitanda yðar, fjármálaráðuneytisins, um endurgjald fyrir flutning dómsmála, sem þér hafið flutt með heimild í 21. gr. l. nr. 61/1942, jafngildi ekki ágreiningi milli lögmanns og umbjóðanda hans, og stjórnin eigi því ekki úrskurðarvald um ágreininginn skv. 8. gr. l. nr. 61/1942.

Ákvæðum lágmarksgjaldskrár LMFÍ verður og aðeins beitt í samskiptum lögmanna og viðskiptamanna þeirra, en ekki um málflytjendastarf skv. 21. gr. l. 61/1942.

Erindi yðar er því vísað frá stjórn Lögmannafélags Íslands."

Ákvörðun þessi verður að skoðast sem úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands, sem heimilt er að kæra til Hæstaréttar samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 31 10. febrúar 1971, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, er lögfræðingum, sem starfa í stjórnarráði, óheimilt

að stunda málflytjendastarf, meðan þeir gegna slíkum störfum. Gildir þetta jafnt, þótt viðkomandi lögfræðingur hafi fengið leyfi til málflutnings samkvæmt lögum nr. 61/1942. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar er lögfræðingum í opinberu starfi, sem ósamrýmanlegt er málflytjendastarfi samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar, heimilt að annast málflutningsstörf fyrir stofnun þá, er þeir vinna hjá. Verður ekki talið, að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi úrskurðarvald um þóknun fyrir slík störf samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Föstudaginn 1. nóvember 1974.

Nr. 109/1974: **Ólafur Steinþórsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Steinþórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1974.

Nr. 167/1974: **Landsbanki Íslands,**
Útibúið á Ísafirði,
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, útibúið á Ísafirði, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. nóvember 1974.

Nr. 176/1964: **Baldur Sigurbaldursson**
gegn
Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Baldur Sigurbaldursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1974.

Nr. 189/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Þórir Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 28. október 1974, sem barst Hæstarétti 30. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til málavaxtalýsingar hins kærða úrskurðar þykir gæsluvarðhaldstími varnaraðilja hæfilega ákveðinn allt að 30 dögum frá 27. október 1974 að telja, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur í þessum þætti máls varnaraðilja.

Dómsorð:

Varnaraðili, Magnús Helgi Kristjánsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum frá 27. október 1974 að telja.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. október 1974.

Ár 1974, sunnudaginn 27. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Kærði Magnús Helgi Kristjánsson, fæddur 3. maí 1955, hefur viðurkennt að hafa í félagi með öðrum brotist inn í hús við Njörvasund og Sæviðarsund í septembermánuði s.l.

Þá hefur kærði einnig viðurkennt að hafa tekið þátt í innbroti í hús nr. 3 við Fagrabæ hér í borg, þar sem stolið var frímerkjum.

Loks er kærði grunaður um að eiga aðild að innbroti í hús við Hringbraut hér í borg, en ekki er vitað til, að neinu hafi verið stolið þar.

Dómara er kunnugt um, að ríkissaksóknari hefur höfðað mál gegn kærða Magnúsi Helga o. fl. með útgáfu tveggja ákæruskjala, dags. 30. nóvember 1973 og 3. apríl 1974, fyrir innbrot og nytjastuld og ölvun við akstur, og hafa bæði málin verið dómtekin.

Með hliðsjón af framansögðu, sakarferli kærða, sem margítrekað hefur gerst brotlegur, og tilvísun til 5. tl. 67. gr. laga 73/1973 ber að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda hlýtur lengd gæsluvarðhaldstímans að miðast við það, að kærði verði ekki látinn laus, á meðan málum hans er ekki lokið.

Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar 33/1944 eru ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot þau, sem kærði hefur játað, geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Helgi Kristjánsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1974.

Nr. 188/1974: **Carl J. Eiríksson**
gegn
Emil Ágústssyni borgardómara.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 1. október 1974, sem barst Hæstarétti 28. s. m., kært „þá ákvörðun Emils Ágústssonar borgardómara, dags. 1. október 1974, að synja um leiðréttingu á skekkjum og villum í dómi ... uppkveðnum 4. júní 1974."

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 4. júní 1974 kvað varnaraðili upp dóm í máli, er sóknaraðili höfðaði gegn Barnavinafélaginu Sumargjöf. Sóknaraðili áfrýjaði dómi þessum til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1974, og málinu var gagnáfrýjað með stefnu 13. s. m. Hafa mál þessi verið sameinuð og rekin hér fyrir réttinum.

Með bréfi til embættis borgardómara 26. september 1974 krafðist sóknaraðili þess með skírskotun til 195. gr. laga nr. 85/1936, að leiðrétt yrðu alls 17 atriði í nefndum dómi. Var hér bæði um að ræða „ritvillur og ... skekkjur", að því er í bréfinu segir.

Hinn 1. október 1974 ritaði varnaraðili bréf, þar sem hann kveðst hafa kynnt sér bréf sóknaraðilja frá 26. september 1974. Í bréfinu segir svo: „Ég tel, að atriði, sem þar koma fram, gefi að svo stöddu ekki tilefni til aðgerða af minni hálfu." Með bréfi 4. október 1974 tilkynnti varnaraðili sóknaraðilja, að hann væri reiðubúinn að leiðrétta þrjár ritvillur í endurriti af dóminum, en varðandi tvö atriði vísaði varnaraðili til sérstakrar yfirlýsingar, er hann hafði áður gefið sóknaraðilja. Þá segir í bréfi þessu: „Sé um að ræða missagnir í dómi málsins í öðrum þeim tilvikum, sem getið er í bréfi yð-

ar, tel ég þau þess eðlis, að mér sé óheimilt að breyta þeim, en um þau verður að sjálfsögðu fjallað við væntanlegan flutning málsins í Hæstarétti.“

Lagaheimild skortir til kæru máls þessa. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1974.

Nr. 84/1973: **Kristinn Bergþórsson**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn
Guðrúnu Garðsdóttur og
Bjarna Kristinssyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Afnotamissir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. maí 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 19.835.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 27. júní 1973. Krefjast þeir þess, „að fjárhæð dómkrafna aðaláfrýjanda verði lækkuð verulega eftir mati Hæstaréttar“ og aðaláfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Eigi er sannað, að gagnáfrýjandi Guðrún hafi á árekstrarstað skuldbundið sig til, að aðaláfrýjandi fengi á hennar kostnað „bíl, meðan á viðgerð stæði".

Samkvæmt gögnum málsins verður að leggja það til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi misst not bifreiðar sinnar í 19 daga vegna skemmda þeirra, sem leiddu af árekstri bifreiðanna. Ber gagnáfrýjendum að bæta aðaláfrýjanda tjón hans af þessum sökum, en fébótaábyrgð þeirra er eigi mótmælt. Þykja bætur af þessu efni hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, sem gagnáfrýjendum ber að greiða óskipt með vöxtum svo sem krafist er.

Þá þykir rétt, að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 6. mars 1973 tók héraðsdómarinn skýrslu af aðaláfrýjanda máls þessa. Það, sem gerðist í þinghaldi þessu, var ekki skráð í þingbók, en aðeins tekið á segulbönd.

Ekki var aðaláfrýjanda gefinn kostur á að hlýða á þessa skýrslu sína í heild, áður en hann vék frá dómi. Síðan virðist munnlegur málflutningur hafa fram farið, án þess að nokkuð væri skráð í þingbók, en ágrip þess, er gerðist, talað inn á segulbönd. Virðist síðan hafa verið vélritað af segulböndunum og óstaðfest endurrit hins vélritaða fellt í dómsgerðir. Lög nr. 85/1936 veita eigi heimild til, að það, er gerist í þinghöldum, sé tekið á segulbönd, þannig að sú upptaka komi í stað skráningar í þingbók, sbr. 3. mgr. 133. gr. og 2. og 3. mgr. 42. gr. nefndra laga. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja ekki, að efni skýrslu aðaláfrýjanda sé rétt greint svo og það, er fram fór í hinum munnlega málflutningi.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Guðrún Garðarsdóttir og Bjarni Kristinsson, greiði aðaláfrýjanda, Kristni Bergþórssyni, óskipt kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971

til greiðsludags og kr. 20.000.00 í kærumálskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. mars 1973.

I.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 6. mars s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný 20. mars s.l., hefur Kristinn Bergþórsson, Grettisgötu 3, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. ágúst 1972, gegn Guðrúnu Garðarsdóttur og Bjarna Kristinssyni, báðum til heimilis að Skipholti 51, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 19.835.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. júlí 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þá varakröfu, að stefndu yrðu in solidum dæmd til að greiða sömu fjárhæð, en með 7% ársvöxtum frá sama tíma auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Þá er stefnt til réttargæslu Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík.

Af hálfu stefndu er krafist verulegrar lækkunar á fjárhæð stefnukröfu að mati dómara, að vaxtakrafa stefnanda verði færð í rétt horf og að synjað verði málskostnaðarkröfu stefnanda. Jafnframt er krafist hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómara.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og ekki gerir hann kröfur af sinni hálfu.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

II.

Tilefni máls þessa er, að 18. júní 1971 ók stefnda Guðrún bifreið eiginmanns síns, stefnda Bjarna, á bifreið stefnanda og olli á henni skemmdum. Samkvæmt skýrslu stefndu Guðrúnar hjá réttargæslustefnda slysdaginn fór í sundur hemlabarki á vinstra framhjóli bifreiðarinnar, þannig að hemlar urðu óvirkir. Umrædd bifreið, R 3176, var skylduábyrgðartryggð hjá réttargæslustefnda. Enginn ágreiningur var um ábyrgð á tjóni stefnanda. Réttargæslustefndi bætti að fullu allan viðgerðarkostnað. Bifreið stefnanda, R 1724, var í viðgerð frá 21. júní til 7. júlí 1971. Stefnandi krafði réttargæslustefnda um greiðslu reiknings frá Bílaleigunni

Akbraut, Reykjavík, fyrir framangreint tímabil, alls kr. 19.835.00. Synjað var fullri greiðslu þess reiknings, en hins vegar voru boðnar bætur fyrir afnotamissi, „venju samkvæmt", að því er réttargæslustefndi hélt fram, en „aðeins óverulegar" að mati stefnanda, svo að hann hafnaði þeim algerlega og höfðaði mál þetta. Ekki er fram komið í málinu, hve hátt þetta umrædda boð réttargæslustefnda var að krónutölu.

Í þinghaldi 6. mars s.l. var lögð fram skrifleg aðiljaskýrsla stefnanda, sem hann staðfesti í réttinum. Þar segir, að bifreið hans sé af gerðinni Peugeot, árgerð 1970. Þegar ákveðið hefði verið á árekstrarstað að gera ekki lögregluskýrslu um árekstur inn, hafi stefnda Guðrún sagt við stefnanda, að hann gæti auðvitað treyst því að verða ekki fyrir tjóni af þessu og mundi hann fá tjónið að fullu bætt og bíl, meðan á viðgerð stæði. Á mánudegi 21. júní 1971 hafi stefnandi fengið sér bílaleigubíl, þar sem hann hafi ekki getað útvegað sér neinn annan hentugri bíl, sem honum hafi verið nauðsynlegt að hafa við umfangsmikinn rekstur heildverslunar sinnar. Hafi honum fyrst komið í hug að fá sér lítinn Volkswagen bíl, en við nánari umhugsun hafi honum fundist hann ekki geta ekið slíkum bíl örugglega, m. a. vegna óvana og þess, hversu stór hann, þ. e. stefnandi, er og sver. Gæti það skapað hættu í umferðinni fyrir hann og aðra. Hafi hann þess vegna tekið á leigu bifreið af gerðinni Cortína, sem hann hafi notað alveg eins og hann hefði notað sinn eigin bíl þann tíma, sem viðgerð Peugeot bifreiðarinnar stóð yfir.

Fyrir dóminum sagði stefnandi, að fyrirtæki hans væri einkafyrirtæki, sem ræki heildverslun með vefnaðarvörur. Við fyrirtækið störfuðu þrír menn, sem ynnu heilan dag, en tveir, sem ynnu hálfan dag. Fyrirtækið ætti sendiferðabifreið af Volkswagen gerð, sem notuð væri í þágu þess. Stefnandi sagði, að hann hefði notað Peugeot bifreiðina nokkurn veginn jöfnum höndum fyrir fyrirtækið og fyrir sjálfan sig. Sagðist hann halda, að um 70% af rekstrarkostnaði hennar væru færð á fyrirtækið, en 30% væru áætluð einkaafnot. Bifreiðin hefði t. d. verið notuð í söluleiðangra og eins að rukka inn reikninga, sækja víxla o. fl. Varla væri hægt að segja, að aðrir en hann sjálfur hefðu notað bifreiðina í þágu fyrirtækisins.

Að lokinni þessari aðiljayfirheyrslu fór í sama þinghaldi fram munnlegur málflutningur. Hreyfði þá lögmaður stefnanda m. a. þeirri málsástæðu, að krafa hans gagnvart stefndu Guðrúnu væri enn fremur byggð á loforði hennar, sem kæmi fram í áðurnefndri

skriflegri aðiljaskýrslu stefnanda. Í málflutningi sínum mótmælti lögmaður stefndu m. a. því, að stefnda Guðrún hefði lofað að greiða einhverjar tilteknar bætur, en sagðist ekki mótmæla nefndri málsástæðu sem of seint fram kominni. Lögmaður stefnanda mótmælti þá, í síðari ræðu sinni, þessum mótmælum stefndu sem of seint komnum.

Eins og áður segir, var mál þetta endurupptekið 20. mars s.l., og var þá bókað í þingbók: „Vegna ummæla í 5. mgr. aðilakýrslu **á dskj. nr. 7 beinir dómarinn** því til lögmanns stefndu, að honum gefist kostur á að leiða stefndu Guðrúnu fyrir rétt, til þess að hún tjái sig um framangreind ummæli stefnanda." Af þessu tilefni óskaði lögmaður stefndu svohljóðandi bókunar:

„Lögmaður stefnanda hélt því fram við munnlegan málflutning 6. mars sl., að umbj. m. Guðrún Garðarsdóttir hefði lofað stefnanda því á árekstursstað, að hann mætti taka bílaleigubíl og fengi þau útgjöld fullbætt. Þessari fullyrðingu hafði til þessa ekki verið hreyft í málinu, ekki í stefnu, ekki í greinargerð og ekki í kröfubréfi til umbj. m. á dskj. nr. 5. Ég mótmæli alfarið þessari fullyrðingu. Þá leyfði lögmaður stefnanda sér að bera fyrir sig, að mótmæli mín væru of seint fram komin, enda þótt tilefni til að bera slík mótmæli fram af minni hálfu hefðu eigi fyrr komið fram en í nefndu réttarhaldi, þegar fram var lögð næsta síðbúin aðilaskýrsla stefnanda.

Lögmaður stefnanda lét ekki við þetta sitja, heldur vefengdi, að ég hefði rætt málið við umbj. m. stefndu Guðrúnu og gaf í skyn, að ég væri að ráðstafa sakarefninu á eindæmi mitt.

Ég hefi af þessu tilefni rætt við umbj. m. Guðrúnu. Synjar hún algjörlega fyrir að hafa lofað stefnanda einu eða neinu. Hún kveðst einungis hafa viðurkennt sök á árekstrinum. Mótmælir hún alfarið persónulegri greiðsluskyldu og vísar á Samvinnutryggingar. Lögmanni stefnanda er velkomið að hafa samband við umbj. m. og ræða þetta við hana, ef það gæti sannfært hann. En ég sé enga ástæðu til, að umbj. m. komi fyrir dóm af þessu tilefni."

Fór síðan fram munnlegur flutningur málsins að nýju.

III.

Gagnvart stefndu Guðrúnu sérstaklega styður stefnandi mál sitt þeim rökum, að hún hafi, svo sem að framan er rakið, lofað honum fullri greiðslu á tjóni hans, og því beri henni að greiða honum hina umstefndu fjárhæð. Að öðru leyti byggir stefnandi

kröfur sínar á því, að tjóni hafi verið valdið á bifreið hans, án þess að hann hafi átt nokkurn minnsta þátt þar í. Hann verði ekki skaðlaus af nefndu umferðaróhappi, nema umræddur bílaleigureikningur verði greiddur að fullu. Þar sem stefnandi sé mjög stór og stæðilegur maður og sakir efnahags hans, hafi hann sjálfur kosið að eiga rúmgóða og trausta bíla og greiða fyrir það tilsvarandi kostnað. Því sé alfarið mótmælt, að hann eigi að þola það, að ekið sé á bíl hans, hann skemmdur og beyglaður, og honum síðan gert að aka á Trabant eða Volkswagen bifreið, meðan viðgerð fari fram.

Lækkunarkröfu sína byggja stefndu á því, að krafa stefnanda til bóta fyrir afnotamissi sé allt of há. Sú venja hafi skapast hérlendis að reikna bifreiðaeigendum bætur fyrir afnotamissi bifreiða sinna eftir bótaskyld tjón miðað við eðlilegan viðgerðartíma. Venja þessi byggist á fordæmi dómstóla. Við ákvörðun slíkra bóta hafi verið farið eftir notagildi bifreiða. Gerður sé greinarmunur á einkabifreiðum og atvinnubifreiðum í þessu sambandi, en innan þessara aðalflokka sé gerður nokkur greinarmunur eftir notagildi bifreiða fyrir eigendur, þó svo, að fyrst og fremst hafi verið lagður þar á almennur mælikvarði, en yfirleitt sé ekki tekið tillit til sérstakra einstaklingsbundinna sjónarmiða í hverju tilviki, hvað þá að eltar hafi verið ólar við duttlunga hvers einstaks tjónþola. Í því tilviki, sem hér sé til álita, sé um einkabifreið að ræða. Sérstakar ástæður stefnanda með tilliti til notagildis bifreiðarinnar séu tilgreindar í greinargerð umboðsmanns hans þær, að stefnandi sé stór og stæðilegur maður, sem sakir þess og efnahags hans hafi kosið sér að eiga rúmgóða og trausta bíla. Um annað notagildi stefnanda af bifreiðinni umfram venjulega einkabifreið ræði ekki. Það sé því ljóst, að í bótalegu tilliti hafi stefnandi ekki orðið fyrir öðru eða meira tjóni en gengur og gerist um eigendur einkabifreiða, sem fyrir afnotamissi verða. Hann eigi því ekki lögvarið tilkall til frekari bóta fyrir afnotamissi bifreiðar sinnar umrætt tímabil en hver annar eigandi einkabifreiðar almennt eigi. Vel geti verið, að stefnandi eigi erfiðara með að sætta sig við slíka réttarstöðu en almennt er, en nefndir sérhagsmunir hans njóti ekki bótaverndar í þessu tilliti. Það sé út í hött, að stefndu ákveði fyrir stefnanda, að hann aki á „Trabant" eða „Volkswagen". Honum sé í sjálfsvald sett, þeirra vegna, að verða sér úti um afnot aldýrasta bíls, sem völ gæti orðið á. En stefnandi leggi þá meira upp úr öðru en almennu notagildi bifreiða og verði sjálfur að greiða umframkostnaðinn. Það sé yfirleitt ástæðulaust fyrir eig-

endur einkabifreiða að leigja aðra bifreið, þegar líkt standi á og hér. Menn geti hæglega komist um borgina þvera og endilanga með strætisvögnum. Sumir leggi það jafnvel á sig að ganga. Ástæða sé til að ætla, að það séu hreinar undantekningar, að menn sjái ástæðu til að eyða í leigubifreiðir, hvað þá bílaleigubifreiðir, sé einkabifreið úr notkun um stundarsakir, og að aðrir eigi að svara til slíkra útgjalda en hlutaðeigandi bifreiðareigandi sjálfur. Erlendis, t. d. í Danmörku, hafi dómstólar alls ekki viðurkennt rétt eiganda einkabifreiða til bóta fyrir afnotamissi, þó að hér hafi annað orðið uppi á teningnum, þar sem bifreiðar í þéttbýli séu ofnotaðar meira en víðast annars staðar. Bætur fyrir afnotamissi af einkabifreið hafi tíðkast 200.00—300.00 krónur pr. dag. Standi sérstaklega á, komi til greina að greiða bætur, er svari til fastagjalds ódýrasta bílaleigubíls, þ. e. hafi einkabifreið sannanlega verið notuð að ráði í þágu atvinnu bifreiðareigandans. Það sé fráleitt, að rekstrarkostnaður bílaleigubíls sé jafnframt greiddur. Tjónþoli verði eðlilega að greiða hann sjálfur, enda svari hann til rekstrarkostnaðar eigin bíls, sem sparist á meðan.

Því er alfarið mótmælt af hálfu stefndu, að stefnda Guðrún hafi lofað stefnanda greiðslu hér umræddrar kröfu, og vísaði umboðsmaður stefndu í því sambandi til áðurnefndrar bókunar sinnar í þinghaldi 20. mars s.l. svo og til innheimtubréfs á dskj. nr. 5.

Gegn mótmælum af hálfu stefndu Guðrúnar verður sá skilningur ekki lagður í þau ummæli hennar, sem stefnandi hefur eftir henni í aðiljaskýrslu sinni, að hún hafi lofað að greiða þá kröfu, sem stefnandi gerir í þessu máli. Þessari málsástæðu stefnanda er því hafnað.

Af hálfu stefndu er viðurkennt, að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna afnotamissis framangreindrar bifreiðar sinnar. Þegar hliðsjón er höfð af gögnum málsins og öðrum þeim atriðum, sem hér skipta máli, þykir tjón stefnanda vegna afnotamissis bifreiðarinnar umgetinn tíma hæfilega metið kr. 8.000.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu verða in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 8.000.00 með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 7. júlí 1971 til greiðsludags. Þar sem ekki liggur fyrir í málinu, hvert boð stefndu var til stefnanda um greiðslu bóta utan réttar, verða stefndu in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir málavöxtum þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Garðarsdóttir og Bjarni Kristinsson, greiði in solidum stefnanda, Kristni Bergþórssyni, kr. 8.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1974.

Nr. 60/1974: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari)
gegn
Árna Húnfjörð Friðrikssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákæruði hafi gerst sekur um brot á þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1966 og áfengislaga nr. 82/1969, er í dóminum greinir.

Varðhaldsrefsingu þeirri, sem ákæruði sætti með dómi sakadóms Seyðisfjarðar hinn 30. júní 1964, var að ósk ákærða breytt með náðun í 3.500 króna sekt hinn 22. febrúar 1966. Samkvæmt gögnum, er fram hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, skyldi varðhaldsrefsing samkvæmt dóminum frá 30. júní 1964 vera vararefsing fésektarinnar. Að svo vöxnu ber að telja, að ítrekunaráhrif greinds dóms hafi verið fallin brott, er ákæruði framdi brot það, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, hinn 27. janúar 1973, sbr. lokaákvæði 3. málsgr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Með vísun til þessa þykir refs-

ing ákærða samkvæmt framangreindum refsiákvæðum hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Ákærði skal sviptur ökuleyfi sínu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga í 1 ár frá birtingu héraðsdóms hinn 7. nóvember 1973 að telja.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00. Málsvarnarlaun verða eigi dæmd, með því að verjandi afsalaði sér tilkalli til þeirra.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Húnfjörð Friðriksson, sæti varðhaldi 10 daga. Hann er sviptur ökuleyfi sínu 1 ár frá birtingu héraðsdóms hins 7. nóvember 1973 að telja.

Ákærði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 21. september 1973.

Árið 1973, föstudaginn 21. september, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð var á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 991/1973: Ákæruvaldið gegn Árna Húnfjörð Friðrikssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Árna Húnfjörð Friðrikssyni, Öldugötu 15, Hafnarfirði, fyrir að aka að morgni laugardagsins 27. janúar 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 7333 frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og þar um götur bæjarins, þar sem akstur hans var stöðvaður af lögreglumönnum á Hólabraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-

leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. júní 1939 að Sunnuhvoli, Akrahreppi, Skagafirði, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1964 30/6 Seyðisfirði: Dómur: 10 daga varðhald, ökuleyfissvipting í 12 mánuði frá 23. júlí 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 27. janúar 1973, kl. 0725, var bifreiðin G 7333 stöðvuð af lögreglumönnum á Hólabraut í Hafnarfirði á móts við knattspyrnuvöllinn, en þeir höfðu áður fylgst með akstri bifreiðarinnar, er henni var ekið af Strandgötu og suður Hvaleyrarbraut, og þótt akstur hennar nokkuð skrykkjóttur. Höfðu þeir tal af ökumanni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og töldu þeir hann vera áberandi ölvaðan. Var hann fluttur á lögreglustöðina í Hafnarfirði, þar sem tekin var af honum varðstjóraskýrsla og fenginn læknir, sem tók honum blóð til alkóhólsrannsóknar.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, augu vot, rauð og blóðhlaupin, andlit þrútið og rjótt, jafnvægi óstöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar þvöglulegt, framkoma kurteis og framburður greinargóður.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atvikum svo, að föstudagskvöldið 26. janúar s.l. og eitthvað fram á nóttina hafi hann drukkið á Hótel Loftleiðum 3—4 glös af rommi, en svo ekið bifreið sinni, G 7333, þaðan að Hverfisgötu 50 í Hafnarfirði og fundið þá lítillega til áfengisáhrifa við aksturinn. Að Hverfisgötu 50 kvaðst hann hafa haldið áfram vindrykkjunni og svo um morguninn hafa ekið bifreiðinni þaðan um Hverfisgötu, Strandgötu og Hvaleyrarbraut og Hólabraut, þar sem aksturinn var stöðvaður af lögreglu. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við þann akstur. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis við aksturinn né eftir að honum lauk.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, fundust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 1.57‰ af alkóhóli.

Með eigin framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Svo sem rakið er hér að framan, hlaut ákærði 30. júní 1964 á Seyðisfirði dóm, 10 daga varðhald og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði frá 23. júlí 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Refsingu þessari var með náðun breytt í 3.500 króna sekt árið 1966. Sekt þessa tókst ekki að innheimta hjá ákærða, og hefur refsingin því fallið niður árið 1971 vegna fyrningar, og samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga per analogiam hefst fyrningarfrestur ítrekunaráhrifa frá þeim tíma. Dómurinn hefur því ítrekunaráhrif.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Árni Húnfjörð Friðriksson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1974.

Nr. 32/1973: **Sveinn Þormóðsson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Iðnaðarbanka Íslands h/f
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Víxilmál. Fölsun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. febrúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 2. ágúst 1972 með hinn áfrýjaða dóm að aðfararheimild, verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Hann andmælir eigi þeirri kröfu áfrýjanda, að framangreind fjárnámsgerð verði felld úr gildi.

Áfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu af víxilkröfu stefnda á því, að nafn hans sé falsað á víxli þeim, sem er grundvöllur málssóknar stefnda gegn áfrýjanda, og vísar í því efni til gagna, sem rakin eru hér síðar.

Stefndi andmælir því, að nafn áfrýjanda sé falsað á víxlinum, og jafnframt er því andæft af hans hálfu, að þessi vörn komist að í málinu, sbr. 45. gr. laga nr. 57/1962, nú 45. gr. laga nr. 75/1973, enda hafi áfrýjanda verið löglega stefnt til bæjarþings í málinu og hafi verið í lófa lagið að setja fram málsvörn þessa í héraði.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, sem fram er lögð fyrir Hæstarétti, gekkst Kristín Sveinsdóttir, sem var ábekingur á víxlinum, við því fyrir rannsóknarlögreglu hinn 20. október 1972 að hafa ritað heimildarlaust á víxilinn nafn áfrýjanda sem útgefanda og Más Þorvalds-

sonar sem samþykkjanda. Samkvæmt sömu skýrslu bar Már Þorvaldsson fyrir rannsóknarlögreglu hinn 1. nóvember 1972, að nafn hans væri skráð heimildarlaust á víxil þenna. Áfrýjandi kom fyrir rannsóknarlögreglu hinn 8. nóvember s. á. og kvað nafn sitt ritað heimildarlaust á víxilinn. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 2. nóvember 1973 er talið sannað, að Kristín Sveinsdóttir hafi falsað framangreindan víxil, og er henni dæmd refsing fyrir það atferli samkvæmt 115. gr .almennra hegningarlaga.

Fölsunarmótbáru verður við komið í víxilmáli, sbr. 1. málsgrein 208. gr. laga nr. 85/1936. Svo sem að framan greinir, gekkst Kristín Sveinsdóttir við því fyrir rannsóknarlögreglu, röskun 3 mánuðum eftir að héraðsdómur gekk, að hún hafi ritað nafn áfrýjanda heimildarlaust á víxilinn. Telja verður, að það mundi valda áfrýjanda verulegum réttarspjöllum, ef mótbára hans væri eigi tekin til úrlausnar fyrir Hæstarétti. Þykir 45. gr. laga nr. 57/1962, sbr. nú 45. gr. laga nr. 75/1973, eigi skjóta loku fyrir, að vörn þessi komist að í málinu, svo sem hér hagar til, þrátt fyrir andmæli stefnda.

Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar í málinu, að nafn áfrýjanda sé heimildarlaust ritað á víxil þann, sem málssókn stefnda gegn áfrýjanda er á reist. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu. Samkvæmt þessu ber og að fella úr gildi fjárnámsgerð, sem framkvæmd var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 2. ágúst 1972 á grundvelli hins áfrýjaða dóms. Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði, og verður því að dæma hann til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sveinn Þormóðsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Iðnaðarbanka Íslands h/f, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júní s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. júní s.l., af Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, gegn Má Þorvaldssyni, Grettisgötu 55, Reykjavík, áður, en samkvæmt vottorði stefnuvotta nú til heimilis að Veghúsastíg 3, Reykjavík, Sveini Þormóðssyni, Ásgarði 7, Reykjavík, og Kristínu Sveinsdóttur, Grettisgötu 55, Reykjavík, áður, en samkvæmt vottorði stefnuvotta nú til heimilis að Veghúsastíg 3, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 20.000.00, útgefins 12. janúar 1972 af stefnda Sveini og samþykkts af stefnda Má til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í bæ 12. apríl 1972, en á víxli þessum, sem var afsagður vegna greiðslufalls 14. apríl 1972, eru útgefandi og Kristín Sveinsdóttir ábekingar.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 12. apríl 1972 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing og er þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með löglegri heimild, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.500.00.

Kristín Briem, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Már Þorvaldsson, Sveinn Þormóðsson og Kristín Sveinsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 12. apríl 1972 til greiðsludags, kr. 180.00 í afsagnarkostnað og kr. 5.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. ágúst 1972.

Ár 1972, miðvikudaginn 2. ágúst, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Ásgarði 7 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A - 1684/1972: Iðnaðarbanki Íslands gegn Sveini Þormóðssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 8104/1972. Nr. 1 fylgir með í eftirriti, nr. 2 í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Ara Ísbergs héraðsdómslögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 20.000.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 12. apríl 1972 til greiðsludags, kr. 470.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 180.00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 5.500.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Pétur Þorsteinsson sem býr/starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign/arhluta gerðarþola í húseigninni nr. 7 við Ásgarð.

Gerðarþola var tilkynnt um fjárnámið með ábyrgðarbréfi. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 8. nóvember 1974.

Nr. 78/1973: **Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Anny Olsen og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Skaðabótamál. Ábyrgð framleiðanda. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 22. maí 1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á tjónbótum, að ársvextir verði eigi dæmdir hærri en 7% og að málskostnaður verði lækkaður eða niður felldur.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. júní 1973. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 2.083.279.00 með 7% ársvöxtum af kr. 1.986.679.00 frá 21. febrúar 1968 til 7. júní s. á., af kr. 1.991.679.00 frá þeim degi til 20. september 1972, af kr. 2.074.279.00 frá þeim degi til 19. október 1972 og af kr. 2.077.779.00 frá þeim degi til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 24. október 1974 og af kr. 2.083.279.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði aðallega gegn aðaláfrýjanda, en til vara gegn versluninni Herjólfi, og gegn Hagtryggingu h/f til réttargæslu. Gagnáfrýjandi hefur eingöngu áfrýjað málinu að því er varðar aðaláfrýjanda.

I.

Skýrsla öryggismálastjóra 4. desember 1969 varðandi slys það, sem mál þetta er sprottið af, er tekin upp í héraðsdóm.

Matsgerð dómkvaddra matsmanna um slysið er rakin í megindráttum í héraðsdómi. Könnun matsmanna á flösku þeirri, er slysið hlaust af, leiddi í ljós „veikan punkt, sem getur þýtt, að álagsþol væri aðeins um 7 kg/cm², en það er þrýstingur, sem vænta má í venjulegri sódavatnsflösku við um 20° C. Samkvæmt þessu er líklegustu skýringar á slysinu að leita í veikleika umbúðanna (glersins)".

Í matsgerðinni og í skýrslum matsmanna fyrir dómi er bent á, að könnun matsmanna hjá þremur gotdrykkjagerðum hér á landi sýni, að flöskur séu misjafnar, m. a. að því er varðar þykkt glers. Matsmaðurinn Gunnar Hafsteinn Bjarnason verkfræðingur kveðst fyrir dómi ekki koma auga á aðra skýringu á því, að flaskan sprakk, en þá, að glerið hafi verið veikt. Matsmaðurinn kvað það vera persónulega skoðun sína, „að þessar umbúðir séu ekki hæfar til þess að geyma þennan vökva, eins og hann er framleiddur". Hann taldi „ekki óskynsamlegt" að setja á flöskurnar prentaða viðvörun, m. a. varðandi geymslu á flöskunum. Matsmaðurinn Jóhann Jakobsson efnaverkfræðingur kvaðst einnig í vætti sínu vera þeirrar skoðunar, „að það væri eðlilegt" að greina á flöskum ábendingu um, að flöskur skyldi geyma „í kældum geymslum".

II.

Af gögnum máls verður ráðið, að framleiðsluhættir hjá aðaláfrýjanda eru svipaðir og hjá öðrum gosdrykkjagerðum hér á landi. Umbúðir virðast hins vegar nokkuð misjafnar, svo sem áður greinir. Í flöskunni, sem mál þetta er sprottið af, var tékkneskt gler samkvæmt því, er forráðamaður aðaláfrýjanda skýrir frá. Telur hann það almennt fullnægja alþjóðlegum styrkleikakröfum, og eru eigi bornar á það brigður í máli þessu.

Einhlít skýring hefur eigi komið fram um orsakir þess, að flaskan sprakk. Telja verður sannað með matsgerð og vætti matsmanna, sem eigi er hnekkt af hálfu aðaláfrýjanda með yfirmatsgerð eða öðrum sérfræðilegum gögnum, að á flöskunni hafi verið „veikur punktur", er valdið hafi hættu á, að flaskan spryngi við 20—25 stiga hita. Sódavatn er framleitt

til sölu á almennum markaði og selt í ýmsum verslunum með misjafnri aðstöðu til geymslu. Viðurkennt er, að verslun sú, sem gagnáfrýjandi starfaði í, er slysið varð, keypti sódavatnsflöskuna frá aðaláfrýjanda, að öllum líkindum hinn 5. janúar 1968, og að aðaláfrýjandi hafi eigi látið gagnáfrýjanda í té leiðbeiningar um þá hættu, sem því væri samfara að geyma flösku þessa í vistarverum, þar sem hiti yrði slíkur sem að framan greinir. Gera verður ríkar kröfur til þeirra, sem framleiða neysluvarning til sölu á almennum markaði, um, að varningur og umbúðir um hann séu svo úr garði gert, að af venjulegri meðferð varningsins stafi eigi hætta fyrir þá, sem meðhöndla hann eða eru í námunda við hana. Ekki er leitt í ljós, að tjón gagnáfrýjanda stafi af annarri orsök en þeirri, sem matsmenn telja líklegasta. Eigi er heldur sýnt fram á, að orsökin sé óhæfileg geymsla eða meðferð flöskunnar í verslun þeirri, sem gagnáfrýjandi starfaði í, er slysið varð, né að slys verði rakið til hegðunar gagnáfrýjanda. Með vísan til þessa og til raka héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómsmönnum, þykir bera að staðfesta þá niðurstöðu hans, að aðaláfrýjandi beri fulla fébótaábyrgð á slysi gagnáfrýjanda, enda þykir gagnáfrýjandi eiga beinan bótarétt á hendur aðaláfrýjanda, eins og hér stendur á.

III.

Bótakröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Örorkubætur (kr. 1.397.785.00 ÷ kr. 111.106.00)	kr.	1.286.679.00
2. Ýmis kostnaður	—	96.600.00
3. Miski	—	700.000.00
	Kr.	2.083.279.00

Hinn 24. október 1974 hefur Þórir Bergsson, cand. act., endurskoðað fyrri örorkutjónsreikninga fyrir gagnáfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi. Í þessari endurskoðun er höfð hliðsjón af hækkunum á þeim launatöxtum, sem tryggingа-

stærðfræðingurinn telur máli skipta um tap gagnáfrýjanda, en tæknilegur reikningsgrundvöllur er hinn sami og í fyrri reikningum að öðru leyti en því, að byggt er á, að ársvextir hafa hækkað úr 7% í 9% frá 16. maí 1973. Verðmæti vinnutekjutaps gagnáfrýjanda fyrir heimilisstörf telur tryggingastærðfræðingurinn vera samtals kr. 644.980.00, en fyrir verslunarstörf samtals kr. 752.805.00.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Úlfars Þórðarsonar augnlæknis, dags. 1. nóvember 1974, um sjón gagnáfrýjanda. Í vottorði þessu segir m. a. svo: „Afleiðingar slyssins eru einkum tvennar, starfsemi ljósopsins hefur tapast að mestu. Í öðru lagi mikill astigmatismus hefur myndast. Í þriðja lagi, ekki tekst með gerjum að bæta sjón augans að neinu marki. Ástand er varanlegt. Ský í ljósbrjót kann að myndast seinna, en ekki sjást einkenni þess eins og er."

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, hefur í vottorði 5. nóvember 1974 lýst því, að framangreint vottorð augnlæknisins gefi ekki tilefni til breytinga á örorkumati því, er hann framkvæmdi hinn 28. maí 1968.

Samkvæmt gögnum máls þykir tjón gagnáfrýjanda vegna örorku og miska hæfilega metið kr. 850.000.00, og hefur þá verið dregin frá greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 111.106.00.

Annar kröfuliður, kr. 96.600.00, telst til málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 850.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar 1968 til greiðsludags. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 350.000.00, þar með talinn greiddur kostnaður.

Í máli þessu hafa nokkrar vitnaskýrslur og aðiljaskýrsla verið tekin á segulbönd, en eigi skráðar í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja ekki efni skýrslnanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulbönd, vísast til athugasemda í dómum Hæstaréttar 6. apríl 1973 og 6. desember 1973.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, greiði gagnáfrýjanda, Anny Olsen, kr. 850.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. febrúar 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 350.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt gögnum málsins verður við það að miða, að forráðamenn verslunarinnar Herjólfs hafi 5. janúar 1968 keypt af aðaláfrýjanda nokkurt magn gosdrykkja, þ. á m. sódavatnsflösku þá, er sprakk 21. febrúar 1968 og orsakaði slys gagnáfrýjanda. Vörur þessar voru keyptar til sölu í versluninni, enda er hér um algenga verslunarvöru að ræða.

Gagnáfrýjandi var starfsmaður verslunarinnar Herjólfs og vann að afgreiðslustörfum í þágu verslunarinnar, er slysið varð. Þegar til þessa er litið, er eðlilegast, að gagnáfrýjandi beini bótakröfu sinni að vinnuveitanda sínum, en ekkert það réttarsamband var á milli gagnáfrýjanda og aðaláfrýjanda, er leiði til þess, að gagnáfrýjandi eigi rétt til bóta vegna slyss þessa úr hendi aðaláfrýjanda. Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ég er sammála athugasemd meiri hluta dómenda um notkun segulbanda í þinghöldum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Anny Olsen, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 30. mars s.l., en endurupptekið og dómtekið á ný þann 16. apríl s.l., hefur Anny Olsen, Barmahlíð 46, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. og 15. júní 1970, aðallega gegn Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f, Reykjavík, en til vara gegn versluninni Herjólfi, Skipholti 70, Reykjavík. Þá er til réttargæslu stefnt Hagtryggingu h/f, Reykjavík.

Upphaflegar stefnukröfur voru þær, að aðalstefnda og versluninni Herjólfi til vara verði gert að greiða stefnanda kr. 840.810.00 með 8% ársvöxtum af kr. 835.810.00 frá 21. febrúar 1968 til 7. júní 1968 og af kr. 840.810.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Á bæjarþingi þann 7. desember 1972 lagði stefnandi með samþykki aðalstefnda og varastefnda og réttargæslustefnda fram nýjar stefnukröfur, sem þeir samþykkja, að komist að í máli þessu. Kröfur stefnanda eru nú þær, að aðalstefnda og versluninni Herjólfi til vara verði gert að greiða kr. 1.638.451.00 með 7% ársvöxtum af kr. 1.547.351.00 frá 21. febrúar 1968 til 7. júní 1968, af kr. 1.552.351.00 frá þeim degi til 20. september 1972, af kr. 1.634.951.00 frá þeim degi til 19. október 1972 og af kr. 1.638.451.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt að frádregnum kr. 111.116.00.

Af hálfu aðalstefnda hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Af hálfu varastefnda hafa þær dómkröfur verið gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Af hálfu réttargæslustefnda eru eigi aðrar kröfur gerðar en stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins, enda eru ekki gerðar kröfur á hendur honum í máli þessu.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Árið 1967 hóf stefnandi störf í versluninni Herjólfi að Skipholti 70 hér í borg við afgreiðslu þrjú kvöld í viku. Einnig leysti hún af í sumarfríum og vann þá fullan vinnutíma. Þá er atburðir þeir, er leiddu til máls þessa, áttu sér stað, vann stefnandi eingöngu í söluturni verslunarinnar og mætti venjulega til vinnu rétt fyrir 6.00 síðdegis og taldi þá fram blöð, sem hún þurfti að taka með

í söluturninn. Þann 21. febrúar 1968, þá er stefnandi var rétt kominn til vinnu sinnar og var inni í versluninni að telja fram blöðin, vildi það til, að sódavatnsflaska, framleidd af aðalstefnda, Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f, sprakk, þar sem hún stóð í kassa skammt frá stefnanda, með þeim afleiðingum, að glerbrot þeyttust í andlit stefnanda, sem skarst í andliti og missti að töluverðu leyti sjón á hægra auga, þannig að sjónskerpa þess er nú aðeins ⅓ til ¼ af meðalsjón á móti fullkomlegri meðalsjónskerpu, sem virðist hafa verið á auganu fyrir slysið. Þá er slysið varð, stóð stefnandi fyrir framan búðarborðið, en kassinn, sem sódavatnsflaskan var í, stóð fyrir innan búðarborðið upp við vegg, stefnandi sneri að veggnum. Venjulegur hiti mun hafa verið í versluninni. Flaskan, sem slysinu olli, hefur verið lögð fram í málinu (dskj. 27).

Stefnandi hefur komið fyrir dóm. Skýrði hún svo frá, að hún hafi síðastliðið ár unnið við afgreiðslu annan hvern dag. Hún hefði ekki fengið greitt frá versluninni Herjólfi eftir slysið nema það kaup, er hún átti inni. Hún hafi fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá skýrði hún svo frá, að sjón sín væri ekki góð. Lithimna hægra augans hefði verið fjarlægð. Við mikla birtu hafi hún alltaf dökk gleraugu. Hún þreytist í auganu við að horfa á sjónvarp. Hitt augað sé alveg eðlilegt. Hún kvaðst hafa fengið gleraugu eftir slysið, en ekki hafa notað þau fyrir slysið.

Kristján Páll Sigfússon, verslunarstjóri og prókúruhafi verslunarinnar Herjólfs, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa orðið sjónarvottur að slysi stefnanda. Hann var að því spurður, hvort kassinn, er flaskan stóð í, hefði staðið við ofn. Hann svaraði því játandi og sagði, að starfsfólk búðarinnar hefði kannað, að enginn hiti væri á ofninum. Það hefði verið kannað strax eftir slysið. Einhver starfsmaðurinn hefði getað sett hita á. Aldrei hefði verið kveikt á þessum ofni, svo hann vissi til, vegna þess að það eyðilegði sælgætið, en sælgætið sé í hillum fyrir ofan ofninn. Hann var að því spurður, hvort hann hefði haft einhverja hugmynd um, að sódavatnsflöskur gætu sprungið frekar í hita. Hann kvaðst hafa getað ímyndað sér það af langri reynslu. Einhvern veginn sé hægt að ímynda sér, að það verði frekar þar, sem einhver hiti er heldur en kuldi. Hann skýrði svo frá, að hvorki hann né nokkur annar af starfsmönnum verslunarinnar hefði fengið upplýsingar um þetta frá verksmiðjunni og engar leiðbeiningar fylgi sódavatnsflöskum um meðferð. Þá neitaði hann því, að sól hefði skinið á flöskurnar yfir daginn. Það kom fram hjá honum, að verslunin hefði ekki ábyrgðartryggt sig fyrir slysum á starfs-

fólkinu. Hann lýsti afgreiðslu sódavatnsflaskna svo, að þegar slys þetta gerðist, þá hafi þeir tekið einn kassa í einu af sódavatni úr kæli og afgreitt frá þeim stað, er kassinn stóð, og hafi þessi kassi dugað í tvo til þrjá daga. Þá hafi nýr kassi verið sóttur fram í kæli. En ef um stærri afgreiðslur hefði verið að ræða, hefði verið afgreitt beint úr kælinum. Hann kvaðst ekki geta ábyrgst, hversu lengi kassinn hefði staðið þarna, þá er slysið gerðist, en undir venjulegum kringumstæðum þá stæði hann svona í þrjá daga, en þetta væri dálítið mismunandi. Hann skýrði svo frá, að komið hefði fyrir, að aðrar flöskur en sódavatnsflöskur spryngju, en algengara væri, að sódavatnsflöskur spryngju. Það hafi komið fyrir áður í versluninni, að sódavatnsflöskur spryngju og einnig inni í kælinum, en þá að vísu við hreyfingu, en í þessu tilfelli hefði ekkert verið unnið við kassann.

Starfsfólk verslunarinnar, þá er slysið varð, Berta Steina Pálsdóttir og Einar Sigurðsson, hafa komið fyrir dóminn og bæði borið, að enginn hiti hafi verið á ofninum, sem kassinn með sódavatninu stóð við. Þá staðfestu þau í meginatriðum það, sem verslunarstjórinn hafði sagt um afgreiðslu á sódavatni í búðinni. Þá skýrði Einar Sigurðsson svo frá, að hann hefði aðgætt strax eftir slysið, hvort hiti væri á ofninum. Það gæti alltaf komið fyrir, að einhver skrúfaði frá ofninum. Honum hafi borið skylda til að athuga, hvort hiti væri á honum, bæði vegna sælgætisins og einnig vegna gossins. Hann kvaðst enga ástæðu hafa haft til þess að ætla, að flöskur spryngju frekar, er hiti væri á ofninum, en gos væri aldrei skemmtilegt heitt. Hann sagði það hafa verið óháð slysinu sem hann athugaði hitann. Hann væri persónulega hræddur við sódavatnsflöskur, þar sem hann bæri þegar ör og væri tilfinningalaus í einum putta eftir sódavatnsflösku. Hann hafi oft orðið þess var eftir slysið, að sódavatnsflöskur spryngju og oftar en aðrar gosdrykkjaflöskur. Hann kvaðst nú sjálfur vera verslunareigandi. Hann sagði, að hvorki Ölgerðin Egill Skallagrímsson né nokkur á hennar vegum hefði varað hann sem verslunareiganda við sódavatnsflöskum. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt getið um leiðbeiningar um meðferð á gosdrykkjum eða gosdrykkjaumbúðum frá þessum aðilja eða öðrum gosdrykkjaframleiðendum. Hann taldi algengara, að flöskur með sódavatni spryngju en flöskur með öðrum tegundum gosdrykkja.

Fjöldamörg vottorð hafa verið lögð fram í málinu frá ýmsum aðiljum, sem votta það, að þeir hafi orðið vitni að því, að sódavatnsflöskur spryngju án sérstakra utanaðkomandi áhrifa. Meðal þess-

ara aðilja eru ýmsir verslunareigendur, og hafa nokkrir þeirra komið fyrir dóminn og staðfest vottorð sín. Þá hafa þeir skýrt frá því, hvernig afgreiðslu gosdrykkja sé yfirleitt háttað í verslunum þeirra, og er það í aðalatriðum ekki frábrugðið því, er verslunarstjóri Herjólfs hefur borið hér fyrir réttinum. Þykir ekki ástæða til þess að rekja framburði þeirra frekar.

Þá hefur komið fyrir dóminn Tómas Agnar Tómasson, fulltrúi forstjóra aðalstefnda. Honum var sýnd brotin flaska í dskj. nr. 27 í málinu. Hann skýrði svo frá, að flaska þessi væri tékknesk að gerð, og sæi hann það á þríhyrningi, sem þrykktur sé á botn flöskunnar, en það sé merki Glasexport í Prag. Þeir hefðu notað gler þaðan undir allar tegundir gotdrykkja, þar á meðal sódavatn. Þeir hefðu flutt glerið beint inn. Samkvæmt bókum fyrirtækisins hafi þeir síðast átt viðskipti við Glasexport á árinu 1963. Sjá megi á númeri á botni flöskunnar, hvenær hún sé framleidd. Þeir hafi ekki styrkleikaprófað flöskurnar, en hann taldi, að þær ættu að standast þann alþjóðastaðal, sem fram komi í bréfi og skeyti frá Kastrup og Holmegaard A/S, sem fyrir liggi í málinu (þannig). Reynsla þeirra hefði verið sú, að þetta tékkneska gler hafi í upphafi af töluverðu magni verið gallað og hafi um 20% þess fallið úr við fyrstu töppun. Eftir það hafi lítið fallið úr og hafi þeir getað notað það allt upp í 20 ár.

Hann kvað engan mun gerðan á því, hvort nota ætti fllöskurnar undir sódavatn eða aðra gosdrykki. Sagt sé, að nota eigi flöskurnar undir gosdrykki, og sé þá samkvæmt bréfinu frá Kastrup og Holmegaard A/S ætlast til, að þær þoli ákveðinn þrýsting, sem sé eftir alþjóðlegum staðli (standard). Hann tók það fram, að samkvæmt því, sem talið væri hjá sams konar fyrirtækjum erlendis, eigi gosdrykkjaflaska, sem þoli fyrstu átöppun, að geta enst von úr viti, verði hún ekki fyrir óeðlilegu hnjaski. Þá skýrði hann svo frá, að við notkun mattist flöskurnar og það sé þá snyrtimennska af framleiðanda að mölva þær og henda. Honum var aftur sýnd flaskan á dskj. nr. 27. Hann sagði, að eftir útliti flöskubrotanna sjái hann engar misfellur á henni, þannig að þeim mundi til hugar koma að taka hana úr umferð. Hann kvaðst þó á einu brotinu sjá eins og rispur, þannig að það sé eins og hún sé byrjuð að mattast. Hann sagði, að sér vitanlega gætu flöskurnar brotnað vegna skyndilegra hitabreytinga án nokkurra annarra utanaðkomandi áhrifa, en ekki kvað hann sér kunnugt um, að þær ættu annars að brotna.

Lögmaður aðalstefnda hefur lýst því yfir, að staðall sá, er Tóm-

as Agnar Tómasson vitni til, komi einnig fram í bréfi Arbejdstilsynet, sem fylgir matsgerð. Tilvitnað skjal er ekki lagt fram.

Þann 13. mars 1969 var Öryggiseftirlit ríkisins beðið að rannsaka sódavatnsflöskur frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f og láta í té álit á því, hvort slíkum flöskum með sódavatni geti verið hætt við að springa, þótt þær yrðu ekki fyrir hnjaski, t. d. við visst hitastig, vegna of mikils þrýstings innan frá o. s. frv. Jafnframt var Öryggiseftirlitinu skýrt frá ástæðum þessarar beiðni. Þann 4. desember 1969 skilar Öryggiseftirlitið skýrslu sem svari við þessari fyrirspurn. Segir í skýrslu öryggismálastjóra, dags. þann dag:

„Mál það, sem hér um ræðir, hefi ég kynnt mér eftir föngum, og sem svar við fyrirspurn yðar vil ég gefa eftirfarandi upplýsingar:

Við framleiðslu á sódavatni mun hitastig vatnsins við upphaf framleiðslunnar vera nálægt 6° C. Vatnið er kolsýrublandað í sérstakri vél, en við kolsýrublöndunina fellur hitastigið nokkuð, en þó lítið eitt mismunandi eftir aðstæðum. Flöskur þær, sem notaðar eru undir sódavatn, eru fjöldaframleiðsla, og fer ekki hjá því, að einhver missmíði verði á einstökum flöskum, t. d. misþykktir, óeðlileg þykkt á veggjum sums staðar og örþynnur á öðrum stöðum. Við áfyllingu er notaður miklu hærri þrýstingur en er í flöskunni, þegar búið er að loka henni, og springa því þær flöskur við áfyllinguna, sem eitthvað eru gallaðar. Frá áfyllingarvélinni fara flöskurnar opnar nokkra leið (ca. 1 m.), en lítið eitt mismunandi eftir vélakerfi hverrar verksmiðju. Á þeirri leið léttir þá af flöskunum öllum öðrum þrýstingi en þeim, sem kolsýran í vatninu orsakar, er því rúmið milli vatnsyfirborðsins og stútkantsins þrýstingslaust, þegar hetta er látin á flöskurnar. Við endurteknar mælingar þrýstings í flöskunum, sem staðið hafa alllangan tíma eftir áfyllingu og lokun, hefur þrýstingurinn reynst ¼ kg/cm², — 1 kg/cm² í flöskunum, sem kyrrstæðar hafa verið, en við hreyfingu flasknanna hefur þrýstingurinn aukist og komist upp í 4 kg/cm². Mælingar þessar hafa verið gerðar við vanalegan geymsluhita sódavatnsins í verksmiðjunni (ca. 14—16°). Verði flaska fyrir óeðlilegum hita, standi t. d. nálægt ofni eða í sólargeisla, fer þrýstingurinn mikið fram úr þessum mörkum, svo búast má við, að flaskan þoli hann ekki og springi.

Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá nágrannalöndunum, er fyrirkomulag á framleiðslu sódavatns alls staðar hið sama og sú þrýstiraun, sem flöskurnar fá við áfyllinguna, talin fullnægjandi.

Við þykktarmælingu þeirra brota úr flösku, sem fylgdi bréfi yðar, koma fram allmiklar misþykktir, minnsta þykkt á litlu svæði 1.7 mm og mesta þykkt, einnig á litlu svæði, 3.7 mm., en í meginhluta flöskunnar virðist þykktin hafa verið milli 2.3 og 2.5 mm. Þessar misþykktir virðast ekki vera meiri en svo, að telja megi eðlilegt á fjöldaframleiddum flöskum, og örþynnu var enga að finna í brotunum. Flöskuleyfarnar gefa því, að mínu áliti, enga vísbendingu um orsök þess, að flaskan sprakk.

Hafi brestur komið í flöskuna við áfyllingu, væri hugsanlegt, að upphitun sú, sem hún varð fyrir, þar sem hún var í kassanum í versluninni, hafi nægt til þess að splundra henni. Þar er mér skilst, að kassinn hafi staðið óhreyfður í versluninni nokkurn tíma, áður en flaskan sprakk, er hiti sú eina orsök á sprungningu (sic) flöskunnar, sem ég get látið mér detta í hug."

Aðalstefndi í málinu neitaði allri ábyrgð á slysi þessu og höfðaði stefnandi mál á hendur honum hér fyrir bæjarþinginu þann 9. júní 1970. Þann 25. apríl 1972 bíður lögmaður stefnanda um, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til að gefa nákvæma lýsingu á aðferð þeirri, sem notuð er við áfyllingu annars vegar sódavatnsflaskna og hins vegar annarra gosdrykkjaflaskna svo og öls. Matsmennirnir beri saman aðferðir þær, sem notaðar eru hjá hinum ýmsu verksmiðjum hér í bænum svo og við aðferðir í nágrannalöndum, ef mögulegt er. Matsmenn lýsi nákvæmlega aðferð við átöppun með tilliti til þrýstings, hitastigs o. fl., sem tilefni gefst til í sambandi við átöppun hinna ýmsu tegunda.

Matsmenn segi til um álit sitt á orsökum þess, að sódavatnsflaska sú, sem málið snýst um, sprakk. Skulu þeir þá gaumgæfilega athuga þau gögn, er fyrir liggja. Til þess að framkvæma hið umbeðna mat voru dómkvaddir þeir Gunnar Bjarnason vélaverkfræðingur og Jóhann Jakobsson efnaverkfræðingur. Skiluðu þeir ítarlegri matsgerð, sem fram hefur verið lögð í málinu og dagsett er 19. september 1972.

Matsgerð þessi er mikil að vöxtum, og fylgja henni töflur yfir athuganir matsmanna. Þá fylgja matsgerðinni ýmsir útreikningar svo og skýringamynd af, hvernig framleiðslu sódavatns og annarra gosdrykkja er háttað hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f. Þykir ekki þörf á að taka upp í dóminn þessi fylgiskjöl, þar sem þau liggja fyrir í málinu með matsgerðinni sem dskj. nr. 34.

Matsgerðin sjálf er í nokkrum köflum, og þykir hér þurfa að taka upp úr henni það helsta. Hefst matsgerðin á skýringu á at-

hugunum matsmanna í gosdrykkjaverksmiðjunni Agli Skallagrímssyni h/f, Þverholti 20. Síðan er framleiðslu sódavatns lýst, og segir í matsgerðinni:

„Við framleiðslu sódavatns er notað annars vegar vatn frá vatnsveitu borgarinnar og hins vegar kolsýra af stálgeymum. Vatnið er tekið gegnum síu inn á neyslugeymi og því dælt þaðan í kolsýringartæki. Kolsýran á stálflöskunum er við allt að 50 kg/cm^2 þrýsting. Hún er leidd inn á jöfnunargeymi í verksmiðjusal, gegnum þrýstiminnkara, sem heldur um 10 kg/cm^2 þrýstingi. Frá jöfnunargeymi er kolsýran leidd gegnum þrýstiminnkara að kolsýringartæki, er heldur um 4 kg/cm^2. Frá kolsýringartækinu er kolsýrðu vatninu dælt inn á áfyllingavél, sem heldur kolsýruþrýstingi við um 5,5 kg/cm^2. Kolsýran er leidd að áfyllingarvél frá jöfnunargeymi gegnum þrýstiminnkara.

Flöskur renna á færibandi frá þvottavél fyrst í skyggningu, þar sem þær eru skoðaðar við gegnum fallandi ljós. Það, sem er óhreint eða sjáanlega gallað, er hér tekið úr. Við framleiðslu á sætum drykkjum fara flöskurnar næst í skömmtunarvél, sem skammtar ákveðið magn af bragð- og sykurefnum, og síðan flytjast flöskurnar að áfyllingarvél, sem þá er við kolsýruþrýsting 3,5—4,5 kg/cm^2. Við framleiðslu á sódavatni kemur ekkert í flöskurnar frá skömmtunarvélinni, en áfylling eingöngu framkvæmd í áfyllingarvélinni. Frá áfyllingarvél fara flöskurnar í lokunarvél. Tíminn frá áfyllingu að lokun er um 7—8 sek. Þann tíma er vökvinn í flöskunni án yfirþrýstings . . . Við framleiðslu á gosdrykkjum brotna að jafnaði nokkuð af flöskum í áfyllingarvélinni, væntanlega vegna þrýstiálags á flöskurnar. Reynslan sýnir, að brot aukast við aukinn þrýsting. Yfirleitt eru því fleiri flöskur brotnar við framleiðslu á sódavatni en við framleiðslu á öðrum gosdrykkjum. Við framleiðslu þá, sem hér um ræðir, (þ. e. rannsóknarúrtak matsmanna) voru framleiddar 13.178 flöskur 25 cl og 3.268 flöskur 18 cl. Fyrrnefndu umbúðirnar voru að langmestu leyti danskar, frá Kastrup og Holmgaard A/S, flestar án upphleypts vörumerkis. Síðarnefndu flöskurnar voru skv. upplýsingum verkstjóra enskar og báru flestar ártalið 1959 og 1960. Meðan á framleiðslu stóð, sprungu (brotnuðu) í áfyllingarvélinni 22 flöskur af 25 cl stærðinni, eða 0,16%, en aðeins ein af 18 cl stærðinni, eða 0,03%."

Í öðrum kafla matsgerðarinnar segir frá heimsóknum og viðtölum matsmanna við fyrirsvarsmenn annarra gosdrykkjaverksmiðja. Kemur í ljós, að framleiðsluaðferðir eru mjög svipaðar hjá hinum ýmsu verksmiðjum, sbr. frekar síðar. Þá er þar vitnað til

skýrslu öryggismálastjóra, sem upp hefur verið tekin í dóminn, um framleiðslu sódavatns í nágrannalöndunum og sagt, að samkvæmt viðtali við fyrrverandi öryggismálastjóra varðandi þær upplýsnigar, sem lágu til grundvallar umsögn hans, að þær hafi verið fengnar munnlega, er hann hafi heimsótt Arbetsskyttstyrelsen í Svíþjóð og Arbejdstilsynet í Danmörku. Þá er í matsgerðinni vitnað til upplýsinga frá Arbejdstilsynet, sem fylgja matsgerðinni, en samkvæmt þeim upplýsingum virðist þrýstingur á áfyllingarvél nokkru minni í Danmörku en hér, eða 5 kg/cm^2, en hér 5.5—6. Kolsýringarþrýstingur virðist hins vegar sá sami, eða um 4 kg. Þá segir í þessum kafla frá heimsókn matsmanna í verslunina Herjólf, Skipholti 70, Reykjavík. Verslunarstjórinn var ekki viðlátinn, en afgreiðslustúlka, sem var máli þessu kunnug, ræddi við matsmenn. Samkvæmt upplýsingum hennar stóð kassinn með sódavatnsflöskunum, er slysið varð, á venjulegum stað innan við afgreiðsluborð verslunarinnar. Síðan segja matsmenn: „Enginn miðstöðvarofn er þar nálægt. Fjarlægð frá flöskukassa út yfir afgreiðsluborð er um 2 metrar. Gluggi verslunarinnar snýr móti aust-suð-austri. Samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands var veður í Reykjavík, slysdaginn 21. febrúar 1968, kl. 17.00, sem hér segir: Aust-suð-austan 3 vindstig, léttskýjað. Hiti 0.7°. Sól gengur undir á þessum tíma kl. 17.55. Af þessari lýsingu má sjá, að ytri aðstæður, upphitun vegna hitatækja í húsinu eða vegna geislunar sólarljóss, hefur ekki valdið skyndilegri upphitun á flöskunum."

Samkvæmt yfirlýsingu lögmanns varastefnda er miðstöðvarofn enn bak við, þar sem kassinn stóð, sbr. framburði starfsfólks verslunarinnar.

Í þriðja kafla matsgerðarinnar er vikið að eiginleikum þeirrar upplausnar, sem notuð er til framleiðslu á gosdrykkjum. Segir þar, að kolsýran sé uppleyst í vatninu og uppleysanleikinn sé háður þrýstingi á kolsýrugasinu og hitastigi vatnsins. Þá segir, að uppleysanleikinn vaxi ört með vaxandi þrýstingi. Hækkandi hitastig valdi hins vegar lækkun á uppleysanleika. Áhrif hækkandi hitastigs séu þau, að þrýstingur vaxi, ef áhrifanna gæti á lokað ílát, svo sem lokaða flösku. Hækkun þrýstings fylgi næstum láréttri línu, halli línunnar nemi aðeins 1.8° eða 2%. Vitnað er til meðfylgjandi línurits og sagt, að það ásamt hinum innrituðu láréttu línum geri mögulegt að lesa gildi þrýstings í sódavatnsflösku upp og niður hitaskalann út frá mældum gildum. Af línuritinu verði ljóst, að þrýstingur kolsýrunnar í kolsýringartækinu sé ráð-

andi, en ekki sá þrýstingur, sem er á áfyllingarvélinni. Þrýstingurinn á áfyllingarvélinni hafi þó þýðingu. Hærra gildi auki þrýstiálag á flöskurnar og minnki hættu á broti eftir áfyllingu.

Í fjórða kafla matsgerðarinnar eru niðurstöður síðan dregnar saman. Þar segir:

„*A. Framleiðsluaðferðir.* Hér að framan er greint frá aðferðum við framleiðslu á gosdrykkjum, sérstaklega sódavatni, eins og þær aðferðir eru í starfandi verksmiðjum hér á landi. Aðferðir og tæki verksmiðjanna virðast áþekk, en nokkuð frávik kemur fram varðandi þrýsting. Kolsýringarþrýstingur, sem virðist skipta mestu máli, er lægstur hjá verksmiðjunni Sana h/f á Akureyri, en hæstur hjá Sanitas h/f. Þetta þýðir, að þrýstingur við hærra hitastig, t. d. 24° C, gæfi samkvæmt línuritinu sem næst þessi gildi:

Verksmiðjan Sana h/f	7,5 kg/cm²
Ölgerðin E. S. h/f	8 —
Sanitas h/f	9,5 —

Samkvæmt prentuðum heimildum, Encyclopedia of Chemical Thechnology o. fl. og bréfi Arbejdstilsynet í Danmörku, dags. 1. sept. 1972, er 4 kg/cm² yfirþrýstingur algengur kolsýringarþrýstingur við gosdrykkjaframleiðslu. Þrýstingur á áfyllingarvél virðist ekki hafa teljandi áhrif í þessu sambandi, en gefur meiri þrýstiraun á flöskurnar við áfyllingu og stuðlar frekar að öryggi við geymslu og meðhöndlun.

B. Umbúðir. Á bls. 3 hér að framan er gerð grein fyrir athugunum á umbúðum eins og þær athuganir birtast á töflu II. Ljóst er, að þær tvær tegundir flaskna, sem þar um ræðir og nú eru almennt í notkun, sýna verulegan mun á efnisþykkt og um leið á styrkleika. Brottíðni, eins og hún mælist, er í samræmi við þennan mun. Á bls. 5 er gerð grein fyrir töflum IV a og IV b. Þar kemur fram, að mikill munur er á þykkt flöskuglersins, brotanna. Ef miðað er við meðaltal þykktar sem eðlilegan grundvöll „nominal" styrkleika 12,3 kg/cm² (símskeyti Kastrup & Holmegaard Glasværker A/S til Ölgerðarinnar E. S. h/f) sést, að lægstu gildin færðu styrkleikann niður í 7—8 kg/cm², sem samsvarar hitaþoli 20—25° C.

C. Orsök slyssins. Í töflu IV b eru sýndar mælingar á þykkt glers á brotum af flösku þeirri, sem slysinu olli, dskj. nr. 27. Mæld gildi á brotunum sýna þykkt niður í 1,8 mm. Ef miðað væri enn við meðalþykkt 3,33 mm (mælingar í töflu IV a), þá sýnir flaskan veikan punkt, sem getur þýtt, að álagsþol væri aðeins um 7 kg/cm², en það er þrýstingur, sem vænta má í venjulegri sóda-

vatnsflösku við um 20° C. Samkvæmt þessu er líklegustu skýringa á slysinu að leita í veikleika umbúðanna (glersins)."

Matsmenn hafa komið fyrir dóm, staðfest matsgerðina og skýrt sjónarmið þau, sem henni liggja til grundvallar.

Eftir að matsgerðin hafði verið unnin og lögð fram, kom það í ljós, að hér var um tékkneskt gler að ræða, en hvorki danskt né enskt, en svo sem sést á matsgerðinni, þá er það aðallega danskt og enskt gler, er matsmennirnir hafa rannsakað. Af þessum sökum var lögmönnunum gefinn kostur á að láta fara fram viðbótarmat, sem miðað væri við framkomnar upplýsingar um, að hér væri um tékkneskt gler að ræða. Áður en mál þetta skyldi munnlega flutt, lýsti lögmaður aðalstefnda því yfir, að hann viðurkenndi ekki framlagt mat, en hann sæi ekki ástæðu til frekara mats, þar sem allar þær flöskur, sem aðalstefndi noti við sína framleiðslu, séu af sömu gæðum, hvort sem þær séu danskar, enskar eða tékkneskar. Að því loknu var gagnaöflun lokið í málinu.

Rökstuðningur aðilja.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á vottorði öryggismálastjóra, dags. 4. desember 1969, og matsgerð matsmanna, sem rakin hefur verið. Þá vitnar stefnandi til þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja í málinu, að alltítt sé, að sódavatnsflöskur hafi sprungið, þar sem þær hafi staðið kyrrar í verslunum og í heimahúsum án þess að verða fyrir neinu hnjaski. Af þessu kveður stefnandi ekki verða dregna aðra ályktun en þá, að hér sé um að ræða framleiðslu, sem geti eo ipso verið hættuleg, þar sem hún þoli ekki venjulegar geymsluaðstæður, og dæmin sýni einmitt, að svo sé. Heldur stefnandi því fram, að aðalstefnda hafi mátt vera um þetta kunnugt. Engar aðvaranir séu pentaðar á miða þá, sem á flöskurnar eru límdir, en aðalstefnda verið skylt að gera slíkt, þar sem honum hljóti að hafa verið kunnugt um hina hættulegu eiginleika þessarar framleiðslu vegna kvartana þar um. Eðlilegt og skylt hafi honum verið að vara við því að geyma sódavatnið annars staðar en á köldum stað og jafnframt að hafa lok yfir kössunum svo og að meðhöndla flöskurnar með varúð.

Stefnandi segir varastefnda vera stefnt inn í málið, ef svo skyldi fara, að aðalstefndi yrði af einhverjum ástæðum sýknaður, þar sem stefnandi hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína í þágu varastefnda og stefnandi sjálfri verði ekki á nokkurn hátt kennt um slysið, heldur hafi aðstæður á vinnustað, þ. e. hættuleg vara, valdið slysinu. Eðlilegra sé, að fjársterkari aðilinn, sem í þessu tilfelli sé atvinnuveitandinn, beri skaðann af vinnuslysi sem þessu, enda

tryggi atvinnuveitandi sig yfirleitt fyrir slíku eða ætti a. m. k. að gera það.

Þá segir hún, að Hagtryggingu h/f sé stefnt til réttargæslu, þar sem henni sé kunnugt, að á þeim tíma, er slysið varð, hafi aðalstefndi haft ábyrgðartryggingu hjá því tryggingarfélagi. Hún kveðst telja mjög líklegt, að réttargæslustefndi beri ábyrgð á tjóni þessu gagnvart aðalstefnda.

Aðalstefndi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, vitnar til álitsgerðar öryggismálastjóra, sem hér hefur verið reifuð, en samkvæmt henni viðhafði hann áfyllingaraðferð, sem viðurkennd sé í nágrannalöndunum, og sú þrýstiraun, sem flöskurnar fái við áfyllinguna, sé talin fullnægjandi.

Samkvæmt vottorði öryggismálastjóra telji hann hitann á geymslustað, en flaskan hafi verið nálægt ofni, einu orsök þess, að flaskan sprakk. Aðalstefndi verði ekki sakaður um það, þótt sódavatnsflöskur séu geymdar á svo illa völdum stað. Vera kunni, að stefnandi eigi kröfu á verslunina Herjólf, en hún eigi enga kröfu á hendur aðalstefnda, þar sem hún hafi aldrei átt nein viðskipti við hann.

Af hálfu varastefnda hefur því verið haldið fram, að tjón stefnanda stafi af óhappi, sem ábyrgð verði ekki á nokkurn hátt lögð á hann fyrir. Telur hann, að ekki nokkur sök verði á hann lögð á slysi þessu eða að hann hafi farið með þá vörutegund, sem um ræðir í málinu, á þann veg, að ábótavant teljist. Þá vitnar hann til framlagðra vottorða og framburða, þ. e. að enginn hiti hafi verið á ofni þeim, sem kassinn stóð við, sem flaskan var í. Þeim bollaleggingum öryggismálastjóra, að óeðlilegur hiti hafi valdið því, að sódavatnsflaskan sprakk, vísar varastefndi algerlega á bug. Þá er á það bent af hans hálfu, að aðalstefndi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, hafi ekkert gert til þess að merkja umrædda vörutegund með einhverjum viðvörunum. Verði því að telja, að framleiðandi beri alfarið ábyrgð á því tjóni, sem þessi vörutegund kunni að valda, ef talið verði, að hér sé um hættulega framleiðslu að ræða, sem geti haft í för með sér bótaskylt tjón.

Af hálfu réttargæslustefnda er því haldið fram, að Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f hafi verið ábyrgðartryggð hjá honum. Hafi vátrygging þessi hafist 15. ágúst 1967 og verið í gildi til 15. ágúst 1968. Um vátrygginguna hafi gilt skilmálar, sem réttargæslustefndi hefur lagt fram í málinu sem dskj. nr. 28. Af vátryggingarskylmálum þessum sé ljóst, að vátryggingin taki ekki til þess atviks, sem leiddi til slyss stefnanda. Af þessum sökum geti hann

aldrei orðið ábyrgur fyrir tjóni því, sem af slysinu hafi hlotist, og eigi því að dæma honum málskostnað í máli þessu, þar sem honum sé ekki réttilega stefnt inn í það.

Álit dómsins.

Telja verður fram komið af vottorðum og framburðum, að aðalstefnda hafi verið um það kunnugt, að flöskur þær, sem hann notaði undir framleiðslu sína og sendi á markað, gátu og höfðu sprungið, án þess að til þyrfti að koma óvenjuleg meðferð. Nægilega þykir fram komið, að meðferð flöskunnar hafi ekki verið óvenjuleg. Þegar framlögð matsgerð, sem ekki hefur verið hnekkt, er skoðuð, þykir nægilega fram komið, að sprenging flöskunnar hafi stafað af veikleika glersins. Þegar haft er í huga, að hér er um að ræða markaðsvöru, sem samkvæmt matsgerð hefur vissa hættueiginleika í sér fólgna og ætluð er til sölu í almennri matvöruverslun, verður að leggja ríka skyldu á herðar framleiðanda (hér aðalstefnda) að koma í veg fyrir, að hætta stafi af framleiðsluvörunni. Þykir rétt, að hann beri áhættuna af því, að honum tókst ekki að koma í veg fyrir, að of veikt gler fór í umferð. Þá hefur hann ekki gert tilraun til að draga úr slysahættu af völdum framleiðslu sinnar með aðvörunum á umbúðum. Að þessu athuguðu þykir hér verða lögð á hann ábyrgð á slysi stefnanda, en fram er komið, að hún gat ekkert að slysinu gert.

Þar sem ábyrgðin af slysi stefnanda hefur verið lögð á aðalstefnda, verður ekki í þessu máli fjallað frekar um ábyrgð varastefnda á slysinu. Á hendur réttargæslustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, og hefur hann aðeins gert málskostnaðarkröfu, sem fjallað verður um síðar.

Fjárhæð skaðabóta.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

„1. Örorkubætur samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., dags. 19/10 1972 ... kr. 1.047.351.00

2. *Útlagt:*

a)	Reikningur Páls Sigurðssonar, tryggingalæknis, dags. 31/5 1968	kr. 2.000.00
b)	Reikningur Þóris Bergssonar, dags. 7/6 1968	— 3.000.00
c)	Reikningur sama, dags. 19/10 1972	— 3.500.00

d) Reikningur matsmanna, dags. 20/9 1972 ..... kr. 82.600.00

— 91.100.00

3. Miski ..... — 500.000.00

Samtals kr. 1.638.451.00"

Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til stefnanda nemi kr. 111.116.00, sem dragast skulu frá höfuðstól, vöxtum og málskostnaði.

Fyrsta lið kröfu sinnar byggir stefnandi á örorkumati Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingayfirlæknis, og útreikningum Þóris Bergssonar, cand. act., byggðum á þessu örorkumati. Örorkumat Páls Sigurðssonar er dagsett 28. maí 1968. Eftir að læknirinn hefur í mati sínu fjallað um orsakir slyssins, segir hann.

„Stúlkan var strax eftir slysið flutt í Slysavarðstofu, en síðar á Landakotsspítala, þar sem Bergsveinn Ólafsson, augnlæknir, annaðist hana.

Það liggur fyrir vottorð frá Ólafi Ingibjörnssyni, lækni á Slysavarðstofu, dags. 13. mars 1968, þar sem sjúkdómsgreining er vulnus nasi et oculi dx. Það liggja einnig fyrir vottorð frá Bergsveini Ólafssyni, hið fyrra frá 20/3 1968 þar sem segir, að um hafi verið að ræða perforerað sár á hægri cornea með praleberaðri sundurskorinni iris fram í sárið (vuln. perf. corneae cum prol. iridis o. d.). Stúlkan var á Landakotsspítala frá 21/2 til 12/3 1969. Það liggur einnig fyrir vottorð frá Bergsveini Ólafssyni frá 14. maí 1968, og er það vottorð svohljóðandi:

„Anny Olsen, Barmahlíð 46, Reykjavík, slasaðist á hægra auga þann 21. febr. s.l. Skarst á glerbroti á nefi og í gegnum cornea og iris inn í augað, samanbr. fyrra vottorð.

Nú er augað og nefið vel gróið og óþægindalaust. Ljósopið aflagað, perulaga niður á við. Ytri rönd iriscolobomsins vaxin fram í cornealörið (synecch. anterioris). Lens er tær og sér vel inn í augnbotninn, en vegna cornealörsins og aflögunar augans er sjónskerpan aðeins ⅓—¼ af meðalsjón á móti fullkomlega meðalsjónskerpu, sem virðist hafa verið á auganu fyrir slysið. Ég tel litla von um, að sjón batni, svo nokkru nemi hér eftir, á auganu."

Konan kom til viðtals hjá undirrituðum 20/5 1968. Hún skýrir frá slysi og meðferð eins og fram kemur hér að framan.

Núverandi óþægindi: Hefur veruleg óþægindi í höfði vegna sjóngallans. Hún kveðst enn ekki hafa vanist fullkomlega að aka

bifreið, vegna þess að fjarlægðarskyn er breytt. Hún kveðst einnig fá höfuðverk af því að sitja og horfa lengi, eins og t. d. í bíó og á sjónvarp. Hún notar ekki gleraugu.

Skoðun: Almennt ástand eðlilegt. Svarar spurningum eðlilega.

Andlit: Það er ör á nefrót, nokkuð áberandi, og þykkildi þar undir. Hægra auga: Það er mjög áberandi aflögun á ljósopi augans, sem er perulaga og reagerar ekki fyrir ljósi. Þetta eru allmikil lýti.

Við athugun á sjónskerpu augans kemur í ljós, að hún er 0,1—0,2.

Ályktun: Hér er um að ræða 26 ára gamla stúlku, sem slasaðist við vinnu sína fyrir 3 mánuðum og skaddaðist á hægra auga og nefrót. Vegna slyssins þá hefur hún mikla sjónminnkun á hægra auga, aflögun á ljósopi, ör á nefi, og verður þetta að teljast allmikil lýti. Vegna slyssins hefur hún hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð 100% örorka
- 1 — 75% —
- 1 — 50% —
- 1 — 25% —
og síðan varanleg öroka 20%."

Þórir Bergsson, cand. act., reiknar út örorkutjón stefnanda fyrst þann 7. júní 1968, og segir um þann útreikning í bréfi til Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns þann dag:

„Anny er sögð fædd 5. febrúar 1942 og hefur því verið 26 ára á slysdegi.

Anny er húsmóðir og sér um heimili sitt og manns síns, Sigmundar Guðmundssonar, en þau eiga eina dóttur, fædda 30. nóv. 1961. Jafnframt því að annast heimili sitt vann Anny verslunarstörf. Undanfarin ár hefur hún aðallega unnið hjá Óskari Sigurðssyni bakara við afgreiðslu, en um tíma vann hún við innheimtu fyrir Málning h.f. Síðustu mánuðina fyrir slysið vann hún við afgreiðslustörf hjá versluninni Herjólfi þrjú kvöld í viku og fékk í laun kr. 7.240.00 á mánuði, auk þess vann hún fullan vinnutíma á sumrum, er hún leysti af í sumarfríum.

Ég mun reikna út verðmæti vinnutekjutaps í tvennu lagi.

I. Heimilisstörf.

Líta má á heimili Annyar sem töluvert minna en meðalheimili. Samkvæmt núgildandi kauplagi er ég vanur að reikna ráðskonu á meðalstóru heimili kr. 118.329,00 í árstekjur. Ég mun hér áætla Anny 75% af þeirri upphæð.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 88.192.00	kr. 29.876.00
síðan árlega	— 88.747.00	— 17.449.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku	kr. 17.434.00
vegna varanlegrar örorku ..	— 224.765.00
Samtals	kr. 242.199.00

II. Verslunarstörf.

Samkvæmt afritun af skattframtölum eiginmanns Annyar árin 1966—1968 hafa vinnutekjur hennar þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1965	kr. 78.242.00
— 1966	— 90.105.00
— 1967	— 90.887.20

Ég hef umreiknað þessar tekjur til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á 5. taxta Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Anny kveðst hafa byrjað verslunarstörf 16 ára, og geri ég ráð fyrir því við ákvörðun starfsaldurs.

Þannig fást eftirfarandi vinnutekjur og vinnutekjutap.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 102.716.00	kr. 34.798.00
2., 3. og 4. árið eftir slysið	— 103.362.00	— 20.672.00
síðan árlega	— 107.445.00	— 21.489.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps nemur á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku	kr. 20.306.00
vegna varanlegrar örorku ..	— 273.305.00
Samtals	kr. 293.611.00

Anny á rétt á eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins að upphæð kr. 111.106.00.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur

fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Þá liggur fyrir útreikningur Þóris Bergssonar frá 19. október 1972. Segir þar:

„Ég hef tvívegis áður reiknað út örorkutjón Annyar Olsen, síðast í útreikningi, dagsettum 22. janúar 1971. Síðan hafa enn orðið mjög miklar hækkanir á þeim launatöxtum, sem máli skipta varðandi tap Annyar. Þér óskið því enn eftir nýjum útreikningi.

Um allar forsendur og annað, sem máli skiptir, vísa ég til fyrri útreikninga minna, einkum þess fyrsta, sem dags. er 7. júní 1968.

Niðurstöður verða nú:

I. Heimilisstörf.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap, tímabundið og varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 89.827.00	kr. 30.198.00
2. — — —	— 104.818.00	— 20.964.00
3. — — —	— 130.637.00	— 26.127.00
4. — — —	— 159.221.00	— 31.844.00
5. — — —	— 178.459.00	— 35.692.00
síðan árlega	— 194.958.00	— 38.992.00

Verðmæti þessa taps reiknast mér nema á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku	kr. 17.434.00
vegna varanlegrar örorku ..	— 452.735.00
Samtals	kr. 470.169.00

II. Verslunarstörf.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. og varanl. örorku:
1. árið eftir slysið	kr. 104.951.00	kr. 35.245.00
2. — — —	— 119.301.00	— 23.860.00
3. — — —	— 156.411.00	— 31.282.00
4. — — —	— 176.824.00	— 35.365.00
5. — — —	— 218.329.00	— 43.666.00
síðan árlega	— 243.711.00	— 48.742.00

Verðmæti tapsins á slysdegi reiknast mér nema:

vegna tímabundinnar örorku	kr. 20.306.00
vegna varanlegrar örorku ..	— 556.876.00
Samtals	kr. 577.182.00

Í báðum liðunum I og II hefur verið tekið tillit til þeirra hækk-

ana, sem þegar er samið um og koma til framkvæmda 1. mars 1973."

Útreikningur sá, er Þórir Bergsson vitnar í, dags. 22. janúar 1971, hefur ekki verið lagður fram í málinu.

Rétt þykir að taka saman 1. og 3. tl. í sundurliðun stefnanda, þ. e. örorkubætur og miskabótakröfu, en stefnandi heldur því fram, að miðað við örorku hennar, þjáningar og útlitslýti sé miskabótum mjög í hóf stillt.

Aðalstefndi hefur haldið því fram, að lækka ætti þessa hluta bótakröfu stefnanda mjög verulega. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir tekjumissi og því ætti að lækka bæturnar. Í öðru lagi þá eigi að draga frá þeim vegna eingreiðslu bóta og skattfrelsis.

Örorkumati Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingayfirlæknis, hefur ekki verið hnekkt, og þykir því rétt að styðjast við það, þegar stefnanda eru ákvarðaðar bætur vegna slyss þess, er hún varð fyrir. Þegar örorkumatið er skoðað svo og grein Páls Sigurðssonar, fyrrverandi tryggingayfirlæknis, í Tímariti lögfræðinga, 2. hefti 1972, verður að telja, að læknirinn taki að einhverju leyti einnig tillit til miska stefnanda, þá er hann ákvarðar henni örorku.

Sé tekið tillit til þessa, þykir mega styðjast við útreikninga Þóris Bergssonar, cand. act., sem stefnandi hefur lagt fram í málinu.

Séu útreikningar þessir hafðir til stuðnings og einnig virtar þær málsástæður aðalstefnda, að lækka beri kröfu stefnanda vegna skattfrelsis bótanna og eingreiðslu þeirra, þykja bætur til hennar vegna 1. og 3. kröfuliðs hæfilega metnar kr. 900.000.00. Frá þessu þykir eiga að draga kr. 111.116.00, sem stefnandi hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, enda hafa ekki verið færð rök fyrir því að reikna vexti og málskostnað af þeirri upphæð.

Um 2. lið kröfugerðar stefnanda.

Hér er um að ræða útlagðan kostnað stefnanda vegna máls þessa. Er þetta kostnaður vegna örorkumats, útreiknings örorkubóta og reikningur matsmanna. Reikningar þeir, er liggja kröfulið þessum til grundvallar, hafa ekki sætt tölulegum andmælum. Rétt þykir því að taka kröfulið þennan til greina með kr. 91.100.00.

Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina þannig að reikna 7% ársvexti af kr. 788.884.00 frá 21. febrúar 1968 til 7. júní 1968, af kr. 793.884.00 frá þeim degi til 20. september 1972,

af kr. 876.484.00 frá þeim degi til 19. október 1972 og af kr. 879.984.00 frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt niðurstöðu málsins þykir rétt að dæma aðalstefnda til að greiða stefnanda kr. 120.000.00 í málskostnað.

Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt, að varastefndi og réttargæslustefndi beri hvor sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Hrafn Bragason borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Björnssyni prófessor og Óskari Maríussyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Ölgerðin Egill Skallagrímsson h/f, greiði stefnanda, Anny Olsen, kr. 879.984.00 með 7% ársvöxtum af kr. 788.884.00 frá 21. febrúar 1968 til 7. júní 1968, af kr. 793.884.00 frá þeim degi til 20. september 1972, af kr. 876.484.00 frá þeim degi til 19. október 1972 og af kr. 879.984.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 120.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndi, verslunin Herjólfur, og réttargæslustefndi, Hagtrygging h/f, beri hvor sinn kostnað af máli þessu.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1974.

Nr. 125/1973: **Innheimtumaður ríkissjóðs í Dalasýslu**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Guðbrandi Jörundssyni
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Skattamál. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m.

Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 54.616.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við lögtaksgerð þá, sem fram fór í Reykjavík 15. apríl 1969, kom fram, að gerðarþoli, stefndi í máli þessu, átti eignir í Dalasýslu. Í lok gerðarinnar var bókað: „Gerðin reyndist því árangurslaus hér". Ekki var lögtaksmálinu þó fram haldið í Dalasýslu. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, innheimtumaður ríkissjóðs í Dalasýslu, greiði stefnda, Guðbrandi Jörundssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 23. mars s.l., hefur Jón E. Ragnarsson, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, höfðað f. h. sýslumannsins í Dalasýslu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. september 1972, gegn Guðbrandi Jörundssyni, Breiðagerði 9, Reykjavík, til greiðslu opinberra gjalda, samtals að fjárhæð kr. 56.316.00 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning lækkaði lögmaður stefnanda kröfur sínar um kr. 1.700.00, en það er fasteignagjald ársins 1966, kr. 40.00, fasteignagjald ársins 1967, kr. 40.00, kröfuliður að fjárhæð kr. 1.620.00, en það var krafa um 9% vexti. Við dómtöku málsins voru kröfur stefnanda á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 54.616.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 1. janúar 1968 til greiðsludags ásamt málskostnaði að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

Þinggjöld ársins 1967	kr.	12.881.00
Útsvar árið 1966	—	17.960.00
Útsvar árið 1967	—	23.775.00
Samtals kr.		54.616.00

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að kröfur þessar hafi verið sendar Gjaldheimtunni í Reykjavík til innheimtu með bréfi, dags. 29. desember 1967. Á þessum tíma hafi stefndi haft uppi mikla vafninga um lögheimili sitt svo og skattskyldu til sveitarfélags, en stefndi hafi nú um árabil búið og starfað í Reykjavík, þótt hann hafi einhvern hluta úr ári dvalist í Dalasýslu og eigi þar hús. Árið 1965 hafi verið lagt útsvar á stefnda í Reykjavík og hafi hann þá haft uppi mikil andmæli gegn greiðsluskyldu í Reykjavík á þeim forsendum, að hann hefði lögheimili og væri skattskyldur í Dalasýslu. Af þessum sökum hafi ekki verið lagt útsvar eða önnur sveitarsjóðsgjöld á stefnda í Reykjavík árin 1966 og 1967, en þessi gjöld á hann lögð í Haukadalshreppi í Dalasýslu. Eftir árið 1967 hafi sveitarsjóðsgjöld verið lögð á stefnda

í Reykjavík. Þrátt fyrir eindregna ósk stefnda um að greiða gjöld sín til sveitarfélags í Haukadalshreppi þá hafi hann samt ekki fengist til að greiða hin álögðu gjöld fyrir árin 1966 og 1967.

Hinn 15. apríl 1969 hafi borgarfógetinn í Reykjavík framkvæmt lögtaksgerð hjá stefnda að kröfu stefnanda fyrir stefnukröfunni. Gerðarþoli hafi sjálfur mætt í rétti. Í fógetaréttinum, að undangenginni áminningu um það, að það varði hegningu að skýra rangt frá í fógetaréttinum, hafi gerðarþoli skýrt svo frá: „Gerðarþoli kveðst ekki benda á eignir hér til tryggingar þessum gjöldum, þar sem hann telji, að áður hafi verið framkvæmt lögtak af hreppstjóra Haukadalshrepps í Dalasýslu í eignarhluta sínum í jörðinni Þorsteinsstöðum, nánar tiltekið Laxaborg, og sé það nægjanleg trygging. Einnig kveðst gerðarþoli hafa beðið um úrskurð sýslumanns Dalasýslu, hvort lögheimili sitt eigi að teljast í Haukadalshreppi eða í Reykjavík, en sá úrskurður sé ókominn enn.“ Gerðin hafi því reynst árangurslaus. Þessi fullyrðing stefnda hafi ekki við rök að styðjast. Það séu ítrekaðir vafningar stefnda varðandi lögheimili og greiðsluskyldu, sem séu ástæðan fyrir því, hve innheimta þessi hafi dregist.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að skattskyldu stefnda sé ekki mótmælt. Fjárhæð dómkröfunnar hafi ekki verið mótmælt. Einu mótmæli stefnda gegn dómkröfunni séu fyrning, en fógetaréttarmálið, sem þingfest var og lokið hinn 15. apríl 1969, hafi rofið fyrningu. Fjögurra ára fyrningarfrestur eigi að miðast við þá málshöfðun. Við munnlegan flutning málsins vísaði lögmaður stefnanda einnig til 7. gr. laga nr. 14 frá 1905 til rökstuðnings kröfum sínum.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með því, að kröfur stefnanda séu fyrndar. Samkvæmt lögum nr. 51 frá 1964, 47. gr., sé gjalddagi útsvars 15. júní og 15. október ár hvert. Samkvæmt d lið sömu greinar sömu laga valdi vangreiðsla á útsvarshluta því, að allt útsvar falli í eindaga 15 dögum eftir að hinn vangreiddi útsvarshluti var gjaldkræfur. Útsvar það, sem krafið er í málinu, sé fyrnt, sbr. 2. gr. laga nr. 29 frá 1885, sbr. 1. gr. laga nr. 83 frá 1947. Gjalddagi þinggjalda geti hugsanlega verið í síðasta lagi 31. desember það ár, sem þau eru álögð. En þótt miðað væri við, að gjalddagi þessara gjalda væri 31. desember 1967, þá hafi þau verið fyrnd, er stefna var birt í málinu.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að fyrirtekt lögtaksmáls í fógetarétti Reykjavíkur hinn 15. apríl 1969 hafi slitið fyrningarfresti nema um stundarsakir, vegna þess að ekki hafi verið gætt

niðurlagsákvæðis 12. gr. laga nr. 14 frá 1905. En það, að lögtaksgerðin var árangurslaus, verði að jafna til frávísunar eða niðurfellingar. Við munnlegan málflutning var því jafnframt haldið fram, að lögtaksgerðin hafi verið lögleysa og ómerk, þar sem lögtaksrétturinn hafi verið fyrndur, þá er lögtaksgerðin var framkvæmd, og hafi lögtaksgerðin því engin réttaráhrif.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sérstaklega og þess krafist, fari svo, að stefndi verði ekki sýknaður, að vextir verði ekki dæmdir hærri en 7% á ári.

Kröfur þær, sem mál þetta er af risið, má taka lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 1885. Samkvæmt 3. gr., 3. tl., laga nr. 14 frá 1905 fyrnast þær kröfur, er lögtaksrétt hafa, á 4 árum. Því er ómótmælt, að síðasti gjalddagi þeirra skulda, sem málið er af risið, hafi verið 31. desember 1967. En eins og rakið hefur verið, er mál þetta höfðað með stefnu, birtri 8. september 1972, og var þá liðinn 4 ára fyrningarfresturinn.

Lögtakið, sem framkvæmt var hjá stefnda 15. apríl 1969, var árangurslaust. Þar sem af hálfu stefnanda var látið sitja við hina árangurslausu lögtaksgerð, verður ekki talið, að hún hafi slitið fyrningu, og styðst sá skilningur við 11. og 12. gr. laga nr. 14 frá 1905 svo og 2. gr. laga nr. 29 frá 1885.

Af hálfu stefnanda þykir ekki hafa verið sýnt fram á það atferli stefnda, að ákvæði 7. gr. laga nr. 14 frá 1905 eigi við atvik máls þessa.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbrandur Jörundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, innheimtumanns ríkissjóðs í Dalasýslu, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1974.

Nr. 123/1973: **Jón Einar Haraldsson**
Jón Ásberg Salómonsson og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.).
gegn
Gísla Salómonssyni
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 23. ágúst 1973. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Jón Ásberg Salómonsson varð fjárráða eftir uppsögu héraðsdóms og hefur því sjálfur tekið við forræði málsins hér fyrir dómi.

Með dómssátt, gerðri fyrir aukadómi Þingeyjarsýslu 2. maí 1973, féllst áfrýjandinn Jón Einar á að greiða kr. 1.500.00 sekt í ríkissjóð vegna ökuslyss þess, sem fjallað er um í máli þessu. Taldist brot hans varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjendur beri óskipt fébótaábyrgð á tjóni stefnda, sbr. 1. og 3. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1970.

Dómkröfur stefnda í héraði sundurliðast þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón kr. 180.635.00
÷ greiðsla frá Trygginga-

stofnun ríkisins ..... kr. 23.800.00 kr. 156.835.00
2. Miskabætur ..... — 150.000.00

Kr. 306.835.00

Um 1. Það er viðurkennt í málinu, að stefndi hafi verið þrjá mánuði frá störfum vegna slyss þessa. Þykja bætur til hans af þesssu efni hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00, og hafa þá verið dregnar frá þær kr. 23.800.00, sem stefndi fékk greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins sem slysadagpeninga.

Um 2. Hæfilegt er að taka þennan lið til greina með kr. 40.000.00.

Samkvæmt þessu verður áfrýjendum óskipt dæmt að greiða stefnda kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Jón Einar Haraldsson, Jón Ásberg Salómonsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt stefnda, Gísla Salómonssyni, kr. 120.000.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum..

Dómur bæjarþings Húsavíkur 21. júní 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 21. júní, klukkan 16, var á bæjarþingi Húsavíkur, sem haldið var í dómsal embættisins í Húsavík af Sigurði Briem Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta hefur Gísli Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, höfðað gegn Jóni Einari Haraldssyni, Jaðri, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f og Salómon Erlendssyni f. h. ólögráða sonar síns, Jóns Ásbergs Saló-

monssonar, Laugarbrekku 8, Húsavík, fyrir bæjarþingi Húsavíkur með utanréttarstefnu, dags. 6. apríl 1973.

Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 306.835.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. og framlögðum reikningi.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Málavextir.

Aðfaranótt 11. júní 1972 slasaðist stefnandi sem farþegi í bifreiðinni Þ 237, sem fór út af þjóðveginum á Hólasandi í Suður-Þingeyjarsýslu og valt heila veltu.

Ökumaður bifreiðarinnar var stefndi Jón Einar Haraldsson, en farþegar í bifreiðinni voru auk stefnanda Jón Ásberg Salómonsson, eigandi bifreiðarinnar, Dögg Káradóttir, Huldulandi 5, Reykjavík, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Garðarsbraut 61, Húsavík, og Árni Sigtryggsson, Hólabraut 31, Skagaströnd.

Lögreglan í Húsavík var kvödd á vettvang, þar sem gerður var uppdráttur af vettvangi og ljósmyndir teknar af slysstað, og liggur það frammi í málinu, en mál þetta var rannsakað í sakadómi Þingeyjarsýslu og Húsavíkur, sbr. dómsskjal nr. 5. Björn Halldórsson lögreglumaður gerði uppdráttinn, en Þröstur Brynjólfsson lögreglumaður, sem fór á staðinn ásamt Birni, ritaði skýrslu um atburðinn, þar sem segir:

„Undirritaður fór á staðinn ásamt lögreglumanni nr. 4, sem gerir meðfylgjandi afstöðuteikningu. Slysið varð á þjóðveginum milli Húsavíkur og Mývatnssveitar (Kísilveg).

Hafði bifreiðinni Þ 237 verið ekið til suðurs, og þar sem bifreiðin fór út af veginum, er hæð á veginum og við beygja til hægri miðað við aksturssstefnu, og er vegkantur allhár, en aflíðandi. Bifreiðin hafði runnið skáhallt niður vegarkantinn og lent síðan á stórum steini og oltið þá heila veltu, og stóð hún á hjólunum, er við komum að henni. Myndir voru teknar af slysstað, og fylgja þær með skýrslu þessari, einnig skýrslur teknar af ökumanni og farþegum.

Skemmdiir á bifreiðinni Þ 237 eru: Allar rúður brotnar, báðar hurðir vinstra megin lítilsháttar beyglaðar, v. afturaurhlíf mikið beygluð, ljós v. megin að aftan brotið, kistulok laust frá, höggvari að aftan boginn, hægri afturaurhlíf beygluð, þak mjög

beyglað, h. afturhurð beygluð, h. framhurð hálf rifin af og ónýt, h. framaurhlíf beygluð, h. afturhjól brotið af (felgan brotin), vélarhúslok mikið beyglað, h. framljós brotin, loftnetsstöng brotin af, allir krómlistar ýmist brotnir af eða beyglaðir."

Rétt þykir, áður en vikið verður að rökstuðningi aðilja fyrir kröfum sínum, að rekja í aðalatriðum skýrslu aðilja og vitna fyrir lögreglu og sakadómi á dómsskjali nr. 5, en umboðsmenn málsaðilja hafa samþykkt að taka þær gildar, eins og þær hefðu verið gefnar hér fyrir dóminum.

Stefndi Jón Einar segir í skýrslu sinni: „Ég var viðloðandi dansleik í Breiðumýri í Reykjadal í gærkveldi. Kom þá til mín Sigurður bróðir minn og biður mig að aka bifreiðinni Þ 237, þar sem eigandi hennar var búinn að neyta áfengis. Tók ég vel í þetta. Eftir dansleikinn, sem var lokið klukkan 02:00, ók ég bifreiðinni til Húsavíkur. Voru þá í bifreiðinni Jón Ásberg Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, f. 7/9 1954, Gísli Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, f. 17/5 1951, Dögg Káradóttir, Huldulandi 5, Reykjavík, f. 30/9 1954, og Emelía G. Harðardóttir, Laugarbrekku 7, Húsavík. Eftir að hafa ekið um bæinn var Emelíu ekið heim til hennar, en þá bættust í bifreiðina þau Árni Sigtryggsson, Hólabraut 31, Skagaströnd, A-Húnavatnssýslu, og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Garðarsbraut 61, Húsavík, f. 19/8 1955.

Ókum við nokkuð um bæinn, og var síðan ákveðið að aka til Reynihlíðar í Mývatnssveit. Voru farþegarnir með áfengi með sér í ferðinni. Ók ég sem leið liggur um Kísilveginn og upp á svokallaðan Hólasand. Þegar ég er kominn u. þ. b. miðja vegu milli Geitafells og Reynihlíðar, stökk rolla með tvö lömb upp á vinstri vegarbrún (miðað við mína stefnu) og inn á veginn. Ætlaði ég þá að beygja aftur fyrir hana, en lenti þá í lausamöl og síðan út af veginum vinstra megin. Mun hraðinn á bifreið þá hafa verið ca. 45-50 mílur miðað við klst. Mun bifreiðin hafa „skrensað" til og runnið því sem næst þversum niður vegkantinn, sem er nokkuð brattur, lent síðan á nokkuð stórum steini, sem var og er þarna við veginn. Fór bifreiðin eina veltu og kom niður á hjólin. Tel ég orsökina fyrir veltunni þá, að bifreiðin lenti á steini þessum. Strax eftir að bifreiðin hafði stöðvast, fór ég út úr henni og athugaði með líðan farþega minna. Voru allir inni í bifreiðinni, nema Dögg, sem kastast hafði út og lá skammt frá henni. Hina tók ég út og hlúði að eftir bestu getu og hljóp síðan í Grímsstaði, sem er 12 km frá slysstaðnum, og fengum

þaðan aðstoð til að komast í símasamband, en við símuðum frá Reynihlíð til sjúkrahússins á Húsavík og fengum sjúkrabifreið þaðan.

Um það bil hálfri klst. síðar kom sjúkrabifr., og fóru Dögg og Gísli með henni til Húsavíkur, en við hin fórum með Hauki Aðalgeirssyni, Grímsstöðum, til Húsavíkur. Vorum við öll tekin til læknismeðferðar nema Hólmfríður, sem var ekið heim til hennar."

Jón Ásberg Salómonsson skýrir svo frá: „Ég sat hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar. Gísli bróðir minn sat vinstra megin, en í miðið sat Árni. Í framsæti sátu þær Dögg og Hólmfríður, og sat Dögg við dyrnar. Öll vorum við með áfengi meðferðis. Ekki get ég sagt neitt til um ökuhraða bifreiðarinnar né hvernig var ekið, því ég hugsaði ekkert út í það. Gekk ferðin vel, þar til við vorum komin langleiðina til Mývatnssveitar. Fór bifreiðin þá að skrensa á hægri kanti og yfir á vinstri kant og tekur stefnuna út af veginum. Man ég eftir því, þegar bifreiðin fór út af veginum, og svo aftur þegar hún byrjaði að velta, þá fannst mér hún lyftast. Man ég svo ekkert eftir mér fyrr en bifreiðin hafði stöðvast og við lágum í „hrúgu" í aftursætinu. Fór þá Jón Haraldsson út úr bifreiðinni og aðstoðaði okkur við að komast út. Voru Dögg og Gísli lögð á sandinn skammt frá, og var hlúð að þeim með teppum og því, sem til fannst í bifreiðinni. Biðum við þarna öll, meðan Jón hljóp upp í Grímsstaði að sækja hjálp . . . . "

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir segir svo frá í skýrslu sinni: „ . . . Sátu strákarnir í aftursæti, en við Dögg í framsæti. Var ökumaður Jón Haraldsson, Jaðri, Reykjadal. Voru farþegar með áfengi meðferðis, og sá ég á strákunum vín.

Var lagt af stað út úr bænum um kl. 4 og haldið sem leið liggur upp Kísilveg. Var ég öðru hverju að tala við strákana afturí og snéri ég mér þá aftur.

Þegar við erum u. þ. b. miðja vegu milli Geitafells og Reynihlíðar, byrjaði bifreiðin að „skralla" til á veginum. Ekki tók ég eftir hverju því olli, þar sem ég snéri öfugt í sætinu (var að tala við strákana). Brá mér snögglega við þetta og beygði mig undir mælaborðið. Skrallaði hún að mér fannst stjórnlaust svolitla stund og fann síðan, að hún lyftist og snérist við (valt) og kom niður á hjólin. Er bifreiðin hafði stöðvast, fór ég út úr henni, og tók ég þá eftir, að Dögg var ekki í bifreiðinni. Hafði hún kastast út á leiðinni. Hinir farþegarnir voru í „kös" í bifreiðinni . . . "

Gísli Salómonsson skýrir svo frá í skýrslu sinni:

„ . . . Er við vorum komin í námunda við stað þann, er bifreiðin valt á, rámar mig í, að ég heyrði grjót kastast upp í bifreiðina, líkast því að hún hefði lent í lausamöl, og síðan man ég ekki neitt, fyrr en ég kom til sjálfs mín, liggjandi á jörðinni, fyrir utan bifreiðina. Ekki veitti ég neina athygli, hvernig bifreiðinni var ekið fyrir slysið, enda var ég mikið undir áhrifum áfengis, og vorum við að drekka í aftursæti bifreiðarinnar, a. m. k. við Árni . . . "

Dögg Káradóttir skýrir svo frá:

„ . . . Um það leyti sem bifreiðin valt, snéri ég mér aftur og var að ræða við þá, sem í aftursætinu voru, og get ég því ekkert sagt til um ökuhraða eða ökumáta bifreiðarstjórans, og ekki get ég sagt neitt, hvað slysinu olli, ekki tók ég eftir neinni kind eða lömbum á veginum, hvorki fyrir né eftir slysið. Ég vissi ekkert af mér, fyrr en ég rankaði við mér liggjandi á jörðinni, og hlúðu þá ökumaður og Ásberg að okkur með teppum og jökkum, meðan við biðum eftir, að ökumaðurinn hlypi upp í Grímsstaði til þess að komast í síma og hringja í lækni og sjúkrabifreið."

Árni Sigtryggsson skýrir svo frá:

„ . . . Sat ég í aftursæti bifreiðarinnar. Var fyrst ekið um bæinn, og síðan var ákveðið að aka upp í Mývatnssveit, og var ekið upp Kísilveginn. Vorum við farþegarnir með áfengi meðferðis, og var ég mikið undir áhrifum þess. Þegar við vorum komin upp í svonefnda sanda, fann ég, að bifreiðin byrjaði að rása til á veginum, og man ég eftir, að ég kastaðist til í bifreiðinni. Eftir þetta man ég ekkert, fyrr en ég ranka við mér utan við bifreiðina, sem stóð nokkuð utan vegar á hjólunum, og var þá ökumaður farinn að sækja aðstoð . . . "

Bifreiðin var skoðuð eftir slysið, og segir svo í vottorði bifreiðaeftirlitsmanns:

„Við skoðun kom í ljós, að bifreiðin er gjörónýt. Við slysið hefur ein felga rifnað, en að öðru leyti er ekki hægt að skoða bifreiðina í því standi, sem hún er í.

Bifreiðin var færð til skoðunar 2. júní 1972, en fékk ekki fullnaðar skoðun vegna ljósabúnaðar, hliðarrúðu og flautu.

Stýris- og hemlabúnaður bifreiðarinnar reyndist þá í fullkomnu lagi."

Rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi styður stefnukröfur sínar eftirfarandi rökum í stefnu og greinargerð: „Ekið var til Húsavíkur og því næst áleiðis upp

til Mývatnssveitar. Þá voru farþegar auk þeirra, sem slösuðust, Árni Sigtryggsson, Hólabraut 31, Skagaströnd, og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Garðarsbraut 61, Húsavík. Karlfarþegar voru annað hvort við áfengisdrykkju eða miður sín vegna ofneyslu. Ökumaður er því einn til frásagnar um tildrög slyssins. Lögreglan, sem gerði vettvangsathugun, segir bifreiðina hafa farið út af vegi til suðurs á hæð og af víðri beygju til hægri miðað við aksturssstefnu. Vegbrún er allhá, en aflíðandi. Hafði bifreiðin runnið skáhallt niður vegbrúnina, lent á stórum steini og oltið og hafnað á hjólunum. Yfirborð vegarins er talið malborið, laust og fast, en ósléttt.

Gerður var uppdráttur af vettvangi, og mælist leiðin, sem bifreiðin rann utan vegar, áður en hún hafnaði á steininum og valt, um 60-70 m. Utan vegar er sandur. Stefnandi telur, að ökumaðurinn, stefndi Jón Einar, hafi sýnt vítavert gáleysi í akstri. Hann hafi ekið of hratt, eða með um 72.5-80.5 km. hraða miðað við klst. Þá er á slysstað hæð og beygja og aðstæður slæmar s. s. lausamöl . . .

Tjón umbj. m., er það, að hann var frá vinnu frá slysdegi til 12. september 1972. Samkvæmt vottorði Trésmiðjunnar Borgar h.f., sem lagt er fram í málinu, nam atvinnutekjutjón hans á þessu tímabili kr. 180.635.00, og er þá miðað við tekjur samstarfsmanna hans. Upp í það tjón hefur hann fengið greidda slysadagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins kr. 23.800.00. Þá á hann kröfu á bótum fyrir miska. Bætur fyrir tjón þetta eru áætlaðar kr. 150.000.00, og er sú upphæð síst ofætluð.

Umbj. m., heldur því fram, að ökumaður bifreiðarinnar, Jón Einar, beri alla ábyrgð á slysinu. Hann hafi ekið of hratt og gáleysislega miðað við aðstæður. Komi það fram, ef litið er til þeirrar vegalengdar, sem bifreiðin rann utan vegar, eða ca. 70 m, þar til hún rakst á stein, og varð af mikið högg, og valt síðan. Akstursmáti Jóns Einars hafi því brotið í bága við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 49. gr. og 50. gr. umfl. og beri hann því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Fébótaábyrgð stefnda Jóns Ásbergs byggist á hinni objectivu skaðabótaábyrgð 67. og 69. gr. umferðarlaganna.

Vátryggjandi bifreiðarinnar er Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f., og er máli þessu jafnframt beint til þess félags samkvæmt 2. mgr. 74. gr. umferðarlaganna."

Rökstuðningur stefndu í greinargerð er m. a. svohljóðandi:

„Á leiðinni upp í Grjótagjá gerðist það svo, að bifreiðin fór út

af veginum, en stefndi Jón Einar hafði tekið að sér stjórn hennar sakir ölvunar eigandans. Óhjákvæmilegt er að leggja frásögn stefnda Jóns Einars til grundvallar um aðdraganda óhappsins, þar sem aðrir þátttakendur í næturferðinni voru undir áhrifum áfengis og þess vegna ekki dómbærir um það, sem gerðist, og enda með hugann við annað.

Stefndi Jón kveðst hafa ekið með um 45-50 mílna hraða á klukkustund, eða á venjulegum þjóðvegarhraða við góðar aðstæður, eins og þarna voru. Skyndilega stökk ær með tvö lömb í veg fyrir bifreiðina, og ætlaði Jón Einar að beygja aftur fyrir hana, en bifreiðin lenti þá í lausamöl og út af veginum, svo sem nánar er lýst í framburði hans hjá lögreglu og fyrir sakadómi á dómskj. 5, sbr. og uppdrátt og ljósmyndir."

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur stefnda Jóni á því, að hann hafi ekið of hratt og gáleysislega miðað við aðstæður og brotið gegn nokkrum ákvæðum umferðarlaga. Þessu er alfarið mótmælt og því haldið fram, að líta verði á það sem óhappatilviljun, að bifreiðin fór þarna út af, sem engum verði um kennt. Á það er bent, að stefnandi greiddi ekki fyrir far sitt með bifreiðinni, og kemur objektív bótaábyrgð því ekki til greina hér. Í þessu sambandi er rétt að vitna til dóms Hæstaréttar 5. júní 1972 í málinu nr. 140/1971, XLIII. bindi, bls. 504.

Því er enn fremur haldið fram, að til þess að leggja megi bótaábyrgð á ökumann bifreiðar gagnvart farþegum hans án greiðslu þurfi til að koma mjög stórkostlegt gáleysi af hans hálfu, sem um leið mundi veita vátryggjanda bifreiðarinnar endurkröfurétt á hendur ökumanninum fyrir greiddum skaðabótum.

Kröfum á hendur stefnda Jóni Ásberg er andmælt með sömu rökum og gagnvart Jóni Einari, en eins og áður greinir, á objektíva ábyrgðarreglan ekki við hér og bótaábyrgð verður því aðeins lögð á eiganda ökutækis, að ökumaður beri einnig ábyrgð.

Enn er því haldið fram, að með þátttöku sinni í ökuferðinni við þær aðstæður, sem þarna voru, hafi stefnandi fyrirgert bótarétti, jafnvel þótt eitthvað bæri út af.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f verður því aðeins dæmdur til greiðslu bóta í þessu máli, að bótaábyrgð verði lögð á annan hvorn hinna fyrr nefndu, stefnda Jón Einar eða stefnda Jón Ásberg.

Ef til þess kemur, að félagið þurfi að greiða bætur í máli þessu þeirra vegna, er af þess hálfu gerður áskilnaður um endurkröfurétt úr þeirra hendi eftir því sem lög standa til. Kröfugerð

stefnanda er mótmælt sem of hárri. Miða ber við mánaðarkaup stefnanda, en ekki uppmælingarvinnu, sem alveg er óvíst, að eins hefði komið út með stefnanda sem þátttakanda.

Lækka ber bætur samkvæmt dómvenju vegna skattfrelsis o. fl. Miskabótakrafa er allt of há og í ósamræmi við venju.

Niðurstaða.

Eins og að framan hefur verið rakið og fram kemur á lögregluuppdrætti, skeður slysið á 7 m breiðum vegi í víðri beygju til hægri. Af vettvangsuppdrætti verður og ráðið, að bifreiðin hafi runnið, eftir að hún fór út af veginum, um 60 m, áður en hún lenti á steininum og valt, og er það álit dómarans, að þetta hefði ekki getað skeð, nema bifreiðinni hafi verið ekið á mikilli ferð.

Eins og fram hefur komið, viðurkenndi ökumaðurinn að hafa ekið á ca. 40-50 mílna hraða (þ. e. 72.5-80.5 km hraða), um það bil er slysið varð.

Þegar þetta allt er virt svo og skemmdir á bifreiðinni og ummerki á slysstað, þá þykir í ljós leitt, að ökumaður, stefndi Jón Einar Haraldsson, hafi ekið óhæfilega hratt og ekki gætt nægilegrar varkárni í akstrinum í umrætt sinn miðað við aðstæður, og er líklegt, að ökumanninum hafi fatast stjórnin verulega. Ber hann því fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna slyssins. Jón Ásberg Salómonsson var eigandi bifreiðarinnar, og ber hann jafnframt fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna umrædds slyss ásamt vátryggjanda bifreiðarinnar, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sem einnig hefur verið stefnt í máli þessu til greiðslu bóta samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

BÓTAKRÖFUR.

Í læknisvottorði I. Hj. læknis, dags. 7. júlí 1972, segir svo: „Ofangreindur Gísli Salómonsson var lagður inn á Sjúkrahúsið á Húsavík að morgni sunnudags 11/6 1972 eftir að hafa lent í bílveltu þá um morguninn, verið sóttur í sjúkrabifreið upp á Hólasand. Sj. hafði ekki misst meðvitund, komist sjálfkrafa út úr bílnum, en var mjög illa haldinn af óþæg. í ofanverðu baki, hægri öxl og h. handlegg. Sj. mun nokkuð hafa verið undir áhrifum áfengis, ekki var hann með neina teljandi ytri áverka. Sj. lá á Sjúkrahúsinu á Húsavík frá 11/6 1972 til 19/6 1972. Við rannsóknir hér hefur komið í ljós, að sj. er með brot í 7. hálslið, hefur eink. um sköddun á taugarótum eða mænu, þannig að hann er með dofa fram í 2 fingur hægri handar, verk niður í bak hægra

megin, hægri öxl og hægri handlegg. Sj. er meðhöndlaður með hálskraga, hefur fyrirmæli um að fara mjög varlega með sig, forðast alla áreynslu og getur ekki stundað vinnu.

Röntgenmyndir af hálsliðum voru sendar sérfræðingum á Bæklunardeild Landspítalans, og skv. ráðleggingum þeirra á sj. að meðhöndlast óbreytt, þ. e. með hálskraga og forðast hreyfingar á háls eða áreynslu. Þessari meðferð haldið óbr. í 3 mán. frá því sj. varð fyrir slysinu, nema óvænt eða ný eink. komi fram. Að þeim tíma liðnum er sj. ætlað að fara í eftirlitsskoðun, þar sem skorið verði úr, hvort þessi meðferð hefur haft tilætlaðan árangur eða hvort grípa þurfi til frekari aðgerða, og getur þá skurðaðgerð komið til greina. Sj. verður áfram undir reglulegu eftirliti."

Í vottorði sama læknis, dags. 20. september 1972, segir svo m. a.:

„Í samráði við sérfræðinga á Bæklunardeild Landspítalans var sj. meðhöndlaður með hálskraga í 3 mán. Hafði fyrirmæli um að fara varlega og forðast alla áreynslu. Þannig gat hann ekki stundað vinnu, meðan á meðferð þessari stóð. Hálskragi var fjarlægður þann 12/9 1972. Við skoðun kom í ljós, að maðurinn hafði áfram dofa fram í 3 fingur h. handar, litlafingur, vísifingur og lítilsháttar í löngutöng, en önnur subjective einkenni frá slysinu virðast gengin til baka. Í samráði við Höskuld Baldursson, sérfræðing á Bæklunardeild Landspítalans, er hálskragi nú fjarlægður, sj. ráðlagt að hefja vinnu, en vera áfram undir eftirliti. Ekki er ljóst á þessu stigi málsins, hvort frekari læknisaðgerða er þörf vegna framangreinds dofa, sem sj. hefur enn, og er hann því undir eftirliti enn um sinn.

Læknisvottorð þetta er samhljóða áverkavottorði, útg. 7/7 '72 til bæjarfógetans á Húsavík, þó að þeim upplýsingum viðbættum, sem tilfærðar eru eftir þann tíma."

Kröfur stefnanda eru þannig sundurliðaðar:

1. Atvinnutjón	kr.	180.635.00
Frá dragast slysadagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	23.800.00
Mismunur	kr.	156.835.00
2. Bætur fyrir óþægindi og sársauka	kr.	150.000.00
Samtals	kr.	306.835.00

Um kröfulið 1.

Stefndu hafa mótmælt kröfugerð þessari sem of hárri.

Frammi liggur í málinu yfirlýsing frá Trésmiðjunni Borg h/f, dags. 17. október 1972, þar sem stefnandi vann, er hann varð fyrir slysinu.

Í vottorði þessu segir svo:

„Það vottast hér með, að Gísli Salómonsson, Laugarbrekku 8, Húsavík, hafði í mánaðarlaun í maí þ. ár kr. 33.460.-.

Það vottast enn fremur, að á þeim tíma, sem Gísli var frá vinnu, höfðu trésmiðir í kaup kr. 180.635.- vegna mikillar uppmælingavinnu."

Umboðsmaður stefndu lýsti því yfir, að miða bæri við mánaðarkaup stefnanda, en ekki uppmælingarvinnu, sem alveg er óvíst, að eins hefði komið út með stefnanda sem þátttakanda.

Lækka bæri bætur samkvæmt dómvenju vegna skattfrelsis og fl. Gegn mótmælum er því þessi kröfuliður (þ. e. vegna uppmælingarvinnu) eigi studdur fullnægjandi gögnum. En viðurkennt er, að stefnandi hafi orðið að hætta vinnu í 3 mánuði eftir slysið. Mánaðarlaun hans voru kr. 33.460.00, og bætur samkvæmt þessum lið verða því kr. 100.380.00.

Um 2. kröfulið.

Þessum kröfulið hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem allt of háum.

Sjúkrasaga stefnanda hefur verið rakin í vottorðum Ingimars Hjálmarssonar læknis hér að framan. Samkvæmt henni og öðru því, sem þykir skipta máli, þykir hæfilegt að meta stefnanda bætur samkvæmt þessum lið kr. 50.000.00. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 150.380.00 (100.380.00 + 50.000.00), sem stefndu ber óskipt að greiða stefnanda ásamt 7% ársvöxtum frá 11. júní til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Einar Haraldsson, Salómon Erlendsson fyrir hönd ólögráða sonar síns, Jóns Ásbergs Salómonssonar, og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Gísla Salómonssyni, kr. 150.380.00 með 7% ársvöxtum frá 11. júní 1972 til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. nóvember 1974.

Nr. 192/1974: **Lára B. Eiríksdóttir**
gegn
Magnúsi A. Magnússyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Kærumál. Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. október 1974, sem barst Hæstarétti 7. nóvember s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðinn 26. ágúst 1974. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að taka málið til efnisúrskurðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Móðurarfur varnaraðilja stendur inni í dánarbúi foreldra hans, sem er til skiptameðferðar hjá skiptaráðandanum í Hafnarfirði. Sóknaraðili á ekki til arfs að telja eftir þau. Þykir skiptaráðandi í Reykjavík því ekki að svo komnu máli geta úrskurðað um kröfu sóknaraðilja. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1974.

Með bréfi, dags. 29. nóvember 1973, sneri umboðsmaður sóknaraðilja, Láru B. Eiríksdóttur, Rauðalæk 27 hér í borg, sér til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu með beiðni um að endur-

upptaka til framhaldsmeðferðar skipti á félagsbúi hennar og varnaraðilja, Magnúsar A. Magnússonar, Eskihlíð 14 hér í borg. Þingað var í því máli í skiptadómi Hafnarfjarðar 17. desember s.l. og ákveðið að framsenda það skiptadómi Reykjavíkur til meðferðar, með því að málsaðiljar voru þar báðir búsettir.

Hér í dómi var fyrst þingað í skiptamálinu 21. febrúar s.l. Á skiptafundi 21. mars var ákveðið, að skiptaráðandi beiddist uppskriftar í Hafnarfirði á dánar- og félagsbúi foreldra varnaraðilja, er þar höfðu búið, en voru bæði látin. Sú uppskriftargerð fór fram 13. maí s.l., sbr. rskj. nr. 4, en ekki virðist henni hafa verið að fullu lokið.

Á skiptafundi 17. apríl var ákveðið, að sérstakt mál yrði rekið hér fyrir dómi vegna ágreinings málsaðilja um, hvort sóknaraðili ætti tilkall til búshluta úr móðurarfi varnaraðilja. Er sá ágreiningur hér til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 27. júní s.l.

Málsaðiljar gengu í hjónaband 29. apríl 1950, en skildu að borði og sæng samkvæmt leyfisbréfi, útgefnu af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. september 1972. Seinasta sameiginlegt heimilisfang þeirra var að Goðatúni 13, Garðahreppi, Gullbringusýslu. Frá skilnaði að borði og sæng hafa þau ekki verið samvistum, en lögskilnaður þeirra hefur ekki verið gerður.

Við skilnað að borði og sæng urðu málsaðiljar ásátt um skilnaðarskilmála, m. a. um skiptingu á eignum félagsbúsins. Þó var í 1. mgr. 5. gr. skilmálanna (dskj. nr. 6) gerður svofelldur fyrirvari:

„Faðir mannsins Magnús Magnússon, Vesturbr. 13, Hafnarfirði, situr í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Ragnheiði heitina Þorkelsdóttur. Við erum ekki á eitt sátt um það, hvort konan eigi að einhverju leyti tilkall til hluta mannsins í búinu, og áskilur konan sér allan rétt í því efni".

Ragnheiður Þorkelsdóttir andaðist 25. mars 1961. Leyfi maka hennar, Magnúsar Magnússonar, til setu í óskiptu búi var gefið út af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 24. apríl 1962. Magnús Magnússon andaðist á s.l. ári, og kom þá dánar- og félagsbú þeirra hjóna til skipta. Sóknaraðili telur sig eiga kröfu til þess að fá úr því búi helming af móðurarfi varnaraðilja og hefur því farið fram á endurupptöku skipta á félagsbúi málsaðilja. Þeirri beiðni hefur út af fyrir sig ekki verið mótmælt, en hins vegar mótmælir varnaraðili því, að sóknaraðili eigi nokkurt tilkall til arfshluta úr búi foreldra hans. Dómsmál þetta snýst um þann ágreining.

Kröfur sóknaraðilja í málinu eru þær, að henni verði úrskurðuð krafa til búshluta í félagsbúi málsaðilja, sem svarar hálfum móðurarfi varnaraðilja, eða 1/4 hluta arfs úr dánar- og félagsbúi foreldra hans. Einnig krefst hún málskostnaðar að mati dómarans.

Varnaraðili krefst þess, að synjað verði kröfu sóknaraðilja um hlutdeild í móðurarfi hans og að honum verði tildæmdur málskostnaður.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því, að þegar móðir varnaraðilja féll frá, 21. mars 1961, hafi verið í gildi erfðalög nr. 42/1949 og um óskipt bú hjóna VIII. kafli laga nr. 20 frá 1923. Samkvæmt þeim lagaákvæðum hafi fallinn arfur, sem stóð inni í óskiptu búi, verið hjúskapareign viðkomandi erfingja, nema annað væri áskilið. Þetta hafi ekki breyst með núgildandi erfðalögum nr. 8 frá 28. september 1962, því samkvæmt 58. gr. þeirra laga verði þeim einungis beitt um erfðaskipti eftir þá, sem andast eftir gildistöku þeirra. Með því að arfurinn hafi þannig verið hjúskapareign varnaraðilja, þegar fjárfélagi þeirra lauk, eigi hún tilkall til helmings arfs í búshluta sinn, sbr. þann áskilnað í skilnaðarskilmálanum, sem rakinn er hér að framan.

Varnaraðili byggir mótmæli sín á því, að samkvæmt núgildandi erfðalögum sé arfshluti erfingja í óskiptu búi séreign hans og gildi sú regla jafnt, hvort sem arfláti andaðist fyrir eða eftir gildistöku þeirra laga. Ákvæði 58. gr. erfðalaganna eigi einungis við um arftökurétt erfingja, en ekki um réttarsamband erfingja og maka hans. Um það gildi upphaf 59. gr. laganna, sem segir, að ákvæði þeirra um óskipt bú eigi einnig við um búsetu, sem stofnað var til fyrir gildistöku laganna. Því gildi um bú foreldra varnaraðilja 1. mgr. 18. gr. erfðalaganna, sem kveður svo á, að hlutur erfingja í óskiptu búi sé séreign hans, ef erfingi er í hjúskap eða gengur í hjúskap.

Móðurarfur varnaraðilja stendur inni í dánarbúi foreldra hans, sem enn er óskipt. Kröfu í erfðahlut úr því búi skal bera upp við skiptaráðanda, sem fer með það bú, enda verður ekki kveðið á um úthlutun úr því fyrir öðrum dómi. Samkvæmt því verður krafa sóknaraðilja ekki tekin til greina í þessu máli.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan, en uppsaga hans hefur dregist mjög vegna mikilla embættisanna dómarans, m. a. vegna sumarleyfa hér við embættið.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðilja, Láru B. Eiríksdóttur, í máli þessu er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. nóvember 1974.

Nr. 168/1973: **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari)
gegn
Bergi Jóni Þórðarsyni
(Ragnar Jónsson hrl.)
Matthíasi Mogensen
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)
Leifi Haukssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
Eddu Sigurrós Sverrisdóttur
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
Karli Kristni Júlíussyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
og Ólafi Mogensen
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Ávana- og fýknilyf. Brot gegn lögum nr. 77/1970, sbr. lög nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruvaldið hefur hér fyrir dómi fallið frá ákærulið III, 1 í ákæru gegn Leifi Haukssyni og fallið frá tilvitnun ákæruliðs IV, 1 í ákærulið III, 1 í ákæru gegn Eddu Sigurrós Sverrisdóttur. Enn fremur er fallið frá því atriði í ákærulið I, 4 í ákæru gegn Bergi Jóni Þórðarsyni, er varðar svonefnt

„meskalín". Verður því eigi fjallað um þessi atriði í dómi Hæstaréttar í máli þessu.

I.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Kópavogskaupstaðar 8. desember 1972. Var það nálega fullrannsakað, er lög nr. 52 13. apríl 1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum tóku gildi. Þau lög geyma eigi ákvæði um, hvaða mál skuli koma undir þann dóm, þeirra sem til meðferðar voru í sakadómi, þegar lög þessi tóku gildi. Samkvæmt meginreglum réttarfarslaga og með sérstakri hliðsjón af 201. gr. laga nr. 27/1951, nú laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála þykir sakadómur Kópavogskaupstaðar hafa verið valdbær til meðferðar og dómsálagningar máls þessa.

II.

Refsiákvæði laga nr. 77/1970 eru sett með stjórnskipulega gildum hætti, og verður eigi hrundið sem gildum refsiheimildum. Reglugerð nr. 257/1969 er sett með stoð í 1. gr. laga nr. 43/1968, er breyttu 4. gr. laga nr. 14/1923. 4. gr. laga nr. 77/1970 er orði orðs sama efnis og 1. gr. laga nr. 43/1968, og hagga lög nr. 77/1970 í engu við gildi reglugerðar nr. 257/1969.

III.

Héraðsdómari hefur leyst réttilega úr sönnunaratriðum máls þessa, og ber að staðfesta niðurstöðu hans um ákæruefni, þau sem til úrlausnar koma hér fyrir dómi samkvæmt framansögðu. Ávana- og fíkniefni það, sem allir ákæruliðirnir taka til, fellur undir refsisvið laga nr. 77/1970, sbr. 4. gr. þeirra og 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969. Er heimilt að refsa samkvæmt refsiákvæðum greindra laga fyrir brot, er ákærði Bergur Jón framdi erlendis og fólu í sér innflutning á kannabisefnum, án þess að kanna þurfi, hvort brot þessi séu refsiverð samkvæmt löggjöf þar í ríkjum, er ákærði var staddur, þá er hann kom ávana- og fíkniefnum í íslenskt skip til flutnings til Íslands eða sendi slík efni hingað til lands

með pósti. Með þessari athugasemd þykir atferli hinna ákærðu vera réttilega fært til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Eftir uppsögn héraðsdóms hafa verið sett lög nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni, er leysa af hólmi lög nr. 77/1970. Ber að refsa ákærðu samkvæmt þeim lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó svo, að þyngri refsiviðurlög verða eigi dæmd en þau, sem greinir í lögum nr. 77/1970. Varða hinir refsiverðu verknaðir allra hinna ákærðu nú við 3., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga nr. 65/1974. Fallast ber á það mat héraðsdómara, að brot ákærðu Bergs Jóns, Matthíasar, Leifs og Ólafs séu í heild sinni stórfelld brot samkvæmt 6. gr. laga nr. 77/1970, en eigi verður þeim þó ákvörðuð refsing samkvæmt 1. gr. laga nr. 64/1974, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, og eigi þykir rétt að dæma hinum ákærðu í máli þessu refsingu með vísan til ákvæðis 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, eins og sakarefni er háttað. Refsing hinna ákærðu Leifs og Eddu Sigurrósar ber að ákveða með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga vegna dómssáttar þeirrar, er þau sættu, Leifur hinn 23. mars 1972 og Edda Sigurrós hinn 12. maí s. á., fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. og 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969. Staðfesta ber refsingu þá, sem héraðsdómari hefur dæmt þeim ákærðu Leifi og Ólafi, en refsing ákærða Bergs Jóns þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Tími sá, er Bergur Jón og Leifur sættu gæsluvarðhaldi, komi refsingu þeirra til frádráttar, svo sem í héraðsdómi segir. Þá ber að staðfesta refsingu hinna ákærðu Matthíasar og Eddu Sigurrósar, þó svo, að skilorðstími verði 2 ár frá uppsögu dóms þessa. Ef til fullnustu refsingar Matthíasar og Eddu Sigurrósar kemur, skal draga frá tíma þann, er þau sættu gæsluvarðhaldi, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga, Matthías í 14 daga og Edda Sigurrós í 16 daga. Enn ber að staðfesta refsingu ákærða Karls Kristins, þó svo, að vararefsing verði varðhald 20 daga, en greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupp-

töku, sbr. nú 5. gr. laga nr. 65/1974. Þá ber og að staðfesta ákvæði dómsins um sakarkostnað, þó svo, að ákærði Leifur greiði verjanda sínum í héraði, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 40.000.00, og ákærða Edda Sigurrós greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dæma ber ákærða Berg Jón til að greiða verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónsssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 50.000.00.

Ákærði Matthías greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 25.000.00.

Ákærði Leifur greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 45.000.00.

Ákærða Edda Sigurrós greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Ákærði Karl Kristinn greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Ólafur greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 150.000.00, greiði ákærðu Bergur Jón, Leifur og Ólafur óskipt að hálfu, en hinn helminginn greiði öll ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu hinna ákærðu Leifs Haukssonar og Ólafs Mogensens eiga að vera óröskuð. Ákærði Bergur Jón Þórðarson sæti fangelsi 4 mánuði. Refsing hinna ákærðu Matthíasar Mogensens og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur á að vera óröskuð, þó svo, að skilorðstími verði tvö ár frá uppsögu dóms þessa.

Refsing ákærða Karls Kristins Júlíussonar er staðfest, þó svo, að vararefsing verði varðhald 20 daga, en greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldstíma ákærðu Bergs Jóns og Leifs frá refsingu þeirra skulu óröskuð. Ef til fullnustu á refsingu ákærðu Matthíasar og Eddu Sigurrósar kemur, skal gæsluhaldsvist þeirra, Matthíasar í 14 daga og Eddu í 16 daga, koma refsingu til frádráttar.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um eignarupptöku eiga að vera óröskuð. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eru staðfest, þó svo, að ákærði Leifur greiði verjanda sínum í héraði, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 40.000.00, og ákærða Edda Sigurrós greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 50.000.00.

Ákærði Matthías Mogensen greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sveini Hauki Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 25.000.00.

Ákærði Leifur Hauksson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 45.000.00.

Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns kr. 20.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Hauks Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 150.000.00, greiði ákærðu Bergur Jón, Leifur og Ólafur óskipt að hálfu, en hinn helminginn greiði öll ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 20. júní 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 20. júní, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í dómsal embættisins að Álfhólsvegi 7 af Ólafi St. Sigurðssyni héraðsdómara, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 34/1972: Ákæruvaldið gegn Bergi Jóni Þórðarsyni, Matthíasi Mogensen, Leifi Haukssyni, Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, Karli Kristni Júlíussyni og Ólafi Mogensen, sem dómtekið var 12. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 1. nóvember 1972, á hendur þeim Bergi Jóni Þórðarsyni verkamanni, Skipagötu 1, Akureyri, Matthíasi Mogensen sjómanni, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, Leifi Haukssyni nema, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi, Karli Kristni Júlíussyni leðurgerðarmanni, Öldugötu 54, Reykjavík, og Ólafi Mogensen nemanda, Borgarholtsbraut 9, Kópavogi, fyrir brot á lögum nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl. og reglugerð nr. 257 frá 1969 um ávana- og fíkniefni, með eftirgreindum hætti, eins og ákæruskjal greinir:

„I. Ákærði Bergur Jón Þórðarson.

1. Fyrir utanferð sína í október 1971 tekið við íslenskum peningum hjá meðákærðu Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur til kannabiskaupa (hasskaupa). Enn fremur fengið sendar í ársbyrjun 1972 frá meðákærða Ólafi Mogensen í Reykjavík ísl. kr. 1.000.00 í sama tilgangi. Keypt kannabisefni fyrir þessa aðila í Kaupmannahöfn seinni hluta ársins 1971 og í ársbyrjun 1972 og sent þeim það í bréfapósti til Íslands, þar á meðal nefndum Leifi 5-10 grömm um mánaðamótin október-nóvember 1971.

2. Í desember 1971 keypt fyrir Bjarka Tryggvason, Akureyri, 50 grömm af kannabisefni í Kaupmannahöfn fyrir danskar kr. 500.00 og afhent honum það þar.

3. Í mars 1972 í Kaupmannahöfn keypt fyrir Magnús Magnússon 10 grömm af kannabisefni og sent honum til Íslands. Enn fremur aðstoðað Einar Björgvin Björgvinsson við kaup á nokkrum tugum gramma af sama efni.

4. Í apríl 1972 tekið við erlendum peningum hjá eftirgreindum mönnum í Kaupmannahöfn og Amsterdam til kaupa á kannabisefni og meskalíntöflum: Gesti Þorsteinssyni 1.200.00 dönskum krónum, Leifi Haukssyni 2.500.00 hollenskum gyllinum, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gesti Þorsteinssyni 6.000.00 dönskum krónum og keypt fyrir peninga þessa rösklega 3 kg. af kannabis og 400 töflur af meskalíni í Amsterdam og afhent efnið meðákærða Matthíasi Mogensen um borð í m.s. Laxfossi í Rotterdam til flutnings til Íslands. Enn fremur á sama tíma afhent nefndum Matthíasi til eigin notkunar 100 grömm af kannabis.

II. Ákærði Matthías Mogensen.

Í apríl 1972 tekið við um borð í m.s. Laxfossi í Rotterdam af meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni efni því, sem um getur í ákærulið I, 4 hér að framan, og flutt það með skipinu til Akureyrar, þar sem hann í byrjun maí afhenti það meðákærða Leifi Haukssyni, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gesti Þorsteinssyni. Enn fremur tekið við til eigin notkunar 100 grömmum af kannabis og neytt hluta þess á leiðinni til Íslands, en við leit um borð í skipinu í Reykjavík við komu þess þangað 18. maí var lagt hald á 90 grömm af efninu svo og hassreykjarpípu.

III. Ákærði Leifur Hauksson.

1. Í október 1971 í Reykjavík fengið meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni peninga frá sér og eiginkonu sinni, sem er meðákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir, til kannabiskaupa í Kaupmannahöfn og síðar fengið sent frá nefndum Bergi Jóni kannabisefni í póstsendingu á sínu nafni og konu sinnar, þar á meðal 5-10 grömm um mánaðamótin október-nóvember 1971.

2. Um áramótin 1971-1972 smyglað til landsins frá Kaupmannahöfn ásamt eiginkonu sinni og meðákærða Karli Kristni Júlíussyni tæpum 400 grömmum af kannabis. Efnið sendu þau í frakt í tösku á nafni Eddu Sigurrósar. Áttu ákærði og eiginkona hans 2/3 hluta efnisins, en meðákærði Kristinn Karl 1/3.

3. Seinni hluta aprílmánaðar 1972 farið til Kaupmannahafnar og þaðan til Amsterdam gagngert til kaupa á kannabisefnum fyrir sjálfan sig og eiginkonu sína svo og meðákærða Ólaf Mogensen og fleiri, sem lagt höfðu fé til kaupanna, og síðan afhent meðákærða Bergi Jóni peningana í Amsterdam, sbr. ákærulið I, 4 hér að framan, falið honum að kaupa kannabisefni fyrir þá og koma því til meðákærða Matthíasar Mogensens um borð í m.s. Laxfoss í Rotterdam til flutnings til Íslands, þar sem ákærði tók síðan í maíbyrjun við efninu á Akureyri úr höndum nefnds Matthíasar ásamt Gesti Þorsteinssyni og Jens Rúnari Ingólfssyni, sbr. ákærulið II hér að framan, en við skipti á efninu komu 500 grömm í hlut ákærða og eiginkonu hans.

4. Ásamt eiginkonu sinni, Eddu Sigurrós, fengið meðákærða Ólaf Mogensen svo og Pétur Halldór Pétursson og Evu Benjamínsdóttur til að geyma kannabisefni þeirra hjóna og margsinnis gefið þeim og fleiri kunningjum sínum að reykja með sér af efninu.

IV. Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir.

1. Framið með eiginmanni sínum, Leifi Haukssyni, brot þau, sem um getur í ákæruliðum III, 1, 2 og 4 hér að framan.

2. Lagt á ráðin um ferð eiginmanns síns til kannabiskaupa, sem um getur í ákærulið III, 3 hér að framan, svo og lagt fram fé til þeirra kaupa og notið efnisins að jöfnu við hann.

V. Ákærði Karl Kristinn Júlíusson.

Framið ásamt ákærðu Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur brot það, sem um getur í ákærulið III, 2 hér að framan. Enn fremur gefið kunningjum sínum, þeim Erni Ingólfssyni og Jóni Ómari Sigfússyni, af efninu með sér.

VI. Ákærði Ólafur Mogensen.

1. Lagt á ráðin um ferð meðákærða Leifs Haukssonar til kannabiskaupa, sem um getur í ákærulið III, 3 hér að framan, svo og lagt fram ísl. kr. 25.000.00 til þeirra kaupa og fengið afhent í sinn hlut við skipti á efninu 300 grömm af kannabis. Enn fremur haft milligöngu fyrir Benedikt Hjartarson, Reykjavík, um kaup á kannabis fyrir ísl. kr. 9.000.00 í sömu ferð og afhent honum í maí 1972 fyrir þá peninga 50 grömm af efninu. Loks tekið við í maí 1972 í Reykjavík 300 grömmum af kannabis til geymslu fyrir meðákærðu Leif og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur.

2. Í ársbyrjun 1972 sent meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni kr.

1.000.00 í íslenskum peningum í pósti frá Reykjavík til kaupa á kannabisefni og fengið tvívegis sendingu frá honum í bréfapósti frá Kaupmannahöfn, 5-6 grömm í hvort sinn.

Þykja brot ákærðu varða við 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. fyrrnefndra laga nr. 77/1970 um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. 4. gr. fyrrnefndra laga, sbr. einnig 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í þeim tilvikum, sem gerðust erlendis.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til að sæta upptöku samkvæmt 5. gr. áðurnefndra laga og 1. og 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga þeirra ávana- og fíkniefna og tækja til neyslu þeirra, sem lagt var hald á við rannsókn málsins, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði Bergur Jón Þórðarson er fæddur 8. maí 1951 á Skagaströnd og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Matthías Mogensen er fæddur 10. júlí 1953 í Reykjavík og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Leifur Hauksson er fæddur 11. október 1951 í Reykjavík og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 23/3 í Kópavogi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. og 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttur er fædd 28. september 1953 á Siglufirði. Hún hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 12/5 í Kópavogi: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. og 5. gr., sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson er fæddur 18. apríl 1952 í Reykjavík og hefur ekki áður sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Ólafur Mogensen er fæddur 24. maí 1951 í Reykjavík. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1972 9/2 í Kópavogi: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik.

Upphaf máls þessa verður rakið til atviks hinn 13. maí 1972 í samkomuhúsinu Stapa í Ytri-Njarðvík, er löggæslumenn fundu í fórum Stefáns Inga Jónssonar, Skaftahlíð 7, Reykjavík, efni, sem talið var, að væri kannabis, og frekari rannsókn staðfesti, að

svo væri. Frumrannsókn, sem hófst þegar í stað, leiddi í ljós, að hér væri á ferðinni mjög umfangsmikið mál og væri um að ræða innflutning í stórum stíl á fíkniefninu kannabis o. fl. og væru fjölmargir við málið riðnir í Reykjavík og Kópavogi og víðar.

Hófst lögreglurannsókn í Kópavogi 15. maí 1972 og dómsrannsókn jafnhliða samdægurs, en þá hafði beinst grunur að ákærða Leifi Haukssyni fyrir aðild að máli þessu.

Leifur Hauksson og eiginkona hans, ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir, voru yfirheyrð af lögreglu og neituðu allri aðild og vitneskju fyrst í stað. Var gerð húsrannsókn á heimili þeirra að Borgarholtsbraut 3 að undangengnum úrskurði. Fundust þar þrjár reykjarpípur fyrir hassreykingar svo og nokkrir holir gifsmolar í læstri hirslu. Einnig fannst í íbúðinni lokað umslag með utanáskrift til Ólafs Sigurðssonar, Eskifirði. Var bréfið í úlpuvasa í skáp í forstofunni. Bréf þetta var í þykkara lagi, og fannst af því greinileg lykt eins og af kannabis.

Ákærði Ólafur Mogensen var yfirheyrður af lögreglu svo og fyrir dómi 17. maí 1972.

Í þessu þinghaldi og síðar skýrði hann frá því, að í fyrri hluta apríl 1972 hafi þeir Leifur rætt um það sín á milli, að Leifur tækist ferð á hendur til Hollands eða eitthvað annað til þess að kaupa hass. Fór Leifur síðan í ferðina u. þ. b. viku síðar hinn 16. apríl. Ólafur kveðst hafa látið Leif hafa kr. 25.000.00 frá sér í þessu augnamiði og einnig kr. 9.000.00 frá Benedikt nokkrum Hjartarsyni, Reykjavík, en þau hjón, Leifur og Edda Sigurrós, lögðu fram saman 40 til 50 þús. krónur. Um þetta leyti fékk Leifur sendar kr. 30.000.00 frá Halldóri Kjartanssyni, Birkihvammi 8, Kópavogi, til kaupa á hassi fyrir hann og annan pilt, Viðar Sigurjónsson að nafni. Kom síðar í ljós, að fleiri voru í samlagi með Halldóri og Viðari.

Ólafur kveður, að það hafi verið áformað af hálfu þeirra Leifs að koma efninu til landsins með aðstoð bróður síns, Matthíasar Mogensens, sem var skipverji á m/s Laxfossi. Var búið að tala um þetta við Matthías áður.

Leifur Hauksson kom úr ferð sinni að viku liðinni. Hafði hann ekki meðferðis neitt hass sjálfur.

M/s Laxfoss kom til Akureyrar viku eftir heimkomu Leifs. Fór Leifur þangað norður ásamt tveimur öðrum mönnum, Gesti Þorsteinssyni og Jens Rúnari Ingólfssyni, báðum úr Reykjavík

Komu þeir með hassið suður og heim til Leifs Haukssonar að Borgarholtsbraut 3 að kvöldi dags. Var hér um að ræða u. þ. b.

3 kg. af hassi. Þarna um kvöldið var efninu skipt í tvennt, þannig að Jens Rúnar og Gestur fengu ríflega helminginn, en hitt varð eftir. Fóru þessi skipti fram í eldhúsinu að þeim þremur viðstöddum, og höfðu þeir læst að sér, en Edda Sigurrós, eiginkona Leifs, og Ólafur Mogensen voru annars staðar í íbúðinni ásamt fleira fólki óviðkomandi þessu máli.

Einum eða tveimur dögum síðar fóru fram skipti á því, sem eftir varð. Fékk Ólafur Mogensen í sinn hlut um 300 gr. og auk þess um 150 gr. fyrir Benedikt Hjartarson, en þau hjónin fengu í sinn hlut u. þ. b. 500 gr. Þremur eða fjórum dögum seinna kom Halldór Kjartansson ásamt fjórum öðrum mönnum og fékk sinn skammt í einu lagi, og var það á milli 300 og 400 gr.

Verður nú vikið nánar að málavöxtum samkvæmt framburði ákærðu og vitna.

I.

Leifur Hauksson hefur skýrt svo frá, að um mánaðamótin mars-apríl 1972 hafi svo talast milli sín, eiginkonu sinnar, Eddu Sigurrósar, og Ólafs Mogensens, að þau útveguðu sér hass beint erlendis frá. Kom þeim saman um, að einn færi utan í þessu skyni og fá fleiri til að leggja fram fé, þar sem efnið væri ódýrara, ef meira væri keypt í einu. Var haft samband við ákærða Matthías Mogensen, bróður Ólafs, um það, að hann flytti efnið til landsins, en Matthías var skipverji á m/s Laxfossi í utanlandssiglingum.

Að ráði varð, að Leifur tækist ferð á hendur til Danmerkur og Hollands í ofangreindu augnamiði.

Þeir Leifur og Ólafur höfðu símasamband við Halldór Kjartansson á Suðureyri við Súgandafjörð og buðu honum þátttöku í hinum fyrirhuguðu kaupum. Nokkru síðar barst Leifi símaávísun frá Halldóri að upphæð kr. 29-30 þúsund, og var Leifi ljóst af símtali við Halldór, að hann og nokkrir aðrir piltar, sem unnu þarna fyrir vestan í frystihúsi, höfðu slegið saman til kaupanna.

Ólafur Mogensen lagði fram kr. 25.000.00 sjálfur og auk þess kr. 9.000.00 frá Benedikt Hjartarsyni, sbr. sem fyrr er greint.

Þau hjónin Leifur og Edda lögðu fram rúmlega kr. 40.000.00.

Leifur Hauksson fór svo utan 16. apríl 1972 til Kaupmannahafnar. Þar í borg hélt hann til í yfirgefinni hermannastöð, Kristjaníu, en þar höfðu ýmsir Íslendingar aðsetur. Leifur hitti þar fyrir ýmsa, sem hann var kunnugur, þ. á m. Gest Þorsteins-

son, Hlyn Höskuldsson, ákærða Berg Jón Þórðarson, Jón Þór Guðmundsson o. fl.

Hinn 18. apríl fór Leifur með lest til Amsterdam, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, þar sem vitað var, að hass var ódýrara í Hollandi. Slóst Jón Þór í för með honum.

Bergur Jón Þórðarson kom með næturlest beint til Amsterdam daginn eftir og hafði meðferðis heimilisföng ýmissa aðilja, sem álitið var líklegt að leita til í því augnamiði að kaupa hass. Leifur var í upphafi bjartsýnn um að annast kaupin á eigin spýtur, en er hann og Jón Þór höfðu gengið um og þreifað fyrir sér um það, varð honum ljóst, að það var miklum örðugleikum háð.

Varð því úr, að Leifur fól Bergi að annast hasskaupin og afhenti honum 2.500 hollensk gyllini. Skyldi Bergur koma efninu til Matthíasar Mogensens, er m/s Laxfoss kæmi til Rotterdam. Leifur fór síðan til Kaupmannahafnar föstudaginn 21. apríl og heim til Íslands næsta sunnudag.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið til Kaupmannahafnar í október 1971, en þá hafði hann um hríð haldið til á Borgarholtsbraut 3 hjá þeim hjónum Eddu og Leifi.

Í nóvember settist Bergur að í Kristjaníu í Kaupmannahöfn. Hann hitti þau hjón Leif og Eddu ásamt ákærða Karli Kristni Júlíussyni í Kaupmannahöfn í desember 1971, en kveður sér alls ókunnugt um, hvort þau keyptu nokkuð hass í þeirri ferð.

Bergur kveður, að þegar Leifur Hauksson kom til Kaupmannahafnar í apríl 1972, hafi sér verið það ljóst, að hann var gagngert kominn til þess að kaupa hass.

Daginn eftir að þeir fóru til Hollands, Leifur Hauksson og Jón Þór Guðmundsson, fór Bergur á eftir þeim til Amsterdam og hitti þá á járnbrautarstöð, eins og fyrirfram var ákveðið.

Bergur kveður för sína ekki hafa staðið í sambandi við erindi Leifs.

Þegar þeir höfðu dvalist í Amsterdam 2-3 daga, kveður Bergur, að Leifur hafi beðið sig um að kaupa fyrir sig hass og koma því til Matthíasar Mogensens á m/s Laxfossi, en skipið átti að vera í Rotterdam nokkru seinna. Lét Leifur hann hafa 2.500 gyllini til þess arna.

Fyrir þetta fé kveðst Bergur hafa keypt u. þ. b. 1200 gr. af hassi af manni, sem hann kveðst hafa hitt af tilviljun á götu í Amsterdam. Hann kveðst áður hafa reynt fyrir sér um hasskaup

þarna á grundvelli upplýsinga frá vinkonu sinni í Kaupmannahöfn um líklegan hassseljanda, en án árangurs.

Bergur hafði meðferðis frá Kaupmannahöfn 1.200 danskar krónur frá Gesti Þorsteinssyni, en Gestur hafði beðið hann að kaupa fyrir sig hass eða önnur slík efni.

Keypti Bergur fyrir þetta fé ca. 30 gr. af hassi og 400 töflur, sem hann hugði vera meskalín.

Hann kveðst hafa keypt þessi efni af svertingjum á krá einni í borginni. Reyndi hann eina töfluna, og þegar hann fann ekki til neinna áhrifa, varð honum ljóst, að hann hafði verið svikinn í skiptunum.

Ætlunin var, að hann færi til Kaupmannahafnar með hassið og töflurnar til Gests, en þegar hann varð þess áskynja, að töflurnar voru sviknar, ákvað hann að geyma allt saman í Amsterdam og fór því án þessa.

Bergur kom hassi því, er hann keypti fyrir Leif Hauksson, til Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfoss í Rotterdam. Fór þessi afhending fram 23. eða 24. apríl 1972. Að sögn Bergs var hér um að ræða 4 eða 5 plötur af grænu Marokkó-hassi. Voru þær misstórar, í glærum pappír og brúnum þar utan um.

Þeir Bergur og Matthías ræddu um það sín á milli, að koma mætti meira af efni með Laxfossi til Íslands, þar sem skipið yrði þarna eitthvað áfram um kyrrt, en ekkert var ákveðið í því efni, enda hafði Bergur enga peninga til frekari kaupa.

Daginn eftir fór Bergur til baka til Kaupmannahafnar og samferða honum Jón Þór Guðmundsson. Var þá þangað kominn Jens Rúnar Ingólfsson. Þeir Jens Rúnar og Gestur Þorsteinsson báðu nú Berg að fara fyrir sig aftur til Amsterdam til kaupa á hassi, og létu þeir hann fá 6.000 danskar krónur í því skyni, en af því fé skyldu 300-350 kr. vera fyrir ferðakostnaði.

Varð Bergur við þessari málaleitan og fór næsta dag áleiðis til Amsterdam og keypti þar u. þ. b. 1500 gr. af hassi af sama manninum og áður greinir. Ekki kveðst Bergur vita nein deili á honum.

Fór Bergur síðan með ofangreint hass ásamt því, sem hann hafði geymt í fyrri ferð sinni til Rotterdam, og afhenti Matthíasi Mogensen um borð í m/s Laxfossi. Var þetta allt saman í hvítu umslagi, og voru töflurnar í dós.

Bergur kveðst ekki hafa sagt Matthíasi, hverjir væru eigendur þessa eða hverjir móttakendur yrðu á Íslandi. Féllst Matthías á að flytja þetta ásamt því, sem áður er frá greint.

Jafnframt því sem nú er frá skýrt lét Bergur Matthías hafa

pakka með 100 gr. af hassi með þeim ummælum, að þessi 100 gr. skyldi Matthías hafa til eigin afnota. Að öðru leyti kveðst hann ekki hafa greitt Matthíasi neitt fyrir flutninginn á efninu til Íslands.

Ákærði Matthías Mogensen hefur skýrt svo frá, að m/s Laxfoss hafi komið til Rotterdam 23. apríl 1972 beint frá Íslandi, en hann gegndi þar aðstoðarmannsstörfum í vélarrúmi. Skömmu áður en skipið fór þessa ferð, hafi Ólafur Mogensen, bróðir hans, og Leifur Hauksson farið þess á leit, að hann tæki að sér að flytja fyrir þá hass frá Rotterdam. Yrði efninu komið um borð til hans, en nefndu ekki, hver mundi afhenda honum það.

Daginn eftir komu skipsins til Rotterdam kveður Matthías, að um borð til sín hafi komið tveir Íslendingar og afhent honum fjórar plötur af hassi og beðið hann að flytja til Íslands, þar sem það yrði sótt til hans. Hann kveðst hvorugan hafa þekkt, en fékk síðar þá vitneskju hjá Leifi Haukssyni, að sá þeirra, sem hafði orð fyrir þeim, gekk undir nafninu „Hesturinn".

Mennirnir tveir dvöldust um borð í Laxfossi frá því um morguninn umræddan dag og fram undir klukkan 5 síðdegis, er þeir tóku sér far með lest áleiðis til Kaupmannahafnar. Ræddu þeir við Matthías m. a. um möguleika þess að koma efninu í gegn um tollinn á Íslandi. Áður en þeir fóru vék „Hesturinn" að því, að Matthíasi yrði afhent meira magn af hassi einum eða tveimur dögum síðar.

Hinn 28. eða 29. apríl 1972 kom „Hesturinn" einsamall um borð til Matthíasar og var þá með 4½ plötu af hassi sams konar og í hið fyrra sinn og afhenti honum. Að auki afhenti hann lítið brúnt umslag, sem, að því er virtist við þuklun, hafði að geyma litla dós. Var það ómerkt. Afhendingu þessari fylgdu tilmæli um að koma þessu til Íslands ásamt hinu.

Til viðbótar því, sem nú er nefnt, kveður Matthías, að maðurinn hafi látið sig hafa hass, innpakkað, u. þ. b. 100 gr., með þeim ummælum, að þetta væri þóknun til hans fyrir flutninginn. Þáði Matthías þetta.

Matthías kveður, að hann hafi talið, að það, sem sér var afhent í fyrra skiptið, hafi verið fyrir Leif, Eddu og Ólaf bróður sinn. Hafi sér orðið ljóst eftir síðari afhendinguna, að einhverjir fleiri stæðu þar að baki, þar sem hann gerði sér grein fyrir, að mikið fé þyrfti til þessara kaupa.

Eftir að skipið lagði úr höfn áleiðis til Íslands, bjó Matthías þannig um efnið, að hann pakkaði öllu saman vandlega í tvo

nokkurn veginn jafnstóra pakka. Lagði af efnunum sterka lykt, og því var það nauðsynlegt að hans mati að pakka þeim inn mjög vandlega, ef þörf væri á að koma þeim fyrir í fylgsni, þar sem hætta væri á, að lyktin vekti athygli.

Eftir innpökkun efnanna lét hann þau í litla íþróttatösku, sem hann kom fyrir í læstum skáp frammi á gangi í skipinu.

Þau 100 gr. í sérstöku umslagi, sem afhendingarmaðurinn lét hann fá sem þóknun, vafði Matthías inn í sellufónpappír til að hindra það, að lykt bærist frá efninu, og til þess, að það skemmdist ekki. Á heimleiðinni notaði Matthías u. þ. b. 10 gr. af hassinu, sem hann reykti í pípu. Afganginn, 90 gr., ásamt pípunni fann tollgæslan við leit í skipinu, er það kom á ytri höfnina í Reykjavík 18. maí 1972.

Matthías kveðst álíta, að hass það, sem hann fékk afhent í hin tvö umræddu skipti, hafi samtals vegið rúmlega 3 kg.

Laxfoss kom til Akureyrar frá Rotterdam hinn 4. maí 1972. Um morguninn þann dag kom Leifur Hauksson um borð til Matthíasar og spurðist strax fyrir um hassið. Fóru þeir saman frá borði, og hélt Matthías á töskunni, sem efnin voru í. Gengu þeir upp að Hótel K. E. A. og fóru inn í Skodabifreið, sem var þar fyrir utan. Í bifreiðinni voru fyrir tveir menn alls ókunnir Matthíasi, en hann varð þess fljótt áskynja, að annar hét Jens og hinn Gestur.

Bifreiðinni var ekið upp að kirkjunni, þar sem athugað var innihald pakkanna og magnið áætlað. Kveðst Matthías hafa heyrt, að þeir töluðu um 3 kg.

Matthías kveður, að strax og hann kom inn í bílinn, hafi hann verið að því spurður, hvort hann væri ekki með eitthvað annað, eins og það var orðað af öðrum hvorum þeirra Gesti eða Jens. Jánkaði Matthías því og fékk þeim umslagið með dósinni í, en ekki hafði hann rifið það upp, en hafði grun um, hvað það hafði að geyma.

Eftir þetta óku þeir saman um bæinn nokkra stund, og síðan fór Matthías aftur um borð og skildist við hina þrjá.

Við komu m/s Laxfoss til Reykjavíkur hinn 18. maí var gerð leit í skipinu, eins og ofan greinir. Var Matthías Mogensen handtekinn og færður til yfirheyrslu.

Matthías Mogensen ber það aðspurður, að Leifur Hauksson hafi boðið sér peningaþóknun fyrir að koma hassinu til landsins, en það hafi hann ekki þegið, en litið á flutninginn öllu heldur sem

vinargreiða við þau Leif, Eddu og Ólaf og hugsað sér að fá að reykja með þeim síðar.

Hann kveður það aldrei hafa verið áform sitt að selja eða afhenda öðrum það hass, sem hann sjálfur átti.

Leifur Hauksson hefur skýrt svo frá, að nokkrum dögum eftir komu sína til landsins hafi hann hitt þá Gest og Jens Rúnar og hafi þeir sagt sér, að þeir hefðu sent sinn skammt heim með Matthíasi Mogensen á Laxfossi.

Hann kveður það hafa verið upphaflega ráðagerð sína að bíða komu Matthíasar til Reykjavíkur, en þegar hann frétti, að Gestur og Jens Rúnar ætluðu norður, hafi hann ákveðið að slást í förina og hafi þeir farið saman norður í bílaleigubíl kvöldið fyrir væntanlega komu skipsins til Akureyrar.

Leifur lýsir því, sem gerðist, mjög á sömu lund og rakið hefur verið eftir skýrslu Matthíasar Mogensens.

Seint um kvöldið komu þeir suður, og var hassinu þá skipt í tvennt heima hjá Leifi að Borgarholtsbraut 3, eins og fyrr greinir.

Varðandi aðild sína í þessum þætti málsins hefur ákærða, Edda Sigurrós Sverrisdóttir, borið mjög á sömu lund og hér hefur verið rakið að framan. Hún kveðst ekki vilja fullyrða neitt um það, hvert þeirra þriggja átti hugmyndina að fá fjárframlög frá fleirum til kaupanna. Hún kveður Ólaf Mogensen hafa talað við Halldór Kjartansson í síma, en vissi ekki, hvort honum var boðin þátttaka í kaupunum eða hvort hann óskaði eftir því sjálfur. Henni var kunnugt, að væntanleg var símaávísun frá Halldóri, er Leifur kom á vinnustað hennar rétt fyrir brottför sína, og taldi hann sig ekki ná tímanlega í gjaldeyrisafgreiðslu banka, þar sem símaávísunin væri ekki komin. Fékk Edda þá að láni kr. 10-20 þús. hjá samstarfsstúlku og afhenti Leifi. Peninga þessa kveðst hún hafa endurgreitt sama dag og hafi stúlkan ekki vitað, í hvaða skyni þeir voru fengnir að láni.

Edda kveður sameiginlegt fjárframlag þeirra hjónanna hafa komið úr bankabók þeirra og hafi Leifur tekið út úr bókinni, og kveðst hún ekki hafa vitað, hver upphæðin var né heldur upphæðir framlaga annarra.

Eftir brottför Leifs fékk Edda tvö bréf frá honum, og eftir heimkomuna sagði hann henni allt af létta um ferðalag sitt og hvernig hann hefði komið hlutunum fyrir, þ. e. að hann hefði falið ákærða Bergi Þórðarsyni, auknefndum „Hestinum", að kaupa hassið og koma því til Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfoss.

Edda kveður, að Leifur hafi farið norður til Akureyrar ásamt þeim Jens Rúnari og Gesti Þorsteinssyni 6 eða 7 dögum eftir að hann kom til landsins. Komu þeir til baka 2 dögum seinna, og kveðst hún hafa orðið vör við, að þeir voru með hass meðferðis. Skiptu þeir efninu á milli sín heima á Borgarholtsbraut 3. Fékk hún ekki að vera við skiptin né heldur Ólafur Mogensen, sem þar var staddur.

Eftir skiptinguna fengu þau Edda og Ólafur lítinn bút af hassi til prufu.

Hún kveður, að eftir að þau Leifur fengu umrætt hass, hafi þau mikið reykt og eins hafi þau boðið gestum að reykja, en ekkert hass var selt eða afhent, svo hún vissi.

Halldór Kjartansson, Birkihvammi 8 í Kópavogi, kom fyrir dóminn í upphafi dómsrannsóknarinnar. Hann kvað það rétt vera, að hann hefði sent Leifi Haukssyni u. þ. b. kr. 29.000.00 til kaupa á hassi. Voru peningar þessir frá honum sjálfum og fjórum vinnufélögum hans í frystihúsi á Suðureyri við Súgandafjörð. Hann kvað Ólaf Mogensen hafa hringt til sín og boðið sér þátttöku í hasskaupunum erlendis frá.

Félagar Halldórs voru Viðar Sigurjónsson, Reykjavík, og lögðu þeir Halldór og hann fram kr. 7.000.00 hvor, Kristján Pétur Sigurðsson, Akureyri, lagði fram kr. 6.000.00, Rúnar Sigurkarlsson, Kópavogi, lagði fram kr. 5.000.00, og Þorsteinn Þorsteinsson, Keflavík, lét kr. 4.000.00.

Halldór kvað þá fimmmenningana hafa fengið í sinn hlut 200-300 gr. af hassi, og var það einn og einn þriðji úr plötu, og skiptu þeir þessu magni sín á milli í réttu hlutfalli við framlag hvers og eins.

Verður nú vikið að öðrum þáttum málsins, sem rannsókn beindist að undir rekstri þess.

II.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson skýrði svo frá fyrir réttinum, að hann hefði smyglað til landsins tæpum 400 gr. af tyrknesku hassi, er hann var í Kaupmannahöfn ásamt Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós, en þangað hefði hann farið með þeim hjónum 21. desember 1971. Þau Edda og Leifur voru í brúðkaupsferð, en Karl Kristinn sjálfur í leðurkaupaferð. Áður en þau fóru að heiman, höfðu þau þrjú komið sér saman um að kaupa eitthvað af hassi í Danmörku. Var Karl Kristinn búsettur hjá þeim hjónum að Borgarholtsbraut 3 um þetta leyti og hafði verið um hríð.

Karl Kristinn kveðst hafa farið utan með kr. 2.000.00 danskar og tæplega kr. 8.000.00 í íslenskum 100 kr. seðlum, en hve mikið fé þau Edda og Leifur höfðu meðferðis, kveðst hann ekki þora að fullyrða, en þau voru með eitthvað af íslenskum peningum.

Benóný Ægisson, Kópavogi, sem þá dvaldist í Kristjaníu í Kaupmannahöfn, keypti fyrir þau hassið, er þau komu þangað, og bað Karl hann um að kaupa 500 gr., og kvaðst hann hafa haldið, að sú væri raunin, þar til þau komu til Íslands og vigtuðu hassið, en þá kom í ljós, að það vó um 390 gr.

Karl ber, að ekki hafi komið til nein fjárgreiðsla til Benónýs fyrir að annast kaupin, en hann hafi fengið einhvern enda af hassi fyrir viðvikið. Hann kveður láta nærri, að þau hafi reykt u. þ. b. 50 gr. af efninu í Kaupmannahöfn.

Í Kaupmannahöfn dvöldust þau öll þrjú í íbúð, sem kunningjafólk Leifs hafði á leigu, og þar útbjuggu þau gifsplötu og komu þar fyrir hassinu. Karl kveðst hafa átt hugmyndina að því að senda efnin þannig umbúin til Íslands, en gifsmyndin var þannig gerð, að Karl varð sér úti um plastmót, sem hann hellti í gifsi til hálfs og setti síðan í hassið, en því hafði hann skipt í flögur, sem hann setti síðan nokkrar saman í plasti í mótið, og urðu þannig til líklega 7 hólf, er gifsi var komið fyrir ofan á hasspakkana. Þetta gerðu þau öll þrjú saman að frásögn Karls.

Að þessu loknu setti Karl gifsmyndina í ferðatösku ásamt fatnaði og teppum og setti töskuna síðan í frakt til Íslands á nafni Eddu Sigurrósar.

Þegar taskan var komin til Íslands, kveðst Karl hafa tekið gifsmyndina í sundur einsamall heima að Borgarholtsbraut 3, og þegar þau hjónin Edda og Leifur komu heim, þá hafi þau skipt efninu með sér þannig, að þau hjónin fengu sameiginlega 2/3, en Karl fékk sjálfur 1/3 hluta.

Karl kveður heildarmagnið hafa vegið ca. 375 gr., en efnið hafi þau vigtað á eldhúsvigt.

Eftir að skiptin höfðu farið fram, kveðst Karl hafa dvalist á heimili hjónanna í eina eða tvær vikur, en síðan flutti hann að Öldugötu 54 í Reykjavík til Arnar Ingólfssonar. Gaf Karl Erni að reykja af hassi sínu svo og Jóni Ómari Sigfússyni, Framnesvegi 2, Reykjavík.

Benóný Ægisson hefur alfarið og eindregið synjað fyrir það að hafa keypt nokkurt hass fyrir þau Karl Kristin og margnefnd hjón í umrætt sinn, eins og Karl Kristinn ber.

Fór fram samprófun um þetta atriði undir rannsókn málsins.

Náðist ekkert samræmi. Karl Kristinn endurtók fyrri framburð sinn, en Benóný stóð fast á synjun sinni.

Jón Ómar Sigfússon hefur skýrt frá því, að þeir þrír, Karl Kristinn, Örn Ingólfsson og hann sjálfur, hafi þráfaldlega reykt saman hass, sem Karl lét í té, bæði að Öldugötu 54 hjá Erni og á ýmsum danshúsum, en þetta hafi verið á tímabilinu frá í janúar 1972 og fram í mars s. á.

Leifur Hauksson hefur skýrt frá atvikum í þessum þætti mjög á sömu lund og greinir að ofan í framburði Karls Kristins Júlíussonar.

Leifur kveður, að þau hjónin hafi haft með sér í peningum í ferðina um kr. 40 þús. í gjaldeyri, sem þau fengu í banka hér heima, og auk þess ca. 6.000 í eitt hundrað króna seðlum.

Til hasskaupanna, sem Karl Kristinn annaðist algerlega fyrir þau, kveður Leifur, að þau hjónin hafi lagt kr. 25.000.00. Kveðst Leifur ekki vita neitt frekar um það, hvernig eða af hverjum Karl keypti efnið, og ekki spurt neitt út í það.

Að sögn Leifs var umrætt hass mosagrænt á litinn, miðlungi sterkt, ívið sterkara en svonefnt Civ-hass, en það telur hann vera blandað með marihuana.

Þegar búið var að koma efninu fyrir í gifsmyndinni, setti Karl hana í ferðatösku ásamt nokkru af fatnaði. Fór Leifur með töskuna í póstfrakt á nafni Eddu.

Á sínum tíma fóru þau hjónin saman og sóttu töskuna í póstafgreiðsluna hér heima. Ók Leifur síðan konu sinni til vinnu og sótti svo Karl, og fóru þeir saman með töskuna heim á Borgarholtsbraut 3.

Um kvöldið, er Leifur kom heim, var Karl búinn að brjóta myndina og taka úr henni hassið. Skiptu þeir því með sér á þann veg, að þau hjónin fengu ca. 250 gr. í sinn hlut, en Karl Kristinn fékk um 130 gr.

Leifur kveður þá Karl Kristin hafa vigtað hassið þarna heima á Borgarholtsbraut og hafi það vegið um 380 gr., en var 100 gr. minna en þegar þeir vigtuðu það í Kaupmannahöfn. Fundu þeir enga líklegri skýringu á þessu en þá, að vigtin, sem þeir höfðu fengið lánaða úti, hafi sýnt rangan þunga eða þá, að efnið hefði verið bleytt erlendis.

Þar sem þau hjónin óttuðust húsleit hjá sér, kveður Leifur, að þau hafi komið efninu til geymslu hjá Pétri H. Péturssyni, Ljósheimum 6, Reykjavík.

Kveður Leifur það ýmist hafa verið svo, að Pétur þessi hafi

komið með skammta af efninu til þeirra hjónanna eða þau hjónin hafi farið í heimsókn til Péturs og eiginkonu hans, Evu Benjamínsdóttur. Reyktu þau saman öll fjögur, og eins kveður Leifur, að verið geti, að Ólafur Mogensen hafi fengið hjá þeim í pípu, en man ekki eftir fleirum.

Í skýrslu Eddu Sigurrósar er atvikum lýst í stórum dráttum í samræmi við það, sem að ofan greinir, að svo miklu leyti sem henni var um kunnugt af eigin raun.

Hún kveðst ekki hafa orðið þess vör fyrir ferðalagið, að neitt væri rætt um sameiginleg kaup þeirra þriggja á kannabisefnum til flutnings heim til Íslands, en hins vegar hafi þau rætt um kaup á slíkum efnum til neyslu í Kaupmannahöfn. Hafi hún ekki orðið vör við kannabiskaupin hjá þeim Leifi og Karli, fyrr en þau voru um garð gengin, og ekki vita, hver hefði annast kaupin.

Það hafi verið rætt um það þeirra á milli, að hún kæmi efninu í gegn um tollinn í farangri sínum, en svo hafi verið ákveðið að senda það í gifsmynd.

Edda kveður Karl hafa steypt myndina, en þau hjónin hafi fylgst með verkinu, og kveðst hún hafa ráðlagt Karli, hvernig hann skyldi slétta hana að aftanverðu svo og um frágang að öðru leyti.

Hún kveður þá Leif og Karl hafa sagt sér, að þeir hefðu búið um myndina í ferðatösku, sem send yrði í fragt til Íslands á hennar nafni.

Þegar heim til Íslands kom, sótti Edda töskuna ásamt eiginmanni sínum. Fór Edda síðan til vinnu sinnar, en Leifur hélt áfram með töskuna, sem ekki hafði verið opnuð. Um kvöldið, er Edda kom heim, var búið að opna töskuna og brjóta upp gifsmyndina. Hafði hún fengið að vita það fyrr um daginn, er Leifur hringdi til hennar og sagði henni, að Karl væri búinn að brjóta myndina.

Þeir Leifur og Karl vigtuðu kannabisefnið, sem fólgið hafði verið í myndinni, og kveður Edda, að hún hafi heyrt á tali þeirra, að 100 gr. vantaði upp á það magn, sem reiknað hafði verið með.

Þegar efninu var skipt, telur Edda, að í hlut þeirra Leifs hafi komið 100 gr., en nánar aðspurð um það með tilvísun til framburðar Leifs um þetta telur hún sig ekki hafa fylgst svo náið með þessu, en treyst eiginmanni sínum til að sjá um skiptin fyrir þeirra hönd.

Edda Sigurrós hefur skýrt frá því, að skömmu eftir að þau hjónin fengu efnið, sem hér um ræðir, hafi þau farið í heimsókn

til kunningjafólks, hjónanna Péturs Péturssonar og Evu Benjamínsdóttur, Ljósheimum 6 í Reykjavík. Hún kveður, að þarna hafi þau reykt kannabis með hjónum þessum og hafi Pétur, er honum varð kunnugt um efni það, sem þau Leifur áttu, boðist til að geyma það fyrir þau.

Hún kveður aðspurð boð Péturs hafa átt rót til þess að rekja, að þau Leifur óttuðust húsleit hjá sér.

Að sögn Eddu reyktu þau hjónin mestan hluta hassins. Höfðu þau heima hjá sér aðeins það magn, sem nægði þeim til daglegrar reykingar, og var hugsun þeirra sú, að þau gætu gleypt það eða skolað niður í salerni, ef til húsleitar kæmi. Sóttu þau hass til Péturs eftir þörfum.

Ekki kveður Edda sér kunnugt um, að nokkuð hafi verið afhent eða selt af hassinu, en kveður þau hafa gefið kunningjum sínum að reykja með sér. Fóru reykingar þeirra fram á heimili þeirra að mestu leyti, en einnig nokkrum sinnum heima hjá Pétri Péturssyni og í bíóferðum. Höfðu þau klárað hassið í febrúarlok 1972.

Þau hjón Pétur Pétursson og Eva Benjamínsdóttir hafa gefið skýrslur fyrir dóminum hinn 29. f. m. varðandi það, sem að ofan er greint. Þau þekkja bæði ákærðu Leif og Eddu.

Pétur skýrir svo frá, að hann vilji ekki synja fyrir, að þau Leifur og Edda hafi komið á heimili sitt með kannabisefni í pakka, áður en rannsókn í máli þessu hófst fyrir rúmu ári. Vel geti verið, að þau hafi skilið pakkann eftir eða fengið að geyma hann hjá sér. Aðspurður kveður Pétur, að vel geti verið, að hann hafi fengið að reykja af efninu með þeim, þegar þau voru í heimsókn hjá sér.

Hann kveðst ekki minnast þess að hafa boðist til að geyma pakkann með hassinu fyrir nefnd hjón og ekki minnast þess að hafa komið með hluta og hluta af efninu til þeirra.

Þegar Pétri er kynntur framburður Eddu Sigurrósar um þetta atriði, kveðst hann vilja vísa til þess, sem hann áður hafi sagt og greint er hér að ofan.

Eva Benjamínsdóttir kveðst ekki minnast þess, að þau Leifur og Edda hafi komið í heimsókn á heimili sitt í janúar eða febrúar 1972 með hass í pakka, sem þau síðan hafi fengið að geyma á heimili sínu. Þegar henni er kynntur framburður Eddu Sigurrósar um þetta efni, kveðst hún endurtaka það, sem hún áður hafi sagt, að sér sé ekki um þetta kunnugt, en vilji ekki alveg fortaka það, að þetta geti verið rétt, sem Edda segi. Um framburð Leifs varð-

andi þetta segir Eva, að hún minnist þess eigi, sem þar greini. Hún kveðst ekki vita til þess, að eiginmaður sinn hafi farið með hass til þeirra Leifs og Eddu.

Eva kveðst hafa reykt hass með þeim Leifi og Eddu á heimili sínu og ásamt eiginmanni sínum. Hún kveðst ekki muna nákvæmlega hvenær. Telur fullvíst, að það hafi verið fyrir rúmu ári, líklegast fyrir u. þ. b. tveimur árum.

III.

Að ofan er rakinn framburður ákærða Bergs Jóns Þórðarsonar varðandi aðild hans í þeim þætti málsins, sem auðkenndur er í ákæruskjali I, nr. 4.

Bergur skýrði enn fremur frá því, að í október 1971 hafi hann farið til Kaupmannahafnar, en þá hafi hann haldið til um skeið hjá þeim hjónum Eddu og Leifi á heimili þeirra að Borgarholtsbraut 3.

Fyrst eftir komuna til Danmerkur kveðst hann hafa verið á flakki, en í nóvember settist hann að í Kristjaníu í Kaupmannahöfn.

Áður en Bergur fór utan, kveðst hann hafa verið beðinn um það af þeim hjónum Leifi og Eddu að kaupa fyrir þau hass. Kveðst hann hafa fengið afhentar frá þeim kr. 10-15 þús. í íslenskum peningum, og átti hann að kaupa ýmsa hluti fyrir þau fyrir kr. 5.000.00, en afgangurinn skyldi fara til hasskaupa.

Hann kveðst hafa sent Leifi Haukssyni bréf með 5-10 gr. af hassi um mánaðamótin október-nóvember 1971.

Þegar Bergi voru sýnd umslög, sem stíluð eru til Ólafs Mogensens og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur, beggja að Borgarholtsbraut 3, en umslög þessi voru lögð fram við rannsókn málsins, þingmerkt nr. 30 og 31, kvaðst hann kannast við að hafa skrifað utan á bréf þessi um sama leyti og hann sendi bréfið til Leifs. Hann kveðst að öðru leyti ekki muna eftir bréfum þessum og ekki muni hann eftir að hafa beðið fyrir þau til Íslands né að hafa sett í þau hass til sendingar til viðkomandi, en telur ekki útilokað, að hann hafi beðið einhvern að póstleggja þau.

Bergur segir, að um það hafi verið talað, áður en hann fór, að hann sendi þeim hjónum og Ólafi Mogensen hass að utan, og hafi sér verið ljóst, að Ólafur lagði fram einhvern hluta af því fé, sem hann tók við af þeim Leifi og Eddu.

Hann kveðst ekki kannast við að hafa fengið senda peninga

frá Ólafi Mogensen til kaupa á hassi. Hafi hann aðeins sent þetta eina bréf með hassi til Leifs Haukssonar.

Í desember 1971 kveðst Bergur hafa keypt um 50 gr. af hassi fyrir Bjarka Tryggvason, sem þá var staddur í Kaupmannahöfn með hljómsveit Ingimars Eydals á Akureyri, og hafi hann fengið 500 kr. danskar til kaupanna frá Bjarka. Hann kveður, að reykt hafi verið af þessu hassi í Kristjaníu, en þar hafi Bjarki blandað í pípu og gefið þeim að reykja, sem viðstaddir voru.

Bjarki Tryggvason hefur verið yfirheyrður af lögreglu um þetta atriði. Hann segist þekkja Berg Þórðarson og hafa hitt hann í Kaupmannahöfn hinn 29. nóvember 1971, er hann var þar í hljómleikaferð.

Bjarki kveðst hafa beðið Berg að kaupa fyrir sig hass og fengið honum 300 danskar krónur í því skyni. Voru þeir þá staddir í Kristjaníu. Ekki segist hann vita, hve mikið magn Bergur keypti, þar sem hann vigtaði það ekki. Var þetta svonefnt Libanon-hass.

Bjarki kveðst hafa reykt þetta hass, meðan hann dvaldist í Kaupmannahöfn, og gaf af því í pípur, m. a. Bergi og fleirum.

Í mars 1972 kveðst Bergur hafa sent Magnúsi Magnússyni, Reykjavík, ca. 10 gr. af hassi. Hafi þetta atvikast á þann veg, að stúlka nokkur, Margrét að nafni, hafi afhent honum í Kaupmannahöfn 100-200 kr. danskar og beðið sig að senda nefndum Magnúsi hass fyrir peningana.

Síðla vetrar 1972 kveðst Bergur hafa aðstoðað Einar Björgvin Björgvinsson blaðamann við kaup á nokkrum tugum gramma af hassi í Kaupmannahöfn fyrir nokkur hundruð krónur danskar.

Einar Björgvinsson hefur skýrt frá því fyrir lögreglu, að í mars 1972 hafi Bergur Þórðarson keypt fyrir sig hass í Kaupmannahöfn fyrir 150 kr. danskar. Hann neitar því alfarið, að Bergur hafi keypt hass nema fyrir nefnda upphæð fyrir sig, og hafi þetta verið í eina skiptið, sem Bergur hafði milligöngu fyrir hann um slík kaup.

Bergur kveðst ekki mótmæla framburði Einars um þetta efni, er hann er honum kynntur.

Varðandi skýrslu Bjarka Tryggvasonar, sem að ofan getur, segir hann, að vel geti verið, að fjárhæð sú, sem Bjarki fékk honum til umræddra hasskaupa, hafi ekki numið nema kr. 300.00 dönskum.

Ólafur Mogensen hefur borið, að hann hafi í ársbyrjun 1972 sent tvö bréf til Kaupmannahafnar, sem í voru samtals um kr.

1.000.00. Hann kveður bréfin hafa verið stíluð til Bergs, „Hestsins", Kristjaníu, Kaupmannahöfn. Ólafur kveðst ekki hafa vitað, hvert föðurnafn Bergs, auknefnds „Hesturinn", var, og ekki hafi hann beðið Berg að senda sér hass frá Kaupmannahöfn, áður en Bergur fór þangað haustið 1971.

Ólafur Mogensen kveðst hafa fengið tvö bréf frá Kaupmannahöfn í janúar 1972, og voru 5-6 gr. af hassi í hvoru þeirra.

Í byrjun nóvember 1971 kom frá Kaupmannahöfn bréf á póststofuna í Kópavogi, stílað til Leifs Haukssonar, Borgarholtsbraut 3, Kópavogi. Bréf þetta kom í almennum pósti. Vakti það grunsemdir póstmeistara, þar sem í því virtist vera eitthvað annað og meira en pappír. Gerði póstmeistarinn lögreglu aðvart, sem þegar hóf rannsókn í málinu. Var bréfið opnað og innihald þess sent á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði. Rannsókn leiddi í ljós, að í bréfinu hafði verið kannabis, 6.3 gr. að þyngd.

Við lögregluarannsóknina skýrði Leifur Hauksson m. a. frá því, að nefnt sendibréf hefði verið frá Bergi Þórðarsyni að hann taldi. Hefðu þau hjónin látið Berg hafa kr. 10.000.00 í íslenskum peningum, er hann fór til Kaupmannahafnar um mánaðamótin október-nóvember 1971. Hefði svo talast til, að Bergur keypti fatnað fyrir mestan hluta fjárins, en afgangurinn gengi til hasskaupa fyrir þau.

Framburður Eddu Sigurrósar um þetta atriði var mjög á sömu lund.

Þessu máli var lokið í sakadómi Kópavogs á þann veg, að Leifur Hauksson undirgekkst dómssátt hinn 23. mars 1972 og Edda Sigurrós hinn 12. maí s. á.

IV.

Hér á eftir verður rakið það helsta, sem upplýst er um meðferð og notkun þeirra fíkniefna, sem mál þetta fjallar um, að því leyti sem ekki hefur áður komið fram hér að ofan.

Eins og fram er komið, telja ákærðu, að hass það, sem Bergur Þórðarson keypti í Amsterdam og flutt var til Íslands af Matthíasi Mogensen, hafi vegið um 3 kg. eða tæplega það. Þar sem mestur hluti efnisins var farinn forgörðum við neyslu þess eða á annan hátt, þegar rannsókn málsins hófst, hefur eigi reynst unnt að ákveða heildarmagnið nánar. Um skiptingu efnisins hefur áður verið frá skýrt. Verður hér eigi fjallað um meðferð og notkun þess ríflega helmings, sem þeir Gestur Þorsteinsson og Jens Rúnar Ingólfsson fengu í sinn hlut, en um það er fjallað í

sakadómi Reykjavíkur, og hefur dómur í því máli verið uppkveðinn.

Ólafur Mogensen fékk í sinn hlut um 300 gr. af hassinu svo og 90-150 gr. fyrir Benedikt Hjartarson, sem áður greinir.

Frásögnum þeirra Leifs og Ólafs um magn þess, sem Benedikt þessi fékk, ber ekki saman. Eftir gögnum málsins þykir líklegast, að það hafi verið rúmlega 100 gr. Ólafur kom hassinu til Benedikts, og eru í máli þessu frekari gögn um notkun þessara hluta.

Ólafur Mogensen geymdi sinn hluta hassins fyrst í stað í skrifborði sínu að Borgarholtsbraut 9. Við skiptin tók hann einnig til geymslu mestan hluta af hassi þeirra hjóna, Leifs og Eddu, sem aðeins höfðu lítið eitt geymt heima hjá sér. Skömmu seinna kveðst Ólafur hafa komið öllu hassinu fyrir í geymslu í húsakynnum bróður síns, Péturs Mogensens, að Reykholti í Garðahreppi. Hann kveðst hafa beðið Pétur bróður sinn um að geyma efnið, og varð Pétur við því. Var hér um að ræða rúmlega 200 gr. af hassi Ólafs og nærri 500 gr. af hassi hjónanna. Sótti Ólafur síðan af efninu til notkunar fyrir sig svo og fyrir hjónin, en reykingar fóru fram á heimili þeirra að Borgarholtsbraut 3.

Þegar Ólafur frétti af handtöku Leifs Haukssonar mánudaginn 15. maí 1972, kveðst hann hafa farið rakleitt heim til Péturs bróður síns, því hann hafi verið gripinn ótta og hugsað um það eitt að koma efninu fyrir kattarnef. Tók hann allt efnið, bæði sitt og hjónanna, og fór með það til Reykjavíkur. Eftir nokkurt eirðarleysisráp í vesturbænum kveðst hann hafa kastað öllu saman í sjóinn út við Grandagarð eftir að hafa mulið allt hassið í duft og smágerða mola. Hann kveður þetta hafa verið um kvöldmatarleytið, sem hann kom hassinu fyrir í sjóinn.

Ólafur kveður engan hafa vitað um ferðir sínar um borgina og niður að höfn né um það, að hann losaði sig við hassið á greindan hátt.

Pétur Mogensen hefur staðfest frásögn bróður síns um geymslu hassins í sínum húsakynnum, en engin gögn eru fyrir hendi önnur en frásögn Ólafs Mogensens sjálfs um afdrif efnisins.

Eins og fram er komið, fannst við húsrannsókn að Borgarholtsbraut 3 bréf stílað til Ólafs Sigurðssonar kennara, Eskifirði, og auk þess þrjár reykjarpípur fyrir hass. Er bréfið var opnað, kom úr því efni ca. 15 gr., sem við rannsókn reyndist vera kannabis.

Þau hjónin Leifur og Edda og Ólafur Mogensen hafa nokkuð samhljóða borið, að umrætt bréf hafi þau útbúið í sameiningu

og hugsað sem vinargreiða við nefndan Ólaf Sigurðsson, sem hafi ekki um sendingu þessa beðið. Muni Ólafur Mogensen hafa skrifað utan á umslagið, en um sendingu þess átti Leifur að annast, en gleymt því.

Halldór Kjartansson, Kópavogi, sem áður greinir frá, afhenti við rannsókn málsins það hass, sem hann átti eftir, ca. 8.65 gr. Auk þess kom fram, að móðir hans hafði fundið í fórum hans efni, sem henni þótti grunsamlegt, og skolaði hún því niður um salernisskál. Af efni því, sem Halldór og félagar hans fengu, er ekki annað komið fram en það, sem nú hefur verið nefnt, svo og 12.5 gr. af hassskammti Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík.

Áður er fram komið, að tollgæslan fann mestan hluta þess hass, sem Matthíasi Mogensen var afhent til eigin nota. Reyndist það vera samtals um 78 gr.

Það, sem hér hefur verið tilgreint, er allt það efni, sem hald var lagt á undir rannsókn málsins í Kópavogi.

Efnunum var komið til rannsóknar á Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, og fara hér á eftir niðurstöður, sem staðfestar hafa verið fyrir dóminum.

1. *Sýni nr. 2: Þingmerkt nr. 19.*
   Efni úr bréfi stíluðu til Ólafs Sigurðssonar, Eskifirði:
   „Sýnið var mosagrænt duft, ca 15 g með kannabislykt. Duftið var á hvítu pappaspjaldi, 10.5x14.5 sm að stærð. Pappaspjaldið var vafið í cellófanpappír. Við smásjárskoðun sáust þekjuhár og kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða."
2. *Sýni nr. 3: Þingmerkt nr. 7.*
   Efni afhent af Halldóri Kjartanssyni:
   „Sýnið var óregluleg, plötulaga stykki, er vafin voru í málmpappír og vógu ca. 8.65 g. Af sýninu var sterk kannabislykt. Við smásjárskoðun sást fjöldi af þekjuhárum og kirtilhárum, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg rannsókn staðfesti, að um kannabis væri að ræða. Svörun var kröftug."
3. *Sýni nr. 4: Þingmerkt nr. 8.*
   Efni fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi:
   „Sýnið var 4 mosagrænar, rétthyrndar plötur, ca. 4 mm á þykkt, ca. 3.5 cm á breidd og 11-14 cm á lengd. Plöturnar

voru vafðar í cellofanpappír og vógu ca. 65 g. Kannabislykt var af sýninu. Við smásjárskoðun sást fjöldinn allur af þroskuðum þekjuhárum og kirtilhárum, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða. Var svörun mjög kröftug."

4. *Sýni nr. 5: Þingmerkt nr. 14.*
Efni fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi:
„Meginhluti sýnisins var flatt og óreglulega lagað, mosagrænt stykki með sterkri kannabislykt. Auk þess voru nokkur minni brot. Sýnið var vafið í málmpappír og vó ca. 12.5 g. Við smásjárskoðun sáust þekjuhár og kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg ákvörðun staðfesti, að um kannabis væri að ræða."
5. *Sýni: Þingmerkt nr. 34.*
Efni úr bréfi til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík:
„Rannsóknarstofunni hefur borist til rannsóknar sýni, sbr. bréf yðar, sem dagsett er 22.6. 1972. Sýnið var grænt duft og kögglar, 12.5 g að þyngd. Af sýninu var greinileg kannabislykt. Við smásjárskoðun sást fjöldi af kirtilhárum og þekjuhárum, sem einkennandi eru fyrir cannabis sativa. Efnafræðileg rannsókn staðfesti, að um kannabis væri að ræða."

Eins og greinir í ákæruskjali, I nr. 4, er ákærða Bergi m. a. gefið að sök að hafa keypt 400 töflur af meskalíni í Amsterdam. Við rannsókn málsins í Reykjavík var lagt hald á 405 töflur, sem hér um ræðir. Að tilhlutan sakadóms Reykjavíkur voru þrjár af töflunum sendar í athugun á Rannsóknarstofu háskólans í lyfjafræði. Í greinargerð rannsóknarstofunnar segir m. a. svo:

„Sýnið var í öskju og merkt sýni nr. 12. Það var 3 hvítar, kúptar, mjög litlar töflur, 36.7 mg að þyngd að meðaltali.

Litarpróf a. m. Marquis, Mecke og Fröde gáfu ekki til kynna, að meskalín væri í sýninu. Eigi reyndist heldur unnt að sýna fram á ljósfall, eftir að sýnið hafði verið úrhlutað með saltsýru á því bylgjusviði, þar sem vænta má ljósfalls eftir meskalín.

Blettagreining á þynnu gaf til kynna, að lýsergíð væri ekki í sýninu.

Ofangreind litarpróf svo og litarpróf með kóbalttíocýnatlausn benti eindregið til þess, að hvorki morfín, heróín, kókaín, amfetamín, petidín né metadon væru í sýninu.

Verður því ekki séð, að í sýninu hafi verið hin algengari ávana- og fíknilyf og efni."

Álit dómsins og niðurstaða.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Kópavogs hinn 8. desember s. l. Hófst síðan framhaldsrannsókn, sem lokið var 3. f. m. Málið var dómtekið hinn 12. þ. m., er fram höfðu komið skriflegar varnir af hálfu allra hinna ákærðu.

Með lögum 13. apríl 1973, nr. 52/1973, er ákveðið, að mál vegna brota á lögum nr. 77/1970 og reglugerðum samkvæmt þeim lögum skuli rannsökuð, rekin og dæmd fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem staðsettur skuli í Reykjavík. Niðurlagsákvæði nefndra laga segir, að þau skuli öðlast þegar gildi.

Það er álit dómarans, að máli þessu, sem rannsakað hefur verið að öllu leyti í sakadómi Kópavogs fyrir setningu og gildistöku laga nr. 52/1973 og þingfest var 8. desember á fyrra ári, skuli og lokið með dómi sakadómsins. Styðst álit og niðurstaða um þetta m. a. af 222. gr. laga nr. 85/1936 svo og til hliðsjónar niðurlagsákvæði, sem í lögum 27/1951 greindi, einkum 201. gr.

Af hálfu verjenda ákærðu er það vefengt, að gild heimild sé fyrir hendi til þess, að manni verði gerð refsing fyrir innflutning og meðferð á kannabisefnum. Það framsal löggjafans á valdi sínu, sem um sé að ræða í 4. gr. laga 77/1970, fái ekki staðist að stjórnskipunarrétti. Það er einnig vefengt, að sannað sé vísindalega, að kannabis megi misnota á líkan hátt og efni þau, sem lögin sjálf taka beinlínis til.

Samkvæmt lögum nr. 14/1923 var lagt bann við tilbúningi, innflutningi, útflutningi og verslun með ópíum, morfín, heroín og kókaín. Með lögum nr. 43/1968 var þessum lögum breytt á þann veg, að samkvæmt 4. gr. þeirra skyldi dómsmálaráðuneytinu heimilt að úrskurða, „að ákvæði þessara laga gildi um öll efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra, eða ekki, enda hafi sannast við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt eða að þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2. gr.“

Þessarar heimildar var neytt með setningu reglugerðar 257/1969, er úrskurðað var, að ákvæði laga nr. 14/1923, sbr. lög 14/1968, skyldu gilda um kannabis (marihuana), lysergíð (LSD), meskalín (plyote) og psiloeybín svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem efni þessi hafa að geyma.

Með lögum nr. 25/1970 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum 14/1923, m. a. á refsiákvæðum, og að því búnu voru lög 14/1923 með áorðnum breytingum gefin út sem ný lög, nr. 77/1970.

Það má út af fyrir sig færa að því rök, að eðlilegra hefði verið,

að löggjafinn sjálfur ákvæði og nafngreindi efni þau, sem lög nr. 77/1970 skyldu til taka, í stað þess að framselja stjórnvöldum heimild til ákvörðunar um það. Heimild þá, sem hér um ræðir, verður að telja gilda, enda hefur verið á því byggt í nokkrum héraðsdómum svo og dómum Hæstaréttar. Refsiákvæði laga nr. 77/1970 verða þannig ótvírætt talin gilda um þau efni, þ. e. kannabis (hass), sem mál þetta fjallar um.

Þá er því haldið fram af verjendum Bergs Jóns Þórðarsonar, hjónanna Leifs Haukssonar og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur og Karls Kristins Júlíussonar, að kaup og eigin neysla kannabisefna sé refsilaus eða svo til að dönskum og hollenskum lögum og því sé ekki fram komið skilyrðið í 2. tölulið 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem vísað sé til í ákæru í sambandi við þá þætti, sem gerðust í Danmörku og Hollandi. Verði þeim því ekki gerð refsing að íslenskum lögum fyrir þá háttsemi.

Varnarmálsástæðu þessari ber að vísa á bug. Þá þætti þeirra brota, sem erlendis gerðust og mál þetta fjallar um, verður ekki litið á eina og út af fyrir sig, heldur sem hluta af brotaheild, sem íslensk refsilög taka tvímælalaust til.

Verknaður sá, sem Bergur Jón Þórðarson er ákærður fyrir og tilgreindur er í ákæru sem I, nr. 4, þ. e. kaup rösklega 3 kg. af kannabis o. fl. í Amsterdam og afhending þess til Matthíasar Mogensens um borð í íslenskt skip í Rotterdam til flutnings til Íslands, er fyrst og fremst brot gegn hagsmunum, sem íslenskum refsilögum er ætlað að verja. Bergur vissi, að hið mikla magn kannabis, sem hann kom til flutnings til Íslands, var ætlað til dreifingar til margra manna. Er hér um stórfellt brot að ræða, sem ótvírætt er um, að íslensk refsilög taka til, sbr. 7. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verður þá tekin afstaða til ákærunnar, að því er varðar hvern fyrir sig, og viðurlögin ákveðin.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson.

Ákæruliður I, 1. Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að fyrir utanferð sína í október 1971 tók hann við íslenskum peningum af meðákærðu Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós Sverrisdóttur til kannabiskaupa. Keypti kannabisefni fyrir þau hjón í Kaupmannahöfn og sendi þeim í bréfapósti til Íslands 5-10 gr. í bréfi, stíluðu til Leifs Haukssonar, um mánaðamótin október-nóvember 1971.

Gegn neitun ákærða þykir varhugavert að telja sannað, að hann hafi móttekið tvö bréf með samtals kr. 1.000.00 til kannabiskaupa frá Ólafi Mogensen í ársbyrjun 1972 og sent honum kannabisefni í bréfapósti. Ber því að sýkna ákærða að þessu leyti.

Með verknaði þeim, sem að ofan greinir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður I, 2. Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að í desember 1971 keypti hann fyrir Bjarka Tryggvason, Akureyri, ca. 50 gr. af kannabisefni í Kaupmannahöfn fyrir danskar kr. 300.00 og afhenti honum þar.

Fyrir verknað þennan, sem refsiverður er að dönskum lögum, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. og 2. tl. 5. gr. laga nr. 19/1940.

Ákæruliður I, 3. Ákærði hefur játað að hafa í mars 1972 keypt fyrir Magnús nokkurn Magnússon, Reykjavík, 10 gr. af kannabisefni og sent honum til Íslands. Um þetta atriði eru ekki fyrir hendi önnur gögn en játning ákærða sjálfs, því ekki hefur hafst upp á þessum Magnúsi Magnússyni. Þar sem ekkert er heldur fram komið, sem gerir játningu ákærða um þetta tortryggilega, þykir eigi varhugavert að telja þetta sannað.

Þá er sannað með framburði ákærða, stutt öðrum gögnum, að hann hafi síðla vetrar 1972 aðstoðað Einar Björgvin Björgvinsson blaðamann við kaup á nokkru magni kannabis, líklega um 20 gr., í Kaupmannahöfn.

Með þessu hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður I, 4. Sannað er með framburði ákærða og öðrum gögnum, að í apríl 1972 tók hann við erlendum peningum af neðangreindum mönnum í Kaupmannahöfn og Amsterdam til kaupa á kannabisefni og meskalíntöflum:

Af Gesti Þorsteinssyni 1.200.00 dönskum krónum, Leifi Haukssyni 2.500.00 hollenskum gyllinum, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gesti Þorsteinssyni 6.000.00 dönskum krónum og keypti fyrir fé þetta u. þ. b. 3 kg. af kannabis o. fl. og afhenti þetta meðákærða Matthíasi Mogensen um borð í m/s Laxfossi í Rotterdam til flutnings til Íslands. Enn fremur á sama tíma afhent Matthíasi til eigin notkunar 100 gr. af kannabis.

Varðandi þær 400 töflur af meskalíni, sem í ákæru greinir,

hefur ekki sannast við vísindalega rannsókn, að nefndar töflur hafi innihaldið meskalín né önnur hin kunnari ávana- og fíkniefni. Ber því að sýkna ákærða að því leyti er töflur þessar varðar.

Með atferli því, sem hér að ofan greinir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Bergur Jón Þórðarson hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Hann skýrði greiðlega frá atvikum við rannsókn málsins. Á hitt verður að líta, að brot hans samkvæmt ákærulið I, nr. 4 er stórfellt. Verður refsing hans fyrir öll brotin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldsvist frá 22. júní til 27. júní 1972, eða í 6 daga, og er rétt samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Matthías Mogensen.

Ákæruliður II. Sannað er með framburði ákærða Matthíasar og öðrum gögnum, að í apríl 1972 tók hann við um borð í m/s Laxfossi í Rotterdam af meðákærða Bergi Jóni Þórðarsyni u. þ. b. 3 kg. af kannabis og flutti það með skipinu til Akureyrar, þar sem hann í byrjun maí afhenti það meðákærða Leifi Haukssyni, Jens Rúnari Ingólfssyni og Gesti Þorsteinssyni. Enn fremur tekið við af meðákærða Bergi 100 gr. af kannabis til eigin notkunar og neytt hluta þess á leiðinni til Íslands.

Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Matthías Mogensen hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Hann skýrði greiðlega og skilmerkilega frá atvikum við rannsókn málsins. Hann sætti gæsluvarðhaldsvist í 13 daga undir rannsókn málsins. Hann var á nítjánda aldursári, er hann framdi umrætt brot, að því er telja verður fyrst og fremst fyrir beiðni eldri bróður síns, meðákærða Ólafs Mogensens, og meðákærða Leifs Haukssonar, en hvorki af eigin frumkvæði né í ágóðaskyni. Á hitt verður að líta, að brot hans er stórfellt, þar sem hann vissi, að umræddu kannabisefni yrði dreift til margra aðilja á Íslandi. Refsing fyrir brot hans verður ákveðin fangelsi í 2 mánuði. Eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar skuli fresta og að hún skuli falla niður eftir þrjú ár frá uppkveðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Leifur Hauksson.

Ákæruliður III, 1. Í niðurlagi III. kafla málavaxtalýsingar er greint frá atvikum, sem þessi ákæruliður fjallar um. Það þykir fram komið svo ótvírætt sé, að um þennan þátt málsins hafi áður verið fjallað efnislega í dómi og málinu lokið með dómssátt, svo sem áður greinir. Verður því að vísa þessum ákærulið frá dómi, sbr. 168. gr. laga nr. 82/1961.

Ákæruliður III, 2. Með framburði ákærða Leifs og öðrum gögnum er sannað, að um áramótin 1971-1972 smyglaði hann til Íslands ásamt eiginkonu sinni, meðákærðu Eddu Sigurrós Sverrisdóttur, og meðákærða Karli Kristni Júlíussyni tæpum 400 gr. af kannabis. Efnið sendu þau póstflutningi í ferðatösku á nafni Eddu Sigurrósar. Áttu ákærði Leifur og eiginkona hans 2/3 hluta efnisins, en meðákærði Karl Kristinn 1/3 hluta.

Fyrir atferli þetta ber að refsa ákærða Leifi samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður III, 3. Sannað er með játningu ákærða Leifs og öðrum gögnum, að í seinni hluta aprílmánaðar 1972 fór hann til Kaupmannahafnar og þaðan til Amsterdam gagngert til kaupa á kannabisefnum fyrir sjálfan sig og eiginkonu sína svo og meðákærða Ólaf Mogensen og fleiri aðilja, sem lagt höfðu fé til kaupanna, og síðan fengið meðákærða Bergi Jóni peningana í Amsterdam og falið honum að kaupa kannabisefni fyrir þá og koma því til meðákærða Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfoss í Rotterdam til flutnings til Íslands, þar sem hann tók við efninu úr höndum nefnds Matthíasar ásamt Gesti Þorsteinssyni og Jens Rúnari Ingólfssyni, en við skipti á greindu efni komu u. þ. b. 500 gr. í hlut ákærða Leifs og eiginkonu hans.

Með ofangreindu atferli hefur ákærði Leifur unnið til refsingar samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður III, 4. Með eigin játningu ákærða Leifs og öðrum gögnum er sannað, að hann hafi ásamt eiginkonu sinni, Eddu Sigurrós, fengið meðákærða Ólaf Mogensen svo og Pétur Halldór Pétursson og Evu Benjamínsdóttur til að geyma kannabisefni þeirra hjóna og margsinnis gefið þeim og fleiri kunningjum sínum að reykja með sér af efninu.

Með atferli þessu, sem telja verður hluta brota samkvæmt 2. og 3. tl. hér að ofan, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt

5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Leifur Hauksson hefur einu sinni áður gerst sekur um brot gegn lögum nr. 77/1970, en því máli var lokið með dómssátt 23. mars 1972. Nokkrum dögum síðar, þ. e. um eða eftir næstu mánaðamót, er hann farinn að ráðgera og undirbúa kaup og innflutning kannabis í miklum mæli. Eftir neitun fyrst í stað skýrði hann nokkuð greiðlega frá atvikum við rannsókn málsins.

Brot ákærða, sem hér greinir, eru stórfelld, og verður refsing fyrir þau ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 4 mánuði.

Leifur Hauksson sætti gæsluvarðhaldsvist 15.-31. maí 1972. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga að vist þessi, alls 17 dagar, komi refsingu hans til frádráttar.

Ákærða Edda Sigurrós Sverrisdóttir.

Ákæruliður IV, 1. Samkvæmt þessum ákærulið er ákærðu gefið að sök að hafa framið ásamt eiginmanni sínum brot þau, sem tilgreind eru hér að framan og auðkennd III, nr. 1, 2 og 4.

Fyrsta atriðinu, III, nr. 1, ber að vísa frá dómi með sömu rökum og að framan greinir.

Með eigin framburði ákærðu, sem studdur er öðrum gögnum, er sannað, að ákærða framdi með eiginmanni sínum, Leifi Haukssyni, brot þau, sem lýst er í ákæruliðum III, nr. 2 og 4 hér að framan.

Atferli ákærðu er refsivert samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður IV, 2. Sannað er með eigin játningu ákærðu svo og öðrum gögnum, að Edda Sigurrós tók þátt í að leggja á ráðin um ferð eiginmanns síns, Leifs Haukssonar, til kannabiskaupa í Danmörku eða Hollandi og flutning efnanna til Íslands. Þá lagði hún fram fé til kaupanna úr sameiginlegum sjóði þeirra hjóna og naut af efninu til jafns við eiginmann sinn.

Með atferli sínu hefur ákærða unnið til refsingar samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Eins og fram er komið, hefur ákærða Edda Sigurrós áður gerst sek um brot á lögum nr. 77/1970. Hún skýrði nokkuð greiðlega frá atvikum við rannsóknina eftir neitun allra sakargifta fyrst í stað. Hún hefur verið þátttakandi í broti, sem telja verður stórfellt, með eiginmanni sínum, sem hafði nokkra forystu og frum-

kvæði um verknaðinn. Refsing ákærðu fyrir brotin verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 2 mánuði. Eftir atvikum þykir rétt, að fullnustu refsingar skuli frestað og að hún skuli niður falla eftir þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson.

Ákæruliður V. Með eigin framburði ákærða Karls Kristins, sem studdur er öðrum gögnum, er sannað, að hann hefur gerst sekur ásamt þeim hjónum Leifi Haukssyni og Eddu Sigurrós um brot það, er lýst er og greinir í ákærulið III, nr. 2 hér að framan. Enn fremur gefið kunningjum sínum, Erni Ingólfssyni og Jóni Ómari Sigfússyni, af efninu með sér.

Þetta atferli, sem líta verður á sem eina brotaheild, varðar ákærða refsingu samkvæmt 1. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970.

Ákærði skýrði strax greiðlega frá atvikum við rannsókn málsins. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé. Refsing hans verður ákveðin 50.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði Ólafur Mogensen.

Ákæruliður VI, 1. Með framburði ákærða Ólafs Mogensens og öðrum gögnum er sannað, að hann tók virkan þátt í að leggja á ráðin um ferð meðákærða Leifs Haukssonar til kannabiskaupa, sem getur í ákærulið III, 3 hér að framan, svo og lagt fram kr. 25.000.00 til þeirra kaupa og fengið afhent í sinn hlut við skipti á efninu ca. 300 gr. af kannabis. Enn fremur hafði hann milligöngu fyrir Benedikt Hjartarson, Reykjavík, um kaup á kannabis fyrir kr. 9.000.00 í sömu ferð og afhenti honum í maí 1972 a. m. k. 90 gr. af efninu fyrir þá peninga. Þá tók hann við um sama leyti í Kópavogi u. þ. b. 300 gr. af kannabis til geymslu fyrir meðákærðu Leif og Eddu Sigurrós.

Þetta atferli, sem líta ber á sem eina brotaheild, varðar ákærða refsingu samkvæmt 1. gr. og 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákæruliður VI, 2. Ákærði hefur borið að hafa í ársbyrjun 1972 sent tvö bréf, sem í voru samtals kr. 1.000.00, og hafi bréfin verið stíluð til meðákærða Bergs Jóns Þórðarsonar í Kaupmanna-

höfn, með tilmælum um kaup á kannabis fyrir hann. Eins og áður er rakið, þykir ekki sannað, að Bergur hafi móttekið greind sendibréf.

Ákærði hefur enn fremur borið að hafa í ársbyrjun 1972 fengið tvívegis sendingu í bréfapósti frá Kaupmannahöfn, sem hann taldi vera frá Bergi, en í hvoru bréfi voru 5-6 gr. af kannabis. Þótt ekki teljist sannað, að sendingar þessar hafi verið frá Bergi, verður eigi talið verða vefengt með skynsamlegum rökum, að ákærði hafi á umræddum tíma tekið við og notað greint magn af kannabis.

Varðar þetta ákærða refsingu samkvæmt 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.

Ákærði Ólafur Mogensen hefur einu sinni áður sætt refsingu fyrir brot á lögum, þ. e. 21. gr. áfengislaga. Hann skýrði strax greiðlega og nokkuð skilmerkilega frá atvikum í upphafi dómsrannsóknar. Á hitt verður að líta, að hann er virkur þátttakandi í stórfelldu broti. Verður refsing hans fyrir brotin ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 77/1970 ber að gera upptæk þau efni, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins og hald var lagt á við rannsókn málsins, og samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 69. gr. alm. hegningarlaga ber einnig að gera upptækar reykjarpípur, sem taldar hafa verið notaðar til hassreykinga.

Verða þannig gerð upptæk efni þau og reykjarpípur sem hér segir, sbr. atvikalýsingu, einkum kafla IV:

1) Kannabis, ca. 15 gr. úr bréfi, stíluðu til Ólafs Sigurðssonar, Eskifirði.
2) Kannabis, ca. 8.65 gr., afhent af Halldóri Kjartanssyni.
3) Kannabis, ca. 65 gr., fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi.
4) Kannabis, ca. 12.5 gr., fundið í vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi.
5) Kannabis, 12.5 gr., tekið úr bréfi til Þorsteins Þorsteinssonar, Keflavík.
6) Reykjarpípa, tekin úr vörslum Matthíasar Mogensens um borð í m/s Laxfossi.
7) Þrjár reykjarpípur, sem fundust við húsrannsókn á heimili Leifs Haukssonar og Eddu Sigurrósar Sverrisdóttur að Borgarholtsbraut 3.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 82/1961 ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað þannig:

Ákærði Bergur Jón Þórðarson greiði verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun og þóknun fyrir réttargæslu, meðan ákærði sætti gæsluvarðhaldi, samtals kr. 40.000.00.

Ákærði Matthías Mogensen greiði verjanda sínum Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun, samtals kr. 20.000.00.

Ákærðu Leifur Hauksson og Edda Sigurrós Sverrisdóttir greiði in solidum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun, meðan þau sættu gæsluvarðhaldi, samtals kr. 50.000.00.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði málsvarnarlaun til verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Sveins H. Valdimarssonar, kr. 20.000.00.

Annan sakarkostnað greiði öll ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Bergur Jón Þórðarson sæti fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 6 dagar. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 40.000.00.

Ákærði Matthías Mogensen sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hann greiði skipuðum verjanda sínum, Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 20.000.00.

Ákærði Leifur Hauksson sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 17 dagar.

Ákærða, Edda Sigurrós Sverrisdóttir, sæti fangelsi í 2 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærðu Leifur Hauksson og Edda Sigurrós Sverrisdóttir greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 50.000.00.

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði til ríkissjóðs 50.000.00 króna sekt, og komi varðhald í 25 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Upptæk skulu ríkissjóði til handa fíkniefni og tæki til neyslu þeirra, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, þ. e. 113.65 gr. kannabis og 4 reykjarpípur.

Annan sakarkostnað en að ofan greinir greiði ákærðu öll in solidum.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 191/1974: **Dráttarbraut Keflavíkur h/f**
gegn
Eyjólfi Helgasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Hafning máls. Dómsathöfn úr gildi felld. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, og samdómsmennirnir Zakarías Hjartarson og Einar Þorsteinsson hafa framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með kæru 21. október 1974, sem barst Hæstarétti 6. nóvember s. á., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært ákvörðun sjó- og verslunardóms Keflavíkur 10. október 1974 um hafningu máls og greiðslu málskostnaðar til handa stefnda. Gerir sóknaraðili þær dóm-

kröfur, að dómsathöfn þessi verði úr gildi felld. Jafnframt krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sjó- og verslunardómsmál það, sem kærumál þetta er sprottið af, var höfðað með stefnu, birtri 22. júní 1970, og þingfest í sjó- og verslunardómi Keflavíkur 26. júní s. á. Í þinghaldi 21. janúar 1972 lýstu umboðsmenn aðilja yfir, að gagnasöfnun væri lokið. Var síðan bókað í þingbók: „Samkomulag var um að fresta málinu til munnlegs málflutnings, og verður dagur til munnlegs málflutnings ákveðinn síðar og tilkynntur aðilum". Næst var þingað í málinu 10. október 1974 og þá gerð eftirfarandi bókun í þingbók: „Af hálfu stefnanda er enginn mættur, en af hálfu stefnda er mættur Jón Magnússon, cand. jur.

Lögmönnum aðilja var með bréfi, dags. 23. 8. s.l., tilkynnt, að munnlegur málflutningur í máli þessu væri ákveðinn þ. 3. 10. s.l. kl. 14.00, en vegna anna dómarans var honum frestað um eina viku, og skilaboðum um það var komið til lögmannanna símleiðis, og mætti hvorugur þeirra þ. 3. 10. s.l.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 og eftir kröfu umboðsmanns stefnda er málið nú hafið.

Umboðsmaður stefnda gerir þær kröfur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnanda samkv. taxta L. M. F. Í.

Með tilliti til gagnaöflunar stefnda og mætinga í málinu þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Því úrskurðast:

Stefnandi, Dráttarbraut Keflavíkur, greiði stefnda, Eyjólfi Helgasyni, kr. 20.000.00 í málskostnað, og greiðist hann innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum".

Dómsformaður, Guðmundur Kristjánsson bæjarfógetafulltrúi, hefur sent Hæstarétti greinargerð um kærumálið. Segir þar, að hann hafi tjáð lögmanni stefnanda í héraði, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, símleiðis hinn 25. september 1974, að munnlegum flutningi málsins, sem ákveð-

inn hafði verið 3. október 1974, yrði frestað. Hann segir sig minna fastlega, að hann hafi í símtali þessu „getað komið því að, að málflutningnum yrði frestað um eina viku og yrði þá á sama tíma". Dómsformaðurinn segir enn fremur í greinargerð sinni, að hann hafi gert árangurslausar tilraunir til að ná til lögmannsins í síma 27. og 28. september og síðan 4. október til að árétta, að málflutningurinn ætti að fara fram 10. október klukkan 1400. Að lokum kveðst hann hinn 4. október símleiðis hafa beðið starfsmann lögmannsins, Guðmund Brynleifsson „að taka niður skilaboð um áðurgreint og koma þeim til Jóns skriflega". Hann kveðst enn fremur hafa átt símtal við nefndan Guðmund um miðjan október og hafi Guðmundur þá fullyrt, að hann hefði komið boðunum til lögmannsins.

Lögmaður stefnanda í héraði, Jón Einar Jakobsson, hefur sent Hæstarétti greinargerð um málavexti. Segir hann, að dómsformaður hafi tilkynnt sér símleiðis um frestun málflutningsins og að ákveðið hefði verið, að þeir hefðu „síðar samband um ákveðinn dag til málflutnings". Lögmaðurinn segir, að Guðmundur Brynleifsson hafi skýrt sér svo frá (dagsetningu man hann ekki), „að Guðmundur Kristjánsson hefði beðið sig að skila því, að einhverjum réttarhöldum hefði verið frestað". Enn fremur segir lögmaðurinn: „Jafnframt bað hann mig að hringja til Guðmundar, með því að sér væri ekki fullljóst, hvað fyrir fulltrúanum hefði vakað". Kveðst hann síðan tvívegis hafa reynt að ná til dómsformannsins, en árangurslaust. Guðmundur Brynleifsson hefur vottað með áritun sinni á greinargerð lögmannsins, að þar sé rétt frá skýrt, að því er hann varðar. Lögmaðurinn kveðst síðan ekkert hafa heyrt um málið, uns honum barst hinn 18. október s.l. endurrit af þinghaldinu, þar sem málið var hafið.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður ekki gegn mótmælum Jóns Einars Jakobssonar héraðsdómslögmanns talið sannað, að hann hafi fengið vitneskju um, hvenær hinn munnlegi málflutningur ætti að fara fram, enda gætti dómari eigi fyrirmæla 102. gr. laga nr. 85/1936. Voru því eigi efni til, eins og á stóð, að hefja málið á dómþingi 10. október 1974

og úrskurða stefnda málskostnað. Ber því að fella hina kærðu dómsathöfn úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 198/1974: **Lúðvík Gizurarson**
gegn
Kaupfélagi Rangæinga.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1974, sem hingað barst 15. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til

að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lúðvík Gizurarson, greiði varnaraðilja, Kaupfélagi Rangæinga, kr. 7.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. október 1974.

I.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar 25. september s.l. Aðalstefnandi og gagnstefndi er Kaupfélag Rangæinga, Hvolsvelli. Aðalstefndi og gagnstefnandi er Lúðvík Gizurarson, Grenimel 20, Reykjavík.

Aðalsök er höfðuð með stefnu, birtri 14. janúar 1974, og þingfest 17. janúar 1974. Gagnsök er höfðuð með gagnstefnu, birtri 27. júní 1974, og þingfest sama dag.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 328.096.10 auk 1½% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 31. maí 1973 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Dómkröfur gagnstefnanda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 100.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 27. júní 1974 að telja til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur gagnstefnda í gagnsök eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum gert að greiða gagnstefnda hæfilegan málskostnað í gagnsök.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna þann 25. september s.l., og er einungis sá þáttur málsins hér til úrlausnar.

Sættir hafa verið reyndar í þessum þætti málsins, en án árangurs.

II.

Málavöxtum í aðalsök er þannig lýst í stefnu, að stefndi hafi á undanförnum árum, fram til 31. desember 1972, tekið vörur út í reikning hjá stefnanda. Hafi þess vegna hlaðist upp nokkur skuld á viðskiptareikningi hans. Skuldin nemi stefnufjárhæðinni, sem miðist við 31. maí 1973. Stefndi hafi ekki greitt þessa skuld þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Um efni gagnsakar segir svo orðrétt í gagnstefnu: „Rök fyrir kröfunni í gagnsök eru þessi:

a) Skaðabótakrafa. Kaupfélag Rangæinga hefur oftekið vexti á viðskiptareikningi Lúðvíks Gizurarsonar við KR og brotið þannig lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl. nr. 58/1960. Með verknaði þessum skerðir KR lögvarða hagsmuni Lúðvíks Gizurarsonar og skapar sér skaðabótaskyldu skv. almennu skaðabótareglunni. Að áliti gagnstefnanda var ekki um samningsvexti að ræða á viðskiptareikningnum, en hámark annarra vaxta en samningsvaxta var 7% til 16. maí 1973, en 9% frá þeim degi, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1960.

b) Þóknun. Eins og rakið er í greinargerð í aðalsök, vann gagnstefnandi sem lögmaður fyrir KR fyrir nokkrum árum, og var alltaf svo um talað, að sanngjörn greiðsla kæmi fyrir það verk. Nái rökstuðningur í lið a) ekki fram að ganga, er stefna þessi studd með kröfu um lögfræðiþóknun.

c) Nái rökstuðningur í liðum a) og b) ekki fram, er það þrautavarakrafa mín, að málskostnaður verði felldur niður, enda um verulega réttaróvissu að ræða í sambandi við framangreind sjónarmið."

Frekari rökstuðning eða málavaxtalýsingu er hvorki að finna í gagnstefnu né greinargerð í gagnsök.

III.

Krafa gagnstefnda um frávísun gagnsakar er studd þeim rökum, að í gagnstefnu sé engin viðhlítandi grein gerð fyrir kröfum gagnstefnanda eða skiptingu þeirra. Einungis sé krafist kr. 100.000.00 ásamt vöxtum og málskostnaði, ósundurliðað, og eigi það bæði við skaðabótakröfu vegna vaxta og einnig kröfu um þóknun. Á það megi benda, að gagnstefnandi hafi einnig haft uppi mótmæli gegn vaxtakröfu í aðalsök, þar sem hann mótmæli vöxtum sem of háum, og sýnist því óþarfi og jafnvel ólöglegt að hafa sömu kröfuna uppi í tveim málum samtímis. Að því er varði þóknunarlið í kröfu gagnstefnanda sé rökstuðningurinn fyrir

honum algerlega ófullnægjandi. Hvergi sé minnst í gagnstefnunni einu orði á það, í hverju lögfræðistörf gagnstefnanda fyrir gagnstefnda hafi verið fólgin, og enginn reikningur hafi verið lagður fram fyrir þessi störf, sem telja verði þó lágmarkskröfu. Þannig sé svo lítil og óljós grein gerð fyrir kröfum gagnstefnanda, að einsýnt sé, að vísa beri málinu frá dómi vegna vanreifunar.

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að kröfur hans séu nægilega reifaðar og skýrðar og því beri að hrinda kröfu gagnstefnda um frávísun gagnsakar.

IV.

Engin grein er gerð fyrir, hvernig stefnufjárhæð í gagnsök er fengin, og hún er ósundurliðuð. Vaxtakrafa er órökstudd. Í gagnstefnu kemur ekki fram, í hverju lögfræðistörf gagnstefnanda fyrir gagnstefnda voru fólgin, og engin gögn lögð fram þar að lútandi. Í heild er málatilbúnaði gagnstefnanda svo áfátt, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og meginreglu 105. gr. sömu laga, að taka verður til greina kröfu gagnstefnda um frávísun gagnsakarinnar.

Gagnstefndi hefur krafist málskostnaðar sérstaklega í þessum þætti málsins. Eftir framangreindri niðurstöðu verður gagnstefnandi dæmdur til að greiða gagnstefnda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi.

Gagnstefnandi, Lúðvík Gizurarson, greiði gagnstefnda, Kaupfélagi Rangæinga, kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 108/1973: **Grímur Oddmundsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Rögnvaldi Finnbogasyni
vegna Huldu Ingvarsdóttur
(Ármann Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Úrskurður um útburð felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. júlí 1973. Krefst hann þess, að hrundið verði úrskurði fógeta. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ágreiningur er með aðiljum máls þessa um eignar- og afnotarétt stiga þess, er í málinu greinir, en hann hefur verið notaður um alllangt skeið til geymslu í þarfir áfrýjanda og forvera hans í kjallaraíbúð hússins nr. 31 við Skeiðarvog í Reykjavík. Sýnt er, að ýmsar breytingar hafa verið gerðar á húsnæði þessu frá því, sem greint er á teikningum að húsinu, er lagðar hafa verið fram í málinu, en eigi er viðhlítandi grein gerð fyrir því, í hverju þær séu fólgnar. Gögn máls leiða eigi skýrlega í ljós, hvernig eignar- og afnotarétti að geymslurými þessu sé farið, og var fógeta því eigi rétt að taka kröfu stefnda um útburð á munum áfrýjanda úr húsrými þessu til greina. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð fógeta úr gildi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 21. maí 1973.

Gerðarbeiðandi, Rögnvaldur Finnbogason, Skeiðarvogi 31, hefur gert þær réttarkröfur f. h. eiginkonu sinnar, Huldu Ingvarsdóttur, að munir tilheyrandi gerðarþola, Grími Oddmundssyni, Skeiðarvogi 31, verði með útburðargerð fjarlægðir úr stiga, sem liggur á milli kjallara og 1. hæðar í nefndu húsi. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um hina umbeðnu útburðargerð. Hann hefur krafist málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 8. þ. m.

Húsið nr. 31 við Skeiðarvog er raðhús, 2 hæðir og kjallari. Uppdráttur þess hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 11. Hús þetta var byggt af Stefáni Jónssyni, nú til heimilis að Langholtsvegi 171, á árunum 1957-1959, og bjó hann á 1. og 2. hæð hússins þar til á árinu 1969, að hann seldi þennan eignarhluta Huldu Ingvarsdóttur.

Það er komið fram í málinu, að þann 12. júní 1959 seldi Stefán Hólmsteini Hallgrímssyni kjallaraíbúðina. Hefur afsal verið lagt fram í málinu sem rskj. 9, og er hinum selda eignarhluta lýst þannig: „ . . . 2 herbergi, eldhús og bað, ásamt þvottahúsi, svo og geymsla undir stiga. Er hið selda allur kjallarinn, að undanskildu ketilhúsi, sem er í óskiptri sameign . . . svo og forstofa, sem er í óskiptri sameign með öðrum eigendum hússins". Þá er tekið fram, að geymsla „undir og framan við stæði fyrir ruslatunnu í kjallara, eða í beinni línu frá neðstu stigatröppu í útvegg, sé séreign efri hæðar."

Eign þessi var Hólmsteini seld í fokheldu ástandi.

Eins og sést á uppdrættinum, er stigi milli 1. hæðar og kjallara, enda eru ketilhús og fremri forstofa í kjallara sameign íbúðareigenda í húsinu. Aftur á móti á kjallaraíbúðin engin ítök á efri hæð hússins.

Fyrir liggur í máli þessu yfirlýsing Stefáns Jónssonar og konu hans, Evu Óskarsdóttur, svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að stigi af neðri hæð niður í kjallara að Skeiðarvogi 31 (nú notað sem geymslurými) er og hefur frá byggingu hússins algerlega verið séreign efri hæðar hússins, þó þess sé ekki sérstaklega getið í kaupsamningi dags. 28. febr. 1969 milli undirritaðs og Huldu Ingvarsdóttur.

Reykjavík, 18. júlí 1972.
Stefán Jónsson
Eva Óskarsdóttir".

Stefán Jónsson hefur mætt sem vitni í máli þessu. Hann hefur skýrt svo frá, að það hafi orðið að ráði, að hann stækkaði eldhúsið á 1. hæð, og í stað þess að breyta innréttingu að öðru leyti kvaðst hann hafa sett hlemm á eldhúsgólf 1. hæðar fyrir efra stigaopið. Ofan á þennan hlemm hafi síðar verið settur eldhússkápur. Eftir nokkurn tíma kveðst Stefán svo hafa leyft Hólmsteini að brúka stigann fyrir geymslu og leyft honum jafnframt að setja hurð fyrir neðra stigaopið. Í stað þessara afnota Hólmsteini til handa kveðst Stefán hafa fengið einkaafnot af geymslukró fyrir sorptunnur.

Hólmsteinn Hallgrímsson, nú til heimilis að Háaleitisbraut 16, hefur einnig mætt sem vitni í málinu. Honum var kynntur framburður Stefáns Jónssonar, og kvað hann þar rétt frá skýrt. Kvaðst Hólmsteinn hafa sett hillur í stigann. Aðeins hafi verið um að ræða afnotaskipti með samkomulagi við Stefán og stiginn eftir sem áður eign eiganda 1. hæðar, sem hefði hvenær sem var getað krafist þess, að stiginn yrði rýmdur, en að sjálfsögðu að því tilskyldu, að eigandi kjallaraíbúðarinnar fengi afnot af sorptunnugeymslunni.

Hólmsteinn Hallgrímsson seldi Þóri Gunnarssyni kjallaraíbúðina þann 8. október 1962, sbr. afsal, sem lagt er fram á rskj. 10, og er nærri orðrétt tekin upp sú lýsing hins selda, sem greindi í afsali Stefáns Jónssonar til Þóris. Þórir, sem er hálfbróðir Stefáns og er búsettur að Nesbala 5 á Seltjarnarnesi, hefur mætt sem vitni í máli þessu og að auki gefið vottorð, rskj. 5. Kveðst hann þegar í stað hafa farið að nota stigann til geymslu á fatnaði og skótaui, en sér hafi verið það ljóst, að stiginn fylgdi efri hæðinni og ef eigandi þeirrar hæðar hefði krafist þess, að stiginn yrði rýmdur, vegna þess að nota ætti hann til umgangs, hefði sér ekki orðið stætt á öðru en verða við því. Guðrún Ragnheiður Baldursdóttir, eiginkona Þóris, hefur einnig mætt sem vitni og segir, að sér hafi verið alveg ljóst, að aðeins hafi verið um að

ræða geymsluafnot um ótiltekinn tíma, en alls ekki að stiginn væri eign þess, sem kjallaraíbúðina ætti, en hún kvaðst ekki minnast þess, að þau hjón ræddu sérstaklega um geymsluafnot þessi við Stefán Jónsson, þó það megi vel hafa verið.

Þórir Gunnarsson selur gerðarþola máls þessa, Grími Oddmundssyni lögreglumanni, og Guðrúnu Sigurjónsdóttur, sem er eiginkona Gríms, kjallaraíbúðina nr. 31 við Skeiðarvog með afsali, útgefnu 16. desember 1965, sjá rskj. 3. Afsal þetta er, að því er viðvíkur lýsingu hins selda, samhljóða fyrri afsölum um eignarhlutann. Hafa þau hjón, Grímur og Guðrún, búið þar síðan, og hafa þau haldið áfram að nota stigann til geymslu á svipaðan hátt og fyrri eigendur kjallaraíbúðarinnar.

Stefán Jónsson afsalar Huldu Ingvarsdóttur eignarhluta sínum í húsinu þann 13. mars 1969, en áður höfðu þau gert kaupsamning þann 28. febrúar s. á., rskj. 12. Afsalið er lagt fram sem rskj. 2 í máli þessu. Þar segir svo um hið selda: „. . . nánar tiltekið öll neðri hæð og öll efri hæð hússins. Hinu selda fylgir sérgeymsla í kjallara, sem er undir og framan við stæði fyrir sorptunnur í kjallara, eða í beinni línu frá neðstu tröppu í útvegg. Hinu selda fylgir hlutdeild í sameiginlegu ketilhúsi í kjallara og hlutdeild í sameiginlegri kjallaraforstofu". Hafa þau hjón Hulda Ingvarsdóttir og Rögnvaldur Finnbogason búið í þessu húsnæði, en þann 16. nóvember gerir Hulda kaupsamning við Friðgeir Ingimundarson, þar sem hún lofar að selja honum eignarhlutann, sem er þannig tilgreindur, sbr. rskj. 13: „Öll neðri og öll efri hæð hússins ásamt stiga frá efri hæð niður í kjallara, sbr. yfirlýsingu Stefáns Jónssonar þar um, dags. 18. júlí 1972. Hinu selda fylgir sérgeymsla í kjallara, sem er undir og framan við stæði fyrir sorptunnur í kjallara, eða í beinni línu frá neðstu tröppu í útvegg . . ." Hulda Ingvarsdóttir er enn þinglesinn eigandi þessa eignarhluta, sbr. veðbókarvottorð, dags. 8. þ. mán., rskj. 14.

Það er komið fram í málinu, að engar athugasemdir hafa komið fram að hálfu gerðarbeiðanda við afnot gerðarþola af stigaplássi þessu, fyrr en um það bil að kaupsamningurinn á rskj. 13 er gerður, eða upp úr því. A. m. k. er það fyrsta, sem fyrir liggur um þetta, bréf, er Rögnvaldur Finnbogason ritar gerðarþola hinn 5. desember 1972, rskj. 6. Er þess óskað, að stigi þessi verði rýmdur innan viku frá dagsetningu bréfsins. Ekki virðist gerðarþoli hafa svarað þessum tilmælum að neinu.

Útburðarbeiðni er dagsett 12. desember 1972. Rök gerðarbeiðanda fyrir framgangi útburðar eru þau, að aðeins hafi verið um

að ræða bráðabirgðaafnot íbúa kjallarans af stiganum. Bæði Hólmsteinn Hallgrímsson og Þórir Gunnarsson hafi gert sér alveg ljóst, að þarna voru aðeins afnotaskipti á geymslum og að eigandi 1. hæðar mátti slíta þessum afnotum af stiganum, er honum sýndist. Þá vísar gerðarbeiðandi til yfirlýsingar og framburðar Stefáns Jónssonar um þetta. Það sé alveg ljóst, að eignarhald á stiganum sé algerlega í höndum eiganda 1. hæðar, sem eigi hluta kjallara, aftur á móti eigi eigandi kjallaraíbúðar alls engin ítök í efri hæðunum og hafi þurft að taka berlega fram, ef stiginn hefði átt að tilheyra kjallaraíbúðinni. En í afsölum til eigenda þeirrar íbúðar sé aðeins nefnd „geymsla undir stiga".

Þessi afnot gerðarþola hafi verið eigendum efri hæðanna alveg meinlaus, og kveðst gerðarbeiðandi enga ástæðu hafa haft til að amast við þeim, en nú sé svo komið, að efri hæðirnar hafi verið seldar og sé því nauðsynlegt, að réttur kaupandi liggi alveg ljóst fyrir, þar eð hann kunni að vilja breyta til og fara að nota stigann. Þetta aðgerðarleysi hafi verið alveg eðlilegt og í því hafi aldrei falist nein viðurkenning eiganda kjallaraíbúðar til handa um eignarrétt hans á stiganum.

Gerðarþoli hefur sagt í greinargerð sinni, að þá er hann skoðaði kjallaraíbúðina, hafi Þórir Gunnarsson og kona hans tjáð sér, að stiginn fylgdi þeirri íbúð. Það sé óneitanlegt, að stiginn sé hluti kjallarans og um leið athugandi, að hann sé ekki í afsölum undantekinn sem hlutdeild efri hæðar, svo sem tekið er fram um ketilhús og fremri forstofu. Íbúar efri hæðar hafi líka aldrei notað þennan stiga og verði það ekki gert nema með mjög mikilli röskun, en allir eigendur kjallaraíbúðarinnar hafi notað stigann til geymslu, nú í u. þ. b. 13 ár. Gerðarþoli hafi athugasemdalaust notað stigann í rúm 8 ár, þar af 3 ár rúmlega í tíð eignarhalds gerðarbeiðanda. Hér hafi átt sér stað fullkomin afnotaskipti, annars vegar stiginn, hins vegar hin svonefnda sorptunnugeymsla, og rétt sé að líta á það, að ekkert tilboð hafi komið frá gerðarbeiðanda um, að kjallaraíbúðin fengi þá afnot af sorptunnugeymslunni. Það sé mjög athyglisvert, að Rögnvaldur Finnbogason skyldi ekki fá því framgengt við Stefán Jónsson, að afsalið 13. mars 1969 tæki til stigans, og er skýrslu Rögnvalds um viðræður hans við Stefán þar að lútandi mótmælt sem rangri. Svo mikill vafi sé á ferðinni, að því er varði eignarrétt gerðarbeiðanda að stiganum, að ekki sé rétt að leyfa beina fógetagerð.

Húsið nr. 31 við Skeiðarvog er þannig byggt, að hinn umdeildi stigi liggur úr eldhúsi efri hæðar niður í forstofu í kjallara. Eign-

arhlutafyrirkomulag er þannig, að eigandi efri hæðar á hluta kjallarans í sameign með eiganda kjallaraíbúðar, sem hins vegar á engin ítök í efri hæðunum. Þykir þannig sýnt, að ekki hafi verið ætlast til þess við byggingu hússins, að eigandi kjallaraíbúðarinnar hefði neinn eignarrétt eða afnotarétt að stiganum.

Þrátt fyrir langvarandi afnot gerðarþola og forvera hans af þessum stiga með samþykki eigenda efri hæðanna þykir gerðarþoli ekki hafa sýnt fram á eignarrétt sinn að honum, og hann hefur heldur ekki sýnt fram á, að ekki mætti afturkalla hinn leyfða afnotarétt. Verður að taka kröfu gerðarbeiðanda um útburð til greina. Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Fógetagerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. nóvember 1974.

Nr. 56/1973: **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Fiskiðjunni h/f
(Hörður Ólafsson hrl.)
og gagnsök
og
H/f Eimskipafélag Íslands
gegn
Sjávarvörum h/f til réttargæslu
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Farmflutningur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. apríl 1973. Krefst hann aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms, en til vara sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 30. ágúst 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér „£ 10.024.34 í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, að frádregnum kr. 337.169.00 með 7% ársvöxtum af mismuninum frá 1. júní 1971 til greiðsludags.“ Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu, og engar kröfur eru uppi hafðar af hans hálfu.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál í héraði gegn aðaláfrýjanda og réttargæslustefnda hér fyrir dómi til greiðslu óskipt á framangreindri fjárhæð. Hann hefur eingöngu áfrýjað málinu, að því er varðar aðaláfrýjanda.

Fiskiðjan h/f hefur tekið við eignum og gengist við skuld-

bindingum Fiskiðjunnar s/f. Hefur aðaláfrýjandi samþykkt aðild hlutafélagsins hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur aðaláfrýjandi lagt fram mörg skjöl í máli þessu. Skýra þau ýmsa þætti þess. Þótt þessi skjöl hafi eigi legið fyrir héraðsdómi, verður ekki talið, að mál hafi verið vanreifað þar fyrir dómi í þeim mæli, að varða eigi ómerkingu dómsins. Krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu verður því eigi tekin til greina.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar gegn aðaláfrýjanda á almennum fébótareglum og telur, að réttur hafi verið á sér brotinn með afhendingu loðnumjöls þess, sem málið fjallar um, án þess að gengið væri eftir frumfarmskírteini úr hendi viðtakanda vörunnar í Rotterdam eða tryggingar krafist að öðrum kosti. Hafi aðaláfrýjanda ekki getað dulist, að gagnáfrýjandi væri eigandi vörunnar, og eigi hann því beinan aðgang að aðaláfrýjanda með kröfur sínar.

Af hálfu aðaláfrýjanda er sú vörn uppi, að Sjávarvörur h/f hafi verið vörusendandi og hafi hann sem farmflytjandi eigi gert annað en fara eftir fyrirmælum sendanda um afhendingu á vörunni í hendur skráðs viðtakanda, Messrs. Handelsveem N.V.

Hinn 14. maí 1971 bar forstjóri Sjávarvara h/f fram þá ósk við aðalskrifstofu aðaláfrýjanda í Reykjavík, að loðnumjölið yrði afhent í Rotterdam án frumfarmskírteinis. Taldi hann, að með því móti yrði komist hjá miklum kostnaði, sem af hlytist, ef töf yrði á afhendingu, m. a. vegna þess, að helgi fór í hönd, en 14. maí 1971 var föstudagur. Voru þessi tilmæli efni til þess, að aðaláfrýjandi sendi umboðsmanni sínum í Rotterdam telex skeyti samdægurs, þar sem segir svo: „skogafoss from Reykjavik 7/5. 117 tons fishmeal in order release for transshipment without original blading if original blading not arriving in time".

Bótaskylda aðaláfrýjanda er í héraði reist á því, að varan hafi verið afhent N.V. Handelsveem, umboðsmönnum kaupanda, til fullra umráða hinn 12. maí 1971, þ. e. áður en framangreind tilmæli forstjóra Sjávarvara h/f komu fram. Er þar byggt á telex skeyti frá afgreiðslu aðaláfrýjanda í

Rotterdam til aðalskrifstofu hans í Reykjavík. Skeyti þetta, sem er svar við fyrirspurn aðalskrifstofunnar í Reykjavík, var sent 22. janúar 1973. Var það lagt fram við munnlegan málflutning í héraði og hljóðar svo:

„re skogafoss from Reykjavik 7/5/1971 — 2400 bags of fishmeal from seagoods delivered to messrs handelsveem 12/5/1971 stop messrs. handelsveem cannot give information about date of delivery to receivers without consent of their principals".

Eins og áður er greint, hefur aðaláfrýjandi lagt fram mörg skjöl eftir uppsögu héraðsdóms, þar á meðal telex skeyti frá 14. maí 1971. Er það ensk þýðing úr hollensku á „telexi" frá N.V. Handelsveem til afgreiðslu aðaláfrýjanda í Rotterdam, svohljóðandi:

„For the 2.400 bags Fishmeal marked f.i.k. discharged overboard onto waggons ex m.s. skogafoss, because Bs/L were said to be on board, which appears not to be the case, we confirm again that these waggons will not be removed by us and that the fishmeal remains at your disposal until the B/L will be delivered. — According to telephonic information from Iceland, it was again confirmed that Bs/L have been delivered with the Icelandic Steamshipcompany, Reykjavik and that a release telex will be sent to you."

Þá hefur einnig verið lagt fyrir Hæstarétt telex skeyti frá 14. eða 15. maí 1971 milli Lockie Pemberton & Co. í London og Sjávarvara h/f. Kemur þar fram, að firmað í London kvartar um, að vörunni hafi ekki verið sleppt í Rotterdam „meantime trucks are standing and demurrage incurred which if continued over weekend will be heavy". Svar forstjóra Sjávarvara h/f var: „I just so spoke to ss company and they told me that they had released the consignment."

Samkvæmt framansögðu verður að leggja til grundvallar, að varan hafi verið í fullum umráðum aðaláfrýjanda hinn 14. maí 1971, er tilmæli forstjóra Sjávarvara h/f um afhendingu varanna án framvísunar farmskírteina bárust aðaláfrýjanda, en farmskírteinin fékk forstjórinn í hendur frá aðaláfrýjanda hinn 17. maí 1971.

Hafin var afferming loðnumjölsins í Rotterdam 11. maí og það sett í flutningavagna þann dag eða daginn eftir. Var mjölið eigi flutt frá Rotterdam fyrr en 19. maí áleiðis til Austurríkis. Forstjóri Sjávarvara h/f fól Útvegsbanka Íslands í Kópavogi innheimtu vörusendingarinnar hjá kaupanda, Lockie Pemberton & Co. í London, og sendi bankanum bæði farmskírteinin með bréfi, dagsettu 26. maí. Hefur forstjórinn borið, að hann hafi sagt forstjóra gagnáfrýjanda í upphafi þessara viðskipta, að „mjölið færi í gegnum Rotterdam og þaðan til Austurríkis, og Lockie Pemberton mundi ekki greiða mjölið, fyrr en það væri komið til Austurríkis". Frumfarmskírteinin eru nú í vörslu Útvegsbanka Íslands á vegum Sjávarvara h/f.

Sjávarvörur h/f var vörusendandi samkvæmt farmskírteinum. Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að hann hafi ekki haft vitneskju um annað en að sendandi væri eigandi vörunnar. Hefur því eigi verið hnekkt. Nú hefur komið í ljós, að gagnáfrýjandi var vörueigandi og Sjávarvörur h/f því umboðsmaður gagnáfrýjanda í þessum skiptum. Aðaláfrýjandi fór eftir þeim tilmælum þessa umboðsmanns að afhenda vöruna án framvísunar frumfarmskírteina, sem þá voru í höndum aðaláfrýjanda.

Gegn andmælum aðaláfrýjanda er ósannað, að forstjóri Sjávarvara h/f hafi áskilið í sambandi við greind tilmæli hans 14. maí 1971 um afhendingu vörunnar, að umboðsmaður aðaláfrýjanda í Rotterdam gengi eftir tryggingu úr hendi viðtakanda vörunnar fyrir greiðslu andvirðis hennar. Eigi eru í ljós leiddar venjur um það, að farmflytjandi krefji viðtakanda vöru um tryggingu, þegar svo hagar til sem hér.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, á að vera

sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Fiskiðjunnar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 14. febrúar 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Fiskiðjunnar s/f, Keflavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. mars og 28. mars 1972, á hendur Sjávarvörum h/f, Reykjavík, og H/f Eimskipafélagi Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð £ 10.024.92 (£ 10.126.18 ÷ 1% umboðslaun, £ 101.26) í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, þó ekki eftir lægra kaupgengi en kr. 228.30, en að frádregnum kr. 337.169.00 (358.291.00 mínus 21.122.00, sbr. dskj. 40), með 7% ársvöxtum af mismuninum (£ 10.024.92 mínus kr. 337.169.00) frá 1. júní 1971 til greiðsludags og með málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins."

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi, Fiskiðjan s/f, Keflavík, er framleiðandi loðnumjöls þess, sem mál þetta snýst um. Stefndi Sjávarvörur h/f hafði milligöngu um sölu á 116 þúsund 890 kg af loðnumjöli til firmans Lockie Pemberton & Co., 48 Upper Thames Street í London. Sjávarvörur h/f hafði áður haft milligöngu um sölu afurða frá Fiskiðjunni s/f til erlendra kaupenda. Stefnanda var kunnugt um það, að hinir endanlegu kaupendur loðnumjölsins voru í Austurríki. Umsamið söluverð mjölsins var 26sh og 3p fyrir einingu af proteini/þúsund kg c.i.f. Rotterdam, en proteininnihald sendingarinnar reyndist 66% samkvæmt efnagreiningu Fiskifélags Íslands, og heildarverð sendingarinnar c.i.f. Rotterdam var því £ 10.126.18.

Svo sem venja er til hér á landi, annaðist stefndi Sjávarvörur h/f um reikningsgerð á hendur kaupanda og um það að leggja

út eða tryggja greiðslu á útflutningsgjöldum, farmgjöldum, vátryggingariðgjaldi og bankakostnaði. Munu gjöld þessi nema alls um 18% af c.i.f. verði sendingarinnar. Af þeirri ástæðu hefur stefnandi gert framangreindan frádrátt að fjárhæð kr. 358.291.00, er sundurliðast þannig:

1.	Greidd útflutningsgjöld	kr. 131.122.00
2.	1% umboðslaun	— 21.122.00
3.	0.25% bankakostnaður	— 5.373.00
4.	Greitt flutningsgjald	— 176.814.00
5.	Greitt vátryggingariðgjald	— 21.491.00

Mjölsendingunni var ekið á vörubílum frá Keflavík til Reykjavíkur. Tók stefndi H/f Eimskipafélag Íslands þátt í þeim flutningskostnaði, eins og mjölinu hefði verið skipað um borð í Keflavík. Mjölinu var síðan skipað um borð í Reykjavík í skip stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, m/s Skógafoss, er flutti það til Rotterdam.

Sendingin mun hafa farið áleiðis til Rotterdam hinn 7. maí 1971, en þann dag gaf stefndi H/f Eimskipafélag Íslands út farmskírteini fyrir vörunni í tveim frumritum. Samkvæmt farmskírteininu er stefndi Sjávarvörur h/f sendandi vörunnar, en móttakandi framsalshafi farmskírteinisins (Consigned to Order of „ORDER"). Firmanu N. V. Handelsveem í Rotterdam, sem munu hafa verið umboðsmenn kaupenda, skyldi tilkynna um komu vörunnar þangað. Merki á vörunni var fangamark stefnanda, F.I.K. Heldur stefnandi því fram, að umboðsmenn stefnda H/f Eimskipafélags Íslands hafi tekið við vörunni úr hendi stefnanda og gefið honum kvittun fyrir, en farmskírteinið síðan verið gefið út eftir þeirri kvittun. Telur stefnandi, að gera verði ráð fyrir, að stefndi H/f Eimskipafélag Íslands hafi vitað eða átt að vita, að meðstefndi Sjávarvörur h/f væri ekki eigandi vörunnar, heldur einungis umboðssali.

Vörur þessar átti að selja c.i.f. Rotterdam, svo sem áður getur, en greiðsla skyldi fara fram í London gegn afhendingu á skjölum (Cash against documents). Sá aðili, er kom fram sem kaupandi gagnvart stefnda Sjávarvörum h/f, var fyrrnefndur Lockie Pemberton & Co., London, en sá aðili gaf síðan út reikning um vöruna, stílaðan á annað félag í London, Berkeley (Canada), Foods Ltd., en það félag seldi síðan vöruna viðskiptavinum sínum í Austurríki.

Innheimtuskjöl, þ. e. frumfarmskírteini, vörureikninga og vottorð, afhenti stefndi Sjávarvörur h/f viðskiptabanka sínum, Út-

vegsbanka Íslands í Kópavogi, með beiðni um, að andvirði sendingarinnar yrði innheimt hjá kaupanda, Lockie Pemberton & Co. í London, með staðgreiðslu við sýningu farmskjalanna og gegn afhendingu þeirra. Farmskírteinið framseldi stefndi Sjávarvörur h/f Útvegsbankanum í Kópavogi með eyðuframsali sínu og afhendingu skjalanna. Útvegsbankinn merkti skjölin stimpli sínum og tilvísun með númeri, 5892, og sendi frumfarmskírteinin til innheimtu til Hambrosbank Ltd. í London.

Af hálfu stefnda Sjávarvara h/f er því haldið fram, að Lockie Pemberton & Co. hafi fengið skjölin léð hjá Hambrosbank Ltd. um stutta hríð til skoðunar á því, hvort nokkrar athugasemdir væru á frumfarmskírteinunum, sem máli skiptu, áður en verð vörunnar væri greitt. Heldur þessi stefndi því fram, að hér sé um bankavenju að ræða í London, þegar slík skjöl séu afhent viðskiptamönnum banka „in trust", svo sem það kallast. Heldur stefndi Sjávarvörur h/f því fram, að svo virðist sem Lockie Pemberton & Co. hafi sent skjölin til N. V. Handelsveem, en það fyrirtæki hafi síðan notað skjölin til þess að ná vörunni út hjá umboðsmanni meðstefnda H/f Eimskipafélagi Íslands í Rotterdam. Svo virðist, segir þessi stefndi, sem N. V. Handelsveem hafi síðan tekist að ná frumfarmskírteinunum til baka úr höndum umboðsmanns meðstefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam og sent skjölin aftur til Lockie Pemberton & Co. í London, sem hafi síðan skilað skjölunum til Hambrosbank Ltd. í London, eins og skjölin hefðu aldrei verið notuð og aðeins verið í vörslum Lockie Pemberton & Co. til skoðunar.

Í málinu liggja frammi gögn frá umboðsmönnum stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam, Meyer & Co. Sceepvaart MIJ. NV. Rotterdam og frá fyrirtækinu N. V. Handelsveem í Rotterdam, þar sem því er afdráttarlaust andmælt, að þessi fyrirtæki hafi fengið í hendur frumrit farmskírteinanna og fengið vöruna afhenta með þeim hætti og síðan skilað frumritunum aftur, þannig að þau kæmust á ný í vörslu Lockie Pemberton & Co. Ltd. Hins vegar er það ljóst, að framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, Pétur Einarsson, óskaði eftir því við aðalskrifstofu stefnda H/f Eimskipafélags Íslands hér í Reykjavík, að vörunni yrði sleppt án afhendingar frumfarmskírteinis í Rotterdam. Hafði stefndi Sjávarvörur h/f áður notið slíkrar fyrirgreiðslu af hendi meðstefnda H/f Eimskipafélags Íslands. Var það varðandi mjölsendingu, er fór með m/s Dettifossi 2. apríl 1971, og afgreiddi stefndi H/f Eimskipafélag Íslands þá málið á þann hátt, að um-

boðsmaðurinn lét móttakanda vörunnar í Rotterdam, N. V. Handelsveem, setja tryggingu fyrir andvirði vörunnar, áður en hún var afhent. Af hálfu stefnda Sjávarvara h/f hafði ósk um afhendingu vörunnar með þessum hætti verið sett fram til þess að komast hjá því, að á vöruna félli sérstakur kostnaður vegna aukabiðdaga o. s. frv. Hins vegar er því haldið fram af hálfu stefnda Sjávarvara h/f, að það hafi að sjálfsögðu verið ætlast til þess, að sett yrði trygging af hálfu móttakanda vörunnar, svo sem gert hafi verið í hið fyrra skipti, er varan var afhent með þessum hætti, enda hefði þá engum hagsmunum verið hætt. Þetta var hins vegar ekki gert í þessu tilviki, og afhentu umboðsmenn stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam vöruna til N. V. Handelsveem án tryggingar hinn 12. maí 1971. Hins vegar hefur ekki tekist að upplýsa í málinu, hvenær N. V. Handelsveem afhendir vöruna. Aftur á móti er það ljóst, að það er fyrst hinn 14. maí 1971 sem stefndi H/f Eimskipafélag Íslands sendir telex skeyti til umboðsmanna sinna í Rotterdam, svohljóðandi: „Skógafoss from Reykjavík 7/5 117 tons fishmeal in order release for transshipment without original blading if original blading not arriving in time."

Árni Júlíus Steinsson, skrifstofumaður hjá stefnda H/f Eimskipafélagi Íslands í Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn og borið, að Pétur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, hafi hringt til sín og beðið sig um að senda skeyti eða telex til Rotterdam og leyfa áframhaldandi sendingu á mjölinu til þess að koma í veg fyrir umhleðslukostnað í Rotterdam. Hafi Pétur Einarsson tekið fram, að búið væri að flugsenda original pappíra. Kveðst vitnið Árni Júlíus þá hafa sent framangreint telex skeyti hinn 14. maí 1971. Benti hann sérstaklega á, að í skeytinu stæði „for transshipment", en ekki standi í skeytinu, að heimilt sé að afhenda vöruna, t. d. á endastöð.

Svo sem fyrr er rakið, hafði umboðsmaður stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam þegar afhent N. V. Handelsveem vöruna, þegar framangreint skeyti var sent, og án þess að séð verði, að hann hafi haldið áfram umráðum yfir henni. Stefnandi heldur því fram, að víst sé um það, að á þessum sama tíma hafi frumfarmskjölin verið til innheimtu hjá Hambrosbanka í London, svo og sé hitt víst, að sendingin sé nú fyrir löngu afhent umboðsmönnum kaupenda, sem muni hafa skipt henni niður í Rotterdam í smærri sendingar og sent þær kaupendum í Austurríki. Vörurnar hafi kaupendur ekki greitt þrátt fyrir ítrekaðar inn-

heimtutilraunir. Ekki hafi stefndu heldur fengist til að greiða.

Samkvæmt bréfi frá lögfræðingadeild Útvegsbanka Íslands, dags. 27. nóvember 1972, eru nú bæði frumrit farmskírteinisins í vörslum bankans. Telur bankinn sér hvorki rétt né skylt að afhenda skírteinin öðrum en fyrirsvarsmönnum stefnda Sjávarvara h/f, fyrr en dómur hefur gengið í gagnstæða átt.

Pétur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, hefur kært mál þetta til saksóknarans í London. Starfa nú rannsóknarlögreglumenn á vegum Scotland Yard (Fraud Squad) að rannsókn málsins, m. a. vegna þess að nú hefur komið upp gífurlegt gjaldþrot hjá fyrirtækinu Berkeley Canada Foods Ltd. Tveir rannsóknarlögreglumenn frá nefndri stofnun voru staddir hér á landi í nóvembermánuði 1972. Áttu þeir þá m. a. óformlegar viðræður við dómsformann í þessu máli. Fengu þeir léð skjöl úr málinu, þau er þeir töldu að að gagni mætti koma. Tjáðu þeir dómsformanni þá m. a., að mál þetta mundi verða rannsakað í London, Rotterdam og Vínarborg auk rannsóknar, sem þeir framkvæmdu hér á landi. Bjuggust þeir við því, að rannsókn málsins mundi vart taka skemmri tíma en eitt ár.

Þegar þingað var í máli þessu hinn 13. desember 1972, kröfðust stefndu frests í málinu til öflunar gagna. Stefnandi andmælti frekari fresti í því skyni. Kröfðust stefndu þá úrskurðar um frestbeiðni sína. Þeirri beiðni var synjað með úrskurði réttarins, uppkveðnum 5. janúar s.l. Umboðsmenn stefndu lýstu því yfir við dómara málsins, að úrskurður þessi yrði ekki kærður til Hæstaréttar, og hinn 6. þ. m. var málið flutt hér fyrir dóminum að efni til.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að stefndu hafi með ólögmætum hætti valdið því, að vörusending, sem stefnandi hafi ætlað að selja erlendum kaupendum gegn staðgreiðslu, hafi komist í þeirra hendur, án þess að þeir greiddu hana. Sendingin hafi þannig farið forgörðum, að því er stefnanda varðar, þannig að hún hafi ekki lengur verið fyrir hendi til að tryggja greiðsluna og stefnandi ekki lengur átt þess kost að rifta kaupunum og fá vöru sína aftur, þegar verulegur greiðsludráttur hafi verið á orðinn, t. d. til að selja hana öðrum. Stefndu beri báðir solidariska skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, er nemi dómkröfum hans.

Stefnandi hefur sérstaklega andmælt því, að það skipti máli um skaðabótaskyldu stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, þótt vera kunni, að þeir hafi ekki vitað, að stefnandi var eigandi mjölsins.

Stefndi Sjávarvörur h/f byggir sýknukröfu sína á því, að í apríl

og maí 1971 hafi hann haft milligöngu um sölu á fimm mjölsendingum til Austurríkis. Framleiðendur og seljendur þessara vörusendinga hafi verið Lýsi og Mjöl h/f og Fiskiðjan s/f, stefnandi þessa máls.

Í tvö skipti af þessum fimm hafi þess verið óskað af hálfu stefnda Sjávarvara h/f við aðalskrifstofu meðstefnda H/f Eimskipafélags Íslands hér í Reykjavík, að vörunni væri sleppt án afhendingar frumfarmskírteinis í Rotterdam. Í fyrra tilvikinu hafi það verið gert vegna sendingar, sem farið hafi með m/s Dettifossi 2. apríl 1971, og hafi umboðsmaður meðstefnda í Rotterdam þá afgreitt málið á réttan hátt, þ. e. hann hafi látið móttakandann, N. V. Handelsveem í Rotterdam, setja tryggingu fyrir andvirði vörunnar, áður en varan var afhent. Í því tilviki, sem hér er um fjallað, hafi stefndi Sjávarvörur h/f einnig farið þess á leit við aðalskrifstofuna í Reykjavík, að þessi háttur yrði á hafður, en svo virðist sem umboðsmenn stefnda H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam hafi sleppt vörunni við N. V. Handelsveem í Rotterdam án tryggingar. Við þessu hafi stefndi Sjávarvörur h/f að sjálfsögðu ekki búist, þar sem það hafi verið föst og örugg venja í viðskiptum sem þessum, að skipafélagið sleppti því aðeins vörunni við móttakanda eða umboðsmann móttakanda, að hann annað hvort afhenti frumfarmskírteini eða setti tryggingu. Af hálfu stefnda Sjávarvara h/f er þess getið, að óskin um það, að vörunum yrði sleppt, hafi verið fram borin til þess að komast hjá því, að á vöruna félli sérstakur kostnaður, aukabiðdagar o. s. frv., en að sjálfsögðu hafi verið ætlast til þess, að sett yrði trygging, svo sem í fyrra skiptið, og þá hefði engum hagsmunum verið hætt.

Þá heldur þessi stefndi því fram, að stefnanda máls þessa hafi verið kunnugt um öll málsatvik og venjur í viðskiptum sem þessum. Honum hafi verið um það kunnugt, að kaupendur væru í London, en ætlunin væri, að varan yrði flutt til Austurríkis og Lockie Pemberton & Co. héldi heimildum á vörunni til Austurríkis og hún yrði ekki afhent þar nema gegn greiðslu. Þessa aðferð hafi stefnandi samþykkt. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann hafi samþykkt þessa meðferð á vörunni, og gegn andmælum hans er það samþykki ekki sannað.

Að endingu mótmælir þessi stefndi því, að sýnt hafi verið fram á það, að kröfur stefnanda á hendur Sjávarvörum h/f hafi við slík rök að styðjast, að þær leiði til dómsáfellingar.

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands byggir sýknukröfu sína á

því, að stefnandi eigi ekki aðild að þessu máli. Það sé aðeins framsalshafi farmskírteinisins, sem rétt hafi til að veita vörunni viðtöku úr hendi farmflytjanda. Samkvæmt farmskírteininu hafi firmað Sjávarvörur h/f verið skráð sem sendandi. Jafnframt sé berum orðum tekið fram í farmskírteininu, að það sé „Order"-farmskírteini og hafa beri samband við firmað Handelsveem N. V. í Rotterdam, þannig að eini skráði rétthafinn samkvæmt farmskírteininu sé Sjávarvörur h/f. Í bréfi Sjávarvara h/f til útibússtjóra Útvegsbankans í Kópavogi, dags. 25. nóvember 1971, og til firmans Lockie Pemberton & Co. sé því afdráttarlaust lýst, að Lundúnafirmanu beri að greiða hina seldu vöru að fullu. Jafnframt hafi Pétur Einarsson, forstjóri Sjávarvara h/f, staðfest, að ekki séu neinar kröfur á hendur stefnda H/f Eimskipafélagi Íslands. Þar sem ekkert réttarsamband hafi þannig stofnast milli H/f Eimskipafélags Íslands annars vegar og stefnanda hins vegar, beri að sýkna stefnda H/f Eimskipafélag Íslands í málinu. Þá er á það bent af þessum stefnda, að stefnandi þurfi að sanna eignarrétt sinn til sendingarinnar með framlagningu farmskírteinis, enda geti svo farið, að einhver annar aðili geri kröfur á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands samkvæmt því.

Þá liggi það fyrir í málinu, að það hafi verið samkvæmt beiðni stefnda Sjávarvara h/f, að vörusendingin hafi verið afhent án móttöku frumfarmskírteinis í Rotterdam. Sjávarvörur h/f beri þannig ábyrgð gagnvart eiganda vörunnar, ef hún fæst ekki greidd hjá kaupanda, að hún var afhent með þessum hætti. Solidariskur dómur á hendur Sjávarvörum h/f og H/f Eimskipafélagi Íslands komi því vart til greina. Að endingu heldur þessi stefndi því fram, að það hafi verið ógerningur fyrir H/f Eimskipafélag Íslands að gera sér grein fyrir því, að Sjávarvörur h/f væri ekki hinn raunverulegi eigandi vörunnar, enda þótt merki F.Í.K. hafi verið á vörunni. Að þessu leyti sé því ekki um nein mistök hjá starfsmönnum H/f Eimskipafélags Íslands eða umboðsmönnum þeirra að ræða.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt telex skeyti frá umboðsmanni H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam til aðalskrifstofu félagsins hér í Reykjavík er það upplýst, að umboðsmaðurinn í Rotterdam hefur afhent N. V. Handelsveem loðnumjöl það, sem mál þetta snýst um, hinn 12. maí 1971. Þessi afhending fór fram, án þess að greitt væri fyrir mjölið og án afhendingar frumfarmskírteinis og án þess, að séð verði, að umboðsmaður H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam

haldi áfram heimildum yfir vörunni. Vegna þessarar afhendingar ber stefndi H/f Eimskipafélag Íslands skaðabótaskyldu á því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir, og skiptir það engu máli um þá skaðabótaskyldu, þótt vera kunni, að starfsmenn Eimskipafélagsins hafi ekki vitað, að stefnandi væri eigandi mjölsins. Ber því að dæma þennan stefnda til þess að greiða stefnanda dómkröfurnar að öðru leyti en kröfugerðinni: „þó ekki lægra kaupgengi en kr. 228.30", þar sem það væri andstætt 1. gr. laga nr. 71 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, auk málskostnaðar, er ákveðst kr. 176.000.00.

Svo sem áður er rakið, bað Pétur Einarsson, framkvæmdastjóri stefnda Sjávarvara h/f, Árna Júlíus Steinsson, skrifstofumann stefnda H/f Eimskipafélags Íslands, þess, að leyfð yrði áframhaldssending á vörunni til þess að koma í veg fyrir umhleðslukostnað í Rotterdam, enda væri búið að flugsenda frumskjölin. Hinn 14. maí 1971 sendi Árni Júlíus telex skeyti til umboðsmanns H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam, þar sem heimiluð er afhending vörunnar „for transshipment", án þess að frumfarmskírteini sé lagt fram. Þegar þetta skeyti er sent, hafði umboðsmaður H/f Eimskipafélags Íslands í Rotterdam þegar afhent N. V. Handelsveem vöruna, en það var gert hinn 12. maí 1971, svo sem að ofan getur. Af þessum sökum verður ekki séð, að nefnd beiðni Péturs Einarssonar hafi verið meðvöld að tjóni stefnanda, þar sem afhending hafði þá þegar farið fram og tjónið því orðið, enda hefur stefndi H/f Eimskipafélag Íslands ekki sannað, að hann hafi haldið áfram heimildum yfir vörunni eftir afhendingu hennar hinn 12. maí 1971. Ber því að sýkna stefnda Sjávarvörur h/f í máli þessu, en fella málskostnað niður, að því er hann varðar, enda var fyllsta ástæða fyrir stefnanda að höfða mál þetta gagnvart honum, og það er fyrst við munnlegan flutning málsins sem þessi stefndi leggur fram telex skeyti það og gögn, er leiddu til sýknu hans í þessu máli.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands greiði stefnanda, Fiskiðjunni s/f, £ 10.024.92 í íslenskum krónum eftir kaupgengi á greiðsludegi, en að frádregnum kr. 337.169.00, með 7%

ársvöxtum af mismuninum (£ 10.024.92 ÷ kr. 337.169.00) frá 1. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað kr. 176.000.00.

Stefndi Sjávarvörur h/f á að vera sýkn í máli þessu, en málskostnaður fellur niður gagnvart honum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. nóvember 1974.

Nr. 44/1973: **Vélsmiðjan Héðinn h/f**
(Haukur Jónsson hrl.)
gegn
Kjartani Erlendssyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Iðnnámssamningur. Kaup iðnnema. Skólagjöld. Sjúkrasamlagsgjöld. Tryggingargjöld. Gerðardómur. Sératkvæði. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. mars 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess í aðalsök, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 41.014.86 auk 8% ársvaxta frá 17. apríl 1970 til greiðsludags. Í gagnsök krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Enn krefst hann málskostnaðar í aðalsök og gagnsök í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 2. apríl 1973. Í aðalsök krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið

væri eigi gjafsóknarmál. Í gagnsök krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir gerðardómi, héraðsdómi, fógetarétti og Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hafði gjafsókn í héraði, og með bréfi dómsmálaráðuneytis 4. október 1973 fékk hann gjafsókn fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um:

1. vangoldið iðnnemakaup, að fjárhæð kr. 48.901.14,
2. vangoldin iðgjöld almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjöld, skólagjöld og gjöld vegna námsbóka, samtals að fjárhæð kr. 27.150.00 samkvæmt stefnu.

Stafa kröfur þessar af iðnnámssamningi milli aðiljanna, sem nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Er samningurinn dagsettur 30. apríl 1966, en staðfestur af hálfu iðnfræðsluráðs og iðnfulltrúa hinn 17. ágúst 1966. Hlítir iðnnámssamningur þessi ákvæðum laga um iðnfræðslu nr. 46/1949, sbr. ákvæði 2. málsgr. 23. gr. laga nr. 68/1966. Ágreiningur málsaðilja var lagður í gerð, sbr. 27. gr. laga nr. 46/1949. Er greint frá úrskurði gerðardóms í hinum áfrýjaða dómi. Úrskurðinum var skotið til héraðsdóms innan lögmælts frests, sbr. lokamálsgr. 27. gr. laga nr. 46/1949.

Um 1. Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar í þessum þætti á ákvæði 23. gr. laga nr. 46/1949, en samkvæmt því telur hann, að sér beri full laun, meðan á vist í iðnskóla stendur. Er launakrafa hans af þessu efni miðuð við 9 vikur á ári hverju þau 4 ár, sem hann var í iðnnámi hjá aðaláfrýjanda. Fjárhæð launakröfunnar hefur eigi sætt andmælum.

Ákvæði 3. gr. iðnnámssamnings aðilja mælti svo fyrir, að lágmarkslaun gagnáfrýjanda skyldu vera svo sem hér segir: 1. árið 30%, 2. árið 40%, 3. árið 50% og 4. árið 60% af sveinakaupi. Leitt er í ljós, að gagnáfrýjandi naut verkamannalauna allan iðnnámstímann, að undanskildum 9 vikum á ári hverju, er hann stundaði nám í iðnskóla. Er óvefengt, að laun gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda námu í heild

sinni ár hvert hærri fjárhæð en laun þau, sem greinir í 3. gr. iðnnámssamnings, miðað við að gagnáfrýjandi nyti launa samkvæmt þeim samningi, án skerðingar vegna skólavistar. Hefur aðaláfrýjandi því fullnægt ákvæði 23. gr. laga nr. 46/1949. Ber samkvæmt því að sýkna aðaláfrýjanda af þessum lið í kröfugerð gagnáfrýjanda.

Um 2. Skýr ákvæði 17. og 23. gr. laga nr. 46/1949 standa til þess, að gagnáfrýjandi eigi rétt á hinum sérgreindu greiðslum úr hendi aðaláfrýjanda vegna tryggingariðgjalda hans, sjúkrasamlagsgjalda og skólagjalda, þar með talin útgjöld vegna skólabóka, á námstíma hans hjá aðaláfrýjanda. Eigi er tölulegur ágreiningur um þessa liði stefnufjárhæðarinnar, samtals kr. 27.150.00. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags.

II.

Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 41.014.86, sem hann telur vera mismun á þeim launum, sem gagnáfrýjandi fékk hjá honum samtals á námstímanum, og þeim launum, sem honum bar samkvæmt 3. gr. iðnnámssamnings. Fé þetta greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda fyrirvaralaust. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda í aðalsök.

III.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir kr. 27.150.00 ásamt vöxtum samkvæmt I hér að framan svo og kostnaði þeim og málskostnaði, er í fjárnámsgerðinni greinir.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir gerðardómi, héraðsdómi og Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00, þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00 í málflutningslaun.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kjartan Erlendsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Vélsmiðjunnar Héðins h/f, í aðalsök.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 27.150.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest fyrir kr. 27.150.00 ásamt framangreindum vöxtum svo og kostnaði þeim og málskostnaði, er í fjárnámsgerðinni greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir gerðardómi, héraðsdómi og Hæstarétti, samtals kr. 60.000.00, þar af hljóti skipaður talsmaður gagnáfrýjanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 45.000.00 í málflutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. október 1972, hefur Kjartan Erlendsson vélvirki, Kleppsvegi 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. febrúar 1971, gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f, Reykjavík.

Mál þetta var úrskurðað af gerðardómi og skotið til bæjarþings Reykjavíkur samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 68/1966 um iðnfræðslu. Ályktunarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

„Gerðardómsþoli, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði gerðardómsbeiðanda, Kjartani Erlendssyni, iðgjald almannatryggginga árin 1966 til 1969 kr. 16.300.00, sjúkrasamlagsgjald árin 1966 til 1969 kr. 7.020.00, skólagjöld árin 1966 til 1969 kr. 1.600.00 og námsbækur árin 1967 til 1970 kr. 2.230.00, samtals kr. 27.150.00 auk 7% ársvaxta af kr. 6.081.00 frá 1. júní

1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags. Gerðardómsþoli greiði gerðardómsbeiðanda kr. 7.300.00 í málskostnað."

Aðalstefnandi gerir þær dómkröfur hér fyrir dómi, að hinum áfrýjaða úrskurði verði með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir gerðardóminum verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður, bæði fyrir gerðardóminum og héraðsdóminum eftir mati réttarins, allt í samræmi við gjaldskrá L. M. F. Í.

Af hálfu aðalstefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir taxta L. M. F. Í.

Aðalstefndi hefur gagnáfrýjað framanrituðum úrskurði gerðardóms og gert þær dómkröfur í gagnsök, að hinum áfrýjaða úrskurði verði með eða án nýrra gagna, varna, málsástæðna og krafna hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur hans fyrir gerðardóminum verði teknar til greina og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir gerðardómi og bæjarþingi úr hendi áfrýjanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu gagnstefnda eru þær dómkröfur gerðar í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Gerðardómsúrskurðurinn, sem mál þetta er risið af, var birtur 26. janúar 1971, en bæjarþingsstefna í máli þessu 24. febrúar 1971.

Aðalstefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu með leyfisbréfi dómsmálaráðherra, útgefnu 31. október 1972.

Málavextir eru sem hér segir:

Með námssamningi, dags. 30. apríl 1966, hóf aðalstefnandi í máli þessu, Kjartan Erlendsson, nám í vélvirkjun hjá gagnstefnanda, Vélsmiðjunni Héðni h/f. Námstíminn var tiltekinn frá 18. apríl 1966 til 17. apríl 1970. Námssamningurinn var staðfestur 17. ágúst 1966 með stimpluninni: Iðnfræðsluráð og undirskriftinni: Óskar Hallgrímsson. Í 3. gr. nefnds samnings er svofellt ákvæði um kaup nemandans: „Lágmarkskaup nemanda er ákveðið: 1. ár 30%, 2. ár 40%, 3. ár 50%, 4. ár 60%. Þó sé kaupið aldrei lægra en samkvæmt lágmarksákvæðum Iðnfræðsluráðs, eins og þau eru hverju sinni. Þá greiðir meistari allan kostnað við

iðnskólanám nemanda svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld (sbr. 17. gr. og 23. gr. laga um iðnfræðslu). Sumarleyfi fær nemandi 18 virka daga árlega með óskertu kaupi.“ Þrátt fyrir þetta ákvæði var aðalstefnanda greitt verkamannakaup á námstímanum, en hins vegar fékk hann ekki greitt sérstaklega kaup á skólatíma, iðgjöld almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjöld og skóla- og námsbókagjöld.

Kröfur þær á hendur gagnstefnanda, sem aðalstefnandi krefst dóms fyrir í máli þessu, eru sundurliðaðar sem hér segir, sbr. dómsskj. nr. 3 í málinu:

1. Nemakaup:

Árið	1967, 9 vikur með orlofi	kr.	6.721.74
—	1968 - — — — —	—	8.955.00
—	1969 - — — — —	—	11.767.86
—	1970 - — — — —	—	21.455.64
		Kr.	48.901.14

2. Iðgjald almannatrygginga:

Árið	1967	kr.	3.500.00
—	1968	—	3.500.00
—	1969	—	4.300.00
—	1970	—	5.000.00
		Samtals kr.	16.300.00

3. Sjúkrasamlagsgjald:

Árið	1967	kr.	1.380.00
—	1968	—	1.380.00
—	1969	—	1.800.00
—	1970	—	2.460.00
		Samtals kr.	7.020.00

4. Skólagjöld:

Árin	1967-1970 kr. 400.00 pr. ár	kr.	1.600.00

5. Námsbækur:

Árið	1967	kr.	810.00
—	1968	—	740.00
—	1969	—	434.00
—	1970	—	255.00
		Samtals kr.	2.239.00

Heildarfjárhæð samkvæmt framanritaðri sundurliðun nemur kr. 76.059.24, eða kr. 8.10 hærri en kröfufjárhæðin, og hefur mismunur þessi þegar verið skýrður sem samlagningarskekkja.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í gerðardómi svo sem hér fer á eftir:

„Gerðardómsbeiðandi skýrir dóminum svo frá, að honum hafi ekkert kaup verið greitt, meðan á bóklegu námi stóð. Kveðst hann hafa haft tal af skrifstofustúlku hjá Héðni h/f, Öllu Óskarsdóttur, er hann var að byrja námið, um, að hann óskaði eftir að hafa nemakaup á námstímanum, en ekki verkamannakaup, en yfirleitt hafi verið haft samband við þessa stúlku, þegar athugasemdir þurfti að gera um kaup, þar sem hún sá um útborganir. Þegar hann hafi síðan fengið fyrst útborgað, þá hafi honum verið ljóst, að hann hefði fengið verkamannakaup. Kveðst hann þá hafa haft samband við skrifstofustúlkuna um það, en hún skýrt honum frá því, að hér lærðu allir á verkamannakaupi. Ekki kveðst hann hafa orðað við Héðin h/f að fá greitt kaup á skólatímanum, fyrr en námi lauk. Kveðst hann hafa heyrt það hjá skólafélögum sínum, að þeir ættu að greiða sjálfir af kaupi sínu skólagjöld, tryggingargjöld og sjúkrasamlagsgjöld. Segir hann, að honum hafi orðið ljóst, hvernig hann átti að snúa sér í máli þessu, þegar dómur féll í máli gegn Vegagerð ríkisins, að hann gæti gert kröfu um kaup á skólatímanum, þar sem við hann hefði enginn baksamningur verið gerður eins og vegagerðarstarfsmanninn. Kveðst hann hafa vitað um lagaákvæðin í sambandi við tryggingargjöldin og sjúkrasamlagsgjöldin við gerð námssamningsins og hefði ekki verið samið um annað. Kveðst hann ekki hafa gert aðrar athugasemdir um sín kaupgjaldsmál á námstímanum en þær, sem greint er fyrr frá við skrifstofustúlkuna. Kveðst hann hafa litið á verkamannakaup sem yfirborgun. Segir hann, að ekki hafi verið samið um yfirborgun og hún hafi verið greidd vegna mannfæðar að því er honum skildist.

Gunnar Magnússon, skrifstofustjóri Héðins h/f, skýrir dómnum svo frá, að hann hafi ekki gert samning við iðnnemann um verkamannakaup, en væntanlega hafi það verið forstjórinn, en segir það viðtekna venju, að nemar læri á verkamannakaupi, og hafi enginn gert athugasemd við að greiða af því skóla-, tryggingar- og sjúkrasamlagsgjöld fyrr en þessi iðnnemi. Nemarnir hafi allir vitað, að þeir áttu að greiða þessi gjöld, þó að ekki hafi verið rætt við hvern einstakan um það, enda hafi allir greitt þau og þar á meðal þessi nemi. Ekki hafi iðnneminn farið fram á, að

Héðinn h/f greiddi þessi gjöld, fyrr en að námstíma loknum, að því er hann veit best. Segir hann, að iðnneminn hafi rætt við mann að nafni Friðjón B. Friðjónsson á þessu ári um, að Héðinn greiddi þessi gjöld, en hann sé fulltrúi á skrifstofu Héðins h/f. Kveður hann Héðin h/f líta svo á, að með því að greiða iðnnemum verkamannakaup, þá sé fyrirtækið búið að greiða nemum kaup á skólatíma skv. iðnsamningi, sjúkrasamlags-, tryggingar- og skólagjöld.

Gísli Viggó Guðlaugsson, yfirverkstjóri hjá Héðni h/f, skýrir dómnum svo frá, að alltaf hafi verið sótt fast á af nemum að fá að læra á verkamannakaupi til þess að fá hærri laun, en þeim nemum hafi verið gert ljóst, að þeim bæri þá að standa straum af námskostnaði og að þeir fengju ekki greitt kaup á skólatíma. Segir hann, að hann telji alveg víst, að hann hafi skýrt hér umræddum iðnnema frá þessu og engar kvartanir hafi honum borist fyrr en að loknum námstíma.

Sveinn Guðmundsson, forstjóri Héðins h/f, skýrir dómnum svo frá, að hann hafi undirritað námssamninginn f. h. Héðins h/f við nemann. Kveðst hann telja, að þó hann muni ekki sérstaklega eftir því, hafi hann sjálfur samið við iðnnemann munnlega um, að hann fengi verkamannakaup á námstímanum gegn því, að iðnneminn hefði ekki kaup á skólatímanum, greiddi sjálfur sjúkrasamlagsgjöld, almannatryggingarsjóðsgjöld og skólagjöld. Hefði hann sjálfur gert öllum nýjum nemum grein fyrir þessu. Kveðst hann ekki muna, hvort faðir iðnnemans var viðstaddur samningsgerðina. Neminn óskaði ekki eftir á námstímanum að fá nemakaup í stað verkamannakaups, en þá breytingu hefði hann fengið umyrðalaust, ef fram á það hefði verið farið."

Aðalstefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með námssamningi, dags. 30. apríl 1966, hafi hann hafið nám hjá gagnstefnanda í vélvirkjun. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 46 frá 25. maí 1949 um iðnfræðslu, sem þá hafi verið í gildi, eigi iðnnemi að halda fullu kaupi, meðan á skólavist standi. Þá eigi iðnfyrirtæki samkvæmt 17. gr. sömu laga að greiða fyrir nemanda iðgjöld samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar. Í 30. gr. reglugerðar um iðnfræðslu frá 22. apríl 1960 sé ákvæði um það, að meistari og iðnfyrirtæki skuli láta nemendur ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimti. Ekkert af ofangreindu hafi hann fengið greitt hjá gagnstefnanda, þótt um það séu skýr lagaákvæði, sem tekin séu upp í ofangreindan námssamning aðiljanna.

Gagnstefnandi styður hins vegar sýknukröfu sína í aðalsök þeim rökum, að svo hafi samist milli aðiljanna í upphafi námstímans, að aðalstefnanda skyldi greitt verkamannakaup, og sé munur á því og iðnnemakaupi á tímabilinu kr. 117.066.00. Gegn þessu skyldi aðalstefnandi sjálfur borga tryggingarsjóðsgjöld, sjúkrasamlagsgjöld, skólagjöld og námsbókagjöld sín á námstímabilinu. Hafi samningur þessi verið eins og allir aðrir samningar, sem hann hafi gert við iðnnema sína síðustu 20 árin, og upphaflega hafi þeir verið tilkomnir fyrir óskir iðnnema. Enn fremur skyldi aðalstefnandi vera kauplaus, á meðan skólatíminn stæði yfir, þ. e. 9 vikur á ári.

Í gagnsök styður gagnstefnandi dómkröfur sínar þeim rökum, að þar sem aðalstefnandi virði nú að engu upphaflegan ráðningarsamning sinn, séu brostnar forsendur fyrir hinni hærri greiðslu, sem hann hafi fengið með því að fá verkamannakaup í stað iðnnemakaups, en þessi mismunur sé kr. 41.014.86, þ. e. gagnstefnukrafan. Auk þess hafi aðalstefnandi allan námstíma sinn tekið við kaupi sínu við hverja útborgun án nokkurra athugasemda. Hann hafi sjálfur greitt skólagjöld sín, bókagjöld, sjúkrasamlagsgjöld og tryggingariðgjöld og aldrei framvísað reikningi fyrir þessu né nokkru sinni orðað það, að gagnstefnandi endurgreiddi sér þessar fjárhæðir, fyrr en nú, er hann gangi frá samningi sínum.

Aðalstefnandi styður sýknukröfu sína í gagnsök þeim rökum, að gagnstefnandi hafi greitt sér umfram skyldu hærra kaup en námssamningur hafi sagt til um. Endurkröfuréttur gagnstefnanda sé ekki til staðar, þar sem hann hljóti að vera bundinn við þessa einhliða ákvörðun að greiða sér verkamannakaup allan námstímann.

Eins og máli þessu er háttað, þykir henta að afgreiða aðalsök og gagnsök í einu lagi.

Samkvæmt námssamningi, staðfestum af iðnfræðsluráði, sem liggur frammi í málinu, 3. gr., er ákveðið visst lágmarkskaup nemanda. Hins vegar eru engin ákvæði um það í námssamningnum, hversu hátt kaup má vera, og verður því að líta svo á, að aðiljum sé heimilt að semja um það að vild. Þá eru og í 3. gr. námssamningsins skýlaus ákvæði um það, að meistari greiði allan kostnað við iðnskólanám nemanda svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld, og í 23. gr. laga nr. 46/1949 um iðnfræðslu, að nemanda beri kaup, á meðan skólavist í dagskóla stendur.

Það er viðurkennt af báðum aðiljum máls þessa, að aðalstefn-

anda var á áðurgreindum námstíma sínum greitt verkamannakaup, sem var allmiklu hærra en lágmarkskaup það, sem ákveðið var í námssamningnum. Hins vegar hefur gagnstefnandi ekki gegn mótmælum aðalstefnanda sannað, að svo hafi verið um samið, að innifalið í þessu kaupi væri nemakaup aðalstefnanda, á meðan á bóklegu námi stóð, skólagjöld, sjúkrasamlags- og tryggingargjöld. Af þeirri ástæðu þykja og eigi efni til að taka til greina endurheimtukröfur gagnstefnanda, og ber því að sýkna aðalstefnanda af þeim.

Verður því niðurstaða málsins í aðalsök og gagnsök sú, að taka ber til greina allar kröfur aðalstefnanda í máli þessu, þó þannig, að vextir ákveðast 7% ársvextir.

Ber því að dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda stefnukröfuna, kr. 76.051.14 með 7% ársvöxtum af kr. 12.803.64 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags.

Eins og áður greinir, er heildarstefnufjárhæðin kr. 8.10 lægri en sundurliðun kröfunnar samanlögð, og hefur verið tekið tillit til þessa við útreikning vaxta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir gerðardómi og héraðsdómi. Þar af hljóti skipaður talsmaður aðalstefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 25.000.00 í málssóknarlaun fyrir héraðsdómi, er greiðist úr ríkissjóði.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefnandi, Kjartan Erlendsson, á að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Vélsmiðjunnar Héðins h/f, í máli þessu.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda kr. 76.051.14 með 7% ársvöxtum af kr. 12.803.64 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir gerðardómi og héraðsdómi. Þar af hljóti skipaður talsmaður aðalstefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 25.000.00 í málssóknarlaun fyrir héraðsdómi, er greiðist úr ríkissjóði.

Málskostnaður fellur niður í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður gerðardóms, 27. nóvember 1970, samkvæmt 27. gr laga nr. 46/1949.

Ár 1970, þriðjudaginn 10. nóvember, voru að loknum munnlegum málflutningi teknar til úrskurðar þær kröfur Kjartans Erlendssonar vélvirkjanema, Kleppsvegi 6, Reykjavík, að Vélsmiðjunni Héðni h/f verði gert að greiða honum kr. 76.051.14 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 12.802.74 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Úrskurður var kveðinn upp 27. s. m.

Gerðardómsbeiðandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Nemakaup:

Árið	1967,	9	vikur	með	orlofi	kr. 6.721.74
—	1968	-	—	—	—	— 8.955.00
—	1969	-	—	—	—	— 11.767.86
—	1970	-	—	—	—	— 21.455.64

Samtals kr. 48.901.14

2. Iðgjald almannatrygginga:

Árið	1967	kr.	3.500.00
—	1968	—	3.500.00
—	1969	—	4.300.00
—	1970	—	5.000.00

Samtals kr. 16.300.00

3. Sjúkrasamlagsgjald:

Árið	1967	kr.	1.380.00
—	1968	—	1.380.00
—	1969	—	1.800.00
—	1970	—	2.460.00

Samtals kr. 7.020.00

4. Skólagjöld:

Árin 1967-1970, kr. 400.00 pr. ár kr. 1.600.00

5. Námsbækur:

Árið 1967	kr.	810.00
— 1968	—	740.00
— 1969	—	434.00
— 1970	—	255.00
Samtals kr.		2.239.00

Heildarfjárhæð samkvæmt þessari sundurliðun er kr. 76.060.14 eða kr. 9.00 hærri en kröfufjárhæðin. Gerðardómsbeiðandi útskýrir þennan mismun sem samlagningarskekkju.

Gerðardómsþoli krefst sýknu af öllum kröfum gerðardómsbeiðanda. Einnig krefst hann þess, að gerðardómsbeiðandi verði dæmdur til að endurgreiða honum kr. 41.014.86 auk 8% ársvaxta frá 17. apríl 1970 til greiðsludags og málskostnað eftir taxta Lögmannafélags Íslands. Byggir gerðardómsþoli endurgreiðslukröfu sína á því, að gerðardómsbeiðandi hafi fengið greitt verkamannakaup á námstímanum, samtals kr. 504.474.00, en borið að fá samkvæmt námssamningi kr. 463.459.14, og eru þar meðtalin auk samningslauna tryggingargjöld, sjúkrasamlagsgjöld, skólagjöld og bókakostnaður. Hafi gerðardómsbeiðandi því fengið ofgreiddan mismuninn, kr. 41.014.86.

Málavextir eru þeir, að með námssamningi, dags. 30. apríl 1966, hóf gerðardómsbeiðandi, Kjartan Erlendsson, nám í vélvirkjun hjá gerðardómsþola, Vélsmiðjunni Héðni h/f. Námstíminn var tiltekinn frá 18. apríl 1966 til 17. apríl 1970. Námssamningurinn var staðfestur 17. ágúst 1966 með stimpluninni: Iðnfræðsluráð og undirskriftinni: Óskar Hallgrímsson.

Í 3. gr. nefnds samnings er svofellt ákvæði um kaup nemandans:

„Lágmarkskaup nemanda er ákveðið: 1. ár 30%, 2. ár 40%, 3. ár 50%, 4. ár 60%. Þó sé kaupið aldrei lægra en samkvæmt lágmarksákvæðum Iðnfræðsluráðs, eins og þau eru hverju sinni. Þá greiðir meistari allan kostnað við iðnskólanám nemanda svo og sjúkrasamlags- og tryggingargjöld (sbr. 17. og 23. gr. laga um iðnfræðslu). Sumarleyfi fær nemandi 18 virka daga árlega með óskertu kaupi".

Þrátt fyrir þetta ákvæði var gerðardómsbeiðanda greitt verkamannakaup á námstímanum, en hins vegar fékk hann ekki greitt sérstaklega kaup á skólatíma, iðgjöld almannatrygginga, sjúkrasamlagsgjöld og skóla- og námsbókagjöld.

Gerðardómsbeiðandi skýrir dóminum svo frá, að honum hafi ekkert kaup verið greitt, meðan á bóklegu námi stóð. Kveðst hann hafa haft tal af skrifstofustúlku hjá Héðni h/f, Öllu Óskarsdóttur, er hann var að byrja námið, um, að hann óskaði eftir að hafa nemakaup á námstímanum, en ekki verkamannakaup, en yfirleitt hafi verið haft samband við þessa stúlku, þegar athugasemdir þurfti að gera um kaup, þar sem hún sá um útborganir. Þegar hann hafi síðan fengið fyrst útborgað, þá hafi honum verið ljóst, að hann hefði fengið verkamannakaup. Kveðst hann þá hafa haft samband við skrifstofustúlkuna um það, en hún skýrt honum frá því, að hér lærðu allir á verkamannakaupi. Ekki kveðst hann hafa orðað við Héðin h/f að fá greitt kaup á skólatímanum, fyrr en námi lauk. Kveðst hann hafa heyrt það hjá skólafélögum sínum, að þeir ættu að greiða sjálfir af kaupi sínu skólagjöld, tryggingargjöld og sjúkrasamlagsgjöld. Segir hann, að honum hafi orðið ljóst, hvernig hann átti að snúa sér í máli þessu, þegar dómur féll í máli gegn Vegagerð ríkisins, að hann gæti gert kröfu um kaup á skólatímanum, þar sem við hann hefði enginn baksamningur verið gerður eins og vegagerðarstarfsmanninn. Kveðst hann hafa vitað um lagaákvæðin í sambandi við tryggingargjöldin og sjúkrasamlagsgjöldin við gerð námssamningsins og hefði ekki verið samið um annað. Kveðst hann ekki hafa gert aðrar athugasemdir um sín kaupgjaldsmál á námstímanum en þær, sem greint er fyrr frá við skrifstofustúlkuna. Kveðst hann hafa litið á verkamannakaup sem yfirborgun. Segir hann, að ekki hafi verið samið um yfirborgun og hún hafi verið greidd vegna mannfæðar, að því er honum skildist.

Gunnar Magnússon, skrifstofustjóri Héðins h/f, skýrir dóminum svo frá, að hann hafi ekki gert samning við iðnnemann um verkamannakaup, en væntanlega hafi það verið forstjórinn, en segir það viðtekna venju, að nemar læri á verkamannakaupi, og hafi enginn gert athugasemd við að greiða af því skóla-, tryggingar- og sjúkrasamlagsgjöld fyrr en þessi iðnnemi. Nemarnir hafi allir vitað, að þeir áttu að greiða þessi gjöld, þó að ekki hafi verið rætt við hvern einstakan um það, enda hafi allir greitt þau og þar á meðal þessi nemi. Ekki hafi iðnneminn farið fram á, að Héðinn h/f greiddi þessi gjöld, fyrr en að námstíma loknum, að því er hann veit best. Segir hann, að iðnneminn hafi rætt við mann að nafni Friðjón B. Friðjónsson á þessu ári um, að Héðinn h/f greiddi þessi gjöld, en hann sé fulltrúi á skrifstofu Héðins h/f. Kveður hann Héðin h/f líta svo á, að með því að greiða iðnnem-

um verkamannakaup þá sé fyrirtækið búið að greiða nemum kaup á skólatíma samkvæmt iðnsamningi, sjúkrasamlags-, tryggingar- og skólagjöld.

Gísli Viggó Guðlaugsson, yfirverkstjóri hjá Héðni h/f, skýrir dóminum svo frá, að alltaf hafi verið sótt fast á af nemum að fá að læra á verkamannakaupi til þess að fá hærri laun, en þeim nemum hafi verið gert ljóst, að þeim bæri þá að standa straum af námskostnaði og að þeir fengju ekki greitt kaup á skólatíma. Segir hann, að hann telji alveg víst, að hann hafi skýrt hér umræddum iðnnema frá þessu, og engar kvartanir hafi honum borist fyrr en að loknum námstíma.

Sveinn Guðmundsson, forstjóri Héðins h/f, skýrir dóminum svo frá, að hann hafi undirritað námssamninginn f. h. Héðins h/f við nemann. Kveðst hann telja, þó að hann muni ekki sérstaklega eftir því, að hann hafi sjálfur samið við iðnnemann munnlega um, að hann fengi verkamannakaup á námstímanum gegn því, að iðnneminn hefði ekki kaup á skólatímanum, greiddi sjálfur sjúkrasamlagsgjöld, almannatryggingarsjóðsgjöld og skólagjöld. Hefði hann sjálfur gert öllum nýjum nemum grein fyrir þessu. Kveðst hann ekki muna, hvort faðir iðnnemans var viðstaddur samningsgerðina. Neminn óskaði ekki eftir á námstímanum að fá nemakaup í stað verkamannakaups, en þá breytingu hefði hann fengið umyrðalaust, ef fram á það hefði verið farið.

Ekki verður talið, að viðræður þær, sem fram hafa farið milli aðiljanna og raktar hafa verið hér að framan, haggi skýru ákvæði 3. gr. námssamnings svo og 17. og 23. gr. laga nr. 46/1949, sbr. og 72. gr. laga um almannatryggingar, um, að meistari skuli greiða kostnað við iðnskólanám nemanda, sjúkrasamlags- og tryggingargjöld. Með sömu rökum er ekki hægt að fallast á þau sjónarmið gerðardómsþola að skoða hluta af verkamannalaunum gerðardómsbeiðanda sem greiðslu á þessum gjöldum. Verður því krafa gerðardómsbeiðanda tekin til greina, að því er þessi gjöld varðar.

Eins og fram er komið, voru gerðardómsbeiðanda umfram skyldu greidd hærri laun á námstímanum en 3. gr. námssamningsins gerði ráð fyrir sem lágmarkslaunum. Með því þykir gerðardómsbeiðandi hafa haldið lágmarkslaunum á skólatímanum samkvæmt 23. gr. laga nr. 46/1949. Verður því krafa um sérstakt kaup á skólatímanum ekki tekin til greina.

Telja verður, að gerðardómsþoli hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi að vera óbundinn af ákvörðun sinni um að greiða gerðar-

dómsbeiðanda verkamannakaup á námstímanum, og verður því endurheimtukrafa hans ekki tekin til greina.

Ekki er deilt um fjárhæðir í máli þessu, heldur réttmæti þeirra, og er því kröfugerð lögð til grundvallar dæmdum fjárhæðum. Vextir ákvarðast þó 7%, þannig: af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að gera gerðardómsþola að greiða gerðardómsbeiðanda kr. 7.300.00 í málskostnað.

Gerðardómsmenn, Kristinn Ólafsson, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af gerðardómsbeiðanda, og Þórður Gröndal verkfræðingur, tilnefndur af gerðardómsþola, hafa allir tekið þátt í meðferð máls þessa fyrir gerðardómnum, og standa tveir fyrstnefndu að þessari niðurstöðu meiri hluta dómenda. Þórður Gröndal skilar sératkvæði.

Ályktunarorð:

Kristins Ólafssonar og Kristins Einarssonar:

Gerðardómsþoli, Vélsmiðjan Héðinn h/f, greiði gerðardómsbeiðanda, Kjartani Erlendssyni, iðgjald almannatrygginga árin 1966 til 1969 kr. 16.300.00, sjúkrasamlagsgjald árin 1966 til 1969 kr. 7.020.00, skólagjöld árin 1966 til 1969 kr. 1.600.00 og námsbækur árin 1967 til 1970 kr. 2.230.00, samtals kr. 27.150.00 auk 7% ársvaxta af kr. 6.081.00 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 12.101.00 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 19.035.00 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 27.150.00 frá þeim degi til greiðsludags. Gerðardómsþoli greiði gerðardómsbeiðanda kr. 7.300.00 í málskostnað.

Sératkvæði

Þórðar Gröndals.

Lög um iðnfræðslu miða m. a. að því að vernda iðnnema gagnvart iðnmeistara, þannig að hann verði ekki hlunnfarinn í kaupi og kjörum á námstíma. Iðnfræðsluráð hefur kveðið svo á um, að lægsta kaup iðnnema skuli vera 30%, 40%, 50% og 60% af sveinakaupi fyrir nema á 1., 2., 3. og 4. námsári. Auk þess ber iðnmeistara að greiða sjúkrasamlags-, tryggingar-, bókakostnaðar- og skólagjöld fyrir iðnnemann.

Námssamningur Kjartans Erlendssonar við Héðin h/f er í samræmi við ofangreind lög. Hins vegar hefur Héðinn h/f greitt

Kjartani verulega hærri fjárhæð heldur en samningurinn segir til um, eða kr. 41.014.86 umfram, þegar sjúkrasamlags-, tryggingar-, skólagjöld og bókakostnaður hafa verið reiknuð með.

Ekki verður séð, að það skipti máli, hvor aðilinn fari með peninga á greiðslustað til þess að greiða ofantalin gjöld, en ljóst er, að þeir peningar hafa komið frá Héðni h/f. Þykir því augljóst, að Héðinn h/f hefur uppfyllt fjárhagslegar skyldur sínar gagnvart Kjartani Erlendssyni og að Kjartan hafi þegar borið meira úr bítum fjárhagslega en námssamningurinn segir til um.

Verður því að telja Héðin h/f sýknan af öllum kröfum Kjartans Erlendssonar.

Héðinn h/f gerir gagnkröfu um, að Kjartan Erlendsson endurgreiði Héðni h/f kr. 41.014.86 auk vaxta.

Þar sem Héðinn h/f hefur greitt þetta fé til Kjartans óbeðið og af frjálsum vilja, þótt það sé umfram þau kjör, sem um getur í námssamningi, þykir ekki rétt, að Kjartan endurgreiði þetta fé til Héðins h/f.

Ályktunarorð:

Héðinn h/f verði sýkn af öllum kröfum Kjartans Erlendssonar. Kjartan Erlendsson verði sýkn af gagnkröfu Héðins h/f. Málskostnaður falli niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 23. janúar 1973.

Ár 1973, þriðjudaginn 23. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Seljavegi 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið A 58/1973: Kjartan Erlendsson gegn Vélsmiðjunni Héðni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 243/1971.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hæstaréttarlögmaður vegna Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 76.051.14 með 7% ársvöxtum af kr. 12.803.64 frá 1. júní 1967 til 1. júní 1968, af kr. 27.778.64 frá þeim degi til 1. júní 1969, af kr. 46.480.50 frá þeim degi til 1. júní 1970 og af kr. 76.051.14 frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar, kr. 340.00, kr. 40.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Gunnar Magnússon, sem starfar hér Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 2 við Seljaveg.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 25. nóvember 1974.

Nr. 86/1973: **Vinnuheimilið að Reykjarlundi**
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
gegn
Rósu Ármannsdóttur
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1973. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvik slyss þessa eru um margt óljós. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms má á það fallast, að áfrýjandi verði að bera halla af skorti á ýmsum upplýsingum vegna slyss þessa, sem ætla má, að unnt hefði verið að afla þegar eftir slysið.

Við það verður að miða, að stefndu hafi verið kennd þau vinnubrögð að stöðva hnífinn með því að fella niður öryggis-

hlífina. Í bréfi Öryggiseftirlits ríkisins 1. júní 1973 kemur hins vegar fram, að öruggara sé að stöðva hnífinn með því að rjúfa rafstraum til hans með rofa. Leitt er í ljós í málinu, að þótt öryggishlífin sé felld niður, stöðvast hnífurinn ekki þegar í stað. Leiðbeiningum og verkstjórn af hendi forráðamanna áfrýjanda virðist hafa verið áfátt, sérstaklega með hliðsjón af æsku stefndu. Hins vegar má á það fallast, að handbrögð stefndu við verkið hafi verið óvarleg. Með vísan til alls þessa verður að leggja fébótaábyrgð á slysi þessu á áfrýjanda að 3/4 hlutum.

Kröfur sínar í héraði sundurliðaði stefnda þannig:

1. Bætur fyrir örorku ..... kr. 107.144.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti ..... — 80.000.00

Kr. 187.144.00

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr örorkutjónsreikningur Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, dagsettur 18. nóvember 1974. Telur hann, að með hliðsjón af kauplagsbreytingum, sem orðið hafa frá fyrri reikningum hans, nemi tjón áfrýjanda vegna varanlegrar örorku kr. 121.790.00 miðað við samsetta 7% ársvexti, en kr. 138.516.00 miðað við 7% einfalda ársvexti til 7. apríl 1973, en samsetta vexti eftir þann dag. Ef reiknað sé með 9% ársvöxtum í fyrra tilvikinu, eigi sú tala að lækka um kr. 16.983.00. Þá er komið fram í málinu, að stefnda fékk greidda sjúkradagpeninga, kr. 341.50, vegna slyss þessa.

Í héraðsdómi er lýst meiðslum stefndu og örorku hennar. Eins og örorku er háttað, þykir rétt að meta bætur til hennar vegna slyss þessa í einu lagi kr. 100.000.00 með vöxtum, svo sem krafist er, en vaxtafjárhæð og upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma mál þetta með sérfróðum samdómendum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Vinnuheimilið að Reykjalundi, greiði stefndu, Rósu Ármannsdóttur, kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar s.l. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Rósa Ármannsdóttir, Hávallagötu 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. apríl 1972, gegn Árna Einarssyni, Reykjalundi, Mosfellshreppi, fyrir hönd Vinnuheimilisins að Reykjalundi, Mosfellshreppi, til greiðslu á kr. 194.509.00 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur ríflegur málskostnaður vegna tilefnislausrar málshöfðunar.

Sáttatilraun hefur verið gerð í málinu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að á árinu 1962 hafi stefnandi, sem sögð er fædd 14. apríl 1945, unnið í eldhúsinu á Vinnuheimilinu að Reykjalundi. Hinn 7. apríl hafi stefnandi verið að vinna við að skera niður brauð í vélknúnum brauðhníf. Þá hafi það slys orðið, að stefnandi fór með hönd í brauðhnífinn með þeim afleiðingum, að af tók fremsta köggul löngutangar vinstri handar.

Af hálfu stefnda var tilkynnt um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins 5. maí 1962, en engin rannsókn hafði þá farið fram út af slysinu, og ekki var Öryggiseftirliti ríkisins tilkynnt um slysið.

Samkvæmt beiðni frá lögmanni stefnanda, dagsettri 20. desember 1968, til sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu var mál þetta tekið til rannsóknar í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt 12. tölulið 2. gr. laga nr. 82 frá 1961. Þá voru og á bæjarþinginu, meðan á rekstri máls þessa stóð, teknar skýrslur af stefnanda og þeim, sem hún vann með, þá er slysið varð. Verða nú rakin aðalatriði í skýrslum þessum.

Hér fyrir dómi staðfesti stefnandi sem réttan framburð sinn í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 30. maí 1969 að öðru leyti en því, að stefnandi sagðist ekki vera viss um, hvort Sirrý

Jóhannsdóttir geti talist sjónarvottur að slysinu, en hún hafi verið í eldhúsinu, þá er slysið varð. Geirþrúður Guðjónsdóttir muni aftur á móti hafa séð, þá er slysið varð. Í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu skýrði stefnandi svo frá málavöxtum:

„Veturinn 1962 var ég starfsstúlka á Vinnuheimilinu að Reykjalundi. Starfaði ég í eldhúsi ásamt 3 öðrum starfsstúlkum. Einnig voru þar ráðskona, Snjáfríður Jónsdóttir, og aðstoðarráðskona, sem Geirþrúður heitir. Hinn 7. apríl, er ég var að skera brauð í brauðskurðarhníf, vildi það slys til, að ég fór með fingurinn undir blað hnífsins, og missti ég við það framan af köggli löngutangar á vinstri hendi. Umræddur hnífur var nokkurs konar kassi með loki. Var brauðinu stungið í kassann og kassanum síðan lokað. Þá var kveikt á hnífnum með rofa, sem var neðan í kassanum. Þá færðist brauðið til inni í kassanum, og hnífsblaðið gekk um leið upp og niður. Í umrætt sinn setti ég brauðið í kassann, lokaði honum og studdi því næst á rofann, og skarst þá brauðið með fyrrgreindum hætti, og slökkti ég síðan á hnífnum. Lyfti ég að því búnu lokinu og fór með höndina inn í kassann til þess að taka út brauðið. En þá féll hnífurinn niður og lenti á hendi minni með fyrrgreindum afleiðingum."

Stefnandi kvaðst oft hafa skorið brauð í hníf þessum, áður en slysið varð, og taldi það fullvíst, að Snjáfríður hefði þegar í upphafi veru sinnar á Reykjalundi kennt sér á vélhnífinn. Aldrei sagðist stefnandi hafa orðið vör við það í þau mörgu skipti, er hún hafi notað hnífinn, að blaðið hafi fallið niður, eftir að slökkt hafi verið á hnífnum. Sjónarvottar að slysinu hafi verið Geirþrúður Guðjónsdóttir og Sirrý Jóhannsdóttir.

Þá er slysið varð, hafi enginn læknir verið staddur að Reykjalundi og hafi þá hjúkrunarkona farið með stefnanda á slysavarðstofuna í Reykjavík. Stefnandi taldi, að um hálf tíma eftir slysið hafi hún verið á slysavarðstofunni. Er þangað hafi komið, hafi læknirinn þar sagt, að ef köggullinn hefði verið tekinn með, þá hefði tekist að græða hann við fingurinn að nýju.

Hér fyrir dómi voru stefnanda sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 6, og sagðist hún halda, að þetta sé sami hnífur og slysið varð við og sé hann þarna á sama stað og þá er slysið varð. Ekki sagðist stefnandi sjá, að hnífurinn sé neitt öðru vísi en hann var, en tók fram, að langt sé um liðið og hún muni þetta ekki svo vel.

Stefnandi sagðist hafa byrjað að vinna á Reykjalundi haustið 1961. Ekki mundi hún nákvæmlega, hvort hún hafi hætt vinnu hjá stefnda strax eftir slysið eða rétt á eftir, en hún og aðrar

starfsstúlkur hjá stefnda hafi haft herbergi og hafi stefnandi búið þarna og farið upp að Reykjalundi, þegar hún kom af slysavarðstofunni, og þar hafi hún verið einhvern tíma og muni hún oft hafa komið í eldhúsið, eftir að slysið skeði.

Stefnandi sagðist ekki vita til þess, að hnífsblaðið ætti til að falla niður, eftir að slökkt hafði verið á hnífnum. Hún sagðist ekki muna þetta svo, en hægt hafi verið að opna hnífinn, þótt hann væri í gangi.

Fyrir dómi var stefnandi spurð um það, hvers vegna hún hafi svo seint gert reka að því að krefjast bóta vegna slyss þessa, og svaraði stefnandi því til, að Snjáfríður ráðskona hafi bannað sér að gera nokkuð í málinu, hafi hún sagt, að þetta væri bara stefnanda að kenna. Stefnandi tók fram, að hún hafi verið krakki og fólkið sitt ekki í bænum, en fjölskylda hennar hafi búið á Vopnafirði.

Stefnandi sýndi hönd sína í réttinum.

Vitnið Sirrý Hulda Jóhannsdóttir sagðist hafa unnið í eldhúsinu að Reykjalundi frá því um haustið 1961 og eitthvað fram á vor eða sumar 1962. Vitnið hafi verið við vinnu í eldhúsinu, þá er stefnandi varð fyrir slysinu, en vitnið hafi ekki séð, hvernig slysið vildi til, og hélt vitnið, að eini sjónarvotturinn hafi verið Geirþrúður.

Vitninu voru sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 6, og sagði vitnið, að þetta muni vera sami hnífurinn, en sig minnti, að meira hafi sést á hnífsblaðið, þá er vitnið vann þarna, en þetta sé nokkuð, sem vitnið þorir ekki að fullyrða. Vitnið sagði, að þegar slökkt var á hnífnum og hnífsblaðið var uppi, þegar slökkt var, þá hafi það getað skeð, að blaðið dytti niður, eftir að slökkt var. Þetta sagðist vitnið halda, að hafi nokkrum sinnum komið fyrir. Ekki gat vitnið tilgreint hvenær, en sagðist muna ákveðið eftir einu skipti, þá hafi stefnandi verið að taka brauð úr hnífnum og þá hafi hnífsblaðið dottið niður, en stefnandi hafi kippt að sér hendinni. Þær stúlkurnar, sem unnu þarna, hafi talið hnífinn hættulegan einmitt út af þessu, að ef slökkt var á hnífnum og blaðið var uppi, þá vildi það detta niður. Hægt hafi verið að opna hnífinn, þó hann væri í gangi.

Vitnið sagðist muna, að hún hafi einhvern tíma rétt eftir slysið í kaffistofunni þarna á vinnustaðnum haft orð á því, að stefnandi ætti að fara í Tryggingarnar og reyna að fá eitthvað vegna slyssins, en þá hafi Snjáfríður ráðskona orðið mjög reið og sagt, að það ætti stefnandi ekki að gera, hún mundi ekkert fá út úr þessu,

þetta væri bara henni sjálfri að kenna. Vitnið hélt, að stefnandi hafi verið viðstödd þessar samræður.

Vitnið Geirþrúður Guðjónsdóttir sagðist hafa unnið í eldhúsinu að Reykjalundi í fjögur ár og hafi vitnið unnið þar á árinu 1962. Vitnið sagðist hafa verið við vinnu í eldhúsinu, þá er stefnandi varð fyrir slysinu. Vitnið sagðist hafa verið í eldhúsinu, en ekki hjá stefnanda, þannig að vitnið hafi ekki séð, þegar slysið skeði, en stefnandi hafi strax kallað í vitnið, þá er hún hafi meitt sig. Ekki sagðist vitnið geta sagt, hvernig slysið bar til. Vitnið segist hafa farið með stefnanda niður á læknastofuna eftir slysið, en ekki vissi vitnið, hver fór með stefnanda á slysavarðstofuna. Vitnið sagðist hafa farið með fingurbútinn yfir á læknastofuna, þá er hún fór með stefnanda þangað.

Vitnið sagði, að það hafi getað skeð, að þegar slökkt var á hnífnum og hnífsblaðið var upp, þegar slökkt var, að blaðið dytti niður, eftir að slökkt var. En þetta hafi aldrei valdið slysi áður, og sagðist vitnið sjálft hafa passað upp á það að slökkva á hnífnum, þá er hnífsblaðið var niðri. Ekki mundi vinið eftir því, að það hafi skeð, að hnífsblaðið félli niður, eftir að slökkt var. Vitnið sagði, að brýnt hafi verið fyrir stúlkunum að gæta fyllstu varúðar, og taldi vitnið, að ef gæta skyldi varúðar, þá hlyti það að vera í sambandi við hnífsblaðið, þar sem það hafi verið það eina, sem gat verið hættulegt í sambandi við hnífinn. Ráðskonan hafi kennt vitninu á hnífinn og muni ráðskonan einnig hafa kennt hinum sarfsstúlkunum, en vitnið sagðist oft hafa unnið með hinum starfsstúlkunum og þá sagt þeim til, en taldi, að ráðskonan hafi kennt þeim á hnífinn.

Vitnið sagðist ekki vita til þess, að ráðskonan hafi bannað stefnanda að gera eitthvað í málinu til þess að reyna að fá bætur vegna slyssins. Vitnið sagðist ekki muna eftir því að hafa heyrt stefnanda tala við Snjáfríði ráðskonu um bætur vegna slyss þessa.

Vitnið Snjáfríður Jónsdóttir, fyrrverandi ráðskona á Reykjalundi, sagðist hafa unnið sem ráðskona í eldhúsinu á Reykjalundi í 20 ár frá árinu 1945. Vitnið sagðist muna eftir því, að slys það, sem mál þetta er af risið, skeði. Vitnið hafi verið í fríi, þegar þetta átti sér stað, þannig að vitnið hafi ekki séð slysið, en einhverra hluta vegna hafi vitnið átt leið í eldhúsið og þá hafi vitninu verið sagt frá slysinu.

Vitninu voru sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 6, og sagði vitnið, að myndir þessar séu að minnsta kosti af sams konar hníf og notaður hafi verið á Reykjalundi. Ekki sagðist vitnið vita, hvort hníf-

urinn sé ennþá notaður. Vitnið var spurt um það, hvort mögulegt hafi verið, ef hnífsblaðið væri uppi, þá er slökkt var á hnífnum, að blaðið dytti niður, og neitaði vitnið því. Vitnið sagðist sjálft hafa kennt stefnanda að nota hnífinn og hafi vitnið í því sambandi sérstaklega bent stefnanda á að koma ekki nálægt hnífnum til þess að taka út brauð eða setja í, fyrr en hlífin yfir hnífnum hefði verið tekin alveg niður, en sagði, að þá er hlífin var tekin niður, þá hafi slokknað á hnífnum og hann ekki farið í gang, fyrr en hlífin hafi verið sett upp aftur. Ekki hafi verið venjan að slökkva á hnífnum, áður en hlífin var tekin niður. Ekki hafi slokknað á hnífnum, fyrr en hlífin var alveg komin niður, þannig að möguleiki hafi verið að taka brauð úr hnífnum, án þess að slokknað hafi á hnífnum.

Eftir slysið hafi stefnandi dvalist á Reykjalundi nokkurn tíma, en ekki hafi stefnandi unnið þann tíma. Ekki mundi vitnið eftir því, að stefnandi hafi nokkru sinni haft orð á bótum vegna slyssins við vitnið. Vitnið sagðist aldrei hafa bannað stefnanda að gera neitt í málinu.

Vitnið sagðist ekki hafa talið ástæðu til að kalla til Öryggiseftirlitið vegna slyssins. Ekkert hafi verið gert við hnífinn eftir slysið, og sagði vitnið, að hnífurinn hafi verið öruggur. Vitnið taldi slysið hafa orðið fyrir vangá stefnanda.

Vitnið sagði, að þegar skorið brauð væri tekið úr hnífnum, þá hafi venjulega hægri hönd verið nær hnífsblaðinu. Vitnið sýndi þau handtök, sem stefnandi hafi sagst hafa viðhaft, en þá er vinstri höndin nær hnífsblaðinu, hægri höndin fjær og hendur krosslagðar. Þessi handbrögð telur vitnið röng og þau séu önnur en vitnið hafi sagt stefnanda að viðhafa.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bótaskylda stefnda byggist á vanbúnaði brauðhnífsins og hættulegum eigindum hans og svo því, að skort hafi á leiðbeiningar gagnvart stefnanda. Í því sambandi er vakin athygli á aldri stefnanda, en hún hafi verið aðeins 16 ára gömul, þá er slysið varð.

Hættulegar eigindir hnífsins komi fram í því, að hægt sé að taka öryggishlífina frá án þess að slökkva á rofa hnífsins, en hnífurinn stöðvist ekki strax og hann er opnaður. Umbúnaður þyrfti að vera slíkur, að ekki væri hægt að opna hnífinn, fyrr en hann væri stöðvaður.

Ólíklegt sé, að ráðskonan hafi aðvarað stefnanda varðandi hættuleg eigindi hnífsins, þar sem ráðskonan virðist telja útilokað, að slys geti orðið við hnífinn. Við vettvangsgöngu hafi

ráðskonan sýnt það, sem hún telji rétt vinnubrögð við hnífinn, og hafi ekki annað verið séð en að þau vinnubrögð væru hættuleg.

Aðalástæður fyrir slysinu hafi verið vanbúnaður hnífsins og hættuleg eigindi hnífsins. Það, að slysið varð, sanni, að hnífurinn sé hættulegur og vanbúinn, að því er öryggi varðar. Leggja verði áhættu á því að nota slík vinnutæki sem hnífinn á vinnuveitanda.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum skuli vinnuveitandi tilkynna Öryggiseftirlitinu svo fljótt sem verða má og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum, ef starfsmaður slasast á vinnustað. Þetta hafi stefndi vanrækt. Bótaskylda stefnda byggist bæði á almennum bótareglum og svo vanrækslu á að tilkynna réttum yfirvöldum um slysið,

Af hálfu stefnda eru sýknukröfur rökstuddar með því, að hnífurinn, sem stefnandi slasaðist við, hafi verið í fullkomnu lagi og öryggisbúnaði hnífsins hafi ekki verið ábótavant. Af hálfu stefnda er, að því er varðar búnað hnífsins, vísað til vottorðs á dskj. nr. 18. Stefnandi hafi ekki farið eftir leiðbeiningum og hafi viðhaft röng vinnubrögð. Slysið muni hafa orðið fyrir fljótfærni stefnanda, en hnífurinn hafi verið í fullkomnu lagi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vanræksla á því að fara eftir ákvæðum 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 felli ekki fébótaábyrgð á vinnuveitendur, en snúi stundum við sönnunarbyrðinni. En í þessu tilfelli hafi stefnandi dregið svo lengi að gera kröfur á hendur stefnda, að sönnunarbyrði hvíli algerlega á stefnanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki hafist handa fyrr en 6½ ári eftir slysið, en málið sé höfðað 2 dögum áður en 10 ár séu liðin frá slysdegi. Þessi dráttur verði að leggja ríkari sönnunarbyrði á stefnanda.

Stefnanda hafi verið í lófa lagið að láta fara fram lögreglurannsókn á slysinu, aðdraganda þess og ástandi brauðhnífsins. Það hafi verið sjálfsagt og nauðsynlegt, ef hún hafi talið sig eiga bótakröfu á stefnda. En það hafi stefnandi ekki gert, að öllum líkindum vegna þess, að hún hafi talið sig eiga alla sök á tjóninu og grundvöllur bótakröfu væri ekki fyrir hendi. Skipti aldur hennar engu hér um. Sjö árum síðar, 30. maí 1969, hafi farið fram sakadómsrannsókn í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu að beiðni stefnanda. Hafi þá engin lögregluskýrsla legið fyrir um rannsókn á málinu, eins og lög geri ráð fyrir.

Hér að framan hafa verið rakin meginatriði úr framburðum

þeirra, sem komið hafa fyrir dóm vegna máls þessa. Má af því sjá, að nokkurs ósamræmis gætir, enda langt um liðið.

Stefnandi hefur lýst vinnubrögðum sínum á þá leið, að hún hafi látið brauðið í kassann, lokað honum og stutt því næst á rofann, og skarst þá brauðið, og slökkt síðan á hnífnum. Að því búnu hafi hún lyft lokinu og farið með höndina inn í kassann til þess að taka út brauðið. En þá féll hnífurinn niður og lenti á hendi stefnanda.

Vitnið Snjáfríður Jónsdóttir sagðist hafa kennt stefnanda að nota hnífinn og hafi vitnið í því sambandi sérstaklega bent stefnanda á að koma ekki nálægt hnífnum til þess að taka út brauð eða setja í, fyrr en hlífin yfir hnífnum hefði verið tekin alveg niður, en þá er hlífin var tekin niður, þá hafi slokknað á hnífnum og hann ekki farið í gang, fyrr en hlífin hafi verið sett upp aftur. Ekki hafi verið venja að slökkva á hnífnum, fyrr en hlífin var alveg komin niður, þannig að möguleiki hafi verið að taka brauð úr hnífnum, án þess að slokknað hafi á hnífnum.

Hinn 19. desember fóru dómari málsins og lögmenn aðilja á vettvang og skoðuðu umræddan brauðhníf að viðstöddum Snjáfríði Jónsdóttur, fyrrverandi ráðskonu í eldhúsi stefnda, og Geir Þorsteinssyni, bryta í eldhúsi stefnda. Snjáfríður sagði hnífinn vera með sömu ummerkjum og þá er slysið varð. Snjáfríður og Geir sýndu viðstöddum þau vinnubrögð, sem þau sögðust hafa viðhaft við hnífinn og teldu rétt og eðlileg.

Þau Snjáfríður og Geir voru sammála um það, að venjuleg vinnuaðferð þarna væri að stöðva hnífinn með því að taka öryggisgrindina niður, en ekki slökkva á rofanum.

Á dskj. nr. 6 má sjá, hvernig brauðhnífurinn lítur út. Hnífurinn vinnur þannig, að hlífðargrind er tekin niður og brauðið látið í, síðan er hlífðargrindinni lyft upp, og þá er hægt að setja vélina í gang, og færist þá brauðið fram. Hnífur, sem festur er á ás, sem snýst, sker sneiðar af brauðinu. Hægt er að stöðva hnífinn með tvennum hætti, slökkva á rofanum eða taka öryggisgrindina niður. Þegar hnífurinn er stöðvaður með þeim hætti að taka öryggisgrindina niður, tekur það hnífinn nokkrar sekúndur að stöðvast, frá því að grindin er tekin frá, og nær hnífurinn að fara einhverja snúninga, áður en hann stöðvast alveg.

Sá, sem vinnur við hnífinn, á ekkert val um það, í hvaða stöðu hnífsblaðið er, þá er hnífurinn er stöðvaður, hvor aðferðin sem viðhöfð er til þess að stöðva hnífinn.

Þegar litið er til framburðar Snjáfríðar Jónsdóttur og svo þess,

sem fram kom við vettvangsgöngu, þá þykir víst, að þau vinnubrögð, sem þarna hafi verið viðhöfð og stefnanda hafa verið kennd, hafi verið að stöðva hnífinn með því að taka öryggisgrindina niður, en ekki slökkva á rofanum.

Það er álit dómara málsins, að öruggari vinnubrögð við hníf þennan væru að slökkva fyrst á rofa hnífsins og taka síðan öryggishlífina niður. Skoðun þessi byggist á því, sem fram kom við vettvangsgöngu, á dskj. nr. 18 og svo framburði Snjáfríðar Jónsdóttur, en þar segir m. a., „ . . . að ekki hafi slokknað á hnífnum, fyrr en hlífin var alveg komin niður, þannig að möguleiki hafi verið að taka brauð úr hnífnum, án þess að slokknað hafi á hnífnum."

Það kom fram í framburði vitnisins Snjáfríðar Jónsdóttur, að stefnandi hafi sagt vitninu, hvaða handtök stefnandi hafi viðhaft, þá er slysið varð, en þá hafi vinstri höndin verið nær hnífsblaðinu, hægri höndin fjær og hendur krosslagðar. Vitnið Snjáfríður sagði, að þegar skorið brauð væri tekið úr hnífnum, þá hafi venjulega hægri höndin verið nær hnífsblaðinu. Vitnið taldi þau vinnubrögð, sem stefnandi hefði viðhaft, röng og önnur en vitnið hafi sagt stefnanda að viðhafa.

Þegar litið er til meiðsla stefnanda, þá virðist ljóst, að vinstri hönd hennar hafi verið nær hnífsblaðinu. Eðlilegri vinnubrögð virðast vera eins og vitnið Snjáfríður hefur lýst sem sínum. En þetta þykir ekki skipta meginmáli, þar sem ástæðan fyrir slysinu virðist vera, að hnífurinn hafi ekki stöðvast, þá er stefnandi fór með höndina að hnífsblaðinu til þess að taka brauðið, en það stafaði af hættulegri aðferð við að stöðva hnífinn, en sú aðferð var í samræmi við leiðbeiningar þær, sem stefnandi mun hafa fengið. Æska stefnanda lagði vinnuveitanda hennar sérstaklega ríka leiðbeiningarskyldu á herðar, sbr. 5. gr. laga nr. 23 frá 1952.

Það þykir ekki eiga að varða stefnanda réttarspjöllum, að hún hófst ekki handa um athugun á hugsanlegum skaðabótakröfum vegna slyss þessa fyrr en á árinu 1968. Byggist sú skoðun m. a. á því, að þegar litið er til aðilja máls þessa, þá er slysið varð, þá er annars vegar um að ræða tæplega 17 ára ungling, sem býr fjarri foreldrum sínum í húsnæði vinnuveitanda síns, og svo hins vegar um að ræða stórt og mikilsmetið fyrirtæki. En æska stefnanda hefði átt að vera stefnda aukin hvatning til þess að upplýsa mál þetta sem best. Einnig þykir verða að líta til þess, sem rakið hefur verið úr framburði stefnanda og framburði vitnisins Sirrýar Huldu, en stefnandi bar, að ráðskonan hafi bannað stefnanda

að gera eitthvað í málinu, og vitnið Sirrý Hulda, að ráðskonan hafi sagt, að stefnandi ætti ekki að reyna að fá eitthvað vegna slyssins. En hvernig sem þessu hefur verið háttað, þá var af hálfu stefnda ekki hlutast til um opinbera rannsókn á slysi þessu, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Verður stefndi því að bera hallann af því, að sum atvik málsins liggja eigi ljóst fyrir.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá þykir bera að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Örorkutjón	kr.	107.144.00
2.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	80.000.00
3.	Kostnaður vegna rannsóknar málsins og undirbúnings, kr. 2.000.00 fyrir örorkumat, kr. 4.600.00 fyrir örorkuútreikning, kr. 675.00 fyrir ljósmyndir og kr. 90.00 fyrir endurrit skattframtala	—	7.365.00
	Samtals	kr.	194.509.00

Um 1. lið.

Stefán Guðnason læknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hennar. Í vottorði læknisins, dags. 28. maí 1970, er vísað til tveggja vottorða Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysavarðstofunni í Reykjavík, það fyrra dags. 28. apríl 1962, en í því segir, að um hafi verið að ræða amputatio partialis dig. III manus sinistri. Hið síðara, dags. 5. maí 1962, en þar telur læknirinn, að stefnandi sé orðin vinnufær eftir meiðslin.

Stefán Guðnason læknir kveðst í vottorði sínu hafa skoðað stefnanda 24. apríl 1970. Í vottorðinu segir svo m. a.:

„*Vinstri hönd:* Það vantar nánast alla fjærkjúku löngutangar og sú ögn, sem eftir er af kjúkunni, hefur enga hreyfingu. Stúfurinn er gróinn, en ekki vel slétt, og það eru eymsli í honum, einkum ef hann rekst í hart.

Ályktun: Um er að ræða 25 ára gamla starfsstúlku, sem missti fjærkjúku framan af löngutöng vinstri handar í vinnuslysi fyrir 8 árum. Þessi vöntun bagar slösuðu svolítið og einnig eymsli, sem alltaf eru í stúfnum.

Þótt vera mætti, að óþægindi í stúfnum minnkuðu við nýja aðgerð, þykir tímabært að meta nú þá örorku, sem slasaða hefur hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 1 mánuð: 100%
Eftir það varanlega: 3%“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Bjarni Þórðarson, cand. act., út örorkutjón stefnanda. Í vottorði tryggingafræðingsins, dags. 10. ágúst 1970, segir svo m. a.:

„. . . . Með hliðsjón af því, að hún slasaðist við vinnu, hefi ég áætlað henni vinnutekjur og vinnutekjutap vegna örorkunnar frá slysdegi miðað við launakjör í þeirri vinnu.

Starfsstúlkur á Reykjalundi taka laun samkvæmt kjarasamningi Starfsstúlknafélagsins Sóknar. Ég hefi áætlað Rósu vinnutekjur frá slysdegi miðað við mánaðarlaun starfsstúlkna samkvæmt kauptaxta Sóknar á hverjum tíma, þar sem tillit er tekið til hækkana vegna sarfsaldurs. Ennfremur er gert ráð fyrir 50 stundum á mánuði með álagsgreiðslu, en samkvæmt upplýsingum Björns Kristmundssonar, gjaldkera í Reykjalundi, mun meðalfjöldi stunda með álagsgreiðslu hjá starfsstúlkum vera þar um bil. (Tekið er tillit til væntanlegrar launahækkunar 1. sept. n. k. vegna vísitöluhækkunar). Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma 3% af áætluðum vinnutekjum eða sami hundraðshluti og varanleg örorka er metin. Rósa mun hafa fengið greidd laun til loka aprílmánaðar 1962 og því hefi ég ekki tekið tillit til tímabundinnar örorku.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 56.805.00	kr. 1.704.00
2. — — — —	69.930.00	— 2.098.00
3. — — — —	85.774.00	— 2.573.00
4. — — — —	97.323.00	— 2.920.00
5. — — — —	115.930.00	— 3.478.00
6. — — — —	125.085.00	— 3.753.00
7. — — — —	135.841.00	— 4.075.00
8. — — — —	158.411.00	— 4.752.00
9. — — — —	196.344.00	— 5.890.00
Síðan árlega	— 205.648.00	— 6.169.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

kr. 66.288.00.

Hér er vinnutekjutapið á hverjum tíma afvaxtað til slysdags miðað við samsetta vexti (þ. e. a. s. vexti og vaxtavexti). Hins vegar eru venjulega greiddir einfaldir vextir á bótafjárhæðir frá

slysdegi til greiðsludags. Þar sem hér líður langur tími frá slysdegi til greiðsludags, hefi ég einnig reiknað verðmæti vinnutekjutapsins þannig, að vinnutekjutap eftir 7. apríl 1970 er afvaxtað til þess dags miðað við samsetta vexti, en síðan er sú fjárhæð og vinnutekjutap fyrir þann dag afvaxtað til slysdags miðað við einfalda vexti. Reiknast mér þá verðmætið nema á slysdegi:

kr. 71.825.00.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Rósu hafa vinnutekjur hennar árin 1967-1969 verið sem hér segir:

Árið 1967 kr. 147.277.00
— 1968 — 161.285.00
— 1969 — 191.598.00

Ef gert er ráð fyrir, að örorka hennar hafi verið raunhæf þetta tímabil, hvað tekjuöflun snertir, nemur vinnutekjutap hennar þessi ár:

Árið 1967 kr. 4.555.00
— 1968 — 4.989.00
— 1969 — 5.926.00

eða að meðaltali 26.0% hærra en vinnutekjutapið samkvæmt fyrri áætlun. Ef tekjur hennar þessi ár yrðu lagðar til grundvallar vinnutekjutapsáætlun, mundi verðmæti vinnutekjutapsins nema um 26.0% hærri upphæð en í fyrri áætluninni.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951-1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu."

Hinn 13. janúar reiknaði tryggingastærðfræðingurinn út tjón stefnanda að nýju. Í vottorði hans segir svo m. a.:

„Að beiðni yðar hefi ég endurreiknað örorkutjón Rósu Ármannsdóttur með tilliti til þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa síðan fyrri útreikningur var gerður 10. ágúst 1970.

Í kaupgjaldssamningi Starfsstúlknafélagsins Sóknar frá 4. des. 1971 er kveðið á um ákveðnar hækkanir 1. júní 1972 og 1. febr. 1973, og er hér tekið tillit til þeirra hækkana.

Forsendur fyrir útreikningunum eru annars hinar sömu og í fyrri útreikningi.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður sem hér segir:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 56.805.00	kr. 1.704.00
2. — — — —	69.930.00	— 2.098.00

3.	árið	eftir	slysið	kr.	85.774.00	kr. 3.573.00
4.	—	—	—	—	97.323.00	— 2.920.00
5.	—	—	—	—	115.930.00	— 3.478.00
6.	—	—	—	—	125.085.00	— 3.753.00
7.	—	—	—	—	135.841.00	— 4.075.00
8.	—	—	—	—	158.411.00	— 4.752.00
9.	—	—	—	—	196.344.00	— 5.890.00
10.	—	—	—	—	215.638.00	— 6.469.00
11.	—	—	—	—	238.945.00	— 7.168.00
Síðan	árlega			—	251.052.00	— 7.532.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema *kr. 75.572.00* þegar miðað er við samsetta vexti, en *kr. 85.035.00* þegar miðað er við einfalda vexti frá slysdegi til 7. apríl 1972, en samsetta vexti síðan."

Fjárhæð 1. liðar í kröfu stefnanda, eða kr. 107.144.00, virðist vera þannig fundin, að lögð er til grundvallar hærri niðurstöðutala á dskj. nr. 9, eða kr. 85.035.00 að viðbættum 26%, sbr. dskj. nr. 8.

Þegar litið er til vottorða Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 28. apríl og 5. maí 1962, þá þykir nægjanlega upplýst, að meiðsli þau, sem eru til grundvallar örorkumatinu, séu þau sömu og stefnandi hlaut við slysið 7. apríl 1962.

Af hálfu stefnda er örorkuútreikningi á dskj. 8 og 9 mótmælt sem of háum og að ekki sé tekið tillit til eingreiðslu og skattafrádráttar. Einnig er því mótmælt, að slys þetta hafi nokkuð skert fjáraflahæfni stefnanda.

Það kemur fram í örorkutjónsútreikningi á dskj. nr. 8, að vinnutekjur stefnanda hafa eftir slysið verið hærri en laun þau, sem greidd eru fyrir þau störf, sem hún slasaðist við. Þrátt fyrir þetta þykir líklegt, að meiðsli stefnanda hafi takmarkað möguleika stefnanda á því að velja sér vinnu.

Gegn andmælum stefnda þykir ekki hærri örorkutjónsútreikningur verða lagður til grundvallar en sá, sem miðaður er við laun í því starfi, sem stefnandi var við, þá er hún slasaðist. En samkvæmt dskj. nr. 9 reiknast verðmæti vinnutekjutapsins kr. 75.572.00, þegar miðað er við samsetta vexti, en kr. 85.035.00, þegar miðað er við einfalda vexti frá slysdegi til 7. apríl 1972, en samsetta vexti síðar. Rétt þykir að leggja kr. 75.572.00 til grundvallar við ákvörðun bóta. Hins vegar verður að telja, að lækka

beri nokkuð þann áætlunarútreikning með hliðsjón af framangreindum röksemdum stefnda.

Þegar þau atriði eru virt, sem hér hafa verið rakin, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Um 2. lið.

Þegar stefnandi kom fyrir dóm vegna þessa máls, þá sýndi hún hönd sína í réttinum. Höndin er verulega lýtt. Þegar til þess er litið, að lýti þetta hefur stefnandi borið frá því, að hún var tæpra 17 ára að aldri, og það verður ekki bætt, þá þykir rétt að taka kröfulið þennan til greina að öllu leyti.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður hefur ekki sætt tölulegum mótmælum, og verður hann tekinn til greina sem hluti af málskostnaði.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 140.000.00 (kr. 60.000.00 + kr. 80.000.00) með vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 33.000.00 í málskostnað, og er þá tekið tillit til útlags kostnaðar að fjárhæð kr. 7.365.00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuheimilið að Reykjalundi, greiði stefnanda, Rósu Ármannsdóttur, kr. 140.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 33.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. nóvember 1974.

Nr. 96/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Valgeiri Tómasi Sigurðssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Brot gegn 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Sakarefni er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og eru sönnunaratriði máls réttilega metin þar samkvæmt sakargögnum.

Um ákærulið A.

Eigi þykir alveg fullnægjandi sönnun fram komin í málinu fyrir því, að ákærða hafi verið kunnugt um, að í töskunni, er farþegi í bifreið hans hafði meðferðis, væri ólöglega innflutt áfengi. Ber því að staðfesta sýknudóm héraðsdómara um þennan ákærulið.

Um ákærulið B.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að atferli ákærða samkvæmt þessum ákærulið varði við 1. málsgr. 106. gr. og 4. málsgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Refsingu samkvæmt þeim ákvæðum ber að dæma með vísan til 77. gr. sömu laga, og þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Valgeir Tómas Sigurðsson, greiði allan kostn-

að af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómr sakadóms Reykjavíkur 10. október 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 10. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 442/1973: Ákæruvaldið gegn Valgeiri Tómasi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 14. f. m.

I.

Málið var höfðað með ákæru saksóknara ríkisins, dagsettri 17. apríl s.l., gegn ákærða, Valgeiri Tómasi Sigurðssyni, nú framkvæmdastjóra og nú til heimilis að Strandgötu 1, Hafnarfirði, fæddum 3. október 1947 á Siglufirði, fyrir hlutdeild að smygli og tálmanir gagnvart tollverði í að gegna skyldustarfi sínu með eftirgreindu atferli föstudagsmorguninn 7. maí 1971:

A. Að flytja í bifreið sinni, F 85, frá skipshlið m/s Fjallfoss, sem lá við vestanverðan Miðbakka í Reykjavíkurhöfn, 11 3/4 líters flöskur af 75% vodka, sem bróðir ákærða, Jónas Þráinn Sigurðsson, hafði þá rétt áður borið í tösku úr skipinu inn í bifreiðina.

B. Að neita Jónasi Garðarssyni Hall tollverði, er hann einkennisklæddur stöðvaði bifreiðina á Miðbakka, að skoða innihald töskunnar og fylgja þeirri neitun eftir með því að aka bifreiðinni af stað, þrátt fyrir að tollvörðurinn héldi um stýri bifreiðarinnar, og á ófyrirleitinn hátt að aka áfram með nokkrum hraða austur Miðbakka, norður Austurbakka og Faxagötu að hafnarvoginni með tollvörðinn hangandi utan á bifreiðinni, þannig að hann dróst með henni, og stofna með þeim akstri lífi hans í augljósan háska.

Atferli ákærða, sem að framan er lýst, telst varða við 46. gr. áfengislaga nr. 82/1969, 1. og 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 62. gr., sbr. 71. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 og 1.

mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

II.

A.1. Samkvæmt því, sem segir í skýrslu Jónasar Garðarssonar Hall tollvarðar, var hann á gangi klukkan um 1015 föstudaginn 7. maí 1971 um Miðbakkann við Reykjavíkurhöfn, þar sem m/s Fjallfoss lá. Sá tollvörðurinn þá, hvar maður kom niður landgang skipsins og hafði tösku meðferðis. Gekk maðurinn að bifreiðinni F 85, sem beið hans við skipshlið, og settist við hlið ökumannsins. Síðan var bifreiðinni ekið af stað vestur bakkann að Grófarbryggju, en varð að snúa þar við, vegna þess að krana hafði verið lagt á hafnarbakkann neðan við tollskýlið. Þá gaf tollvörðurinn ökumanninum stöðvunarmerki, um leið og hann gekk í veg fyrir bifreiðina. Óskaði tollvörðurinn eftir að fá að skoða innihald áðurgreindrar tösku, en ökumaðurinn fullyrti, að búið væri að skoða í hana. Ekki var tollvörðurinn ánægður með þetta svar og endurtók ósk sína. Ökumaðurinn sagði, að tollvörðurinn hefði ekkert með slíkt að gera og ók af stað. Greip tollvörðurinn þá í stýri bifreiðarinnar og hékk utan á henni og reyndi á allan hátt að stöðva hana, en tókst það ekki fyrr en við hafnarvogina við Faxagötu. Sá, sem sat við hlið ökumannsins, greip þá töskuna og hljóp út úr bifreiðinni. Veitti tollvörðurinn manninum eftirför og náði honum eftir nokkurn spöl. Tollvörðurinn tók töskuna í sínar vörslur, og reyndist innihald hennar vera 11 3/4 líters flöskur af vodka 75%.

Ökumaður framangreindrar bifreiðar reyndist vera ákærði í málinu, en hinn maðurinn bróðir ákærða, Jónas Þráinn Sigurðsson, matsveinn á m/s Fjallfossi.

2. Framangreindur áfengisfundur varð til þess, að leitað var í m/s Fjallfossi eftir hádegi sama dag, og fundust samkvæmt skýrslu Einars Vilhjálmssonar tollvarðar, um klukkan 1400, í herbergi matsveinsins 1 3/4 líters flaska vodka 75%, 4 2 lítra flöskur vodka 40%, 1 3/4 líters flaska vodka 56%, 1 3/4 líters flaska vín 7% og 1 kassi, eða 24 flöskur, af bjór.

3. Samkvæmt viðbótarskýrslu Jónasar Garðarssonar Hall fór hann eftir framangreindan atburð að kenna eymsla í baki og fór því í læknisskoðun á slysavarðstofu. Hörður Alfreðsson læknir taldi að svo stöddu ekki unnt að kanna, hvort um varanleg meiðsli

væri að ræða. Einnig hlaut tollvörðurinn sár á hendi, sem búið var um á tollstöð, svo og mar á upphandlegg.

B.1. Dómsrannsókn hófst í máli þessu 25. maí 1971. Þá kom fyrir dóm vitnið Jónas Garðarsson Hall tollvörður, til heimilis Hjaltabakka 2, Reykjavík.

Vitnið var eitt af starfsfélögum sínum á hafnarbakkanum, er atburðurinn átti sér stað. Vitnið sagði, að m/s Fjallfoss hefði umrætt sinn legið við Miðbakkann í krikanum við Grófarbryggjuna. Síðan skýrði vitnið sjálfstætt frá málavöxtum og gerði það mjög á sömu leið og í skýrslu sinni. Leið sú, sem vitnið dróst með bifreið ákærða, var eftir öllum Miðbakkanum, síðan norður eftir Austurbakkanum og að hafnarvoginni við Faxagötu. Vitnið sagði, að ekki hefði verið um það að ræða, að það hlypi með bifreið ákærða, þar sem svo greitt var ekið, að vitnið dróst með. Uppskipunarvinna var í fullum gangi, og voru þarna á bakkanum verkamenn og mikið af vinnutækjum.

2. Tollverðirnir Þórir Skafti Magnússon og Páll Franzson, sem tóku þátt í leitinni um borð í m/s Fjallfossi eftir hádegi 7. maí 1971, komu fyrir dóm 28. s. m., en hvorugur þeirra gat borið um viðskipti ákærða við vitnið Jónas Garðarsson Hall, en staðfestu báðir fund á áfengi í klefa matsveinsins.

3. Ákærði kom fyrir dóm 1. júlí s. á. Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa verið að sækja bróður sinn og tollvörðurinn hafi ekki verið einkennisklæddur, hafi hann verið í brúnum vinnuslopp, og minntist ákærði þess ekki, að hann hafi verið með einkennishúfu. Umrætt sinn voru skip við alla bakka, uppskipunarvinna í fullum gangi og fullt af mönnum og tækjum á bakkanum. Ákærði var að aka austur Miðbakkann, er áðurgreindur maður gekk í veg fyrir bifreiðina. Ákærði stöðvaði þá bifreið sína, og var framrúðan hjá ákærða opin. Maðurinn krafðist þess að fá að leita í bifreiðinni. Ákærði sagði manninum, að hann ætti bifreiðina og að engu væri að leita og ók síðan af stað. Stökk maðurinn þá á bifreiðina, braut fyrst stefnuljósrofann vinstra megin á stýrinu, þreif í stýrið og gírstöngina, sem er hægra megin, og sveigði hana í hálfhring til hægri, svo að ekki var hægt að stjórna bifreiðinni með eðlilegum hætti. Ákærði sagðist ekki hafa stöðvað bifreiðina, fyrr en hann var kominn úr þvögunni á hafnarbakkanum, og hljóp maðurinn allan tímann með bifreiðinni og reyndi að spyrna við fótum í bryggjuna. Ákærði kvaðst hafa ekið hægt og bifreiðin hafi alltaf verið í öðrum gír.

Ákærði sagði, að sér hafi verið ókunnugt um innihaldið í tösku

bróður síns og hann hafi því ekki haft neina ástæðu til að reyna að komast undan, en sér hafi gramist framkoma mannsins. Ekki kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir, að um tollvörð væri að ræða, fyrr en eftir að bifreiðin var stöðvuð og maðurinn sagðist vera tollvörður.

4. Jónas Þráinn Sigurðsson, bróðir ákærða, kom fyrir dóm 15. október s. á. Tollgæsluskýrsla vitnisins Jónasar Garðarssonar Hall, sbr. A1, var lesin fyrir kærða Jónasi Þráni. Kærði viðurkenndi vafningalaust að hafa verið með 11 flöskur af vodkaáfengi í tösku, sem hann ætlaði til eigin þarfa. Þá sagði kærði, að lýsing tollvarðarins á viðskiptum við þá bræður væri í meginatriðum rétt. Aðspurður hvort ætlun bræðranna hafi verið sú að hrista tollvörðinn af sér, minnti kærða, að tollvörðurinn hafi verið dónalegur við þá bræður og bifreiðinni hafi verið ekið mjög hægt. Ekki minntist kærði þess að hafa hvatt bróður sinn til að aka af stað, er tollvörðurinn birtist, og kærði sagði, að bróðir sinn hafi ekki vitað um innihald töskunnar.

Er kærða hafði verið kynntur framburður vitnisins Jónasar Garðarssonar Hall í sakadómi 25. maí s. á., gerði kærði þær athugasemdir, að ekki hafi verið ekið hratt og tollvörðurinn hafi fremur gengið með bílnum en hlaupið.

Loks kannaðist kærði við, að skýrsla sú, sem getið er um í A 2, hafi verið rétt að öðru leyti en því, að þar sem talað er um létt vín, hafi raunverulega verið að ræða um saft.

C. Með bréfi, dagsettu 28. desember 1971, tilkynnti saksóknari ríkisins, að af hálfu ákæruvaldsins væri samþykkt, að máli vegna ofangreindra atburða væri lokið með dómssáttum við þá bræður. Mánudaginn 17. janúar 1972 samþykkti kærði Jónas Þráinn að greiða kr. 17.800.00 í sekt til ríkissjóðs vegna framangreinds ólögmæts innflutnings svo og vegna ólögmæts innflutnings á 5400 stk. af vindlingum með m/s Fjallfossi, er hann kom til Reykjavíkur 20. mars 1971. Brot þessi voru talin varða við 60., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, 1., sbr. 15. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og 3., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Jafnframt féllst kærði á að sæta upptöku á öllum hinum ólöglega innflutta varningi.

Ekki tókst að kynna ákærða, Valgeiri Tómasi, efni fyrrgreinds bréfs saksóknara fyrr en 12. október 1972, þar eð hann dvaldist erlendis við nám á hótelskóla í Sviss. Ákærði neitaði þá alfarið að ljúka málinu með dómssátt, þar eð hann væri ekki sekur, toll-

vörðurinn hafi ekki verið einkennisklæddur, heldur sloppklæddur og framkoma hans hafi verið ósæmileg.

D.1. Vitnið Jónas Garðarsson Hall kom fyrir dóm á ný 7. desember s.l. Vitnið kvaðst þá hafa verið í bláum einkennisfötum og samlitum einkennisslopp utan yfir svo og með einkennishúfu, er það hafði afskipti af ákærða. Er dómarinn hafði kynnt vitninu framburð ákærða í dómi 1. júlí 1971 um klæðaburð vitnisins, sagði vitnið, að vera kynni, að það hafi verið í brúnum vinnuslopp, þar sem þeir tíðkuðust áður fyrr, á meðan einkennisfötin voru svört eða dökkblá, en ekki ljósblá, eins og nú er algengast, en vitnið taldi það ekki fara milli mála, að það hafi verið með einkennishúfu.

Er vitnið gaf sig á tal við mennina, kvaðst það hafa krafist þess að fá að leita í tösku farþegans, sem það hafði séð farþegann koma með frá skipinu, en ekki krafist þess að fá að leita í bifreiðinni almennt. Farþeginn sagði þá ekkert, en ökumaðurinn, að búið væri að leita í töskunni um borð í skipinu eða eitthvað á þá leið. Vitnið kveðst þá hafa endurtekið ósk sína og sagt, að slíkt skipti ekki máli og það hlyti að vera í lagi að leita í töskunni, úr því að ekkert væri í henni. Maðurinn sagði þá, að vitninu kæmi það ekkert við, og ók þá af stað.

2. Þegar vitnið Jónas Garðarsson Hall hafði gefið ofangreindan vitnisburð, kom ákærði enn fyrir dóm og var samprófaður við vitnið.

Dómarinn benti á, að ákærði hefði haldið því fram, að vitnið Jónas hafi verið óeinkennisklætt, en vitnið hafi haldið fram hinu gagnstæða. Vitnið tók þá fram að gefnu tilefni frá ákærða, að það hafi verið einkennishúfulaust, er það tók niður nafn ákærða, en það hafi einfaldlega stafað af því, að húfan hafi dottið af vitninu, er ákærði tók bifreiðina af stað, en ákærði hélt fast við að hafa ekki séð einkennishúfuna á tollverðinum, er ákærði ræddi við hann upphaflega og reyndar aldrei, á meðan á þessu stóð.

Aðspurður, hvað ákærða hafi gengið til að meina vitninu að leita í töskunni, segir ákærði, að því hafi aldrei verið meinað neitt, og ákærði taldi sig ekki sekan um neitt.

Er dómarinn benti á, að í framburði ákærða hafi komið fram, að bifreiðinni hafi verið ekið hægt og maðurinn hafi allan tímann hlaupið með bifreiðinni, en vitnið segi, að svo hratt hafi verið ekið á tímabili, að það hafi þurft að halda sér í gluggakarminn og ekki getað fótað sig, kvaðst ákærði vera búinn að segja það,

sem hann ætlaði að segja í málinu, en vildi þó taka skýrt fram, að vitnið hefði ekki verið einkennisklætt að sínu áliti.

Er ákærði var spurður, hvaða skýringu ákærði gæti gefið á því, aðra en þá, að hann hafi verið að reyna að komast undan, að hafa ekið með manninn utan á bílnum, sem ýmist hljóp með honum, dróst eða hékk, sagði ákærði, að hann væri búinn að svara þessu og hann sæi ekki annað en maðurinn hafi verið sjálfráður um, hvort hann hlypi með um hafnarbakkann eða ekki.

3. Vitnið Pétur Wiencke bifreiðarstjóri, Unufelli 35, kom fyrir dóminn 22. desember s.l. Vitnið var umrætt sinn statt í bifreið, sem var við landganginn á skipi, sem lá við hafnarbakkann á móti gamla tollskýlinu. Um var að ræða Fjallfoss eða Tungufoss. Sá vitnið þá tvo menn um borð í skipinu, sem nálguðust landganginn og virtust ætla í land, og var annar maðurinn með töskku. Í því sá vitnið tollvörð koma gangandi vestur hafnarbakkann í áttina frá nýja tollhúsinu. Sneru mennirnir þá við, og er tollvörðurinn var horfinn, komu mennirnir í land og telpa með þeim. Gengu þeir að bifreið af gamalli gerð, og minnti vitnið, að sá töskulausi hefði sest undir stýri. Óku þeir af stað, fyrst til vesturs, en vegna einhverrar hindrunar sneru þeir við til austurs. Í því kom annar tollvörður í áttina frá nýju tollbúðinni, og gaf hann mönnunum merki um að nema staðar. Ræddi tollvörðurinn eitthvað við mennina, en skyndilega var bílnum ekið af stað. Sá vitnið þá, að tollvörðurinn rétti höndina inn um bílgluggann, sennilega í því skyni að ná í kveikjulykilinn. Sá, sem sat við stýrið, reyndi að ýta út handlegg tollvarðarins, og við það missti tollvörðurinn einkennishúfuna, sem hann hafði á höfðinu. Var bílnum síðan ekið austur Austurbakkann og allt að togarabryggjunni og sveigt síðan að gömlu Faxabúðinni.

Alla þessa leið hékk tollvörðurinn í hnipri utan á bifreiðinni og dróst þannig með henni, því að bifreiðinni var ekið það hratt, að hann gat ekki hlaupið með henni. Vitnið sagði, að sér hefði ekki litist á þetta og því ekið á eftir í sinni bifreið, og taldi vitnið, að tollvörðurinn hafi verið í hættu, því ef hann hefði misst takið, hefði hann verið í hættu með að lenda undir afturhjóli bílsins eða skella í götuna. Er bifreið mannanna var loks stöðvuð, hljóp sá með töskuna út úr bifreiðinni og síðan telpan, sem kallaði pabbi, og stoppaði maðurinn þá fljótlega og kom til baka með tollverðinum, sem hafði hlaupið á eftir honum. Er afskiptum tollvarðarins og mannanna lauk, kveðst vitnið hafa ekið tollverðinum upp

að nýja tollhúsinu, og kvaðst vitnið hafa veitt því athygli, að hann var blóðugur á annarri hendinni.

Vitnið kvaðst vera visst um það, að tollvörðurinn var með einkennishúfu, er það sá hann fyrst koma gangandi að bifreiðinni. Vitnið minnti, að hann hafi verið í gráum slopp, en kvaðst þó ekki vera visst um það atriði. Tollvörðurinn missti einkennishúfuna af höfðinu, er ökumaðurinn reyndi að ýta handlegg hans út úr bifreiðinni, og var vitninu sérstaklega minnisstætt, að verkamaður tók húfuna upp, um það leyti sem vitnið ók af stað.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 15. nóvember 1971, hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

1962 27/11 Siglufirði: Áminning fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga.

1967 26/1 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1970 2/11 Reykjavík: Sátt, 20.800 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og tolllögum.

IV.

Ákæruliður A. Gegn eindreginni neitun ákærða, sem studd er framburði bróður hans, Jónasar Þráins, telur dómurinn ekki nægjanlega sannað samkvæmt meginreglu 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 73/1973, að ákærði hafi haft vitneskju um, að bróðir hans hafi haft 11 3/4 líters flöskur af 75% vodka í töskunni, sem hann bar í land úr m/s Fjallfossi, sem lá við vestanverðan Miðbakkann, út í bifreiðina F 85 föstudagsmorguninn 7. maí 1971, þótt ofsafengin viðbrögð hans við löggæsluaðgerðum tollvarðarins Jónasar Garðarssonar Hall bendi til hins gagnstæða. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákærulið sökum skorts á sönnunum á huglægum refsiskilyrðum.

Ákæruliður B. Með framburði vitnanna Jónasar Garðarssonar Hall og Péturs Wienckes telur dómurinn sannað, að tollvörðurinn hafi verið nægjanlega einkennisklæddur umrætt sinn, a. m. k. með einkennishúfu og í sams konar slopp og tollverðir eru vanir að ganga í við tollskoðanir, þannig að ákærða hlaut að vera ljóst, að þarna var um tollvörð að ræða, enda um að ræða atburð við skipshlið á hafnarsvæðinu. Auk þess benda hin ofsafengu viðbrögð ákærða til þess, að hann hafi gert sér fulla grein fyrir því, að um löggæslumann hafi verið að ræða.

Með framburði sömu vitna svo og að nokkru með framburði

ákærða sjálfs og bróður hans Jónasar Sigurðar telur dómurinn einnig sannað, að ákærði hafi neitað tollverðinum að skoða innihald framangreindrar tösku og fylgja þeirri neitun eftir með því að aka bifreiðinni F 85 af stað, þrátt fyrir að tollvörðurinn hélt um stýri bifreiðarinnar, og þar með hindrað tollvörðinn í að gegna skyldustörfum sínum með beinni líkamlegri nauðung. Með sömu framburðum telur dómurinn nægjanlega sannað, að ákærði hafi stofnað heilsu eða jafnvel lífi tollvarðarins í augljósan háska með því að hafa á ófyrirleitinn hátt ekið bifreiðinni austur Miðbakkann, norður Austurbakka og Faxagötu að hafnarvoginni, þótt tollvörðurinn héngi utan á bifreiðinni, þannig að hann dróst með henni, og var bersýnilega hætta á, að hann missti tak sitt á bifreiðinni, skylli í götuna og jafnvel undir bifreiðina.

Framangreint atferli ákærða varðar við 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða samkvæmt sömu lagagreinum telst hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, sbr. 44. gr. sömu laga.

Ákærði var ekki ákærður fyrir brot á umferðarlögum eða til ökuréttindasviptingar.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 141. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu á öllum sakarkostnaði málsins, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Valgeir Tómas Sigurðsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. nóvember 1974.

Nr. 201/1974: **Eiríkur Ketilsson**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og til réttargæslu dómsmálaráðherra og yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 25. október 1974, sem barst Hæstarétti 19. nóvember s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppsögðum 9. október 1974. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og réttargæslustefndu, dómsmálaráðherra og yfirborgarfógetans í Reykjavík, er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað, er ákveðst kr. 15.000.00.

Ekki eru efni til að dæma réttargæslustefndu kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Eiríkur Ketilsson, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, kr. 15.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 2. þ. m., hefur Eiríkur Ketilsson stórkaupmaður, Vatnsstíg 3, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. mars 1971, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og yfirborgarfógeta í Reykjavík til greiðslu á kr. 250.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði hverjum frá 8. desember 1969 til greiðsludags, kr. 20.000.00 í málskostnað, útlagt vegna bæjarþingsmáls Reykjavíkur nr. 33/1970, kr. 6.260.00 vegna útlagðs kostnaðar við fjárnámsmálin í Reykjavík, A 1193/1970 og A 1194/1970, samtals að höfuðstól kr. 284.260.00 „ásamt ofangreindum vöxtum af tilgreindri fjárhæð og málskostnaði að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. lágmarkstaxta L. M. F. Í.“

Stefndu gera þær kröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málfærslukostnaður fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. auk alls annars kostnaðar.

Jóni Hallssyni bankastjóra hefur verið stefnt til réttargæslu vegna Alþýðubankans h/f, áður Sparisjóðs Alþýðu, Laugavegi 31 hér í borg, svo og Júlíusi Helgasyni, Sogavegi 172 hér í borg.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Í 17. tölublaði, 20. tölublaði og 23. tölublaði Lögbirtingablaðsins árið 1969 var auglýst nauðungaruppboð á hluta í Sogavegi 172, Reykjavík, þinglesinni eign réttargæslustefnda, Júlíusar Helgasonar. Téð tölublöð Lögbirtingablaðsins hafa útgáfudagana 4. mars, 13. mars og 19. mars 1969. Einnig var nauðungaruppboð þetta auglýst í Morgunblaðinu.

Tvö uppboð fóru fram á nefndum eignarhluta (risíbúð) Júlíusar Helgasonar að Sogavegi 172. Hið fyrra fór fram eftir kröfu Sparisjóðs Alþýðu hinn 28. maí 1969. Viðstaddir það uppboð voru Júlíus Helgason sjálfur auk Þorsteins Geirssonar, lögmanns Sparisjóðsins, og nokkurra annarra. Aðeins eitt boð kom í eignina, kr. 10.000.00, frá Þorsteini Geirssyni lögmanni. Í trausti þess, að eigandinn gæti bjargað eigninni frá sölu, ákvað uppboðshaldari annað og síðasta uppboð alllöngu síðar með samkomulagi uppboðsaðilja, eða 26. ágúst 1969, til þess að eigandinn hefði lengri tíma til umráða.

Ekki tókst Júlíusi Helgasyni að bjarga við fjármálunum, og

fór uppboðið fram fyrrgreindan dag. Þorsteinn Geirsson lögmaður varð hæstbjóðandi fyrir hönd Sparisjóðs Alþýðu með 60.000.00 króna boð, og krafðist hann útlagningar sem ófullnægður veðhafi. Viðstödd þetta uppboð var Guðlaug Ólafsdóttir, eiginkona Júlíusar Helgasonar, Þorsteinn Geirsson lögmaður og nokkrir aðrir. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvörðun um boðin.

Nokkrum dögum síðar ræddi yfirborgarfógetinn í Reykjavík við Þorstein Geirsson lögmann, er hann kveður hafa tjáð sér, að hann hefði heimild Sparisjóðs Alþýðu til að afhenda Júlíusi Helgasyni eignina aftur á sama verði og hann hafði boðið í eignina, sem yfirborgarfógeti kveðst hafa skilið þannig, að hann ætti að taka að sér að greiða veðskuldina, sem útlagningarkrafan byggðist á. Að þessu heyrðu kveðst yfirborgarfógeti hafa samþykkt boð sparisjóðsins.

Liðu nú nokkrir dagar, þar til að því kom, að útlagningarafsal yrði gefið út til handa Sparisjóði Alþýðu. Það var gert hinn 15. september 1969. Kveðst yfirborgarfógetinn þá hafa komist að raun um, að innritað hafi verið í veðmálaskrá tryggingarbréf til handhafa víxils að fjárhæð kr. 250.000.00. Bréf þetta er gefið út hinn 8. september 1969 af Júlíusi Helgasyni með samþykki maka hans, Guðlaugar Ólafsdóttur. Sama dag var bréfinu þinglýst án athugasemda. Víxill þessi var með gjalddaga 8. desember 1969, útgefinn af Guðlaugu Ólafsdóttur, en samþykktur til greiðslu af Júlíusi Helgasyni. Tryggingarbréfið var veðsett með 4. veðrétti í eignarhluta Júlíusar að Sogavegi 172, Reykjavík.

Þegar yfirborgarfógetinn gaf út framangreint útlagningarafsal til handa Sparisjóði Alþýðu hinn 15. september 1969, lét hann afmá af veðmálaskrá framangreint tryggingarbréf frá 8. september 1969.

Í októbermánuði 1969 kveðst stefnandi hafa fengið greitt fyrir vöruúttekt með ofangreindum víxli. Kveðst hann hafa látið lögmann sinn skoða tryggingarbréfið, áður en hann samþykkti að taka við víxlinum sem greiðslu. Lögmaðurinn kveðst hafa tjáð honum, að þar sem víxillinn væri fasteignatryggður með öruggum hætti og tryggingarbréfið væri þinglesið án nokkurrar athugasemdar, þá ætti að vera fulltryggt að taka við víxlinum sem greiðslu vöruúttektarinnar.

Hinn 10. desember 1969 var víxillinn afsagður sökum greiðslufalls. Hinn 27. desember 1969 ritar lögmaður stefnanda Júlíusi Helgasyni innheimtubréf í ábyrgðarpósti, en þrátt fyrir ítrekaðar

tilkynningar var þess eigi vitjað, og lögmaðurinn fékk bréfið endursent 21. janúar 1970. Um miðjan janúar kveðst lögmaðurinn hafa orðið þess áskynja, hvað gerst hafði um veðið, en þá hafi endanlega verið lokið öllum áfrýjunarfrestum vegna uppboðsins og útgáfu uppboðsafsals.

Hinn 22. janúar 1970 var þingfest víxilmál vegna víxilsins á bæjarþingi Reykjavíkur og síðan kveðinn upp dómur í því máli, bæjarþingsmáli nr. 33/1970. Hinn 29. apríl 1970 var gert fjárnám hjá þeim Júlíusi Helgasyni og Guðlaugu Ólafsdóttur, sbr. málin A 1193/1970 og A 1194/1970, en fjárnámin reyndust árangurslaus. Var þá þrautreynt um innheimtur samkvæmt víxlinum.

Hinn 21. nóvember 1970 ritaði lögmaður stefnanda fjármálaráðuneytinu og yfirborgarfógetanum í Reykjavík kröfubréf vegna framangreindra krafna. Þeim bréfum kveður hann enn ósvarað, en gefið hafi verið í skyn, að krafan yrði ekki greidd nema samkvæmt dómi. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta á hendur stefndu hér fyrir bæjarþinginu, svo sem rakið er fyrr í dóminum.

Í greinargerð stefnanda er bótakrafan m. a. studd þeim rökum, að annað hvort hafi uppboðshaldara orðið á mistök að tilkynna ekki þinglýsingadómara um nauðungaruppboð eða þinglýsingadómara með því að tilkynna ekki uppboðshaldara um þinglýsingu tryggingarbréfsins. Allt að einu verði sú athöfn uppboðshaldara að strika út handhafaveð án proclama eða einhvers konar innköllunar eða tilkynningar með fresti að teljast gróft brot á réttarvernd veðréttinda, sem þinglýst séu, og sé bótakrafan endanlega reist á þeim grundvelli, að uppboðshaldara hafi verið ólögmætt að strika veðið út, eins og málum hafi verið háttað. Þá verði uppboðshaldari ex officio að gæta hagsmuna veðhafa, þannig að veð þeirra glatist ekki fyrir hans tilstilli.

Enn getur þetta að líta í greinargerð lögmanns stefnanda: „Lagarök í máli þessu eru kunn og lagagreinar þekktar. Grunnheimild um fébótaábyrgð ríkisins á skaðaverkum (culpa-verkum) starfsmanna sinna er einmitt í vorum dómapraxís í sambandi við mistök þinglýsingardómara. Miðað við nýlegan hæstaréttardóm, sem tekur af skarið um ofboðlítið umdeildan áfrýjunar/eða kærufrest athafna uppboðshaldara, þ. á m. afnám eða útstrikun áhvílandi veða, sem í þokkabót falla ekki í eindaga, fyrr en raunar utan mögulegs áfrýjunar/kærufrests, — þessi bótaábyrgð hins opinbera er vissulega allt að því hlutlæg, segi ég, en vitað er, að ábyrgðin er mjög brýn."

Þegar mál þetta var flutt munnlega 2. þ. m., krafðist lögmaður

stefndu frávísunar málsins, „þar sem úrlausn málsins varði mat á bótaskyldu stefndu vegna meintra mistaka á dómaraverkum. Slík úrlausn fáist ekki í héraði, sbr. 34. gr. laga nr. 85/1936.“ Þá krafðist lögmaðurinn málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Lögmaður stefnanda mótmælti frávísunarkröfunni, í fyrsta lagi sem of seint fram kominni og í öðru lagi vegna þess, að 34 gr. laga nr. 85/1936 eigi ekki við um mál þetta né komi í veg fyrir, að málið verði rekið fyrir héraðsdómi. Enn fremur krafðist lögmaðurinn málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Við sama tækifæri féll lögmaður stefnanda frá stefnukröfum á hendur dómsmálaráðherra og yfirborgarfógeta í Reykjavík „og breytti kröfugerð á hendur þeim í réttargæsluaðild.“

Síðan fór fram munnlegur málflutningur um hina framkomnu frávísunarkröfu. Andmælti lögmaður stefndu því, að hún væri of seint fram komin, og enn fremur taldi hann það engin áhrif hafa á framgang kröfunnar, þótt stefnandi hefði fallið frá stefnukröfum á hendur dómsmálaráðherra og yfirborgarfógetanum í Reykjavík.

Lögmaður stefnanda lagði sérstaka áherslu á það, að ef þessi dómur vísaði málinu frá, þá gæti stefnandi ekki náð rétti sínum, þar sem áfrýjunarfrestur í uppboðsmálinu hafi verið liðinn, er stefnandi fékk vitneskju um það, að tryggingarbréfið hefði verið afmáð úr veðmálabókunum.

Niðurstaða dómsins.

Í 34. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eru ákvæði um skaðabótaábyrgð dómara af dómaraverkum sínum. Í 2. mgr. þeirrar greinar segir m. a. svo: „Í héraði verður dómari einungis sóttur til greiðslu skaðabóta vegna dómaraverks í sambandi við opinbert mál út af því eða eftir að refsidómur hefur verið kveðinn upp yfir honum í opinberu máli fyrir afbrot í dómarastarfi í því máli.“

Hvorugt þessara lagaskilyrða er fyrir hendi í þessu máli. Var því ólöglegt að höfða mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, enda er það hliðsett dómstig uppboðsrétti, og við ákvörðun skaðabótaábyrgðar ríkissjóðs eða dómara vegna dómaraverka hlýtur að koma til mats á því verki, en það er grundvallarregla í réttarfari, að hliðsettir dómstólar eru ekki færir að dæma um gerðir hvor annars. Það getur einungis æðri dómstóll, og frestur til slíkrar málshöfðunar var ekki liðinn í janúar 1970, þegar stefnandi er sagður hafa fengið vitneskju um það, að tryggingarbréfið hefði verið afmáð úr veðmálabókum hinn 15. september 1969, sbr. túlkun Hæstaréttar Íslands á þeim fresti í dómi, uppkveðnum 25. janúar 1950 (Hrd. XXI., bls. 42-44).

Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber að vísa máli þessu frá dómi, svo sem krafist er, enda er frávísunarkrafan ekki of seint fram komin, þar sem hún er byggð á settu ófrávíkjanlegu lagaákvæði, er leitt hefði til frávísunar ex officio, enda þótt slík krafa hefði ekki komið fram. Dómar út af sams konar efni og hér er um fjallað hafa alloft gengið áður. Nægir þar að minna á eftirtalda hæstaréttardóma: hæstaréttardómur í X. bindi, bls. 541, XX. bindi, bls. 50, XXI., bls. 42, XXV. bindi, bls. 615, XXXVIII. bindi, bls. 1188 og XLI., bls. 70. Þegar þetta er haft í huga svo og 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 23. júní 1936, þykir rétt að dæma stefnanda til að gjalda stefndu málskostnað. Sá málskostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Eiríkur Ketilsson, greiði stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, dómsmálaráðherra og yfirborgarfógetanum í Reykjavík, kr. 25.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. nóvember 1974.

Nr. 78/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðjóni Júlíussyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Saksóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp héraðsdóm.

Eftir uppsögn hins áfrýjaða dóms hefur Rúnar Sigurðsson lögreglumaður lýst því í eiðvætti, að skýrsla sú, er hann tók af ákærða í upphafi rannsóknar málsins, sé orðrétt eftir ákærða höfð. Hafi hún verið lesin fyrir honum og hafi hann staðfest hana. Vitnið kvað ákærða hafa gengist við því að hafa „fundið óljóst til áfengisáhrifa", er hann ók bifreið sinni í umrætt skipti. Þá hefur vitnið Birgir Kjartansson lýst því í eiðfestum framburði, að hann hafi „séð greinilega", að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur bifreiðarinnar Y 2766. Kvaðst vitnið hafa ekið á eftir ákærða allt til þess, er ákærði stöðvaði bifreið sína við hús við götu í Kópavogi, er heitir Tunguheiði. Vitnið kvaðst hafa fylgst með því, er ákærði gekk frá bifreiðinni að húsinu, og hafi hann verið „heldur óöruggur" í göngulagi. Hann kveðst þá hafa sagt honum, að hann skyldi bíða, uns lögreglan kæmi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis hinn 20. júlí 1973, og varðar atferli hans við 2., sbr. 3. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Hinn 10. mars 1970 gekkst ákærði undir dómssátt í sakadómi Kópavogskaupstaðar og skyldi hlíta 4.000 kr. sekt og 3 mánaða sviptingu ökuleyfis vegna brota á 2., sbr. 3. málsgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 80. gr. sömu laga, og á 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Tekið var fram í bókun um dómssátt, svo sem boðið er í 1. málsgr. 112. gr. laga nr. 82/1961, að hún hefði „ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19/1940". Ítrekunaráhrif sáttarinnar voru eigi niður fallin, er ákærði framdi brot það hinn 20. júlí 1973, sem hann er dæmdur sekur um í þessu máli. Með vísan til þessa og 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga þykir mega staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, en svipta ber hann ævilangt ökuleyfi frá birtingu héraðsdóms 24. október 1973 að telja, sbr. 3. málsgr. 81. gr. umferðarlaga, 1. málsgr. 24. gr. áfengislaga og 3. málsgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Ákærða ber að greiða málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00. Af hálfu ákæruvalds hefur verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu saksóknarlauna. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærða til að greiða.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Guðjóns Júlíussonar, svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu héraðsdóms, hinn 24. október 1973, að telja.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar annan en saksóknarlaun. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 24. október 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 20. september 1973, á hendur Guðjóni Júlíussyni pípulagningamanni, Tunguheiði 12, Kópavogi, fæddum 1. október 1925 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt föstudagsins 20. júlí 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 2766 frá veitingastaðnum að Lækjarteigi 2 í Reykjavík heim til sín.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Vitnið Birgir Kjartansson, til heimilis að Langholtsvegi 165 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá hjá rannsóknarlögreglunni í Kópavogi, að um klukkan 0100 aðfaranótt 20. júlí s.l. hafi það verið statt í bíl sínum, R 947, á Borgartúni á móts við veitingahúsið Klúbbinn. Þá veitti vitnið m. a. athygli þremur mönnum, sem gengu frá veitingahúsinu, og voru þeir allir greinilega undir áhrifum áfengis. Veitti vitnið því þá athygli, að einn þessara manna settist inn í bifreið, sem þarna var, gangsetti hana og ók af stað. Kveðst vitnið þá hafa kallað í Gufunes í gegnum talstöð, sem í bifreið þess var, og látið lögregluna vita um ferðir þessarar bifreiðar, sem bar skrásetningarnúmerið Y 2766. Fylgdi vitnið bifreiðinni eftir, og óku þeir að sögn vitnisins vestur Borgartún, upp Höfðatún, Kringlumýrarbraut, austur Miklubraut, suður Grensásveg, austur Sogaveg eftir Bústaðaveginum og í áttina að Breiðholti, beygðu síðan inn á Smiðjuveginn og vestur Nýbýlaveg og fóru að götu, sem heitir Tunguheiði. Þar kveður vitnið manninn hafa stöðvað bifreiðina og farið út úr henni. Kallaði vitnið að sögn þess í manninn og sagði honum, að hann skyldi bíða eftir lögreglunni, sem væri að koma. Vitnið kveðst svo ekki hafa viljað skipta sér meira af þessu og hafa farið, áður en lögreglan kom. Vitnið kveður, að ekki hafi farið á milli mála, að maðurinn hafi verið undir áhrifum áfengis.

Rúnar Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður segir í skýrslu sinni frá 20. júlí s.l., að alla nóttina eftir það, sem að framan er sagt, hafi verið reynt að hafa samband við ákærða í máli þessu, en aldrei hafi verið svarað, hvorki í síma né þótt knúið væri dyra,

fyrr en klukkan rúmlega 0800 um morguninn. Þá var ákærði færður á lögreglustöðina til skýrslutöku, þar sem hann gerði grein fyrir ferðalagi sínu á bifreiðinni.

Ákærði kvaðst hafa farið að horfa á knattspyrnulandsleik, sem fram fór á Laugardalsvellinum fimmtudagskvöldið 19. júlí. Að honum loknum kveðst hann hafa átt erindi vestur á Grenimel, en að því loknu hafi leið sín legið að veitingahúsinu Klúbbnum að Lækjarteigi 2. Telur ákærði, að klukkan hafi verið nálægt 2300, er hann var kominn inn í Klúbbinn. Kveðst hann hafa dvalið þarna, þar til dansleik lauk um klukkan 0100, og á fyrrgreindum tíma drukkið sjálfur rúmlega tvo tvöfalda sjússa af ákavítisblöndu. Eftir að dansleiknum lauk, fannst ákærða hann ekki finna það mikið á sér, að honum fyndist hann ekki geta ekið heim. Kveðst hann því hafa farið að bifreiðinni og gangsett hana og ekið heim til sín að Tunguheiði 12. Ákærði kveðst minnast þess að hafa átt orðaskipti við einhvern mann, sem komið hafi akandi á eftir sér að heimili sínu. Ákærði kveðst ekki hafa áttað sig á, hvað maðurinn var að meina, og hafi hann því farið beint inn til sín. Ákærði kveðst hafa áttað sig og verið alveg að sofna, þegar bankað var á útidyrnar hjá honum, en hann hafi af einhverjum ástæðum ekki farið til dyra og ekki dottið í hug, að þarna gæti lögreglan verið á ferð. Ákærði kvaðst aldrei hafa heyrt símahringingu um nóttina fyrr en um morguninn, og var þá lögregluvarðstjóri í símanum.

Lögreglan lét þess getið, að ekki hefði verið tekið blóðsýni úr ákærða, þar sem ekki hefði náðst í hann fyrr en um morguninn.

Ákærði kom fyrir sakadóm Kópavogs 20. júlí s.l. og gefur skýrslu, sem í öllum aðalatriðum er samhljóða rannsóknarlögregluskýrslunni og áður er rakin. Hann viðurkennir að hafa drukkið rúmlega tvo tvöfalda sjússa af ákavítisblöndu í Klúbbnum á tímabilinu frá ca. klukkan 2300 til klukkan 0100. Hann kveðst einnig hafa fundið til einhverra áfengisáhrifa við akturinn, en þó það lítið, að honum þótti sér vera óhætt að aka. Ákærði kveðst hafa ekið Borgartúnið, eftir Reykjavegi, Suðurlandsbraut, Sogavegi og inn á Elliðaárveg, eftir Smiðjuvegi, Nýbýlavegi og heim til sín að Tunguheiði.

Með játningu ákærða og framburði vitnis telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er réttilega heimfært til refsiákvæða.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1953 13/11 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 27. gr. áfengislaga.
1958 27/4 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 4., 5. og 37. gr. umferðarlaga.
1970 10/3 í Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 10. mars 1970.
1971 8/2 í Kópavogi: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um stöðumæla.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum í 15 mánuði frá 24. október 1973 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Júlíusson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá deginum í dag að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. nóvember 1974.

Nr. 101/1974: **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristni Karlssyni
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Saksóknarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Kristján Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. M. a. hefur Gísli Pálsson lögreglumaður, er samdi frumlögregluskýrslu þá, sem reifuð er í héraðsdómi, komið fyrir dóm, staðfest skýrsluna og unnið heit að því, að hún sé rétt. Þá staðfesti Sigurður B. Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðunarskýrslu sína, og var hann heitfestur. Enn skýrði Rut Ollý Sigurbjörnsdóttir, sem var farþegi í bifreið ákærða, frá því í eiðvætti, að ákærði hefði ekið mjög hægt í umrætt skipti, og kvaðst hún ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Loks kom fyrir dóm Sigurður Hlíðar Guðmundsson, er ók bifreið þeirri, sem ákærði lenti í árekstri við. Vann hann eið að framburði sínum. Kvað vitnið ákærða hafa verið „eins og hann hafi verið vankaður", eftir að árekstur varð. Taldi vitnið sig „hafa fundið áfengisþef af nefndum ökumanni", eftir að árekstur varð.

Atferli ákærða er réttilega fært til refsiákvæða í héraðsdómi, og er refsing hans þar hæfilega ákveðin með vísan til 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Dómi sakadóms Reykjavíkur 9. júlí 1968, sem greindur er í héraðsdómi, var breytt hinn 13. nóvember 1968 með náðun í 7.500 kr. sekt. Dómur þessi hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem ákærði er dæmdur sekur um í þessu máli og framið

var 19. júní 1973. Samkvæmt því og með vísan til 3. málsgr. 81. gr. umferðarlaga, 1. málsgr. 24. gr. áfengislaga og 3. málsgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi sínu, en ákærði hefur þegar sætt ökuleyfissviptingu í 15 mánuði vegna brots þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar annan en saksóknarlaun, en af hálfu ákæruvalds er fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu þeirra. Þá ber ákærða að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi prófað ákærða sjálfstætt um sakarefni, sbr. 77. gr. laga nr. 73/1973.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Kristins Karlssonar, á að vera óraskað. Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, annan en saksóknarlaun, svo og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 5. desember 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af saksóknara ríkisins með útgáfu ákæruskjals 5. október 1973 á hendur Kristni Karlssyni múrara, Lundarbrekku 8, Kópavogi, fæddum 22. október 1919 á Ólafsfirði, fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 19. júní 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Y 3079 frá húsi við Melhaga í Reykjavík áleiðis að Fálkagötu 1 og aka svo óvarlega eftir Hagamel á gatnamótum Hofsvallagötu, þar sem ákærði átti biðskyldu, að bifreið hans rakst á bifreiðina R 29975, sem ekið var niður Hofsvallagötu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr.,

1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24 gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt lögregluskýrslu var þriðjudaginn þann 19. júní 1973, klukkan 0039, tilkynnt símleiðis á lögreglustöðina í Reykjavík, að árekstur hefði orðið á mótum Hofsvallagötu og Hagamels þá skömmu áður.

Lögregluþjónn nr. 154 ásamt lögregluþjónum nr. 124 og 151 fóru á staðinn. Þarna hafði orðið árekstur með bifreiðunum R 22975, sem ekið var suður Hofsvallagötu, aðalbraut, og Y 3079, sem ekið var austur Hagamel.

Ökumaður bifreiðarinnar R 29975 kvaðst hafa ekið suður Hofsvallagötu. Ekki kvaðst hann geta sagt til um hraðann. Hann kvaðst hafa orðið var bifreiðarinnar Y 3079, þar sem henni var ekið austur Hagamel. Kvaðst hann hafa séð, að úr hraða bifreiðarinnar var dregið, og taldi hann ökumann stöðva við gatnamótin. Þegar hann sá, hvað verða vildi, kvaðst hann hafa hemlað, en ekki getað forðast árekstur.

Ökumaður bifreiðarinnar Y 3079 kvaðst hafa ekið austur Hagamel á litlum hraða. Ekki kvaðst ökumaður hafa stöðvað við gatnamótin, taldi sér óhætt að aka yfir. Kvaðst hann ekki hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 29975. Hann kvaðst hafa ekið yfir gatnamótin án þess að stöðva og ekki vitað fyrr til en bifreiðin R 29975 lenti á vinstri hlið bifreiðar sinnar og kastað henni til.

Ökumaður bifreiðarinnar Y 3079 kvaðst hafa verið með farþega í bifreið sinni, er óhappið varð. Við höggið kvaðst hann hafa kastast á farþegann, Rut Sveinbjörnsdóttur, og farþeginn síðan út úr bifreiðinni og ökumaður á eftir. Þá kemur fram í lögregluskýrslunni, að Rut kenndi til í höfði, og var hún flutt á slysadeild Borgarspítalans með sjúkrabifreið skömmu síðar. Fékk hún skurð á höfuð, en að lokinni rannsókn fékk hún að fara.

Þá fóru á vettvang tveir menn frá rannsóknarlögreglunni og einn frá Bifreiðaeftirlitinu. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni R 29975 voru hægra framljós brotið, höggvari, grill og vélarhlíf ásamt hægra aurbretti mikið skemmt. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni Y 3079 voru vinstri hlið mikið skemmd og brotin. Framrúða brotin úr. Báðar voru bifreiðarnar í óökuhæfu ástandi eftir óhappið og fluttar á brott með kranabifreið. Bifreiðin R 29975 var

flutt á bifreiðastæði við Faxaskjól 24, Reykjavík, en bifreiðin Y 3079 á yfirráðasvæði Vöku, en kveikjuláslykill í vörslu varðstjóra.

Þar sem annar lögregluþjónanna fann megnan áfengisþef leggja frá vitum ökumanns bifreiðarinnar Y 3079, Kristni Karlssyni, fóru því lögreglumennirnir nr. 124 og 154 á slysadeild Borgarsjúkrahússins og beiddust blóðtöku af ökumanni til rannsóknar vegna gruns um ölvun við akstur, og var blóðsýnið merkt nr. 411 hjá lögreglunni í Reykjavík.

Niðurstaða blóðrannsóknarinnar lá fyrir 26. júní 1973 og sýndi magn alkóhóls í blóði ákærða 1.17‰.

Hjá rannsóknarlögreglunni kvaðst ökumaður bifreiðarinnar R 29975 rétt eftir sér haft í lögregluskýrslunni. Þá kvaðst hann ekki hafa getað betur séð en ökumaður hinnar bifreiðarinnar hefði verið að nema staðar við gatnamótin, en svo hafi hann aukið ferð aftur, og kvaðst hann þá hafa nauðhemlað, en það ekki nægt, þar sem hann hafi þá verið kominn svo nærri, og árekstur orðið. Þá kvað hann hinn ökumanninn hafa farið gangandi á brott af staðnum, en verið hindraður í því af vegfaranda. Inni í lögreglubifreiðinni kvaðst hann hafa fundið áfengisþef af ákærða.

Hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði hafa farið þetta kvöld í Naustið og neytt þar áfengis, sem var genever, úr tveimur glösum, og í hvoru þeirra var tvöfaldur „sjúss", blandaður með cokacola. Er hann kom að veitingahúsinu, um klukkan 2200, skildi hann bifreiðina eftir á stæði við Garðastrætið. Dvaldist hann í veitingahúsinu í ca. 1-1½ klukkustund. Hann kvaðst tæplega hafa merkt það, að hann fyndi til áfengisbreytinga í umrætt sinn, en gat þess, að kvöldið áður neytti hann áfengis, og taldi sig mun betur á sig kominn með áfengisneyslu þetta kvöld en það fyrra. Þegar samkomunni lauk, fór hann að bifreiðinni ásamt Rut, og ákváðu þau að fara heim til ákærða. Á heimleiðinni varð árekstur inn, og taldi ákærði, að áfengisneyslan hefði ekki átt sök á því, sem fyrir kom, heldur hafi hann truflast við aksturinn vegna samræðna hans við Rut.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, niðurstöðu alkóhólrannsóknar svo og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar réttilega heimfært til refsiákvæða.

Ákærði hefur áður sætt kærum og refsingum sem hér segir: Fjórum sinnum gert sátt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga, einu

sinni fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952 og einu sinni fyrir brot gegn 51. gr., sbr. 65. gr. umferðarlaga, frá 1950 til 10. ágúst 1973.
1968 9/7 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá 8. maí 1967.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuréttindum í 15 mánuði frá 19. júní 1973 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Karlsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 15 mánuði frá 19. júní 1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. desember 1974.

Nr. 18/1974: **Trésmiðja Þorkels Skúlasonar**
gegn
Berki h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Trésmiðja Þorkels Skúlasonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. desember 1974.

Nr. 185/1974: **Margrét Kristjánsdóttir**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Margrét Kristjánsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 5. desember 1974.

Nr. 183/1973: **Jón Ármann Sigurjónsson**
(Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Ólafi Gunnarssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Áfrýjun. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 18. desember 1973. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur í máli þessu var uppkveðinn 17. mars 1972. Stefndi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 21. september 1972 og áfrýjandi með stefnu 18. október s. á. Með dómi Hæstaréttar 5. nóvember 1973 var því máli vísað frá Hæstarétti, þar sem áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. málsgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 var liðinn, þegar málinu var áfrýjað, og málsaðiljar höfðu eigi aflað sér áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. mgr. 20. gr. nefndra laga.

Stefndi áfrýjaði máli þessu af nýju með stefnu 17. desember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Á dómþingi 4. desember 1974 hóf stefndi aðalsökina.

Áfrýjunarleyfi það, sem dómsmálaráðuneyti veitti stefnda 10. desember 1973, er eigi gilt, þar sem meðmæla Hæstaréttar var eigi leitað fyrir útgáfu þess samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 61. gr. þeirra laga. Áfrýjandi aflaði sér eigi sjálfstæðs áfrýjunarleyfis og getur ekki byggt áfrýjun sína á hinni ógildu áfrýjun stefnda. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. mars 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 15. febrúar s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1970, af Ólafi Gunnarssyni, Hávegi 11 A, Kópavogi, gegn Jóni Ármanni Sigurjónssyni, Bröttugötu 11, Vestmannaeyjum, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 120.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá og með 1. janúar 1969. Þá er krafist málskostnaðar eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að fullu að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í ágúst 1967 hafi hann falið Guðna Þór Nicolaisyni bifreiðasala að selja bifreið sína Y 1061. Að undirlagi Guðna lét Ólafur Y 1061 í skiptum fyrir bifreiðina G 1084, sem þá var eign Bernharðs Sturlusonar, Miklubraut 1, Reykjavík. Guðni Þór tók síðan að sér að selja G 1084, en stefnandi var þá á förum til Sviss til náms og þjálfunar á vegum ÍSALS. Guðni Þór seldi síðan bifreiðina Sokkabúðinni h/f, en það fyrirtæki varð gjaldþrota um áramótin 1967-68. Guðni Þór hafði orðið eigandi ásamt öðrum manni að nafni Smári Egilsson, Skaftahlíð 33, Reykjavík, að Sokkabúðinni h/f. Fékk stefnandi aldrei eyri fyrir bifreiðina G 1084. Kona hans fékk aðeins fyrir eftirgangsmuni ónýta víxla frá Sokkabúðinni h/f, sem aldrei fengust greiddir.

Í byrjun desember 1967 seldi Sokkabúðin h/f bifreiðina G 1084 Jóni Ármanni Sigurjónssyni, stefnda í máli þessu.

Þegar skiptin fóru fram á Y 1061 og G 1084 var tölutilkynningu um eigendaskipti á G 1084 frá Bernharði Sturlusyni til stefnanda haldið opinni, að því er kaupanda snertir. Þegar Sokkabúðin h/f skyldi selja G 1084, tók Bifreiðaeftirlitið ekki gilda eignar- og söluheimild hennar að G 1084, þ. e. hinni opnu sölutilkynningu frá Bernharði Sturlusyni. Leitaði stefndi, Jón Ármann, þá Bernharð Sturluson uppi og fékk hann til að gefa út nýja sölutilkynningu með Bernharði sjálfum sem seljanda og stefnda sem kaupanda.

Hinn 19. apríl 1968 kærði stefnandi þessa máls Guðna Þór Nico-

laison fyrir svik í viðskiptum, og var málið rannsakað fyrir sakadómi Kópavogs og síðan sent saksóknara ríkisins, sem ákvað, að ekki skyldi höfðað opinbert mál, með því að huglæg saknæmisskilyrði væru naumast nægilega sönnuð, hvað Guðna Þór snerti.

Fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 7. mars 1969 skýrði stefndi svo frá í sambandi við ofangreind bifreiðarkaup, að hann hafi keypt bifreiðina G 1084 í október 1967. Var það maður að nafni Smári Egilsson, sem seldi honum bifreiðina fyrir hönd Sokkabúðarinnar. Greiddi hann fyrir bifreiðina með veðskuldabréfi að upphæð kr. 140.000.00, sem greiðast skyldi á fjórum árum. Ekki kvaðst hann muna, hvort honum var sagt, er kaupin gerðust, að Sokkabúðin væri raunverulegur eigandi að bifreiðinni, en afsalið var gefið út fyrir hönd Sokkabúðarinnar. Er stefndi ætlaði að skrásetja bifreiðina, kom í ljós, að Sokkabúðin var ekki skráður eigandi hennar, heldur maður að nafni Bernharður Sturluson. Fór stefndi heim til þessa manns ásamt tengdaföður sínum, og gaf Bernharður fúslega afsal fyrir bifreiðinni til stefnda. Kvaðst hann ekki vilja hafa bifreiðina lengur á sínu nafni. Stefnda minnir, að bílasalarnir hafi bent honum á að hafa samband við Bernharð þennan.

Stefndi kveðst aldrei hafa séð afsal Sokkabúðarinnar fyrir bifreiðinni, hvorki frá Ólafi Gunnarssyni né öðrum, og ekki vitað, að hann ætti bifreiðina, er stefndi festi kaup á henni, og hafi hann ekki vitað annað en allt væri með felldu um kaupin, fyrr en hann ætlaði að skrásetja bifreiðina.

Bernharður Sturluson, Miklubraut 1, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir sakadómi, að hann hefði farið með bifreiðina G 1084 í ágúst 1967 til Bílasalans við Vitatorg til að fá skipt á henni og sendiferðabifreið, og varð síðan úr, að skipti fóru fram með honum og stefnanda. Sölutilkynning var höfð opin á bifreiðinni G 1084, því Guðni Þór Nicolaison sagði stefnanda, að hann hefði tilboð í bifreiðina, sem hann ætlaði að bjóða honum daginn eftir. Var svo allt kyrrt, uns vitnið rakst á bifreiðina G 1084, líklega í desember, og hringdi hann þá í Bílasalann við Vitatorg, og kom þá í ljós, að sá, sem hafði nýlega keypt G 1084 af Sokkabúðinni, var að leita að vitninu til að fá nýja sölutilkynningu. Kom nýi kaupandinn, stefndi í máli þessu, heim til vitnisins. Tjáði hann því, að Bifreiðaeftirlitið mundi ekkert gera í þessu máli, ef það fengi nýja sölutilkynningu frá vitninu, en sem sakir stæðu væru þeir orðnir óánægðir með þetta.

Fyrir sakadómi Kópavogs skýrði Guðni Þór Nicolaison versl-

unarmaður m. a. svo frá, að hann hefði sem eigandi og hagsmunaaðili í Sokkabúðinni átt þátt í, að hún gerði tilboð í bifreiðina G 1084. Ekki kvaðst hann muna, hvort hann sagði stefnanda, að hann væri orðinn eigandi búðarinnar. Þá skýrði Guðni Þór svo frá, að hann hafi talið Sokkabúðina eiga bifreiðina, þótt fyrsti víxillinn vegna kaupanna félli í gjalddaga án þess að vera greiddur, enda hafi hann ætlað að greiða víxilinn. Þá taldi Guðni Þór áreiðanlegt, að Sokkabúðin hafi fengið afsal fyrir bifreiðinni G 1084 og hljóti það að vera í plöggum Sokkabúðarinnar.

Stefnandi máls þessa telur sannað, að Guðni Þór Nicolaison hafi selt Sokkabúðinni h/f bifreiðina G 1084, eftir að honum var orðið kunnugt um slæman fjárhag fyrirtækisins, sem varð gjaldþrota þrem mánuðum síðar. Telur stefnandi Guðna Þór hafa haft af sér bifreiðina með svikum, sbr. 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Sú ógildingarástæða hafi aldrei fallið niður, og var bifreiðin m. a. aldrei skráð á nafn Sokkabúðarinnar h/f í bifreiðaskrá. Þá telur stefnandi Guðna Þór hafa leynt sig upplýsingum, að hann væri orðinn „eigandi" að Sokkabúðinni h/f, sem hefðu haft ákvarðandi áhrif á, hvort hann vildi selja bifreiðina, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnandi telur aldrei hafa komist í löglega sölu á G 1084 frá honum til Sokkabúðarinnar h/f, enda engin gögn komið fram um, að hún hafi nokkru sinni orðið eigandi.

Þá telur stefnandi, að aldrei hafi komist á löglegur sölusamningur á bifreiðinni frá Sokkabúðinni h/f til stefnda. Sokkabúðin hafði engin gögn til að sanna eignarrétt sinn gagnvart honum, hvorki afsal, sölusamning né skráningu á bifreiðaskrá. Stefndi gat því ekki verið grandlaus sem kaupandi að bifreiðinni og gat því ekki eignast hana fyrir traustnám. Upphaflega telur stefnandi sig þannig hafa átt endurkröfurétt til bifreiðarinnar, en nú eftir sölu hennar til andvirðis hennar.

Af hálfu stefnda er á það bent, að hann hafi aldrei átt nein lögskipti við stefnanda þessa máls í sambandi við lögskipti eða annað. Hann hafi keypt bifreiðina þann 26. október 1967 fyrir kr. 140.000.00, sem hann greiddi með veðskuldabréfi. Ekki lá fyrir veðbókarvottorð við söluna, og ekki var eftir því gengið af stefnda, sem var með öllu óvanur viðskiptum, enda fullyrtu bæði seljandi bifreiðarinnar og söluumboðsmaður, að engar kvaðir hvíldu á bifreiðinni. Hins vegar kom í ljós, er stefndi sótti veðbókarvottorð yfir bifreiðina daginn eftir til Hafnarfjarðar, að bifreiðin var ekki skráð á nafn Sokkabúðarinnar h/f, heldur á nafn

Bernharðs Sturlusonar, sem stefndi hafði þá þegar samband við og fékk fúslega hjá honum sölutilkynningu. Umskráði stefndi síðan bifreiðina og leit eftir þetta á sig sem eiganda hennar, uns hann seldi bifreiðina Gylfa Sigurðssyni, Fálkagötu 34, Reykjavík, með afsali, dags. 13. júní 1969.

Stefndi heldur því fram, að hann hafi keypt bifreiðina í góðri trú, enda nafn seljanda aldrei nefnt á nafn í sambandi við bifreiðina og viðskipti stefnanda og Sokkabúðarinnar h/f hafi verið honum með öllu ókunn. Hvorugur þessara aðilja hafi tilkynnt eigendaskipti til Bifreiðaeftirlitsins, sem þeir báru ábyrgð á. Ef stefnanda þótti gengið á rétt sinn í sambandi við sölu bifreiðarinnar, bar honum að snúa sér án ástæðulauss dráttar til þeirra manna, sem hann taldi hafa misfarið með eign sína, og rifta sölugerningnum, ef efni voru til, og þá annað hvort heimta bifreiðina aftur eða andvirði hennar.

Þá bendir stefndi og á, að Guðni Þór Nicolaison hafi haft umboð til sölu bifreiðarinnar og geti stefnandi ekki nú komið og heimtað andvirði hennar af sér, þar sem lögleg sala hafi farið fram fyrir tilstilli umboðsmannsins.

Niðurstaða.

Í máli þessu er komið fram, að stefnandi máls þessa var aldrei skráður eigandi bifreiðarinnar G 1084. Ósannað er, að stefnda hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um tilkall hans til bifreiðarinnar, þegar frá afsali og umskráningu var gengið, enda Sokkabúðin h/f þá orðin formlegur eigandi, en skráður eigandi Bernharður Sturluson, sem stefndi fékk síðan sölutilkynningu frá. Ógildingarástæðum stefnanda gagnvart Guðna Þór Nicolaisyni virðist vart vera beint gagnvart stefnda nú, enda ekki sannað, að sala Sokkabúðarinnar h/f á bifreiðinni til stefnda á þeim tíma, er hún fór fram, hafi verið ólögmæt. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ármann Sigurjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Gunnarsson, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 5. desember 1974.

Nr. 186/1973: **Magdalena v. Zundert**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Lögreglustjóranum í Reykjavík
vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Synjað innsetningargerðar. Skráningarmerki bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 1. október 1973. Það mál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 3. desember 1973. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 28. desember 1973. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og henni „verði með fógetagerð afhent ný skráningarmerki R 188 gegn afhendingu gamalla merkja R 188.“ Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi verður talið, að með greiðslu áfrýjanda hinn 13. júní 1972 hafi hún öðlast eignarrétt að skráningarmerki bifreiðar með einkennisstöfunum R 188. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magdalena v. Zundert, greiði stefnda, lög-

reglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1973.

Gerðarbeiðandi, Magdalena v. Zundert, Hellu við Suðurlandsbraut, hefur krafist þess, að ný skrásetningarmerki bifreiðar R 188 verði tekin af gerðarþola, lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, og henni fengin þau gegn afhendingu á gömlum númeraplötum með sama skrásetningarnúmeri. Hún krefst málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af gerðarþola hálfu er því mótmælt, að gerð þessi nái fram að ganga. Er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Fógetamál þetta var tekið til úrskurðar þegar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 20. fyrri mánaðar.

Svo er skýrt frá af gerðarbeiðanda hálfu, að hún hafi komist að því af tilviljun í júní 1972, að skrásetningarnúmerið R 188 væri laust til skráningar. Þetta hafi verið athugað nánar í Bifreiðaeftirlitinu og reynst vera rétt. Hafi bifreið gerðarbeiðanda, sem bar númerið R 2394, síðan verið tryggð sem númer R 188 og að því búnu skrásett á tíðkanlegan hátt hjá Bifreiðaeftirlitinu sem R 188. Með því að númeraplötur þær, er bifreiðaeftirlitsmaður afhenti, hafi verið orðnar lélegar, hafi um leið verið pantaðar nýjar númeraplötur og þær greiddar. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram í málinu sem rskj. 2 og 3 ljósrit af skráningarskírteini og kvittun. En gerðarbeiðandi kveðst ekki hafa fengið afhentar þær nýju númeraplötur, sem hún hafi greitt. Hafi lögreglustjóri tilkynnt með bréfi 14. ágúst 1972, rskj. 11, að þessi bifreið hafi verið afskráð sem R 188.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur fært fram í málinu, að mistök hafi orðið, er gerðarbeiðandi fékk þessa umskráningu. Hafi þau verið leiðrétt þannig, að bifreið hennar hafi verið skráð á sín fyrri númer, og gerðarbeiðanda tilkynnt um það, eins og lög geri ráð fyrir. Hún eigi nú engan rétt til að nota skráningarmerkið R 188.

Júlíus Bernburg bifreiðaeftirlitsmaður hefur gefið lögreglustjóra skýrslu, dags. 11. júlí 1972. Er hún lögð fram í máli þessu sem rskj. 6. Þar segir Júlíus, að þann 13. júní s. á. hafi komið sér ókunnur maður á afgreiðslu Bifreiðaeftirlitsins og hafi sá lagt

fram tilskilin gögn til umskráningar bifreiðarinnar R 2394 á númer R 188 og getið þess um leið, að númer R 188 lægi inni. Kveðst Júlíus hafa talið víst, að um væri að ræða þann hinn sama, er haft hafði þetta skrásetningarnúmer og lagt það inn. Það sé ekki venja að heimta persónuskilríki af fólki í þessum tilvikum, og með því að númeraspjöldin R 188 lágu á tíðkanlegum geymslustað, kveðst Júlíus hafa orðið við beiðni þessa manns um umskráningu. Síðar hafi komið í ljós, að númeraplöturnar höfðu verið lagðar inn til geymslu á nafni Rögnvalds Haraldssonar.

Rögnvaldur Haraldsson, Brúnalandi 4, hefur að beiðni lögreglustjóra gefið skýrslu, sem dagsett er þann 14. júlí 1972, og er hún lögð fram sem rskj. 7 í máli þessu. Hann segist hafa eignast bifreiðina R 188 á árinu 1967 og haft þetta skráningarnúmer síðan á þeim bifreiðum, sem hann hafi átt. Hann kveðst hafa skipt um bifreið í júní 1972 og þá lagt númeraspjöldin inn til geymslu hjá Bifreiðaeftirlitinu og fengið það loforð, að þau yrðu geymd honum þar í vikutíma að minnsta kosti. Hann segist nú hafa ætlað að vitja númeranna þann 13. sama mánaðar, en þá verið tjáð, að númeraspjöldin hefðu verið látin á aðra bifreið daginn áður, og hafi Júlíus Bernburg sagt, að spjöldin mundu hafa verið afhent af misgáningi. Það er komið fram í málinu við munnlegan flutning þess, að gerðarbeiðandi heldur númeraplötum þeim, sem henni voru afhentar við umskráninguna 13. júní 1972. Hún hefur verið krafin afhendingar á þessum spjöldum, en hefur ekki orðið við því og hefur bifreið sína læsta inni í skúr við heimili sitt. En Rögnvaldur Haraldsson hefur notað númerið R 188 á sinni bifreið. Það hefur og komið fram í málinu, að gerðarbeiðanda hefur verið boðið eitthvert annað skrásetningarnúmer, sem hún gæti sætt sig við, en ekki hefur orðið samkomulag um það.

Í málflutningi gerðarbeiðanda er lögð áhersla á það, að henni, eða réttara sagt eiginmanni hennar, Þorsteini Þorsteinssyni, hafi verið tjáð af starfsmanni Bifreiðaeftirlitsins, að númerið R 188 væri laust til skráningar. Hún hafi verið algerlega í góðri trú, er hún tryggði bifreið sína á þetta númer, og hafi hennar góða trú enn frekar grundvallast, er sendimanni hennar, sbr. vottorð á rskj. 13, hafi athugasemdalaust verið afhentar númeraplötur og skráning framkvæmd og þá er athugasemdalaust var tekið við pöntun og greiðslu vegna nýrra númeraplatna. Við þessar athafnir Bifreiðaeftirlitsins hafi gerðarbeiðandi fengið allan rétt sem kvaðalaus skráningarhafi til að hafa númer R 188 á bifreið sinni. Jafnframt er því mótmælt, að Bifreiðaeftirlitið hafi ekki haft full-

an ráðstöfunarrétt á þessu skráningarnúmeri, og er skýrslum Júlíusar Bernburgs og Rögnvalds Haraldssonar sérstaklega mótmælt í því atriði. En að öðru leyti skipti loforð bifreiðaeftirlitsmanns engu máli, þótt gefið hefði verið. Umferðarlög geri ekki ráð fyrir því, að skráningarnúmer séu geymd fyrir einn né neinn. Starfsmenn Bifreiðaeftirlitsins hafi alveg í hendi sér, hvaða númer þeir láti í umferð, en hafi númer verið látið í té og skráningarhafi sé í góðri trú, þá sé Bifreiðaeftirlitið við það bundið, svo sem horfi við í þessu máli. Þetta komi glöggt fram í 20. grein umferðarlaga nr. 40/1968 samkvæmt gagnályktun.

Af gerðarþola hálfu er bent á það, að mistök hafi orðið af hálfu Bifreiðaeftirlitsins, en þau mistök hafi verið leiðrétt og verði gerðarbeiðandi að sætta sig við þá skipan mála. Telja verði, að samkvæmt 12. gr., 1. mgr., og 14. gr., 3. mgr., umferðarlaga sé sú regla auðséð, að skráningarmerki bifreiða séu eign hins opinbera, en lögreglustjóri ráðstafi þeim til þess ökutækis, sem honum þyki eðlilegast hverju sinni. Það sé föst venja hjá Bifreiðaeftirlitinu og umferðarlög mæli því ekki á móti, að ef handhafi að skráningarmerki óski þess að fá merki sín geymd, meðan hann er að skipta um bifreið, þá sé orðið við því, og þá er Rögnvaldur Haraldsson lagði inn merkispjöldin að R 188, og sölutilkynning hljóðaði um, að þau yrðu geymd, þá hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að þetta yrði látið eftir honum. Góð eða vond trú gerðarbeiðanda sé algerlega óviðkomandi rétti til skráningarmerkis. Því er ekki mótmælt, að erindreka gerðarbeiðanda hafi verið tjáð, að númeraspjöldin lægju inni, en hitt er vefengt, að hann hafi fengið að vita, að númerið væri laust til skráningar. Hljóti þar að vera um einhvers konar misskilning að ræða. Hitt hafi ekki verið óeðlilegt, að bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi ekki varað sig á því, að sá, sem fékk skráninguna og tók númeraspjöldin, var erindreki gerðarbeiðanda, en ekki Rögnvalds Haraldssonar. Lögreglustjóri hafi réttilega gefið út skipun um það, að bifreið gerðarbeiðanda, sem samkvæmt áður margsögðu var búin að fá númer R 188, skyldi tekin úr umferð og skráningarmerkjum skilað, en gerðarbeiðandi hafi valið þann kostinn að læsa bifreiðina inni. Sé ekkert við því að segja, en hins vegar hafi Rögnvaldi Haraldssyni verið fengið þetta númer, R 188, enda hafi hann ekki fyrirgert rétti til þess, og vegna bifreiðatryggingar og hjólhýsisskráningar á þessu númeri hafði honum verið breyting á númerinu bagaleg.

Þessi fógetamálshöfðun gengur út á það, að fógeti taki númeraplötur bifreiðar af lögreglustjóra og afhendi gerðarbeiðanda þær.

Ef taka ætti beiðni gerðarbeiðanda til greina, væri það sama sem að fógeti skipaði lögreglustjóra að skrá bifreið Rögnvalds Haraldssonar af hinu umdeilda númeri, en skrá í staðinn bifreið gerðarbeiðanda á sama númer. Fógetaréttur hefur ekki vald til að kveða upp slíka úrskurði. Er því synjað um gerð þessa.

Það er óhjákvæmilegt að úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola málskostnað. Hann ákveðst 15.000.00 krónur.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1974.

Nr. 206/1974: **Valdstjórnin**
gegn
Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Þórir Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 27. nóvember 1974, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðilja.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1974.

Ár 1974, þriðjudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Kærði, Magnús Helgi Kristjánsson, Lambhóli við Starhaga, var hinn 27. október s.l. úrskurðaður í allt að 60 daga gæsluvarðhald vegna síendurtekinna brota á almennum hegningarlögum 19/1940. Úrskurði þessum skaut kærði til Hæstaréttar Íslands með kæru, dags. 28. október s.l. Í dómi Hæstaréttar Íslands, sem upp var kveðinn 5. þ. m., segir m. a.: „Með skírskotun til málavaxtalýsingar hins kærða úrskurðar þykir gæsluvarðhaldstími varnaraðilja hæfilega ákveðinn allt að 30 dögum frá 27. október 1974 að telja, sbr. 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974".

Gæsluvarðhaldstími kærða rennur því út í dag.

Við rannsókn máls þessa og yfirheyrslur yfir Þóri Þórissyni, Langholtsvegi 169, Reykjavík, sem einnig situr í gæsluvarðhaldi vegna fjölmargra þjófnaðarbrota, beindist rökstuddur grunur um aðild kærða að fleiri innbrotum en hann hafði játað. Við frekari yfirheyrslur játaði kærði að hafa í september og október s.l. í félagi við nokkra aðilja aðra brotist inn á 12 stöðum í þjófnaðarskyni:

1) Einimelur 14, Reykjavík. Stolið jafnvirði ísl. kr. 130.000.00.
2) Laugarásvegur 13, Reykjavík. Stolið ávísun að fjárhæð kr. 36.467.00 og hún seld í banka.
3) Bergstaðastræti 79, Reykjavík. Stolið dönskum kr. 2.400.00 og gullhálsmeni.
4) Háuhlíð 10, Reykjavík. Telur, að engu hafi verið stolið, en saknað er 2 silfurdala og minnispenings um Kennedy.
5) Háuhlíð 20, Reykjavík. Hlutdeild í broti annars.
6) Heiðabæ 5, Reykjavík. Stolið sparimerkjum að verðmæti kr. 6.000.00.

7) Hringbraut 77, Reykjavík. Engu stolið.
8) Sunnubraut 16, Kópavogi. Engu stolið.
9) Faxatún 40, Garðahreppi. Stolið 7-8.000.00.
10) Lindarflöt 32, Garðahreppi. Stolið ca. 50-60 þús. krónum.
11) Sörlaskjól 60, Reykjavík. Engu stolið. Grunaður um aðild.
12) Hringbraut 53, Reykjavík. Stolið kr. 50.000.00.

Loks hefur kærði viðurkennt að hafa í félagi við fimm aðilja brotist inn í fjölmarga sumarbústaði við Þingvallavatn í þjófnaðarskyni, og er rannsókn þeirra mála á frumstigi.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. október s.l., var kærði dæmdur í 10 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, og unir hann þeim dómi, en nokkur bið getur orðið á því, að dómur þessi verði falinn sakadómi Reykjavíkur til fullnustu.

Sakarferill kærða er slíkur, að ekki þykir verða hjá því komist með skírskotun til ofanritaðs og tilvísunar til 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæsluvarðhaldsvist hans enn um sinn, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem kærði hefur játað háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Helga Kristjánssonar framlengist um allt að 45 dögum frá lokum varðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 27. október s.l., eða til föstudagsins 10. janúar 1975, klukkan 1640.

Miðvikudaginn 9. desember 1974.

Nr. 144/1973: **Íslenska Útflutningsmiðstöðin h/f**
(Óttar Yngvason hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Farmgjald. Verðlagsákvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða sér „kr. 76.028.00 með 7% ársvöxtum af kr. 5.372.00 frá 27/1 1972 til 29/2 1972, af kr. 26.198.00 frá þeim degi til 16/3 1972, af kr. 33.812.00 frá þeim degi til 6/4 1972, af kr. 41.088.00 frá þeim degi til 20/4 1972, af kr. 51.071.00 frá þeim degi til 3/5 1972, af kr. 63.930.00 frá þeim degi til 24/5 1972 og af kr. 76.028.00 frá þeim degi til 16/5 1973 og 9% ársvexti af kr. 76.028 frá þeim degi til greiðsludags". Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi er aðild áfrýjanda að máli þessu eigi vefengd.

Samkvæmt vottorði verðlagsstjóra frá 28. nóvember 1974 hefur eigi tíðkast að birta almenningi verðlagsákvarðanir slíkar sem þær, er greinir í máli þessu.

Þegar virtur er aðdragandi að ákvörðun verðlagsnefndar 28. janúar 1972 og staðfesting ríkisstjórnar á henni 1. febrúar s. á., þykir sýnt, að verðlagsákvarðanir þær, er mál þetta varðar, tóku m. a. til farmgjalda fyrir flutning af hálfu áfrýjanda með skipum stefnda. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 6. júní 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. maí s.l., höfðaði Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Íslensks Útflutnings h/f, Eiríksgötu 19, Reykjavík, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. júní 1972, gegn H/f Eimskipafélagi Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík, til greiðslu á kr. 76.028.00 með 7% ársvöxtum af kr. 5.372.00 frá 27. janúar 1972 til 29. febrúar 1972, af kr. 26.198.00 frá þeim degi til 16. mars 1972, af kr. 33.812.00 frá þeim degi til 6. apríl 1972, af kr. 41.088.00 frá þeim degi til 20. apríl 1972, af kr. 51.071.00 frá þeim degi til 3. maí 1972, af kr. 63.930.00 frá þeim degi til 24. maí 1972 og af kr. 76.028.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu verulegs málskostnaðar að mati réttarins.

Málið var þingfest 16. júní 1972. Lögmaður stefnda fékk fresti til þess að skila greinargerð til 15. september 1972, en þá var málinu frestað um óákveðinn tíma. Formaður dómsins fékk málið til meðferðar í janúar 1973. Tók hann málið fyrst fyrir 5. mars s.l. Þann dag lagði lögmaður stefnanda fram dskj. nr. 25 og 26 og óskaði eftir því í samræmi við dskj. nr. 25, að heiti málsins yrði breytt í Íslenska Útflutningsmiðstöðin h/f gegn H/f Eimskipafélagi Íslands. Síðan var málinu frestað til gagnaöflunar til 13. apríl 1973 og svo aftur til 18. maí s.l., en þá lýstu lögmenn aðilja yfir, að gagnaöflun væri lokið, og fór síðan fram munnlegur málflutningur.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að undanfarna mánuði hafi stefnandi flutt út nokkurt magn af frystri rækju. Hafi þessi úflutningur farið með skipum stefnda til Kaupmannahafnar og Lysekil.

Fram yfir miðjan janúarmánuð 1972 hafi verið krafist í flutningsgjald með m/s Gullfossi frá Reykjavík til Kaupmannahafnar og Lysekil fyrir hvert tonn af frystri rækju 60 Bandaríkjadollara

á genginu kr. 88.30 pr. dollar, eða íslenskar kr. 5.298.00 fyrir hvert tonn.

Frá 27. janúar 1972 hafi stefndi hins vegar krafist í flutningsgjald fyrir sama vörumagn á sömu flutningaleiðum 30 sterlingspunda, fyrst á genginu kr. 225.00 pr. sterlingspund, um skeið á genginu kr. 230.00 pr. sterlingspund, en síðar á genginu kr. 233.00 pr. sterlingspund. Samkvæmt þessu hafi stefndi hækkað flutningsgjaldið fyrst upp í íslenskar kr. 6.750.00 og íslenskar kr. 6.900.00 fyrir hvert tonn og síðar í íslenskar kr. 6.990.00 fyrir hvert tonn.

Framangreindar hækkanir telur stefnandi ólöglegar. Telur stefnandi rétt flutningsgjald vera 60 Bandaríkjadollarar á genginu kr. 88.30 pr. dollar, eða íslenskar kr. 5.298.00 fyrir hvert tonn.

Mál þetta er höfðað til þess að endurkrefja úr hendi stefnda oftekið flutningsgjald sem hér segir:

„Reikn.

dags.	Magn.	Greitt stefnda.	Átti að greiða.	Oftekið.
27/1 1972	3.7 tn.	kr. 24.975.00	kr. 19.603.00	5.372.00
29/2 1972	3.3 —	— 22.770.00	— 17.483.00	5.287.00
29/2 1972	9.7 —	— 66.930.00	— 51.391.00	15.539.00
16/3 1972	4.5 —	— 31.455.00	— 23.841.00	7.614.00
6/4 1972	4.3 —	— 30.057.00	— 22.781.00	7.276.00
20/4 1972	5.9 —	— 41.241.00	— 31.258.00	9.983.00
3/5 1972	7.6 —	— 53.124.00	— 40.265.00	12.859.00
24/5 1972	7.15 —	— 49.979.00	— 37.881.00	12.098.00“

Stefnandi rökstyður kröfu sína með því, að umrædd flutningsgjaldahækkun sé ólögmæt. Lögum samkvæmt megi ekki hækka verðlag á vörum og seldri þjónustu frá því, sem var 1. nóvember 1970, nema með samþykki verðlagsyfirvalda og sérstöku leyfi ríkisstjórnarinnar að auki, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1970, en samkvæmt 8. gr. sömu laga skyldu þau gilda til 31. ágúst 1971, sbr. og 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 77/1971, er m. a. framlengdi gildistíma nefndrar 1. gr. laga nr. 94/1970 til 31. desember 1971, en þá var ákvæðið leyst af hólmi af ákvæði sama efnis í 2. gr. laga nr. 94/1971, sem samkvæmt 3. gr. sömu laga öðlist gildi 1. janúar 1972 og gildi til 31. desember 1972. Með því að samþykki réttra aðilja (verðlagsyfirvalda og ríkisstjórnar) hafi ekki verið fengið til þeirrar hækkunar á þjónustu stefnda, sem mál þetta snúist um, sé hækkunin ólögmæt og oftekið flutningsgjald endurkræft.

Stefndi hafi talið umrædda flutningsgjaldahækkun heimila samkvæmt samningi um hækkun flutningsgjalda milli stefnda

og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna frá því í janúar 1972, enda hafi verðlagsnefnd fallist á hækkunina. Verðlagsnefnd muni að vísu hafa samþykkt að láta samning stefnda og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna „óátalinn", en það hafi enga þýðingu í þessu máli af eftirgreindum ástæðum:

1. Ríkisstjórnin hafi ekki samþykkt hækkanirnar. Séu þær því ólöglegar og óskuldbindandi, jafnvel fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
2. Stefnandi sé ekki aðili að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og því ekki bundinn af neinum samningum, sem þau samtök geri.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að staðfesting yfirvalda á verðhækkun á flutningsgjöldum hafi eingöngu náð til samnings á milli stefnda og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna um flutningsgjöld.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sé ekki stór aðili að útflutningi á rækju. Þess vegna sé ekki sanngjarnt, að samningur á milli Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og stefnda bindi aðra rækjuútflytjendur. En með samningi þessum hafi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tryggt sér hagkvæmari samninga um önnur flutningsgjöld.

Engin ástæða sé til að undanskilja flutningsgjöld stefnda almennum verðlagsákvæðum.

Af hálfu stefnda er tekið fram, að stefndi hafi um mörg ár haft sérstaka samninga við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Í samningunum hafi stefndi tekið að sér að flytja allar frystar sjávarafurðir fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gegn ákveðnu flutningsgjaldi. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sé, sem kunnugt er, stærsti útflytjandinn á frystum sjávarafurðum á Íslandi. Þar sem hér hafi verið og sé um mjög mikinn útflutning að ræða, hafi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna jafnan fengið mjög hagstæð kjör á flutningsgjöldum. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi ekki talið annað fært en að láta sömu taxta gilda um aðra útflytjendur, hvort sem þeir hafi verið smáir eða stórir. Hafi hin almennu flutningsgjöld jafnan tekið breytingum hjá öðrum útflytjendum í samræmi við hina gerðu samninga við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hafi orðið hinum smáu útflytjendum til mikils hagræðis. Hafi þessi framkvæmd, sem eðlilegt sé, aldrei sætt gagnrýni af opinberri hálfu.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd m. a. með því, að stefndi hafi fylgt ákvæðum laga nr. 94 frá 1970 og laga nr. 94

frá 1971 út í æsar. Í því sambandi er bent á bréf stefnda til viðskiptaráðuneytisins, dags. 24. janúar 1972, dskj. nr. 19. Í því bréfi hafi verið skýrt frá hinum nýju samningum við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem gilda skyldu frá 1. janúar 1972 til ársloka það ár. Í bréfinu sé að finna nákvæma sundurliðun á flutningsgjöldum, eins og þau voru árið 1971 og eins og þau urðu á árinu 1972. Sé sérstaklega tekið fram, hvaða hækkun hafi orðið. Bréfi stefnda ljúki með þessum orðum:

„Eimskipafélagið óskar hérmeð efir staðfestingu ráðuneytisins og/eða Verðlagsnefndar, eftir því sem við á, á hinum umsömdu flutningsgjöldum, eins og þau eru tilgreind hér að framan."

Í niðurlagi bréfsins sé sem sé ekki eingöngu óskað staðfestingar á hinum hækkuðu flutningsgjöldum samkvæmt samningi Eimskipafélagsins og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, heldur á flutningsgjöldum á þeim vörum, þ. á m. rækju í öllum útflutningi, þ. e. hjá öðrum en Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Bréfi þessu hafi verðlagsstjóri svarað 2. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 20, en það hljóði svo:

„Verðlagsnefnd hefir fjallað um erindi yðar frá 24. janúar sl. varðandi samninga yðar við Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna um hækkun flutningsgjalda á frystum fiski frá Íslandi á árinu 1972. Samþykkti nefndin að láta umræddar hækkanir óátaldar.

Þetta tilkynnist yður hér með."

Lögmaður stefnda og forstjóri stefnda hafi skrifað viðskiptaráðuneytinu bréf 21. júní 1972, dskj. nr. 22, en þar segir svo orðrétt:

„Eimskipafélag Íslands óskar staðfestingar hins háa ráðuneytis á því, að farmgjöld af útfluttum sjávarafurðum á árinu 1972 skuli vera hin sömu og tekið er fram í áminnstu bréfi félagsins frá 24. janúar 1972, ekki eingöngu fyrir frystar fiskafurðir fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, heldur og fyrir allar þær frystar fiskafurðir, sem fluttar eru fyrir aðra. Þarf ekki að taka fram, að Eimskipafélagið getur að sjálfsögðu ekki flutt frystar fiskafurðir fyrir aðra en S.H. á lægri töxtum en fyrir S.H., sem er lang stærsti útflytjandinn á frystum fiskafurðum".

Svar við þessu bréfi hafi stefnandi fengið frá viðskiptaráðuneytinu 26. júní 1972, dskj. nr. 23, sem sé algerlega ótvírætt og

staðfesti, að hækkun á flutningsgjöldum af frystum sjávarafurðum hafi verið lögmæt.

Af hálfu stefnda er sérstök athygli vakin á því, að bréf stefnda á dskj. nr. 19 og 22 séu send viðskiptaráðuneytinu. Enn fremur, að bréfið á dskj. nr. 23 sé sent stefnda af viðskiptaráðuneytinu og undirritað af ráðuneytisstjóra f. h. ráðherra.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hverjum þeim, sem óski hækkunar á verði vöru eða þjónustu, sé nægilegt að snúa sér til viðskiptaráðuneytisins, svo sem hér hafi verið gert, og með afgreiðslu málsins hafi ráðuneytið beinlínis falið verðlagsnefnd að ráða því til lykta. En hér hafi annað og meira gerst. Ákvörðun verðlagsnefndar hafi verið staðfest í ríkisstjórninni 1. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 23. Með þessu hafi hækkun á flutningstöxtum Eimskipafélagsins á árinu 1972 hlotið endanlega staðfestingu.

Stefndi hefur enn fremur krafist sýknu vegna aðildarskorts stefnanda, stefnandi máls þessa sé Íslenskur Útflutningur h/f, en samkvæmt upplýsingum borgarfógetaembættisins í Reykjavík sé ekkert hlutafélag skráð með því nafni. Hins vegar hafi hinn 8. júní 1972 verið skráð firmað „Íslenskur Útflutningur" og sé einkaeigandi þess Konráð Axelsson, Skipholti 24.

Skýra ber ákvæði 2. gr. laga nr. 94/1971 svo, að samþykki verðlagsnefndar og ríkisstjórnar hafi þurft til hækkunar þeirrar á flutningsgjöldum, sem mál þetta fjallar um. Samkvæmt þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram undir rekstri málsins, verður að telja stefnanda réttan og löghæfan aðilja til að krefja stefnda um endurgreiðslu á þeim farmgjöldum, sem í málinu greinir, að því leyti sem um endurkröfurétt kynni að vera að ræða vegna þess, að stefnda hafi skort áskilin leyfi til nefndrar hækkunar. Á það verður hins vegar ekki fallist, þar sem rétt þykir að skýra ákvörðun verðlagsnefndar frá 28. janúar 1972 og staðfestingu ríkisstjórnarinnar á þeirri ákvörðun hinn 1. febrúar 1972 á þá leið, að þar hafi stefnda verið heimiluð sama hækkun flutningsgjalda og greinir í þessum ákvörðunum, þegar um sams konar flutninga væri að ræða fyrir aðra aðilja en Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, enda þótt fallast megi á með stefnanda, að orðalag umsóknar stefnda og fyrrgreindra ákvarðana stjórnvalda bendi fremur til hins gagnstæða. Samkvæmt þessari skýringu er ljóst, að leggja ber til grundvallar, að stefndi hafi haft heimild verðlagsyfirvalda til umræddrar hækkunar farmgjalda, sem stefndi krafði stefnanda um og stefnandi greiddi. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram

á, að stefnandi sé af öðrum ástæðum óbundinn af hækkun þessari, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Eggert Kristjánsson lögfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Íslensku Útflutningsmiðstöðvarinnar h/f.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 73/1973: **M**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
K og
(Ingi Ingimundarson hrl.)
N
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Barnsfaðernismál. Fyllingareiður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1973. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu. Á hendur stefnda N gerir áfrýjandi einungis kröfu um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefnda, sem hefur fengið gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti,

krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er sig varði. Jafnframt krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi N krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Um málskostnað fer sem hér greinir:

Ef stefnda vinnur eiðinn, eru málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest, og skal áfrýjandi greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, sem renni í ríkissjóð. Ef stefndu verður eiðfall, greiði hún áfrýjanda kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði falli niður. Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns hennar í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 38.000.00. Málskostnaður fyrir Hæstarétti, að því er varðar stefnda N, fellur niður.

Það athugast, að áfrýjandi er samkvæmt gögnum máls skráður í prestsþjónustubók faðir barns þess, er málið fjallar um, eftir einhliða skýrslu stefndu og að áfrýjanda fornspurðum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til eiðvinningar eru tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa. Ef stefnda, K, vinnur eiðinn, eru málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest, og skal áfrýjandi, M, greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, er renni í ríkissjóð.

Nú verður stefndu eiðfall, og skal hún þá greiða áfrýjanda kr. 30.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns

hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 38.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1973.

Ár 1973, föstudaginn 16. febrúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 6/1973: K gegn M og N, sem tekið var til dóms 2. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, . . . , sem er ógift, ól hinn 18. september 1970 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið A. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, . . . Hann hefur ekki viljað gangast við faðerni barnsins, og höfðaði sóknaraðili því þetta mál gegn honum hinn 17. september 1971. Eru dómkröfur hennar þær, að varnaraðili verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk til sín og tryggingariðgjald sitt fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um fyllingareið. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili M hefur krafist sýknu af kröfum sóknaraðilja, en til vara synjunareiðs. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

N . . . , hefur verið dreginn inn í mál þetta sem varnaraðili ex officio. Hefur hann krafist sýknu í málinu.

Sóknaraðili, K, hefur skýrt frá því, að hún hafi kynnst B snemma á árinu 1969. Tókust með þeim kynni, og hittust þau við og við það ár þar til um mánaðamótin nóvember-desember. Höfðu þau samfarir í nokkur skipti í nóvember, síðast skömmu fyrir mánaðamótin nóvember- desember. Sóknaraðili kynnist þá varnaraðilja M á dansleik í veitingahúsinu Glaumbæ. Tókust kynni með þeim, og kveður hún þau hafa haft samfarir í nokkur skipti í desember heima hjá varnaraðilja, en síðast 2. janúar 1970. Var ávallt um fullkomnar samfarir að ræða og engin tilraun gerð til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður hafa slitnað upp úr kunningsskap þeirra M eftir 2. janúar. Hinn 10. janúar hitti hún B aftur, og höfðu þau þá samfarir. Sóknaraðili kveðst ekki hafa haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barns hennar, en henni var kynnt, hver hann geti verið. B hefur útilokast frá að-

erni með blóðflokkarannsókn, og kveður sóknaraðili því engan annan karlmann en varnaraðilja M koma til greina sem föður að barni hennar. Sóknaraðili hafði síðast á klæðum, áður en hún varð ófrísk, síðast í nóvember, en hvaða daga það var, man hún ekki nákvæmlega. Sóknaraðili taldi það öruggt um miðjan febrúar, að hún væri orðin ófrísk, og lét varnaraðilja vita um það. Varnaraðili svaraði því til, að hann ætti ekkert í barni sóknaraðilja og gæti hún farið eitthvað annað til að finna föður að því.

Varnaraðili M hefur skýrt frá því, að hann hafi búið í . . . hjá kunningja sínum á árinu 1969. Sóknaraðili starfaði þá í verslun-inni X, sem er í sama húsi, og þekkti hann hana í sjón. Varnaraðili kveður ekki hafa verið um nein kynni milli þeirra að ræða og hafi þau ekki einu sinni verið málkunnug. Honum var kynnt það, sem sóknaraðili segir um kynni þeirra. Varnaraðili mótmælti framburði hennar í öllum atriðum. Kveðst hann aldrei hafa haft samfarir við sóknaraðilja og neitar, að hún hafi nokkurn tíma komið heim til hans. Varnaraðili neitar því og, að sóknaraðili hafi nokkurn tíma hringt til hans til að láta hann vita, að hún væri ófrísk. Varnaraðilja var kynntur framburður sóknaraðilja. Varnaraðili mótmælti framburðinum og kveður sóknaraðilja aldrei hafa rætt við sig um barn hennar. Varnaraðili kveðst aldrei hafa heyrt getið um barn sóknaraðilja, fyrr en hringt var til hans vorið 1971 frá Rannsóknastofu Háskólans og hann beðinn að mæta þar til blóðrannsóknar vegna barns sóknaraðilja. Varnaraðili fór þangað, og var tekið úr honum blóð til rannsóknar. Varnaraðili þekkir ekkert til sóknaraðilja og veit ekkert um kynni hennar af karlmönnum á umræddum tíma.

Sóknaraðili lagði fram í málinu ljósmynd ásamt filmu, og eru gögn þessi þingmerkt nr. 6 og 7. Á ljósmyndinni situr sóknaraðili í faðmi dökkhærðs manns, og halda þau hvort utan um annað. Í baksýn á myndinni sést borð með dúk.

Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að ljósmyndin sé af sér og varnaraðilja M. Elías Hannesson ljósmyndari hafi tekið mynd þessa í Þórscafé á tímabilinu frá 12. desember 1969 til áramóta, en hvaða dag það var, kveðst sóknaraðili ekki geta sagt nákvæmlega. Með þeim sóknaraðilja og varnaraðilja voru í Þórscafé í umrætt skipti D, þá til heimilis . . ., og E, er rekur verslunina Y . . .

Varnaraðilja var sýnd umrædd mynd, og kveður hann hana vera af sér og sóknaraðilja. Hafi hann aldrei séð mynd þessa áður og eigi vita, hvar hún sé tekin.

Sóknaraðili hefur enn fremur skýrt frá því, að hún hafi farið

fyrst í læknisskoðun 19. febrúar 1970, sbr. vottorð Guðmundar Jóhannessonar læknis, er hér á eftir verður rakið. Hafi hún þá fengið staðfest, að hún væri ófrísk. Fór hún þá til F, kunningjastúlku sinnar, en hún vann þá hjá . . . Hafi F farið með henni til D . . . D hafi ekið þeim þaðan að Z, en komið við í apóteki á leiðinni og keypt blátt snuð. Sóknaraðili kveður D hafa rætt við varnaraðilja á Z, en þær hafi beðið úti í bílnum, og hafi þau síðan farið aftur niður í . . . Kom varnaraðili þangað skömmu síðar, og skýrði sóknaraðili honum þá frá því, að hún væri ófrísk af hans völdum. Varnaraðili svaraði henni þá eins og í framburði hennar að framan greinir. Sóknaraðili kveðst síðar hafa rætt við B og sagt, að hann gæti komið til greina sem faðir að barni hennar. B svaraði engu til um það, en sagðist vilja láta blóðrannsókn fara fram.

Vitnið F, . . ., hefur skýrt frá því, að sóknaraðili hafi komið til sín hinn 19. febrúar 1970 eftir læknisskoðunina og skýrt sér frá því, að hún hefði fengið það staðfest, að hún væri ófrísk. Vitnið hafði kynnst sóknaraðilja um áramótin 1969-1970, og hafði það ráðlagt henni að leita læknis vegna gruns hennar um, að hún væri þunguð, skömmu áður en hún fór í skoðunina. Vitnið skýrir frá því, að sóknaraðili hafi tekið getnaðarvarnarpillur á þeim tíma, sem vitnið kynntist henni. Vitnið kveðst hafa farið ásamt sóknaraðilja í framangreint skipti upp í . . . og hafi þær hitt þar að máli D, en vitnið hafi áður hringt til hans. Vitnið minnist þess ekki, að þau hafi síðan farið öll saman á Z til að hitta varnaraðilja M, en minnir, að hann hafi komið niður í . . ., en þar átti sóknaraðili tal við hann. Vitnið minnist þess, að sóknaraðili skýrði varnaraðilja frá því, að hún væri ófrísk, en eigi man það nú, hvernig orð féllu milli þeirra. Hafi sóknaraðili og varnaraðili rætt einslega mál þetta. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá í framangreint skipti, að hún væri örugg um það, að varnaraðili væri faðir að barni hennar, og kæmi þar enginn annar til greina, og miðaði hún þá við útreikninga, sem hún hefði gert. Sóknaraðili nefndi einnig B, sem vitnið vissi, að var kunningi hennar, en aldrei hafði hún orð á því, að hann gæti komið til greina sem faðir að barni hennar. Vitnið sá framangreinda mynd á dskj. nr. 6. Kveður það hana vera af sóknaraðilja, K, og varnaraðilja M.

Vitnið D, . . . , hefur skýrt frá því, að sóknaraðili, K, hafi starfað hjá því í versluninni X í . . . frá því í október 1969 þar til í janúar 1970. Vitnið þekkti varnaraðilja M, og hittust þeir stundum á

þessum tíma. Vitnið veitti því ekki athygli, að samdráttur væri með sóknaraðilja og varnaraðilja, en tók fram í þessu sambandi, að milli 60 og 70 manns hafi starfað hjá þeim fyrirtækjum, sem það hefur starfað við. Vitnið kveður varnaraðilja hafa stundum komið í verslunina til þess um lokunartíma, er það var að gera upp, og hafi þá sóknaraðili verið þar stödd. Þeir varnaraðili hafi oft farið saman á skemmtistaði, og minnist það þess, að í eitt skipti hittu þeir sóknaraðilja. Vitnið heldur, að það megi fullyrða, að þeir varnaraðili hafi farið saman á brott, án þess að sóknaraðili færi með þeim. Vitnið kveður F hafa hringt til sín einhvern tíma snemma á árinu 1970, á meðan sóknaraðili vann ennþá hjá því, og skýrt sér frá því, að sóknaraðili væri ófrísk og óvinnufær sökum taugaveiklunar. Sé það öruggt, að þau F hafi einhvern tíma minnst á þetta við varnaraðilja, en vitnið man ekki sérstaklega eftir því. Vitnið kveðst hafa heyrt bæði sóknaraðilja og G, . . ., hafa á orði, að þau hefðu lifað saman á milli jóla og nýárs og á gamlárskvöld árið 1969. Þá hafi piltur að nafni N, . . ., einhvern tíma sagt við sig, að vitnið ætti ágætt rúm í herbergi þess. Kvaðst hann í eitt skipti hafa farið með sóknaraðilja upp í íbúð vitnisins í . . . og haft þar við hana samfarir. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa annast ræstingu á íbúð þess og haft lykil að henni. Þá skýrði vitnið frá því, að sóknaraðili og B hafi verið saman á framangreindum tíma.

Vitnið E, . . ., hefur skýrt frá því, að það hafi kynnst sóknaraðilja, K, er hún starfaði í versluninni X. Kom hún í eitt skipti til vitnisins að . . . Vitnið man ekki fyrir víst, hvort hún kom með verslunarstjóranum í X, D, eða hvort hringt var í hana, en hún var stödd hjá því ásamt D og varnaraðilja M. Vitnið álítur, að það hafi verið varnaraðili, sem hringdi í hana. Fóru þau saman á skemmtistað í umrætt skipti, en vitnið man ekki fyrir víst, hvert farið var. Vitnið minnist þess, að þau fóru saman í eitt skipti í samkomuhúsið Þórscafé og í annað skipti í Sigtún. Vitnið man ekki, hvort varnaraðili og sóknaraðili dönsuðu saman, en gerir ráð fyrir, að svo hafi verið. Vitnið varð ekki vart við, að varnaraðili og sóknaraðili væru að draga sig saman í umrædd skipti, og vissi ekki, hvort þau fóru saman á brott. Vitnið sá myndina á dskj. nr. 6, er að framan greinir. Kveður það hana vera af sóknaraðilja og varnaraðilja. Vitnið minnist þess ekki að hafa verið viðstatt, er myndin var tekin. Vitnið kveðst eiga viðskipti við varnaraðilja M og sé hann kunningi þess.

G, . . ., er í framburði D greinir, hefur mætt í dómi. Kveðst

hann kannast við sóknaraðilja, K. Hafi þau kynnst í Vestmannaeyjum á árunum 1967-1968. Aldrei hafi þó verið náin kynni á milli þeirra, og neitar hann að hafa haft við hana nokkurn tíma samfarir. G var kynnt það í framburði D, er hann og sóknaraðilja varðar. Kveðst hann ekki kannast við að hafa viðhaft þau ummæli, er D hefur eftir honum og sóknaraðilja. Hann man ekki, hvort hann hitti sóknaraðilja milli jóla og nýárs eða á gamlárskvöld árið 1969. Hann kannast þó við að hafa hitt sóknaraðilja einhvern tíma á gamlárskvöld, en hvaða ár það var, man hann ekki.

Varnaraðili N, . . ., hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt sóknaraðilja K á dansleik í samkomuhúsinu Glaumbæ kvöld eitt í janúar eða febrúar 1970. Hann kveðst hafa þekkt sóknaraðilja. Eftir dansleikinn fóru þau saman að . . ., en sóknaraðili hafði lykil að íbúð þar. Hafi þau dvalist þar um nóttina og sofið saman á stórri dýnu, er náði yfir herbergi í íbúðinni. Varnaraðili kveður þau hafa afklæðst, en er þó ekki viss um, nema hann hafi sofið í fötunum. Þau hafi ekki breitt neitt yfir sig. Neitar varnaraðili að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í umrætt sinn. Varnaraðilja var kynntur framburður D. Hann kannast við að hafa sagt við D, að hann hefði einu sinni komið heim til hans í fylgd með sóknaraðilja. Hins vegar neitar hann því að hafa sagt honum, að hann hafi haft samfarir við sóknaraðilja. Varnaraðili skýrir frá því, að hann hafi í eitt skipti hitt varnaraðilja M í veitingahúsinu Glaumbæ um þetta leyti eða nokkru síðar. Sagði varnaraðili, að sóknaraðili væri að kenna honum barn, sem hún gengi með. Varnaraðili var að hallmæla sóknaraðilja fyrir það, að hún hefði sagst hafa tekið inn pilluna, á meðan hún var með honum, en það hefði ekki verið rétt. Þá minnist varnaraðili þess að hafa hitt varnaraðilja M í annað skipti í veitingahúsinu Glaumbæ. Fór hann þá að tala um mál þetta. Tók hann fram, að það eina, sem blóðprufa gerði, væri að afsanna og hann væri búinn að fá sér lögfræðing vegna málsins.

Varnaraðili skýrir frá því, að hann hafi verið með sóknaraðilja vorið og sumarið 1969 og haft þá samfarir við hana í nokkur skipti. Hafi hann síðast haft samfarir við sóknaraðilja sumarið 1969, að hann minnir í maí eða júní. Sóknaraðili skýrði varnaraðilja frá því, að hún notaði getnaðarvarnarpillur. Hann kveður þau ávallt hafa haft fullkomnar samfarir.

Að ósk talsmanns varnaraðilja M var H, . . ., yfirheyrður í máli

þessu. Hefur H skýrt frá því, að hann þekki D. Hann kveður varnaraðilja M hafa búið hjá D um tíma og hafi hann komið til þeirra. Sóknaraðili, K, var að vinna í versluninni X hjá D, en faðir hans er eigandi verslunarinnar. H kveðst hafa rætt í nokkur skipti við sóknaraðilja, en hann vissi, að kynni voru milli hennar og varnaraðilja M. H kveðst hafa hitt sóknaraðilja á skemmtistöðum og rætt við hana. Hann neitar, að nokkur náin kynni hafi verið milli þeirra, og kveðst engin önnur samskipti hafa átt við hana en nú hafa verið rakin. Hann kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því einhvern tíma fyrri hluta árs 1970, að hún væri ófrísk af völdum varnaraðilja M. H skýrði frá því, nánar aðspurður, að hann hafi séð sóknaraðilja, K, hjá varnaraðilja M í íbúð D í nokkur skipti, er hann kom þar. Þá minnist hann þess, að hann hafi séð sóknaraðilja og varnaraðilja M saman á dansleikjum um þetta leyti.

Vitnið I, . . ., kveðst vera kunnugt sóknaraðilja, K. Hafi hún og dóttir þess verið saman bæði í barnaskóla og kvennaskóla. Vitnið skýrir frá því, að á árunum 1969-1970 hafi það farið næstum vikulega um eins árs skeið til varnaraðilja M í . . ., en hann hafði . . . á . . .götu . . . Vitnið kveður dóttur sína hafa sagt sér, að kunningsskapur væri á milli sóknaraðilja og varnaraðilja. Hafi dóttir þess sagt því eftir sóknaraðilja, K, síðast í mars 1970, að sóknaraðili væri ófrísk af völdum varnaraðilja. Vitnið kveðst hafa farið að ræða þetta við varnaraðilja, er það kom í . . . til hans. Hafi hann aldrei borið fram nein andmæli gegn því, að hann væri faðir að barni sóknaraðilja, og var alltaf gengið út frá því í samtali vitnisins við hann, að svo væri. Vitnið ræddi mál þetta oft við varnaraðilja, á meðan það var í . . . hjá honum, og kom aldrei annað fram hjá honum. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa komið í tvö skipti í . . . til varnaraðilja, á meðan það var þar. Gaf varnaraðili sóknaraðilja . . . í bæði skiptin og í annað skiptið . . . Sóknaraðili var örg í skapi í annað skiptið, sem hún var hjá varnaraðilja, og telur vitnið, að það hafi verið vegna ástands hennar. Gekk hún lengra í aðfinnslum við varnaraðilja en venjulegt er. Varnaraðili umbar sóknaraðilja, að vitninu fannst vegna hinna nánu kynna þeirra, og tók með þolinmæði því, er hún sagði. Vitnið sagði varnaraðilja frá barni sóknaraðilja, er það var fætt. Sagði vitnið honum, að hann væri búinn að eignast son. Var rætt um mál þetta vítt og breitt í þessu sambandi, og neitaði varnaraðili því ekki, að hann væri faðir að barninu. Vitnið kveðst hafa

spurt varnaraðilja að því einu sinni, á meðan sóknaraðili gekk með barn sitt, hvort hann væri búinn að segja unnustu sinni frá því. Svaraði varnaraðili því neitandi.

Í síðari framburði skýrði sóknaraðili frá því, er henni hafði verið kynntur framburður vitnisins D, að því er varðar kynni hennar og G og varnaraðilja N, að aldrei hafi verið um náin kynni milli hennar og G að ræða. Neitaði hún að hafa nokkurn tíma haft við hann samfarir. Sóknaraðili neitar að hafa nokkurn tíma viðhaft þau ummæli, er D hefur eftir henni í framburði sínum. Sóknaraðili kveðst hafa þekkt G frá því á árinu 1967, en þau hafi aldrei haft náin kynni. Varðandi varnaraðilja N skýrði sóknaraðili frá því, að hún hafi hitt hann á dansleik í samkomuhúsinu Glaumbæ kvöld eitt í janúar 1970. Sóknaraðili man ekki, hvaða dag þetta var, en telur, að það hafi verið um miðjan mánuðinn. Fóru þau saman á brott af dansleiknum og héldu að . . ., en sóknaraðili hafði lykil að íbúð D, er þar bjó. Fóru þau upp í íbúðina og dvöldust þar til morguns. Hún kveður þau hafa afklæðst og háttað ofan í rúm D. Eigi fóru þau þó úr öllum fötum, og neitar sóknaraðili, að þau hafi haft samfarir. Sóknaraðili kveður varnaraðilja N aldrei hafa reynt að hafa samfarir við sig og hafi þau aðeins verið að spjalla saman um nóttina, enda séu þau ágætir vinir. Sóknaraðili kveður þetta hafa gerst, eftir að hún hafði samfarirnar við B í janúar.

Varðandi kynni sín af H þá skýrði sóknaraðili svo frá, að hún hafi kynnst honum, á meðan kynni hennar og varnaraðilja M stóðu. Kveðst sóknaraðili hafa byrjað að vinna í versluninni X í janúar 1970 og hafi varnaraðili útvegað sér vinnuna hjá D. H er kunningi D, og hafi hún hitt hann og rætt við hann, en ekkert meira hafi farið þeirra á milli. Sóknaraðili hitti H einnig á skemmtistöðum, en þau fóru aldrei þaðan á brott saman.

Þá mætti varnaraðili M einnig síðar, á meðan á meðferð máls þessa stóð, og voru honum kynntir framburðir vitnanna í málinu. Að því er framburð vitnisins E varðar, skýrði varnaraðili frá því, að sóknaraðili hafi verið stödd hjá E ásamt D, er hann kom þangað í framangreint skipti. Kveðst varnaraðili því ekki hafa hringt til sóknaraðilja, eins og E álíti. Annað hefur varnaraðili ekki við framburðinn að athuga.

Varnaraðili minnist þess ekki að hafa rætt við sóknaraðilja í . . ., eftir að hún var orðin ófrísk, eins og í framburði vitnisins F greinir.

Varnaraðili kveður vitnið I hafa oft komið til sín í . . ., eins og

í framburði hennar greinir. Hafi hún minnst á það við sig, að sóknaraðili væri ófrísk, en aldrei minntist vitnið á, hver væri faðir að barninu. Hafi það aldrei komið til tals milli þeirra. Varnaraðili kveður vel geta verið, að sóknaraðili hafi komið á . . . sína, en þar vinna fimm manns, en ekki man hann eftir skiptum þeirra í þessu sambandi.

Varnaraðili sýndi í dóminum 6 víxla, samtals að fjárhæð kr. 4.000.00, samþykkta af sóknaraðilja. Enginn útgáfudagur er á víxlunum, en gjalddagar eru 5. maí, 5. júní, 5. júlí, 5. ágúst, 5. september og 5. október árið 1970. Varnaraðili skýrði frá því varðandi víxla þessa, að sóknaraðili hafi keypt . . . hjá . . . Z, er kostaði 4.000-5.000 kr. Telur hann, að hún hafi greitt eitthvað í peningum, en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins samþykkti hún víxlana. Hafi sóknaraðili ekki fengið hjá sér nema þennan eina . . . og sé það því ekki rétt, er í framburði I greinir, að hún hafi fengið hann að gjöf. Varnaraðili kannast ekki við það, er vitnið I hefur eftir honum í viðtölum þeirra á Z.

Sóknaraðilja voru sýnd ljósrit af framangreindum víxlum. Af því tilefni skýrði hún svo frá, að hún hafi keypt . . . hjá . . . Z einhvern tíma eftir áramót 1969-1970..., er kostaði kr. 4.000.00, og samþykkti hún víxlana til greiðslu á honum. Varnaraðili útbjó víxlana. Sóknaraðili kveðst aldrei hafa verið krafin um greiðslu þeirra og aldrei verið minnst á þá við sig.

Við samprófun hélt hvor málsaðili fast við framburð sinn, og náðist ekki samræmi í framburðum þeirra.

Vitnið J, . . . , hefur skýrt frá því, að það þekki sóknaraðilja, K, persónulega, en kannist við varnaraðilja M í sjón. Vitnið bjó við sama stigagang að . . . og sóknaraðili og foreldrar hennar á árunum 1962-1966, og kynntist það þá sóknaraðilja. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því einhvern tíma fyrri part vetrar árið 1969, að kynni væru með henni og varnaraðilja M. Vitnið starfaði í veitingahúsinu Glaumbæ á þessum tíma við afgreiðslu í fatageymslunni. Vitnið var við starf sitt í Glaumbæ nótt eina í nóvember eða desember árið 1969. Sá það, að sóknaraðili og varnaraðili fóru saman á brott úr veitingahúsinu ásamt manni, sem það ekki þekkir. Héldu þau að leigubíl, sem beið fyrir utan, og óku á brott. Meira getur vitnið ekki sagt um kynni sóknaraðilja og varnaraðilja.

Vitnið sá sóknaraðilja og B aldrei saman, en sóknaraðili skýrði því frá því, að hún þekkti hann. Vitnið kveður sóknaraðilja ekki hafa nefnt við sig, að hún væri í kynnum við fleiri pilta en þá,

er að framan greinir, og hafi það ekki séð hana með öðrum en varnaraðilja.

Loks liggur fyrir í máli þessu, að í Morgunblaðinu hinn . . . 1969 birtist svohljóðandi tilkynning í dálkinum „Árnað heilla": „Um s.l. áramót opinberuðu trúlofun sína L . . . og M . . ."

Blóðflokkarannsókn fór fram á Rannsóknastofu Háskólans á málsaðiljum, barninu og B. Varð niðurstaða hennar sem hér segir:

	ABO	MNSs	Rh						Kell	Fy	P_1Hp	Gm	Gc
			C	E	E	c	e	Cw	K k	a b		axb	
Sóknaraðili	A_2	MSs	+	+	÷	+	+	÷	÷	÷	+ 2-2	÷ ÷ +	2-1
Barnið	A_2	MNss	+	+	÷	+	+	÷	÷	÷	+ 2-1	÷ ÷ +	2-1
B	O	Nss	÷	+	+	+	+	÷	÷	+	÷ 2-2		
Varnaraðili M	O	Nss	+	+	+	+	+	÷	÷	÷	+ 2-1	÷ ÷ +	2-1
Varnaraðili N	A_2	MNss	+	+	÷	+	+	÷	÷	÷	+ 2-1	+ ÷ +	2-2

Í ályktun prófessors Ólafs Bjarnasonar, dr. med., er rannsóknina hafði á hendi, segir svo:

„Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar getur B ekki verið faðir óskírðs sveinbarns (f. 18/9 1970), sonar K, þar eð eiginleikinn Hp-1, sem finnst í blóði drengsins, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hans né B".

„Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar er ekkert því til fyrirstöðu, að M eða N geti verið faðir óskírðs sveinbarns (f. 18.09. 70) sonar K. Hins vegar getur B ekki verið faðir drengsins, sbr. bréf til yðar, dags. 18. 11. 1971. Gm og Gc flokkun var framkvæmd í Københavns Universitets Retsmedicinske Institut".

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 3830 gr. að þyngd og 54 cm að lengd. Leitað var álits borgarlæknis í Reykjavík um hugsanlegan getnaðartíma barnsins, og segir svo um það í álitsgerð hans, dags. 14. desember 1971:

„Af vottorði ljósmóður, dags. 25. nóv. sl., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 10. des. 1969 til 1. janúar 1970.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 4. nóv. 1969 til 1. febrúar 1970. Samkvæmt sömu töflum eru 789‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 1. des. 1969 til 4. janúar 1970."

Lagt hefur verið fram í málinu svohljóðandi vottorð frá Guð-

mundi Jóhannessyni lækni, dags 21. september 1971, um skoðun á sóknaraðilja, á meðan hún gekk með barn sitt:

„Það vottast hér með, að K, fædd . . ., var hjá mér undirrituðum til eftirlits um síðustu meðgöngu. Við fyrstu skoðun 19/2 '70 reyndist hún gengin með, miðað við stærð legsins, 9-10 vikur, svarandi til síðustu blæðinga um miðjan des."

Eins og hér að framan hefur verið rakið, ber sóknaraðilja og varnaraðilja N saman um það, að þau hafi ekki haft samfarir, er þau voru saman í . . . í ársbyrjun 1970. Þykir verða að leggja framburð þeirra til grundvallar um þetta, og ber samkvæmt því að sýkna varnaraðilja N í máli þessu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Varnaraðili M hefur neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja, eins og hún heldur fram. Hafa ekki fengist um þetta lögfullar sannanir, þannig að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Af því, sem fram er komið í málinu, þykir málsstaður sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar. Verður niðurstaða máls þessa því sú, að vinni sóknaraðili eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 4. nóvember 1969 til 1. febrúar 1970, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja M auk B, en eigi aðra karlmenn, skal varnaraðili M teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 18. september 1970 og skírt var A, enda greiði hann þá meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 6.920.00 vegna máls þessa á hendur varnaraðilja M. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði málflutningsþóknun til talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00. Ber samkvæmt því að dæma varnaraðilja M til að greiða kr. 24.920.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Varnaraðili N á að vera sýkn í máli þessu og falli málskostnaður niður, að því er hann varðar.

Vinni sóknaraðili, K, eið að því á lögmæltu varnarþingi

sínu innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 4. nóvember 1969 — 1. febrúar 1970, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við varnaraðilja M auk B, en eigi aðra karlmenn, skal varnaraðili M teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 18. september 1970 og skírt var A, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Vinni sóknaraðili eiðinn, skal varnaraðili greiða kr. 24.920.00 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns hennar, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar, en málskostnaður skal niður falla.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 160/1974: **Unnur Úlfarsdóttir**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Svavari Jóhannssyni og
Hrefnu Pétursdóttur
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1973. Við munnlegan flutning málsins

hér fyrir dómi féll hún frá kröfu sinni um framgang hinnar umbeðnu gerðar, þar sem stefndi hefði þegar rýmt húsnæðið, en gerði kröfu til málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir fógetarétti og Hæstarétti.

Stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir, eins og málsatvikum er háttað, að málskostnaður fyrir fógetarétti og Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Málskostnaður fyrir fógetarétti og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 7. nóvember 1973.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi í gær.

Með bréfi til fógetadóms Reykjavíkur, dags. 2. október 1973, fór Gunnlaugur hæstaréttarlögmaður Þórðarson fram á, að frú Hrefna Pétursdóttir yrði borin út úr húsnæði því, sem Svavar Jóhannsson kennari hefur haft á leigu á efstu hæð hússins nr. 12 við Fálkagötu hér í borg.

Föstudaginn 5. október er málið tekið fyrir í fógetarétti. Þar mætir Gunnlaugur Þórðarson fyrir gerðarbeiðanda, en Einar Viðar hæstaréttarlögmaður fyrir gerðarþola, Hrefnu Pétursdóttur.

Í þessu réttarhaldi gerðu lögmennirnir sátt:

„Hrefna Pétursdóttir rýmir húsnæði það, sem hún hefur haft til afnota á Fálkagötu 12, í síðasta lagi 25. okt. 1973, að viðlögðum útburði."

Þegar gerðarþoli Hrefna rýmdi eigi íbúðina hinn 25. þ. m., ritaði Gunnlaugur Þórðarson greinargerð í þessu útburðarmáli. Hafði þá komið í ljós, að gerðarþoli vefengdi umboð Einars Viðars til að gera sáttina.

Byggði nú Gunnlaugur á því aðallega, að sáttin væri gild, en til vara á löglegri uppsögn hinn 25. júní s.l.

Hinn 30. október ritar Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður greinargerð í þessu máli fyrir gerðarþola. Hann byggir á því, að sáttin sé markleysa vegna umboðsskorts Einars Viðars, og í öðru lagi á því, að eigi hafi komið fram lögmæt uppsögn af hálfu gerðarbeiðanda.

Verður nú fyrst vikið að því, hvort réttarsáttin frá 5. október hafi gildi eða ekki.

Um þetta atriði segir gerðarþoli, Hrefna Pétursdóttir, að hún hafi aldrei talað við Einar Viðar um húsnæðismál sín. Hins vegar hafi Einar í ágústmánuði fremur en júlímánuði boðist til að tala við umboðsmann gerðarbeiðanda um þessi mál, en þeirri málaleitan hafi hún hafnað.

Einar Viðar mun hafa sagt í fógetaréttinum 5. október s.l., að hann hafi ekki verið beðinn að mæta og hefði hann því ekki umboð til neins.

Einar segist hafa haldið, að Gunnlaugur hlyti að hafa haft samband við gerðarþola og bent á sig sem lögfræðing hennar í máli þessu.

Þorsteinn S. Thorarensen borgarfógeti hefur mætt sem vitni í máli þessu, en fór áður með þetta fógetamál.

Vitnið skýrði svo frá, að því hafi fundist tregða eða vankantar vera á umboði Einars Viðars til að gera sáttina. Vitnið taldi þó ekkert því til fyrirstöðu, að nefndur Einar gerði sáttina þrátt fyrir hugsanlegan umboðsskort, þar sem vel mátti vera, að gerðarþoli samþykkti eða staðfesti sáttina síðar.

Með tilvísun til framanritaðs verður rétturinn að líta svo á, að Einar Viðar hafi ekki haft umboð til að gera sáttina hinn 5. október s.l.

Er nefnd sátt því alger markleysa, og verður útburður því ekki byggður á henni.

Gerðarþolar, Svavar Jóhannsson og Hrefna Pétursdóttir, voru í hjónabandi, og tók Svavar á leigu umrædda íbúð á Fálkagötu 12. Á síðastliðnum vetri slitu þau samvistum. Svavar fékk afnot af herbergi á Klapparstíg 31, og telur hann sig hafa flutt þangað hinn 28. apríl 1973. Björgvin Jónsson, leigusali Svavars, telur þetta hafa verið í mars eða aprílmánuði.

Telja verður, að eftir samvistarslit þeirra hjónanna hafi gerðarþoli Hrefna ein verið leigutaki íbúðarinnar á Fálkagötu 12. Telja verður, að gerðarbeiðanda hafi verið kunnugt um hinar breyttu aðstæður hjónanna.

Sést það m. a. á því, að umboðsmaður gerðarbeiðanda sendir þeim báðum uppsagnarbréf, sem trúlega ekki væri gert, ef um eðlilega sambúð hjóna væri að ræða.

Uppsagnarbréfin eru dagsett 25. júní. Að vísu er sú misritun í bréfunum, að degsetningin er 25. júlí.

Svavar Jóhannsson tók á móti bréfi sínu hinn 27. júní s.l. Þetta

verður þó ekki talið skipta máli, þar sem Svavar var ekki lengur leigutaki að hinni umdeildu íbúð samkvæmt því, sem áður segir.

Gerðarþoli Hrefna tók á móti bréfi sínu hinn 6. júlí s.l. og telur, að tilkynning um ábyrgðarbréfið hafi borist þá um morguninn.

Ljósrit af þessari tilkynningu hefur verið lagt fram sem réttarskjal í máli þessu. Er tilkynningin yfirstimpluð orðinu „ÍTREKUN". Er sennilegt, að fyrri tilkynning hafi misfarist og gerðarþoli hafi fyrst fengið tilkynninguna hinn 6. júlí s.l.

Þessi mistök á útsendingu tilkynningarinnar koma í óhag fyrir gerðarbeiðanda. Hann átti þess kost að birta uppsögn sína með tryggilegri hætti, t. d. birtingu stefnuvotta.

Uppsögnin kom ekki til vitundar gerðarþola, Hrefnu Pétursdóttur, fyrr en 6. júlí s.l. Þar af leiðandi getur uppsögnin ekki fengið þær réttarverkanir, að gerðarþoli hafi átt að rýma hina umdeildu íbúð 1. október s.l.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að neita um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 128/1973: **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Þorsteinn Geirsson hrl.)
gegn
Sigurði Kristmundssyni
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Ríkisstarfsmenn. Ráðningarsamningur. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst 1973, áfrýjað máli þessu með stefnu, útgefinni 4. september 1973, en birtri stefnda 1. október s. á. Krefst hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda. Hann hefur eigi uppi kröfu um málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. október 1973. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér kr. 600.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var gagnáfrýjandi ráðinn bryti að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni hinn 24. október 1966 með samningi, dagsettum sama dag. Er samningurinn undirritaður af gagnáfrýjanda og Markúsi Einarssyni, forstöðumanni vinnuhælisins, fyrir hönd þess. Segir þar, að gagnáfrýjandi sé ráðinn fyrst um sinn til 31. desember 1966 með þeim skilmálum, sem í samningnum greinir, en sé ráðningu þá ekki lokið, framlengist samningurinn sjálfkrafa og verður þá uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Hinn 27. september 1968 sagði nefndur forstöðumaður vinnuhælisins gagnáfrýjanda upp starfi hans

með þriggja mánaða fyrirvara frá 30. september 1968 að telja. Lét hann af störfum 31. desember s. á. og fékk greidd laun til þess tíma.

Ekki eru bornar brigður á, að forstöðumaður vinnuhælisins hafi verið bær um að taka ákvarðanir þessar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1954 taka þau lög til hvers þess manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, á meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Ekki er ágreiningur um það, að lög nr. 38/1954 taki til gagnáfrýjanda sem ráðins starfsmanns.

Á þeim tíma, sem gagnáfrýjandi var starfsmaður á vinnuhælinu, voru í gildi lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 1. gr. þeirra laga segir, að lögin taki til starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum og minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. Í a lið 3. gr. laga nr. 29/1963 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins segir, að sjóðfélagar séu þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf.

Í hæstaréttardómi 21. nóvember 1972 er dæmt um bótarétt ríkisstarfsmanns, sem sagt var upp starfi, en hann var ráðinn með ráðningarsamningi, sem eigi geymdi uppsagnarákvæði. Sakarefni það, sem hér er til úrlausnar, víkur hins vegar að ríkisstarfsmanni, sem sagt var upp starfi og ráðinn hafði verið með samningi, sem heimilaði uppsögn.

Svo sem rakið er hér að framan, gera 1. gr. laga nr. 55/1962 og a liður 3. gr. laga nr. 29/1963 ráð fyrir því, að menn, sem þau lög taka til, geti verið ráðnir með uppsagnarfresti. Samkvæmt greindum lagaákvæðum var heimilt að setja uppsagnarfrest í ráðningarsamning gagnáfrýjanda, og er eigi sýnt fram á, að hann hafi átt tilkall til lengri uppsagnarfrests en þess, sem mælt er í samningnum. Með því að gagnáfrýj-

andi naut samningsbundins uppsagnarfrests, ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Kristmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. desember 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., hefur Sigurður Kristmundsson, Víðimel 31, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. maí 1971, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 600.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi lækkunar umkrafinna skaðabóta. Hver sem efnisniðurstaða dóms þessa kynni að verða, krefst stefndi þess, að málskostnaður verði niður felldur.

Leitast hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Aðiljar eru sammála um að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi var ráðinn að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, Árnessýslu, sem bryti samkvæmt ráðningarsamningi, dags. 24. október 1966, en aðiljar ráðningarsamnings þessa voru stefnandi og forstöðumaðurinn á Litla-Hrauni, Markús Einarsson. Stefnandi var ráðinn frá 24. október 1966, og var hann í fyrstu ráðinn til 31. desember 1966. Var svo gert ráð fyrir í ráðningarsamningi, að væri ráðningu ekki lokið 31. desember 1966, skyldi samningurinn framlengjast sjálfkrafa og vera þá uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Stefnandi skyldi fá laun samkvæmt 13. launaflokki Kjaradóms. Voru það hámarkslaun samkvæmt þeim launaflokki. Þá var honum tryggð eftirvinna tvo tíma og næturvinna einn tíma alla daga mánaðarins

nema fjóra. Í ráðningarsamningnum er tekið fram, að ákvæði Kjaradóms skyldu gilda að öðru leyti. Stefnandi fékk afnot af húsinu Hvoli á Eyrarbakka gegn leigugreiðslu samkvæmt leigumati, ókeypis hita og rafmagn og máltíðir á vinnustað. Stefnandi var í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og naut allra þeirra réttinda, sem dómur Kjaradóms og lög og reglur varðandi réttindi ríkisstarfsmanna veita.

Með bréfi, dags. 27. september 1968, segir forstöðumaður Vinnuhælisins á Litla-Hrauni, fyrrnefndur Markús Einarsson, stefnanda upp starfi með þriggja mánaða fyrirvara frá og með 30. september 1968 að telja og vísaði til fyrrnefnds ráðningarsamnings svo og heimildar dómsmálaráðuneytisins. Stefnandi segist aldrei hafa fengið kvörtun eða aðfinnslu vegna starfs síns.

Með bréfi, dags. 4. október 1968, til forstjórans á Litla-Hrauni, Markúsar Einarssonar, óskar stefnandi eftir því, að sér verði skýrt frá ástæðum til uppsagnarinnar og sér gefinn kostur á að tala máli sínu. Afrit af bréfi þessu var sent dómsmálaráðuneytinu.

Hinn 2. desember 1968 svarar dómsmálaráðuneytið þessu bréfi, efinu segir m. a. svo:

„ . . . Var hann ráðinn samkvæmt þeim sérstöku kjörum, sem greinir í áðurnefndum ráðningarsamningi, m. a. öðrum vinnutíma en gengur og gerist, hærra kaupi svo og með vissum hlunnindum, sbr. 4. gr. samningsins. Í 1. gr. samnings þessa segir, að hann sé uppsegjanlegur með 3ja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Með vísun til þessa ákvæðis samningsins var Sigurði sagt upp. Honum er því ekki vikið úr stöðu sinni eða veitt lausn samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, heldur fer um ráðningarslit, eins og um önnur kjör Sigurðar, samkvæmt þessum samningi.

Af þessu leiðir, að ráðuneytinu þykir ekki ástæða til að greina tilteknar ástæður fyrir uppsögninni."

Stefnandi rökstyður mál sitt með því, að þrátt fyrir ákvæði ráðningarsamnings komi hann um réttarstöðu sína alla undir lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt heldur hann því fram, að lögin, a. m. k. sá hluti þeirra, er lýtur að ráðningu ríkisstarfsmanna, séu ófrávíkjanleg. Til rökstuðnings þeirri skoðun bendir hann á tvö atriði, þ. e. tilgang lagaákvæðisins og hvaða hagsmuni lagaákvæðinu sé ætlað að vernda. Í greinargerð, sem fylgt hafi frumvarpi til laga nr. 38/1954, segi svo um tilgang frumvarpsins: „Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta reglur um ýmis þau atriði, sem nú eru ólögmælt, varð-

andi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hafa þau megin sjónarmið ríkt við samning frumvarpsins að tryggja annars vegar réttindi hinna opinberu starfsmanna og ganga til móts við sanngjarnar óskir þeirra og gera hins vegar þær kröfur til starfs þeirra, sem þarfir ríkisins og fjárhagur útheimta." Tilgangurinn með setningu þessara laga hafi því m. a. verið að vernda hagsmuni ríkisstarfsmanna. Það gefi því vísbendingu um, að lögin séu ófrávíkjanleg hliðstætt því, sem er um mörg önnur lög, er miði að því að vernda þann aðiljann, sem lakari aðstöðu hafi í ýmsum samningsskiptum. Til frekari áréttingar bendir stefnandi á 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, er beinlínis taki fram, að samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur séu ógildir að svo miklu leyti sem þeir fari í bág við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá. Í Danmörku sé því haldið fram, að svokölluð Funktionærlov séu í aðalatriðum ófrávíkjanleg. Þar sem telja verði samkvæmt því, sem hér hafi verið sagt, að lög nr. 38/1954 séu ófrávíkjanleg, þá þýði það, að uppsagnarákvæðið í samningi stefnanda frá 24. október 1966 sé ógilt. Réttarstaða stefnanda, að því leyti sem tekur til uppsagnar, hafi því verið nákvæmlega sú sama og annarra ríkisstarfsmanna og honum verði ekki vikið úr starfi bótalaust án saka. Ákvæði 11. gr. laga nr. 38/1954 eigi því við í þessu mál. Að endingu áréttar stefnandi kröfur sínar með því að benda á, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 38/1954 sé einungis heimilt að semja um uppsagnarfrest í ráðningarsamningi við ríkisstarfsmann, sé um forstjóra atvinnufyrirtækis að ræða.

Stefnandi miðar bótakröfu sína við 2ja ára laun, en mánaðarlaun hans voru í desember 1968 kr. 14.436.00. Auk þess hafði stefnandi fasta yfirvinnu, 52 eftirvinnutíma og 26 næturvinnutíma hvern mánuð. Samkvæmt þessu hafi laun stefnanda í desember 1968 átt að vera sem hér segir:

1.	Föst laun ..... kr.	14.436.00
2.	52 eftirvinnutímar á kr. 130.54 pr. tíma ..... —	6.788.08
3.	26 næturvinnutímar á kr. 163.33 pr. tíma .... —	4.246.58
	Samtals kr.	25.470.66

Þessa fjárhæð margfaldar stefnandi með 24 (þ. e. 2ja ára laun). Það gerir samtals kr. 611.295.84. Stefnandi sléttar þá tölu af með kr. 600.000.00. Við ákvörðun þessarar bótakröfu hefur stefnandi m. a. hliðsjón af dómaiðkunn Hæstaréttar í svipuðum málum, og enn fremur er tekið tillit til aðstöðu stefnanda við brottrekstur. Hann

hafði samkvæmt ráðningarsamningi haft afnot húsnæðis ásamt ókeypis hita og rafmagni og máltíð á vinnustað. Eftir uppsögnina hafi stefnandi verið atvinnulaus að mestu til desember 1969, er hann hafi fengið vinnu á dýpkunarskipinu Gretti. Hafi hann verið á skipinu til ágústloka 1970. Þá hafi hann komist að hjá H/f Eimskipafélagi Íslands sem afleysingamaður. Stefnandi hafi orðið ekkjumaður í júní 1969. Hann hafi þrjú börn á sínu framfæri, sem öll dveljist með honum, 12, 15 og 19 ára. Hafi uppsögnin valdið stefnanda mikilli röskun og tilfinnanlegu tjóni.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að gerður hafi verið sérstakur ráðningarsamningur við stefnanda með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Stefnanda hafi verið sagt upp starfi samkvæmt þeim ráðningarsamningi án saka. Lög nr. 38/1954 banni ekki slíka samningsgerð. Ráðning með gagnkvæmum uppsagnarfresti sé hin almennt ríkjandi regla. Ákvæði 4. gr. laga nr. 38/1954 sé sérstök undantekningarregla frá þessari meginreglu og því beri að skýra ákvæði 4. gr. laganna þröngt, þannig að þau taki samkvæmt orðanna hljóðan einungis til skipaðra starfsmanna og gagnálykta beri frá ákvæði greinarinnar, að því er varðar ráðna starfsmenn.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að bótaskylda, þótt dæmd yrði, hljóti að takmarkast af raunverulegu fjártjóni stefnanda vegna uppsagnarinnar og sönnunarbyrði um það tjón hljóti að hvíla á stefnanda.

Samkvæmt dómvenju er það gildandi réttur á landi hér, að ráðnum ríkisstarfsmönnum, þeim er lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins taka til, verður eigi sagt upp störfum án saka bótalaust, nema einhver atvik 4. gr. laganna eigi við. Hins vegar segja lögin ekkert til um það, hvort heimilt sé að ráða menn í þjónustu ríkisins með gagnkvæmum uppsagnarfresti nema varðandi ráðningu forstjóra atvinnufyrirtækja, sem ríkið rekur, sbr. 1. gr. laganna, 3. mgr. Það ákvæði á ekki við um stefnanda. Því er spurningin í þessu máli sú, hvort nefnd ráðningarheimild gildi einnig um aðra ríkisstarfsmenn. Um það veita lögin enga vitneskju, og greinargerð með þeim gefur heldur eigi örugga vísbendingu í þessu efni. Hér er því um mikið vafamál að ræða, en úr því að lögin tala aðeins um það, að ráða megi forstjóra með uppsagnarfresti, þá lítur rétturinn svo á, að skýra beri þetta e contrario á þann veg, að óheimilt sé að ráða aðra starfsmenn ríkisins með þessum hætti. Því hafi uppsagnarákvæðið í ráðningarsamningi stefnanda verið ógilt og eigi hann því bótarétt vegna ólögmætrar uppsagnar, enda hafi engar sakir verið á hann born-

ar. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 330.000.00. Er stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, svo sem krafist er.

Með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurði Kristmundssyni, kr. 330.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. desember 1974.

Nr. 118/1973: **Regio h/f**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðm. V. Jósefsson hrl.)
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
(Benedikt Blöndal hrl.)
Unnsteini Beck skiptaráðanda og Snjólaugu Ólafsdóttur, fulltrúa yfirborgarfógeta.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Snjólaug Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. ágúst 1973. Krefst hann þess, að „hinn áfrýjaði úrskurður og málsmeðferð í héraði verði felld úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Á hendur stefndu Unnsteini Beck og Snjólaugu Ólafsdóttur hefur áfrýjandi engar kröfur gert.

Stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi Sigríðar Sigurðardóttur, stjórnarformanns áfrýjanda.

Af hálfu stefndu Unnsteins Beck og Snjólaugar Ólafsdóttur eru engar kröfur gerðar.

Með bréfi 26. febrúar 1973 fór stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en árangurslaust lögtak fyrir opinberum gjöldum hafði verið gert hjá áfrýjanda 5. október 1972. Með kvaðningu 27. febrúar 1973, birtri 6. mars s. á., kvaddi skiptaráðandinn í Reykjavík stjórnarformann og annan meðstjórnanda áfrýjanda til að sækja dómþing skiptaréttar Reykjavíkur, sem háð yrði 16. mars 1973, en þá yrði beiðnin um gjaldþrotaskipti tekin fyrir.

Með bréfi 9. mars 1973 fór stefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f þess á leit, að bú áfrýjanda yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en árangurslaust fjárnám hafði verið gert hjá áfrýjanda 7. febrúar 1973.

Gjaldþrotaskiptamál þetta var tekið fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 16. mars 1973. Var sótt þing af hendi stefndu Gjaldheimtunnar í Reykjavík og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f. Fyrir dóminn kom prókúruhafi áfrýjanda. Er bókað í þingbók, að þar sem maður þessi væri „hvorki í stjórn félagsins né skráður forsvarsmaður þess á annan hátt, tilkynnti skiptaráðandi honum, að hann gæti ekki tekið hann

gildan sem forsvarsmann félagsins fyrir dómi". Var málið síðan tekið til úrskurðar að kröfu stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík. Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp 16. maí 1973.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar fór fram uppskrift á búi áfrýjanda 21. maí 1973. Hinn 22. maí 1973 komu formaður stjórnar áfrýjanda og annar meðstjórnandi svo og nefndur prókúruhafi fyrir skiptaréttinn, og var það sammæli þeirra, að áfrýjandi væri eignalaus.

Sannað er með hinum árangurslausu lögtaks- og fjárnámsgerðum og skýrslum fyrrnefndra stjórnarmanna og prókúruhafa áfrýjanda fyrir dómi, að áfrýjandi átti ekki eignir til greiðslu skulda sinna. Var því rétt að taka bú áfrýjanda til gjaldþrotaskipta, sbr. 3. tl. 1. gr. laga nr. 25/1929. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, enda verður ekki talið, eins og máli þessu er háttað, að á honum séu þeir formgallar, að ómerkingu varði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Gjaldheimtunni í Reykjavík málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Ekki þykja efni til að taka til greina málskostnaðarkröfu stefnda Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Regio h/f, greiði stefnda Gjaldheimtunni í Reykjavík málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. maí 1973.

Fram er komin beiðni Gjaldheimtunnar í Reykjavík um, að bú Regio h/f, Laugavegi 48, Reykjavík, verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Í réttinum liggur frammi staðfest endurrit árangurslausrar lögtaksgerðar hjá gerðarþola, en af hans hálfu hefur ekki verið sótt þing þrátt fyrir löglega birt fyrirkall.

Bú gerðarþola er því tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Úrskurðarorð:
Bú Regio h/f er tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Mánudaginn 16. desember 1974.

Nr. 26/1974: **Ingibjörn Steingrímsson og Samvinnutryggingar**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Júlíusi Friðriki Magnússyni
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 31. janúar 1974. Krefjast þeir þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 27.400.70 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, meðal annars myndir af vettvangi og bréf frá skrifstofu bæjarverkfræðingsins á Akureyri, dags. 23. september 1974, þar sem segir, að vegur sá, sem áreksturinn varð á, teljist opinber vegur og sjái Akureyrarkaupstaður um viðhald hans.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ingibjörn Steingrímsson og Samvinnutryggingar, greiði stefnda, Júlíusi Friðriki Magnússyni, kr. 20.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. desember s.l., hefur Júlíus Friðrik Magnússon verkamaður, Sunnuhvoli, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþingi með stefnu, útgefinni 10. apríl 1973, á hendur Ingibirni Steingrímssyni, Löngumýri 1, Akureyri, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, til greiðslu tjónbóta.

Í stefnu og greinaregrð gerir stefnandi þær kröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 88.402.00 auk 7% ársvaxta frá 5. júlí 1972 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi vaxtakröfu sinni í 7% p. a. til 16. maí 1973 og 9% p. a. frá þeim degi til greiðsludags, og var breyting þessi samþykkt af stefndu. Þá lækkaði hann einnig kröfu sína í kr. 82.202.00.

Stefndu gera þær kröfur að krafa stefnanda verði stórlækkuð að mati dómara og að stefndu verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 5. júlí 1972 varð árekstur á nafnlausum vegi, sem liggur frá Hörgárbraut á Akureyri og vestur að nokkrum húsum, þ. á m. Sunnuhvoli. Rákust þarna saman bifreiðarnar A 3569, sem stefnandi ók, eign ökumanns, og A 2356, sem stefndi Ingibjörn ók, eign ökumanns.

Talsverðar skemmdir urðu á bifreiðunum, og nam viðgerðarkostnaður á bifreið stefnanda kr. 67.202.00 að hans sögn.

Samkvæmt gögnum málsins varð árekstur inn með þeim hætti,

að stefndi Ingibjörn ók norður Hörgárbraut og sveigði síðan vestur á nefndan veg, þar sem bifreið hans rakst framan á bifreið stefnanda, er skammt var komið inn á veginn, en stefnandi hafði ekið bifreið sinni austur veginn frá Sunnuhvoli, og var ferðinni heitið út á Hörgárbraut, sem er aðalbraut.

Heldur stefnandi því fram, að árekstur þessi hafi orðið með þeim hætti, að stefndi, ökumaður A 2356, beri fébótaábyrgð gagnvart sér. Í fyrsta lagi hafi bifreið stefnanda verið kyrrstæð og stefndi ekið viðstöðulaust á hana. Þá hafi stefndi Ingibjörn viðurkennt að hafa eigi sýnt nægilega aðgát, þar sem hann hafi ekki séð bifreið stefnanda, fyrr en hann sveigði inn á veginn. Enn fremur sé í ljós leitt, að ganghraðaskipting og bensínfetill bifreiðarinnar A 2356 hafi verið í ólagi. Valdi öll framangreind atriði því, að ökumaður A 2356 beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndu halda því fram, að stefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum, og byggja dómkröfur sínar á því. Rökstyðja stefndu kröfu sína þannig, að bifreið stefnanda hafi verið ranglega staðsett á veginum, megi ráða það af vettvangsuppdrætti lögreglunnar.

Stefnanda hafi borið að hafa bifreið sína á réttum vegarhelmingi, ekki síst eins og á stóð, þar sem vegur var mjór og vegamót framundan. Í öðru lagi hafi stefnanda orðið á þau mistök að sjá ekki til ferða stefnda, fyrr en í þann mund sem bifreiðarnar voru að mætast. Athygli stefnanda hafi því verið mjög sljó. Honum hafi átt að vera í lófa lagið að sjá til ferða stefnda með nægum fyrirvara og verið þá hægur kostur fyrir hann að bíða vestan megin ræsisins, eða a. m. k. á veginum. Af þessu gáleysi stefnanda hafi svo leitt þriðju mistök hans, þau að honum gafst ekkert ráðrúm til að stöðva bifreið sína, og raunar sjáist þess ekki merki, að hann hafi reynt það.

Stefndu mótmæla því, að bifreið stefnanda hafi verið stöðvuð, þegar áreksturinn varð. Enn fremur er því mótmælt, að bilun í bifreið stefnda Ingibjörns hafi á nokkurn hátt komið að sök við áreksturinn.

Ljóst sé því, að báðum bifreiðarstjórunum hafi orðið á mistök að því leyti, að athygli þeirra var ekki nægilega vökul. Til þess megi rekja áreksturinn. Þar með sé sök stefnda Ingibjörns tæmd. Hins vegar komi til viðbótar sök stefnanda, hin alvarlegu mistök hans, sem áður eru reifuð.

Samkvæmt vettvangsuppdrætti varð umræddur árekstur nærri gatnamótum Hörgárbrautar, eða u. þ. b. 9 metrum frá þeim, og

er staðsetning bifreiðar stefnanda u. þ. b. á miðjum veginum. Útsýn til beggja veganna er á þessum stað hindrunarlaus, og hefur dómurinn sannreynt það við vettvangsskoðun. Á þeim stað, sem árekstur varð, liggur ræsi skáhallt yfir veginn og veldur því, að trauðla geta bifreiðar mæst, um leið og yfir ræsið er ekið.

Á árekstrarstað skýrir stefnandi lögreglu svo frá, að hann hafi ekið bifreiðinni austur „heimreiðina", en ekki vita um hraða hennar, en álíta, að hann hafi ekki verið mikill. Kvaðst hann ekki hafa séð til ferða A 2356, fyrr en rétt áður en árekstur varð. Hafi hann þá hemlað, en það hafi verið of seint.

Daginn eftir mætti stefnandi hjá lögreglu og skýrði þá svo frá, að er hann nálgaðist gatnamótin, hafi hann séð hvíta fólksbifreið koma norðan Hörgárbraut. Hafi hann hægt ferðina og stöðvað til að bíða eftir bifreið þessari. Einnig hafi hann séð bifreiðina A 2356 koma sunnan Hörgárbraut og stöðva við biðskyldumerkið heim að Sunnuhvoli og hafi bifreiðin, sem að norðan kom, ekið aftan við A 2356. Síðan hafi A 2356 ekið af stað aftur og framan á bifreið stefnanda. Þá kvaðst stefnandi ekki hafa tekið eftir bifreiðinni A 2356, fyrr en hún var stöðvuð við biðskyldumerkið, og geti hann því ekki sagt um, á hvaða hraða hún var.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi framangreint, og sagði lögregluna hafa ranglega eftir sér, að hann hefði ekki séð til ferða A 2356, fyrr en rétt áður en árekstur varð. Þá ítrekaði stefnandi, að hann hefði verið búinn að stöðva bifreið sína, er árekstur varð, hann hefði stöðvað hana nokkurn spöl frá gatnamótunum, meðan hann beið eftir að komast inn á Hörgárbraut. Hefði hann stöðvað þar vegna þess, að útsýni sé þar betra yfir Hörgárbrautina heldur en ef ekið er nær henni. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið farinn að aka af stað aftur, er árekstur varð.

Bróðir stefnanda, Sigursveinn Magnússon, var farþegi í bifreið hans, og mætti hann hjá lögreglu til skýrslugjafar þann 3. október 1972.

Skýrði vitnið svo frá, að stefnandi hefði ekið hægt austur veginn áleiðis að Hörgárbraut og hafi stefnandi verið að bíða eftir því, að sú bifreið æki fram hjá.

Kveðst vitnið hafa séð bifreiðina A 2356 koma sunnan Hörgárbraut og ekkert verið athugavert við akstur hennar. Þegar hún hafi komið að vegamótunum, hafi hún sveigt inn á veginn að Sunnuhvoli. Þegar þetta hafi gerst, hafi bifreið stefnanda verið stödd á ræsi, sem er í gegnum veginn nokkrum metrum frá aðalveginum og sé vegurinn mjóstur þar.

Þegar stefnandi hafi séð bifreiðina A 2356 sveigja inn á veginn, hafi hann stöðvað og engum togum skipt, að A 2356 ók framan á bifreið þeirra.

Vitnið tók fram, að það teldi hraða stefnanda hafa verið of lítinn til að koma bifreiðinni suður á kantinn austan við ræsið, áður en A 2356 kom.

Vitnið hefur staðfest framangreinda skýrslu fyrir dóminum og skýrði þá svo frá, að stefnandi hefði ekki stansað, fyrr en A 2356 sveigði inn á veginn, en það hefði gerst í sömu mund og bifreið sú, sem kom norðan Hörgárbraut, ók fram hjá vegamótunum.

Stefndi Ingibjörn skýrir svo frá fyrir lögreglu daginn eftir árekstur inn, að hann hafi ekið fremur hægt norður Hörgárbraut, eða á um 35 km hraða miðað við klukkustund. Skömmu áður en hann kom að vegamótunum að Sunnuhvoli, hafi hann litið upp eftir veginum og enga umferð séð þar. Hins vegar hafi hann séð bifreið koma á móti norðan Hörgárbraut. Kveðst stefndi hafa sveigt framan við þá bifreið og vestur á hinn ónefnda veg. Þegar bifreið hans var komin í stefnu eftir þeim vegi, hafi hann allt í einu séð bifreiðina A 3569 rétt fyrir framan bifreið sína.

Kveðst hann þá strax hafa hemlað, en ekki tekist að stöðva og bifreiðarnar rekist saman.

Bifreiðin A 3569 hafi ekki verið stöðvuð, er árekstur inn varð, en ógerlegt hafi verið að aka fram hjá henni, þar sem hún var meira á vinstri vegarhelmingi en þeim hægri.

Stefndi hefur staðfest skýrslu sína fyrir dóminum og þá jafnframt skýrt svo frá, að bifreið hans hafi verið í fullkomnu lagi fyrir árekstur inn.

Á árekstrarstað skýrði stefndi lögreglu mjög á sama veg frá atvikum og að framan greinir.

Farþegi í bifreið stefnda Ingibjörns var María Stefánsdóttir, eiginkona stefnda, og mætti hún sem vitni hjá lögreglu þann 1. nóvember 1972.

Skýrði vitnið svo frá, að stefndi hefði ekki stöðvað, áður en hann beygði inn á hinn ónefnda veg, heldur hefði hann hægt ferðina. Kveðst vitnið ekki hafa séð til ferða A 3569 fyrr en rétt fyrir árekstur inn. Þá hafi sú bifreið ekki verið á mikilli ferð. Kvað vitnið báðar bifreiðarnar hafa verið á ferð, þegar árekstur inn varð.

Eins og áður er sagt, var útsýni stefnda Ingibjörns mjög gott vestur eftir vegi þeim, er stefnandi ók. Verður að telja, að stefndi Ingibjörn hafi sýnt mikið aðgæsluleysi, er hann ók af aðalbraut-

inni inn á hinn ónefnda veg án þess að gefa gaum að umferð um þann veg. Verður að telja þetta gáleysi stefnda Ingibjörns meginorsök árekstrar þess, er varð.

Með hliðsjón af framburði stefnda Ingibjörns svo og vitnanna Sigursveins Magnússonar og Maríu Stefánsdóttur verður að telja, að bifreið stefnanda hafi verið á ferð, a. m. k. alveg til þeirrar stundar, er áreksturinn varð. Þá er og framburður stefnanda fyrir lögreglu á árekstrarstað að öðru leyti í besta samræmi við aðstæður allar og atvik, og ber að leggja hann til grundvallar í máli þessu, þrátt fyrir að stefnandi hafi síðar breytt honum í veigamiklum atriðum.

Eins og áður er rakið, var stefnandi að nálgast vegamót og ætlaði að aka inn á aðalbraut. Honum bar að fylgjast náið með umferð um aðalbrautina, ekki síst þeirri umferð, sem kynni að beinast inn á veg þann, er hann var á, og haga akstri sínum þannig í nánd við vegamótin, að bifreiðar, sem af aðalbrautinni kæmu, ættu greiða leið fram hjá bifreið hans. Hvorugs þessa gætti stefnandi samkvæmt eigin framburði strax eftir áreksturinn, og þykir hann því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum.

Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri 1/3 hluta sakar, en stefndi Ingibjörn 2/3 hluta.

Ber samkvæmt framanskráðu að dæma stefndu til að greiða stefnanda 2/3 hluta tjóns hans.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi endanlega þannig:

Viðgerðarkostnaður samkvæmt reikningi	kr.	62.702.00
Málning samkvæmt reikningi	—	4.500.00
Bætur fyrir afnotamissi	—	15.000.00
Samtals kr.		82.202.00

Framangreindri fjárhæð og sundurliðun á tjóni stefnanda hefur ekki verið andmælt af hálfu stefndu, og ber að leggja hana til grundvallar í málinu.

Ber því samkvæmt framanskráðu að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum kr. 54.802.00 (2/3 hluta af kr. 82.202.00) ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 21.000.00.

Dómur:

Stefndu, Ingibjörn Steingrímsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Júlíusi Friðriki Magnússyni, in solidum

kr. 54.802.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1972 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 21.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. desember 1974.

Nr. 94/1974: **Íslenski verðlistinn s/f**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Elísabetu Clausen
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. maí 1974. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem málið fjallar um. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, varð áfrýjandi eigandi húsnæðisins og tók við rétti leigusala hinn 1. janúar 1973. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lýst því, að allt árið 1973 hafi leigan verið kr. 7.600.00 á mánuði og ekkert breyst þrátt fyrir hækkanir á vísitölu framfærslukostnaðar á árinu. Hafi stefnda greitt þessa leigu án athugasemda. Leiga sú, sem hann krefji fyrir árið 1974, sé miðuð við þessa mánaðarleigu að viðbættri 25% hækkun. Hafi sú hækkun verið heimiluð með tilkynningu verðlagsstjóra 21. febrúar

1973, en þar sé greint, að verðlagsnefnd hafi „ákveðið að láta óátalda hækkun húsaleigu, sem svarar til hækkunar vísitölu húsnæðiskostnaðar úr 119 stigum í 149 stig, enda hafi sú hækkun ekki verið reiknuð inn í húsaleigu áður.“ Samkvæmt þessu telur áfrýjandi, að vanskil stefndu hafi numið alls kr. 66.500.00 hinn 12 mars 1974, þegar útburðar var óskað. Sundurliðar hann þá fjárhæð þannig:

1. Vanskil á desemberleigu 1973 kr. 3.800.00
2. Vanskil fyrirframgreiðslu, sem átt hafi að inna af hendi 2. janúar 1974 — 45.600.00
3. Vanskil á leigugreiðslu fyrir janúar, febrúar og mars 1974 — 17.100.00

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, kom stefnda kr. 66.500.00 í geymslu í banka á nafn áfrýjanda 5. apríl 1974. Áfrýjandi telur, að geymslufé þetta breyti því ekki, að vanskil stefndu séu slík, að útburði varði. Þá hafi hún enga leigu greitt frá þeim tíma og séu því vanskil hennar nú kr. 51.300.00, þótt tillit sé tekið til geymslufjárins.

Stefnda hefur mótmælt því, að nokkuð hafi verið samið um breytingu á upphaflega leigumálanum, og telur einhliða ákvarðanir áfrýjanda um hækkun á leigu ekki bindandi fyrir sig.

Í málinu hafa ekki komið fram gögn um leigugreiðslur stefndu til leigusala fyrir 1. janúar 1973. Sýnt er af málflutningi aðilja, að fjárskipti þeirra út af framangreindum leigumála eru um margt óglögg. Þegar þess er enn fremur gætt, að leigusali á samkvæmt upphaflega leigumálanum að verða eigandi að innbúnaði húsnæðisins við lok leigutímans 1. febrúar 1975, verður krafa áfrýjanda um framangreinda útburðargerð eigi tekin til greina. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. apríl 1974.

Þess er krafist af hálfu gerðarbeiðanda, Íslenska verðlistans s/f, að gerðarþoli, Elísabet Clausen, verði borin út úr húsnæði, sem hún hefur að undanförnu haft umráð yfir í húsinu nr. 47 við Hrísateig hér í borg. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Elísabet Clausen, Bugðulæk 11, hefur krafist þess, að synjað verði um hina umbeðnu útburðargerð, og krefst hún einnig málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 19. þessa mánaðar.

Samkvæmt vottorði firmaskrásetjara, rskj. 7, reka þeir Kristján Kristjánsson, Skaftahlíð 31, og Kristján Karl Kristjánsson, Laugavegi 147, Íslenska verðlistann s/f sem fullábyrgir félagar.

Í málinu liggur fyrir leigusamningur, gerður 28. janúar 1965, milli Jóns Þórhallssonar og Sigurðar G. Sigurðssonar sem leigusala og Elísabetar Clausens sem leigutaka. Fær gerðarþoli máls þessa þar á leigu til 10 ára, þ. e. til 1. febrúar 1975, ca. 43 m² verslunarhúsnæði í næstvestasta hluta húseignarinnar Hrísateigs 47 til þess að reka þar hárgreiðslustofu.

Um innréttingar húsnæðis þessa og um leigugreiðslur gilda eftirfarandi reglur í samningi þessum:

„3. Leigan er kr. 4.000.00 — fjögur þúsund krónur 00/100 — á mánuði miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1965. Skal leiguupphæðin endurskoðuð einu sinni á ári — í fyrsta sinn 1. janúar 1967 og síðan 1. janúar ár hvert — og breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar á tímabilinu. Þó skal leiguupphæðin ekki breytast, nema vísitalan hafi hækkað eða lækkað um 5 stig eða meira, en ætíð skal endurskoða leiguupphæðina, er breyting vísitölunnar nemur a. m. k. 5 stigum, þó að sú breyting hafi orðið á lengra tímabili en einu ári. — Verði hætt að reikna út vísitölu framfærslukostnaðar eða víki breytingar á henni verulega frá því, sem telja má verðlag í landinu hafa breyst, skulu breytingar á leiguupphæðinni miðaðar við almennar breytingar á verðlagi og verðgildi peninga.

4. Leigutaki sér um og greiðir kostnað við frágang og innréttingu húsnæðisins, og skal því verki vera lokið fyrir 15. maí 1965. Að leigutímabilinu loknu verða innréttingar eign leigusala að öðru leyti en því, sem leigutaka er nauðsynlegt til atvinnurekstrar

síns, lauslegt er og fjarlægt verður án verðrýrnunar á húsnæðinu. 5. Kostnaður leigutaka við að gera húsnæðið tilbúið undir tréverk skal ganga upp í húsaleigu fyrsta tímabil leigutímans, og skal leigutaki leggja fram reikninga fyrir þeim kostnaði, enda sé hann eigi hærri en eðlilegt getur talist miðað við þann atvinnurekstur, sem reka á í húsnæðinu. Að þessu tímabili loknu skulu hefjast leigugreiðslur samkvæmt 3. tölulið hér að framan. Hinn 1. janúar ár hvert — í fyrsta sinn 1. janúar 1967 — greiði leigutaki helming ársleigunnar — miðað við næsta ár á undan — fyrirfram og eftirstöðvar með jöfnum greiðslum fyrsta dag hvers mánaðar fyrirfram."

Íslenski verðlistinn s/f varð eigandi þessa húsnæðis þann 1. janúar 1973.

Útburðarkrafan byggist á leiguvanskilum gerðarþola. Í greinargerð gerðarbeiðanda, sem lögð er fram í fógetaréttinum í mars þessa árs segir, að í vanskilum þá séu kr. 3.800.00, sem sé helmingur endurskoðaðrar leigu fyrir desember 1973, sbr. 3. lið samningsins á rskj. 5. Enn fremur sé í vanskilum fyrirframgreiðsla hálfrar endurskoðaðrar leigu fyrir árið 1974, sbr. 5. lið samningsins, kr. 45.600.00, en þá greiðslu hafi átt að inna af hendi 1. janúar 1974. Loks sé í vanskilum helmingur endurskoðaðrar leigu fyrir janúar, febrúar og mars 1974, kr. 5.700.00 á mánuði, sbr. niðurlag 5. liðar samningsins. Gerðarþoli hafi verið krafinn um skil, en árangurslaust. Þá hafi síðan bæst við aprílleiga, kr. 5.700.00. Vanskil þessi séu brýnt brot á leigusamningnum og hljóti að varða riftingu hans og þar af leiðandi útburði.

Þá hefur komið fram í málinu bréf umboðsmanns gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 12. febrúar þessa árs. Þar er gerðarþola „sagt upp" húsnæðinu að Hrísateigi, sem nú er nefnt nr. 47 A við þá götu, til rýmingar í síðasta lagi 28. febrúar vegna vanskila þeirra, sem í bréfinu greinir nánar. Þessi „uppsögn" er svo ítrekuð þann 8. mars þessa árs með símskeyti til lögmanns gerðarþola.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að hún hafi keypt húsnæði að Bugðulæk 11 í janúar þessa árs og hafi það hentað vel til atvinnurekstrar þess, sem hún hafði með höndum í hinu umdeilda húsnæði. Hafi þá verið fastmælum bundið milli lögmanns hennar og Kristjáns Kristjánssonar, að hún rýmdi húspláss það, sem nú er um deilt, gegn 100.000.00 kr. greiðslu af gerðarbeiðanda hálfu, en að sjálfsögðu að frádreginni leiguskuld. Hún kveðst hafa verið reiðubúin að rýma plássið þann 1. mars og hafi einvörðungu af þessum sökum fallið niður að borga leigu, en allt í einu hafi gerðarbeið-

andi brugðið á það ráð að krefjast tafarlausrar rýmingar og sé borið við leiguvanskilum. Sé hér um að ræða brigð á samningi. Að öðru leyti eru ekki borin fram mótmæli gegn því, að dregist hafi að borga leigu, en því fari fjarri að öðru leyti, að gerðarbeiðandi sé vanhaldinn í skiptum sínum við gerðarþola. Vakin er athygli á því, að 3. liður leigusamnings segi, að grunnleiga skuli vera kr. 4.000.00 á mánuði, en sú upphæð skuli endurskoðast og breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar, en verði hætt að reikna hana, skuli hér um fara samkvæmt almennum breytingum á verðlagi og verðgildi peninga. Nú hafi gerðarþoli tekið að greiða leigu eftir húsnæðið þann 1. janúar 1967 og að öllu í samræmi við samning. En með lögum nr. 71/1966 hafi verið sett það ákvæði í 1. gr., að ekki sé heimilt að stofna til fjárskuldbindinga í íslenskum krónum með þeim ákvæðum, að greiðslur, þar með vextir, skuli breytast til samræmis við vísitölur, vöruverð, gengi erlends gjaldeyris, verðgildi gulls, silfurs eða annars verðmætis. Enn fremur segi í sömu grein, að ákvæði í fjárskuldbindingum, sem brjóti í bág við nýnefnt lagaákvæði, séu ógild, þó eigi þessi ákvæði ekki við fjárskuldbindingar, sem innlendir aðiljar taki á sig gagnvart aðiljum búsettum erlendis. Sé því eins ljóst og verða megi, að gerðarþoli sé ekki bundinn til að greiða nema kr. 4.000.00 á mánuði að viðbættri þeirri hækkun, sem orðin var, þar til lög 71/1966 tóku gildi. Allt um það hafi gerðarþoli deponerað kr. 66.500.00 þann 5. apríl þessa árs, en algerlega utan skyldu, og þannig sýnt fram á vilja og getu til að standa í skilum og um leið sé sýnt, að því fari fjarri, að gerðarbeiðandi sé vanhaldinn í viðskiptum sínum við gerðarþola.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að depositio gerðarþola staðfesti, að hún hafi vitað sig seka um vanskil, og að auki getur umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að engin tilkynning um depositio hafi borist, fyrr en er kvittun var lögð fram í málinu, er flutningur fór fram. Þessi depositio hafi að auki verið gerð í ótíma, veruleg vanskil hafi þegar verið orðin. Hann mótmælir því, að neitt skuldbindandi samkomulag við gerðarþola hafi tekist, svo sem hún vill vera láta. Gerðarþoli hafi aldrei gert neinar athugasemdir við leiguákvæði samnings aðilja fyrr en í þessu máli.

Þó lög nr. 71/1966 hafi í 1. gr. sinni bannað ákvæði þess efnis, að fjárskuldbindingar greiðist með breytingum, sem leiði af vísitölum o. þ. h. og hafi óhelgað ákvæði samnings aðilja máls þessa,

sem lýtur að útreikningi leigu á þeim grundvelli, átti gerðarþoli eftir sem áður að greiða leigu mánaðarlega. Gildir þetta að sjálfsögðu, þó hún hafi máske komist að samkomulagi við forráðamenn gerðarbeiðanda um rýmingu og þóknun til hennar í því sambandi. En með tilliti til áminnstra ákvæða laga 71/1966 og til þess, að gerðarþoli sýndi með depositio sinni getu sína til að standa í skilum, þykir gerðarbeiðandi ekki svo vanhaldinn í skiptum sínum við gerðarþola, að fært þyki að taka útburðarkröfuna til greina, enda þótt vafi kunni að vera á því, hvort alveg réttra aðferða hafi verið gætt um depositio.

Er því synjað um útburðargerð þessa, en málskostnaður á að falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógei kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.